Alþingi 1972

Sameinað þing, 1. fundur.

Þriðjudaginn 10. október.

Þingsetning.

Árið 1972, þriðjudaginn 10. október, var nítugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og fimmta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og áttunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Guðmundur Þorsteinsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
5. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
6. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
9. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
10. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
11. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
12. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
13. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
15. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
16. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
17. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
18. Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv.
19. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
20. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
21. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
22. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
23. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
24. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
25. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
26. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vesf.
27. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
28. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
29. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
30. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
32. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
33. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
34. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
35. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
36. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
38. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
39. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
40. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
41. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
42. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
43. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
44. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
45. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
47. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
48. Pétur Péturssson, 2. landsk. þm.
49. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
50. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
51. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
52. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
53. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
54. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
55. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
56. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
57. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
58. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
59. Þorvaldur G. Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, gekk forseti Íslands, Kristján Eldjárn, til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 18. f. m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1972.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 18. september 1972.
Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1972."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Ég býð yður alla, alþingismenn, heila til þings komna og óska þess, að blessun fylgi störfum Alþingis.

Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta

vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Hannibal Valdimarsson, 3. þingmann Vestfirðinga, að ganga til forsetastóls.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (Hannibal Valdimarsson): Ég býð alla hv. alþm. velkomna til starfa, en áður en þingstörf hefjast, vil ég minnast þriggja manna, sem látizt hafa frá lokum síðasta þings. Þeir eru Vilhjálmur Þór fyrrverandi bankastjóri, sem andaðist í sjúkrahúsi í Reykjavík 12. júlí, 72 ára að aldri, Jón Sigurðsson bóndi á Reynistað, sem andaðist í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 5. ágúst, 84 ára að aldri, og Ásgeir Ásgeirsson fyrrverandi forseti Íslands, sem varð bráðkvaddur á heimili sínu í Reykjavík 15. september, 78 ára að aldri. Vilhjálmur Þór átti sæti á Alþingi sem ráðherra um tveggja ára skeið. Jón Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirsson áttu sæti á Alþingi um áratugi.

Vilhjálmur Þór var fæddur 1. september 1899 á Æsustöðum í Eyjafirði. Foreldrar hans voru Þórarinn bóndi þar Jónasson barnakennara í Sigluvík á Svalbarðsströnd Jónssonar og kona hans, Ólöf Þorsteinsdóttir Thorlacius bónda á Öxnafelli í Eyjafirði Einarssonar. Fimm ára gamall fluttist hann með foreldrum sínum til Akureyrar. Hann var sendill hjá Kaupfélagi Eyfirðinga sumarið 1912, varð fastráðinn starfsmaður félagsins við verzlunarstörf 1913, fulltrúi 1918 og framkvæmdastjóri þess 1923. Á árunum 1938—1940 var hann aðalframkvæmdastjóri og fulltrúi Íslands við heimssýninguna í New York. Hann var verzlunarfulltrúi ríkisstjórnar Íslands í New York frá 1. september 1939 til 1. maí 1940 og aðalræðismaður Íslands í Bandaríkjunum um fjögurra mánaða skeið á árinu 1940. Haustið 1939 var hann skipaður bankastjóri Landsbanka Íslands, en tók ekki við því starfi fyrr en 1. október 1940. Hann var kvaddur til setu í utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar og var utanríkisráðherra og atvinnumálaráðherra frá 16. des. 1942 til 21. október 1944. Tók hann þá aftur við bankastjórastörfum og gegndi þeim til ársloka 1945. Hann var forstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga árin 1946—1954, bankastjóri Landsbanka Íslands 1955—1957 og aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands 1957—1964. Í október 1964 var hann kosinn til tveggja ára sem fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans í Washington og að því tímabili loknu skipaður aðstoðarfulltrúi Norðurlanda í bankastjórninni til tveggja ára. Síðustu æviárin var hann búsettur í Reykjavík og var þá meðal annars ráðgjafi um bankamál og efnahagsmál á Norðurlöndum fyrir banka í New York.

Auk framangreindra aðalstarfa voru Vilhjálmi Þór falin mörg önnur trúnaðarstörf, og verða nokkur þeirra talin hér. Hann átti sæti í bæjarstjórn Akureyrar frá 1934 og þar til hann fluttist frá Akureyri. Í stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga var hann 1936—1945, í samninganefnd utanríkisviðskipta 1940—1944 og kosinn af Alþingi 1943 í skipulagsnefnd um byggingar við Lækjargötu. Hann var formaður stjórnar Samvinnutrygginga, Olíufélagsins og Líftryggingafélagsins Andvöku 1946—1954. Í stjórn Áburðarverksmiðjunnar var hann á árunum 1951—1964, um skeið stjórnarformaður, og í atvinnumálanefnd frá 1955—1964, formaður nefndarinnar frá 1956. Hann var einn af fulltrúum Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1953, 1954 og 1968.

Vilhjálmur Þór naut ekki annars skólanáms en fjögurra vetra í barnaskóla. Að því loknu hóf hann verzlunarstörf við Kaupfélag Eyfirðinga undir stjórn þjóðkunnra forvígismanna samvinnustefnunnar á Íslandi. Hann var ósérhlífinn og viljafastur og aflaði sér staðgóðrar menntunar af eigin rammleik. Forráðamenn kaupfélagsins sáu fljótt, hvað í honum bjó og hvers mátti vænta af honum, og 23 ára að aldri tók hann við forstöðu kaupfélagsins. Hann var stórhuga framkvæmdamaður, snjall fjármálamaður og gerði miklar kröfur til samstarfsmanna sinna jafnt og sjálfs sín, og honum tókst á þeim fimmtán árum, sem hann stjórnaði Kaupfélagi Eyfirðinga, að gera það að stórveldi í verzlun og iðnaði og lyftistöng í atvinnumálum héraðsins. Vilhjálmur Þór varð þjóðkunnur af þessum verkum sínum og var kvaddur til starfa á öðrum vettvangi. Honum var falin bankastjórn, forstaða Sambands íslenzkra samvinnufélaga, og til hans var leitað til að gegna vandasömum ráðherrastörfum í utanþingsstjórn. Alls staðar sýndi hann sömu starfshæfni, stjórnvizku og forustu um framkvæmdir. Hann brast ekki stórhug, og hann framkvæmdi ætlunarverk sín af framsýni og viljafestu. Honum verður tvímælalaust skipað í raðir hinna stórbrotnustu athafnamanna á Íslandi.

Jón Sigurðsson var fæddur 13. marz 1888 á Reynistað í Skagafirði. Foreldrar hans voru Sigurður bóndi þar Jónsson prófasts í Glaumbæ í Skagafirði Hallssonar og kona hans, Sigríður Jónsdóttir bónda í Djúpadal í Skagafirði Jónssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1904, stundaði næsta vetur nám í búnaðarskólanum á Hólum og lauk þaðan prófi 1905. Veturinn 1906—1907 var hann við nám í lýðháskólanum í Askov í Danmörku og stundaði síðan búnaðarnám í Danmörku og Noregi 1907—1908. Hann var bústjóri á búi föður síns á Reynistað 1908—1919, en árið 1919 tók hann við búinu og var síðan bóndi á Reynistað.

Jón Sigurðsson átti ættir að rekja til skagfirzkra góðbænda og gáfumanna. Hann var einbirni efnaðra foreldra og mun hafa átt kost á hverju því skólanámi, sem hugur hans stæði til. Hann kaus að miða skólanám sitt við það að taka við jörð og búi foreldra sinna, og hann rak langan aldur stórbú á Reynistað, síðustu árin á hluta jarðarinnar á móti syni sínum. Ýmis trúnaðarstörf voru honum falin innan héraðs og utan. Hann átti lengi sæti í hreppsnefnd og sýslunefnd og var hreppstjóri Staðarhrepps 1928—1954. Hann hafði forgöngu um stofnun búnaðarsamtaka í Skagafirði árið 1931 og var síðan lengi í stjórn þeirra, og á búnaðarþingi átti hann sæti frá 1932—1965. Hann var forgöngumaður um stofnun Sögufélags Skagfirðinga 1936 og í

stjórn þess frá stofnun til 1960 og var í útgáfunefnd skagfirzkra fræða frá 1936. Hann átti sæti í sauðfjársjúkdómanefnd 1938—1942, var í stjórn Stéttarsambands bænda frá stofnun þess 1945 til 1961 og í framleiðsluráði landbúnaðarins frá stofnun þess 1947 til 1961. Hann var í nýbýlastjórn á árunum 1947—1970, var kosinn af Alþingi í milliþinganefnd um brunatryggingar utan Reykjavíkur 1954 og í milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlög 1959. Hann var kosinn alþingismaður í fyrsta sinn 1919 og sat á þingi á árunum 1920—1931, 1933—1937 og 1942—1959, á 35 þingum alls.

Jón Sigurðsson var mikill áhugamaður og forgöngumaður um landbúnaðarmál. Hann bjó rausnarbúi á sögufrægu höfuðbóli. Hann var stjórnsamur og hjúasæll framkv.maður heima fyrir og glöggskyggn og tillögugóður um málefni landbúnaðarins á þeim fjöldamörgu fundum og þingum, sem hann sat um ævina. Hann var oft kvaddur af stjórnarvöldum og stéttarbræðrum sínum til að vinna að undirbúningi löggjafar um landbúnað. Á Alþingi beindist áhugi hans og starf um annað fram að þeim málum. Hann átti löngum sæti í landbúnaðarnefnd, og mátu andstæðingar hans jafnt sem samherjar í stjórnmálum jafnan mikils það, sem hann hafði þar til mála að leggja. Mikinn áhuga hafði hann á sögulegum fróðleik og varðveizlu þjóðlegra verðmæta. Hann hafði frumkvæði að lagasetningu um byggðasöfn og héraðsskjalasöfn og átti ríkan þátt í stofnun byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ. Í Sögufélagi Skagfirðinga vann hann ósleitilega að því að koma á framfæri sögulegum fróðleik og lagði sjálfur hönd að verki við ritstörf um búendur í Skagafirði og annan skagfirzkan fróðleik. Hann var vinsæll héraðshöfðingi og skilaði miklu ævistarfi.

Ásgeir Ásgeirsson var fæddur 13. maí 1894 í Kóranesi á Mýrum. Foreldrar hans voru Ásgeir kaupm. þar Eyþórsson kaupmanns í Rvík Felixsonar og kona hans, Jensína Björg Matthíasdóttir trésmiðs í Reykjavík Markússonar. Hann lauk stúdentsprófi í menntaskólanum í Reykjavík vorið 1912 og guðfræðiprófi í Háskóla Íslands 1915. Hann var biskupsskrifari 1915—1916, stundaði framhaldsnám í guðfræði og heimspeki við háskólana í Kaupmannahöfn og Uppsölum 1916—1917 og var bankaritari í Landsbankanum 1917—1918. Kennari við kennaraskólann var hann 1918—1927. Á árinu 1926 var hann settur fræðslumálastjóri og skipaður í það embætti ári síðar. Frá 20. ágúst 1931 til 3. júní 1932 var hann fjármálaráðherra, en tók þann dag forsæti í nýrri ríkisstjórn og var forsætisráðherra til 29. júli 1934. Tók hann þá aftur við embætti fræðslumálastjóra og gegndi því fram á árið 1938. Á árunum 1938—1952 var hann bankastjóri Útvegsbanka Íslands. Hinn 1. ágúst 1952 tók hann við embætti forseta Íslands og gegndi því fram á árið 1968, er hann kaus að draga sig í hlé fyrir aldurs sakir, þá kominn nokkuð á áttræðisaldur.

Mörg voru þau störf, sem Ásgeiri Ásgeirssyni voru falin jafnframt hinum föstu embættisstörfum, og skal nokkuð af þeim störfum talið hér. Hann var kjörinn alþingismaður 1923, tók sæti á Alþingi hið fyrsta sinn 1924 og var síðan óslitið þingmaður Vestur-Ísfirðinga fram til 1952, er hann var kjörinn forseti Íslands. Sat hann á 36 þingum alls. Forseti sameinaðs Alþingis var hann 1930—1931. Hann átti sæti í milliþinganefnd í bankamálum 1925—1927 og aftur 1937—1938, var í alþingishátíðarnefnd 1926—1930, formaður gengisnefndar 1927—1935 og formaður Stúdentagarðsnefndar 1937—1952. Í gjaldeyriskaupanefnd var hann 1941—1944, í samninganefnd utanríkisviðskipta 1942—1952 og í undirbúningsnefnd lýðveldishátíðar 1943—1944. Hann var fulltrúi á fjármálafundi Sameinuðu þjóðanna í Bretton Woods í Bandaríkjunum 1944, bankaráðsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1946—1952 og í sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1947 og 1948.

Ásgeir Ásgeirsson valdi sér guðfræði að háskólanámi og varð síðar kunnur að frjálslyndi í trúmálum. Ungur vann hann bankastörf um eins árs skeið, og síðar varð bankastjórn aðalstarf hans árum saman. Margs konar önnur afskipti af fjármálum og efnahagsmálum hafði hann um ævina. Á Alþingi átti hann lengi sæti í fjárhagsnefnd og var um skeið fjármálaráðherra. Hátt á annan áratug var aðalstarf hans kennsla og fræðslumálastjórn, og beitti hann sér þá meðal annars fyrir nýrri lagasetningu um fræðslu barna. Hann átti sæti í utanríkismálanefnd Alþingis og var oft í samninganefndum um viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir. Hann sat á Alþingi tæpa þrjá áratugi við miklar vinsældir og traust af hálfu kjósenda sinna. Hann var forseti Alþingis á hátíð þess 1930 og skipaði þann sess með miklum sóma. Störf hans á svo mörgum sviðum sem hér hefur verið talið og leyst af hendi með sæmd eru augljóst vitni um það traust, sem hann naut, þá hæfileika, sem hann hafði hlotið í vöggugjöf, og þá fjölþættu menntun og lífsreynslu, sem hann aflaði sér um dagana.

Ásgeir Ásgeirsson var um langan aldur í hópi mestu áhrifamanna þjóðarinnar. Hann var hyggginn málafylgjumaður, snjall samningamaður og átti gildan þátt í mörgum afdrifaríkum stjórnmálaákvörðunum, meðan hann átti sæti á Alþingi. Um slík mál er einatt deilt hart, og flest mannanna verk á því sviði orka tvímælis og skipa mönnum í andstæða flokka. Þess var ekki að vænta, að Ásgeir Ásgeirsson færi varhluta af gagnrýni og ádeilum fyrir árangursrík stjórnmálaafskipti sín. Slíkt er hlutskipti allra mikilla stjórnmálamanna.

Ásgeir Ásgeirsson var höfðinglegur á velli, virðulegur og alúðlegur í senn. Glöggur mannþekkjari var hann og fjölfróður um land og þjóð, sögu, bókmenntir og atvinnuhætti, og hann kunni þá viðræðulist, sem við átti á hverjum stað og hverri stundu. Hann hófst ungur til áhrifa og mannvirðinga og komst síðar til æðstu metorða á landi hér. Forsetinn Ásgeir Ásgeirsson naut mikillar hylli að verðleikum. Hann var gæddur þeim mannkostum, sem öfluðu honum vinsælda í embætti forseta Íslands, og hann hafði öðlazt þá lífsreynslu, sem gerði hann færan um að leysa þar störf sín af hendi með ágætum.

Ég vil biðja þingheim að minnast Vilhjálms Þór, Jóns Sigurðssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Varamaður tekur þingsæti.

Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Samkv. beiðni Pálma Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem vegna anna heima fyrir getur ekki strax sótt þing, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks Sjálfstfl.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Varamaðurinn hefur tekið hér sæti, hefur áður átt sæti á Alþ. og undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa.

Fundi frestað.

Sameinað þing, frh. 1. fundar.

Miðvikudaginn 11. október.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.,

með 38 atkv., en 21 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.,

með 55 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.,

með 37 atkv. — Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., hlaut 1 atkv., Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv., 1 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðbj, en á B-lista LárJ. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., og
Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu þrir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björn Fr. Björnsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Jón Skaftason (A),
Pálmi Jónsson (B),
Björn Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Pétur Pétursson (C).

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 11. október.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Auður Auðuns, 6. þm. Reykv.
2. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
3. Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf.
4. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
5. Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
8. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
9. Geir Hallgrímsson, 2. þm. Reykv.
10. Helgi F. Seljan, 6. landsk. þm.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Árm. Héðinsson, 5. þm. Reykn.
13. Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e.
14. Magnús T. Ólafsson, 9. þm. Reykv.
15. Oddur Ólafsson, 3. þm. Reykn.
16. Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf.
17. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
18. Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
20. Þorvaldur G. Kristjánsson, 5. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Björn Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.,

með 15 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét nú fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 1. landsk. þm.,

með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.,

með 15 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á G-lista var StG. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., og
Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Geir Hallgrímsson.
7. — — Ásgeir Bjarnason,
8. — — Magnús Jónsson,
9. — — Þorvaldur G. Kristjánsson,
10. — — Björn Fr. Björnsson,
11. — — Oddur Ólafsson,
12. — — Ragnar Arnalds,
13. — — Jón Árm. Héðinsson,
14. — — Eggert G. Þorsteinsson,
15. — — Auður Auðuns,
16. — — Geir Gunnarsson,
17. — — Helgi F. Seljan,
18. — — Bjarni Guðbjörnsson,
19. — — Steingrímur Hermannsson,
20. — — Jón Árnason.

Neðri deild, 1. fundur.

Miðvikudaginn 11. október.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Hannibal Valdimarssyni, 3. þm. Vestf., að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm.
3. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.
4. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
5. Eðvarð Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
6. Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
8. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
9. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
10. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.
11. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
12. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
13. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
14. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv.
15. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv.
16. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
17. Hannibal Valdimarsson, 3. þm. Vestf.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
19. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
20. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv.
21. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
22. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
23. Karvel Pálmason, 7. landsk. þm.
24. Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
25. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
26. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
27. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Ólafur G. Einarsson, 11. landsk. þm.
30. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
31. Pálmi Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
32. Pétur Pétursson, 2. landsk. þm.
33. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
34. Ragnhildur Helgadóttir, 12. þm. Reykv.
35. Stefán Gunnlaugsson, 5. landsk. þm.
36. Stefán Valgeirsson, 4. þm. Norðurl. e.
37. Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinnsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn.,

með 27 atkv. — Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.,

með 38 atkv. — Lárus Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv., 1 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm.,

með 26 atkv. — Karvel Pálmason, 7. landsk. þm., hlaut 2 atkv., Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., 1 atkv., Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., 1 atkv., Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., 1 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var IG, á B-lista var EBS. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðl e., og
Ellert B. Schram, 9. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9.	sæti	hlaut	Gylfi Þ. Gíslason,
10.	—	—	Jónas Árnason,
11.	—	—	Stefán Valgeirsson,
12.	—	—	Gunnar Gíslason,
13.	—	—	Ólafur G. Einarsson,
14.	—	—	Garðar Sigurðsson,
15.	—	—	Jón Skaftason,
16.	—	—	Jóhann Hafstein,
17.	—	—	Friðjón Þórðarson,
18.	—	—	Sverrir Hermannsson,
19.	—	—	Gunnar Thoroddsen,
20.	—	—	Bjarni Guðnason,
21.	—	—	Þórarinn Þórarinsson,
22.	—	—	Ingólfur Jónsson,
23.	—	—	Benedikt Gröndal,
24.	—	—	Guðlaugur Gíslason,
25.	—	—	Eðvarð Sigurðsson,
26.	—	—	Ágúst Þorvaldsson,
27.	—	—	Ragnhildur Helgadóttir,
28.	—	—	Matthías Á. Mathiesen,
29.	—	—	Karvel Pálmason,
30.	—	—	Gísli Guðmundsson,
31	—	—	Pétur Sigurðsson,
32.	—	—	Pétur Pétursson,
33.	—	—	Eysteinn Jónsson,
34.	—	—	Matthías Bjarnason,
35.	—	—	Pálmi Jónsson,
36.	—	—	Lárus Jónsson,
37.	—	—	Stefán Gunnlaugsson,
38.	—	—	Vilhjálmur Hjálmarsson,
39.	—	—	Björn Pálsson,
40.	—	—	Svava Jakobsdóttir.

Sameinað þing, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt. kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í hádegisútvarpi var birt um það tilkynning frá verðlagsstjóra, að neyzlufiskur hefði hækkað í verði. Þorskur, slægður með haus, hefur hækkað úr 35.50 kr. upp í 40 kr. eða um 12.7%, þorskflök hafa hækkað úr 63 kr. í 70.50 kr. eða um 11.9%, ýsa, ný og slægð, hefur hækkað úr 44 kr. í 47 kr. eða um 6.8%, og ýsuflök hafa hækkað úr 72 kr. í 82.50 kr. eða um 7.1%. Þessi hækkun á ýsu og þorski mun svara til því sem næst 0.1 stigs í kaupgreiðsluvísitölu, en það er augljóst og gefur reyndar auga leið, að annar neyzlufiskur mun hækka í kjölfar þessa, annar en sá, sem nú var nefndur, og sömuleiðis unnar fiskvörur, og mun það valda annarri eins hækkun á kaupgjaldsvísitölu, þannig að sú fiskverðshækkun, sem tilkynnt var í hádeginu í dag, mun hækka kaupgjaldsvísitölu um 0.2 stig eða því sem næst.

Nú þarf ekki að minna hæstv. ríkisstj. og þingheim á það, að í gildi er, að nafninu til a. m. k., verðstöðvun. Slík hækkun á einni algengustu neyzluvöru almennings, sem nú hefur verið auglýst fyrir nokkrum klukkustundum, er auðvitað ekki í samræmi við slíka verðstöðvun. Þess vegna leyfi ég mér að beina einföldum fsp. til hæstv. ríkisstj.

Það hlýtur að hafa verið öllum, bæði hæstv. ríkisstj. og öðrum, ljóst, síðan verðlagsráð sjávarútvegsins hækkaði verð á fiski til fiskseljenda nú fyrir nokkrum dögum, að það hlyti að koma til hækkunar á neyzlufiski á markaði fyrir neytendur, ef ekki yrði gripið til sérstakra ráðstafana. Þess vegna var að því vikið í blaðaskrifum í sambandi við fiskverðshækkunina til fiskseljenda, að eitt af þrennu kæmi til mála, þ. e. a. s. að fiskverðshækkunin yrði látin koma til framkvæmda og valda þar með hækkun á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Í öðru lagi, að fiskverðshækkunin yrði greidd niður, þannig að verðstöðvun yrði ekki rofin, eða í þriðja lagi, vegna erfiðleika á niðurgreiðslu á fiski, að aðrar vörutegundir yrðu greiddar niður, þannig að kaupgjaldsvísitalan hækkaði ekki vegna hækkunarinnar á neyzlufiski.

Þessa möguleika hlýtur ríkisstj. að hafa haft til athugunar undanfarna daga, og ég geri ráð fyrir því, að hún hafi tekið afstöðu til þessa máls. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Ætlast hún til þess, að þessi fiskverðshækkun standi, þannig að kaupgjaldsvísitala hækki, án þess að kaupgjald hækki? Eða hefur hún ákveðið að greiða þessa fiskverðshækkun niður? Eða í þriðja lagi: Hefur hún ákveðið að greiða niður aðrar vörur, þannig að fiskverðshækkunin valdi ekki hækkun á kaupgjaldsvísitölunni? Fyrir fjórða möguleikanum vil ég ekki gera ráð, að ríkisstj. hafi enga ákvörðun tekið um málið, áður en verðlagsstjóri tilkynnti þessa hækkun. Henni hlýtur að hafa verið kunnugt um ákvarðanir verðlagsnefndar í þessu máli.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það gefur auga leið, að þegar ákveðin hefur verið fiskverðshækkun á þann hátt, sem nú hefur verið ákveðið, þá hlaut verð á fiski hér innanland einnig að hækka, og gat engum komið á óvart. Verðlagsnefnd hefur orðið sammála um það og ríkisstj. hefur staðfest samþykkt verðlagsnefndar að heimila verðhækkun á neyzlufiski, sem samsvarar verðhækkun á hráefni því, sem þarna er um að ræða, enda er sú hækkun, sem hér er um að ræða, aðeins útreiknuð af verðlagsstjóra sem sú hækkun, sem leiðir beint af fiskverðshækkuninni. Hér er ekki um neina aðra verðbreytingu að ræða.

Þessi verðhækkun á fiski hefur að sjálfsögðu áhrif á framfærsluvísitöluna og kaupgjaldsvísitöluna. Þessi verðhækkun veruðr greidd niður, en það hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun um það, í hvaða formi sú niðurgreiðsla verður gerð. En hún verður greidd niður eins og lög og reglur standa til um niðurgreiðslu á vörum, þannig að kaupgjaldsvísitalan haldist í því horfi, sem ætlað var, yfir verðstöðvunartímabilið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svörin. Út af fyrir sig fagna ég því, að ríkisstj. skuli ætla að greiða vísitöluna niður sem fiskverðshækkuninni svarar, þannig að launþegum sé ekki ætlað að bera byrði vegna fiskverðshækkunarinnar. En ég harma það, að ríkisstj. skuli ekki hafa dugað sá tími, sem leið frá því, að fiskverðshækkun til fiskseljenda var ákveðin, og til dagsins í dag, til að taka ákvörðun í málinu. Það er því miður allt of algengt, að ríkisstj. sé sein til þess að taka sjálfsagðar og nauðsynlegar ákvarðanir, og ég legg áherzlu á, að það dragist ekki úr hömlu að taka þá ákvörðun, því að þangað til hún er tekin verða neytendur að bera stórhækkað fiskverð bótalaust.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Árnason (B),
Ingvar Gíslason (A),
Matthías Bjarnason (B),
Geir Gunnarsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Eysteinn Jónsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Bjarni Guðnason (A),
Gils Guðmundsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

Varamenn:
Jón Skaftason (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Friðjón Þórðarsson (B),
Magnús T. Ólafsson (A),
Magnús Kjartansson (A),
Benedikt Gröndal (C),

3. Atvinnumálanefnd.

Ásgeir Bjarnason (A),
Ingólfur Jónsson (B),
Björn Pálsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Ragnar Arnalds (A),
Pétur Pétursson (C).

4. Allsherjarnefnd.

Björn Fr. Björnsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Jón Skaftason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Bjarni Guðnason (A),
Jónas Árnason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jónas Árnason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Efri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Magnús Jónsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Samgöngunefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Árnason (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Steinþór Gestsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Jón Árnason (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Jón Árnason (G),
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Björn Fr. Björnsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorvaldur G. Kristjánsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Björn Fr. Björnsson (A),
Þorvaldur G. Kristjánsson (B),
Steingrímur Hermannsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Auður Auðuns (B),
Björn Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Auður Auðuns (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Oddur Ólafsson (B),
Björn Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Steingrímur Hermannsson (A),
Auður Auðuns (B),
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnar Arnalds (A),
Þorvaldur G. Kristjánsson (B),
Björn Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Björn Fr. Björnsson (A),
Magnús Jónsson (B),
Bjarni Guðbjörnsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Neðri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Þórarinn Þórarinsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Gils Guðmundsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Karvel Pálmason (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

2. Samgöngunefnd.
Björn Pálsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Garðar Sigurðsson (A),

Sverrir Hermannsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Pétursson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Skaftason (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (A),
Guðlaugur Gíslason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Björn Pálsson (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Bjarni Guðnason (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Pétur Pétursson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Ágúst Þorvaldsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Bjarni Guðnason (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Jón Skaftason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Jónas Árnason (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Bjarni Guðnason (A),
Ingvar Gíslason (A),
Stefán Gunnlaugsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Eysteinn Jónsson (A),
Gunnar Gíslason (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Ellert B. Schram (B),
Ingvar Gíslason (A),
Bjarni Guðnason (A),
Benedikt Gröndal (C).

9. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Ellert B. Schram (B),
Bjarni Guðnason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Pétursson (C).

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (BJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, hv. 5. þm. Vestf.:

„Reykjavík, 12. okt. 1972.

Með því að ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður minn, Ásberg Sigurðsson borgarfógeti, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Ásberg Sigurðsson hefur áður átt sæti á Alþ. á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað og þarf því ekki að koma til athugunar eða afgreiðslu og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er lagt fram, kom fyrir síðasta þing skömmu fyrir þingslit og er nú endurflutt óbreytt. Þegar fyrst var farið að mæla fyrir stofnun og starfi dagvistunarheimila barna hér á landi, voru slíkar stofnanir nokkuð umdeildar. Þær raddir heyrðust, að rekstur slíkra barnaheimila væri til þess fallinn að veikja fjölskyldubönd og slíta uppvaxandi kynslóð með nokkrum hætti úr eðlilegu sambandi við foreldra sína og nánasta umhverfi. Ég veit ekki betur en nú sé svo komið, að þessar raddir séu þagnaðar með öllu. Mér vitanlega draga engir lengur í efa þörfina fyrir dagvistunarstofnanir fyrir börn og sömuleiðis kostina, sem þær hafa að bjóða. Kostir ýmiss konar dagvistunarstofnana barna eru a. m. k. þríþættir.

Í fyrsta lagi hafa þessar stofnanir mikið uppeldisgildi, sérstaklega eins og nú er komið samfélagsháttum í þéttbýli hér á Íslandi. Heimilin, sem nú ala upp börnin, eru alls ekki sambærileg við hin fjölmennu heimili, sem fyrri kynslóðir þekktu. Það er fátítt mjög í þéttbýlinu, að fleiri en tvær kynslóðir séu á heimili, gjarnan aðeins foreldrar og eitt eða tvö börn þeirra. Slíkt heimili býður miklu fábreyttari uppeldisskilyrði heldur en hin fjölmennu heimili, sem tíðust voru fyrir nokkrum áratugum, þegar ekki aðeins voru á heimilinu foreldrar og afkvæmi þeirra, heldur einnig þriðja kynslóð, afar og ömmur, og einnig mjög víða óvandabundið eða kannske vandabundið vinnufólk. Það er allra manna mál, sem kynnt hafa sér uppeldisáhrifin á hinum fámennu og jafnvel einangruðu heimilum nútímans, að þar geti svo farið, að áhrifin af umhverfinu verði svo einhæf, að þau tefji fyrir eðlilegum þroska barnanna. Þá er úrræðið, sem næst liggur, að skapa fjölbreyttara og fjölmennara umhverfi á uppeldisstofnun, sem kemur til liðs við heimilin á því aldursskeiði, þegar ekki er enn hafin skólaganga barnanna. Til þess eru ýmist fallin dag-

vistunarheimili, sem taka börn til gæzlu næstum heila daga eða leikskólar svo kallaðir, þar sem börnin dvelja mun skemmri tíma.

En hér kemur einnig til annað atriði. Það er öryggi þessara ungu barna í borgarumhverfinu, sem þeim er búið, þegar út fyrir veggi heimilisins kemur. Öllum er kunnugt, að mjög skortir á, að heppileg og hættulaus leiksvæði séu til umráða, einkum og sérstaklega fyrir börn, sem eru á óvítaaldri eða rétt að komast af honum. Úrræðið til að tryggja öryggi þeirra að leik er gjarnan að vista þau á dagvistunarheimili.

En enn er eitt atriði og ekki hið veigaminnsta. Það er hin félagslega þýðing dagvistunarheimilanna í þjóðfélagi eins og okkar er orðið, þar sem mjög er algengt, að báðir foreldrar á hinum fámennu heimilum leita atvinnu eða stunda nám utan heimilis. Því hefur raunin orðið sú, að á þeim dagvistunarheimilum, sem reist hafa verið og nú starfa, ganga jafnan fyrir börn einstæðra foreldra, sem nauðsynlega þurfa framfærslu heimilisins vegna að koma börnum sínum í gæzlu, meðan vinnutími þeirra sjálfra stendur eða þá börn af heimilum, þar sem foreldrar eru á því reki, að báðir eru í framhaldsnámi, bæði faðir og móðir. Og það er viðurkennt, að ákvæði um jafnan rétt kvenna og karla til atvinnu og til menntunar eru síður en svo raunhæf, nema séð sé fyrir aðstöðu fyrir börn þeirra mæðra, sem þurfa að stunda störf utan heimilis eða leggja kapp á að stunda nám til þess að búa sig undir störf, nema þessum mæðrum sé gert fært að koma ungum börnum sínum í umönnun á öruggum og hentugum stöðum meginhluta dagsins.

Þörfin á fleiri dagvistunarheimilum en nú eru fyrir hendi er óumdeild. Kannanir munu vera af skornum skammti, en þó veit ég til, að þær hafa farið fram í Reykjavík og í Kópavogi og á báðum stöðum leitt í ljós mjög mikla þörf fyrir fjölgun dagvistunarheimila. Í málefnasamningi ríkisstj. setti hún sér það mark m. a., að sett verði löggjöf um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila, elliheimila og annarra hliðstæðra stofnana og séð fyrir fullnægjandi menntunaraðstöðu starfsliðs þeirra. Elliheimili heyra öðru rn. til, þótt rætt sé um þau í þessari sömu mgr. En hvað barnaheimilin varðar, er leitazt við að uppfylla þetta ákvæði málefnasamnings ríkisstj. með flutningi þess frv., sem hér liggur fyrir. Þetta frv. er verk n., sem skipuð var fyrir tæpu ári og í áttu sæti Stefán Ólafur Jónsson fulltrúi, formaður, Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Gyða Sigvaldadóttir forstöðukona, Svava Jakobsdóttir alþingismaður og Þóra Þorleifsdóttir. Þessi n. skilaði frv., sem nú er lagt fyrir Alþ. í annað sinn. Meginefnisþættir þess eru, að ríkinu sé gert að leggja fram fé bæði til stofnunar dagvistunarheimila og til rekstrar þeirra. Þetta á ekki aðeins við um dagvistunarheimili, sem rekin eru á vegum opinberra aðila, sem sé sveitarfélaga, heldur einnig áhugafélaga, húsfélaga fjölbýlishúsa og starfsmannafélaga. Nefndinni þótti rétt að gera þegar í stað ráð fyrir þeim möguleika, að aðilar eins og húsfélög og starfsmannafélög gætu notið styrks til að koma upp dagvistunarheimilum og reka þau, ef þeim byði svo við að horfa.

Í 4. gr. frv. er tekið fram, hvaða dagvistunarheimili gert er ráð fyrir, að njóti fjárframlaga samkv. þessum l. Þar er um að ræða dagheimili fyrir börn frá þriggja mánaða aldri til skólaskyldualdurs, þar sem börnin geta dvalið a. m. k. 5 klukkustundir á degi hverjum, í öðru lagi skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri og í þriðja lagi leikskóla fyrir börn á aldrinum frá tveggja ára til skólaskyldu, þar sem börnin geta dvalið a. m. k. 3 klukkutíma á dag.

Í 5. gr. er ákvæði um það, að dagvistunarheimili skuli starfa a. m. k. 4 mánuði samfellt á ári hverju til þess að geta orðið aðnjótandi ríkisframlags. Í 6. og 7. gr. eru síðan ákvæði um, hverju ríkisframlög til dagvistunarheimilanna, sem um er að ræða, skuli nema. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að framlag til stofnkostnaðar dagheimila og skóladagheimila skuli vera hið sama og framlag ríkisins til annarra skólastofnana, sem sé 50% áætlaðs stofnkostnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir, að framlag til leikskóla sé hálfu minni hluti stofnkostnaðar, eða 25%. Af rekstrarkostnaði er gert ráð fyrir í 8. gr., að af ríkisfé séu greidd til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%, en til leikskóla þriðjungi minna, allt að 20%. Þessi rekstrarframlög eiga að greiðast að loknu ársuppgjöri og skal þar miðað við meðlarekstrarkostnað samsvarandi dagvistunarheimila um landið allt. Í 9. gr. er kveðið svo á, að þetta ríkisframlag, bæði til stofn- og rekstrarkostnaðar dagvistunraheimila skuli bundið því skilyrði, að aðstandendum barnanna sé ekki gert að greiða hærri hluta af kostnaði en 30% í dagheimilum og skóladagheimilum og í leikskólum 50% af rekstrarkostnaði.

Síðan eru í IV. kafla frv. ákvæði um það, hvernig fara skuli með umsóknir, sem berast um framlög úr ríkissjóði til stofn- og rekstrarkostnaðar dagvistunarheimila. Þar er tekið fram, að með þau mál skuli aðilar snúa sér til menntmrn., sem athugar umsóknir og kveður á um gildi þeirra, og í 15. gr. er tekið fram, að eigi sé heimilt að hefja framkvæmdir við slíkar stofnanir fyrr en fé hefur verið veitt til þeirra í fjárl. og fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrn. Til að fjalla um þessi mál gerir 16. gr. ráð fyrir því, að rn. fái í þjónustu sína starfsmann, sem til þess er sérstaklega hæfur að fjalla um málefni dagvistunarstofnana. Loks er í V. kafla ákvæði um, að forstöðumenn dagvistunarheimila og starfslið skuli hafa hlotið fóstrunarmenntun, nema eigi sé unnt að fullnægja því skilyrði, þá má veita frá því undanþágu, en þessi skal vera aðalreglan.

Ég vil vænta þess, að þetta mál geti orðið að lögum á þessu þingi, og legg til, herra forseti, að því sé eftir þessa umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var lagt fram á síðustu dögum síðasta þings, og var þá ekki tilefni til eða tækifæri að ræða það efnislega. Ég ætla mér heldur ekki að gera það nú við 1. umr. málsins nema að mjög litlu leyti, en langar þó að benda á nokkur atriði, sem ég vænti, að hv. n., sem frv. fær til athugunar, muni taka til meðferðar.

Það fer ekki á milli mála, að mikil nauðsyn er á byggingu og rekstri dagvistunarheimila, eins og nútímaþjóðlífsháttum er komið. Um það er ekki ágreiningur. Ég hygg, að vegna þessa sé eðlilegt, að ríkisvaldið hér eins og víða erlendis taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem samfara er byggingu og e. t. v. rekstri dagvistunarheimila, en kem þó að því nánar síðar.

Í þessu frv. felst að vísu, að hér er eitt verkefni, sem sveitarfélög hafa hingað til ein haft á sínum vegum, falið hvoru tveggja ríki og sveitarfélögum. Að því leyti til horfir það ekki til einföldunar á verkaskiptingu á milli þessara aðila, en ég tel þó frv. horfa til rétts vegar, vegna þess að ekki er óeðlilegt, að með einhverjum hætti séu líkar reglur um stofnun og byggingu dagvistunarstofnana og um stofnun og byggingu skóla. Það er þó til íhugunar að þessu leyti, hvort ekki er ástæða til að leggja megináherzlu á þátttöku ríkisins í byggingu dagvistunarstofnana og láta fremur bíða hlutdeild ríkisins og þátttöku í rekstrarkostnaði þeirra. Sérstaklega meðan verið er að fullnægja eftirspurninni eftir dagvistunarstofnunum. Hæstv. menntmrh. vék að því, að mikill skortur væri á þessum stofnunum og vísaði til kannana, sem um það hefðu farið fram. Þar sem aths. við frv. þetta eru prentaðar óbreyttar frá því í vor, þá er ekki von, að þar sé getið um niðurstöðu af könnun, sem fór fram á vegum Reykjavíkurborgar að því er snertir dagvistunarstofnanir og eftirspurn eftir þeim í Reykjavík. Mér þykir þess vegna hlýða, sérstaklega ef það gæti varpað ljósi á umfang þessa vandamáls og þeirrar fjárfestingar, sem þörf er á á þessu sviði, að geta um þær niðurstöður.

Samkv. könnun, er fór fram á vegum félagsmálastofnunar og félagsmálaráðs borgarinnar og Þorbjörn Broddason lektor annaðist, þá kom í ljós, að miðað við þá daga, sem könnunin fór fram, sem mun vera seint á síðasta ári, þá skorti 3000 vistrými í dagvistunarstofnunum hér í borginni. Þessi eftirspurn skiptist þannig, að 3/10 eftirspurnarinnar voru eftir dagheimilarými, þ. e. a. s. 900 rými vantaði. Þá voru rúmlega 600 rými fyrir í dagheimilum borgarinnar, þannig að heildareftirspurn var rétt rúmlega 1500. Nú hefur bætzt við nokkurt dagheimilarými eða hátt á 100 rými, þannig að til staðar eru 700 rými, en rúmlega 800 skortir. Mér telst lauslega til, að það muni kosta rúmlega 300 millj. kr. að reisa stofnanir til þess að fullnægja þessari eftirspurn eftir dagheimilum. Ef við lítum á leikskólana, þá var talið, að eftirspurn eftir leikskólavist væri um 4/10 af þessum 3000 vistrýmum eða 1200 rými, sem vantaði. Þá voru fyrir í fyrra rúmlega 1100 rými þannig, að heildareftirspurnin var rúmlega 2300 rými. Þar sem þrír nýir leikskólar, er hver tekur 120 börn á dag, hafa verið teknir í notkun á þessu ári, þá eru nú til staðar í borginni 1500 rými og skortir rétt rúmlega 800 til þess að fullnægja eftirspurninni eftir leikskólum. Að byggja leikskóla, sem rúma muni þessi börn, mun kosta um það bil 100 millj. kr.

Sú eftirspurn eftir dagheimilavist og leikskólavist, sem þessi könnun leiddi í ljós, kom mönnum ekki á óvart hjá Reykjavíkurborg. Aftur á móti má segja, að könnunin hafi leitt í ljós meiri eftirspurn eftir skóladagheimilum heldur en búizt hafði verið við. Talið var samkv. könnuninni, að 3/10 af þeim vistrýmum, sem á skortir til að fullnægja eftirspurn, væri fólgin í skóladagheimilarýmum. Samkvæmt því þyrfti að koma á fót 900 þannig rýmum, en aðeins 20 voru fyrir, þegar könnunin var gerð. Þau eru nú 40 og vantar því um 880 til þess að eftirspurninni væri fullnægt að þessu leyti. Kosta mun nær 200 millj. kr. að fullnægja þeirri eftirspurn.

Ef við lítum á þessar tegundir dagvistunarstofnana hér í Reykjavík, þá er verkefnið það að byggja fyrir um það bil 600 millj. kr. Reykjavíkurborg leggur til þessara mála 50 millj. kr. á yfirstandandi ári, og mun væntanlega ekki leggja minna fram á næsta ári, líklega sem nemur 60 millj. kr. þannig, að búast má við, að þáttur ríkisins verði á ári að því er til Reykjavíkur tekur um 50—60 millj. kr., þar sem hér er aðallega um dagheimili og skóladagheimili að ræða.

Ég legg áherzlu á það, að þessi könnun, sem ég hef gert að umtalsefni, byggist á eftirspurn. Það er ekki metið, hver sé þörf á þessum stofnunum, heldur byggt á upplýsingum mæðranna sjálfra, hvað þær mundu kjósa sér börnum sínum til handa og ekkert farið út í mat á heimilisástæðum eða hvort annað eða bæði foreldrar vinna úti eða önnur slík atriði, sem nú hafa ráðið um forgangsflokka, meðan ekki er unnt að svara eftirspurninni. Ef það er markmið okkar að fullnægja þessari eftirspurn, þá er þetta fjárfestingarþörfin. Og því held ég, að því fjármagni, sem ríkisvaldið getur látið í té á þessu sviði, sé bezt varið til stofnkostnaðar þessara stofnana, og það sé þá fremur hægt að ætlast til þess af sveitarfélögunum og aðstandendum barnanna að standa undir rekstrarkostnaði. Ég tel því, að í fyrstu megi ríkisvaldið gjarnan spara eða nota það fé, sem fæst með því að fella niður eða lækka þátttöku ríkisins í rekstrarkostnaði dagvistunarheimila, til þess að taka meiri þátt í stofnkostnaði slíkra heimila. Það er líka svo, að félagsleg samhjálp er komin svo langt á veg hér á landi, í það minnsta tel ég svo vera í Reykjavík, að óhugsandi væri, að aðstandendur barna, sem þyrftu á slíkri vistrými að halda, fengju það ekki vegna fjárhagserfiðleika eða fjárskorts. Ég vildi koma þessu sjónarmiði nú þegar á framfæri og geta þess um leið, að fyrir um það bil ári var samþykkt till. í borgarstjórn Reykjavíkur um tilmæli til ríkisvaldsins um að taka þátt í stofnkostnaði þessara heimila. Þar var sérstaklega tekið fram, að æskilegt væri, að sá þáttur væri ekki minni en helmingur og enn fremur var talið æskilegt, að á vegum ríkisins færi fram heildaráætlun um þörf slíkra bygginga í landinu. Mun vera auðvelt að gera slíka áætlun að því er Reykjavík snertir með hliðsjón af þeirri könnun, sem fyrir hendi er og vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort slík áætlun hafi verið gerð á vegum rn. umfram það sem segir í aths. n., er undirbjó frv.

Það er líka ástæða til þess að hafa orð á því, að nauðsynlegt er að gera meðferð þessara mála eins einfalda og unnt er. Ég óttast nokkuð,

að sú málsmeðferð, sem IV. kafli gerir ráð fyrir, nefnilega að sækja þurfi fyrst um leyfi til rn. og síðan að fá sérstaka fjárveitingu, tvær umferðir að þessu leyti, verði til þess að seinka *undirbúningi og byggingu dagvistunarstofnana* og beini því til hæstv. ráðh. og n. að flýta meðferð málsins til þess að unnt megi verða að taka upp í fjárlög næsta árs einhver framlög í þessu skyni.

Það er svo, að óskýrt sýnist vera í 6. gr., hvort að því er leikskólaframlög snertir gildi sama regla og um dagheimila- og skóladagheimilaframlög, þ. e. a. s. byggt verði á ákvæðum í reglugerð um stofnkostnað skóla. Ég tel rétt að bæta því við í 2. tl., ef það er ætlunin. Þá er rétt að minnast á það í lokamgr. 15. gr. er sagt að áætlun um byggingarkostnað skuli miðað „við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miðað við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við það." Hér sýnist ekki vera ætlunin að bæta við byggingarkostnað samkv. áætlun verðhækkunum vegna eðlilegra verðlagsbreytinga eins og er gert í skólabyggingum. Þyrfti auðvitað að hafa sömu reglur að því er þessar byggingar snertir og skólabyggingar. Og þá sýnist mér einnig, að til mála geti komið, að ríkissjóði sé gert að greiða þetta á skemmri tíma en 15. gr. gerir ráð fyrir eða hafa að öllu leyti sömu reglu eins og um skólabyggingar er nú.

Þá vildi ég aðeins taka það fram, ef að því verður horfið að halda áfram þátttöku ríkisins í rekstrarkostnaði, að þá sýnist vera eðlilegt, að í 4. gr. frv. sé bætt við 4. tölul. um einkaheimili, sem stunda barnfóstrun, enda séu heimilin undir eftirliti opinberrar stofnunar og starfsfólk þess hafi hlotið tilskilda menntun samkv. nánari reglum þar um. Það hefur verið horfið að því ráði hér í Reykjavík fyrir milligöngu Félagsmálastofnunar borgarinnar að fá einkaheimili til þess að taka þátt í dagvistun barna og hefur það gefið svo góða raun, að nú munu um eða yfir 80 slík heimili hafa um 200 börn á sínum vegum og skiptir það miklu máli, ef við ryfjum það upp, sem ég gat um í ræðu minni áðan, að eftirspurn eftir 800 dagheimilaplássum er ekki fullnægt, og þá koma þessi 200 börn, sem eru á einkaheimilum, þar til frádráttar eftirspurninni. Hér væri sjálfsagt hægt að uppörva fleiri einkaheimili til slíkrar starfsemi. Með því er sparaður stofnkostnaður fyrir hið opinbera og rekstrarkostnaður í heild sinni mun vera hærri en á vegum opinberra aðila, þótt hingað til hafi ekki verið farið út í það af borginni, t. d. að greiða vist þessara barna niður í líkingu við það, sem gert hefur verið um dagheimili. Sú regla hefur gilt um margra ára skeið og ekki verið ágreiningur um það í borgarstjórn Reykjavíkur, að að því er rekstrarkostnað við dagheimili snertir, greiðir borgarsjóður 50% og foreldrar sem næst 50%. Að því er leikskóla snertir greiðir borgarsjóður 25%, en foreldrar 75%. Nú hefur ríkisstj. neitað beiðni þess efnis að hækka þessi vistgjöld til þess að halda þessari viðmiðun og mun því þáttur borgarinnar hafa aukizt að því er dagheimili snertir allt að 60—65% og leikskólana um 35%. Ég tel, að hér sé illa farið. Það sé eðlilegra að gefa sveitarfélögunum sjálfdæmi að þessu leyti, svo að þau geti, að svo miklu leyti sem þau spara í rekstrarkostnaði, lagt meiri áherzlu á að koma þessum stofnunum upp, til þess að sem fyrst megi fullnægja eftirspurninni, og vísa ég þar sérstaklega í þá þróun, sem orðið hefur í félagslegri aðstoð hér í borg og víðar hér á landi.

Ég vildi, herra forseti, koma þessum sjónarmiðum fram þegar við 1. umr. málsins og vænti þess, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, taki þessi atriði til athugunar.

Hér á eftir mun svo verða rætt frv. til l. um Fósturskóla Íslands, sem er nauðsynlegt, að nái lagagildi einmitt vegna þeirrar þarfar, sem er á sérmenntuðu fólki til starfa í þessum dagvistunarstofnunum og raunar í ýmsum öðrum uppeldisstofnunum landsins. Fósturskólinn hefur verið rekinn með styrk frá ríkinu, en meginþungi af rekstrarkostnaði skólans hefur hvílt á Reykjavíkurborg, og m. a. hefur Reykjavíkurborg í raun séð skólanum fyrir húsnæði allt frá stofnun hans og það enda þótt þar menntist fjölmargir nemendur til starfa utan sveitarfélagsins. Við skulum gera okkur grein fyrir því hins vegar í sambandi við bæði þessi mál, að þau munu krefjast aukinna útgjalda ríkissjóðs og raunar sveitarfélaga frá því, sem nú er. Ég sé við fljótan yfirlestur í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir, að öll fjárframlög í þessu skyni eru sem næst óbreytt frá því, sem var í fjárl. yfirstandandi árs. Til barnavinafélagsins Sumargjafar er t. d. óbreytt framlag, 1.5 millj. kr. Til byggingar dagvistunarstofnana fyrir allt landið er aðeins 1 millj. og hrekkur þess vegna mjög skammt. Ég held, að þetta sé eitt dæmi um það, að hér er ekki kannað ofan í kjölinn, hvaða kröfur samþykkt frv. og stefnumála ríkisstj. hafa í för með sér, og vandinn að þessu leyti enganveginn leystur á þessu stigi eða með þessum frv. En við skulum vona, að úr rætist.

Jón Árnason: Herra forseti. Það var á s. l. hausti að við nokkrir sjálfstæðismenn höfðum undirbúið frv. til l. um aðstoð ríkisins við byggingu dagvistar- og dvalarheimilis fyrir börn. En þá var upplýst, að ríkisstj. hefði í undirbúningi frv. um sama efni. Ég átti þá tal við menn, sem voru í þeirri n., sem hæstv. ráðh. hafði skipað, og mér skildist, að það væri meiningin, að það frv. mundi koma það tímanlega inn á síðasta Alþingi, að það mundi vera tök á því, að frv. yrði að lögum og næði fram að ganga. Það leið svo fram á þingið, að ekki bólaði á þessu máli af hendi hæstv. ríkisstj. og því kom til þess, að ég ásamt nokkrum öðrum alþm. Sjálfstfl. flutti frumvarp um aðstoð þess opinbera við byggingu dagvistar- og dvalarheimila fyrir börn. Þessu frv. var vísað til n. og það sat þar. En rétt í þinglokin, eins og hér hefur verið bent á, kom svo frv. ríkisstj. um þetta efni og það seint á þinginu, að það var vitanlega engin von til þess, að málið næði fram að ganga.

Sá stuðningur, sem ríkið hefur veitt í þessu skyni að undanförnu, hefur verið sá styrkur,

sem veittur hefur verið til rekstrarins sérstaklega í fjárl. og einnig nokkur byggingarstyrkur, sem hefur verið tekinn upp á fjárl. til einstakra bygginga dvalarheimila, en þar hefur aðeins verið um smáupphæðir að ræða, 75—100 þús. kr. í hvert skipti. Ég held, að það sé öllum ljóst, að hér er um mjög mikilsvert mál að ræða, og ég vil vona það, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en ef svo verður, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að endurskoðuð verði sú fjárveiting eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, sú fjárveiting, sem ætluð er til þess í fjárl. En eins og fjárlagafrv. liggur núna fyrir, þá er það lítið megnugt til þess að koma þarna nokkuð á móti því, sem ætlað er, að felist í því frv., sem hér er lagt fram. Við skulum vona, að sú endurskoðun eigi sér stað og upphæðin verði hækkuð og frv. nái fram að ganga og lögin verði þá að tilætluðum notum.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm., sem hér hafa talað, við meginatriði þessa máls og vænti, að þær undirtektir séu forboði þess, að málið hljóti greiða afgreiðslu. En að sjálfsögðu eru í því eins og flestum öðrum málum, sem hér er um fjallað, ýmis álitaatriði og drap hv. 2. þm. Reykv. á nokkur þeirra. Ég tel það vel farið, að einmitt þegar þetta mál er á döfinni hér á þingi, þá skuli liggja fyrir niðurstöður af könnun á þörfinni fyrir dagvistunarstofnanir í Reykjavík, og vissulega væri, eins og hv. þm. gat um, æskilegt, að tilsvarandi tölur um eftirspurn næðu yfir stærra svæði, helzt landið allt. En það er nú ekki eins auðvelt að koma við slíkri könnun eins og í einu borgarfélagi, þótt stórt sé að vísu, og svarið við spurningu hans, hvort menntrn. hafi gengizt fyrir könnun á landsmælikvarða á eftirspurninni eftir dagvistunarheimilum fyrir börn, er það, að slíkt hefur ekki verið gert. Af þeim efnisatriðum, sem hv. þm. fjallaði um, skiptir eitt mestu máli. Það er, hvort gera ber ráð fyrir, að ríkisframlög taki bæði til stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar dagvistunarheimila. Þetta getur vissulega verið álitamál, og að minni hyggju er ekki aðeins um það að ræða að taka annað hvort báða liðina upp í frv. og væntanleg lög á sama grundvelli eða sleppa öðrum hvorum, heldur einnig að hafa báða liðina, en með mismunandi áherzlu. Sem sagt, hugsanlegt er, að framlag til rekstrarkostnaðar yrði að vísu haft með í frv., en miðað við, að það kæmi ekki til framkvæmda, fyrr en stofnframlög þættu hafa bætt úr brýnustu þörfinni fyrir ný dagvistunarheimili.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. til l. um Fósturskóla Íslands er nátengt frv. um hlutdeild ríkisins í stofnun og rekstri dagvistunarheimila, sem hér var síðast til umr. Þetta frv., eins og hið fyrra, er endurflutt óbreytt, eins og það var lagt fyrir síðasta þing, þegar mjög var liðið á þingtímann. Þetta frv. fjallar um menntun þess starfsliðs, sem á opinberum stofnunum annast uppeldi og umönnun barna allt fram að skólaskyldualdri, þ. e. allt fram að 7 ára aldri. Meginhugsunin með þessu frv. er, að rekin sé á vegum ríkisins menntastofnun, sem veiti fullnægjandi fræðilega þekkingu og starfsþjálfun, til þess að hún geti útskrifað fólk, sem er fullfært um að gera uppeldisstofnanir, sem hér um ræðir, þær uppeldisstofnanir, sem annast börnin, áður en skólinn tekur við, sem hæfastar til að veita þeim þroskaskilyrði á þessu viðkvæma og vandmeðfarna aldursskeiði. Sömuleiðis er einnig gert ráð fyrir því í frv., að þessi menntastofnun annist endurmenntun og viðbótarmenntun þessa starfsliðs eins og þörf krefur. Leitazt er við að tryggja það, að menntastofnunin, sem hlotið hefur nafnið Fósturskóli Íslands, sé í sem nánustum tengslum við helztu skólastofnun, sem annast menntun kennara, Kennaraháskóla Íslands.

Fóstruskóli á vegum Barnavinafélagsins Sumargjafar tók til starfa árið 1946 og hefur verið rekinn síðan á vegum félagsins með styrk frá Reykjavíkurborg og frá ríki. Þegar þessi skóli var settur á laggirnar, mátti heita, að dagvistunarheimili væru einskorðuð við Reykjavík, en síðan hefur þörfin á þeim orðið ljósari á öðrum stöðum og þeim fjölgað svo, að láta mun nærri, að slíkar uppeldisstofnanir séu álíka margar utan Reykjavíkur og í höfuðborginni. Því þykir eðlilegt, að þessi skóli, sem á að mennta starfslið fyrir uppeldisstofnanir um landið allt, sé ríkisskóli. Til þess að gera hann sem færastan um að gegna hlutverki sínu, er gert ráð fyrir, að þetta sé fortakslaust þriggja ára skóli, en Fóstruskóli Sumargjafar hefur í raun verið þriggja ára skóli síðustu ár, þó að lengst af hafi hann starfað sem tveggja ára skóli. Enn fremur er ráð fyrir því gert í frv. að herða nokkuð inntökuskilyrði, sem fram eru sett í 10. gr., í því skyni, að sem tryggast sé, að væntanlegir nemendur geti notfært sér það nám, sem boðið er í Fósturskólanum.

Loks er ráð fyrir því gert, að rekin sé í tengslum við Fósturskólann æfinga- og tilraunastofnun, þar sem fram fari verkleg þjálfun nemenda í Fósturskólanum. Því er slegið föstu þegar í 1. gr. frv., að skólinn sé jafnt fyrir karla og konur. Það þykir sjálfsagt hvarvetna í nálægum löndum og einnig hér á landi nú orðið, að starfslið, sem annast ummönnun og uppeldi barna á þessu aldursskeiði, sé ekki einskorðað við konur, heldur sé sjálfsagt, að karlar komi þar einnig við sögu, og þykir slíkt miklu ákjósanlegra frá uppeldissjónarmiði, heldur en aðeins annað kynið annist börnin á uppeldisstofnununum. Í samræmi við þetta hefur verið lagt til í frv., að nafni stofnunarinnar sé breytt. Nú heitir menntastofnunin Fóstruskóli. N., sem samdi frv., lagði til, að heitið Fóstrunarskóli yrði tekið upp, en í meðförum í menntmrn. varð það ofan á, að Fósturskóli væri þjálasta og íslenzkulegasta nafnið.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv., sem hér kemur til umr., á það sammerkt með þeim, sem áður hafa verið rædd á fundinum, að það var lagt fram síðla á síðasta þingi og er flutt á ný óbreytt. Þetta frv. til l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum miðar að því að samræma ákvæði um þann skóla þeim ákvæðum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem felast í lögum, sem sett voru á síðasta þingi. Þau lög fólu í sér ýmsar breytingar frá fyrri lagaákvæðum, og þar sem þessar menntastofnanir sjómannastéttarinnar hafa verið hliðstæðar, svo langt sem hvor um sig náði, þá þykir eðlilegt og nauðsynlegt, að ákvæði í l. um starfsemi þeirra haldist áfram í hendur.

Stýrimannaskólinn í V.m.eyjum menntar stýrimannaefni skemmra en Stýrimannaskólinn í Reykjavík, þ. e. útskrifar aðeins skipstjórnarmenn með réttindum 1. og 2. stigs, og því er í þessu frv. aðeins um þau stig fjallað, en ekki um þau stig, sem Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur fram yfir skólann í Vestmannaeyjum. Meginmarkmiðið með frv. er að tryggja það, að þessir skólar veiti fyllilega sambærilega menntun og að nemendur hafi því greiðan gang á milli skólanna, sér í lagi þeir, sem ljúka fyrri hluta náms við skólann í Vestmannaeyjum og hyggjast afla sér meiri menntunar við skólann í Reykjavík. Ég vil leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. okt. 1972.

Samkv. beiðni Péturs Sigurðssonar, 10. þm. Reykv., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. 1. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Birgir Kjaran hagfræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks sjálfstæðismanna.

Til forseta Nd."

Birgir Kjaran hefur tekið sæti hér á Alþ. fyrr á þessu kjörtímabili og rannsókn á kjörbréfi hans farið fram, og býð ég hann velkominn til starfa.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra Forseti. Í frv. til framkvæmdaáætlunar fyrir þetta ár óskaði ríkisstj. m. a. eftir heimild til að ábyrgjast allt að 11 millj. kr. lán vegna virkjunar Mjólkár II, og var heimild þessi samþ. einróma á Alþ., en l. um framkvæmdaáætlun tóku gildi 25. maí í vor. Þá var hins vegar svo ástatt, að ekki var lokið samanburði á mismunandi tilhögunum á virkjun Mjólkár. Endanlegar niðurstöður um það efni bárust iðrn. frá Orkustofnun 19. júlí í sumar. Kom þá í ljós, að þrír valkostir gáfu mjög svipaðan orkukostnað, 3.2 megawatta virkjun, 4.5 megawatta virkjun og 5.7 megawatta virkjun, og var kostnaðurinn 80 aurar á kw-stund. Mælti Orkustofnunin með stærstu virkjuninni og féllst rn. á till. hennar.

Á þessu var hins vegar sá meinbugur, að samkv. l. nr. 54 frá 20. apríl 1954 var Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði í allt að 7000 hestafla orkuveri. Það orkuver, sem nú er starfrækt, er 3800 hestöfl, en sú viðbót, sem Orkustofnun lagði til og rn. féllst á, nemur 8400 hestöflum. Þannig skortir nokkuð á, að full lagaheimild væri fyrir framkvæmdum samkv. hinum nýju áformum. Við þetta bættist, að orkuspár sýna nauðsyn þess, að Mjólká II geti tekið til starfa eigi síðar en seinni hluta árs 1975. Til þess að það mætti takast, var talið nauðsynlegt að vinna að undirbúningsframkvæmdum á fjöllum uppi þegar í sumar, en þar er vinnuaðstaða erfið vegna veðurfars og aðeins hægt að starfa tiltölulega stuttan tíma. Í sumar var svo ástatt, að menn voru að störfum á vegum Vesturverks hf. við stíflugerð og miðlun í Langavatni, en ákvörðun um þær framkvæmdir var tekin 1970 í því skyni að auka orkuvinnslugetu núverandi Mjólkárvirkjunar úr 12.25 gigawattstundum í 13.75 gigawattstundir á ári. Var talið skynsamlegt að semja við Vesturverk um að hefja einnig í sumar byrjunarframkvæmdir á undirstöðum þrýstivatnspípu frá Langavatni, en þar var um að ræða 1590 metra kafla af 3870 metra heildarlengd.

Ég átti þannig um tvo kosti að velja, annars vegar að fresta öllum framkvæmdum við Mjólká II, þar til gengið hefði verið frá óhjákvæmilegum lagaheimildum hér á Alþ. með þeim afleiðingum, að Mjólká II hefði naumast tekið til starfa, fyrr en á árinu 1976, eða hins vegar að gefa út brbl., láta hefja framkvæmdir í sumar og stefna að því, að virkjunin kæmi í gagnið ári fyrr. Ég bar málið undir félaga mína í ríkisstj., og voru þeir sammála mér um, að velja bæri síðari kostinn. Samkv. því voru gefin út 3. ágúst s. l. brbl. þau, sem hér eru til umr., en með þeim var framleiðslugeta Mjólkárvirkjunar aukin í 10 þús. kw. Jafnframt var samið við Vesturverk hf. um að hefja þau störf, sem ég vék að áðan, og hefur verið unnið að þeim síðan. Ég vil vænta þess, að hv. alþm. fallist á, að setning brbl. hafi

verið eðlileg í þessu tilviki, og þessi ákvörðun mín sæti ekki ámæli.

Virkjun Mjólkár II er við það miðuð, að hagnýtt verði fallhæðin frá Langavatni til sjávar í Borgarvogi. Fallhæð er hér um 490 metrar og afl 8400 hestöfl. Ráðgert er að koma vélunum fyrir í framlengingu af stöðvarhúsi núverandi Mjólkárvirkjunar, en það atriði auðveldar m. a. alla gæzlu stöðvanna. Miðað við þær orkuspár, sem gerðar hafa verið fyrir Vestfirði, m. a. með allverulegri aukningu á húshitun með raforku, er áætlað að Mjólká II muni ásamt þeim virkjunum, sem fyrir eru á Vestfjörðum, nægja til ársins 1982. Stofnkostnaður Mjólkár II er áætlaður 220 millj. kr. miðað við verðlag nú.

Eins og ég sagði áðan, voru uppi þrjár hugmyndir misstórar um tilhögun á virkjun Mjólkár II, og var þar ekki um að ræða neinn umtalsverðan mun á kostnaðarverði raforkunnar. Því þurfti að gera upp á milli þessara kosta á öðrum forsendum, og m. a. að reyna að gera sér rökstuddar hugmyndir um þróun fjórðungsins, byggð og atvinnulíf. Mig langar því að bæta við nokkrum almennum orðum um raforkumál á Vestfjörðum í tengslum við hugsanlega raforkunotkun.

Vestfirðir eru vel settir með vatnsorku til allra almennra þarfa og til hitunar, enda þótt magn hennar sé ekki mikið borið saman við aðra landshluta. Talið er, að á Mjólkár- og Dynjandissvæðinu sé fáanleg orka, sem nemur 200 gígwattstundum á ári eða nálægt tífaldri núverand raforkunotkun á Vestfjörðum. Þetta svæði, sem liggur nálægt miðbiki Vestfjarðakerfisins, er mikilvægasta orkuforðabúr Vestfjarða. Að auki er svo nokkur orka annars staðar á Vestfjörðum. Þróun raforkunotkunar á Vestfjörðum undanfarið hefur hins vegar verið fremur hæg í samanburði við aðra landshluta. Þannig var meðalvöxtur notkunarinnar áratuginn 1960-1970 4.9% á ári borið saman við 5.6% fyrir landið í heild. Þetta er í samræmi við það, að nokkurrar stöðnunar gætti á Vestfjörðum á því tímabili. Þannig hefur fólki fremur fækkað í kaupstöðum og kauptúnum á Vestfjörðum á þessum áratug.

Vel má segja, að þessi þróun ætti að hvetja til varkárni og til þess að velja fremur smærri kosti enstærri í sambandi við raforkuframkvæmdir, en hér koma til fleiri atriði. Í því sambandi er t. d. vert að minna á það, að fram til þessa hefur hitun húsa á Vestfjörðum að heita má öll farið fram með olíu, enda er lítið um jarðhita nálægt þéttbýli á Vestfjörðum. Mjólkárvirkjun II gefur góða möguleika á, að hér verði breyting á, og hitunin færist smátt og smátt yfir á raforku. Í orkuspá fyrir Vestfirði er húshitun áætluð út frá þeirri forsendu, að raforka taki smátt og smátt við hlutverki orkugjafa til húshitunar á Vestfjörðum af olíunni, sem nú gegnir þessu hlutverki. Þó er reiknað með, að olían muni um langan aldur halda nokkrum hluta núverandi hitunarmarkaðar. Er áætlað, að þessi hluti olíunnar í núverand markaði verði 30% árið 1990, þ. e. a. s. raforkan hafi þá tekið við 70%. Auk þess er gert ráð fyrir, að raforka taki við allri aukningu hitunarþarfarinnar frá núverand stigi hennar. Er áætlað, að á árinu 1990 fari til rafhitunar 71.80 gígawattstundir og verði sú notkun þá meira en helmingur af orkunotkuninni á Vestfjörðum.

Auk þessa birtist í ákvörðuninni um 5.7 megawatta virkjun trú á framtíð Vestfjarða. Ég tel fulla ástæðu til að vænta þess, að stækkun landhelginnar hleypi nýju lífi í atvinnulíf í Vestfjarðarfjórðungi þannig, að þróunin í raforkunotkun á yfirstandandi áratug verði mun örari en 1960—1970. Í orkuspám, sem gerðar hafa verið fyrir Vestfirði, er þannig reiknað með 6% árlegum vexti notkunarinnar í stað 4.9% á síðasta áratug. Ég tel, að Vestfirðingar séu þannig settir, að þess megi vænta, að fullvinnsla á sjávarafurðum eigi að geta aukizt þar til muna á næstunni, ekki sízt hvers konar lagmetisframleiðsla. En auk þess verður að leggja áherzlu á, að á Vestfjörðum fari fram aukning á iðnaðarframkvæmdum, og í því sambandi er það mjög ánægjulegt, að einmitt um þessar mundir virðast vera að opnast möguleikar á því að flytja út verulegt magn af hreinsuðu og þurrkuðu þangi frá Reykhólum. Ef sú áætlun yrði að veruleika, mundi það efla mjög atvinnuþróun á Vestfjörðum að minni hyggju. En þetta hvort tveggja, húshitunin og hugmyndir um auknar atvinnuframkvæmdir á Vestfjörðum, voru forsendur þess, að ákveðið var að velja stærsta kostinn í sambandi við virkjun Mjólkár.

Með þessari tilhögun á virkjun Mjólkár er talið, að orka árinnar sé nokkurn veginn fullvirkjuð. En þá er Dynjandissvæðið eftir. Nokkrar athuganir hafa farið fram á því, einkum að því er varðar hugsanlegar samvirkjanir þess með Mjólkársvæðinu. Frá slíkri samvirkjun er nú horfið, þar eð kostnaður við hana hefði orðið mjög mikill í hlutfalli við ávinning. Verður því Dynjandi virkjuð út af fyrir sig. Rækileg könnun á heppilegustu tilhögun virkjana í Dynjandi og nálægum vatnsföllum hefst nú fljótlega. Við virkjun Dynjandi verður að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Er gert ráð fyrir, að útlit Fjallfoss haldi sér, þrátt fyrir virkjun og er talið, að slíkt megi vel takast, enda þótt það kosti að fórna verði nokkru af orkuvinnslugetunni. Ég hygg því, að Vestfirðingar þurfi engu að kvíða í raforkumálum, ef þær áætlanir, sem nú hafa verið gerðar, standast.

En fyrst ég er farinn að tala um raforkumál Vestfirðinga almennt, þá langar mig í lokin að geta þess, að á Vestfjörðum eru nú miklar framkvæmdir í sambandi við sveitarafvæðinguna. Á þessu ári hefur verið og er unnið að lagningu heimtauga að 72 býlum, og er heildarkostnaður áætlaður á þessu ári um 19.5 millj. kr. Á næsta ári er áformað að leggja heimtaugar að 41 býli fyrir rúmlega 18 millj kr. Og samkv. áætluninni er ráðgert að leggja heimtaugar að 38 býlum á árinu 1974 og verja til þess rúmlega 14 millj. kr. Alls er þarna um að ræða heimtaugar að 151 býli fyrir 51 millj. kr., og er hér um að ræða mjög miklar framkvæmdir eins og marka má af því, að á árabilinu 1947—1971 eða á aldarfjórðungi voru lagðar heimtaugar að 196 býlum á Vestfjörðum. Nú er sem sé áformað að framkvæma á þremur árum verk, sem slagar hátt upp í það, sem áður var gert á einum aldarfjórðungi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi gera nokkuð að umræðuefni, ekki beint það frv., sem hér liggur fyrir, heldur raforkumál Vestfjarða og að nokkru leyti ræðu hæstv. iðnrh. Ég vil taka fram í upphafi, að sjálfsögðu er ég mjög ánægður með, að skriður er kominn á framkvæmdir í raforkumálum Vestfjarða, og ég er mjög ánægður með, að ákvörðun hefur verið tekin um þessar framkvæmdir, því að ég verð að segja það eins og er, að við höfum orðið að bíða alllengi eftir ákvörðun um stórvirkjun á Vestfjörum, þó að þar hafi á undanförnum árum verið unnið að undirbúningi þessara mála, og vil ég í því sambandi nefna, að á sínum tíma var Almenna byggingafélaginu falið að kanna virkjunarmöguleika á Vestfjarðavirkjunarsvæðinu, og skilaði félagið ýtarlegri grg. um þessar athuganir í júní 1967 ásamt áætlun um virkjun Mjólkár II. Á þeim árum voru erfið ár í efnahagslífi þjóðarinnar, og þessum athugunum og áætlunum var haldið áfram. Yfirmenn orkumála töldu bezt séð fyrir orkuþörfinni á Vestfjörðum með því að setja sífellt upp fleiri dísilstöðvar í flestum kauptúnum Vestfjarða, og skilningur þeirra var nú ekki meiri en það, að í fundargerð, opinberu plaggi, sem ég hef hér undir höndum og greinir frá fundi forstöðumanna fyrirtækis, sem Virkir heitir, með fulltrúum Rarik á s. l. ári. Þar segir verkfræðingur Rarik, að hann telji, að það sé ekki aðkallandi þörf á að fara í virkjunarframkvæmd á Vestfjörðum vegna þess, að það sé hægt að anna eftirspurn eftir raforku þar með enn fleiri dísilstöðvum.

Til þess að sýna þingheimi betur fram á heldur en kannske kom í ljós í ræðu hæstv. iðnrh., þá þykir mér rétt að geta þess, að virkjunarsvæðið það, sem ráðh. gerði að umræðuefni, nær ekki til allra Vestfjarða vegna þess, að virkjnuarsvæðin eru í raun og veru tvö aðalsvæði, þ. e. virkjunarsvæði hinnar svokölluðu Þverárvirkjunar í Strandasýslu, sem veitir raforku um þann hluta Strandasýslu, sem þegar hefur verið tengdur samvirkjun og sömuleiðis aftur Austur-Barðastrandarsýslu eða að verulegu leiti Austur-Barðastrandarsýslu, en vestustu hreppar Austur-Barðastrandarsýslu hafa ekki enn fengið raforku frá samveitum. Hitt svæðið er aftur Mjólkársvæðið eða Mjólkárvirkjunin, sem nær frá Patreksfirði og nú á þessu hausti um Barðastrandarhrepp og norður að Ísafjarðardjúpi utanverðu eða til Ísafjarðarkaupstaðar og kauptúnanna við Ísafjarðardjúp. Auk þess eru minni virkjanir, sem hefur verið ráðizt í Ísafjarðardjúpi að norðanverðu, í Snæfjallahreppi, sem er héraðsveita, sem nú er verið að stækka með annarri virkjun, sem nær til Nauteyrarhrepps, sem er þá annar hreppurinn af fjórum í Ísafjarðardjúpi, sem kemur til með að fá raforku frá minni virkjun. Á þessu stóra virkjunarsvæði Vestfjarða, sem nær frá Barðastrandarhreppi og að Ísafjarðardjúpi, hafa því fleiri en einn aðili þessa orkuöflun með höndum, því að orkuver sveitarfélaganna eru samtals með um 2300 kw. afl, en Rafmagnsveitur ríkisins eru að ég hef talið með 3700 kw. afl, en ég heyrði, að hæstv. ráðh. sagði, að það væru 3800. Í vatnsorkuverum er um 4000 kw. afl, en dísilaflið hefur verið um 2000 kw. Orkuvinnslan var 19.4 gigawattstundir árið 1969 og því 2 millj. gigawattstunda framleitt með dísilvélum.

Þróunin hefur orðið sú, að orkunotkun á Vestfjörðum hefur verið minni en víðast hvar annars staðar á landinu, þó sérstaklega á Suðurlandi og á Reykjanessvæðinu, en hins vegar er aftur atvinnulíf Vestfjarða með orkufrekan iðnað, sem eru frystihúsin, sem eru auðvitað fullkomlega til jafns og meiri en víðast hvar annars staðar, en þessi mikla dísilorka hefur gert það að verkum, að neyzla eða kaup á orku á hinum almennu heimilum hefur verið minni en víðast hvar annars staðar.

Ég fagna því mjög innilega, að ákvörðun hefur verið tekin um þessa virkjun, en ég vil benda á það, að við þm. Vestf. fluttum á Alþ. till. til þál. og við stóðum þar að þeirri till. allir Vestfjarðaþm., sem þá voru, en það voru fulltrúar frá 4 stjórnmálaflokkum, Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og Alþb. En þá áttu þessir flokkar allir fulltrúa á Alþ. frá Vestfjörðum. Þessi þáltill. var samþ. á Alþ. 5. apríl 1971, og í henni segir, að „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að taka hið fyrsta ákvörðun um aukningu vatnsaflsvirkjana á samveitusvæði Vestfjarða og stefna að því, að framkvæmdir verði hafnar eins fljótt og framast er auðið. Stærð fyrirhugaðra virkjana verði miðuð við, að nægileg orka fáist frá vatnsaflsvirkjunum til þess að fullnægja raforkuþörf á orkusvæðinu, og þá tekið tillit til sennilegrar aukningar á raforkuþörf næstu 10 ár og jafnframt séð fyrir nægilegri raforku til upphitunar húsa. Jafnhliða þessum athugunum verði kannaðar óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðinu.“ Þessi till. var samþ. shlj. hér á Alþ. 5. apríl 1971. En ég varð mjög var við það, að eftir að við fluttum þessa till., var mjög brugðið við um það að hraða undirbúningi að framkvæmdum í þessum málum og eftir samþykkt þessarar till. lét þáv. iðnrh. mjög reka á eftir því, að till. kæmu frá þeim embættismönnum, sem hér áttu hlut að máli.

En áður en lengra er haldið vil ég geta þess, að í nokkur ár hefur verið starfandi rafvæðingarnefnd Vesur-Barðastrandarsýslu, sem hefur haft mikinn hug á virkjun Suðurfossár á Rauðasandi og látið gera undirbúningsathuganir í sambandi við þá virkjun og áætlanir um virkjunarkostnað, sem Virkir h.f. hefur gert. Álit Rafmagnsveitna ríkisins var sent þáv. iðnrh. að mig minnir 5. maí 1971 eða nákvæmlega mánuði eftir að þessi þáltill. var samþ. Í áliti Rafmagnsveitna ríkisins kemur fram, að þær halda mjög fram, að það sé hagkvæmara að virkja Mjólká II heldur en fara út í virkjun Suðurfossár á Rauðas., og skal ég ekki gera það mál að umræðuefni hér, því að það yrði of langt mál, en eins og raunar kom fram hjá hæstv. iðnrh. hér áðan, þá var sumarið 1970 byrjað á vegalagningu upp að fyrirhugaðri miðlun við Langavatn, sem hann gerði hér að umræðuefni, og á s. l. ári eða í tíð fyrrv. iðnrh. var tekin ákvörðun um að byggja miðlunarstíflu við Langavatn og þessi miðlun átti strax að auka framleiðslugetu Mjólkárvirkjunar þeirrar, sem fyrir er, um 1.2 millj. kwst. á ári. Það má því segja, að

eftir þeim athugunum var talið, að hægt yrði, ef fjármagn væri fyrir hendi, að ljúka byggingu á Mjólká II árið 1973, og þá var talið, að aflið mundi aukast um 2800 kw. og framleiðslugetan um 24 millj. kwst. á ári. Eftir að þetta bréf kom í hendur þáv. iðnrh. 5. mai 1971, þá skrifaði það fyrirtæki, sem hafði með athuganir að gera á virkjun Suðurfossár, iðnrn. og gerði ýmsar aths. við útreikninga og skýrslu Rafmagnsveitna ríkisins, og þar bar mönnum ekki saman, þótt sérfræðingar séu. Þessar áætlanir og þessar aths. hafa legið fyrir. Rafvæðingarnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu og m. a. þá sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, en hún er nú svo lánsöm að eiga einn af sýslunefndarmönnum sínum hér á Alþ., hafa gert samþykktir, ég held fleiri en eina, um virkjun Suðurfossár og hafa bent á það, að könnun á Mjólkársvæðinu og þar af leiðandi líka á Dynjandisvæðinu væri ekki nógu langt á veg komnar og miðlunarstífla ásamt byggingu Suðurfossárvirkjunar mundi verða lausn á raforkumálum Vestfjarða næstu 2—3 árin.

Nú ætla ég ekki að gerast dómari um það, sem ég hef ekki kunnugleika á. Ég segi nú eins og hæstv. iðnrh., að ég hef nú verið svona heldur líka stór í sniðum í sambandi við, í hvaða framkvæmdir eigi að fara, og ég hygg, að um það verði ekki deilt, að við Vestfirðingar viljum fá það mikla aukningu á raforku, að við þurfum ekki að búa við raforkuskort. En það er eitt mjög mikilvægt aðtriði, sem þeir Vestur-Barðstrendingar hafa bent á, að fallvötnin öll á Vestfjörðum eða á þessu virkjunarsvæði eru norðan Arnarfjarðar og rafmagnið er leitt með sæstreng yrir Arnarfjörð, sem er mjög breiður og mikill flói, og það hefur sýnt sig, að þar hafa orðið bilanir og þar hefur því verið mikið öryggisleysi í raforkumálum þeirra, sem búa sunnan Arnarfjarðar, og það hefði ég talið vera nokkuð þungt á metunum. En þetta eru auðvitað ákvarðanir, sem sérfræðingar yrðu að taka og síðan iðnrh. og ríkisstj. og höggva á þann hnút, og það hafa þeir gert með útgáfu þeirra brbl., sem hér eru nú lögð fram til staðfestingar á Alþ. Hitt er annað mál, að ég tel, að samþykkt þáltill. okkar þm. Vestf. á árinu 1971 er í fullu gildi, henni hefur ekki verið breytt með nýrri samþykkt, en þar segir, að jafnhliða þessum athugunum verði kannaðar óskir sveitarfélaga um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á samveitusvæðum. Ég vil t. d. minna á till. og grg., sem Samband ísl. sveitarfélaga samþykkti í jan. 1970 í sambandi við raforkumálin, en þar segir með leyfi forseta:

„Í raforkumálum virðist eðlilegt að stefna að neðangreindu skipulagi:

1. Orkuöflun og höfuðdreifing verði í höndum sameignarfélaga ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

2. Smásöludreifing raforku verði í höndum sveitarfélaganna, ýmist einstakra sveitarfélaga eða í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga eftir atvikum. Óski sveitarfélag eða félög í tilteknum landshlutum ekki eftir því að annast sjálft raforkudreifingu í smásölu, virðist eðlilegt, að Rafmagnsveitur ríkisins hafi slíka dreifingu með höndum, enda verði tryggð aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórn fyrirtækisins á viðkomandi svæði.

3. Með beinum framlögum úr ríkissjóði og sérstöku verðjöfnunargjaldi mætti bæta aðstöðu þeirra orkuveitusvæða, sem búa við erfiðar ytri aðstæður."

Með tilliti til samþykktar þessarar þáltill. okkar Vestf., þá hefði ég talið, að hæstv. iðnrh. hefði átt að kanna til hlítar, hvort ekki væri möguleiki á að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna á þessu samveitusvæði. Það liggja fyrir áskoranir í þessum efnum og samþykktir, og það sem ég kvarta um er það, að mér finnst, að hæstv. iðnrh. hefði átt að hafa samráð við þessar sveitarafveitur á Vestfjörðum og við okkur þm. Vestf., áður en þessi ákvörðun var tekin. Hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, að þetta hefði ekki legið fyrir við þinglok. Hitt má segja, að þessar till. hefðu auðvitað mátt liggja fyrir fyrir þinglok og ríkisstjórnin getað aflað sér lagaheimildar, áður en þing lauk störfum á s. l. vori. Ég vil t. d. nefna það, að í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstj., þegar það frv. var lagt hér fram seint á síðasta þingi, var ekki ætluð króna til framkvæmda á þessu orkusvæði, en hins vegar var tekið upp í till. fjhn. Nd. 11 millj. kr. framlag til Mjólkárvirkjunar, sem Alþ. samþykkti ásamt öðrum brtt. við framkvæmdaáætlun ríkisstj. Ég hefði talið, að það hefði verið miklu skemmtilegri og eðlilegri leið að hafa fund með þessum aðilum, áður en þingi lauk og leggja frv. þá fyrir Alþ., því að það hefði auðvitað fengizt afgreitt á einum eða tveimur dögum, og það hefði verið heppilegra og skynsamlegra og líka að svara þeim aðilum, sem hafa sent ákveðnar óskir og áskoranir til ríkisstj. í þessum efnum, lofa þeim að sjá og heyra þau endanlegu rök sérfræðinganna fyrir þessari ákvörðun, sem hæstv. iðnrh. hefur tekið og ríkisstj. hefur samþ. með því að gefa út þessi brbl. Þó að ég láti þessar aths. koma hér fram, þá auðvitað vil ég taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þær eru í raun og veru ekki það mikils virði á við það að fara út í stóra og mikla framkvæmd. En það hefði verið, eins og ég sagði áðan, eðlilegra og viðfelldnara að hafa þennan hátt á að lofa þessum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, að sjá þessi gögn, áður en þessi ákvörðun var tekin um að gefa út þessi brbl.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni fyrir mjög öflugan stuðning við þá stefnu, sem kemur fram í þessu frv., og að sjálfsögðu er það sá stuðningur, sem skiptir meginmáli. Ég kynntist honum vel á fundi, sem ég mætti á í Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Þar var almenn ánægja með þessa ákvörðun.

Um það atriði, sem hv. 2. þm. Vestf. gerði aths. við, að það hefði verið viðfelldnara og skemmtilegra, að ráðh. hefði haft samráð við heimamenn, þ. á m. þm. kjördæmisins, áður en þessi lög voru sett, get ég verið honum fullkomlega sammála. En eins og ég rakti hér áðan, lágu niðurstöður Orkustofnunar um valkosti í þessu sambandi ekki fyrir fyrr en 19. júlí í sumar, og minn vandi var sá, að ef framkvæma átti eitthvað í sumar, varð að taka þessa ákvörðun á fáeinum dögum. Ég

taldi það skipta svo miklu máli fyrir kjördæmið, að hafizt yrði handa í sumar um vinnu á þessu sviði, að þess vegna hafði ég ekki þetta samráð, sem hv. þm. réttilega telur, að hefði átt að hafa. Ég skal fúslega á það fallast, að þetta hefði mátt vinnast betur, en mér fannst nauðsynin knýja þannig á mig, að ég gæti ekki skotizt undan henni.

Hv. þm. vék hér að þáltill., sem samþ. var hér á þingi fyrir nokkrum árum og rakti efni hennar. Ég fæ ekki annað séð en núv. ríkisstj. sé að framkvæma öll atriði þessarar ályktunar. Þar er í fyrsta lagi farið fram á auknar framkvæmdir í raforkumálum á Vestfjörðum, og sú ákvörðun hefur verið tekin. Það var óskað eftir því, að stefnan yrði miðuð við það að fullnægja raforkuþörf Vestfirðinga næstu 10 árin, og fæli í sér aukna notkun á raforku til húshitunar. Það felst einnig í ákvörðunum um Mjólká II. Og í þriðja lagi var það í þessari þáltill., að kanna skyldi óskir sveitarfélaganna í sambandi við það, að stofnað yrði sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga til orkuframleiðslu og aðalflutninga. Eins og menn vita, felst einmitt þetta atriði í þeirri stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í raforkumálum, sem kynnt var á síðasta þingi. Þar var kynnt sú stefna, að í öllum landsfjórð. skyldu rísa landshlutafyrirtæki, sem yrðu sameignarfyrirtæki ríkisins og sýslu- og sveitarfélaga, sem þess kynnu að óska á hverjum stað. Að framkvæmd þessarar stefnumörkunar er nú unnið, og að sjálfsögðu verður að því unnið að kanna óskir sveitarfélaganna á Vestfjörðum í þessu sambandi. Ég hygg, að einmitt á Vestfjörðum eigi breyting í þessa átt að verða auðveldari en á flestum öðrum stöðum. Ég ítreka svo enn þakkir mínar til hv. þm. fyrir stuðning við þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 3. fundur.

Þriðjudaginn 17. okt. kl. 8 síðd.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumr.

Forseti (EystJ): Umræðan skiptist í tvær umferðir þannig, að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl., SF. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir:

Af hálfu Framsfl. í síðari umferð Einar Ágústsson utanrrh., af hálfu Sjálfstfl. Jóhann Hafstein, 1. þm. Reykv. í fyrri umferð og Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., í síðari umferð. Af hálfu Alþb. Lúðvík Jósepsson sjútvrh. í fyrri umferð og Magnús Kjartansson iðnrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. Gylfi Þ. Gíslason, 7. þm. Reykv., í fyrri umferð og Benedikt Gröndal, 8. landsk. þm., í síðari umferð. Og loks af hálfu SF Hannibal Valdimarsson félmrh. í fyrri umferð og Magnús T. Ólafsson menntmrh. í síðari umferð.

Hæstv. forsrh. tekur til máls.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Stefna stj. er óbreytt. Hún byggist að sjálfsögðu á málefnasamningi þeirra þriggja flokka, sem að stjórninni standa. Það verður stefna stjórnarinnar á þessu þingi að vinna að framkvæmd málefnasamningsins á þann hátt, sem aðstæður frekast leyfa og að því leyti, sem hann er ekki þegar kominn til framkvæmda — vitaskuld með hliðsjón af þeim breytingum, sem kunna að hafa orðið á forsendum.

En þegar litið er yfir starfsferil núverandi stjórnar, er sanni næst, að hún hafi verið óvenjulega athafnasöm. Það má segja, að ótrúlega margt af því, sem um er rætt í málefnasamningnum, sé komið til framkvæmda eða sé á undirbúningsstigi, og er hann þó auðvitað miðaður við kjörtímabilið allt, svo sem margoft hefur verið sagt. En það gildir nær einu, hvert litið er, hvort heldur er til verklegra framkvæmda, atvinnuuppbyggingar á hvaða sviði sem er, félagsmála, tryggingarmála, heilbrigðismála, menntamála eða skattamála. Alls staðar blasa við framfarir, endurbætur í löggjöf og breytingar af ýmsu tagi, sem fólkið í landinu er vitni að. En hæst hefur auðvitað landhelgismálið borið. Það má segja, að það hafi verið höfuðviðfangsefni stjórnarinnar allrar, þó að það hafi eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst komið í hlut utanrrh. og sjútvrh. að sinna því.

En þessi ræða, sem samkvæmt nýjum þingsköpum á að flytja í þingbyrjun og nefnd er stefnuræða, á ekki, að mér skilst, að fjalla um hið liðna, heldur fyrst og fremst um það, sem fram undan er, — gera grein fyrir meginverkefnum og markmiðum á því alþingisári, sem í hönd fer. Vitaskuld hlýtur þetta oft að blandast saman, m. a. þegar um er að ræða mál, sem eru í framkvæmd og unnið er að, án þess að endanlegu marki sé náð.

Enn sem fyrr verður landhelgismálið efst á blaði á málefnalista okkar. Fyrirheit stjórnarsáttmálans er þar raunar þegar komið til framkvæmda. Útfærsla fiskveiðimarkanna átti sér stað 1. sept. s. l. samkvæmt áætlun og einróma fyrirmælum Alþingis. Það má segja, að flestar þær þjóðir, sem hlut eiga að máli, hafi viðurkennt hin nýju fiskveiðimörk í verki. Við tvær þjóðir, Færeyinga og Belga, hafa verið gerðir sérstakir samningar til bráðabirgða. En við tvær voldugar nágrannaþjóðir, Breta og Vestur-Þjóðverja, eigum við í harðri deilu, sem enn sér ekki fyrir endann á. Málið er því enn ekki komið heilt í höfn. Að þeirri deilu tel ég óþarft að eyða orðum, þar sem hún er öllum það kunn, svo og allur gangur þess máls.

Ég endurtek aðeins það, sem reyndar er áður margsagt, að frá markaðri stefnu í þessu stærsta lífshagsmunamáli þjóðarinnar verður ekki hvikað. En við höfum viljað og viljum enn sýna öðrum, sem hér eiga sérstakra hagsmuna að gæta, fulla sanngirni. Þess vegna lokum við ekki samkomulagsleið, svo lengi sem nokkur

von er á sanngjarnri lausn við samningaborðið. Að öðru leyti verður kynningu á málstað okkar haldið áfram með svipuðum hætti og að undanförnu og unnið að því að afla stefnu okkar stuðnings og viðurkenningar, bæði hjá einstökum þjóðum og á alþjóðavettvangi, þar á meðal á hinni fyrirhuguðu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Það er ekki vafi á því, að þróun þjóðaréttarins er okkur hagstæð, en enginn getur þó fullyrt um það á þessu stigi, hver úrslit hafréttarráðstefnunnar verða eða hvenær hún muni ljúka starfi. Ég hygg, að það sé öllum ljóst nú, að eftir henni gátum við ekki beðið. Hitt er sönnu nær, að útfærslan hefði þurft að eiga sér stað fyrr. Þar tala skýrslur vísindamannanna um ástand fiskistofnanna sínu skýra máli.

Jafnframt því sem fiskveiðilandhelgin hefur verið stækkuð, er það stefna ríkisstj., að tekið verði upp stóraukið eftirlit með ýmsum veiðum innan hinna nýju fiskveiðimarka og settar verði nýjar reglur um hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar, og eru þær í undirbúningi.

Það er stefna stjórnarinnar að efla landhelgisgæzluna svo, að hún geti gegnt sínu margvíslega hlutverki á stækkuðu umsjónarsvæði á fullnægjandi hátt og með sóma. Það er trú mín, að enginn muni telja eftir útgjöld í því skyni.

Gera má ráð fyrir, að landhelgismálið verði áfram næsta ár umfangsmesti þáttur utanríkisþjónustunnar, því að eins og ég hef áður sagt, þá er þar enn langt til lands, jafnvel þótt unnt reynist að komast að bráðabirgðasamkomulagi. Auk þess mun utanríkisþjónustan eins og endranær sinna margvíslegum öðrum mikilvægum störfum, bæði á sviði stjórnmála, viðskipta og upplýsingamála, sem hér er eigi kostur að fara nánar út í. Ég vil aðeins taka það fram, að stefnan í utanríkismálum almennt og í öryggismálum verður áfram byggð á þeim grundvelli, sem lagður er í málefnasamningnum, og starfað í þeim anda, sem hann gerir ráð fyrir, þ. e. að mynda sér sjálfstæða skoðun á því, sem að höndum ber, og ráða fram úr því á þann hátt, er bezt hentar sjálfstæðu en vopnlausu ríki.

Ég hygg, að efnahagsmál í víðtækari merkingu verði meginverkefni þings og stjórnar á komandi vetri og á næsta ári. Á því sviði hefur stjórnin það meginmark, svo sem málefnasamningurinn ber með sér, að efla og örva atvinnulífið, þannig að atvinnuöryggi sé tryggt, halda verðhækkunum innanlands í skefjum, svo sem kostur er, og tryggja kjarabætur vinnandi fólks, eftir því sem þjóðartekjur framast leyfa. Jafnframt skal með starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar stefnt að skipulegum áætlunarbúskap. Í þessa stefnu hefur verið unnið á stjórnartímabilinu, svo sem verkin bera vitni um. Er eigi unnt að rekja það hér í einstökum atriðum, en þó kemur sumt af því fram í því, sem síðar verður sagt um atvinnuvegi, tryggingar, félagsmál o. fl. En hér ætla ég að fara örfáum orðum um ástand og horfur í efnahagsmálum almennt, því að þar er um að ræða verulegar forsendur fyrir því, hversu vel tekst að ná framangreindum markmiðum. Það skal þó strax tekið fram, að ég mun algerlega sneiða hjá fjármálum ríkisins og þar á meðal skattamálum, þar sem fjárlagaræðan er á næsta leyti og væri það því óhagkvæm tvítekning að ræða þau einnig hér. Ég vil aðeins segja það, að það er ófrávíkjanleg stefna stjórnarinnar að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Ég ætla þá fyrst að víkja að nokkrum atriðum um þróun efnahagsmála á þessu ári.

Fram yfir mitt ár var við því búizt, að þjóðarframleiðslan gæti aukizt um rúmlega 7% á þessu ári. Léleg aflabrögð á vor- og sumarvertíð valda því m. a., að nú virðist ástæða til að endurskoða þessar spár til lækkunar, þannig að aukning þjóðarframleiðsl. á árinu verði nálægt 6% að raunverulegu verðgildi. Aukning raunverulegra þjóðartekna verður væntanlega nokkru minni eða 4 til 5%. Hér valda óhagstæðar breytingar viðskiptakjara, þar sem við því er búizt, að innflutningsverðl. hækki nokkru meira en útflutningsverðlag. Þessi aukning þjóðarframleiðslu og tekna er mun minni en í fyrra, enda var þá hagvöxtur með eindæmum mikill hér á landi. Aukning þjóðarframleiðslunnar í ár virðist þó mun meiri hér en nemur meðaltali aðildarlanda OECD og nokkuð yfir meðalvexti á ári síðustu tvo áratugi.

Einkum vegna aflatregðu á þorskveiðum er nú við því að búast, að framleiðslumagn sjávarútvegsins minnki á árinu um 7—8%. Reiknað er þó með, að útflutningur sjávarafurða aukist nokkuð að magni vegna birgðaminnkunar. Verðhækkun á útfluttum sjávarafurðum er áætluð að meðaltali rúmlega 7% á árinu. Aflaminnkunin til viðbótar verulegri tilkostnaðarhækkun í landinu hefur þrengt mjög hag sjávarútvegs á síðustu mánuðum.

Árið virðist ætla að verða landbúnaðinum hagstætt. Gera má ráð fyrir, að bæði nautgripa- og sauðfjárafurðaframleiðsla vaxi um 5%, en vegna lélegrar uppskeru jarðávaxta verður aukning heildarframleiðslu landbúnaðarafurða varla meiri en 3—4%.

Samkvæmt athugun samtaka iðnrekenda má áætla, að aukning framleiðslumagns hins almenna iðnaðar hafi numið 10% á fyrra árshelmingi, og má gera ráð fyrir, að sú framleiðsluaukning gildi fyrir árið í heild. Álframleiðslan mun aukast á árinu um 15%.

Byggingastarfsemi mun líklega aukast um 10—12% á árinu, og reikna má með, að umsvif í öðrum greinum, sem einkum eru háðar innlendri eftirspurn, þ. e. verzlun og þjónustu ýmiss konar, muni aukast um nálægt 9%. Opinber starfsemi eykst væntanlega að magni um 5—6%. Af því, sem hér hefur verið rakið, kemur fram að aukning þjóðarframleiðslunnar er nær öll í greinum, sem vinna fyrir innlendan markað.

Í kjölfar kjarasamninganna í árslok í fyrra fylgdi mikil aukning tekna almennings. Áætlað er, að einkaneyzla muni aukast að magni um 14—15% á árinu eða svipað og árið áður. Hér er að sjálfsögðu um afar mikla aukningu að ræða og neyzlustig nú hærra en það hefur nokkru sinni áður verið. Fjármunamyndun varð mjög mikil á árinu 1971. Í ár er búizt við um 1% aukningu frá fyrra ári. Ef frá er talinn innflutningur skipa og flugvéla, er reiknað með 7% magnaukningu fjármunamyndunar, enda voru flugvélakaup óvenjulega mikil í fyrra.

Atvinna hefur verið mjög mikil á þessu ári. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur í raun verið meiri en hægt var að fullnægja. Gera má ráð fyrir, að meðalfjöldi skráðra atvinnulausra verði um 450 manns, sem er rúmlega 100 lægra en 1971. Þessi skráning atvinnulausra manna er bæði stað- og tímabundin og á ekkert skylt við almennt atvinnuleysi.

Kjarasamningarnir í desember s. l. hafa ráðið mestu um þróun launatekna á árinu, en allur þorri launþega fékk verulega kauphækkun þegar í desember eða um áramót. Um áramót tóku einnig gildi lög um styttingu vinnuviku. Vegna þess atvinnuástands, sem ríkt hefur á árinu, er óliklegt, að stytting vinnuvikunnar komi að fullu fram í raunverulegri styttingu vinnutímans, heldur gæti hennar að verulegu leyti í aukinni yfirvinnu og þar með hærri tekjum. Í júní fylgdi síðan almenn kauphækkun, þegar grunnkaup hækkaði samkvæmt samningum og verðlagsuppbót fylgdi hækkun framfærslukostnaðar. Verðlagsþróun einkenndist af örum verðhækkunum framan af árinu, en um s. l. áramót gengu verðstöðvunarlögin frá nóvember 1970 formlega úr gildi. Eftir mitt ár þótti óhjákvæmilegt, að gerðar væru ráðstafanir til þess að draga úr verðhækkunum og stöðva frekari víxlverkun verðlags og kaupgjalds á árinu. Voru þá sett bráðabirgðalög um tímabundnar efnahagsráðstafanir, og fólst í þeim verðstöðvun til áramóta og binding kaupgreiðsluvísitölu við 117 stig með niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Til að mæta niðurgreiðslum var dregið úr öðrum útgjöldum, en ekki lagðar á nýjar álögur. Þessi bráðabirgðalög voru sett að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Verður gerð nánari grein fyrir þessum bráðabirgðalögum, er þau verða tekin hér til umræðu innan skamms. En hér var aðeins um bráðabirgðalausn að ræða. Þess vegna var skipuð nefnd sérfræðinga til að kanna efnahagsástandið og benda á leiðir og valkosti til lausnar á aðsteðjandi efnahagsvanda. Er þess að vænta, að álit þessarar nefndar geti legið fyrir innan skamms.

Skömmu eftir gerð kjarasamninganna í desember s. l. lét ég þau orð falla hér á Alþingi, að með þeim væri gengið á yztu nöf, hvað greiðsluþol atvinnuveganna snerti. Það er þó trú mín, að ef þróun efnahagsmálanna hefði orðið sú sem hún var á síðasta ári og eins og reiknað var með, þegar kjarasamningarnir voru gerðir, þá hefði allt gengið áfallalaust. En eins og sést af því, sem ég hef rakið að framan, hefur þróunin orðið önnur og lakari en búizt var við. Ástæðurnar eru óumdeilanlega fyrst og fremst tvær: stórkostlegur aflabrestur og tilkostnaðarhækkun af völdum gengisbreytinga erlendis. Tilfinnanlegast er, að aflaminnkunin kemur fram á mikilvægustu fisktegundinni, þorskinum. Fjóra sumarmánuði þessa árs hefur þorskaflinn numið um 48 749 lestum á móti 81 741 lest á sömu mánuðum í fyrra eða hefur þannig minnkað upp undir helming þrátt fyrir aukna sókn. Þetta er alvarleg staðreynd, og svo mikil breyting frá því, sem reiknað var með, að ekki verður hjá því komizt að taka til hennar fullt tillit. En það er engin ný bóla, að vegna aflabrests eða röskunar af völdum verðhreyfinga eða gengisbreytinga erlendis þurfi að koma til íhlutunar af opinberri hálfu hér á landi. Á þessu stigi er hins vegar ekki tímabært að taka ákvarðanir um það, til hverra úrræða þurfi eða eigi að grípa. Rétt er að bíða þess, að myndin skýrist og álit efnahagssérfræðinga komi fram. Aflavonir geta glæðzt, og auk þess koma ný og betri skip í gagnið á næsta ári. Við þau eru miklar vonir bundnar. Það er því engin ástæða til hrollvekjutals eða kvíða, eins og nú standa sakir. Þegar litið er til efnahags þjóðarinnar, atvinnuástandsins, neyzlustigsins og lífsafkomu fólksins, er enginn voði á ferð, þó að við yrðum að lækka ofurlítið seglin um stundarsakir. En grundvallarboðorðið er og verður, að hvað sem á dynur verður að halda atvinnutækjunum í fullum gangi og tryggja atvinnuöryggi um allt land.

Ég ætla þessu næst að víkja að einstökum málaflokkum, fyrirhuguðum framkvæmdum í þeim og að hverju þar er sérstaklega unnið, og í einstaka tilfellum að því, sem þegar hefur verið gert. Sú greinargerð er þó að sjálfsögðu víðs fjarri því að vera tæmandi.

Stefnan í landbúnaðarmálum verður að sjálfsögðu byggð á fyrirheitum málefnasamningsins, auk þess sem ný mál koma til sögunnar vegna breyttra aðstæðna og nýrrar þekkingar.

Af landbúnaðarmálum, sem fyrirhugað er að flytja á þessu þingi, má nefna:

1. Frumvarp til framleiðsluráðslaga, sem byggt verður á þeim grundvelli, sem lagður er í stjórnarsáttmálanum.
2. Frumvarp til laga um orlof bænda.
3. Frumvarp til búfjárræktarlaga.
4. Frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Verður þar um að ræða endurskoðun og breytingar á eldri löggjöf.
5. Frumvarp til jarðalaga, en það verður lagabálkur um kauprétt og ábúðarrétt jarða og e. t. v. fleira.

Eitt af höfuðatriðum í stefnu stjórnarinnar er stóraukin landgræðsla og skipuleg nýting landsgæða. Þetta er í mínum huga eitt allra stærsta málið. Það er í rauninni hliðstætt stækkun landhelginnar. Hvort tveggja er liftryggingarmál framtíðarinnar. Hinn 30. nóv. s. l. var skipuð 7 manna nefnd til þess að vinna að heildaráætlun um landgræðslu og gróðurvernd og alhliða skipulagningu á notkun landsgæða. Stefnt er að því að minnast ellefu alda byggðar á Íslandi með stórátaki á þessu sviði.

Í stjórnarsamningnum segir, að stuðlað skuli að aukinni fjölbreytni landbúnaðar, m. a. með ylrækt, fiskirækt og eflingu innlendrar fóðurframleiðslu.

Að þessu hefur verið unnið og er unnið. Má m. a. nefna það, að nefnd hefur verið skipuð til að athuga möguleika á útflutningi gróðurhúsaafurða. Að þeim málum er einnig unnið af starfsmönnum Rannsóknaráðs ríkisins.

Landbúnaðarráðherra hefur fallizt á áætlun um byggingu þriggja nýrra grænfóðurverksmiðja á næstu árum.

Í nýjum jarðræktarlögum má nefna stuðning við félagsræktun, hagaræktun, hagagirðingar, vatnsveitur til einstakra bænda, kölkun túna o. fl.

Mikilvægustu málin, sem unnið verður að í sjávarútvegi, eru:

1. Stórfelld endurnýjun fiskiskipaflotans og dreifing nýtízku skipa til allra landshluta, sem skapar grundvöll að hráefnisöflun frystihúsa og aukinni atvinnu. Hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir margvíslegri fyrirgreiðslu um skipakaup. Lán út á innanlandssmíði hafa m. a. verið hækkuð úr 85% í 90%. Kaupendum skuttogara hefur verið tryggð lánsfyrirgreiðsla, sem nemur 85% kaupverðs. Auk þess hefur verið veitt viðbótarfyrirgreiðsla til nokkurra staða á landinu vegna atvinnuástands og fjárskorts heima fyrir. Þessi fyrirgreiðsla ríkisins hefur orðið til þess, að í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa verið keyptir eða gerðir smíðasamningar um 29 nýja skuttogara, þar af einn innanlands, auk þess keyptir til landsins 3 skuttogarar 3—6 ára gamlir, eða þá samtals 32 skuttogarar. Auk þessara skipa eru svo 8 skuttogarar, sem samið var um í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar. Þessi skip munu fara að koma smám saman til landsins á næsta ári. Ég held, að þau muni hafa í för með sér hreina byltingu í atvinnulífi ýmissa staða út á landsbyggðinni.

Þess má og geta, að ríkisstj. hefur samþykkt að beita sér fyrir raðsmíði meðalstórra skuttogara hjá íslenzkum skipasmíðastöðvum.

2. Stórfelldar framkvæmdir í frystihúsarekstri landsmanna, bygging nýrra frystihúsa í stað gamalla og miklar endurbætur, m. a. til að fullnægja strönguslu hreinlætiskröfum. Hefur lánsfé Fiskveiðasjóðs verið stóraukið, m. a. til aukinna lána til umbóta í frystihúsum. Lán vegna hollustuháttaframkvæmda í fiskiðnaði hafa verið hækkuð úr 60% í 70%.

Í sambandi við sjávarútvegsmálin má geta þess, að í stofnlánum til sjávarútvegs hefur lánstími verið lengdur og vextir lækkaðir. Afurðalánin hafa einnig verið hækkuð og vextir lækkaðir á endurkaupalánum Seðlabankans.

Varðandi launakjör sjómanna skal þetta tekið fram: Í ágúst 1971 var skiptaverði breytt með lögum og ráðstafanir gerðar til að hækka fiskverð um 18—19% og kaup sjómanna þar með hækkað um sömu prósentu. Um síðustu áramót var fiskverðið hækkað um 10—12%. Þá var og lágmarkskauptrygging hækkuð í um 30 þús. kr. á mánuði fyrir háseta, og nú fyrir nokkrum dögum var svo fiskverð hækkað um 15%. Af málum á vegum sjútvrn., sem væntanlega koma til kasta þessa Alþingis, má nefna:

1. Frumvarp um hagnýtingu fiskimiðanna við landið.
2. Auknar fiskirannsóknir og fiskimiðaleit.
3. Vátryggingarmál fiskiskipa.
4. Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Á sviði iðnaðar- og orkumála má af málum þeim, sem unnið er að, nefna:

Gerð iðnþróunaráætlunar, sem ætlað er að ná fram til 1980. Er haft samráð við samtök iðnaðarins og ýmsa fleiri aðila um undirbúning hennar.

Með gerð slíkrar iðnþróunaráætlunar til lengri tíma mun einstökum iðnfyrirtækjum, samtökum iðnaðarins og stjórnvöldum ljósara en áður, hverjar ráðstafanir þarf að gera á næstu árum til eflingar íslenzkum iðnaði. Áætlunin hefur þann tilgang að stuðla að skipulegri uppbyggingu og eflingu iðnaðarins í landinu, og er þess vænzt, að um áframhaldandi aðstoð af hálfu Sameinuðu þjóðanna geti orðið að ræða á næstu árum um framkvæmd þeirra stefnumiða, sem af iðnþróunaráætluninni leiðir. Gera má ráð fyrir, að iðnþróunaráætlunin kalli á ýmiss konar löggjöf, en óvíst, að hún komi til kasta þessa þings.

Á síðasta Alþingi voru afgreidd tvenn lög um niðursuðu og niðurlagningariðnaðinn, þ. e. um lagmetisiðju ríkisins á Siglufirði og um sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Hefur sölustofnunin nýlega tekið til starfa og eru velflest fyrirtæki á því sviði aðilar að henni. Standa vonir til, að fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu sviði geti jafnvel valdið stökkbreytingum á skömmum tíma, enda verulegu fjármagni verið beint inn á þessar brautir.

Með fjárhagslegri tilstuðlan hins opinbera hefur Útflutningsmiðstöð iðnaðarins nú starfað í rúmt ár. Fyrstu tólf mánuði starfseminnar jókst útflutningur iðnaðarvara um 48%, að áli undanskildu. Mesta gróskan hefur verið í útflutningi á fullunnum skinna- og iðnaðarvörum. Verður stefnt að því, að auknar verði fjárveitingar til að efla útflutningsstarfsemi iðnaðarins.

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í raforkumálum kom fram í stórum dráttum í þingsályktunartillögu á síðasta Alþingi. Get ég vísað til hennar, en segja má, að meginstefnan sé samtenging orkuveitusvæða, að komið sé á fót landshlutafyrirtækjum með aðild ríkissjóðs og sýslu- og sveitarfélaga í viðkomandi landshlutum með samruna þeirra orkuvera, sem fyrir hendi eru, þó aðeins með samningum, en ekki valdboði. Aðalatriðið er nægileg raforka á hverjum stað á sama verði og annars staðar. Hitt skiptir minna máli, hvar sjálft orkuverið er byggt. Um meginstefnuna í raforkumálum og framkvæmdir þær, sem á döfinni eru þar, þ. á m. stórvirkjun við Sigöldu, Lagarfossvirkjun og fleira, læt ég nægja að vísa til þess, sem þar um hefur áður komið fram á Alþingi.

Í samgöngumálum verður unnið í samræmi við málefnasamninginn. Vegaframkvæmdir hafa verið meiri á þessu ári en nokkru sinni fyrr. Samkvæmt vegáætlun er stefnt í sömu átt næstu árin. Ég vil sérstaklega minna á fyrirheitið um, að ljúka skuli hringvegi um landið. Þar er vegur og brúargerð á Skeiðarársandi erfiðasti áfanginn. Hinn 4. febrúar 1972 ákvað ráðuneytið á grundvelli frumáætlana þeirra, sem Vegagerð ríkisins hafði gert, að stefnt skyldi að því að ljúka af vegagerðinni um Skeiðarársand á þremur árum. Happdrættislán samkvæmt lögum 99/1971 var síðan boðið út um miðjan marz þetta ár og fjármagn tryggt til áfanga ársins 1972. Framkvæmdir þetta ár hafa gengið samkvæmt áætlun. Í vegaáætlun fyrir árin 1973—75 er gert ráð fyrir fjáröflun til síðari áfanga vegarins.

Málefni varðandi þungavöruflutninga og farþegaflutninga á sjó eru í sérstakri athugun.

Láta mun nærri, að fjárhæð sú, 90 milljónir, sem á þessu ári er til ráðstöfunar til flugvallargerða og öryggistækja, sé tvöfalt hærri en nokkru sinni fyrr að krónutölu. Þar hefur því verið gert verulegt átak, en þó er ljóst, að þar

er mikið óunnið, og verður ekki komizt hjá að auka fjárveitingu enn stig af stigi.

Meðal markmiða, sem ríkisstj. setti sér í málefnasamningnum, var að jafna menntunaraðstöðu ungmenna. Á síðasta Alþingi voru sett ný lög um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, þar sem kveðið er á um framlag til að standa straum af námskostnaði, sem af því stafar, að nemendur eiga þess ekki kost að stunda nám frá heimili sínu, heldur verða að sækja það í önnur byggðarlög. Þessi nýju lög koma í fyrsta skipti til framkvæmda á nýbyrjuðu námsári, en á liðnu námsári var fjárveiting til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms hækkuð um tvo þriðju frá því, sem hún var árið á undan.

Aukinn stuðningur við listir, bókmenntir og aðra menningarstarfsemi er meðal markmiða, sem stjórnarflokkarnir settu í málefnasamningi sínum. Samanburður á framlögum til málefna í þessum flokki, annars vegar á árinu 1971 og hins vegar á árinu 1972, leiðir í ljós, að fjárveitingin til leiklistarstarfsemi hækkaði um 57 af hundraði, starfslaun listamanna um 122 af hundraði og framlag til íþróttamála um 83 af hundraði.

Að því er stefnt, að unnt verði að leggja fram á fyrri hluta þings frumvörp um grunnskóla og um skólakerfi, að lokinni rækilegri endurskoðun. Hér er um að ræða undirstöðu almennarar fræðslu í landinu, og skiptir meginmáli, að hún sé traust.

Jöfnun námsaðstöðu er annað höfuðatriði, og hafa lög um námslán og námsstyrki verið sett í endurskoðun með þeim ásetningi, að niðurstaða komi fyrir þetta þing. Þá er væntanlegt frumvarp um verzlunarmenntun.

Lögð verða fram á ný frumvörp um þjóðleikhús, um fjölbrautaskóla og um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

Lög um almenningsbókasöfn hafa verið í endurskoðun, og er stefnt að því, að frumvarp komi fyrir þetta þing.

Í félagsmálum hafa ýmis þau mál, sem fjallað er um í málefnasamningnum, verið þegar afgreidd, svo sem t. d. vinnutímastytting, orlofslengingin og afnám vísitölubindingar húsnæðislána. Af tekjustofnalögunum leiddi verulega breytingu á skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga. En valds- og verkefnaskipting þessara aðila er þó enn í athugun.

Af málum, sem eru í athugun á vegum félmrn. má nefna alhliða vinnuverndarlöggjöf, hvernig séð verði fyrir leiguhúsnæði, er lúti félagslegri stjórn og sé einkum í þágu frumbýlinga og aldraðs fólks, og setning löggjafar, er tryggi, að vinnulaun fáist greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda. Á þessu stigi verður ekki fullyrt, hvort lagafrumvörp um þessi efni koma fyrir þetta þing.

Á almannatryggingum hafa verið gerðar gagngerðar breytingar. Bráðabirgðalögin, sem sett voru 19. júlí 1971, eða nokkrum dögum eftir að stjórnin tók við völdum, hækkuðu strax nokkuð elli- og örorkulífeyri og barnalífeyri.

Þá komu til framkvæmda lágmarkslífeyrisákvæði, sem sögðu til um, að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem höfðu lægri tekjur en 84 þús. kr. á ári, skyldu hækka með lífeyri upp í þá upphæð minnst, eða 7000 kr. á mánuði, ef þeir hefðu ekki aðrar tekjur. Síðasta Alþingi samþykkti svo breytingar á almannatryggingalögunum, er tóku gildi 1. jan. s. l.

Með þessum lagabreytingum voru leiðréttar nokkrar misfellur í tryggingalöggjöfinni um mismunun kynjanna á rétti til bóta, en merkasta breytingin var sú, að tekjutryggingin var hækkuð í 120 þús. kr. á ári hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Bætur almannatrygginga voru síðan hækkaðar með reglugerð í samræmi við ákvæði laganna um 12% frá 1. júlí s. l.

Á vegum heilbrrn. hefur að sjálfsögðu verið unnið að ýmsum málum, svo sem ráðstöfunum til að bæta úr lækna- og hjúkrunarkvennaskorti, lyfjaverzlunarmálum, heilbrigðisreglugerð, sóttvarnareglugerð, sjúkrahúsbyggingarmálum og læknamiðstöðvum, en ekki eru tök á að rekja þau mál efnislega hér.

Þau helztu frumvörp, sem á næstunni verða lögð fram af hálfu heilbr. og trmrn., eru þessi:

1. Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.
2. Frumvarp til laga um vátryggingarstarfsemi.
3. Frumvarp til laga um dvalarheimili aldraðra.

Á vegum viðskmrn. er unnið að endurskoðun bankakerfisins. Starfar að því sérstök nefnd. Þar hefur verið og unnið að ýmsum mikilvægum viðskiptasamningum, og ber þar ekki hvað sízt að nefna samkomulagið við Efnahagsbandalagið. Verða slík málefni svo og markaðsöflun auðvitað viðfangsefni þess á næstunni með svipuðum hætti og endranær.

Vafalaust verða verðlagsmálin eitt höfuðverkefni viðskmrn. á komandi ári. Það er óhjákvæmilegt, að verðlagseftirlit verði miklu raunhæfara en verið hefur.

Stefnan í dómsmálum er fyrst og fremst við það miðuð að stuðla að greiðari meðferð dómsmála. Hefur nefnd verið skipuð til þess að gera tillögur um dómstólakerfið og breytingar á málsmeðferð í héraði, sem flýtt gæti afgreiðslu rannsókna og mála. Meðferð skaðabótamála er í sérstakri skoðun. Skipti dánarbúa og gjaldþrotaskipti eru í endurskoðun. Gerðar verða tillögur um breytingar á hæstarétti, sem eiga að geta greitt fyrir afgreiðslu mála þar. Auðvitað má hröð málsmeðferð ekki verða til þess, að réttaröryggi verði skert. Má í því sambandi nefna, að nú er verið að semja tvö frumvörp, er bæði geta að vissu marki stuðlað að auknu réttaröryggi almennings, þ. e. um umboðsmann Alþingis og um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ekki er nú hægt að segja, hvort unnt reynist að leggja frumvörp um þessi efni fyrir þetta þing.

Þau frumvörp, sem af hálfu dómsmrn. verða m. a. lögð fyrir þetta þing á næstunni, eru:

1. Frumvarp til laga um framkvæmd eignarnáms.
2. Frumvarp til laga um málflytjendur.
3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hæstarétt.

Löggæzlu þarf að efla, ekki hvað sízt á sviði umferðarmála. Vona ég, að í því efni sé að vænta skilnings af Alþingis hálfu.

Það þarf að gera endurbætur á fangelsismálunum. Hefur nokkuð verið að því unnið, en hvergi nærri nóg. Viðhorf til þeirra mála þarf að breytast. Marga þá, sem brotlegir gerast við lög, ekki hvað sízt unglinga, þarf að líta á og meðhöndla sem sjúklinga. Vinnuhæli eða fangelsisstofnanir, er því hlutverki geti sinnt, eru því engu ónauðsynlegri en sjúkrahús. Reynt mun verða á skilning alþingismanna á þessum málum.

Það er stefna ríkisstj. að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Birtist sú stefna fyrst og fremst í viðhorfi til atvinnumála og dreifingu atvinnutækja svo og með stóreflingu Byggingasjóðs. Reynir í þessu efni mjög á stefnu og starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. En meira þarf til, bæði á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála. Enn fremur þarf að athuga, hvort þörf sé á að binda opinberar stofnanir svo mjög við höfuðborgina sem raun ber vitni um, enda segir í stjórnarsáttmálanum, að stefnt skuli að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert. Vinnur nú stjórnskipuð nefnd að könnun á því verkefni. Geri ég mér góða von um árangur af starfi hennar, en hæpið er, að niðurstöður hennar geti legið fyrir þessu þingi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við höfum nú heyrt svokallaða „stefnuræðu" forsrh., sem hér er til umræðu.

Það getur verið saklaust, að menn gleðjist af eigin verkum. En oflof um eigin verk er sjálfshól, sem eigi síður getur vakið háð en hrifningu í hugum annarra.

Hæstv. forsrh. lítur yfir feril ríkisstj. og verður eftirfarandi að orði:

„En það gildir nær einu, hvert litið er, hvort heldur til verklegra framkvæmda, atvinnuuppbyggingar á hvaða sviði sem er, félagsmála, tryggingamála, heilbrigðismála, menntamála eða skattamála. Alls staðar blasa við framfarir, endurbætur í löggjöf og breytingar af ýmsu tagi, sem fólkið í landinu er vitni að."

Hvað sagði ekki Jón sterki í Skugga-Sveini: „Sáuð þið, hvernig ég tók hann."

Er hæstv. forsrh. viss um, að fólkið í landinu hafi orðið vitni að svo mikilli dýrð?

Var eldra fólkið hrifið af endurbótunum í skattalöggjöfinni? Eru þeir hrifnir, launþegarnir, sem nú fá ríkissjóðsávísanir eða greiðslur í launaumslögunum upp á kr. 0.00? Sumir fá minna en ekki neitt.

Við sjálfstæðismenn vöruðum alvarlega við hinni hóflausu álagningu beinna skatta, sem geri allt í senn: dragi úr tekjuöflunarlöngun einstaklinga, rýri afköst þeirra í verðmætasköpun þjóðarbúsins og freisti til skattsvika í sjálfsvörn. Stjórnarsinnar eru nú margir farnir að viðurkenna okkar sjónarmið.

Eru umbrotin í félagsmálum svo mikil, að undrum sæti? Hvað segja húsbyggjendur, sem bíða óþreyjufullir eftir afgreiðslu byggingalána, en fá enga úrlausn? Steypa þeir stömpum í menntmrn. í röggsamri afgr. mála og auknum tilþrifum? Í tryggingamálum var grundvöllur lagður að umbótum í tíð fyrrv. stjórnar. En þar verða heldur ekki framkvæmdar umbætur án samhengis við skattamál.

Á þessum sviðum sem öðrum skortir yfirsýn og samræmi í aðgerðum. Af því leiðir þann glundroða, sem gerir áframhaldandi endurskoðun óhjákvæmilega, sem hefur neytt ríkisstj. og neyðir hana áfram til þess að éta ofan í sig gerða hluti og gefa út bráðabirgðalög til þess að breyta nýsettri eigin löggjöf.

Einn helzti sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum lýsir ástandinu í þjóðfélaginu með öðrum blæ en hæstv. forsrh., en nú bíða ráðherrarnir ráðleggingar frá þessum manni m. a. Leyfist mér að tilfæra nokkrar glefsur úr þeirri lýsingu, sem birtist í Þjóðviljanum þann 30. sept. s. l. frá þessum ráðgjafa?

Hann segir að framleiðsluatvinnuvegirnir svokölluðu, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður, „séu ýmist reknir með tapi, eins og sjávarútvegur og landbúnaður, eða taplausir, en án gróða, eins og iðnaður."

Hann segir, að á næsta ári sé ekki gert ráð fyrir aukningu á afkastagetu þjóðarbúsins. Búizt sé við hallarekstri, bæði bátaflotans og frystingar á yfirstandandi ári og togaraflotann skorti rekstrargrundvöll, enda haldið gangandi á sérstökum uppbótum.

Enn segir sérfræðingur ríkisstj.:

„En það eru fleiri svið efnahagslífsins, sem komin eru úr jafnvægi. Fjárfestingarsjóðir landsmanna eru tómir, og má ætla, að þá vanti nokkur hundruð milljónir til þess að geta annað því, sem þegar er búið að ákveða, svo og því, sem þegar er vitað að ráðstafa á."

Síðan átelur sérfræðingurinn hina gálausu og hóflausu skuldasöfnun ríkisstj. erlendis og segir loks:

„En eitt ætti að vera orðið ljóst og það er misræmið milli framleiðslu þjóðarinnar og eyðslu hennar. Framleiðslan stendur ekki undir eyðslunni. Bruðlið er að sliga þjóðfélagið og skapar vítahring jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum gagnvart útlöndum og jafnvægisleysi milli atvinnuvega og einstaklinga innanlands."

Þessi ráðgjafi ríkisstj. sér auðvitað, að dæmið gengur ekki upp. Einkaneyzlan á að dómi forsrh. að aukast um 14—15% og samneyzlan um 6—7%, en þjóðartekjurnar eiga á sama tíma að vaxa aðeins um 4—5%. Enn á að lifa á yfirdrætti í viðskiptum við útlönd, aukinni skuldasöfnun eða því að eyða gjaldeyrissjóði þjóðarinnar, rétt eins og öðrum sjóðum er eytt. En því sjá ekki ráðherrarnir þetta sjálfir og þá einkum forsætisráðherrann, án ábendingar frá sérstökum ráðgjöfum?

Ég held að fólkið í landinu telji sig hafa orðið vitni að því á rúmlega árs stjórnarferli þessarar „Vinstristjórnar", sem svo er kölluð, að hún hafi afrekað ótrúlega miklu á skömmum tíma í því efni að snúa traustum og blómlegum þjóðarbúskap í ráðleysi og fullkomna óvissu þar sem öllum vandanum er frestað að einum degi: 1. janúar 1973.

Vikjum þá aftur að „stefnuræðunni".

Um tvö aðalmálin, landhelgismálið og varnarmálin, er í raun og veru ekkert sagt af hálfu hæstv. forsrh. Engin greinargerð er gefin um stöðu samninganna í landhelgimálinu né að

hverju stefnir, og um varnarmálin er bókstaflega ekkert sagt — ekkert!

Við sjálfstæðismenn lögðum áherzlu á að fylgja landsgrunnsstefnunni við útfærslu landhelginnar. Við höfum sífellt lagt mikla áherzlu á friðunarsjónarmiðin, sérstaklega að friða uppeldisstöðvar ungfisks og stöðva þar fyrirhyggjulausa rányrkju. Að felldum tillögum okkar höfum við borið gæfu til að mynda einingu svo að við stæðum sem einn maður út á við.

Okkar tillögur um eflingu Landhelgissjóðs og Landhelgisgzlunnar hafa verið hunzaðar. Það er því miður, síður en svo, að ekki mætti gagnrýna margt í framkvæmdinni hjá ríkisstj. Ég skal láta gagnrýnina liggja milli hluta að sinni, einkum vegna þess, að öll sólarmerki hafa verið á lofti um það að undanförnu, að ríkisstj. væri mest þörf á því að hreinsa loftið í þessum meginmáli landsmanna í eigin herbúðum, ef ekki á að hljótast stórskaði af.

Þegar kemur að efnahagsmálunum tekur forsrh. skýrt fram, að hann sneiði algerlega hjá fjármálum ríkisins og þar á meðal skattamálum. Hann gleymir alveg að minnast á framkvæmdaáætlun ríkisins og fjárþörfina þar. Þessir meginþættir efnahagsmála spanna þó meira en þriðjung allra þjóðartekna.

Ætli þessi kafli „stefnuræðunnar" sé ekki örugglega merkastur fyrir það, sem ekki er minnzt á? Skyldi nokkur forsrh. nálægra landa fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum almennt án þess að fjalla um þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar og án þess að fjalla um ríkisfjármál og peningamál, þar á meðal skattamál? Í Njálu stendur: „Engum manni er Kári líkur."

Í „stefnuræðunni" er aðeins að finna slitróttar upplýsingar um nokkra þætti efnahagsmála, en ekkert heildaryfirlit um ástand og þróun þeirra mála. Staðreyndir þeirra mála eru hins vegar þessar:

Árin 1971 og 1972 hefur verið einstakt góðæri frá náttúrunnar hendi, þrátt fyrir nokkra minnkun þorskafla á þessu ári. Jafnframt hefur verðlag erlendis verið þjóðarbúinu hagstæðara en í manna minnum. Þrátt fyrir þetta er nú svo komið, að helztu atvinnuvegir landsins, sem enn bjuggu við blómlegan rekstur á árinu 1971, eru reknir með miklum og vaxandi halla og að styrkveitingar hafa verið teknar upp til afkastamestu og mikilvægustu atvinnugreinar landsins, fiskveiða og fiskverkunar. Í þessu skyni á að nota sjóði, sem stofnaðir voru í tíð fyrrverandi ríkisstj. í því skyni að tryggja þjóðina fyrir áföllum af völdum verðfalls erlendis, og þetta á að gerast á þeim tíma, sem verð erlendis er hærra en nokkur dæmi eru til um áður.

Ástæðurnar fyrir þessari uggvænlegu þróun í mesta góðæri, sem um getur, liggja í augum uppi. Þær eru, að núverandi ríkisstj. hefur misst allt taumhald á þróun verðlags og kaupgjalds í landinu og á útgjöldum ríkisins og á framkvæmdum ríkis og ríkisstofnana. Almenningur hefur skjótt áttað sig á þessari þróun mála, og misst alla tiltrú á framtíðarjafnvægi í efnahagsmálum. Útgjöld almennings fara því sívaxandi og sparnaður minnkandi, þrátt fyrir ört hækkandi tekjur.

Viðreisnarstjórnin skildi eftir sig greiðsluafgang ríkissjóðs frá árinu 1970, sem nam um 460 millj. króna. Vinstri stjórnin skilar greiðsluhalla eftir góðærið 1971, sem nemur 340 millj. kr. Mismunurinn er aðeins 800 millj. kr!

Forsrh. segir með þunga: „Það er ófrávíkjanleg stefna stjórnarinnar að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög." Þjóðina skiptir öllu máli, að greiðsluafgangur sé á ríkisbúskapnum í reynd, en ekki bara á pappírnum í áætlun fjárlaganna.

Starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hefur ekki leitt til skipulegs áætlunabúskapar, eins og forsrh. telur, að stefnt hafi verið að.

Togarakaupin, stærsta framkvæmdaáformið, hafa verið ákveðin, án þess að Framkvæmdastofnunin kæmi þar við sögu, og raunar án nokkurra undangenginna athugana. Hefði þó verið ástæða til nokkurrar fyrirhyggju, þegar haft er í huga að í tíð fyrrv. ríkisstj. var búið að kaupa til landsins nokkra minni skuttogara og ákveða með löggjöf kaup á 8 stórum, 1000 tonna skuttogurum, og kaup á 5 nýjum minni skuttogurum ráðin. Sama máli hefur fram að þessu gegnt um framkvæmdaáætlanir frystiiðnaðarins.

Forsrh. víkur að nokkrum þáttum atvinnumála. Annar ræðumaður Sjálfstfl. mun víkja að sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum m. a.

Á árunum 1969—1971 átti sér stað meiri aukning í iðnaðarframleiðslu hérlendis en nokkru sinni áður. Þessi mikli vöxtur átti sér tvær rætur: Annars vegar tilkomu stóriðju með byggingu álversins í tengslum við fyrstu stórvirkjun á Íslandi, Búrfellsvirkjun, og byggingu kísiliðjunnar. Hins vegar almennan vöxt þess iðnaðar, sem áður hafði verið í landinu og nú tók að skjóta nýjum greinum og beina starfsemi sinni að útflutningi. Forsendur þessarar þróunar voru hins vegar gengisbreytingin 1968 og aukning lánveitinga til iðnaðarins, er gerð var í sambandi við hana, inngangа Íslands í EFTA 1970 og stofnun Norræna iðnþróunarsjóðsins og margvíslegar aðrar ráðstafanir vegna iðnaðarins, er gerðar voru í því sambandi. Jafnframt var á árunum 1969—1970 og fyrri hluta árs 1971 hafizt handa um gerð iðnþróunaráætlana til lengri tíma fyrir atbeina þáverandi ríkisstj. Áður hafði verið gerð úttekt á iðnaði áratugsins 1960—1970 og samin iðnþróunaráform áratugsins fram til 1980. Sett voru lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, en áður hafði Útflutningsskrifstofa Félags íslenzkra iðnrekenda verið styrkt um tveggja til þriggja ára skeið, sett ný löggjöf um Iðnþróunarstofnun Íslands og lög um útflutningslán og samkeppnislán iðnaðinum til handa.

Að öllu þessu býr iðnaðurinn, þar sem sú starfsemi, sem hafin var, hefur haldið áfram, og árangurinn kemur smátt og smátt í ljós. En núv. ríkisstj. hefur ekki lagt snefil til þessara mála umfram það sem áður hafði verið unnið að eða undirbúið. Minna má einnig á setningu laga um virkjun Sigöldu og Hrauneyjafossa frá tíð fyrrverandi ríkisstj. og lög um virkjun Lagarfoss, sem nú er verið að framkvæma.

Nú er hins vegar vá fyrir dyrum hjá iðnaðinum. Stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda hefur sent frá sér fyrstu víðvörun í ályktun frá 13. þ. m. Telur stjórn félagsins, að umskipti hafi orðið á

stöðu iðnaðarins á s. l. ári, afkoman versnað þrátt fyrir aukið framleiðslumagn. Sama þróun er talin eiga sér stað á þessu ári. Þar með er enn einn aðili meginatvinnuveganna kominn til viðbótar í biðsalinn hjá ríkisstjórninni ráðlausu.

Eflaust fær iðnaðurinn sömu svör og aðrir, að bíða verði þess, að ríkisstj. fái tillögur frá nefndinni alvitru sem vissulega er skipuð ýmsum fremstu sérfræðingum og ágætismönnum og forsrh. sagði, að skipuð hefði verið til að kanna efnahagsástandið og benda ríkisstjórninni ráðlausu á leiðir og valkosti til lausnar á aðsteðjandi efnahagsvanda.

Ráðherrarnir hrukku upp við vondan draum, rétt fyrir ársafmæli ríkisstj. í sumar.

Skyldi vera rétt til getið, að það hafi einmitt verið forráðamenn eins stærsta kaupfélags landsins, sem tóku svo óþyrmilega í hnakkadrambið á hæstv. ráðherrum, að þeim tók að skiljast, að lengur varð ekki flotið sofandi að feigðarósi.

Í ársskýrslu Kaupfélags Eyfirðinga fyrir árið 1971, er að finna margar ákúrur í garð ríkisstj. Þar er talað um umskiptin frá hagstæðasta rekstri í sögu félagsins til taprekstrar fyrir tilverknað núverandi ríkisstjórnar.

Þar segir m. a.: „Mjög hefir syrt í álinn um rekstursútlit á yfirstandandi ári og um næstu framtíð vegna þeirra holskeflu kostnaðarhækkana, sem nú ríður yfir."

Loks segir í skýrslunni: „Útlit er því fyrir, að nú eigi að mæta Hrunadansi kostnaðarverðbólgu með taprekstri fyrirtækja, sem því miður hlýtur að leiða til atvinnusamdráttar, þegar til lengdar lætur."

Svo mörg voru þau orð samvinnumannanna á Norðurlandi. Þar kennir margra fleiri „ilmgrasa" af þessu tagi. Þessa eðlis var svefnþornið, sem forráðamenn KEA rykktu úr holdi ríkisstjórnarinnar eða ráðherra hennar. Ekki er að efa að hæstv. forsrh. hafi hnykkt við.

Ríkisstj. hafði þó nokkra tilburði að hægja á „Hrunadansi kostnaðarverðbólgunnar". Sett voru bráðabirgðalög um tímabundnar efnahagsráðstafanir.

Hver reyndust hin nýju úrræði?

Meðal annarra þessi:

Verðstöðvun til áramóta.

Frestað greiðslum til launþega sem svaraði 2½ stigi í kaupgjaldsvísitölu og raunverulegur frestur fleiri vísitölustiga dulinn í breyttu skattkerfi.

Niðurgreiðslur skyldu auknar, en það var eitt af blómunum í hnappagati fjmrh. við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir áramótin að lækka niðurgreiðslur á vöruverði.

Fjárlögum breytt með bráðabirgðalögum, sem er einsdæmi, og ákvæðum laga um framkvæmdaáætlun einnig.

„Stefna stjórnarinnar er óbreytt"! Þetta voru upphafsorðin í ræðu forsrh. Ekki minnist ég þess, að í stjórnarsáttmálanum sé minnzt á verðstöðvunarlög og vísitöluskerðingu, sem af stjórnarliðinu hefur verið talin jafngilda því að svipta launþegana samningsfrelsi. Hitt stóð í „Ólafskveri", að lækka skyldi verðlag eða verðhækkanir hindraðar. Hefur verið staðið við það? Er stefnan óbreytt?

En nú spyr ég: Hvers vegna þurfti að grípa til þessara neyðarráðstafana?

Það fór ekkert dult á fjölmennari ráðstefnu alþýðusamtakanna, sem í skyndi var kvödd saman í júlímánuði, að það var fyrst og fremst vegna aðgerða ríkisstj. sjálfrar, sem í óefni var komið. Fjölmargar veigamiklar ráðstafanir hennar, eða aðgerðaleysi hennar, hlutu að skapa þá óðaverðbólgu, sem á var skollin. Meðan áhrifa Viðreisnarstjórnarinnar gætti, hafði framfærsluvísitalan aðeins hækkað um ca. 1% á árinu 1971. En hvernig var nú um að litast á miðju sumri:

1. Eftir fyrsta hálfa árið, sem áhrifa vinstri stjórnarinnar gætti í efnahagsmálum, hafði vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 9.7%.

2. Ríkisstj. hafði snúið greiðsluafgangi ríkissjóðs frá árinu 1970 í greiðsluhalla. Mismunurinn reyndist hvorki meira né minna en 800 milljónir króna!

3. Yfirdráttarskuld og víxilskuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum námu um 1970 milljónum króna, eða nærri tvö þúsund milljónum.

4. Skuld fiskveiðasjóðs hjá Seðlabankanum nam um 500 millj. kr., en þessum sjóði er ætlað að fjármagna togarakaupin með 20 ára lánum.

5. Sett höfðu verið glannaleg verðbólgufjárlög.

6. Framkvæmdaáætlun lögfest með ofboðslegum lántökum innanl. og erl. Alls nálægt 1500—1600 millj. kr., til helminga erlend lán.

7. Viðskiptahalli við útlönd varð á fimmta þúsund milljónir króna 1971 og stefnt að sama fyrirhyggjuleysinu og skuldasöfnun erlendis 1972.

Hér er nokkuð nefnt, sem sýnir þó ljóslega, að það er fyrst og fremst ríkisstj. sjálf, sem ber ábyrgð á óðaverðbólgunni.

Vissulega á forsrh. erfiða taflstöðu. Hann reynir að afsaka sig með aflabresti og gengishækkunum erlendis.

Til aflabrestsins hefur ríkisstj. ekki fundið meira en svo að forsrh. upplýsir, að útflutningur sjávarafurða aukist nokkuð að magni í ár vegna birgðaminnkunar, og um leið sé áætlað, að verðhækkun á útfluttum sjávarafurðum nemi að meðaltali 7% á árinu.

Hverjar eru svo þær gengishækkanir erlendis, sem forsrh. er að tala um. Það er gengislækkun krónunnar, sem vinstri stjórnin sjálf hefur ákveðið, sem um er að ræða.

Látum vera, að ríkisstj. hafi ekki ráðið við annað en lækka krónuna með lækkun Bandaríkjadollars að því marki, sem útflutningsvörur eru seldar í dollurum. En þá hefði krónan líka, í mesta góðæri, átt að geta fylgt Evrópugjaldeyri, sem ekki lækkaði, og farið bil beggja í samræmi við hlutfall útflutnings í dollurum og Evrópugjaldeyri, sem mun nálægt 60 á móti 40, eða þrír á móti tveim. En ríkisstj. kaus alhliða gengislækkun gagnvart gulli um 8%. Og enn er gengi krónunnar fellt, nú með uppbótagreiðslum á útfluttar sjávarafurðir. Annars eðlis eru uppbæturnar ekki.

Staða krónunnar var hins vegar þannig á árinu 1970 og sennilega enn fram á 1971, að þáverandi ríkisstj. hreyfði till. um hækkun hennar í tengslum við lausa kjarasamninga.

Liggur ekki alveg ljóst fyrir, að ríkisstj. á engra kost völ — nema að breyta um stefnu og starfshætti, ef hún ætlar sér annað og betra hlutskipti en að láta reka þar til skútan tekur niðri? Sandurinn rennur úr stundarglasinu, tíminn er ekki langur til stefnu.

En til hvaða ráða hyggst ríkisstj. grípa? Verður lagt til grundvallar, að heilbrigt atvinnulíf og blómleg framleiðslustarfsemi geti þróazt, sem er vissulega forsenda bættra lífskjara á hverjum tíma, eða verður látið sitja við ósamræmdar handahófsaðgerðir til bráðabirgða?

Það eru slíkar spurningar, og raunar margar fleiri, sem brenna á vörum almennings í dag. Um allt þetta, eða stefnumótum framundan, er forsrh. í „stefnuræðu" sinni þögull eins og „Sfinxinn, sem hefur sofið í sex þúsund ár".

„Stefnan er óbreytt."

„Rétt er að bíða þess, að myndin skýrist og álit efnahagsfræðingana komi fram," segir forsætisráðherra.

Þetta er sá erkibiskupsboðskapur, sem þjóðin hefur fengið að heyra í kvöld.

Ríkisstjórnin ráðlausa bíður eftir nefndinni alvitru. Þvílík reisn! Þvílík uppgjöf!

Þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir stjórnarsáttmálanum í upphafi þings í fyrra, gerði ég grein fyrir afstöðu þingsflokks sjálfstæðismanna til meginatriða hans. Andstaða okkar byggðist á grundvallaratriðum og hugsjónum sjálfstæðisstefnunnar. Þær hugsjónir hefja til vegs persónufrelsi einstaklinganna, athafnaþrá og sjálfsbjargarhvöt þeirra, manngildi og mannhelgi innan frjálslyndra marka ríkisskipulagsins með virðingu fyrir samfélagsvitund og félagslegri samhjálp í formi almannatrygginga og þróun mannúðarmála og jafnri aðstöðu til persónuþroska á sviði menntakerfis og menningar.

Nú gefst ekki kostur þess að fjalla um okkar stefnu í takmörkuðum ræðutíma, um „stefnuræðu" forsrh., þar sem þingsköp skera stakkinn.

Þingflokkur sjálfstæðismanna mótaði stjórnarandstöðu sína á Alþingi í fyrra mjög augljóslega í meginmálum.

Hann reis öndverður gegn gálausri og stefnulausri fjármálastjórn og benti á nauðsyn þess að reka ríkisbúskapinn á þenslutímum með greiðsluafgangi.

Hann reis öndverður gegn glæfralegri stefnu í öryggismálum þjóðarinnar, sem stefnir í hættu samstarfi vestrænna lýðræðisríkja er raskað gæti því jafnvægi, sem einbeitt samstaða ríkja Atlantshafsbandalagsins hefur áorkað að skapa.

Hann reis öndverður gegn vanhugsuðum og illa undirbúnum skattalögum og lagði fram tillögur um mótaða stefnu við nauðsynlega framhaldsendurskoðun þeirra.

Hann reis öndverður gegn hinni sterku tilhneigingu vinstri stjórnarinnar til sívaxandi miðstjórnarvalds, hvort sem hún birtist í mynd Framkvæmdastofnunar ríkisins, — eða pýramídalöguðu raforkukerfi með toppstjórn ríkisvalds, — eða sífellt vaxandi nefndafargani pólitískra ráðam., — eða í öðrum myndum aukinna ríkisafskipta.

Ekki sízt einkenndist stjórnarandstaðan af því að eiga frumkvæði að jákvæðum málefnaflutningi, en þingmenn flokksins fluttu eða stóðu að flutningi á um 100 þingmálum í einu formi eða öðru. Svo mun fram halda.

Herra forseti.

Nú ríður á mestu fyrir allan almenning og atvinnustarfsemi í landinu að komast úr þeim pólitíska vítahring, sem ráðleysi og skaðleg stjórnarstefna hefur skapað.

Ég spái ekki um aldurtila vinstri stjórnarinnar. En það hygg ég, að þorra manna sé ljóst, að mikil vá sé fyrir dyrum, ef framvindan í stjórnmálum heldur áfram í nokkurri líkingu við það, sem verið hefur á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar. Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Núv. ríkisstj. hefur verið við völd í rúmlega eitt ár. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan stj. var mynduð, hefur henni tekizt að hrinda í framkvæmd mörgum stórmálum. Meðal þeirra má nefna stækkun landhelginnar í 50 mílur, endurnýjun togaraflotans, stórauknar tryggingabætur, lög um 40 stunda vinnuviku og lög um lengingu orlofs. Þá má benda á gerbreytta stefnu í iðnaðarmálum, þar sem horfið hefur verið frá því, að útlendingar geti átt meiri hluta í þeim iðnfyrirtækjum, sem komið er upp í landinu. Tekin hefur verið upp ný og breytt utanríkisstefna, þar sem mörkuð hefur verið sjálfstæð, íslenzk afstaða til þýðingarmikilla utanríkismála. Og á þessum starfstíma stjórnarinnar hefur svo verið samið um launakjör við allar þýðingamestu vinnustéttir landsins og vinnufriður tryggður í tvö ár.

Viðbrögð stjórnarandstöðunnar við þessum stefnumálum ríkisstj. hafa verið býsna sérkennileg. Þegar fyrir lágu skýrar till. um stækkun landhelginnar og um fastákveðinn útfærsludag, þá komu þeir, sem áður höfðu engar ákveðnar till. viljað gera og lýst höfðu því yfir, að útfærslan án samninga við erlenda aðila væri ábyrgðalaus og ósæmandi, þá komu þeir og þóttust vilja færa lengra út en ríkisstj. lagði til. Sem betur fór var þjóðarviljinn yfirsterkari í landhelgismálinu. Eindregin krafa fólksins í öllum flokkum um samstöðu í málinu og um undanbragðalausar aðgerðir varð til þess, að samstaða tókst á Alþ. um þá samþykkt, sem síðan hefur verið unnið eftir.

Þegar launakjör sjómanna voru leiðrétt og fiskverð hækkaði um 18—19% í ágústmánuði á s. l. ári, þá hrópaði stjórnarandstaðan, að verið væri að tæma verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Nú hefur reynslan sýnt, að öll þessi hrópyrði voru ástæðulaus og fullyrðingar stjórnarandstöðunnar voru alrangar. Enginn eyrir var tekinn úr verðjöfnunarsjóði, sjóðurinn hélt áfram að vaxa allt árið 1971 og einnig á árinu 1972 allt fram að þessum tíma. Þegar tryggingabætur öryrkja og gamla fólksins voru auknar, skrifaði Morgunblaðið um veizluhöld ríkisstj., og talað var um, að nú ætti að eyða öllu því, sem áður hefði verið safnað. Þannig voru viðbrögðin, þannig kom skýrt fram, hver mundi hafa verið stefna þeirra Morgunblaðsmanna.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum um miðjan júlímánuð á s. l. ári, hafði verðstöðvun verið í gildi samkv. lögum rúma 8 mánuði. Sú verðstöðvun tók við af gífurlegri dýrtíðarhækkun, sem verið hafði um nokkurra ára skeið og numið hafði 18.6% á ársgrundvelli á tímabilinu frá ársbyrjun 1968 til verðstöðvunarinnar í nóv. 1970. Verðstövun fyrrv. ríkisstj. var auðvitað engin lækning á verðbólguvandanum. Hún var fyrst og fremst bráðabirgðastöðvun og frestun á vissum vandamálum. Stjórnarandstæðingar halda því fram, að

fyrrv. ríkisstj. hafi skilið eftir sig blómlegt bú og mikla og gilda sjóði. Þessu er þveröfugt farið. Fyrrv. ríkisstj. skildi eftir sig dýrtíðarmálið óleyst. Hún skildi eftir sig nær alla stofnlánasjóði févana. Hún hafði samið um miklar launahækkanir til opinberra starfsmanna án þess að tryggja fé til þeirra greiðslna. Hún hafði samþ. hækkun á tryggingabótum almannatrygginga, en ekki aflað fjár í því skyni. Og hún skildi eftir sig atvinnufyrirtækin, eins og t. d. Síldarverksmiðjur ríkisins, Slippstöðina á Akureyri og Norðurstjörnuna í Hafnarfirði, með hundruð milljóna í óreiðuskuldum, sem aðrir urðu að ráða fram úr. Blómlegt bú þeirra viðreisnarmanna var sannarlega ekki upp á marga fiska, þegar tillit er tekið til þess, sem eftir átti að greiða af því, sem lofað hafði verið, og þegar tillit er tekið til þess, að eftir var að hækka laun verkafólks, sjómanna og bænda til samræmis við það, sem búið var að gera með samningum við aðrar stéttir.

Núv. ríkisstj. tók við miklum óleystum vanda í efnahags- og atvinnumálum. Dýrtíðar- og verðlagsmálin eru enn óleyst, og er í þeim efnum við mikinn vanda að glíma. Ljóst er þó, að verulega hefur tekizt að draga úr þeim gífurlega hraða, sem á vexti dýrtíðarinnar var, á stjórnartíma viðreisnarstjórnarinnar. Í tíð núv. ríkisstj. hækkaði framfærsluvísitalan úr 155 stigum í 170 stig á fyrsta starfsári hennar eða frá júlí í fyrra þar til í júlí í sumar, að enn var sett á verðstöðvun. Þessi hækkun nemur 9.7% á ársgrundvelli, en ekki 18.6%, eins og í tíð fyrrv. ríkisstj. Hér er um miklu minni hækkun að ræða en verið hafði um langt skeið, því verður ekki neitað. En það verður einnig að hafa það í huga, við hvaða aðstæður þessi hækkun hefur komið fram. Í fyrsta lagi stafar hækkunin af þeim geymdu vandamálum, sem fyrrv. ríkisstj. stóð að og hafði aðeins frestað, að kæmi fram, með verðstöðvun sinni. Í öðru lagi stafa þessar hækkanir af gengisbreytingum erlendis, sem voru íslenzkum stjórnarvöldum gersamlega óviðráðanlegar, og dýrtíð í okkar viðskiptalöndum. Í þriðja lagi stafar hækkunin svo af kauphækkunum hér innanlands og öðrum ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. ber ábyrgð á.

Við skulum í þessum efnum hafa það skýrt í huga, að dýrtíðarvandamál eru ekki aðeins hér á landi. Dýrtíð hefur einnig aukizt mjög ört í flestum löndum og ekki sízt í iðnaðarlöndum Evrópu, sem við eigum mikil viðskipti við. Í Bretlandi hækkaði t. d. framfærsluvísitalan um 11% á s. l. ári, 1971, og um 7.8% árið áður. Mjög er algengt í viðskiptalöndum okkar, að verðlag hafi hækkað um 7—8% á ári undanfarin ár.

Þegar á allt er litið, má fullyrða, að ástæðan til þess, að verðlag hefur ekki hækkað í tíð núv. ríkisstj. um meira en reynslan sýnir, sé sú, að hér hefur verið neitað um fjöldamargar verðhækkanir og raunveruleg nettóálagning og þóknun milliliða hefur verið lækkuð stórkostlega frá því, sem áður var. Ekki verður um það deilt, að í tíð núv. ríkisstj. hefur kaupgjald hækkað verulega og þó langsamlega mest hjá þeim, sem lægst höfðu kaup áður. Kaupmáttur launa hefur stóraukizt, og mun nú almennt vera 30—40% hærri en hann var árið 1970 eða síðasta heila ár viðreisnarstjórnarinnar. Áróður Alþýðublaðsins um kaupmátt launa og verðlagshækkanir hefur verið dæmigerður um viðbrögð þeirra stjórnarandstæðinga í sambandi við aðgerðir ríkisstj. og hennar stefnu. Dögum saman hélt Alþýðublaðið því fram, að ríkisstj. hefði falsað kaupgjaldsvísitöluna og að verðlag hefði hækkað svo mikið, að búið væri að taka til baka allar þær kauphækk., sem samið væri um, og rúml. það. Þessum fullyrðingaráróðri hélt Alþýðubl. fram, þar til formaður Alþfl. stóð eins og glópur í sjónvarpsumr. um þessi mál og gat auðvitað ekki hrakið opinberar tölur um kauptaxta og verðlag né heldur beinar yfirlýsingar verkalýðssamtakanna sjálfra, sem virðurk., að kaupm. launa hefði stóraukizt.

Sá vandi, sem nú er við að glíma í efnahagsmálum, er aðallega tvenns konar: Í fyrsta lagi er sá vandi að tryggja þann kaupmátt launa hinna lægra launuðu vinnustétta í landinu, sem nú hefur tekizt að ná, án þess að dýrtíð aukist meir hér á landi en í okkar viðskiptalöndum. Og í öðru lagi er sá vandi að tryggja hallalausan rekstur undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega útflutningsatvinnvega. Að því leyti sem afla þarf nýrra tekna til þess að halda verðlagi í skefjum og til nauðsynlegrar millifærslu í þjóðfélaginu, þá verða þeir, sem mestu eyða og bezta afkomu hafa, að taka nokkuð á sig, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast. En það efnahagsvandamál, sem nú er erfiðast viðfangs og alvarlegast, er minnkandi sjávarafli. Það er vissulega alvarlegt, að svo skuli horfa, að fiskaflinn skuli minnka á þessu ári um 8—10%. Í lok ágústmánaðar hafði þorsk-, ufsa- og karfaaflinn minnkað um 13%, miðað við sama tíma árið áður. Þorskaflinn einn hafði minnkað um 16%. Þróun þorskveiðanna er satt að segja uggvænleg. Árið 1971 minnkaði þorskaflinn um 18% frá árinu á undan. Á þessu ári virðist hann enn ætla að minnka um 16%. Í mánuðunum maí til ágúst í sumar minnkaði þorskaflinn um 40%, miðað við sömu mánuði í fyrra. Auðvitað hefur minnkun fiskaflans gífurleg áhrif á efnahagsþróunina í landinu. 10% aflaminnkun mun nema 1200—1400 millj. kr. í ársframleiðslu og þar með í gjaldeyrisöflun. Þessi vandi er sá erfiðasti, sem við er að fást, eins og nú standa sakir í íslenzkum efnahagsmálum. Af þessum ástæðum hefur orðið að hækka fiskverð á þessu hausti um 15% og bæta nokkuð rekstrarafkomu frystihúsa. Sérstök rannsókn, sem fram var látin fara á rekstrarstöðu frystihúsanna nýlega, staðfesti á óumdeilanlegan hátt, að sá vandi, sem frystihúsin nú eiga við að stríða, stafar af tveimur meginástæðum, af minnkandi fiskmagni og af lakara hráefni, þar sem verðmestu tegundirnar, eins og þorskur, minnka mest. Rekstrarútgjöld frystihúsanna reyndust eins og reiknað hafði verið með í ársbyrjun við fiskverðsákvörðun þá og síðar aftur á miðju ári við fiskverðsákvörðun. Þessum sérstöku vandamálum hefur stjórnarandstaðan tekið þannig, að hún segir, að hér sé eingöngu um heimatilbúinn vanda að ræða og afleiðingu af verðbólgustefnu ríkisstj. En ég spyr: Er minnkandi fiskafli á miðunum við landið ríkisstj. að kenna? Er það núv. ríkisstj. að kenna, ef svo hörmulega hefur tekizt til, að reynslan sýni, að við hefðum þurft að stækka fiskveiðilandhelgina 2—3 árum fyrr til þess að koma í veg fyrir stórminnkandi fiskafla við landið? Ég held, að þeir

í stjórnarandstöðunni, sem nú ætla að kenna ríkisstj. um þann efnahagsvanda, sem af minnkandi aflamagni stafar, ættu að fara sér hægt og íhuga sína eigin stöðu betur, áður en þeir ásaka aðra um það, sem í þessum efnum hefur gerzt og er að gerast. Enn er ekki auðvelt að segja til um það, hve sá vandi verður mikill, sem stafar af rekstrarerfiðleikum sjávarútvegsins. Enn leikur vafi á því, hvað réttmætt er að reikna með miklum fiskafla á næsta ári, og einnig þarf að taka hér fullt tillit til hækkandi markaðsverðs erlendis í ýmsum greinum, eins og t. d. á fiskmjöli, sem tvöfaldast hefur í verði frá s. l. ári, og fleira kemur hér til við þá athugun.

Stjórnarandstaðan neitar staðreyndum um minnkun fiskaflans. Hún neitar staðreyndum um hækkað vöruverð erlendis og gengisbreytingar í öðrum löndum. Og hún neitar að taka tillit til þeirra verðhækkana, sem hún hafði sjálf staðið að því að ákveða. Til viðbótar klifar hún svo á því, að ríkisstj. hafi falsað vísitöluna og ætli að falsa, og segir, að það sé verðbólgustefna stjórnarinnar, sem sé að sliga atvinnulífið. Þessu halda jafnvel þeir fram, sem voru ráðh. í viðreisnarstjórninni, þeir, sem samþykktu að banna með lögum allar vísitölubætur á laun, þeir sömu menn og m. a. samþykktu, nokkru áður en þeir létu af völdum, að lækka kaupgjaldsvísitöluna um 3.3 stig og skildu það eftir sem verkefni handa öðrum að leiðrétta þau rangindi. Ja, hvílík skinhelgi, hvílikur yfirdrepsskapur. Eða hvað segja menn um það, þegar formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, kemur nú í upphafi þessa þings upp í ræðustólinn og spyr um það, hvort virkilega eigi að láta neytendur í landinu greiða 6—12% fiskverðshækkun bótalaust. Gylfi var sjálfur ráðh. verðlagsmála í mörg ár og lét þá samþykkja bæði fiskverðshækkanir og aðrar verðlagshækkanir, án þess að nokkrar vísitölubætur kæmu á móti, og auðvitað margsinnis án þess að um niðurgreiðslu væri að ræða. En nú er hann fullur vandlætingar yfir því, að fiskverðshækkun, sem gerð var vegna sjómanna, skyldi ekki vera greidd niður tafarlaust. Málflutningur stjórnarandstöðunnar af þessu tagi mun vissulega dæma sig sjálfur.

Það málið, sem tekið hefur mestan tíma ríkisstj., síðan hún tók við völdum, er landhelgismálið. Útfærslan hefur þegar átt sér stað, en enn er deilt við Breta og Vestur-Þjóðverja um framkvæmd málsins. Ríkisstj. hefur gert Bretum ákveðið tilboð um bráðabirgðasamkomulag. Aðalatriði þessa tilboðs eru eftirfarandi:

1. Samkomulagið standi stuttan tíma eða til 1. júní 1974.

2. Að ekki fái önnur brezk skip að stunda veiðar innan 50 mílna markanna en þau, sem hér hafa stundað veiðar áður og eru undir 180 fetum á lengd eða undir 800 rúmlestum að stærð.

3. Að skipin verði að vera á tilteknum veiðisvæðum, þannig að tvö veiðisvæði verði jafnan notuð í einu, en 4 veiðisvæði lokuð á sama tíma. Þetta þýðir, að brezku skipin fengju að veiða 4 mán. á ári á hverju svæði, en í 8 mánuði væru svæðin þeim lokuð. Þessi opnu veiðisvæði nái þó ekki upp að 12 mílna mörkunum nema á nokkrum stöðum við landið.

4. Að Íslendingar hafi fullan rétt og aðstöðu til að framfylgja því samkomulagi, sem gert yrði.

Þetta eru okkar meginskilyrði, og þau stefna að því að draga verulega úr veiðimöguleikum Breta á okkar miðum og að hlífa miðunum næst landinu. Bretar hafa ekki viljað fallast á þessi skilyrði okkar. Þeir hafa kært okkur fyrir Alþjóðadómstólnum, og þeir vitna í sífellu í landhelgissamningana frá árinu 1961. Allir landsmenn vita, að eins og nú er komið fiskistofnunum við landið er útilokað með öllu að víkja frá því grundvallarsjónarmiði, að sókn útlendinga á okkar mið verði að minnka mjög verulega og það þegar í stað. Ekki fer milli mála, að um ofveiði er að ræða á fiskimiðum okkar. Aflinn fer minnkandi þrátt fyrir aukna sókn, og fiskurinn fer smækkandi. Það gifurlega álag, sem á miðunum er, m. a. með linnulausri sókn 100—120 erlendra togara, hlýtur að enda með ósköpum, ef ekkert er að gert. En enn reyna Bretar að knýja á með sjónarmið sín í þessu máli. Þeir neita öllum takmörkunum á skipum og krefjast þess að fá leyfi til að senda á okkar mið þau skip, sem þeir telja sér hentugast að senda hingað. Þeir neita algerlega kröfum okkar um, að við lítum eftir framkvæmd samkomulagsins. Þeir telja, að sjálfir verði þeir að dæma sín skip vegna þess, sem þau geri utan 12 mílna. Og enn krefjast þeir samkomulags til þriggja ára, án þess þó að vilja veita okkur nokkra minnstu viðurkenningu í landhelgismálinu. Og þeir neita algerlega okkar till. um takmörkuð veiðisvæði og krefjast þess að fá að veiða alls staðar við landið upp að 12 mílum, nema sambærilegum íslenzkum skipum verði þá bannað að veiða þar líka.

Þannig stendur deilan við Breta enn í dag, og áfram halda þeir að brjóta okkar lög og okkar reglur. Það er þýsna hastarlegt, að við þessar aðstæður skuli blöð stjórnarandstöðunnar stunda þá iðju, sem þau gera í dag með sífelldum dylgjuskrifum og beinum árásum á þá menn, sem fara með samningamálin af okkar hálfu við Breta. Undanfarna daga hafa stjórnarandstöðublöðin sérstaklega veitzt að mér í þessum efnum, af því að ég hef talið, að Bretar yrðu að breyta um afstöðu, ef nokkur von ætti að vera á samkomulagi. Sagt hefur verið í þessum blöðum, að ég væri með yfirgang og ég hefði sýnt óbilgirni og ég gæti skaðað hagsmuni landsins með stífni minni. Og eitt stjórnarandstöðublaðið hélt því beinlínis fram, að kröfur mínar um form kæmu í veg fyrir samkomulag. Jafnhliða þessum skrifum er svo daglega reynt að ala á tortryggni milli ráðh. varðandi vinnubrögð í málinu og það fullyrt ýmist, að ég hafi ráðizt að forsrh. eða utanrrh. eða þeir að mér. En hverjum þjóna þessi blaðaskrif, og hvað á allur þessi ósannindaþvættingur að þýða? Eru þeir, sem þetta skrifa, að þjóna íslenzkum málstað? Bretar veita þessum skrifum vissulega athugli, og þeir hyllast til að halda, að raunverulega njóti þeirra kröfugerð fylgis hér á landi? Þeir reyna líka í blöðum sínum að tortryggja einstaka menn hér á landi og telja, að á þeim standi allt fast. Ég fullyrði af reynslu minni, að þessi skrif Morgunblaðsins,

Alþýðublaðsins og Vísis eiga enga stoð í almennri afstöðu sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna til landhelgismálsins og til samningaviðræðnanna við Breta. Sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn um allt land hafa svipuð viðhorf til landhelgismálsins og ég og minir flokksbræður hafa. Það, sem í þessum efnum ræður ábyrgðarlausum skrifum örfárra manna í stjórnarandstöðublöðunum, er skefjalaus græðgi þeirra í að fella ríkisstj. Í þeirri baráttu þessara manna er allt leyfilegt, einnig það að setja landhelgismálið í hættu.

Árið 1958, þegar landhelgin þá var stækkuð, var þessi sami leikur leikinn af nokkrum mönnum. Hann mistókst þá með öllu og eins mun verða nú. Frá grundvallarskilyrðum okkar í samningunum við Breta verður ekki vikið. Það verða Bretar að skilja. Þeir mega ekki standa í neinum vafa um, að öll þjóðin stendur að baki þeim till., sem við höfum gert. Fram til þessa höfum við farið okkur hægt í allri framkvæmd málsins og skýrt okkar málstað með hægð, en þó með festu. Við höfum þolað Bretum yfirgang og hlustað á frekjulegar kröfur þeirra, rétt eins og þeir ættu fiskimiðin við landið. Á þessu hlýtur að verða breyting fyrr en varir, ef Bretar vilja ekki skilja alvöru málsins, því að það mega þeir vita, að hvorki þeir né aðrir útlendingar geta stundað veiðar hér við land í fullkomnum fjandskap við fólkið í landinu.

Þeir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., hafa færzt mikið í fang. Mikið hefur verið gert á stuttum tíma. Nú eru mikil vandamál, sem ráða þarf fram úr. Að lausn þeirra er nú unnið. Ég trúi því, að þau verði leyst með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. hóf ræðu sína á því að segja: „Stefna ríkisstj. er óbreytt". Þetta er rétt að einu leyti aðeins. Stefna ríkisstj. í landhelgismálinu er óbreytt. Í því máli er um einingu allra þingflokka að ræða. Þeirri stefnu, sem þar var mótuð af einhuga Alþingi, á að halda óbreyttri. En að öllu öðru leyti er sú yfirlýsing hæstv. forsrh., að stefna ríkisstj. sé óbreytt, röng. Í varnarmálum virðist a. m. k. hluti ríkisstj. hafa breytt um stefnu, þótt enginn viti að vísu á þessari stundu, hvor aðilinn verður ofan á, áður en lýkur. Niðurlagsorð hæstv. forsrh. um utanríkismál og öryggismál voru svo óskýr og loðmulluleg, að sérstaka athygli hlýtur að vekja. Hann sagði, að starfað yrði í þeim anda, sem málefnasamningurinn gerir ráð fyrir, að mynda sér sjálfstæða skoðun á því, sem að höndum ber, og ráða fram úr því á þann hátt, sem bezt hentar sjálfstæðu, en vopnlausu smáríki. Hæstv. forsrh. segir ekki orð um uppsögn varnarsamningsins né brottför varnarliðsins. En eitthvað verður hann að segja. Og hver er þá boðskapurinn? Að lofa að mynda sér sjálfstæða skoðun á því, sem að höndum ber, og ráða fram úr því á þann hátt, er bezt hentar vopnlausu smáríki. Er þjóðinni ætlað að falla í stafi yfir því, að ríkisstj. skuli ætla að mynda sér sjálfstæða skoðun á því, sem að höndum ber, eða er ætlazt til sérstakrar aðdáunar á því, að ráða eigi fram úr því á þann hátt, sem bezt hentar sjálfstæðu, en vopnlausu smáríki? Kannske hæstv. forsrh. sé hér að andmæla samráðh. sínum, hæstv. iðnrh. Magnúsi Kjartanssyni, sem hélt því fram í sambandi við samning ríkisstj. um lengingu flugbrautarinnar á Keflavíkurflugvelli, að sá samningur samrýmdist ekki sjálfstæðri, íslenzkri utanríkisstefnu. Getur það verið, að hæstv. forsrh. telji þannig þau ummæli um utanríkis- og varnarmál nauðsynlegust nú, að íslenzk utanríkisstefna sé sjálfstæð, hvað sem Magnús Kjartansson segi. En hver skyldi þá vera hin sjálfstæða skoðun, sem bezt hentar sjálfstæðu smáríki? Um það fékk þjóðin ekkert að vita í ræðu hæstv. forsrh. Ekki verður sagt, að tekið sé ýkja myndarlega, skörulega eða skýrt á málinu.

Hæstv. forsrh. sagði: Stefna ríkisstj. er óbreytt. Að því er efnahagsmálin snertir hefði hann átt að segja: Ríkisstj. hefur enga stefnu í efnahagsmálum. Það er sannleikurinn á þessari stundu a. m. k. Þegar hæstv. ríkisstj. kom til valda, gaf hún þjóðinni meiri loforð en tíðkazt hefur um ríkisstj. á undanförnum áratug. Líklega hefur hún gert það vegna þess, að hún tók við þjóðarbúinu á traustum grundvelli, sem lagður hafði verið. Mikið fé var til ráðstöfunar innanlands. Þjóðin átti gilda sjóði erlendis. Ekki stóð heldur á því, að tekið væri til höndunum á fyrsta missirinu, sem ríkisstj. var við völd. Öllum stéttum skyldi búin vegleg veizla. Um hitt var minna hugsað, hvað hún kostaði Hæstv. ráðh. voru orðnir svo langeygir eftir áhrifum og völdum, að þeir létu hverjum degi nægja sína gleði og sinn fagnað. Um morgundaginn var ekki hugsað.

En morgundagurinn kom. Hann er löngu kominn. Og nú er veizluvíman runnin af hæstv. ráðh. og helztu stuðningsmönnum þeirra. Nú blasir ekki aðeins við grár hversdagsleiki, heldur kaldranalegur kólgubakki á himni efnahagsmálanna. Í ekki hálfs annars árs sögu þessarar hæstv. ríkisstj. hefur það gerzt, sem aldrei áður hefur átt sér stað á Íslandi, að ríkisstj., sem hóf störf við betri skilyrði en nokkur önnur ríkisstj. á öldinni, skuli eftir minna en hálfs annars árs valdaferil standa frammi fyrir geigvænlegum efnahagsvanda, yfirvofandi stöðvun grundvallaratvinnuvega, vaxandi verðbólgu, halla í viðskiptum við útlönd og hættu á kjaraskerðingu almennings, án þess að kunna nokkur ráð við vandanum. Jafn ráðþrota hefur engin ríkisstj. á Íslandi verið á alvörustundu, án þess að játa vanmátt sinn og segja af sér.

Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Þar er ekki að finna tölu, þar er ekki að finna orð um þann vanda, sem nú blasir við og allir vita, að við er að etja, að ég ekki tali um, að þar sé að finna orð eða tölu um það, til hvaða ráðstafana hæstv. ríkisstj. ætlar að grípa. Og nú heldur hæstv. forsrh. stefnuræðu fyrir hönd ríkisstj. Er það ekki lágmarkskrafa, sem gera verður til forsrh. undir núverandi kringumstæðum, að hann skýri þjóðinni frá því, hver sá vandi sé, sem nú er við að etja, hvernig á honum standi og hvernig

ríkisstj. ætlar við honum að bregðast? Heyrði nokkur hæstv. forsrh. lýsa vandanum? Heyrði nokkur hann skýra vandamálið? Eða heyrði kannske einhver, að hann lýsti stefnu ríkisstj. í þessum efnum, að hann gerði grein fyrir því, hvernig ríkisstj. ætlar að tryggja hallalausan rekstur útflutningsatvinnuveganna, hefta verðbólguna, eyða hallanum út á við og tryggja kaupmátt launa? Nei, enginn gat heyrt neitt um þetta af þeirri einföldu ástæðu, að hæstv. forsrh. sagði ekki neitt um það. Hann þagði um hið mikilvægasta, sem hann hefði átt að tala um, hvernig ríkisstj. hyggst bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið á undanförnum mánuðum, hvernig tryggja á áframhaldandi framfarir og hagsbætur.

Ræða hæstv. forsrh. var í raun og veru ekki stefnuræða. Hún var fyrst og fremst kynning á stefnuleysi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum Íslendinga. Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. frá sumrinu 1971 voru gefin mörg loforð og stór. Það var lofað að efla undirstöðuatvinnuvegina og treysta rekstrargrundvöll þeirra. Það var lofað, að verðbólga skyldi ekki verða hér meiri en í nágrannalöndum, og það var lofað, að kaupmáttur láglaunafólks skyldi aukast um 20% á næstu tveimur árum.

Nú er liðið nokkuð á annað ár, síðan þessi loforð voru gefin. Hvernig skyldu þau hafa verið efnd? Eru undirstöðuatvinnuvegirnir öflugri en þeir voru sumarið 1971? Er rekstrargrundvöllur þeirra traustari?

Hver er sá Íslendingur, sem veit ekki, að bæði bátafloti og botnvörpuskip eru nú rekin með tapi, sem jafnað er með því að ganga á varasjóði þessara atvinnuvega eða með greiðslum úr ríkissjóði? Hver er sá, sem veit ekki, að mikilvægasti útflutningsiðnaður þjóðarinnar, hraðfrystiiðnaðurinn, sá sig knúinn til þess fyrir skömmu að tilkynna, að kæmu ekki til greiðslur af hálfu hins opinbera, yrði frystihúsunum lokað. Undirstöðuatvinnuvegunum er nú m. ö. o. haldið gangandi með greiðslu af almannafé. Þetta er sú efling undirstöðuatvinnuveganna, sem lofað var. Hér er þá sá rekstrargrundvöllur, sem átti að treysta. Hæstv. ríkisstj. bendir í þessu sambandi á minnkandi sjávarafla á þessu ári. Það er því miður rétt, að hann hefur minnkað. En á móti kemur, að verðlag heldur enn áfram að hækka og er nú hærra en nokkru sinni fyrr. Þegar síldarafli brást með öllu á síðasta áratug, fannst þeim mönnum, sem nú stjórna landinu, það skipta litlu máli. Þótt verðl. á útflutningsvörum lækkaði um næstum helming, átti það ekki að þurfa að valda neinum erfiðleikum. Þá var hins vegar brugðizt við erfiðleikunum af kjarki og festu, en um leið réttsýni. Nú eru þessir sömu menn, sem töldu hvorki aflabrest né verðfall þurfa að valda nokkrum vanda, algerlega ráðalausir gagnvart nokkurri aflaminnkun, þótt henni sé samfara hæsta verð, sem um getur. Hæstv. ríkisstj. hefur því miður ekki efnt mikilvægasta loforð sitt að efla undirstöðuatvinnuvegina. Þeir eru þvert á móti á heljarþröm og þurfa gegn vilja sínum að ganga á varasjóði sína.

En hvernig hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að sjá svo um, að verðbólga sé hér ekki meiri en í nágrannalöndum? Á fyrstu 12 mánuðunum, sem hæstv. ríkisstj. starfaði, hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 10%. Það er meiri hækkun en í nálægum löndum. Sjálfsagt er hins vegar að láta hæstv. ríkisstj. njóta þess sannmælis, að þessi verðlagshækkun er ekki meiri en hún var á síðasta valdaári fyrrv. ríkisstj. Alvarlegra er hins vegar hitt, að þótt svo eigi að heita, að nú sé í gildi verðstöðvun, hefur verðlag samt haldið áfram að hækka. Síðasta dæmið er fiskverðshækkunin í síðustu viku. Þótt aðrar vörur verði greiddar niður sem henni svarar, er hér auðvitað vottur um vaxandi verðbólgu og versnandi kjör launþega. Niðurgreiðslurnar kosta fé. Það fé greiða skattborgararnir og þá fyrst og fremst launþegarnir. Alvarlegast af öllu er þó það, að meðan verðstöðvunarlögin gilda, út þetta ár, er sífellt verið að fresta verðhækkunum, sem síðar munu dynja yfir með margföldum þunga, þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur. Nú er í raun og vera ekki um verðstöðvun að ræða, heldur frestun á verðhækkunum, sem koma munu. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að bregðast við þeim? Ætlar hún almenningi að bera þær? Eða ætlar hún að auka enn niðurgreiðslurnar, sem þó eru orðnar óeðlilega mikill hluti af útgjöldum ríkissjóðs, og raska verðkerfinu á varhugaverðan hátt? Og því má ekki gleyma, að þótt verðlagi sé haldið í skefjum með niðurgreiðslum, þá varðveitir það ekki kaupmátt launa. Hann rýrnar sem svarar þeirri auknu skattbyrði, sem niðurgreiðslurnar kalla á. Hæstv. ríkisstj. hefur því ekki tekizt að halda verðbólgu hér á landi í líkingu við það, sem gerist með nálægum þjóðum. Vöxtur hennar er meiri hér, og á eftir að verða miklu meiri. Það á eftir að verða hér verðlagssprenging um næstu áramót, ef svo fer fram sem horfir.

Árið 1970 var svo komið, að greiðsluafgangur var í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, þótt miklir erfiðleikar væru að baki. Í fyrra var hins vegar halli í þessum viðskiptum, og enn verður mikill halli á þessu ári. Er hér um hina alvarlegustu þróun að ræða.

En hefur ríkisstj. ekki tekizt að stuðla að því, að kaupmáttur launa hafi vaxið undanfarið?

Kaupmáttur vikulauna verkamanna og iðnaðarmanna er nú 11% hærri en hann var, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Auk þess hefur vinnuvikan verið stytt og orlof lengt. Þar er um að ræða hagsbætur, en ekki aukinn kaupmátt hliðstæðan þeim, sem siglir í kjölfar beinnar kauphækkunar. Sé tekið tillit til þessa, er hækkun tímalauna þessara stétta 21%. Sanngjarnt mat á kjarabótum er líklega hér mitt á milli eða um 15%. Þetta er fagnaðarefni. Hitt er auðvitað barnalegt, að tala um þessa kaupmáttaraukningu næstum því eins og fyrstu og einu kaupmáttaraukninguna, sem íslenzkir launþegar hafi notið. Á síðasta starfsári fyrrv. ríkisstj. jókst kaupmáttur þessara sömu stétta einnig um 15% eða jafnmikið og hann hefur aukizt á fyrsta valdaári þessarar ríkisstj.

Það, sem nú skiptir mestu máli í sambandi við kaupmátt launa, er, hvort líklegt sé, að hæstv. ríkisstj. geti staðið við loforð sitt um, að kaupmáttur launa láglaunastétta geti haldið áfram að vaxa og verði eftir tæpt ár orðinn

20% hærri en hann var tveimur árum áður. Í þessu sambandi verður fyrst að geta þess, að undanfarið hefur ýmislegt gerzt, sem rýrt hefur kaupmátt launastétta. Fyrst er að geta breytingar nefskattanna svonefndu, þ. e. a. s. almannatryggingagjaldsins og sjúkrasamlagsgjaldsins, í tekjuskatta. Þessi breyting á sköttum var skynsamleg og réttlát. En það var mjög ranglátt að láta hana verða til þess að lækka kaupgjaldsvísitöluna, eða réttara sagt til hins, að verð á landbúnaðarvörum hækkaði, án þess að það væri bætt með hækkun kaups. Úr þessu ranglæti var að vísu bætt, en ekki fyrr en eftir 9 mánuði og þá ekki að fullu. Þá verður að minna á, að beitt hefur verið brögðum til þess að halda framfærslukostnaði og þar með kaupgjaldi í skefjum. Hinn 1. ágúst s. l. átti kaupgjaldsvísitala og þar með kaupgjald að hækka um 5%. Ríkisstj. kom í veg fyrir þetta með brbl. Fjölskyldubætur voru hækkaðar og niðurgreiðslur auknar. Kaup skyldi haldast óbreytt til áramóta, þótt kaupgjaldsvísitala hækkaði nokkuð. Í síðustu kjarasamningum var skýrt tekið fram, að kaup skuli greiða með fullum vísitölubótum. Á kaupið í dag eru ekki greiddar fullar vísitölubætur. Það hlýtur að vera aðalmál næsta Alþýðusambandsþings að standa traustan vörð um gerða samninga og réttmæta hagsmuni launþega í þessu sambandi.

Á því er enginn vafi, að kaupgjald í dag er ekki greitt samkv. rétt reiknaðri vísitölu. Um það má eflaust deila, hversu munurinn sé mikill. Hitt er þó mikilvægara, að augljóst er, að verðlag hlýtur að fara hækkandi á næstu mánuðum, en einkum og í síðasta lagi eftir næstu áramót. Hvernig á að mæta þeim verðhækkunum? Hver á að bera þær? Ef verðlag á að hækka, án þess að kaupgjald hækki tilsvarandi, verður um augljósa kjaraskerðingu að ræða. Ef auka á niðurgreiðslur enn til þess að mæta verðhækkuninni, verður kjaraskerðingin óbein. Þá ber launþeginn kostnaðinn við niðurgreiðslurnar í einu eða öðru formi. Ekki verður því annað séð en kjaraskerðing hjá launþegum sé fram undan. Hið eina, sem gæti komið í veg fyrir það, væri, að hæstv. ríkisstj. gæti komið í veg fyrir yfirvofandi verðhækkanir án þess að þurfa að auka niðurgreiðslur. En hver, sem til þekkir, trúir því, að hún geti gert slíkt. Geti hún það ekki, rýrnar kaupmáttur launþega á fyrstu mánuðum næsta árs í síðasta lagi, og þá hefur hæstv. ríkisstj. einnig brugðizt loforði sínu um að auka kaupmátt láglaunastétta um 20% á tveimur árum.

Þótt ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafi nú enga stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, getur hún auðvitað ekki komizt hjá því að móta slíka stefnu, ef hún ætlar sér að vera við völd í vetur. Af fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram fyrir nokkrum dögum, verður bókstaflega ekkert um það ráðið, hver þessi stefna kann að verða. Það er líklega einsdæmi, að ríkisstj. standi frammi fyrir stórfelldum efnahagsvanda, sem allir vita, að bregðast þarf við innan fárra vikna, en leggi fram fjárlagafrv., þar sem hvorki er minnzt á, að vandinn sé fyrir hendi, né heldur hvaða ráða eigi að leita gegn honum. Boðað er, að ákvæði brbl. frá í sumar um hækkaðar fjölskyldubætur og auknar niðurgreiðslur í því sambandi eigi að falla niður, en ekkert sagt um það, hvort nokkuð og þá hvað eigi að koma í staðinn. Komi ekkert í staðinn, hækkar framfærslukostnaður stórlega. Samt er gert ráð fyrir því, að kaupgjaldsvísitala haldist óbreytt á næsta ári. Það getur því aðeins orðið, að framfærslukostnaður haldist óbreyttur. En hvernig hyggst ríkisstj. ná því marki. Um það er ekki eitt orð í fjárlagafrv. Augljóst er, að það mundi kosta mörg hundruð millj. kr. að halda áfram framkvæmd brbl. Í fjárlagafrv. rekur sig þess vegna eitt á annars horn. Í því er í raun og vera ekki heil brú. Leggi hæstv. ríkisstj. fram einhverjar till. í efnahagsmálunum, hlýtur að verða að endursemja þetta fjárlagafrv. Í grundvallaratriðum. Sem heild skoðað er því frv. nánast ómark.

En hverjar skyldu þá till. ríkisstj. verða? Um það er auðvitað erfitt að spá. Hæstv. ríkisstj. er svo ósamstæð, að ógerningur er að ráða í það, hvað ofan á kann að verða innan hennar. Eitt virðist þó augljóst: Hæstv. ríkisstj. hefur þegar tekið upp bótagreiðslur til sjávarútvegsins. Uppbótakerfið frá sjötta áratugnum er í endurfæðingu. Enn sem komið er hafa varasjóðir, sem ætlaðar hafa verið til þess að mæta verðfalli erlendis, einkum verið notaðir til að greiða kostnaðinn, þótt verðlag sé nú hærra en nokkru sinni fyrr. En slíku verður auðvitað ekki haldið áfram. Hvað tekur þá við? Hvernig ætlar ríkisstj. að afla fjár til áframhaldandi og aukinna uppbóta? Hér hlýtur að vera um stórar fjárhæðir að ræða. Ætlar hún að greiða öllum greinum sjávarútvegsins uppbætur eða aðeins sumum? Ætlar hún iðnaðinum að sitja við annað og óæðra borð en sjávarútveginum? Og hvað verður þá um iðnbyltinguna svonefndu? Þetta eru spurningar, sem ríkisstj. ein getur svarað og ætti í raun og veru að vera búin að svara. Það er þó ljóst, að ríkisstj. getur ekki aflað nýrra tekna til uppbótakerfis með því að hækka tekjuskatt, eignarskatt eða fasteignagjöld. Sú skattheimta er nú orðin svo gífurleg, að aukning hennar væri hróplegt ranglæti. En hvað ætlar ríkisstj. þá að gera? Ætlar hún að hækka söluskattinn? Eða ætlar hún að leggja á innflutningsgjöld? Um slíkar ráðstafanir hafa hæstv. ráðh. sagt sitt hvað á undanförnum árum.

Þá hefur því heyrzt fleygt, að hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að lögleiða nýjan vísitöluútreikning, þannig að kaupgjald hækki ekki í hlutfalli við aukningu framfærslukostnaðar eftir þeim reglum, sem launþegasamtök hafa nú samninga um, heldur nýjum reglum, sem leiði til minni kauphækkunar. Menn eiga raunar bágt með að trúa slíku. Það er eðlilegt, að mönnum þætti það sagt til næsta bæjar, ef í ljós skyldi koma, að núv. ráðh. og stuðningsflokkar þeirra séu í alvöru að hugleiða að ógilda tiltölulega nýgerða kjarasamninga með lögum og slá þannig stóru, rauðu striki yfir ótal stóryrði sín hér á Alþ. og utan þess í heils áratugs stjórnarandstöðu. En við sjáum hvað setur. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur hegðað sér svo undarlega að ótrúlega mörgu leyti, að mörgum finnst þeir geta átt von á hverju sem er.

Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við völdum fyrir rúmu ári, bundu auðvitað þeir við hana vonir, sem kosið höfðu stjórnarflokk-

ana. Hinir, sem kusu þá ekki, höfðu enga ástæðu til bjartsýni. En vonbrigði þau, sem hæstv. ríkisstj. hefur valdið, hafa orðið miklu meiri en nokkurn gat órað fyrir. Þau taka ekki aðeins til andstæðinga hæstv. ríkisstj., heldur einnig til stuðningsmanna hennar. Þessu veldur ekki aðeins stjórnleysi hennar og stefnuleysi. Því veldur einnig augljós sundrung innan ríkisstj. og óheilindin, sem ráða þar ríkjum. Þessa gætir ekki aðeins á vettvangi innanlandsmála, heldur einnig í meðferð landhelgismálsins, og er þó í engu máli meiri þörf fyrir samstöðu og heilindi en einmitt þar.

Þeim fer nú fækkandi dag frá degi, sem hafa trú á því, að hæstv. ríkisstj. sé vanda sínum vaxin. Þeim mun fyrr sem hæstv. ríkisstj. viðurkennir fyrir sjálfri sér og öðrum, að hún valdi ekki þeim vandamálum, sem hún sjálf ber meginábyrgð á, og dregur af því rétta ályktun, þeim mun betra fyrir íslenzka þjóð.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Blöð stjórnarandstæðinga hafa stundum látið í ljós áhuga á því að fá upplýsingar um, hvað væri að gerast í stjórnarherbúðunum á sviði samgöngu- og félagsmála. Þetta er að vonum, þar sem engar bumbur hafa verið barðar um þessi mál, og mun ég því fyrst og fremst, svo sem naumur tími vinnst til, verja ræðutíma mínum í kvöld til að gera þessum málum nokkur skil.

Á seinasta þingi var afgreidd ýmiss konar merk löggjöf á sviði félagsmála og samgöngumála. Tímans vegna verður hér aðeins talið upp það allra helzta:

Ég nefni fyrst lögin um 40 stunda vinnuviku, þá lögin um fjögurra vikna orlof, og enn löggjöf um orlof húsmæðra, breyting á lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem m. a. var niður felld vísitölubinding húsnæðislána, lögin um tekjustofna sveitarfélaga, lög um erfðafjárskatt, breyting á skipulagslögum og breyting á sveitastjórnarlögum.

Af löggjöf varðandi samgöngumálin ber að sjálfsögðu fyrst að nefna vegáætlunina, sem ákvað miklu stærri átök í vegamálum næstu 4 árin en nokkru sinni fyrr. Þá nefni ég nýja löggjöf um vitagjald, lög um eftirlit með skipum, breyting á lögum um ferðamál, breyting á lögum um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, og að síðustu framvarp til nýrra hafnalaga.

Á þessu þingi verður svo fram borið frumvarp, er tryggi, að vinnulaun fáist greidd, þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekanda, frumvarp til breytinga á orlofslögum, er tryggi betur rétt sjómanna, frumvarp til laga um byggingarsamvinnufélög og frumvarp til nýrra laga um ferðamál. Þá eru ný byggingalög í undirbúningi.

Unnið hefur verið að gagnaöflun og öðrum undirbúningi að setningu laga um alhliða vinnuvernd. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi lagasetningar um stofnun félagsmálaskóla verkalýðshreyfingar og samvinnusamtaka.

Flest er þetta samkvæmt fyrirheitum í stjórnarsáttmálanum. Þar var einnig lofað endurskoðun á skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta loforð var efnt með þeim ákvæðum tekjustofnalaga, að framlögum sveitarfélaga til almannatrygginga var af þeim létt, framlög sveitarfélaga til sjúkratrygginga voru lækkuð um helming og kostnaður sveitarfélaga við löggæzlu var með öllu felldur niður. Einnig voru iðgjöld til lífeyrisdeildar almannatrygginga og iðgjöld til sjúkrasamlaga afnumin.

Í sambandi við aukið sjálfsforræði byggðarlaga hefur tvennt gerzt: Landshlutasamtökum sveitarfélaga hefur verið tryggður tekjustofn og þannig séð fyrir nokkru starfsfé. Og með lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins er landshlutasamtökum sveitarfélaga tryggður tillöguréttur um byggðaáætlanir. Þá hefur félmrn. ritað Sambandi ísl. sveitarfélaga bréf, þar sem óskað er álits þess og tillagna um þau ákvæði sveitarstjórnarlaga og tekjustofnalaga, sem Sambandið teldi einkum þurfa breytinga við. Í því efni var einkum óskað álits á því, hver staða hinna nýju landshlutasamtaka ætti að vera gagnvart sveitarstjórnum, sýslunefndum og ráðuneyti.

Lofað var að gera framkvæmd orlofslaga auðveldari. Þetta verður efnt með þeim hætti, að orlofsmerki og orlofsbækur falla úr gildi. Þess í stað verður orlofsfé greitt með sama hætti og opinber gjöld, þ. e. að atvinnurekendur greiða orlofsfé til næstu póststöðvar innan þriggja daga frá greiðslu launa og afhenda skilagrein með orlofsfénu. Þessi nýskipan kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 1973. Hefur framkvæmdin öll þegar verið ákveðin með reglugerð.

Með því sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að flest af því, sem heitið var í stjórnarsáttmálanum varðandi félagsmál, er þegar komið allvel á undirbúningsstig eða til fullra framkvæmda.

Ekki verður annað sagt en að atvinnulífið standi nú með blóma. Kemur þar tvennt til: einkaatvinnurekstrinn er rekinn af fyllsta þrótti og hið opinbera — ríki og sveitarfélög — hefur sennilega aldrei færzt jafnmikið í fang og einmitt nú. Allt vinnufært fólk á Íslandi hefur nú verk að vinna. Enginn þarf að sitja auðum höndum. Á seinustu atvinnuleysisskráningu voru aðeins 100 nöfn á öllu landinu og þess naumast að vænta, að sú tala geti lægri orðið.

Vil ég nú gefa yfirlit yfir þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að í þeim ráðuneytum, er ég stjórna.

Vík ég þá fyrst að vegamálunum:

Með afgreiðslu vegáætlunar fyrir tímabilið 1972—1975 á seinasta þingi var ákveðið að veita mun meira fjármagni til vegamála á framkvæmdatímabilinu en nokkru sinni fyrr.

Niðurstöðutölur áætlunarinnar eru þessar hvert árið um sig: Á þessu ári 1790 milljónir, á árinu 1973 1957 milljónir, á árinu 1974 2100 milljónir og 2030 milljónir á árinu 1975.

Helztu framkvæmdir í vegamálum, það sem af er árinu, vil ég nefna þessar:

Á Vesturlandsvegi er verið að ljúka lagningu slitlags úr steinsteypu upp að Mógilsá í Kollafirði. Og um næstu mánaðamót verður varanlegt slitlag (olíuföl) komið á Suðurlandsveg um Hellisheiði, allt austur að Selfossi.

Krókóttasti og hættulegasti hluti Akranesvegar hefur verið endurbyggður og tekinn í notkun. Varanlegt slitlag hefur þó ekki verið lagt á hann.

Fyrir nokkru var kafli Norðurlandsvegar sunnan Akureyrar, að flugvelli, tekinn í notkun með malarslitlagi til bráðabirgða. Næsta sumar verður lagt malbik á kaflann og lokið ýmsum frágangi hans.

Þá er lokið að mestu þeim kafla Norðfjarðarvegar, sem liggur gegnum Egilsstaðakauptún, og hefur hann verið tekinn í notkun með malarslitlagi.

Þetta eru allt hraðbrautarframkvæmdir.

Framkvæmdir við lagningu þjóðbrauta og landsbrauta hafa í stórum dráttum gengið samkvæmt áætlun.

Ef stiklað er á stóru, má nefna eftirtaldar framkvæmdir í þjóðbrautum og landsbrautum: Á Ólafsvíkurvegi hefur verið tekin í notkun 3 km langur kafli. Ný brú byggð á Norðurá hjá Haugum, og vegagerð að henni svo til lokið. Á Hraunhreppsvegi syðri er lokið við 4 km kafla milli Akra og Kálfalækjar. Brú byggð á Tunguá á Vesturlandsvegi í Dölum, og vegur tengdur við hana. Og á Klofningsvegi er lokið við tæplega tveggja km kafla um Ytra-Fell.

Á Vestfjarðavegi er lokið við 6½ km kafla inn með Þorskafirði frá Kinnarstöðum að Kollabúðum og einnig 2.6 km kafla um Dagverðardal hjá Ísafirði. Á Barðastrandarvegi hefur verið lokið við tæplega fjögurra km kafla frá Brjánslæk að Flókalundi á Barðaströnd. Í Djúpvegi var lokið við 3 km kafla frá Kambsnesi að Eyri í Seyðisfirði, en frágangi þó ekki að fullu lokið. Þá hefur að mestu verið undirbyggður 6 km kafli frá Eyri í áttina að Hestfirði. Aðalframkvæmdir í Djúpvegi voru þó í Skötufirði. Var að mestu lokið við sprengingar frá Hjöllum að Kleifaósi. Brú var byggð á Kleifaós. Þessi kafli er um 9 km langur. Þá er að mestu búið að undirbyggja veginn frá Kleifaósi út fyrir Hvítanes, en sá kafli er 14 km langur. Eru þá eftir alveg óhreyfðir í Djúpvegi 18 km í Hestfirði. Standa því vonir til, að endar nái saman í Djúpvegi eftir 2 ár, svo sem ráð er fyrir gert í vegáætlun. Væri þá langbráðum áfanga náð í samgöngumálum Ísfirðinga og Djúpmanna.

Á Strandavegi sunnan Hólmavíkur var í sumar byggð ný brú á Hrófá og jafnframt byggður rösklega tveggja km langur vegarkafli. Er að þessu góð samgöngubót. Þá var endurbyggður 1.2 km langur vegarkafli um Ennisháls.

Á Norðurlandsvegi er lokið 4.4 km löngum kafla í Hrútafirði norðan við Stað og einnig tæplega tveggja km kafla hjá Sporðhúsum í V.-Húnavatnssýslu. Í lok þessa mánaðar verður lokið byggingu nýrrar brúar á Hnausakvísl í Vatnsdal, og einnig er lokið lagningu um 2 km kafla í Langadal og frágangi á 7 km vegi, sem ekki var fullgerður á s. l. ári.

Milli Víðimýrar og Silfrastaða hefur verið lokið við rúml. km kafla hjá Miðhúsum og byggð ný brú á Úlfsstaðagil. Á Sauðárkróksbraut hefur verið lokið við byggingu nýrra brúa á Grófargil og Staðará og lagningu rúml. 3 km vegarkafla í því sambandi. Þá hefur á Siglufjarðarvegi í Fljótum verið unnið að framkvæmdum á 8 km kafla milli Móskóga og Brúnastaða. Í Ólafsfjarðarvegi mun verða lokið framkvæmdum, sem boðnar voru út á liðnu ári milli Reistarár og Fagraskógar, og nú er unnið að framkvæmdum milli Reistarár og Hörgárbrúar. Einnig er lokið lagningu vegarkafla næst Dalvík að norðan og byggingu brúar á Brimnesá.

Á Tjörnesvegi er lokið lagningu 6 km kafla milli Bakka og Rekárgils. Í Axarfirði lauk lagningu 6.5 km kafla milli Jökulsár og Klifshaga.

Þá var í sumar lokið við 11 km veg um Hálsa milli Raufarhafnar og Þórshafnar. Er þeirri vegagerð mjög fagnað af héraðsbúum, því að hún bætir mjög vetrarsamgöngur milli þessara kauptúna. Lokið verður við byggingu nýrrar brúar á Skjálfandafljót á Norðurlandsvegi hjá Fosshóli í byrjun næsta mánaðar.

Á Norðurlandsvegi er lokið byggingu brúar á Sauðá á Jökuldal, — og byggingu brúar á Gilsá verður lokið í haust.

Framkvæmdum við jarðgöng í Oddsskarði hefur miðað hægar en gert var ráð fyrir sökum óvæntra erfiðleika. Er því tæpast búizt við, að sprengingum jarðganganna verði lokið fyrir áramót, eins og áætlað hafði verið.

Aðrar framkvæmdir í Austurlandskjördæmi hafa gengið eftir áætlun, enda hefur tíðarfar verið þar einmuna gott í sumar.

Í sambandi við framkvæmdir á Skeiðarársandi austan sands er rétt að skýra frá, að lagður hefur verið 6 km kafli frá Virkisá og nokkuð fram hjá Svínafelli.

Í sambandi við framkvæmdir á Skeiðarársandi að vestanverðu (hringveginn) hafa verið lagðir 25 km af nýjum vegi milli Kirkjubæjarklausturs og Lómagnúps og 6.5 km endurbyggðir. Á þessari leið hafa verið byggðar 6 brýr, og er brúin á Breiðbalakvísl (Stjórn og Geirlandsá) þeirra lengst, eða 166 metrar. Framkvæmdir við sjálfar brýrnar á Skeiðarársandi hófust í september, og er nú langt komið niðurrekstri steyptra staura undir stöpla brúar á Núpsvötn og Súlu. Er gert ráð fyrir, að byggingu stöpla verði e. t. v. lokið í byrjun desember. Boðið hefur verið út stál í allar brýrnar á Skeiðarársandi og samningum þar að lútandi lokið við lægstbjóðanda, sem var stórfyrirtækið Dorman Long í Skotlandi. Samkvæmt þeim samningi kemur stálið í brúna á Núpsvötn og Súlu í byrjun febrúar. — Hafa allar þessar framkvæmdir gengið samkvæmt áætlun til þessa.

Í Meðallandsvegi hefur verið lagður 4 km vegarkafli milli Efri-Eyjar og Melhóls. Þá hefur verið byggður nýr vegarkafli hjá Tungufljóti í Skaftártungu á Suðurlandsvegi og endurbyggður um 3 km kafli á Suðurlandsvegi á Mýrdalssandi vestan Blautukvíslar. — Í Rangárvallasýslu voru endurbyggðar 2 brýr á Suðurlandsvegi, á Kaldaklifsá og Steinlæk í Holtum, og vegur tengdur við þær. Á Þykkvabæjarvegi var endurbyggður 4 km kafli sunnan við Djúpá.

Á Þingvöllum var unnið nokkuð að vegaframkvæmdum ofan til á Leirum og við heimreið að Valhöll til undirbúnings þess, að unnt verði að leggja olíumalarslitlag á þennan vegarkafla á næsta ári. Þá voru endurbyggðir 2.5 km af Álftanesvegi ásamt heimreið að Bessastöðum, og er

þess vænzt, að unnt verði að ljúka lagningu olíumalar á þennan kafla í haust.

Helztu framkvæmdir næsta árs hafa fengið verkfræðilegan undirbúning. Þannig hefur verið gerð lokaáætlun um hraðbrautarkaflann í Vesturlandsvegi frá Mógilsá í Kollafirði inn fyrir Kiðafell. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi vegagerðar við Borgarfjörð milli Selleyrar og Borgarness. Unnið hefur verið að lokaáætlun um kaflann á Suðurlandsvegi frá Selfossi að vegamótum Hrunamannavegar.

Einnig hefur verið unnið að gerð lokaáætlunar um kaflann norðan Akureyrar og hluti af því verki fullgerður. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi að áætlun um veg fyrir botni Eyjafjarðar og á syðsta hluta Svalbarðsstrandar, og er nú beðið álits skipulagsyfirvalda um legu vegarins á þessum slóðum.

Útboðsgögn að lagningu varanlegs slitlags á Grindavíkurveg og Reykjanesbraut um Miðnesheiði verða tilbúin upp úr áramótum.

Þá er hafinn undirbúningur að lagfæringum, sem nauðsynlegar eru, áður en varanlegt slitlag verður lagt á Hnífsdalsveg, og á öðrum undirbúningi að vera lokið snemma á næsta ári.

Einnig hefur verið unnið að verkfræðilegum undirbúningi fyrirhugaðra framkvæmda á næsta ári í þjóðbrautum og landsbrautum.

Líkur eru á, að kostnaður við framkvæmdir í almennum höfnum verði á þessu ári um 185 millj. kr. Alls er unnið á 23 stöðum. Unnið verður að landshöfnum fyrir um 20 millj. kr., auk þess sem greidd hafa verið bráðabirgðalán frá liðnu ári, um 8 millj. kr., og til þess notað fé, sem aflað var skv. framkvæmdaáætlun ríkisstj.

Að hafnaframkvæmdum hefur verið unnið í samráði við heimaaðila, og hliðsjón höfð af 4 ára áætlun þeirri, sem gerð var fyrir árin 1969—1972. Vegna fjárhagsörðugleika hafnarsjóða hefur ekki tekizt að ljúka öllum þáttum hennar, en þó tel ég, að verulegt gagn hafi orðið af þessari áætlunargerð. — Er nú unnið að gerð nýrrar 4 ára áætlunar um hafnargerðir og safnað til þess gögnum. Hefur sveitarfélögum verið gefinn kostur á að koma óskum sínum á framfæri, en með því að ný hafnalög verða sennilega afgreidd á þessu þingi, hefur ekki þótt rétt að fullvinna áætlunina, en óskir heimamanna kynntar fjvn. í sambandi við væntanlegar fjárveitingar ársins 1973.

Geta má þess, að lokið er nú skýrslu um athuganir á möguleikum til hafnargerðar við Dyrhólaey. Að þessum rannsóknum hefur verið unnið allt frá árinu 1958.

Helztu nýmæli í vitamálum eru þau, að veruleg hækkun vitagjalds var lögleidd á árinu. Gerir hún fært að hraða meir en ella endurnýjun og fullkomnun vitakerfisins. Sérstaklega er nauðsynlegt að endurnýja flesta radióvitana, sem orðnir eru mjög gamlir og erfiðir í viðhaldi sökum varahlutaskorts. Þá hefur átt sér stað á undanförnum árum veruleg fjölgun ljósdufla, og er sú reynsla, sem komin er af notkun radiósvarvita, ákveðin ábending um, að knýjandi þörf sé á fjölgun þeirra.

Ákveðin hefur verið endurnýjun radióvitanna og undirbúningur hafinn að fjölgun radiósvarvita.

Væntanleg er mjög bráðlega skýrsla um störf nefndar, sem skipuð var skv. þál. til að athuga radióstaðsetningakerfi við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða, en líkur eru til, að slíkt kerfi verði ærið kostnaðarsamt.

Nú er unnið að undirbúningi lokaframkvæmda þess áfanga Rifshafnar, sem hafinn var fyrir 10 árum og ætti að veita þeim bátaflota, sem þar er gerður út, mjög bætta aðstöðu og aukið öryggi. Þá er einnig í undirbúningi hönnun vegna bráðnauðsynlegrar stækkunar Þorlákshafnar og endurbóta á bátahöfninni í Njarðvík

Hafnasambandið hefur í samstarfi við hafnarstjóra unnið ágætt og mikilvægt starf við endurskoðun og samræmingu á gjaldskrám hafnanna. Hafa mjög margar gjaldskrár þegar verið endurskoðaðar og samræmdar. Ættu hinar nýju gjaldskrár að létta verulega fjárhag margra hafna, — en nokkrar, sérstaklega smærri hafnir, og staðir með mjög dýr mannvirki munu eftir sem áður eiga í miklum erfiðleikum vegna mikilla skulda frá liðnum tíma.

Hinir vaxandi erfiðleikar hafnarsjóðanna leiddu til þess, að á árinu voru hafnalög endurskoðuð af nefnd, sem skipuð var á s. l. ári, og frumvarp að nýjum hafnalögum lagt fyrir seinasta þing, en náði ekki afgreiðslu. Verður það nú borið fram á ný í byrjun þessa þings og vafalaust afgreitt sem lög á þessu þingi. Með hinum væntanlegu nýju hafnalögum verður hagur hafnarsjóðanna bættur verulega og fjárframlög ríkisins til hafnargerða aukin til muna. — Þannig eru hin þýðingarmiklu hafnamál nú á ýmsan hátt í deiglunni.

Fjárveiting til flugmála fékkst verulega hækkuð á þessu ári, og er því um nokkuð auknar framkvæmdir í þjónustu flugmála að ræða á árinu. En þar er svo margt ógert, að brýn þörf væri á stórhækkuðum fjárveitingum til þessara mála, enda sanngjarnt og sjálfsagt með tilliti til þess, hve gífurlega þýðingarmikill þáttur flugmálin eru orðin í samgöngumálum þjóðarinnar.

Vil ég nú nefna það helzta, sem framkvæmt hefur verið á árinu og unnið er að um þessar mundir varðandi aðstöðu flugmálanna.

Unnið hefur verið áfram að stækkun Flugstöðvarinnar á Akureyri og byrjað á lengingu flugbrautarinnar til norðurs.

Á Ísafirði var flugbrautin breikkuð og athafnasvæði við flugstöð stækkað. Þá hefur verið unnið að uppsetningu nýs radióvita við Reykjanesskóla.

Gerðar voru í sumar athuganir á stöðum, sem til greina gætu komið sem nýtt flugvallarstæði hjá Egilsstöðum. Fullnaðarniðurstöður þessara athugana liggja þó ekki enn fyrir, en verður hraðað. Aðflugshallaljós voru sett á norðurenda Egilsstaðaflugvallar. Á Hornafirði var nýtt yfirlag sett á N-S-flugbraut og aðflugshallaljós sett á báða enda hennar. Í Vestmannaeyjum var unnið að því að fullgera lengingu N-S-flugbrautar. Aðflugshallaljós voru sett á báða enda A-V-flugbrautar. Í Stykkishólmi var unnið að gerð nýs flugvallar. Verður þeirri framkvæmd væntanlega lokið á næsta ári. Á Patreksfirði var leitt vatn að flugvellinum og hreinlætisaðstöðu komið fyrir. Þeirri framkvæmd er þó ekki að fullu lokið. Á Þingeyri var nýtt yfirlag sett á flug-

brautina, farþegaskýli stækkað og völlurinn girtur. Að Holti í Önundarfirði var flugbrautin lengd um 150 metra. Í Bolungarvík var flugbrautin endurbyggð. Á Þórshöfn var farþegaskýli endurbætt og hreinlætisaðstöðu komið fyrir. Á Bakkafirði var nýr 600 m sjúkraflugvöllur byggður. Á Fáskrúðsfirði var einnig byggð ný flugbraut. Dýrasta framkvæmdin, sem ráðizt var í á árinu, var þó endurbætur á Reykjavíkurflugvelli. Vegna lengingar A-V-flugbrautar varð að skipta um jarðveg á 350 metra kafla, og voru af því malbikaðir 230 metrar. Aðrar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli eru þær, að flugvélastæði hafa verið malbikuð og haldið áfram girðingu umhverfis völlinn. Unnið er að uppsetningu aðflugsljósa. Aðflugshallaljós hafa verið sett á flugbraut 14 og skýjahæðarmælir keyptur í samvinnu við Veðurstofuna.

Af öðrum fjárfestingum flugmálanna má nefna endurbætur á fjarskiptatækjum ýmissa flugvalla, kaup á slökkvivögnum á helztu flugvelli og færanleg ljósker á nokkrar flugbrautir. Einnig er hafinn undirbúningur að uppsetningu fjölstefnuvita á S-A-landi Og loks hefur flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík fengið til afnota ratsjárbúnað, sem tengdur er langdrægri ratsjárstöð við Keflavíkurflugvöll.

Á sviði póst- og símamála er talsverður framkvæmdahraði, þó að mörgum þyki hægt miða og aðkallandi verkefni séu nær óþrjótandi.

Engin samgöngutæki hafa í eins ríkum mæli og síminn rofið einangrun fólksins í sveitunum. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í uppbyggingu sjálfvirks símakerfis. Alls eru nú 60 sjálfvirkar símstöðvar á landinu öllu, þar af 4 á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir fáum dögum var opnuð sjálfvirk símstöð í Búðardal, og ráðgert er að ljúka uppsetningu sjálfvirkra símstöðva í Grímsey og á Kirkjubæjarklaustri á þessu ári. Fyrri hluta næsta árs verður væntanlega lokið við uppsetningu sjálfvirkra símstöðva á Reyðarfirði, Þingeyri, Þórshöfn og í Breiðholti.

Til þessa hafa aðeins örfáir sveitabæir fengið sjálfvirka síma með sérstökum tengibúnaði út frá Brúarlandi, Akranesi, Akureyri og Dalvík.

Á árinu 1974 er svo ráðgert að vinna að uppsetningu sjálfvirkra símstöðva á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi, svo og í sveitum út frá Víðihlíð, Marteinstungu, Aratungu og Hnausum. Að þessum áfanga loknum hefðu allir þéttbýliskjarnar landsins fengið sjálfvirkan síma og sjálfvirki síminn þó einnig hafið innreið sína í sveitirnar. Auðvitað yrði svo unnið að uppbyggingu sjálfvirka símans í sveitum landsins eftir ýtrustu fjárhagsgetu.

Það er álit yfirstjórnar Landssímans, að sérstaka áherzlu beri jafnframt að leggja á radíótalstöðvar í skipum, bátum og farartækjum á landi. Fer notkun þeirra mjög ört vaxandi vegna hagkvæmni og öryggis, sem þær veita. En verkefnin eru aðkallandi á fleiri sviðum símamála. Það verður ekki síður að leggja áherzlu á aukningu langlínukerfisins, en það er nú víða veikburða og þröngt. Þó hefur það nú upp á síðkastið verið bætt stórlega á nokkrum höfuðleiðum.

Milli Reykjavíkur og Selfoss verður fjölsímalínum fjölgaði úr 48 í 120, auk gamla jarðsímans, sem er með 37 línur.

Milli Akureyrar og Húsavíkur hefur verið fjölgað úr 24 fjölsímalínum í 60, auk 24 nýrra lína milli Húsavíkur og Breiðumýrar/Reynihlíðar við Mývatn. Þá hefur línufjöldinn út frá Brú til Hvammstanga verið aukinn í 12 línur og til Blönduóss í 60 línur, sem þó er hægt að fjölga í 120 línur. Sambandið Reykjavík—Ísafjörður hefur verið aukið um 12 línur. — Þetta eru helztu umbæturnar varðandi langlínusamböndin.

Margar radíótalstöðvar á landssímastöðvum (svokallaðar strandarstöðvar) hafa verið endurnýjaðar, til þess að þær geti svarað kröfum tímans.

Radíóstöðin á Gagnheiði hefur verið aukin að tækjabúnaði vegna símasambanda, sem nauðsynleg verða, þegar sjálfvirka símakerfið á Austurlandi verður orðið útbreiddara, en það gerist nú smám saman á næstu árum.

Á þessu ári hefur verið lokið við smíði póst- og símahúsa á eftirtöldum stöðum: Grindavík, Breiðholti, Reyðarfirði, Seyðisfirði, Eskifirði, Hveragerði, Vopnafirði, Breiðumýri og á Staðarhóli.

Í smíðum eru póst- og símahús á Þingeyri og á Fáskrúðsfirði.

Á næsta ári er áformað að hefja smíði húsa á Laugarvatni, við Mývatn, í Bolungarvík, á Hellissandi, Varmahlíð og í Keflavík. Og í Reykjavík verður að byggja aðalpóstgreiningarstöð.

Þessu næst koma til greina ný póst- og símahús á eftirtöldum stöðum: Stöðvarfirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Hólmavík (II. áfangi), Blönduósi (II. áfangi), Brúarlandi og stækkun á Húsavík. Einnig þarf víða að byggja vélahús í sveitum.

Hér hefur aðeins verið stiklað á því stærsta, og má því öllum ljóst vera, að í mörg horn er að líta hjá Pósti og síma.

Ein er sún stofnun, er heyrir undir samgrn., sem eftir lagasetningu 1970 hefur vaxið mjög að verkefnum og þýðingu. Það er Siglingamálastofnun ríkisins. Væri fyllsta ástæða til að gera rækilega grein fyrir starfssviði hennar og störfum, en ég sé, að tími minn er þrotinn, og verður það því að bíða betri tíma.

Herra forseti. Aðeins að lokum örfá orð um landhelgismálið, sem ég vil nefna mál allrar ríkisstjórnarinnar, mál allra stjórnmálaflokka, mál allrar þjóðarinnar.

Það var mikill gæfudagur, þegar allir íslenzkir alþingismenn sameinuðust um að ná þeim áfanga að færa íslenzka fiskveiðalögsögu út í 50 sjómílur. Þennan einróma þingvilja og þjóðarvilja framkvæmdum við 1. sept. síðastliðinn, góðu heilli. En þar með er þó enginn lokasigur unninn. Bendir nú flest til, að þetta hefðum við þurft að gera miklu fyrr. Um það ber brezkum fiskifræðingum og íslenzkum saman, að svo langt sé komið á þeirri braut að útrýma þorkstofninum á Íslandsmiðum, að um 60% af þeim þorski, sem brezkir togarar veiða hér við land, sé nú smáfiskur undir 60 cm á lengd — ókynþroska fiskur. Þetta er líka staðfest álit íslenzkra

togarasjómanna, þ. e. reynslu og vísindum ber saman. Þetta er hryllileg staðreynd og ætti að gera öllum ljóst, að fyrst svo er komið, er hér í raunínni ekkert rúm — ég segi ekkert rúm fyrir togaraflota erlendra þjóða. Vegna réttar Íslendinga til að lifa í landinu eru þeir að vísu tilneyddir að auka sóknina á íslenzk mið, og er þó nógu illt að verða að gera það, svo sem komið er. En því miður er sá kostur ekki fyrir hendi að geta rekið alla erlenda veiðiþjófa út fyrir 50 mílna mörkin þegar í stað, sem okkur væri þó lífsnauðsyn að geta.

Kostirnir eru aðeins tveir. Og þá verðum við að meta af raunsæi: Að leggja út í hart stríð — sem mér virðist geta staðið í 2—3 ár — við alla erlenda veiðiþjófa, með það takmark fyrir augum að draga sem mest má verða með öllum tiltækum ráðum úr aflamagni þeirra. Hinn kosturinn er sá að freista þess að ná bráðabirgðasamningum við Breta og Þjóðverja, og líður nú brátt að því, að þar verði að bíta úr nálinni. Ég held, að það verði dómur þjóðarinnar, að þann kostinn beri að velja — þótt hvorugur sé góður — sem líklegri verði talinn til þess eftir vandlega skoðun að bjarga þorskstofninum á Íslandsmiðum frá eyðingu. — Önnur sjónarmið, svo sem metnaður og annað þvílíkt, held ég verði léttvæg fundin.

En hvaða kostur sem valinn verður, er eitt nauðsynlegt: að þjóðareining um málið verði ekki rofin af neinum. Það er sannfæring mín, að hver sá stjórnmálamaður, sem reyndi að slá sig til raddara á landhelgismálinu, eða sá stjórnmálaflokkur, sem það reyndi, fengi af því enga sæmd. Það sæmir engum að telja sig öðrum heilli í landhelgismálinu, því að í því máli eru allir Íslendingar heils hugar. Hvíslingar um úrtölu- og undanhaldsmenn í þessu máli málanna eru fram til þessa tilefnislausar og aðeins til þess fallnar að grafa undan og veikja samstöðu þjóðarinnar.

Í landhelgismálinu skulum við gera öllum heimi opinbert, að við erum einhuga þjóð, sem á ekkert minna en líf sitt og framtíð að verja og gefst því aldrei upp fyrir ofbeldinu. — Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég vil leyfa mér að nota þær fáu mínútur, sem ég hef hér til umráða, til þess að gera grein fyrir helztu störfum utanrrn. þann tíma, sem ég hef starfað þar, svo og því, sem fyrirsjáanlega er fram undan.

Hinn 18. ágúst 1971 fór ég ásamt embættismönnum rn. í fyrsta skipti utan þeirra erinda að kynna opinberlega þá fyrirætlan okkar að færa landhelgina út í 50 mílur hinn 1. sept. 1972. Átti ég þá fundi með ráðamönnum í London og Bonn um þessi mál og reyndi jafnframt að kynna málið í fjölmiðlum, með blaðamannafundum og á annan hátt. Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hélt ég ræðu þann 29. sept. 1971, þar sem ég leitaðist við að skýra afstöðu ríkisstj. til helztu málaflokka, er þinginu var ætlað að fást við. En meiri hluti ræðunnar fjallaði um landhelgismálið og fyrirhugaða útfærslu, og held ég, að mér sé óhætt að segja, að ræðan hafi vakið þó nokkra athygli, og miða þá við það, hversu margir erlendir fulltrúar ræddu við okkur í íslenzku sendinefndinni um það mál, er hún snerti. Síðan hefur verið unnið sleitulaust í utanrrn. að landhelgismálinu, og má greina þau störf í þrennt: 1) samningaviðræður við erlendar þjóðir, 2) þátttöku í störfum undirbúningsnefndar að þriðju hafréttarráðstefnunnni og 3) alhliða kynningarstarfsemi.

Um 1. liðinn vil ég segja, að síðan umrædd ferð var farin í ágúst 1971, höfum við átt marga fundi með brezkum og vestur-þýzkum ráðh. og embættismönnum um hugsanlega bráðabirgðasamninga til undanþáguveiða innan 50 mílna markanna, og hafa þær samningaviðræður farið fram í góðri samvinnu við sjútvrn., sem mál þetta af augljósum ástæðum snertir mjög. Þessar samningaviðræður hafa, svo sem kunnugt er, enn þá eigi leitt til niðurstöðu, en allir aðilar hafa lýst sig reiðubúna til áframhaldandi starfa á þeim vettvangi. Nýlokið er hér í Reykjavík könnunarviðræðum embættismanna, íslenzkra og brezkra, og geri ég mér vonir um, að ráðherraviðræður geti farið fram, áður en langt um líður, þar sem reynt verði til þrautar að komast að bráðabirgðasamkomulagi. Og í gær barst ósk þýzku ríkisstj. um nýjar viðræður, sem enn þá er til athugunar hjá ríkisstj. Íslands.

Hinn 16. ágúst s. l. voru undirritaðir samningar við Færeyinga um línu- og handfæraveiðar innan 50 mílna markanna. Þar er ákveðið, að færeysk skip megi veiða innan 50 mílna frá landi eftir nánar ákveðnum reglum, enda sæki þeir um leyfi Íslendinga fyrir þau einstök skip, er veiðarnar hyggjast stunda. Jafnframt var ákveðið að taka síðar upp viðræður um veiðar færeyskra togskipa, en til bráðabirgða fallizt á, að þeir færeyskir togarar, er væru á veiðum innan 50 mílnanna, fengju leyfi til að ljúka yfirstandandi veiðiferð, en yrðu þó að vera horfnir út fyrir mörkin eigi síðar en 1. okt., ef þá væru ekki til komnir nýir samningar. Samkomulag þetta hefur nú verið framlengt um ótiltekinn tíma.

Hinn 7. sept. s. l. var skipzt á erindum við ríkisstj. Belgíu og þar með gengið frá samkomulagi um veiðiheimild til belgískra togara í íslenzkri landhelgi. Aðalefni samkomulagsins er, að Belgar fá rétt til veiða á tilteknum svæðum og tilteknum tímum fyrir þau skip, er hér hafa áður stundað veiðar, enda verði sótt um leyfi til íslenzkra stjórnvalda hverju sinni. Samkomulagið gildir til 1. júní 1974, svo sem áðurgreint samkomulag við Færeyinga einnig gerir. Með þessum samkomulagsgerðum hefur verið tryggð í reynd viðurkenning tveggja þeirra þjóða, er hér hafa stundað veiðar, á útfærslu fiskveiðilögsögunnar, og er því um mjög þýðingarmikla áfanga að ræða í baráttu okkar fyrir viðurkenningu hennar.

Svo sem kunnugt er, hafa Pólverjar stundað nokkrar veiðar á Íslandsmiðum, og hafa þeir nú einnig farið fram á viðræður um málið. Utanrrn. hefur af því tilefni falið sendiherra Íslands í Póllandi að kanna, hvaða hugmyndir Pólverjar hafa um hugsanlega samningagerð. Í

New York hitti ég utanrrh. Póllands, og lýsti hann þá áhuga sínum á þessum samningaumleitunum, þannig að ég geri ráð fyrir, að þær geti hafizt mjög bráðlega. Einnig hafa Austur-Þjóðverjar látið í ljós áhuga á viðræðum um þessi efni.

Um 2. liðinn, hafréttarráðstefnuna, vil ég segja þetta: Undirbúningsnefnd þriðju hafréttarráðstefnunnar hefur á því tímabili, sem hér er um fjallað, síðan í júlí í fyrra, haldið þrjá fundi, þ. e. í Genf í júlí 1971, New York í marz 1972 og aftur í Genf í júlí og ágústmánuði 1972. Á öllum þessum fundum hafa Íslendingar haft sendinefndir, er skipaðar hafa verið auk embættismanna fulltrúum stjórnmálaflokkanna. Formaður hefur í öll skiptin verið Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur, sem jafnan hefur haldið á fundunum skeleggar ræður til kynningar hins íslenzka málstaðar, en auk þess hafa allir nm. notað hvert tækifæri, sem gefizt hefur til kynningar í einkasamtölum og á annan hátt. Það virðist samdóma álit íslenzku sendimannanna, að talsvert hafi þokazt í rétta átt á þessum fundum. Engu að síður er varlegra að treysta ekki um of á skjóta lausn landhelgismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar eð andstæðingar hinnar frjálslyndari kenningar um viðáttu fiskveiðilögsögu eru voldugir og ófúsir til að gefa eftir þau forréttindi, er þeir hafa lengi notið. Mjög er óvíst, hvenær fyrirhuguð ráðstefna verður haldin, og enn þá vafasamara, hvort nægilegur meiri hluti fæst fyrir ákveðinni niðurstöðu. Er því augljóst, eins og nú er komið ástandi fiskistofnanna hér við land, að ekki gat komið til mála að bíða með útfærslu landhelginnar eftir því, að málin leystust á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða.

Um 3. liðinn, kynninguna, má segja, að öflugri kynningarstarfsemi hafi verið haldið uppi og til þess leitað ýmissa ráða. Bæklingar hafa verið gefnir út af utanrrn., og hefur þeim verið dreift víða. Einnig hafa aðrir aðilar gefið út talsvert af bæklingum, sem víða hafa farið. Gerð hefur verið stutt kvikmynd um málið, og hefur öllum íslenzku sendiráðunum verið send hún með fyrirmælum um að koma henni á framfæri, og hefur svo verið gert, í flestum tilvikum á blaðamannafundum. Ráðið hefur verið fyrirtækið Wittacker Hunt í London til kynningar á okkar málstað. Þá er einnig vert að geta sérstaklega starfs blaðafulltrúa ríkisstj., Hannesar Jónssonar, sem af miklum dugnaði hefur gengið fram til kynningar á landhelgismálinu erlendis, oft við erfið skilyrði. Síðast, en ekki sízt er vert að geta um mikilsverðan stuðning einstaklinga og félaga, sem lagt hafa málinu drengilegt lið, en of langt yrði hér upp að telja.

Á 27. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hélt ég hinn 29. f. m. ræðu, svo sem venja hefur verið íslenzkra utanrrh. Að þessu sinni fjallaði ræðan eingöngu um landhelgismálið, og skýrði ég afstöðu okkar til Alþjóðadómstólsins og þeirrar málshöfðunar, sem þar hefur farið fram gegn okkur, afstöðu okkar og vonir þær, er bið bindum við 3. hafréttarráðstefnuna, ástand fiskistofna í Norðurhöfum, og endurtók þau almennu rök, er að okkar mati gerðu það óhjákvæmilegt fyrir okkur að færa landhelgina út. Það er auðvitað ekki mitt að leggja dóm á það, hvernig þessi ræðuflutningur hefur tekizt, en ég þori að fullyrða, að málflutningur okkar vakti mikla athygli og átti talsverðan hljómgrunn hjá þeim, er hlýddu, enda þótt auðvitað væru einnig viðstaddir svarnir andstæðingar hans, svo sem fulltrúar Breta, sem sáu sig knúða til að mótmæla strax, en slíkt er fremur fátítt á allsherjarþingum.

Um önnur atriði málefnasamningsins, er utanríkismál snerta, er það að segja, að ég hef leitazt við að hafa náið samstarf við utanrmn. og Alþ., m. a. með skýrslum um utanríkismál, er orðið hfaa grundvöllur almennra umr. Ég hef einnig kappkostað að hafa náin tengsl við Norðurlandaþjóðirnar, og leitazt hefur verið við að samræma afstöðu Norðurlandanna til einstakra mála á alþjóðavettvangi. Innan Sameinuðu þjóðanna höfum við skipað okkur í hóp þeirra ríkja, er hjálpa vilja undirokuðum þjóðum til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

Um varnarmálin er það að segja, að þau hafa fallið í skugga landhelgismálsins, og verður að játa, að lítið hefur enn verið gert til efnda á þeim kafla málefnasamnings ríkisstj. Þarf það raunar engum á óvart að koma, þar sem ég hef frá upphafi sagt, að varnarmálin yrðu að bíða, þar til mesta starfið að útfærslu landhelginnar væri að baki, og allir ráðh. í ríkisstj. hafa verið sammála um, að svo þyrfti að vera, þar sem hið fámenna utanrrn. hefði ekki bolmagn til að sinna tveim svo umfangsmiklum málum samtímis. Nokkur könnun á sumum þeirra atriða, er mestu máli skipta í sambandi við úrlausn þessa máls, hefur þó þegar farið fram, en mikið skortir enn á, að henni sé að fullu lokið.

Ég hef nú ákveðið að hefja viðræður við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins í janúarmánuði n. k. Ber þar aðallega tvennt til. Í fyrsta lagi verður að vona, að mestu annirnar vegna landhelgismálsins verði þá um garð gengnar, og þá verða kosningarnar í Bandaríkjunum einnig afstaðnar, en óhægt mun að ræða þessi mál við Bandaríkjastjórn fyrr en þar er komið sögu.

Sérstakir samningar við Efnahagsbandalag Evrópu hafa þegar verið undirritaðir, svo sem ákveðið var í málefnasamningi ríkisstj. að leitað skyldi. Þeir samningar voru fyrir okkar hönd gerðir af nefnd embættismanna, sem undir forustu Þórhalls Ásgeirssonar ráðuneytisstjóra vann mikið og erfitt starf að undirbúningi þeirra. Samningarnir eru að mati kunnugra okkur hagstæðir, ef undan er skilið það atriði, að bandalagið getur ákveðið, að þýðingarmesti hluti samningsins komi eigi til framkvæmda, nema fundin verði — það sem þar er nefnt — viðunandi lausn á þeim vanda, er skapast kann við útfærslu íslenzku fiskveiðilögsögunnar. Slíkri samtengingu viðskiptasamnings og fiskveiðilögsögu höfum við frá upphafi mótmælt. Vert er að gefa því gaum í þessu sambandi, að samningur sá, sem ég áðan nefndi og gerður var við Belgíu í s. l. mánuði, uppfyllir einmitt

þau skilyrði, sem hér greinir, og hefur mér nýlega borizt skrifleg staðfesting á því frá utanrrh. Belgíu.

Samningurinn við Efnahagsbandalagið er vafalaust ein af ástæðunum fyrir því, að Alþ. fól ríkisstj. hinn 15. febr. s. l. með 60 shlj. atkv. að halda áfram samkomulagsumleitunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, því að auðvitað væri æskilegast, að öll þessi mál mætti leysa með samkomulagi, þó þannig auðvitað, að fyllsti réttur Íslendinga yfir eigin landhelgi verði tryggður.

Að síðustu get ég þess hér, að ég hef látið kanna nokkuð, á hvern hátt utanríkisþjónustan gæti frekar orðið að liði við markaðskönnun og markaðsleit fyrir íslenzka framleiðslu erlendis en verið hefur. Vonast ég til að geta lagt fram till. um þetta, áður en langt um líður.

Um framtíðina vil ég að lokum aðeins segja, að ljóst er, að áfram verður unnið að þeim málum, er hér hefur verið drepið á, auk þess sem ný úrlausnarefni ber að höndum nær daglega á sviði utanríkissamskipta. Verður hér eftir sem hingað til leitazt við að starfa í þeim anda, er málefnasamningur okkar gerir ráð fyrir: Að mynda sér sjálfstæða skoðun á því, sem að höndum ber, og ráða fram úr því á þann hátt, er samrýmist sjálfstæðu, en vopnlausu smáríki, eins og hæstv. forsrh. komst að orði í ræðu sinni hér fyrr í kvöld, þótt slík skoðanamyndun sé formanni Alþfl. greinilega lítt að skapi, ef marka má ummæli hans hér áðan.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Jón Árnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Greinilegt er, að núv. stjórnarflokkar hafa gefizt upp við að telja fólki trú um, að viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum hafi ekki verið góður. Það var aðeins hæstv. sjútvrh., sem reyndi hér áðan að krafsa lítið eitt í bakkann, en ekkert vitnar betur um, hvað aðkoman var góð að þeirra dómi, en sjálfur stjórnarsáttmálinn, þar sem þeir töldu þegar í upphafi, að óhætt væri að lofa launþegum 20% kaupmáttaraukningu á næstu tveim árum. Það talar einnig sínu máli, að hin nýja ríkisstj. sá sér fært að ráðstafa úr ríkissjóði hundruðum millj. kr. þegar á sínum fyrstu dögum. Það var einnig ánægjuleg staðreynd, að vegna góðrar afkomu ríkissjóðs var mögulegt að láta lög um almannatryggingar, sem samþ. voru á Alþ. þann 6. apríl 1971 og fólu í sér auknar bætur á ellilífeyri og örorku koma til framkvæmda nokkrum mánuðum fyrr en annars hefði orðið. Allt þetta talar sínu máli um góðan viðskilnað fyrrv. ríkisstj.

Mönnum er enn í fersku minni sá áróður, sem fyrrv. stjórnarandstöðuflokkar héldu uppi á viðreisnarstjórnina fyrir stefnu hennar í efnahagsmálum og að þeirra dómi óhóflega útþenslu í ríkiskerfinu með síhækkandi fjárl. Hverjar eru svo efndir vinstristjórnarmannanna um að draga úr útþenslu í ríkisbálkninu og lækka álögur á þjóðina? Aldrei fyrr í íslenzkum stjórnmálum hefur slík kollsteypa átt sér stað hvað viðkemur útþenslu í ríkiskerfinu og auknum álögum á allan almenning. Aðeins 16 mánuðum eftir valdatökuna skilar ríkisstj. fjárlagafrv., sem er að upphæð yfir 20 þús. millj kr., og hefur þannig hækkað ríkisútgjöldin um sem næst 100% á þessum tíma.

Nú kemur hæstv. forsrh. fram fyrir þjóðina og er næsta hreykinn yfir þessu heimsmeti, sem stjórn hans hefur sett. Stefnan er óbreytt, segir ráðh. Áfram skal halda í sömu átt. Það þýðir að sjálfsögðu meiri verðbólgu og meiri álögur á þjóðina. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1972 vöruðu stjórnarandstæðingar alvarlega við þeirri geigvænlegu hækkun, sem þá var stefnt að og vitað var, að gat ekki leitt til annars en ofþenslu og stóraukinnar verðbólgu í landinu. Það hlaut því að leiða til þess, að atvinnuvegirnir og þá sérstaklega sjávarútvegurinn og allt atvinnulíf í landinu yrði í mikilli hættu. Á þetta var ekki hlustað, stefnunni var ekki breytt og allt keyrt í gegn án þess að líta til hægri eða vinstri.

Ekki leið á löngu, að áhrif þessarar óhappastefnu færu að segja til sín. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að aflaminnkunin ásamt verulegum hækkunum á tilkostnað í landinu hefði þrengt svo mjög að afkomu sjávarútvegsins á síðustu mánuðum, að ekki hefði verið hægt að komast hjá því að gefa út brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, sem í fólst verðstöðvun til áramóta og binding á kaupgjaldsvísit. Þannig er þá ástandið um þær mundir, sem ríkisstj. gat haldið upp á sitt fyrsta ársafmæli. Allt fyrir það, sem ég hef nú sagt um stóraukin útgjöld ríkisins og hækkandi fjárlög, er mér fyllilega ljóst, að ætli ríkisstj. að halda óbreyttri stefnu í efnahagsmálum, þá vantar enn allverulega á, að fjárlagafrv. sýni rétta mynd af því, sem koma skal, áður en fjárlög verða afgreidd. Það er vitað, að án áframhaldandi verðstöðvunar eða hliðstæðrar ráðstöfunar fyrir sjávarútveginn hefur hann engan rekstrargrundvöll og hlýtur að stöðvast. Þar til viðbótar kemur sá kostnaður, sem leiðir af hækkuðu fiskverði og söluverð afurðanna getur ekki staðið undir, en verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins stendur nú undir til bráðabirgða. Þá kemur til 6% kauphækkunin 1. marz n. k. samkv. gerðum kjarasamningum. Augljóst mál er, að miðað við óbreyttar aðstæður er sjávarútvegurinn engan veginn fær um að bæta þeim kostnaði á sig. Aðeins þessir þrír þættir, sem ég hef nú nefnt, munu vera metnir að upphæð, sem nemur ekki undir 2500 millj. kr., og til að mæta þeirri upphæð eru engar till. í fjárlagafrv. Það er ekki að ástæðulausu, að hæstv. forsrh. taldi ekki ástæðu til þess hér áðan í sinni ræðu að ræða um fjármálin í sínum boðskap.

Ríkisstj. bíður nú eftir leiðsögn þeirra sérfræðinga, sem hún hefur fengið sér til aðstoðar til þess að komast út úr þeim ógöngum, sem hún hefur leitt þjóðina í. Vonandi finna þeir ráð, sem dugar, en þá er eftir að vita, hvort ríkisstj. ber gæfu til að hlíta leiðsögn þeirra. Hinar miklu sveiflur í sjávarútvegi, bæði á sviði verðlagsmálanna og einnig í aflamagninu, hafa kennt Íslendingum, að það eru hyggindi, sem í hag koma, að leggja nokkuð til hliðar, þegar vel árar, og eiga til uppbóta, þegar í móti blæs. Með skynsamlegum ráðum og ráðstöfunum

hafði fyrrv. ríkisstj. byggt upp varasjóði sjávarútvegsins í góðæri, á meðan afurðaverð stóð vel. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var stofnsettur með l. nr. 72 28. maí 1969. Það fer ekki milli mála, að afkoma sjávarútvegsins stendur mjög höllum fæti í dag. Oftar en einu sinni hefur til þess komið, að einstökum greinum hans lægi við að stöðvast, og nú um s. l. mánaðamót var viðurkennt, að óhjákvæmielgt væri að hækka fiskverð verulega til þess að jafna launakjör sjómanna við launakjör annarra stétta í landinu og til þess að bæta kjör útgerðarinnar. Þá var einnig upplýst af n., sem sjútvrh. hafði skipað, að staða frystihúsanna hafði versnað á ársgrundvelli um 200—250 millj. kr. Úrræði hæstv. ríkisstj. til lausnar þessum vanda, sem m. a. er til kominn vegna hinnar hömlulausu verðbólgu, sem á sér stað og enginn sér fyrir endann á, eru þau að láta verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins greiða brúsann. Með þessu er verðjöfnunarsjóðnum beint inn á aðrar brautir en ætlað var, og ef áfram verður haldið á þeirri braut, munu verðbólgan og ríkisstj. verða fljót að tæma þennan sjóð eins og aðra þá sjóði, sem handbærir voru frá stjórnartímabili viðreisnarstjórnarinnar. Nú munu vera í verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins um 1100 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að bráðabirgðaráðstafanirnar til áramóta muni kosta um 88 millj. Þegar verðlagsráð ákvað nú 15% hækkun fiskverðs, lagði það til grundvallar viðmiðunarverð, sem er verulega hærra en það bezta, sem til þekkist í heiminum.

Af þessu dæmi verður bezt séð, út á hve hálan ís íslenzkt efnahagslíf er komið. Segja má, að það sé verðjöfnunarsjóðurinn, sem í dag er það haldreipi, sem fleytir þjóðarskútunni áfram og forðar í augnablikinu sjávarútveginum frá þeirri stöðvun, sem við blasti. Því verður ekki trúað, þegar til þess kemur um næstu áramót að leysa þennan vanda að nýju, að ríkisstj. leiti ekki annarra ráða til úrlausnar en að halda áfram að brenna þennan sjóð á báli verðbólgunnar.

Á s. l. sumri, þegar veiðar togaranna voru að stöðvast vegna taprekstrar á karfavinnslunni, kom hæstv. sjútvrh. með þá lausn að fella niður útflutningsgjöld af frystum karfaflökum, sem annars áttu að ganga til vátryggingasjóðs fiskiskipa. Þessi ráðstöfun var algerlega óraunhæf, þar sem vitað var, að vátryggingasjóðinn stórvantar fjármagn, til þess að hann geti staðið við sínar skuldbindingar. Á árinu 1971 var halli vátryggingasjóðsins 54 millj. kr. Á yfirstandandi ári er áætlað, að hallinn verði 96 millj. kr. Er nú svo komið, að sjóðurinn er orðinn á eftir með greiðslur sínar sem nemur um 9—10 mánuðum og auk þess er skuld hans við Seðlabankann um 40 millj. kr. Þegar þetta er athugað, er augljóst mál, hvað hér hefur verið um óraunhæfar ráðstafanir að ræða, og vil ég leyfa mér að spyrja ræðumann Alþb., hæstv. iðnrh., sem talar hér á eftir, hvort honum sé kunnugt um, að nokkrar ráðstafanir séu fyrirhugaðar af hendi hæstv. sjútvrh. til þess að bæta stöðu vátryggingasjóðs fiskiskipa, því að á því er vissulega full þörf.

Hæstv. forsrh. gerði nokkra grein fyrir frv., sem snerta landbúnaðinn og ríkisstj. hyggst leggja fram á þessu þingi. Er þar efst á blaði frv. til framleiðsluráðslaga, sem fram kom á síðasta þingi, en á nú að endurflytja. Hér er um heilmikinn lagabálk að ræða, sem engin samstaða náðist um á síðasta þingi, og vonandi dagar frv. uppi enn, verði það flutt í sömu mynd og áður og fáist ekki breytt. Það er vitað, að um frv. eru mjög skiptar skoðanir, enda orka sum ákvæði þess tvímælis og stríða á móti hagsmunum bænda. Þá er væntanlegt frv. til l. um orlof bænda, en það mun vera í framhaldi af þáltill., sem nokkrir sjálfstæðismenn fluttu á síðasta þingi og var samþ. þá. Hér er vissulega um mikilsvert mál að ræða, en Norðmenn munu vera ein Norðurlandaþjóða, sem komið hefur á slíkri löggjöf hjá sér. Varðandi framlög til byggingar íbúðarhúsa í sveitum, að þau hafi hækkað úr 60 þús. kr. í 120 þús. kr. nú, þá er þar aðeins um framkvæmdaratriði að ræða á löggjöf, sem sett var í tíð fyrrv. ríkisstj. Hinu láðist ráðh. að skýra frá, að ekki hefur tekizt að afla veðdeild Búnaðarbankans þess fjármagns, sem talið var að þyrfti, og var áætlun veðdeildarinnar skorin niður um 70 millj. kr. Það leiddi svo aftur til þess, að stöðva varð lánveitingar til vinnslustöðva landbúnaðarins og takmarka lán til dráttarvélakaupa, en slíkt hefur ekki átt sér stað á undanförnum árum.

Um landhelgismálið vil ég segja það, að Íslendingar standa þar saman sem einn maður, sem ein órofa heild, og eru ákveðnir í að hopa hvergi, þótt við ofurefli verði að etja. Þjóðinni er ljóst, að um lífsafkomu og framtíð hennar er að ræða. Greinilegt er, að um ofveiði á þorkstofninum er að ræða og veltur nú allt á okkur Íslendingum sjálfum, að við rányrkjum ekki fiskimiðin, eftir að landhelgin hefur verið færð út. Það er álit margra sjómanna og útgerðarmanna, að þær till., sem settar voru og boðaðar hafa verið af sjútrn. um friðun fiskimiða á hrygningarsvæðum og uppeldisstöðvum ungfisks, séu alls ófullnægjandi og algert kák, ef ekki verður meira að gert í þeim efnum. Það var hins vegar alltaf vitað, að þær þjóðir, sem hér telja sig eiga mikilla hagsmuna að gæta vegna langvarandi fiskveiða þeirra hér við land, mundu halda uppi andófi og jafnvel yfirgangi, svo sem dæmi eru um, þegar til þess kæmi, að landhelgin yrði færð út. En að láta sér koma til hugar, að ef samningurinn við Breta, sem gerður var 1961, þegar landhelgisdeilan var þá til lykta leidd, hefði ekki verið gerður, þá hefði útfærsla landhelginnar í 50 sjómílur nú átt sér stað átakalaust, eru draumórar, sem engum heilvitamanni kemur í alvöru til hugar. Þeir einir halda þessu fram, sem gáfust upp við að koma því máli heilu í höfn, en kusu heldur að hlaupast á brott úr ríkisstj. og gefast upp við þann vanda sem og önnur erfið viðfangsefni, sem þá blöstu við íslenzku þjóðinni. Það væri þessum mönnum sæmara að gera þjóðinni grein fyrir því, hvers vegna þeim tókst ekki á árinu 1958 að færa landhelgina út í 12 sjómílur mótþróalaust. Þá var ekki samningnum frá 1961 um að kenna.

Ég vil að lokum segja það, að það var Alþingi til sóma, þegar alþm. allir sem einn maður stóðu saman, þegar landhelgismálið var afgreitt

á Alþ. 15. febr. s. l. Það ætti einnig að vera sómi íslenzku ríkisstj. og einstakra ráðh. innan hennar að vera ekki með sífelldan meting sín í milli um vinnubrögð eða hverjum beri að þakka þann árangur, sem náðst hefur í samningum eða endanlega lausn þess, sem því miður virðist enn vera alllangt undan landi. — Góða nótt.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Í þessum umr. hafa margir vitnað til landhelgismálsins, og er það mjög að vonum. Það var einn af stóratburðum íslenzkrar stjórnmálasögu, þegar Alþb., Framsfl. og SF sammæltust um það að gera stækkun landhelginnar í 50 mílur að aðalmáli í síðustu kosningum, unnu eftirminnilegan sigur og fengu umboð þjóðarinnar til þess að mynda nýja ríkisstj. og framkvæma þá landhelgisstækkun, sem nú er staðreynd. Menn segja, að það sé þjóðareining um þessa framkvæmd, einnig hér á Alþ. Það er ekki síður söguleg breyting. Það er ástæðulaust, að menn gleymi því, að enn eru ekki tvö ár liðin síðan einn valdamesti ráðh. viðreisnarstjórnarinnar sagði hér í þessum ræðustóli í útvarpsumr. frá Alþ., að það væri siðleysi í utanríkismálum að stækka landhelgina í 50 mílur, það væri siðleysi í utanríkismálum að ganga í berhögg við uppgjafarákvæði samninganna frá 1961.

Í sögunni verða ríkisstj. ekki aðeins dæmdar fyrir það, sem þær gera, heldur ekki síður fyrir hitt, sem þær láta ógert. Mér kæmi það ekki á óvart, þótt í Íslandssögunni yrði viðreisnarstjórnarinnar ekki sízt minnzt fyrir það, að í heilan áratug hreyfði hún hvorki legg né lið til þess að stækka landhelgina, hún taldi það siðleysi í utanríkismálum. Á sama tíma jókst rányrkjan og ofveiðin umhverfis landið, þar til nú er svo komið, að þorskafli okkar hefur minnkað um nær þriðjung á tveimur árum og minnkaði um tæpan helming 4 sumarmánuðina í ár í samanburði við sömu mánuði í fyrra. Ég óttast, að íslenzka þjóðin kunni að eiga í miklum erfiðleikum um langt árabil vegna þess, að landhelgin var ekki stækkuð fyrr af tillitssemi við erlenda hagsmuni og erlent vald. Og þaðan stafa mestu efnahagsvandamál okkar.

Í þessum umr. hefur einnig verið mikið talað um efnahagsmál, og því hefur verið haldið fram, að ríkisstj. hafi aukið svo tilkostnað atvinnuveganna, að þeir séu að sligast, auk þess sem ríkisstj. hafi sóað sjóðum og sólundað almannafé. Hvað merkja þessi ummæli á skiljanlegu máli? Ekki verður því haldið fram, að ríkisstj. hafi íþyngt atvinnuvegunum með verðbólgu. Tvö síðustu ár hefur verðlag hækkað minna hérlendis en í flestum nálægum löndum. Við, sem í tíð viðreisnarinnar höfðum árvisst heimsmet í dýrtíð, erum nú mun neðar á þeim lista. Um það kalla ég til vitnis þúsundir Íslendinga, sem sjálfir hafa rekið sig á þá staðreynd, að æ fleiri vörur eru nú ódýrari á Íslandi en í nágrannalöndum okkar. Það er ekki lengur hægt að skipuleggja kaupstaðarferðir til Glasgow, eins og gert var í tíð viðreisnarstjórnarinnar. En hvað eiga þeir Jóhann og Gylfi þá við með því, að framleiðsluatvinnuvegunum hafi verið íþyngt með of miklum tilkostnaði? Þeir telja, að ríkisstj. hafi gengið of langt í því að bæta kjör láglaunafólks með afstöðu sinni til kjarasamninganna í fyrra, með því að koma á 40 stunda vinnuviku og fjögurra vikna orlofi. Þeir telja, að láglaunafólkið í frystihúsunum hafi of mikið kaup. Þeir telja, að láglaunafólkið í iðnfyrirtækjum hafi of góða afkomu. Bjargráð þeirra er að skerða kjör láglaunafólksins á nýjan leik, eins og gert var hvert einasta ár í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Og hvað eiga valdamenn Sjálfstfl. og Alþfl. við með sóun? Það ámæli var borið á ríkisstj., þegar það var fyrsta verk hennar að mæla fyrir um hækkun á lífeyrisbótum almannatrygginga. Í tíð núv. ríkisstj. hafa bætur almannatrygginga til þeirra einstaklinga, sem ekki hafa aðrar tekjur, hækkað úr 4900 kr. á mánuði í 11 200 kr. eða um 128%. Það er fyrst og fremst þetta, sem stjórnarandstæðingarnir eiga við, þegar þeir tala um sóun úr opinberum sjóðum, enda hefur Morgunblaðið komizt svo að orði, að þessar greiðslur ýti undir leti og ómönnsku hjá öldruðu fólki og öryrkjum. Umtalið um of þunga byrði á atvinnuvegunum og eyðslustefnu þýðir á mæltu máli, að ráða eigi fram úr efnahagsvandamálunum með því að skerða kjör láglaunafólks, aldraðs fólks og öryrkja. Það var stefna viðreisnarstjórnarinnar, en það er ekki stefna núv. ríkisstj.

Ég sagðist áðan hafa áhyggjur af minnkandi afla og versnandi afla, og ég hygg, að allur þorri landsmanna taki þátt í þeim áhyggjum. Reynist þetta ástand varanlegt, getur enginn mannlegur máttur komið í veg fyrir, að það bitni á afkomu þjóðarheildarinnar. En um leið ber okkur að hefja gagnsókn á öðrum vettvangi með því að renna sem fyrst fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf.

Á vegum iðnrn. er nú verið að fullgera iðnþróunaráætlun fram til ársins 1980, og var það verk hafið í tíð núv. ríkisstj. Meginmarkmið hennar eru þau, að framleiðni í iðnaði tvöfaldist á þessu tímabili og framleiðsluverðmætið meira en þrefaldist, en þá yrði meiri hlutinn af útflutningi Íslendinga orðinn iðnaðarvarningur. Slík þróun mundi gerbreyta atvinnuháttum á Íslandi og stórauka öryggið, þótt að sjálfsögðu yrði áfram lögð áherzla á að fá sem mestan arð af sjávarútvegi og landbúnaði. Þessi iðnþróunaráætlun á ekkert skylt við hugmyndir Jóhanns Hafsteins og viðreisnarfélaga hans, en þeir töldu hlutskipti Íslendinga eiga að vera það að leggja erlendum stóriðjufyrirtækjum til ódýra orku og erlendum fyrirtækjum í léttum iðnaði ódýrt vinnuafl. Við Íslendingar eigum ekki að lúta að svo lágu. Við eigum að treysta sjálfum okkur til að framkvæma iðnþróun, sem verði undir yfirráðum landsmanna sjálfra, jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Ég hef heyrt menn bera fram spurningar um það, hvort markmið þessarar iðnþróunar séu raunsæ, hvort unnt verði að koma þessum skýjaborgum niður á jörðina. Og um það langar mig að fara nokkrum orðum.

Samkv. áætluninni á heildarframleiðsla iðnaðarins að vera komin upp í 40 milljarða árið 1980. Árið 1970 var heildarframleiðslan rúmir

12 milljarðar. Þá var framleiðni í iðnaði hins vegar 30—50% lægri en í Noregi. Aðeins með því að auka framleiðni, með bættri stjórn og skipulagi væri hægt að koma framleiðslunni upp í 20 milljarða án nýrrar fjárfestingar og án nýs mannafla. Og hvar ættu að vera rökin fyrir því, að við gætum ekki náð jafngóðum tökum á iðnaðarframleiðslu og frændur okkar, Norðmenn. Á áratímabilinu 1970—1980 fjölgar mönnum á vinnumarkaði um 17—18 þús. Áætlunin gerir ráð fyrir því, að 8 þús. fái vinnu í iðnaði. Með sömu framleiðni mundi þessi mannaflaaukning koma framleiðslunni yfir 30 milljarða. Þar við bætast svo áform okkar um stórátök í nýjum iðngreinum tengdum orkulindum okkar. Þegar á næstu mánuðum munum við verða að taka ákvarðanir um stórframkvæmdir á vegum landsmanna sjálfra, sjóefnaverksmiðju á Suðurnesjum og um jánrnblendiverksmiðju í tengslum við Sigölduvirkjun. Það er engin ofætlun, að iðnþróunaráform af þessu tagi geti fært okkur útflutningsverðmæti, sem nema 7—8 milljörðum kr. á árinu 1980, og þá er markinu náð. Að sjálfsögðu þarf mikla einbeitingu til þess að framkvæma slíka stefnu, skipulagshyggju og áætlunarvinnubrögð í stað happa og glappa. En við ekki aðeins getum framkvæmt slíka stefnu, okkur er nauðugur einn kostur að gera það, ef við ætlum að halda velli sem sjálfstæð þjóð. Og þetta er stærsta efnahagsvandamálið, sem nú blasir við okkur.

Það er stundum sagt, að þessi ríkisstj. hafi færzt of mikið í fang, og kvartað undan því, að við ráðh. séum allt of mikið í sviðsljósinu. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En á móti vil ég minna á verkefni, sem við ráðh. erum ekki farnir að sinna af neinni alvöru. Það er fyrirheitið um endurskoðun eða uppsögn varnarsamningsins svokallaða í því skyni, að bandarískt herinn hverfi af landi brott á þessu kjörtímabili. Það er rétt, sem Einar Ágústsson utanrrh. tók fram áðan, að við höfum látið þetta verkefni bíða vegna landhelgismálsins og vegna þess, að kosningar eru fram undan í Bandaríkjunum. En nú verður hafizt handa um framkvæmd þessa skýra fyrirheits, vegna þess að það er einn af hornsteinum stjórnarsamstarfsins. Um það er enginn ágreiningur innan ríkisstj., að við þetta fyrirheit verður staðið eins og önnur, sem samið var um. Ríkisstj. mun standa eða falla með stefnu sinni í þessu máli.

Sú ríkisstj., sem nú er við völd á Íslandi, hefur á flestum sviðum gerbreytt um stefnu frá tíð viðreisnarinnar, eins og rakið hefur verið að nokkru í þessum umr. Hún hefur hafið til öndvegis stefnu þjóðlegs fullveldis á sviði stjórnmála og efnahagsmála, stefnu vaxandi jafnaðar á sviði félagsmála. Það verður æ ljósara, að íhaldsöflin í landinu una hlutskipti sínu illa. Þau vilja ríkisstj. feiga og þau gera sér vonir um, að e. t. v. eigi hún ekki langt eftir ólifað. Ríkisstjórnir koma og ríkisstjórnir fara segja menn, og það er vissulega alveg rétt. En sú stefna sjálfstæðis og félagshyggju, sem er rauði þráðurinn í störfum ríkisstj., er ekkert einangrað fyrirbæri í heiminum, heldur hluti af stærri heild. Það voru sömu viðhorfin, sem ollu því, að meiri hluti norsku þjóðarinnar hafnaði nýlega aðild að Efnahagsbandalaginu þvert gegn vilja allra valdastofnana í þjóðfélaginu, en kaus í staðinn þann vanda og þá vegsemd að vera sjálfstæður. Það eru sömu viðhorf, sem ollu því, að mikill meiri hluti unga fólksins í Danmörku snerist gegn Efnahagsbandalaginu, þótt þar yrðu valdastofnanirnar ofan á. Það eru sömu viðhorf, sem valda því, að ekki aðeins fer andstaðan gegn Efnahagsbandalaginu nú vaxandi í Verkamannaflokknum í Bretlandi, heldur og kröfurnar um afnám allra bandarískra herstöðva, um úrsögn Breta úr Atlantshafsbandalaginu og um hlutleysi. Það er þetta sama viðhorf, sem einkennt hefur stjórnmálaþróunina í Bandaríkjunum undanfarin ár, andstaða gegn valdstefnu í alþjóðamálum og valdhroka í innanlandsmálum, krafan um jafnrétti þegnanna án tillits til kynferðis eða hörundslitar. Þessi stefna er ekkert stundarfyrirbæri, heldur mun hún halda áfram að eflast einnig hér á landi.

Það ræðist að sjálfsögðu á okkur sjómenningunum, að ríkisstj. koma og fara. En ég er sannfærður um það, að ef íhaldsöflunum tækist að steypa núv. ríkisstj., þá tryggði þjóðin, að við tæki önnur ríkisstj. með sömu meginstefnu, enn öflugri, þróttmeiri og samstæðari en þessi. Þeir, sem stunda valdatafl, kunna að ímynda sér, að þeir geti hnikað stjórnmálaþróuninni að eigin geðþótta. En ef þeir ganga í berhögg við grundvallarviðhorf okkar tíma, við stefnu þjóðlegs fullveldis og vaxandi jafnaðar, munu þeir enda sem fiskar á þurru landi ekki síður en meiri hluti norska stórþingsins um þessar mundir. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Gamalt máltæki segir, að enginn fitni af fögrum orðum. Þessi sannindi rifjast upp, þegar hlýtt er á stefnuræðu hæstv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, sem hann flutti í kvöld. Fögru orðin voru stefnuskrá ríkisstj., þegar hún tók við völdum fyrir rúmum 15 mánuðum. Sá frómi óskalisti var prentaður í litlu kveri, og svo kokhraustur var forsrh. þá, að hann skoraði á landsmenn að lesa kverið kvölds og morgna, þá kæmi skilningurinn smám saman.

Fyrstu orð ráðh. í kvöld voru á þá lund, að stefna stjórnarinnar væri óbreytt. Nú var ekki minnzt á að lesa kverið góða kvölds og morgna, heldur þurfti að gefa sérstaka yfirlýsingu um, að stefnuskráin væri enn í gildi. Sennilega hefur hæstv. forsrh. fundist þörf á að fullvissa almenning að þessu leyti, því að ekki verður sagt að verkin tali.

Veigamesta atriðið í stefnuskrá ríkisstj. var fyrirheit um 20% hækkun á kaupmætti launa á næstu tveimur árum. Þarna var markið sett hátt, og væri sannarlega ánægjulegt, ef þessi stefna yrði að veruleika. En eitt er að ráðgera, annað að framkvæma. Nú, aðeins 15 mánuðum síðar, nefnir forsrh. þetta loforð ekki einu orði í stefnuræðu, heldur er meginboðskapur hans sá, að þjóðin verði að lækka seglin. Hann segir í ræðu sinni, að þegar litið sé til neyzlustigsins og afkomu fólksins, sé enginn voði á ferð, þótt við verðum að lækka ofurlítið seglin. Ráðh. segir með þessum orðum við launþega, þ. á m. þá, sem greiða nú öll eða svo til öll laun sín í skatta, að lífskjör þeirra séu fullgóð, þeir megi draga saman seglin. Það á sannarlega við máltækið gamla: Enginn

fitnar af fögru orðum þessarar ríkisstj. Við eigum aðeins eftir að sjá, hvernig hún fer að því að láta alþýðu landsins draga saman seglin.

Það hefur verið alþjóð ljóst frá upphafi, að samkomulag ráðh. innan ríkisstj. væri ekki sem bezt. Síðustu vikurnar hefur framkoma Lúðvíks Jósepssonar við samrh. sína verið með slíkum endemum, að þess eru engin dæmi. Forsrh. hefur sýnt Lúðvík ótrúlega langlundargeð og ekki gert minnstu tilraun til að bera hönd fyrir höfuð sér. Forsrh. ætti þó a. m. k. að ávíta Lúðvík fyrir þá furðulegu vanrækslu að hafa ekki undirbúið löggjöf og reglugerðir um það, hvernig við Íslendingar ætlum sjálfir að nýta hina nýju landhelgi, sem við stöndum nú allir saman um. Lúðvík virðist vera svo upptekinn af því að þykjast vera utanrrh., að hann sinnir ekki einu mikilvægasta hlutverki sjútvrh., sem er að hugsa fyrir því, hvernig Íslendingar eigi að skipuleggja veiðar sínar innan 50 mílnanna. Nú fyrst, eftir að landhelgin hefur verið færð út, tekur til starfa n. alþm., sem er sagt að vinna verkið. Það ríkir því miður algert ráðleysi í þessum efnum á stjórnarheimilinu, og málinu verður vafalaust ekki sómasamlega bjargað, nema sjómenn og útgerðarmenn um land allt láti til sín heyra og bendi á leiðir til lausnar. Þetta er vandasamt mál, af því að við verðum að tryggja okkur sjálfum eins góðan hlut af aflanum innan landhelginnar og framast er unnt, en um leið verðum við að koma að eins mikilli verndun fiskistofnanna og hægt er. Þetta mál hefur einnig geisimikla þýðingu út á við, af því að Bretar rægja okkur ekki sízt fyrir það, að við stundum rányrkju og okkur sé ekki treystandi fyrir vernd fiskistofna. Okkur er áríðandi að sanna, að þetta er lygi, sem þeir láta auglýsingarfyrirtæki sín í Sviss breiða út um allan heim okkur til minnkunar.

Lúðvík Jósepsson hefur ekki mátt vera að því að sinna þessu máli. Og það er ýmislegt fleira, sem hann hefur vanrækt. Hann er einnig viðskrh. og er að vísu búinn að gera samning við hið mikla Efnahagsbandalag, svo mjög sem hann hafði áður fordæmt það. En hann er einnig ráðh. verðlagsmála og þar með verðlagseftirlitsins, sem snertir hvert heimili nálega hvern dag. En á þeim sviðum eru afrek hans ekki ýkjamikil eða fögur.

Hinn hógværi forsrh. veitti Lúðvík að vísu í ræðu sinni í kvöld áminningu, er hann sagði: „Það er óhjákvæmilegt, að verðlagseftirlitið verði miklu raunhæfara en verið hefur.“ Þetta eru athyglisverð orð. Forsrh. ríkisstj. hinnar vinnandi manna, eins og hún kallar sig, segir eftir 15 mánaða stjórn, að það sé óhjákvæmilegt, að verðlagseftirlit verði raunhæfara. Skyldi aldrei hafa hvarflað að hæstv. ráðh., t. d. ekki að sjálfum verðlagsráðh. Lúðvík Jósepssyni, að vinnandi menn eru líka neytendur, raunar stærsti hópur neytenda í þessu landi og sá, sem mest þarf á neytendavernd að halda? Lúðvík Jósepsson og ríkisstj. lét ekki standa á því að heimila fjölmargar og miklar verðhækkanir, þegar verzlun, iðnaður, hinir og þessir kapítalistar eða opinberar stofnanir lögðu fram kröfur sínar. En þeir hafa ekkert gert til þess að auka verðlagseftirlit og vernda þannig hagsmuni neytenda. Af hverju eru ekki birtar upplýsingar um lægsta og hæsta verð á nauðsynjum neytendum til leiðbeiningar, eins og einu sinni var gert? Hverning stendur á því, að Lúðvík Jósepsson hefur ekki flutt frv. um neytendavernd, sem hefur legið tilbúið í skúffu í rn. hans síðan hann kom þangað? Hvernig stendur á því, að Lúðvík Jósepsson og þeir félagar hans í ríkisstj. hafa yfirleitt ekki sinnt málefnum neytenda á nokkurn hátt eða sýnt þeim nokkurn áhuga?

Nú er vanræksla Lúðvíks Jósepssonar á þessu sviði gengin svo langt, að jafnvel forsrh. hefur misst þolinmæðina og veitir honum áminningu í sjálfri stefnuræðu ríkisstj. með því að segja það óhjákvæmilegt, að verðlagseftirlit verði gert raunhæfara.

Það má e. t. v. skjóta inn þeirri ráðleggingu til handa Lúðvík Jósepssyni, hæstv. verðlagsmálaráðh., að hafa hann ekki tíma til að sinna málefnum neytenda, þá sjaldan hann er hér heima, þá gæti hann kynnt sér skipan neytendamála í Washington, Moskvu, London, Genf, Austur-Berlín eða hvað þær heita, allar borgirnar, þar sem hann tíðast er. Neytendalöggjöf er örugglega mjög fullkomin á öllum þessum stöðum.

Íslendingar bera nú ugg í brjósti út af framþróun efnahagsmála. Það má að vísu segja um afkomu okkar, að saman liggja veður og óveður. Það er oft skammt á milli feitu áranna og hinna mögru. Þó hefur núv. ríkisstj. slegið öll met með því að breyta blómlegu góðæri á einu ári í slíkan ólgusjó erfiðleika, að enginn sér fram úr þeim í dag.

Efnahagsmálin hljóta alltaf að vera mál málanna, eins og hæstv. forsrh. sagði réttilega, og verður framar öllu að leggja áherzlu á að halda atvinnutækjum gangandi og tryggja þannig bæði atvinnu og afurðir til að selja. Á þessu byggjast lífskjör allrar þjóðarinnar beint eða óbeint. Vandinn er öllum ljós í stórum dráttum. En í stefnuræðu ríkisstj. getur forsrh. ekkert sagt þjóðinni um lausn vandans annað en það tvennt, að skipuð hafi verið nefnd og þjóðin þurfi nú að lækka seglin.

Erfiðleikarnir byrjuðu að segja til sín s. l. sumar, en þá gat ríkisstj. á nærri eins árs afmæli sínu ekkert gert nema bráðabirgðaráðstafanir. Aftur knúði vandinn að dyrum 1. okt. og þá var enn gripið til bráðabirgðaráðstafana og gengið í þá sjóði, sem ætlaðir eru til að mæta erfiðleikum verðlækkunar erlendis, sem við þekkjum af illri reynslu. Það er lítil stjórnvizka að fleyta sér á því að éta upp slíkt sparifé.

Fjárlög hafa verið lögð fram, og þau benda til þess, að á hálfu öðru ári muni ríkisstj. takast að tvöfalda upphæð fjárl. Fjármálastjórn landsins hefur verið eins og að skvetta olíu í eld verðbólgunnar með þeim afleiðingum, sem öllum eru kunnar. Til þess að hækka fjárlög enn um marga milljarða kr. verður auðvitað að leggja þessa upphæð á landsfólkið í einu eða öðru formi. Um annað er ekki að ræða. Það er t. d. þegar ljóst, að tekjuskattur einstaklinga á að hækka á annað þús. millj. kr. Það væri gaman að spyrja hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson, sem talaði hér áðan, hverjir hann haldi, að eigi að greiða þetta fé, og hvaðan það eigi allt að koma, ef hann heldur, að ekki verði komið við kjör neytendanna, við kjör launþeganna, bæði þeirra, sem hafa lítil laun, miðlungslaun, og svo hinna breiðu baka.

Þrátt fyrir allt þetta er fjárlagafrv. eins og hálfsögð saga. Í það vantar stórupphæðir, sem augljóst er, að verður að setja í fjárlög. Þar á meðal má nefna uppbætur og annað, sem snertir verðlag og vísitölu, og bendir ýmislegt til þess, að nú sé skollaleikur á ferð, vísitölubreytingar eða annað, sem velti yfir á launþega stórupphæðum, án þess að þeir fái þær bættar. Þetta á allt eftir að koma í ljós, og er ráð að fylgjast vel með afgreiðslu fjárl. og breytingum skattal., ef þær sjá þá dagsins ljós á þessu þingi.

Núv. ríkisstj. hefur að langmestu leyti búið til þá erfiðleika, sem nú steðja að framleiðslunni og ríkissjóði og stofna afkomu almennings í hættu. Ríkisstj. virðist að vísu ekki traust á fótunum, ósátt innbyrðis og ýmsir líklegir til að hlaupa úr henni. En hún verður að horfast í augu við það ástand, sem hún hefur sjálf magnað, og sýna þjóðinni, hvernig hún leysir vandamálin. Ráðh. segja hver af öðrum, að stjórnarandstæðingar vilji ríkisstj. feiga og það sem fyrst. Ég er ekki í þessum hóp. Ég vil hana ekki feiga, fyrr en hún hefur staðið andspænis þeim vandamálum, sem hún hefur sjálf skapað og sýnt þjóðinni, hvernig hún ræður bót á þeim. Ég vil, að íslenzka þjóðin fái að sjá svart á hvítu, hvernig Frjálslyndir, Alþb. og Framsókn bregðast við vanda sem þessum, og þau viðbrögð verði borin saman við orðræður og yfirlýsingar þessara flokka og manna, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu undanfarin áratug eða svo. Sá samanburður mun verða lærdómsríkur fyrir Íslendinga.

Þökk þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Kjarni stjórnarstefnunnar, sem sett er fram í málefnasamningi ríkisstj., er að bera fram til sigurs réttindi íslenzku þjóðarinnar út á við, halda fram fullum rétti hennar gagnvart öðrum þjóðum og stuðla að jafnrétti með landsmönnum sjálfum inn á við. Í rauninni haldast þessi stefnumörk í hendur, eru tveir þættir í einni og sömu líftaug íslenzkrar félagshyggju. Samstaða þjóðarinnar í stöðugri baráttu hennar til að efla sjálfstæði sitt og fullveldi er þeim mun traustari sem fólk finnur skýrar, að það nýtur jafnréttis, bæði til að afla sér þeirra gæða, sem þjóðfélagið hefur að bjóða, og til að hafa áhrif á framvindu þjóðmála. Þjóðfélagsheildin er þeim mun sterkari og fúsari til sameiginlegra átaka sem betur er séð fyrir jafnrétti einstaklinganna af samfélagsins hálfu.

Að áliti þeirra, sem að núv. ríkisstj. standa, er það eitt helzta hlutverk almannavaldsins að vinna markvisst gegn þeim tilhneigingum til misréttis, sem ætíð hlýtur að gæta í þjóðfélagi í örri þróun, tilhneigingum, sem fylgja ósjálfrátt þjóðfélagsbreytingum, jafnvel þótt engir einstaklingar né hópar einsettu sér að sitja yfir annarra hlut. Blind hagþróun getur ekki síður valdið háskalegu misrétti en meðvituð ásælni forréttindasinna.

Meginforsendan fyrir raunverulegu jafnrétti er, að hverjum og einum séu búin skilyrði til að þroska hæfileika sína og neyta þeirra. Menn eru misjöfnum hæfileikum búnir, en inntak jafnréttishugmyndarinnar felst í því, að hver hafi til síns ágætis nokkuð.

Jöfn skilyrði til þroska til að ávaxta það pund, sem hver og einn fær í vöggugjöf, velta á sem jafnastri aðstöðu til þess að afla sér menntunar, þeirra þjálfunar og þekkingar, sem samfélagið lætur uppvaxandi kynslóð í té. Í forréttindaþjóðfélagi er menntun sérréttindi fárra útvaldra. Í tæknivæddu þjóðfélagi á lýðræðisgrunni eru almenn menntun og þroskaskilyrði fyrir sérstaka hæfileika, hvar sem þá er að finna, bæði félagsleg nauðsyn og eðlilegt keppikefli hvers einstaklings.

Lífsmáttur og þroski íslenzks þjóðfélags á komandi tímum veltur ekki sízt á því, að þjóðinni auðnist að koma sér upp fræðslukerfi, sem uppfyllir kröfuna um þjálfun og menntun hvers einstaklings á þann hagkvæmasta hátt, sem til boða stendur á hverjum tíma. Frv. um grunnskóla hefur undanfarið verið í endurskoðun með það fyrir augum, að ákvæði þess uppfylli sem bezt þessi tvö skilyrði, og verður það lagt fyrir Alþ. svo skjótt sem unnt er. Þar er stefnt að almennum skóla, sem tryggir eins og framast er kostur jafna aðstöðu til undirstöðumenntunar hvar á landinu sem er. Með því einu móti verður jafnræði strjálbýlis og þéttbýlis í fræðslumálum tryggt. Það væri voði fyrir heilbrigða byggðaþróun í landinu, ef skólar strjálbýlisins yrðu í hvívetna eftirbátur þéttbýlisskólanna í húsakynnum, kennslu og búnaði. Fengi slíkt að viðgangast, væri vegið að búsetu í ýmsum landshlutum. Annað mál er, að engin ástæða er til að binda skólastarfið hvarvetna við nákvæmlega sama tíma árs. Þar er sjálfsagt að taka tillit til aðstæðna og atvinnuhátta. Meginatriðið er, að skilyrði séu sköpuð til fullnægjandi fræðslu, ekki sízt námsleiðsagnar og sérkennslu, hvar sem er á landinu. Sums staðar er þetta ógerlegt án heimavistardvalar nemenda í eldri deildum grunnskóla, en fullreynt er, að heimavistum ber að halda í lágmarki og viðhafa í staðinn akstur nemenda milli heimila og skóla, þar sem honum verður við komið.

Sérstök ástæða er til að huga að því, hversu sjónvarpið, sem með ærnum kostnaði hefur verið dreift um landið, getur þjónað skólastarfinu. Þar er mikið verk óunnið, en líka von um mikinn ávinning, ef vel tekst til.

Óhjákvæmilegt er, að nemendur víða um land þurfi að sækja framhaldsnám og sérmenntun af ýmsu tagi út fyrir átthaga sína. Þetta hefur valdið tilfinnanlegu misrétti, þar sem nemendur úr strjálbýli, þar sem meðaltekjur eru einna lægstar, hafa orðið að bera mun þyngri námskostnað en ungt fólk, sem á þess kost að stunda sama nám heiman frá sér.

Á síðasta þingi voru að frumkvæði ríkisstj. sett lög um jöfnun námsaðstöðu, sem stefna að því að jafna þennan aðstöðumun. Koma þau í fyrsta sinn til framkvæmda á yfirstandandi skólaári, og hafa í för með sér, að fjárhæðin, sem varið er til svonefndra dreifbýlisstyrkja til að bæta aðstöðu nemenda, sem fara verða í önnur byggðarlög til að afla sér menntunar, þrefaldast á tveimur árum.

Námslánakerfið er eldra. En í fyrra og í ár hafa fjárframlög til þess líka vaxið hröðum skrefum. Koma þar bæði til hækkun lána, stórfelld fjölgun í námsmannahópnum, sem notið hef-

ur námslánanna frá öndverðu, og ákvarðanir um að veita nýjum flokkum námslánarétt. Með lagasetningu á síðasta þingi bættust þannig nemendur sjómannaskóla og vélskóla við þá, sem fyrir voru. Nú hefur verið ákveðið að taka löggjöfina um námslán og námsstyrki til gagngerðrar endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu. Allt kapp verður á að leggja, að þessi aðstoð við námsfólk nái sem bezt tilgangi sínum og komi réttlátlega niður.

Námslánaréttur nemenda sjómanna- og vélskóla er vísbending um enn eina braut, sem brjóta verður til aukins jafnréttis í fræðslukerfi okkar. Fyrst í stað var sem sé námslánaréttur inn við þá námsmenn eina bundinn, sem stunduðu háskólanám að loknu stúdentsprófi. Einhliða áherzla á *hefðbundna stúdentsmenntun, sem ríkt hefur til* skamms tíma og enn eimir töluvert eftir af, er tvímælalaust ein helzta veilan í fræðslukerfi okkar. Verk- og tæknimenntun hefur fyrir bragðið orðið útundan með þeim afleiðingum, að háskalegs misræmis gætir milli þessara tveggja námsbrauta. Hér þarf mikið verk að vinna. Námsbrautirnar verða að vera jafnrétthár og auðgengið á milli þeirra, ef fræðslukerfið á að svara á fullnægjandi hátt þörfum síbreytilegs þjóðfélags. Hentugasta skólafyrirkomulagið, sem enn hefur verið bent á til að ná þessu marki, er fjölbrautaskólinn eða sameinaður framhaldsskóli, þar sem margvíslegar námsbrautir fá sama sess innan sömu stofnunar. Frv. um fjölbrautaskóla í Reykjavík, sem lagt var fram á síðasta þingi, er nú í endurskoðun. Hún beinist að því, að heimilað verði að þróa þessa skólagerð hvar sem aðstæður leyfa.

Eitt einkenni fjölbrautaskólans er náin tengsl hans við aðrar stofnanir og almenning á svæðinu, sem hann þjónar. Ber ekki sízt að gefa gaum að fullorðinnafræðslu, sem tvímælalaust á eftir að ryðja sér til rúms í stórum stíl. Þar kemur bæði til þörf vaxandi hóps, sem vegna örrar tækniþróunar þarf að skipta um starf eða afla sér nýrrar starfshæfni á miðri starfsævi, svo og jafnræðissjónarmið, að fólk, sem einhverra hluta vegna hefur orðið af framhaldsmenntun og sérþjálfun á yngri árum, geti aflað sér slíks síðar á ævinni. N. á vegum menntmrn. hefur nú árlangt unnið að undirbúningi lagasetningar um fullorðinnafræðslu.

Fyrir Alþ. liggja nú frv. um aðstoð við byggingu og rekstur dagvistunarheimila fyrir börn innan skólaaldurs og um Fósturskóla, til að tryggja fullnægjandi menntun starfsliðs, sem slíkar uppeldisstofnanir þarfnast. Þarna er einnig um jafnréttismál að ræða, því að réttur kvenna til starfs og til náms jafnt við karla verður ekki að veruleika, nema mæður hafi aðstöðu til að vista börn sín í þroskavænlegu umhverfi þann hluta dags, sem þær sinna verkefnum utan heimilis.

Margt mætti fleira rekja, ef tími gæfist til af nýmælum og endurbótum á sviði menntamála, sem væntanlega koma til kasta nýbyrjaðs þings. Aðeins skal drepið á frv. um bókasöfn, frv. um verzlunarmenntun og frv. um framtíð húsmæðraskólanna, en þeir skólar hafa átt við mikla erfiðleika að stríða upp á síðkastið.

Ég hef, herra forseti, kosið að leitast við að gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem liggja til grundvallar menntamálastefnu ríkisstj. Jafnréttisstefnan í fræðslumálum er leiðarljós, sem ekki missir gildi sitt, hverjar breytingar sem verða kunna á ytri skilyrðum fræðslustarfsins. Í menntamálum eru ekki til nein töfrabrögð, sem leysa vanda á vetfangi. Þar þýðir ekki að viðhafa auglýsingaskrum né loddarabrögð. Slíkt hefnir sín fljótt. Eina úrræðið, sem að gagni kemur, er látlaust starf að því að veita margvíslega fræðslukosti, sem megna að efla sérhvern Íslending til þess þroska, sem hugur og hæfileikar stefna að.

Þökk þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Fiskeldi í sjó (þskj. 14). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. um sama efni og það frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir síðasta þing, en náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Frv. er samið í sjútvrn., en starfsmenn þess telja, að það sé orðið mjög aðkallandi að fá í lög viss ákvæði varðandi fiskeldi í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur verið vaxandi áhugi fyrir fiskeldi hér á landi undanfarin ár. Margar till. hafa komið fram á Alþ., sem bera vott um þennan áhuga, og ýmsar samþykkir hafa hér verið gerðar, þar sem lagt hefur verið til, að hafizt væri handa í þessum efnum. Nú fjallar þetta frv. í sjálfu sér ekki um neina ákvörðun varðandi það að hefjast handa út af fyrir sig. Það er ekki meiningin með þessu frv., að ríkisvaldið taki hér upp neinn rekstur í sambandi við fiskeldi í sjó. Til þess þyrfti alveg sérstaka ákvörðun síðar, ef það þætti rétt að hverfa að því. En það er talið, að ekki sé hægt að hefjast handa í þessum efnum, nema stjórnvöld séu tilbúin til þess að veita leyfi með ákveðnum réttindum, og það er einnig álit þeirra, sem um málið hafa fjallað, að nauðsynlegt sé, að viss skilyrði verði sett í sambandi við þessar framkvæmdir, ef til kæmu á vegum einstaklinga eða félaga, til þess að tryggja viss undirstöðuatriði. Það hafa m. a. komið aðilar til rn. og óskað eftir því að fá leyfi til þess að mega loka heilum fjörðum og stórum lónum við sjó og hafa haft uppi miklar áætlanir um framkvæmdir í þessum efnum, en telja sig ekki geta ráðizt í slíkar framkvæmdir, án þess að fá leyfi stjórnvalda og öryggi þar fyrir vissum atriðum.

Þá hefur sem sagt einnig komið fram, að nauðsynlegt kunni að vera að tryggja það, að ekki verði ráðizt í slíkar framkvæmdir, nema gætt sé vissra undirstöðuatriða varðandi fiskverndarmál. Því er haldið fram, m. a. af fiskifræðingum, að slíkar ráðstafanir gætu í vissum

tilvikum haft alvarlegar afleiðingar fyrir annað fiskeldi, ef ekki er farið þar að réttum ráðum, og því er gert ráð fyrir því, að verði leyfi veitt til framkvæmda í þessum efnum, þá verði sett ýmis skilyrði, eins og t. d. varðandi sóttvarnir, reglur um flutning á fiski, gerð mannvirkjanna, um skýrslugjöf og um réttindi sérfræðinga til þess að fylgjast með því, sem þarna fer fram.

Það þykir rétt, að af hálfu opinberra aðila séu leyfi af þessu tagi veitt aðeins að fenginni umsögn Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar og veiðimálastjóra. Það hefur að vísu verið bent á það af ýmsum, að það væri nægilegt að hafa hér umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og veiðimálastjóra, en það hefur verið gömul venja að leita einnig til Fiskifélagsins.

Hér er sem sagt um formsatriði að ræða, en talið er, að ekki séu miklar líkur til þess, að hafizt verði handa um fiskrækt í sjó eða sjólónum án þess, að einhver lagasetning sé til varðandi þessi mál af því tagi, sem hér er lagt til að setja.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en óska eftir, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til frekari fyrirgreiðslu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég átti nú satt að segja ekki von á því, að þetta frv. til l. um fiskeldi í sjó yrði lagt fram á þessu þingi óbreytt frá frv., sem lagt var fram í fyrra. Það er ekki að neita því, að hér er um mikið merkismál að ræða, og fiskeldi í sjó getur orðið mikið framfaramál, ef rétt er að staðið. Á undanförnum árum hefur komið í ljós, að hægt er að rækta margar fisktegundir, og t. d. er ræktun rækju og humars mjög vel á veg komin í ýmsum löndum. Hér er því nauðsyn að fá löggjöf. Hins vegar virðist svo sem þetta frv. sé ekki nægilega undirbúið, og vil ég þar einkum taka fram, að hér virðist geta verið hætta á ruglingi milli laxveiðilaga og þessa nýja frv., og tel ég, að það gæti verið mjög alvarlegt mál. Þar að auki virðist það vera svo, að þetta takmarki allmikið rétt sjávarbænda yfir sínum jarðeignum.

Bændur eiga, eins og við vitum, flestar jarðir, sem að sjó liggja, og það virðist svo eftir þessu sem þeir þurfi að fá leyfi sjútvrn. og það síðan umsögn fleiri aðila um þá leyfisbeiðni til þess að geta gert hinar minnstu tilraunir með fiskeldi í sjó eða sjávarblöndu. Og einmitt þetta atriði, sjávarblanda, getur verið þýðingarmikið í sambandi við lax- og silungsrækt. Mönnum er heimilt að rækta sinn silung og rækta sinn lax í sínum lækjum og lónum. Og enn fremur er allmikið gert að því að framleiða laxaseiði við ýmsar aðstæður, og til þess þarf ekki neitt sérstakt leyfi. Hins vegar, ef um stórframkvæmdir er að ræða, þannig að aðstoð þurfi til að koma, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að leyfi komi til.

Ég held, að það sé mikil nauðsyn, að þeir aðilar, sem hér eiga mikilla hagsmuna að gæta, svo sem landeigendur í þessu landi, fái tækifæri til þess að vera með í ráðum um endanlegan frágang þessa frv. Ég er líka mjög hræddur um, að hér geti orðið alvarlegur ruglingur á milli laxveiðilaganna og þessara laga, ef frv. verður samþ., og það gæti orðið frekar til þess að hamla á móti þróun þessara mála heldur en hitt.

Þá er eitt atriði í þessu, um eignarnámsheimildina, sem að sjálfsögðu getur undir örfáum kringumstæðum verið nauðsynleg, en ef við tökum þær staðreyndir, sem liggja fyrir gagnvart laxveiðilöggjöfinni, þá hefur þar verið farin sú leið, að aðallega væru mynduð veiðifélög landeigenda og síðan verið hafin starfsemi á þeirra vegum í þessum efnum. Þetta virðist hafa reynzt mjög vel, og tel ég, að það geti verið miklu geðslegri meðferð heldur en eignarnámsframkvæmdin, þótt að sjálfsögðu þær aðstæður geti skapazt, að nauðsynlegt sé að fá eignarnámsheimild.

Ég viðurkenni nauðsyn laga um fiskeldi í sjó. Ég vil hins vegar fyrst og fremst leggja áherzlu á, að mér finnst þarna vera gengið of langt í því að takmarka framkvæmdir aðila á sínum landeignum, og í öðru lagi vil ég leggja áherzlu á, að þess verði gætt, að ekki komi til ruglings á milli laxveiðilaganna og þessa nýja frv., ef að lögum verður.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get að vísu vísað í fjölmargt það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan. Ég hygg, að við séum allir sammála um, að hér er hreyft afar mikilvægu máli eða raunar einum þætti í mjög mikilvægu máli, fiskeldi. Fiskeldi hefur ekki þróazt hér á landi að mínu viti eins og nauðsynlegt er, og erum við þar orðnir mjög langt á eftir, ekki sízt með fiskeldi í sjó, en á því sviði hafa orðið mjög athyglisverðar framfarir á erlendum vettvangi, sem við erum aðeins að byrja að kynnast og þó lítillega. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það væri æskilegra að líta á þessi mál betur í heild sinni, og hef vissar efasemdir um það frv., sem hér liggur fyrir. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað af því muni leiða, að leyfi þurfi til hvers konar fiskeldis í sjó, — tek undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það er mjótt á milli fiskeldis í fersku vatni og í sjó. Laxfiskaseiði færast úr fersku vatni í sjó, og virðist þá komið á laust stig, þegar svo fer. Er æskilegt að binda slíkar framkvæmdir allar leyfum, eða ef svo er, er þá ekki nauðsynlegt, að leyfis sé einnig krafizt til fiskeldis í fersku vatni?

Fiskeldi getur verið lítil framkvæmd og getur einnig verið mjög stór, eins og hæstv. ráðh. minntist á, þegar fjörðum er lokað, sem ég hygg, að sé reyndar minna um nú en áður, því að nýjar aðferðir hafa komið fram, sem eru kostnaðarminni en slíkar framkvæmdir. En það er annað mál. Með þessu skilst mér, að bónda, sem á land að sjó og á samkv. gömlum reglum líklega um 60 faðma lögsögu, getum við sagt, fyrir sínu landi, sé ekki heimilt að dæla vatni úr þessum sjó upp í tjörn til að ala þar fisk án leyfis frá sjútvrn. Er ekki verið að setja þarna upp of mikið „apparat", ef ég má kalla það svo, í þessu sambandi? Mér er ljóst, að til meiri háttar framkvæmda eins

og að loka fjörðum eða þess háttar, þarf vitanlega að koma einhver aðstoð a. m. k. eða þátttaka hins opinbera í flestum tilfellum. Þá yrði málið skoðað og slík aðstoð veitt að undangenginni rannsókn. Mér lízt betur á þá hugmynd, að skyldað sé að stofna veiðifélag um slíkt svæði, eins og kom fram sjá síðasta hv. ræðumanni.

Ég er einnig í nokkrum vafa um þá víðtæku heimild til eignaupptöku, sem fram kemur í 7. gr., og er nátengt því, sem ég sagði hér áðan um heimild einstaklings til þess að nota við skulum segja eigin sjó og eigið land til minni háttar framkvæmda á þessu sviði. Mér skilst, að samkv. 7. gr. væri heimilt að taka slíkt eignarnámi af bóndanum eða öðrum eiganda þessa landssvæðis og afhenda öðrum til fiskeldis í sjó. Ég hef mínar efasemdir um það.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., var þetta frv. rætt í n. í þessari hv. d. Það var sent út til umsagnar, og umsagnir bárust, en svo seint, að það var ekki unnt að afgreiða málið. Þær umsagnir, sem bárust, voru, ef ég man rétt, mjög neikvæðar, sérstaklega frá bændasamtökunum, og ég vil leyfa mér að spyrja hæst. ráðh., hvort þeir, sem sömdu þetta frv., hafi fengið þær umsagnir og þá tekið þær til meðferðar og skoðað frv. með tilliti til þeirra, áður en það var lagt fram hér að nýju.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það hefur raunar komið fram hjá báðum fyrri hv. ræðumönnum nokkuð af því, sem ég hafði í huga, þegar ég bað um orðið, og gæti ég þess vegna stytt mál mitt. En undir það vil ég taka, að hér er hreyft mikilvægu máli. En ég vil líka draga fram spurningarmerki um þessar ströngu leyfisveitingar.

Ef við lítum aðeins nánar á þetta mál, er vissulega um mismunandi framkvæmd á fiskeldi að ræða. Í dag er verið að gera athyglisverða tilraun uppi í Hvalfirði á mjög einfaldan hátt, sem ég dreg í efa, að þurfi stórkostlegra leyfisveitinga við, sérstaklega þegar höfð er í huga sú forna hefð, og ég veit ekki annað en það sé til í rétti enn í dag, að bóndi á helgað land að 60 föðmum eða 110 metrum frá fjöruborði, og víða hagar svo til, að sjór er sléttur á þessu svæði, og hann gæti með einfaldri fiskinót hafið þar fiskeldi einmitt vegna þeirrar reynslu, sem þessi tilraun í Hvalfirði gefur manni von um, að sé fram undan. Þar er verið að ala að visu laxfisk í sjó. Við í fjvn. áttum þess kost í sumar að skoða þessa framkvæmd. Þess er getið í grg. frv., ef ég man rétt, að Fiskifélag Íslands fékk nokkurn styrk til að koma þessu í kring, og efnilegur og duglegur fiskifræðingur kynnti sér þessi mál erlendis og þessi tilraun stendur yfir núna. Enn geta menn verið mjög bjartsýnir, það hefur ekkert óhapp skeð, og fiskurinn dafnar þarna mjög vel. Þetta er í smáum stíl, þannig að hér er ekki um mikla mannvirkjagerð að ræða. Á hitt vil ég fallast, að þegar stofnað er til nýrra mannvirkjagerða og röskunar á landi, sé eðlilegt, að það sé bundið vissum skilyrðum eða leyfi. Það er mjög eðlilegt. Hér aftur í þessu litla dæmi er ekki um neitt sérstakt að ræða annað en menn útbúa sér litla fiskinót af sérstakri gerð, sem er lokuð og lagt við stjóra. Hún er færaranleg og er tekin burt fyrirvaralaust og sett niður fyrirvarlaust, en þarf að vera auðvitað á ákveðnum tíma í kyrru vatni, og þar er fiskinum gefið. Hann er í þröngu búri, ef svo mætti segja, og hann er fóðraður. Um hreint eldi er þess vegna að ræða. Í lokuðum firði væri honum sennilega hjálpað með e. t. v. fiskúrgangi, en að öðru leyti mætti hugsa sér það, að sjávarföll bæru inn eldi líka úr sjónum eða næringu úr sjónum, þannig að mér finnst nokkur skilsmunur þarna á.

En til hverra aðila eigi að leita, þá tel ég rétt að leita til þessara þriggja aðila vegna eðlis málsins og fyrri sögu í þessum efnum. En ég vil taka það fram og er því sammála, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, að hér þurfa að vera þó einhver skil á milli þessarar löggjafar og lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, svo að hér verði ekki óþarfa ruglingur á, og væri nauðsynlegt að athuga það samband betur. Þegar ríkið setur svona mikil skilyrði fyrir þessari starfsemi, þá er ekki óeðlilegt, að einhvers staðar væri í frv. ákvæði um eflingu hennar. Ég sakna þess í frv., að það er ekki tekið fram, hvorki um styrki né lánsmöguleika, og veit ekki, hvort hæstv. sjútvrh. hefur hugleitt það að opna einhvern ákveðinn sjóð í þessu skyni. En væri það ekki til athugunar, að það lægi fyrir möguleiki fyrir menn að fá einhvers staðar stofnfé, ef í þessar framkvæmdir yrði ráðizt, að það yrði ekki eingöngu háð mjög þröngum leyfum, eins og að borgað yrði visst árgjald. Það yrði þá varla mikil hvöt til eflingar fiskeldi. En það er alveg öruggt, að við eigum mikla möguleika í fiskeldi hér á Íslandi, og mjög víða erlendis byggist stór fiskvinnsluiðnaður þegar á fiskeldi, og hef ég m. a. dvalið á einum stað á Spáni, þar sem fiskeldi er orðið stór atvinnugrein og heldur uppi niðursuðuverksmiðjum og þar vinna svo að skiptir þúsundum manna við niðurlagningu og niðursuðu á þessum fiski, sem er allur alinn. Það er að visu skelfiskur á þessu stigi, en bolfiskur getur fylgt í kjölfarið. Þetta þarf allt að athugast nokkru nánar, og 7. gr. þarf örugglega nokkuð mikla yfirvegun, eins og bent var á hér áðan, svo að ekki verði til árekstra út af annarri löggjöf.

Ég vænti þess, að málið verði vel athugað í n., og við eigum örugglega stuðning frá rn. um að leysa þetta mál, svo að það verði raunverulega til eflingar fiskeldi sem allra fyrst hér á landi.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég varð þess var á síðasta þingi, að fram komu ýmsar aths. í sambandi við þetta frv. og ýmsar spurningar voru á lofti um það, hvernig ætti að framkvæma þetta eða hitt, sem minnzt var á í frv. En ég hélt, að þegar um mál eins og þetta er að ræða, þar sem menn viðurkenna, að hér er um nauðsynjamál að ræða, og þeir hafa það fyrir augunum, að svo til ekkert hefur gerzt í þessum málum þrátt fyrir allt það frelsi, sem menn hafa haft, þá legðu þeir í að glíma við

það sjálfir að betrumbæta það, sem upp á er stungið í n., þegar það lægi líka fyrir frá viðkomandi rn., að þeim er ekkert heilagt í þessum efnum, heldur fyrst og fremst það, að hér vantar viss lagaákvæði, svo að hægt sé að hreyfa sig í málinu. Það getur ekki farið fram hjá þm., að þeir hafi orðið varir við þetta. Þann tíma, sem ég hef setið í sjútvrn., hafa komið til mín m. a. nokkrir bændur, sem kvarta undan því, að þeir geti ekki gert ráðstafanir, vegna þess að þá vanti nauðsynleg lagafyrirmæli og vissa lagavernd.

Það gefur auðvitað auga leið, að þegar um það er að ræða, eins og samþykktir hafa verið gerðar um hér á Alþ., að til stendur að loka heilum lónum, þar sem margir bændur eiga land að, þá er ekki gaman að hefjast þar handa um jafnvel dýrar framkvæmdir og dýrar ráðstafanir án þess að eiga þar ákveðna stoð í lögum. En ég vil minna á það, að á Alþ. hafa verið gerðar samþykktir um að rannsaka sérstaklega fiskirækt á Húnaflóa innanverðum, um fiskirækt í Nípslóni í nánd við Vopnafjörð, á Hvammsfirði innanverðum og á fjörðum á Vestfjörðum. Þetta eru samþykktir, sem hér liggja fyrir. Að ætla að setja það fyrir sig, að menn finni það út, að orðalag í þessu frv., sem er nýsmíði, geti bannað mönnum að dæla sjó upp í tjörn og nota það vatn, það er furðuleg hártogun, og ég er alveg hissa á að heyra það frá nokkrum þm. að viðhafa slíkt. Ef menn eru svo óskaplega hræddir við það orðalag, sem í frv. er, þá er vitanlega ekki annað en betrumbæta þetta og taka fram, að menn megi m. a. dæla sjó upp í tjarnir, ef þeir þurfa á því að halda.

En ég er sannfærður um, að það muni ekki gerast mikið í þessum málum hér hjá okkur af hálfu áhugamanna, reynslan hefur sýnt það, nema það verði til ákveðin lagafyrirmæli um viss meginatriði í málinu. Ef rétt þætti að áskilja landeigendum sérrétt áfram þrátt fyrir hin almennu ákvæði laganna, þar sem bændur vildu ekki afsala sér þeim rétti, þá er ekkert við því að segja, þá er vitanlega hægt að taka slíkt fram í l., að þeir skuli halda þessum rétti áfram. Mér er það þó ljóst, að í mörgum tilvikum mundi það verða til þess að koma í veg fyrir sameiginlegar aðgerðir í þessum efnum.

Ég skal játa, að ég hef haft afskaplega lítið af undirbúningi þessa frv. að segja. Þetta hefur verið unnið í mínu rn., þar sem menn hafa rekið sig á þetta árum saman, að hér vantar tiltekin lagaákvæði, og þeir hafa fengið sér sérfræðinga, sem unnið hafa að því að semja þetta frv. Ég taldi mér svo m. a. skylt að leggja fram frv., bæði vegna beiðna, sem komu fram frá starfsmönnum, og eins vegna hins, að til mín höfðu leitað fleiri en einn aðili, sem töldu sig ekki geta ráðizt í nauðsynlegar framkvæmdir í þessum efnum, nema til kæmu ákveðin lagafyrirmæli. Það var m. a. vitnað í það, að e. t. v. gæti sjútvrh. notað lagafyrirmæli frá 1600 og eitthvað og gefið út fyrirskipanir í þessum efnum, og það var lagt mjög að mér að gera það. En ég fékkst ekki til þess og tel, að mál eins og þetta verði þá heldur að liggja á hliðinni, eins og það hefur legið, ef Alþ. fæst ekki til þess að setja lög um málið.

Varðandi eignarnámsheimildir eins og þá, sem um er að ræða í 7. gr., þá er auðvitað sjálfsagt að athuga það. En það vita menn, að við erum með eignarnámsheimildir í fjölmörgum lögum, og getur vitanlega komið til þess, að vegna nauðsynjar þurfi að víkja til eignarréttaraðstöðu einstaklings vegna hagsmuna heildarinnar, og því er talið, að það sé nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði líkt þessu í lögum. En ég tek það sem sagt fram af minni hálfu, að ég tel, að eins og þessi mál eru, sé lítið betra en ekkert og það sé betra að fá viss undirstöðuatriði ákveðin í þessum lögum heldur en ekkert, því að ég er sannfærður um það, að eins og málin standa, þá getur ekkert gerzt í þessum málum.

Þá hefur hér verið minnzt á, að það væri nokkur hætta á því, að hér yrði árekstur við ákvæði í lax- og silungsveiðilöggjöf eða í sambandi við vatnafiska og fiskeldi í sjó. Þetta er auðvitað afskaplega auðvelt atriði að taka af allan vafa um, en ég tel, að það komi mjög skýrt og greinilega fram í frv. Þar segir í grg. með frv.: „Frv. nær aðeins til fiskeldis í sjó og eldis sjávarfiska í sjóblönduðu vatni. Hins vegar tekur það ekki til fiskeldis samkv. l. nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði, sbr. orðskýringar í 1. gr. þeirra laga". En ástæðan til þess, að það hefur þótt rétt að skilja þarna á milli, er sú, að það hefur komið fram hjá fiskifræðingum, að það megi ekki hrófla í verulegum atriðum við lífsskilyrðum inni á fjörðum og í lónum, án þess að hafa þar fiskifræðilegar athuganir til hliðsjónar, því að það geti haft allt of alvarleg áhrif í sambandi við uppeldi annarra fiska, sem við byggjum mikið okkar afkomu á, að grípa þar inn í, án þess að það fari fram sérstök athugun á því. Og það hefur verið svo í okkar löggjöf, að það hafa verið aðrir aðilar, sem hafa haft með fiskveiðar í sjó að gera og þær rannsóknir, og enn aðrir, sem hafa haft með hin málin að gera, sem lúta að fiskirækt í ám og vötnum. Þetta hefur blessazt, og ég held, að það sé ósköp eðlilegt, að þarna sé reynt að draga einhverja skýra línu á milli, en sé ekki ástæða til þess að gera of mikið úr þessum vanda.

En mér finnst ekkert óeðlilegt, að það komi fram ýmsar aths. við þetta frv. Hér er um nýsmíði að ræða, og án efa er hægt að bæta margt það, sem í frv. er. Ástæðan til þess, að ég hef kosið þá leið að leggja frv. hér fram aftur óbreytt frá því á síðasta þingi, er sú, að þeir, sem sömdu frv. og standa að gerð þess, hafa farið yfir þær aths., sem borizt hafa, og þeir telja sig hafa þegar svarað þeim þannig, að þeir vilja ekki fyrir sitt leyti leggja til breytingar, og því þótti mér rétt, að þingið fjallaði á nýjan leik um málið.

Ég vil svo vænta þess, þar sem fram hefur komið hjá öllum þeim, sem hér hafa rætt um málið, að þeir telja, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, að þeir taki á málinu eins og þeir hafa getu til í þeirri n., sem á að fjalla um málið, og lagfæri það þá á þann hátt, sem þeir telja bezt, því að ég held, að það sé enginn vafi á því, að okkur skortir viss lagaákvæði í þessum efnum, hvernig svo sem þau eiga að vera eftir fullnaðarathugun.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi átt við mín orð, þegar hann lýsti undrun sinni og furðu á því, að 1. gr. væri skilin svo, að ekki mætti dæla sjó upp í tjarnir til fiskeldis. Ég held, að þetta sé ekki eins fjarlægt og skilja mátti af orðum hæstv. ráðh. Þetta er, að því er ég bezt veit, ein algengasta leiðin til eldis laxfiska í sjó. T. d. er bæði í Noregi og Svíþjóð víða tíðkað einmitt að dæla sjó upp í steyptar tjarnir og raunar líklega ekki stór munur á því og að afmarka eitthvert sjávarsvæði til slíks eldis. Ég vildi aðeins, að það kæmi fram hér, að þetta er enginn sparðatíningur, heldur mjög stór þáttur fiskeldis í sjó. Annars vil ég lýsa ánægju minni með þau orð hæstv. ráðh., að hann er mjög opinn fyrir hvers konar lagfæringum og hvers konar breytingum á þessu frv., og ég þykist viss um, að með þeim skilningi og því veganesti muni þeirri n., sem fær frv. til athugunar, takast að bæta það svo, að allir geti verið ánægðir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. Þegar reglugerðin um stækkun fiskveiðilandhelginnar var gefin út 1. sept. miðað við gildistöku 1. sept., þá kom upp nokkur vafi um það, hvernig skilja bæri gildandi lög um veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni frá 1967 og 1969, en þar eru ákvæði um það, að þær veiðiheimildir, sem þar er fjallað um, skuli gilda í fiskveiðilandhelginni eins og hún er ákveðin samkv. landgrunnslögunum. Það gat því verið nokkur ágreiningur um, hvernig ætti að túlka viss ákvæði þessara laga, eftir að búið var að breyta fiskveiðilandhelginni eins og gert var með síðustu reglugerð. Þetta frv. miðar því að því að slá föstu, að þau lagaákvæði, sem þarna er um að ræða, skuli gilda um hina nýju fiskveiðilandhelgi alla, eins og hún hefur nú verið ákveðin, þ. e. a. s. yfir 50 mílna svæðið.

Þá er ákveðið einnig, að veiðiheimildir allar skuli standa óbreyttar frá því, sem var, til næstu áramóta. En þannig hafði verið gengið frá málunum áður, að til þess hafði verið ætlazt. Og því er einnig slegið föstu, að allar þær veiðar, sem ekki verða stundaðar í fiskveiðilandhelginni nema með leyfum, verði einnig að vera háðar leyfum hér eftir á öllu landhelgissvæðinu, þ. e. a. s. út í 50 mílur. En strangt tekið var það auðvitað svo, að áður þurftu menn ekki sérstök leyfi til þess að stunda veiðar utan 12 mílna markanna.

Þetta eru meginatriðin, sem hér var um að ræða. Það varð að taka af vafa í þessum efnum, gera þessi ákvæði skýr, og ég ætla, að það sé í fullu samræmi við það, sem allir höfðu hugsað sér og raunverulega var tilætlunin með lögunum um veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni frá 1967 og 1969.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. óska eftir því, að frv. gangi til sjútvn. til frekari athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. okt. 1972.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Stefán Jónsson dagskrárfulltrúi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Svava Jakobsdóttir, 4. landsk. þm.

Til forseta Nd."

Stefán Jónsson dagskrárfulltrúi hefur áður tekið sæti hér á Alþ. á þessu kjörtímabili, og hefur kjörbréf hans verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa.

Landhelgisgæzla Íslands, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við flytjum hér nokkrir sjálfstæðismenn frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæzlu Íslands frá 1967, og það er að verulegu leyti shlj. frv., sem við fluttum á síðasta þingi, en þó eru frá því nokkrar breytingar, sem ég skal gera grein fyrir.

Á síðasta þingi fluttu sömu þm. frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæzlu Íslands, og því frv. var útbýtt, ef ég man rétt, 4. marz í þinginu, fór til n., en náði ekki afgreiðslu. Nú er þetta frv. flutt að nýju í breyttri mynd. Það var tilgangur fyrra frv., að árlegt framlag til landhelgissjóðs skyldi vera 50 millj. kr., en í þessu frv. er gert ráð fyrir því í 1. gr., að árlegt framlag til landhelgissjóðs frá ríkissjóði verði 75 millj. kr. Þá er jafnframt það nýmæli í 2. gr. frá fyrra frv., að það er heimilt að verja árlega allt að 25 millj. kr. af fé landhelgissjóðs til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík og til þess að búa henni að öðru leyti framtíðarstöðu í landi. Það er augljóst mál, að það er lítið framlag til landhelgissjóðs úr ríkissjóði, 50 millj. kr., fyrir utan fé til að bæta aðstöðuna í landi, en þá heimild þarf sérstaklega að hafa vegna þess að verkefni Landhelgissjóðs er fyrst og fremst að kaupa tæki fyrir Landhelgisgæzluna, varðskip, flugvélar og önnur þau tæki, sem Landhelgisgæzlan þarf að hafa við sína starfsemi. Þetta er ekki nema örlítill hluti af útgjöldum fjárl., var ekki í fyrra nema lítill hluti þeirra og er enn þá minni hluti nú. Og það hefur oft verið sagt og m. a. nú,

ég held, að ég muni það rétt, að það hafi einhvers staðar verið í ræðu hæstv. forsrh., stefnuræðunni, sem við ræddum í gær, að hann gerði ekki ráð fyrir því, að menn sæju eftir framlögum til Landhelgisgæzlunnar. Ég hef ekki séð það, — og ef það er rangt hjá mér, þá bið ég velvirðingar á því, — ég hef ekki séð það, að í fjárlagafrv. sé áætlað neitt sérstakt framlag til byggingar Landhelgisgæzlunnar í landi og til þess að búa henni þar aðstöðu né heldur til eflingar Landhelgissjóðs. Þetta þykir mér mjög miður, og þó að svo til tækist á s. l. þingi, að frv. okkar um eflingu Landhelgissjóðs næði ekki afgreiðslu, þá gerði ég satt að segja ráð fyrir því, taldi það alveg víst, að hæstv. ríkisstj. mundi í fjárlagafrv. nú setja undir þennan leka og ætla Landhelgissjóði fast og ákveðið framlag. Að sjálfsögðu eru allir sammála um það, hversu mikið okkur ríður nú á að efla Landhelgisgæzluna, en það er ekki aðeins í augnablikinu, sem við þurfum að efla hana, heldur þarf að gera langtímaáætlun um eflingu Landhelgisgæzlunnar og starfsemi hennar, og það er auðvitað mjög erfitt um vik að gera langtímaáætlanir í slíkum efnum, nema reikna megi með nokkurn veginn vissum, árlegum tekjum. En tekjur Landhelgissjóðs hafa verið þannig mörg undanfarin ár, að þær hafa byggzt upp af nokkrum atriðum, sektum og upptöku fyrir landhelgisbrot, björgunarlaunum, vöxtum og svo framlagi ríkissjóðs, sem ákveðið hefur verið í fjárl. hverju sinni, en upphæð þess framlags hefur jafnan farið eftir því, hve þörfin var mikil, og verið þeim mun hærri, þegar hefur þurft að rísa undir afborgunum af skipakaupum eða öðrum dýrum tækjum, sem Landhelgisgæzlan þarf á að halda. Þetta fyrirkomulag þýðir það, að afkoma Landhelgissjóðsins er í mikilli óvissu. Þegar lög um Landhelgissjóð voru sett 1913 og aðstaða var allt önnur í þjóðfélaginu og efni lítil, var landssjóði frá upphafi gert að greiða árlegt framlag til Landhelgissjóðsins, sem síðan var afnumið og breyttist í það form um tekjuöflun til sjóðsins, sem undanfarið hefur verið og ég áðan gerði grein fyrir.

Það er að vísu svo, að nú fer fram landssöfnun, sem skyndilega var hleypt af stokkunum eftir 1. sept. fyrir Landhelgissjóð, og það er ekki nema gott um hana að segja, þó að ég hins vegar geti ekki varizt því að gagnrýna hér þá aðferð, að Alþingi Íslendinga vanræki að sjá Landhelgissjóði fyrir nægjanlegum tekjum og með þeim hætti, að það þurfi á 11. stundu að grípa til úrræðis eins og almennrar söfnunar til Landhelgissjóðsins. Vitaskuld á eðli málsins samkv. að styrkja þennan sjóð, sjá honum úr ríkissjóði fyrir nægjanlegu fé á hverjum tíma. Sá galli er á landssöfnun, hvað annað sem gott má um hana segja, að hún kemur mjög misjafnt niður á borgurunum, en því, sem er tekið úr ríkissjóði til slíks sjóðs, sem alla borgarana og almenna velferð landsins og þjóðarinnar og einstaklinganna áhrærir, því er jafnað á menn eftir tekjuöflun ríkissjóðs, að verulegu leyti eftir efnum og ástæðum, miðað við a. m. k. tekjuaflanir eins og tekjuskattinn, eignarskattinn o. fl., sem ríkissjóður fær tekjur frá og lúta þessu lögmáli. Það er auðvitað til vansa og ég vil segja til skammar fyrir hæstv. Alþ. að hafa ekki séð fyrir nægjanlegum tekjum í þessu skyni handa svo þýðingarmiklum sjóði, eins og nú standa sakir, — Landhelgissjóði Íslands. Við skulum vona, að landssöfnun engu að síður beri þann árangur, sem til er ætlazt, en enda þótt svo verði, þá eru verkefni Landhelgissjóðs svo mikil einmitt nú, að það breytir ekki hinu, að sjóðnum er nauðsynlegt að hafa vissar og árlegar tekjur og ekki síður vegna áætlanagerðar til langs tíma, sem mjög nauðsynleg er og ég get búizt við, að unnið sé að nú fyrir Landhelgisgæzluna. Við fluttum tveir þm. Sjálfstfl. þáltill. einnig á síðasta þingi um kaup á varðskipi fyrir Landhelgisgæzluna og að hafizt yrði handa um langtímaáætlun um eflingu Landhelgisgæzlunnar. Enda þótt sú þáltill. næði heldur ekki afgreiðslu, þá geri ég alveg fastlega ráð fyrir því, eins og sakir standa, að unnið sé að undirbúningi slíkrar áætlunar í dómsmrn., sem Landhelgisgæzlan heyrir undir.

Varðandi 2. gr. um ákvæði til þess að verja fé til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík, þá er eins og menn vita þannig ástatt, að í raun og veru er Landhelgisgæzlan á götunni að meira eða minna leyti, ef svo mætti segja, eins og nú standa sakir. Til margra ára hafði henni verið ætlaður samastaður og húsnæði í hinni nýju lögreglustöð í Reykjavík og ráðagerðir fram í tímann við það miðaðar og þótti fara mjög vel á því, að löggæzlan til sjós og lands væri þar undir sama þaki og aðstaðan að ýmsu leyti heppileg fyrir Landhelgisg. að vera þarna í sambýli við lögregluna og Almannav., sem gert var ráð fyrir, að hefðu einnig vissan hluta sinna öryggisstöðva í lögreglustöðinni. Á þaki lögreglustöðvarinnar er sæmilega góður þyrilvængjuflugvöllur, en það má búast við því, að bæði þjónusta og varzla Landhelgisgæzlunnar með þyrlum aukist í framtíðinni. Hún hefur átt eða átti eina litla þyrlu og er þegar búin að fá aðra í staðinn og fleiri eru væntanlegar.

Það tjóar ekki að tala um það lengur, að þetta húsnæði sé ekki fyrir hendi, en það vill þá svo til, að Landhelgisgæzlan á hentuga lóð við Selsvör hér í Reykjavík, og það er skoðun okkar flm. þessa frv., að það sé skylda Alþingis, eins og nú standa sakir, að bregða skjótt við og ætla Landhelgisgæzlunni eða Landhelgissjóði nægjanlegar fjárreiður og heimila honum þá að nota það fé til þess að byggja upp aðstöðu Landhelgisgæzlunnar í landi. Nú liggja ekki fyrir áætlanir um það, hversu þessi aðstaða þarf að verða dýr og ég skal ekki um það segja, en mér finnst, að það eigi að byggja myndarlegt húsnæði fyrir Landhelgisgæzluna og aðra aðstöðu, sem hún þarf að hafa í landi, og hún mætti vera fyrir langa framtíð, og gæti þá Landhelgisgæzlan fyrst í stað skotið skjólshúsi yfir einhverjar aðrar ríkisstofnanir, sem þyrftu á húsnæði að halda, sem hún svo síðar tæki til sinna afnota, þegar tímar líða og þörfin eykst. Það, sem ég á við, er það, að það fer betur á því að okkar dómi að byggja stórt og fram í tímann heldur en skera það við nögl sér og vera að eyða tíma í það að skoða bragga og hálfbyggðar byggingar

hér og hvar á landinu með það fyrir augum, hvort ekki væri hægt að hola Landhelgisgæzlunni í vandræðum sínum þar inn.

Þar sem þetta frv. er flutt nú í byrjun þings og áður en fjárlög eru afgreidd, þá vildi ég mega vænta þess, að það gæti hlotið afgreiðslu, áður en til fjárlagaafgreiðslu kemur, þannig að inn á fjárl. sé þá hægt að taka þau gjöld, sem af þessu frv. leiðir, ef það verður að lögum. Ég leyfi mér svo að vænta þess, að frv. hljóti góðan byr í þinginu og góðar undirtektir hjá þm. Hvort þetta eru of litlar upphæðir fyrir Landhelgissjóð skal ég ekki um segja. Ég hafði um það þau orð á síðasta þingi, að það yrði að metast af n., hvort ástæða væri til þess að breyta til og hækka þær. En það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að Alþ. skjóti sér ekki undan þeim vanda að sýna það í verki og með einhug, að það leggi mikla áherzlu á að efla Landhelgissjóðinn eins og nú standa sakir, og sannarlega mætti þá sitthvað vikja fyrir jafnbrýnni nauðsyn eins og hér er um að ræða, ef ekki er annarra kosta völ.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. málsins og ég hygg, að það sé rétt munað, að frv. hafi í fyrra verið vísað til sjútvn. Að vísu eru í þessu mikil útgjöld, sem snerta fjvn., en hún er í Sþ., svo að við getum ekki vísað frv. til hennar hér.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeim áhuga og skilningi, sem birtist í þessu frv. á þörfinni á því að efla Landhelgisgæzluna. Það er vissulega svo, að það er mikil þörf á því að efla Landhelgisgæzluna. Það er þörf á því vegna þess ástands, sem nú ríkir og ég þarf ekki að fjölyrða um, en það er rétt, eins og hv. 1. flm. sagði, að það er jafnvel án tillits til þess þörf á því að efla Landhelgisgæzluna, svo að hún geti sinnt sínu margvíslega hlutverki á þann hátt, sem sómasamlegt getur talizt. En ég efast satt að segja um, að menn almennt hafi gert sér alveg fulla grein fyrir því, hversu stórt það svæði er, sem bætzt hefur við íslenzka landhelgi og hversu stórt það umsjónarsvæði er, sem íslenzkum gæzluskipum er ætlað að hafa stjórn á og umsjón með, en það er hreint ekkert smáræði. Þess vegna er það, að ég held, að jafnvel á venjulegum tímum sé það alveg lágmark að gera ráð fyrir því, að það þurfi 4 skip af þeirri stærrri gerð, sem við höfum nú til þess að fást við þessi gæzlustörf, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir því í vaxandi mæli, að reynt sé að styðjast við flugvélar, því að við verðum að hafa það í huga, að það er ekki aðeins gæzlan og varnir gegn lögbrjótum, landhelgisbrjótum, sem Landhelgisgæzlan á að fást við, heldur jafnframt margs konar björgunar- og aðstoðarstarfsemi. Og ég tel það mjög æskilegt og gott, að þm. fái nú tækifæri til þess að velta þessu máli dálítið fyrir sér og gera sér grein fyrir því og hugleiða, hvernig nú er háttað og hefur verið háttað um skipakost við Landhelgisg., og kem ég e. t. v. betur að því síðar. En það er þörf á að efla Landhelgisg. Um það erum við sjálfsagt öll, sem hér sitjum, sammála, eða það vona ég a. m. k., og ég vona, að það standi líka, sem ég hef látið í ljós, að það mundi enginn alþm. og enginn Íslendingur telja eftir útgjöld í því skyni að efla Landhelgisgæzluna. Og vissulega er það rétt, sem fram kemur í þessu frv. eða grg. með því, að tekjustofnar þeir, sem Landhelgissjóður hefur átt við að búa, hafa verið óvissir og eru í eðli sínu óvissir. Og það er auðvitað aldrei gott að þurfa að byggja á slíkum óvissum og breytilegum tekjustofnum, sem geta gefið góða upphæð þetta árið, en e. t. v. litla upphæð annað árið. Og þess vegna er það, að ég fagna þeirri hugsun, sem kemur fram í þessu frv., að það skuli bundið í lögum, að Landhelgissjóði skuli alltaf tryggð tiltekin lágmarksfjárhæð.

Að vísu er það ekki nákvæmlega rétt hjá hv. 1. flm., að það hafi ekkert verið hugað að þessum málum nú í sambandi við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, né heldur að ekkert hafi verið að þessu gert í sambandi við gildandi fjárlög. Í gildandi fjárl. voru 20 millj. kr. sérstaklega ætlaðar til þess að mæta útgjöldum í sambandi við útfærslu landhelginnar, þegar til hennar kæmi 1. sept. Og í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., eru sem næst 15 millj. kr. ætlaðar í Landhelgissjóð, en þar að auki aðrar 15 millj. kr. fyrir ófyrirséðum útgjöldum í sambandi við Landhelgisgæzluna, þannig að það eru nokkrar upphæðir þarna í fjárlagafrv., þó að ég sé þeirrar skoðunar, að þær muni hvergi nærri hrökkva til þess, sem hér þarf til. Þess vegna mæli ég með því, að sú hv. n., sem þetta frv. fær til skoðunar, taki það til rækilegrar athugunar og athugi, hvort ekki sé rétt að gera þessa lagabreytingu eða breyta landhelgislögunum í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir. Hitt er svo annað mál, að eins og hv. 1. flm. sagði líka, getur alltaf verið álitamál, hvaða fjárhæð á að tiltaka í þessu sambandi. Við höfum heyrt það, að hv. stjórnarandstæðingum hefur þótt nóg um útgjöld ríkisins og talið, að það bæri heldur í meira lagi á eyðslu á ýmsum sviðum hjá ríkisstj. Og vafalaust má finna því stað, að þeir hafi hvatt til sparnaðar í orði, en hitt hygg ég nú, að líka mundi sjást, að ef farið væri í gegnum tillöguflutning þeirra, þá yrðu nokkuð margar útgjaldatill., bæði beint við fjárl. og eins varðandi einstakar framkvæmdir, þannig að verkin gætu þar kannske sýnt talsvert aðra mynd heldur en allt sparnaðartalið. En hvað um það, menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki hægt að gera allt, og það er út af fyrir sig rétt hugsun, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ef það á að taka svona upphæð inn til Landhelgisgæzlunnar, þá geta menn þurft að horfast í augu við það, að það verði að draga úr einhverjum öðrum liðum annars staðar. Og þá verða menn að vera viðbúnir því að gera sér grein fyrir því og átta sig á því, hvað á að víkja.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að Landhelgisgæzlan á að hafa forgang umfram ótalmargt. En samt sem áður verður auðvitað að skoða þetta mál og ákvörðun á fjárhæð í samb. við önnur málefni. Og það legg ég einmitt áherzlu á, að sú n. geri, sem fær málið til með-

ferðar. Það er kannske ekkert aðalatriði, svo að maður taki nú nokkuð stórt til orða, hvort það eru nefndar 50 millj. eða 75 millj. Aðalatriðið er að festa ákveðinn tekjustofn. En hitt vitum við öll, að þó að það séu nefndar ákveðnar tölur, þá getur gildi þeirra alltaf breytzt, þannig að þær segja ekki alla söguna. En ég álít, að aðalatriðið sé að festa þá stefnu að tryggja Landshelgissjóðnum alveg ákveðinn tekjustofn, og ég er inni á þeirri hugsun.

Út af því, sem hv. flm. sagði varðandi þá fjársöfnun, sem stofnað hefur verið til, landssöfnun til Landhelgissjóðs, þá vil ég aðeins segja örfá orð. Það er alls ekki meiningin, að sú söfnun verði til þess að Alþ. eða fjárveitingavaldið dragi neitt af sér í sambandi við fjárveitingar til Landhelgissjóðs eða Landhelgisgæzlunnar. Að vísu er það þegar sýnt af þeim undirtektum, sem söfnunin hefur fengið, að hún hefur mætt svo almennum skilningi, að það verður mjög verulegur styrkur að henni fyrir Landhelgissjóð. En eins og margtekið hefur verið fram og ég held, að flestir ættu nú að hafa gert sér grein fyrir, þá var ekki aðalmarkmiðið með því að stofna til þessarar almennu landssöfnunar það að safna svo og svo miklu fé í Landhelgissjóðinn til þess að leysa ríkissjóð undan einhverjum kvöðum í því sambandi, heldur hitt að gefa öllum almenningi tækifæri á því að sýna öllum þjóðum, að íslenzka þjóðin stæði einhuga að þessu máli og hún teldi ekki eftir sér af frjálsum og fúsum vilja að leggja á sig verulegar fórnir í sambandi við þetta mál, hún væri fús til þess að leggja fé af mörkum til þess að verja þetta lífshagsmunamál sitt, til þess að það gæti enginn efazt um, að það væri fullur og fastur sannfæringarvilji hjá þjóðinni allri á bak við þetta mál. Og undirtektirnar undir landssöfnun hafa þegar verið þær, að þær munu sanna þetta og sýna, og það mun eiga eftir að sýna sig betur. Í því efni munu engar úrtölur stoða. Fólkið í landinu lætur ekki segja sér fyrir verkum í þessu efni. Og það mun koma fram og leggja fram sitt lóð, lítið eða stórt eftir atvikum og getu, til þess að sýna þessu máli áhuga sinn og skilning. En það endurtek ég, að það á ekki að verða til þess að leysa fjárveitingavaldið undan neinni skyldu í sambandi við Landhelgisgæzluna og eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Það er reyndar svo, að það hefur farið fram á s. l. ári og á þessu ári réttara sagt, talsverð aukning á gæzlustyrk Landhelgisgæzlunnar. Það hefur gerzt með tilkomu nýrrar og afkastameiri flugvélar en áður, og það er ekki vafi á því, að flugvélar eiga eftir að þjóna miklu hlutverki í sambandi við Landhelgisgæzluna. Það hefur líka verið fengin mun stærri þyrla en áður. Ég hygg, að reynslan muni sýna, að hún muni geta orðið að mjög miklu og góðu gagni í sambandi við gæzlu- og björgunarstörf. Það hafa enn fremur verið fengnar tvær minni þyrlur. Þá vil ég geta þess, að það hafa farið fram alveg gagngerar endurbætur á varðskipinu Þór, sem nýlega er nú búið að lýsa í útvarpi, hverjar eru og ég skal ekki fara að telja hér upp. En það má í stuttu máli segja, að það gæzluskip er allt annað skip á eftir, en það var. Það kemur nú til gæzlu við hlið hinna stærri gæzluskipa, sem að vísu eru ekki gömul, en þó er ekki hægt að segja, að það hafi verið sérstaklega mikil afrek unnin í þessum málum á umliðnum árum. Að vísu má geta þess og það er lofsvert, að varðskipið Ægir kom hér 1968, í ráðherratíð hv. 1. flm. Og það er honum til lofs. En varðskipið Óðinn er frá árinu 1959. Það hefur ekki verið örari uppbygging í varðskipaflotanum en þetta á undanförnum árum, þegar menn þó 1961 höfðu lýst yfir þeim tilgangi sínum að vinna að útfærslu landhelginnar og ætla hefði mátt, að ýmsar undirbúningsráðstafanir hefðu verið gerðar í því skyni. Þá hefur líka á þessu sumri verið tekið leigunámi, eins og menn vita, eitt hvalveiðiskip, sem er stórt skip og má flokka við hlið þessara skipa, þó að það verði auðvitað aldrei sett algerlega á bekk með þeim, sem ekki er heldur að búast við, þar sem það er ekki smíðað í því skyni að þjóna þeim tilgangi. Og það getur náttúrlega aldrei fengizt skip, sem fullnægir alveg kröfum í þessu efni, nema það sé sérstaklega smíðað í þeim tilgangi, eða keypt skip, sem hefur verið byggt með það fyrir augum að vera gæzluskip. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta hvalveiðiskip. Það hefur verið lagt fram frv. til staðfestingar brbl., og ég mun fara nánar inn á það mál í sambandi við þau.

En ég vil ekki láta þetta tækifæri hjá líða til þess að bæta við örfáum orðum varðandi landhelgisvörzluna. Ég vil nota þetta tækifæri til þess alveg sérstaklega að þakka varðskipunum og varðskipsmönnunum og gæzluliðinu öllu fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður á því tímabili, sem liðið er frá 1. sept. Ég vil aðeins minna á það, að þennan tíma hafa ekki í raun og veru verið til vörzlu á því stækkaða og útvíkkaða umsjónarsvæði, á nýja landhelgissvæðinu, nema tvö skip, sem þar hafa getað komið verulega að gangi, Ægir og Óðinn. Og ég vil biðja menn að gera sér í hugarlund, hve erfitt það hlutverk muni vera fyrir tvær skipshafnir, tvö skip, að verja allt það svæði fyrir ágangi þess fjölda landhelgisbrjóta, sem á það hefur sótt. Ég vil taka þetta fram hér alveg sérstaklega og tjá þessum mönnum mínar beztu þakkir. Og ég held, að þjóðin öll ætti að taka undir þær þakkir. Ég er nefnilega ekki alveg viss um það, að þjóðin og fólkið allt hafi gert sér fulla grein fyrir því, við hverjar aðstæður þessir menn hafa orðið að vinna sín störf. Og ég verð satt að segja að lýsa dálítilli undrun minni yfir þeim fréttaflutningi, sem stundum hefur átt sér stað í sambandi við þessi mál. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, að það hefur þótt fréttnæmt í fjölmiðlum, að varðskip hafi sézt liggja við bryggju. Halda menn, að varðskip þurfi aldrei að koma í höfn? Halda menn, að þeir sjómenn, þeir skipverjar, sem á þessum skipum starfa við þessar erfiðu aðstæður, vita aldrei, hvað fyrir getur komið og hverju þeir eiga að mæta, eigi ekki rétt á einhverjum frístundum, eigi ekki rétt á því og hafi ekki þörf fyrir það að koma til sinna heimkynna öðru hverju? Ég held, að það sakaði ekki, að menn

sýndu ofurlítið meiri skilning í þessum efnum.

Það hefur stundum bryddað á því, að það hafi verið talað um einhvern undanslátt eða linkind í landhelgisgæzlunni. Það er satt, að á meðan brezku samningamennirnir sátu við samningaborð hér í Reykjavík var ekki stofnað til sérstakra átaka. En varðskipin voru á ferð á þeim tíma eins og endranær og aðvöruðu skip og gáfu þeim viðvaranir. En því miður er staðreyndin sú, að eftir það sýnast enskir landhelgisbrjótar hafa fylkt liði á Íslandsmið í enn ríkara mæli en áður. Því verður svarað á viðeigandi hátt. Það verður engin linkind eða undansláttur sýndur í vörzlu landhelginnar nýju.

Menn hafa kannske veitt athygli þeim fréttum, sem bárust í dag, og e. t. v. hefur það fært mönnum heim sanninn um betur en áður, að hér er ekki um neinn leik að ræða. Það var siglt á varðskip og gerð tilraun til þess að sigla það í kaf og verða skipshöfn þess þar með að bana. Gegn því munum við bera fram þau ýtrustu mótmæli, sem við getum. En það sýnir mönnum, að þessir menn, sem eru framverðir okkar í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar, eiga vissulega allt gott skilið. Það sýnir mönnum, að þeir geta lagt líf sitt í sölurnar. Þess vegna er það, að þótt ekki verði, eins og ég sagði, sýnd nein linkind eða undansláttur í því að verja landhelgina, eftir því sem geta okkar leyfir, og það hefur heldur ekki verið gert, því að landhelgisvarzlan hefur starfað af dugnaði *eftir sinni getu, þá verði jafnframt* lögð á það áherzla, að það verði farið í þessum málum með allri varúð og skipi eða lífi skipshafnar varðskipanna aldrei stofnað í hættu að óþörfu. Þetta hef ég sagt við skipshafnirnar sjálfrar, þegar ég hef haft tækifæri til þess að tala við þær um borð í varðskipunum. Og um leið og ég hef þá flutt þeim þakkir fyrir góða framgöngu í landhelgismálinu, þá hef ég sagt við þær þar, að það þurfi stundum meira hugrekki til þess að sýna gætni og stillingu heldur en glannaskap. Meðan ég fer með stjórn þessara mála, verður ekki breytt frá þessari stefnu, hvað sem hver segir.

Ég hef þegar lýst skilningi mínum á þessu frv. og þeim góða vilja, sem í því kemur fram, og ég vænti þess, að Alþ. taki það til vinsamlegrar athugunar, en hafi auðvitað jafnframt í huga það, sem ég hef bent á, að þessi málefni verður að skoða nokkuð heildstætt. Ég veit, að það er fullur hugur hjá allri þjóðinni að efla Landhelgisgæzluna, það er fullur hugur hjá ríkisstj. að gera það. Það mun nú í dag eða á morgun verða útbýtt hér á hv. Alþ. þáltill. um að heimila ríkisstj. byggingu eða kaup á nýju fullkomnu gæzluskipi.

Þetta eru svo mikil mál og mikils háttar, að mér finnst það varla hæfa að fara út í þex eða smáatriði, sem mættu kannske teljast í sambandi við það. Þó get ég varla stillt mig um að minna hv. 1. flm. á það, að s. l. 12 ár fóru þeir nú með stjórn þessara mála, og auðvitað hefði margt verið léttara í dag í þessum efnum, ef þessi áhugi og ákveðni vilji, sem þeir nú sýna til þess að afla Landhelgissjóði fjár, hefði komið fram á öllum þeim árum, sem þeir fóru með stjórn þessara mála. En batnandi manni er bezt að lifa. Og ekki ætla ég nú heldur að fara að pexa neitt við hann um húsnæðismál Landhelgisgæzlunnar. Það er satt, að Landhelgisgæzlan býr í ófullnægjandi húsnæði og ytri aðstæður hennar eru ófullnægjandi á margan hátt. En það er nú hins vegar æðimikið ofmælt hjá hv. 1. flm., að hún sé á götunni. Þessi mál hafa verið í athugun, og það hefur ekki staðið á því, að það væri hægt að útvega Landhelgisgæzlunni ágætis skrifstofuhúsnæði, hvort heldur er hér í borginni eða annars staðar. En Landhelgisgæzlan sjálf eða forstjórinn hefur að svo komnu máli frekar kosið að vera áfram í þessu húsnæði, sem Landhelgisgæzlan er nú í, þó að þar sé mjög þröngt um hana. Því veldur m. a. sjálfsagt staðsetning, sem hann telur hagkvæma þar, og svo sjálfsagt von um það, að úr verði bætt fljótlega með byggingu húss yfir Landhelgisgæzluna. En ég er hv. flm. alveg sammála um, að það á að gera fyrr en síðar. Og það er lóð þarna, það er rétt, í Selsvör eða *þarna nálægt því, sem þeir eru, nánast* við hliðina á Vitamálahúsinu, og það má vel vera, að hún henti sem framtíðarstaður fyrir aðsetur Landhelgisgæzlunnar. En þó býst ég við því, að Landhelgisgæzlan sjálf vilji jafnvel líta nánar á þau mál. Það gæti t. d. komið til mála, að hún teldi sig betur staðsetta nálægt flugvelli. Það fer sjálfsagt dálítið eftir því, hver þróun þessara mála verður. En á götunni er hún nú ekki, sem betur fer, enda væri það óskemmtilegur vitnisburður um 12 ára viðreisnarstjórn, því að í engu hefur húsnæði Landhelgisgæzlunnar breytzt frá því, sem var, á meðan hv. 1. flm. þessa frv. var dómsmrh., og að ég hygg, ekki að neinu leyti öll 12 viðreisnarárin, nema hvað vera kynni, að eitthvað hefði verið að henni þrengt og af henni tekið húsnæði, sem hún áður hafði í þessu húsi, þannig að ég held, að það sé nú bezt fyrir alla aðila að vera ekki með mjög stór orð í þessu sambandi. Engan áhuga hef ég á því að vera að rifja upp hið liðna í þessu, en tel hitt skipta mestu máli, að menn sameinist um að játa, að það þarf að bæta húsakost og aðstöðu Landhelgisgæzlunnar í landi og mér væri það mikið fagnaðarefni, að menn vildu veita mér lið til þess að beita mér í því máli og það sem allra fyrst. Hitt er svo annað mál, hvort það þykir eðlilegt að taka það beinlínis fram í lögum um Landhelgissjóðinn, að svona tilteknum hluta eins og þarna er tilnefndur skuli varið til þessara hluta. Ég býst við, að það ætti ekki að vera þörf á því, af því að það er áreiðanlega vilji allra, sem um þessi mál fjalla og með þessi mál hafa að gera, að reyna að bæta úr í þessu efni svo fljótt sem nokkur kostur er og þegar fé leyfir. Og ég efast ekki um það, að hin glæsilega landssöfnun verður m. a. til þess að létta undir í því efni. Ég held, að það sé mjög þýðingarmikið fyrir okkur að láta ekki smáatriði leiða okkur út á neinar villigötur í sambandi við þetta stóra mál, landhelgismálið og landhelgisgæzluna, heldur ættum við að sameinast um það, sem við erum allir sammála um, og það eru

allir sammála um höfuðatriðin í þessu máli. Og þá eigum við að gera það, sem skynsamlegt er, og samþykkja það, sem skynsamlegt er, og til þess er ég reiðubúinn, hvort sem það kemur frá þessum eða hinum. Þess vegna legg ég til. að sú hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, skoði það mjög gaumgæfilega. Það er nú aukaatriði, til hvaða n. það fer. Ég skal ekki segja um það. Það má vel vera, að landhelgislögin hafi á sínum tíma verið í sjútvn. Þó mætti segja mér, að þau hefðu verið í allshn., þó þori ég ekki að fullyrða um það. Það er algert aukaatriði.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil taka undir þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, þegar hann sagðist fagna hverri þeirri viðleitni hér á hv. Alþ. og annars staðar til eflingar landhelgisgæzlunni. Það er sérstök ástæða til þess að hugsa um það einmitt nú, þegar verkefni Landhelgisgæzlunnar eru jafnmikil eins og raun ber vitni, hvernig við getum bezt að henni búið, svo að hún geti sinnt því veigamikla verkefni, sem hún á að annast við gæzlu okkar stækkuðu landhelgi. Ég hef á undanförnum árum flutt hér á hv. Alþ. a. m. k. tvisvar sinnum, ef ekki þrisvar, till. í þá átt að efla Landhelgisgæzluna að tækjum, bæði skipum og flugvélum. Því miður hafa þessar till. ekki náð fram að ganga, og skal ég ekki fara neitt að rekja það í smáatriðum, en fagna bara þeim aukna skilningi, sem mér virðist koma fram í því frv., sem hér er verið að ræða, hjá ýmsum þeim flm., sem fyrr á árum voru valdamiklir í landsstjórn okkar, en tillöguflutningur minn þá náði ekki eyrum þeirra. Persónulega vil ég stuðla á hv. Alþ. að framgangi allra þeirra mála, sem geta orðið til þess að efla Landhelgisgæzluna, en hvort sú till., sem kemur fram í 1. gr. frv., er sú bezta í þessum efnum og hvort þær fjárhæðir, sem þar eru nefndar, séu þær eðlilegustu, skal ég ekki um segja á þessari stundu. Væntanlega kemur þetta mál til hv. sjútvn., þar sem ég á sæti og gefst þá e. t. v. tækifæri til þess að athuga það betur þar.

Ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs og vildi fá tækifæri til þess að segja hér örfá orð þegar við 1. umr. um þetta frv., er sú, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að verja árlega allt að 25 millj. kr. af fé Landhelgissjóðs til byggingar fyrir Landhelgisgæzluna á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík og til þess að búa henni að öðru leyti framtíðaraðstöðu í landi. Ég er því fyllilega sammála, að það sé nauðsynlegt að byggja upp aðalstöðvar fyrir Landhelgisgæzluna og mér er um það kunnugt, að þær aðstæður, sem hún býr við nú, þarf að bæta mjög verulega. En ég skil þetta frv. þannig, að með samþykkt þess óbreytts, þó að aðeins sé um heimildargrein að ræða, þá sé Alþingi að samþykkja, að höfuðstöðvar Landhelgisgæzlunnar skuli rísa í Selsvör í Reykjavík. Nú veit ég, að á undanförnum mánuðum hefur farið fram athugun á vegum þess rn., sem landhelgismálin heyra undir, á því, hvernig bezt væri leystur sá vandi, sem þarna er fyrir hendi, þ. e. a. s. það vantar húsrými fyrir aðalstöðvar Landhelgisgæzlunnar. Og mér er kunnugt um, að það hefur komið til athugunar, að vel væri hugsanlegt, að aðalstöðvar Landhelgisgæzlunnar kynnu að rísa annars staðar en endilega í Selsvör í Reykjavík. Ég hygg, að enginn hv. alþm. mundi halda því fram, að þær lóðir, sem Landhelgisgæzlan á í Selsvör í Reykjavík, geri það endilega nauðsynlegt, að aðalstöðvarnar rísi þar, því að þær lóðir standa fyllilega í sínu verði og geta hvenær sem réttur eigandi vill selja þær gefið mjög verulegt fé í aðra hönd, sem síðar meir mætti nota til þess að byggja þessar fyrirhuguðu aðalstöðvar Landhelgisgæzlunnar. Í mínu kjördæmi í Hafnarfirði hefur komið fram verulega mikill áhugi bæjaryfirvalda á því að fá aðalstöðvar Landhelgisgæzlunnar staðsettar þar. Og mér er kunnugt um það, að af hálfu bæjaryfirvalda hefur ýmislegt verið boðið í þeim efnum til þess að gera það léttara og hagkvæmt fyrir þá starfsemi, sem þarna á að rísa, að vera í Hafnarfirði. Ég vil á þessari stundu vekja alveg sérstaka athygli á þessu. Mér sýnist, að eftir að athugun hefur farið fram og ef það liggur fyrir, að starfsaðstöðu megi tryggja Landhelgisgæzlunni í Hafnarfirði alveg jafngóða og í Reykjavík, þá beri að staðsetja hana frekar þar af mjög einfaldri ástæðu, sem sé þeirri, að það er þörf á því, þjóðfélagsleg þörf á því, að við reynum að dreifa ríkisstofnunum meira um landið en gert hefur verið að undanförnu. Og þó að menn segi, að það sé lítill fjarlægðarmunur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, þá er það að vísu rétt, en hitt er líka rétt, að í Hafnarfirði eru ákaflega fáar ríkisstofnanir staðsettar, sem þjóna landinu öllu. Því endurtek ég það, að ég tel varhugavert á þessari stundu, án þess að þeirri athugun sé lokið, sem er í gangi um það, hvernig eigi að leysa úr þessum vandamálum Landhelgisgæzlunnar, að samþykkja þessa staðarákvörðun, sem kemur fram í frv. Þetta er ekki af neinum illum hug sagt til höfuðborgarinnar, sem ég ann alls góðs, en ég vek bara athygli á þessu atriði, af því að mér er það skylt sem þm. úr Reykjaneskjördæmi, og sem þingmaður úr stjórnarliðinu vil ég minna hæstv. ráðh. á, að eitt af þeim ávæðum, sem í stjórnarsamningnum er að finna, er einmitt það, að reynt skuli að dreifa ríkisstofnunum sem víðast um landið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að ekki væri vanþörf á, að landsmenn sýndu Landhelgisg. ofurlítið meiri skilning og þetta er sannarlega rétt. Það veitir sannarlega ekki af, að Landhelgisgæzlunni sé sýndur meiri skilningur og þeim mönnum, sem þar eru í fremstu línu, og veittur allur sá styrkur, siðferðilegur a. m. k., sem við getum veitt þessum mönnum, við, sem erum í landi. Ég skal taka dæmi.

Núna ekki alls fyrir löngu kom þýzka aðstoðarskipið Poseidon, það skip, sem Þjóðverjar hafa til aðstoðar veiðiþjófum sínum hér á Íslandsmiðum, inn til Akureyrar með sjúkan mann eða slasaðan, sennilega tvo, og skip þetta það

um vatn, það bað um olíu, að sjálfsögðu til þess að þurfa ekki að fara eitthvað annað til að sækja vatn og olíu, til þess að geta verið lengur á miðunum, þurfa ekki að tetja sig frá því að veita veiðiþjófunum stuðning. Hvort tveggja var þessu skipi veitt, olían og vatnið. Og sömu sögu er að segja um brezka skipið Cirolana, sem er líka til aðstoðar veiðiþjófum hér, brezkum. Það kom hér í fyrradag inn í Rvíkurhöfn með sjúkan mann eða slasaðan, og það fékk vatn. Ég held, að það hafi ekki beðið um olíu, en það liggur í augum uppi, að það hefði fengið hana eins og Poseidon fékk norður á Akureyri. Þetta vil ég kalla reginhneyksli. Og þetta kalla ég líka, að við í landi bregðumst Landhelgisgæzlunni. Hér er um að ræða skip, sem kalla má forustuskip þeirra sjóræningjaflota, sem hafa sig nú í frammi á Íslandsmiðum, sjálf flaggskipin, sem hljóta þessa þjónustu í höfnum okkar, hvenær sem þau biðja um. Og óneitanlega ferst öðrum nokkuð stórmannalegar í þessari baráttu fyrir landhelgismáli Íslendinga, öðrum en okkur sjálfum, og það eru Færeyingar, sem harðneituðu svona þjónustu, þegar fram á hana var farið af hálfu þeirra, sem brjóta lög á Íslendingum. Ég verð að segja, að maklegar þakkir, sem hæstv. forsrh. tjáði Landhelgisgæzlunni áðan, sannarlega maklegar, hefðu líka mátt fara til vina vorra, Færeyinga, fyrir stuðning þeirra. Þeir veita Landhelgisgæzlu okkar enn þá meiri siðferðilegan stuðning heldur en við gerum sjálfir.

Ég vildi aðeins vekja máls á þessu og láta í ljós þá von mína, að þessu hneyksli linni. Og ég vil beina því til hæstv. forsrh., þó að það megi e. t. v. segja, að þetta heyri ekki undir hans rn., — ég veit reyndar ekki, undir hvaða ráðh. þetta mundi heyra en það mundi heita siðgæðismálarn., — en ég vil beina því til hæstv. forsrh., að hann tjái hug sinn um þetta mál.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Það er ekki ástæða til þess að ræða frv. frekar heldur en hv. 1. flm. þess hefur gert. Frv. hefur fengið góðar viðtökur hjá hæstv. forsrh. og öðrum, sem hér hafa talað, og má þess vegna reikna með, að a. m. k. sú fjárupphæð, sem hér er nefnd, verði tekin frá í fjárl. handa Landhelgisgæzlunni. En hvort aðsetur Landhelgisgæzlunnar verður flutt í kjördæmi hv. 2. þm. Reykn., það er svo annað mál. Ég held, að hv. þm. hafi orðið mismæli, þegar hann talaði um þörfina á því að flytja ríkisfyrirtæki út á land. Ég segi þetta ekki vegna þess, að Hafnarfjörður eigi ekki kannske alveg skilið að fá stöðvar Landhelgisgæzlunnar eða eitthvað annað til sín. En Hafnarfjörður er nærri Reykjavík, og það er sjálfsagt að hafa það í huga, að búið var að byggja yfir Landhelgisgæzluna, og ágætt hefði verið, að Landhelgisgæzlan hefði aðsetur í lögreglustöðinni eða þar við. Það var ekki fyrr en hæstv. núv. ríkisstj. kom til valda, að farið var að tala um mikil þrengsli í stjórnarráðinu, ekki sérstaklega í utanrrn., heldur einnig í öðrum rn. Með því að bæta stöðugt við nýju fólki hefur hæstv. ríkisstj. sprengt utan af sér húsnæðið. Það dugði ekki minna til heldur en það að taka húsnæði, sem Landhelgisgæzlunni hafði verið ætlað og sérstaklega byggt fyrir hana. En ekki meira um þetta. Það var ekki út af þessu, að ég kvaddi mér hljóðs.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að á meðan brezku samningamennirnir voru hér, þá var slakað á vörnum á miðunum. Ég er nú þeirrar skoðunar, að það hafi verið vafasöm ráðstöfun. Ég held, að það hefði verið jafnvel hyggilegra að hafa alveg eins miklar varnir og mögulegt var einmitt á meðan þessir menn voru hér og láta þá sjá, að það er alvara hjá okkur Íslendingum að vernda landhelgina og vinna sigur í landhelgismálinu. En þótt ég sé ekki á sömu skoðun og hæstv. forsrh. í þessu efni, að það hafi átt að slaka á, á meðan samninganefndarmennirnir voru hér, þá vil ég vekja athygli á því, hvað fólst í orðum hæstv. ráðh. Ráðh. sagði, að nú, eftir að samninganefndarmennirnir eru farnir, er farið að grípa aftur til aðgerða, klippa á víra og annað þess konar, og það hefur orðið árekstur á miðunum og mjög alvarlegur árekstur. Við sjáum, að togarasjómennirnir brezku svífast einskis, gera tilraun til þess að sigla niður varðskipin. Vissulega er okkar gæzluliið í mikilli hættu á miðunum. Ég vil taka undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, og þakka þeim, sem að gæzlunni vinna. Ég veit, að það stendur ekki á þeim að gera það, sem í þeirra valdi stendur. Skipin þrjú, Ægir, Óðinn og Þór hafa góðan ganghraða og ættu að geta forðað sér undan togurunum, þegar þeir gera tilraun til þess að stíma á þau. En þar er aftur vafasamara með skip, sem ekki ganga hraðar en togararnir. En það ætla ég ekki að ræða nánar að þessu sinni. En þetta, að harka er nú komin í átökin á miðunum, sem ekki átti sér stað, á meðan brezku samninganefndarmennirnir voru hér, það er eftir stefnu forsrh. vegna þess, að slitnað hefur upp úr samkomulagstilraunum við Breta. Ef hugsanagangur hæstv. forsrh. væri rökréttur, þá er varla hægt að leggja annan skilning en þennan í þau orð.

Nú er það þannig, þegar hlustað er á hæstv. forsrh., þá er mjög erfitt að greina, hvort raunverulega hefur alveg slitnað upp úr samningatilraununum. Ég er ekki að mæla með því, að það verði farið að semja við Breta eða Vestur-Þjóðverja um eitthvað, sem er ósæmilegt fyrir Íslendinga. En ég mæli ákveðið og eindregið með því, að það verði reynt á það sem allra fyrst, hvort samkomulagsgrundvöllur er fyrir hendi á sæmandi hátt. Og þess vegna spyr ég að því, hvort ríkisstj. ætli að verða við óskum Vestur-Þjóðverja og hefja samningatilraunir við þá. Er það þannig, að undirbúningsviðræður embættismannanna hér í Reykjavík hafi ekki lagt grundvöll fyrir viðræðum á milli ráðherra landanna? Ég held, að allur almenningur í landinu og reyndar alþm. einnig viti ekki um, hvað hér er um að ræða. Íslendingar standa saman í landhelgismálinu eins og einn maður. En þeir óska þess eindregið, að unnt verði að fá heppilega lausn á málinu sem allra fyrst, lausn, sem væri sigur fyrir Íslendinga. En spurningin er þá þessi: Hefur verið gengið úr skugga um það til fulls, hvort sá möguleiki er fyrir hendi

að ná samningum? Það er þetta, sem mig langar til þess að fá að vita. Og það er þetta, sem ég held, að aðrir hv. alþm. vilji fá að vita og þjóðin öll. Og þess vegna er það, að ég óska eftir því, að hæstv. forsrh. gefi upplýsingar um gang málsins.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil fyrst í stað þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög góðar undirtektir við þetta frv. Og það styrkir auðvitað vonir mínar um það, að það geti náð fram að ganga nú á fyrri hluta þessa þings og fyrir afgreiðslu fjárl., eins og ég vék að. Ég hef áður sagt, að þær skipta ekki öllu máli fjáruppæðirnar, sem nefndar eru í frv., ef n. kæmist að einhverri annarri niðurstöðu. Eins er það líka, sem vikið var að hér, um ákvörðun í 2. gr. um staðsetningu Landhelgisgæzlunnar, að auðvitað er það ekki höfuðatriði í þessu máli. Ég óttaðist aðeins, og þar hef ég kannske ráðið mestu um sem þm. Reykv. og 1. flm. frv., að ef ekki væri kveðið á um hana, þá hæfust hér í þinginu deilur um það, hvar Landhelgisgæzlan ætti að vera staðsett og það er mjög skiljanlegt, að þar otar hver sínum tota. En ég vil undir öllum kringumstæðum ekki hefja neinar umr. um það nú og segja strax við þá n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að þetta atriði megi með engu móti tefja framgang frv. Þá vil ég miklu heldur, að það sé samkomulag um að láta það standa opið, þegar frv. er samþykkt. Hitt er svo bjargföst skoðun mín, að einmitt hér á þessum landshlutanum sé langbezt aðstaðan fyrir Landhelgisgæzluna, en aðrir geta haft aðrar skoðanir á því og um þetta vil ég ekki meira segja.

Ég hafði fyrirvara um það í minni fyrri ræðu, hvort ég færi rétt með, að það væri ekkert fjármagn áætlað til Landhelgissjóðsins til byggingar í landi eða byggingar varðskips, og ég hafði skilið fjárl. þannig. Hæstv. forsrh. vildi nú meina, að það væri áætlað til Landhelgissjóðs, eins og hann sagði, tæpar 15 millj. kr., ófyrirséð 15 millj. kr. Ég hélt, að þetta væri eingöngu nauðsynlegt til Landhelgissjóðs í framhaldi af því, sem verið hefur til að standa undir afborgunum og vöxtum af varðskipum, sem þegar hafa verið keypt. Árið 1969 þurfti að auka framlag ríkissjóðs til Landhelgissjóðsins úr 3.5 millj. 1968 upp í 14 millj. kr. 1969 og 16.8 millj. kr. 1970, m. a. vegna þess, að þá féllu til afborganir af varðskipunum í ríkara mæli heldur en sektarfé og björgunarlaun og vextir gátu risið undir. Og í grg. í fjárl., þar sem vikið er að Landhelgisgæzlunni, þá er ekkert á það minnzt, að varið sé neinu til Landhelgissjóðs til byggingar í landi né heldur til kaupa á varðskipi, og þess vegna ályktaði ég, að það væri ekkert umfram það venjulega, sem í fjárl. er ákveðið að verja til Landhelgissjóðsins.

Þær hafa farið nokkuð á víð og dreif umr. um þetta mál. Forsrh. sagði að vísu, að hann vildi ekki hefja neitt þex um landhelgisgæzluna. Svo byrjaði hann náttúrulega að þexa beint upp úr því. Það voru ekki sérstaklega mikil afrek unnin í tíð fyrrv. ríkisstj. og það væri nú ekki góður vitnisburður um 12 ára stjórn fyrrv. ríkisstj., að Landhelgisgæzlan væri húsnæðislaus. Núv. hæstv. ríkisstj. er búin að taka húsnæðið af Landhelgisgæzlunni, sem fyrrv. ríkisstj. ætlaði henni. Það er þess vegna, sem hún er í þeim vandræðum, sem hún er. En það var um langan tíma, sem ætlað var rúm fyrir Landhelgisgæzluna í hinni nýju lögreglustöð, sem hefur kostað mikið fé og mun kosta enn mikið fé, áður en hún verður fullgerð, og það var talið að dómi Landhelgisgæzlunnar og fyrirsvarsmanna hennar, að þá væri vel fyrir séð, ef hún gæti fengið það húsnæði, sem henni var ætlað þar til umráða.

Varðandi það, hvort unnin hafi verið mikil afrek í tíð fyrrv. stjórnar eða ekki, getur hver metið eins og hann vill. Óðinn kom, eins og hæstv. ráðh. sagði, til landsins 1961, Ægir 1968 eða 7 árum seinna. Ég tók við dómsmrh.-embættinu um áramótin 1963—1964, og 1966 skrifuðum við undir samninga um byggingu á Ægi. 1967 og 1968 var okkur ljós þörfin á því að efla tækjakost Landhelgisgæzlunnar. En þá voru hér mikil efnahagsvandræði í landinu, eins og öllum er kunnugt. Það þurfti að skera niður fjárlög og skera við nögl hvað eina, eins og hv. þm. rekur minni til. Þá var það, sem Landhelgisgæzlan gerði samning við Bandaríkin um að fá lánaða tvo flugbáta, björgunarflugbáta frá Bandaríkjunum, Albatross, sem kallaðir hafa verið, en þetta eru flugbátar með mikið flugþol og var ástæða til þess að ætla, að þeir gætu leyst úr okkar vanda og það vel, meðan á þessum erfiðleikum stæði í efnahagsmálum okkar. Því miður reyndist það svo þannig, þegar þessir flugbátar voru afhentir, að vonir manna brugðust um það, að þeir væru í því standi, sem þeir áttu að vera eða þurftu að vera til þess, að Landhelgisgæzlan gæti haft þeirra not. En leigukjörin voru mjög góð og þurfti engu til að kosta í sambandi við þessa bráðabirgðaleigu, en eins og ég segi, það voru mikil vonbrigði, að flugbátarnir voru slitnir og úr sér gengnir og þess vegna þurfti að skila þeim fyrr en varði. Þar sem hæstv. ráðh. taldi, að nú hefði Landhelgisgæzlan verið efld með kaupum á flugvél, þá var það allt saman ráðið í tíð fyrrv. ríkisstj., kaupin á þeirri flugvél, sem var til endurnýjunar á Sif. Það er út af fyrir sig ekkert afkastameiri vél en Sif, nema síður sé, en Sif var gömul Skymastervél, sem reyndist ákaflega vel og var mjög afkastamikil. En hún var dýr í rekstri og ég vildi mega vona, að þessi Fokker Friendshipvél, sem nú hefur verið keypt, reynist hagkvæmari að því leyti fyrir Landhelgisgæzluna og reynist henni í alla staði hagkvæm.

Um þessi minni atriði, sem nefnd hafa verið, skal ég svo ekki fjölyrða. En það er mjög erfitt að ræða ýmis mál að mínum dómi hér á opnum þingfundum í sambandi við samningagerðir hæstv. ríkisstj. og hvernig að þeim er staðið, og ég ætlað að leiða það hjá mér á þessu stigi málsins. Við höfum rætt það mál í utanrmn. á síðasta fundi hennar að hæstv. utanrrh. viðstöddum, og hann veit nokkuð um skoðanir stjórnarandstöðunnar, beggja stjórnarandstöðuflokkanna í því sambandi, og ég tel nú fara bezt á því, að við brýnum ekki hverjir aðra of mikið í þeim efnum. Það er vissulega rétt, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það er auð-

vitað mjög æskilegt, að almenningur í landinu viti að hverju stefni, og um þetta skal ég svo aðeins bæta því við, sem á ekki að skapa nein vandkvæði, að það er auðvitað höfuðnauðsyn, að hæstv. ríkisstj. geri það upp við sig sem allra fyrst, hvort samstaða er milli okkar, skulum við segja, okkar allra, um samninga eða ekki, — að það liggi fyrir. Við uppskerum ekki neina ávexti af drætti óvissunnar í þessu sambandi.

Fleiri orð skal ég svo ekki hafa að þessu sinni, en ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forsrh. vegna þeirra góðu ummæla, sem hann viðhafði og hinna góðu undirtekta hans við þetta frv. Það var eitt smáatriði, sem ég kannske ætti að drepa á, áður en ég fer úr ræðustólnum, að hæstv. ráðh. sagði, að það dygðu engar úrtölur í sambandi við landssöfnunina, og ég vil mega vona það, að mitt mál hafi ekki á neinn hátt skilizt hér áðan sem einhverjar úrtölur í sambandi við gang þeirrar söfnunar og þessu sé stefnt gegn öðrum en mér, enda er ég einn af þeim, sem ásamt hæstv. forsrh. hef beint áskorun til þjóðarinnar um að standa að þessari söfnun.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti láta í ljós stuðning við þá meginhugsun, sem fram kemur í því frv., sem hér er til umr. Það er vissulega ekki vanþörf á að styrkja Landhelgisgæzluna, og það ber þess vegna að styðja alla jákvæða viðleitni í þá átt, eins og bent hefur verið á í þessum umr.

En aðalerindi mitt hér í ræðustól nú er að taka undir sumt af því, sem hv. þm. Jón Skaftason sagði um staðsetningu Landhelgisgæzlunnar í landi. Það er alveg rétt hjá honum, að í Hafnarfirði er áhugi fyrir því, að Landhelgisgæzlan flytjist þangað með þá starfsemi, sem hún hefur í landi. Þann áhuga þekki ég m. a. sem bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hún hefur gert ályktanir varðandi þetta mál og er tilbúin til þess að greiða fyrir því svo sem frekast er unnt, að Landhelgisgæzlan fái þar hina ákjósanlegustu aðstöðu. Og mér er einnig kunnugt um það, að þetta mál hefur verið til alvarlegrar athugunar hjá öðrum viðkomandi aðilum. Ég vil eindregið mega vænta þess, að úr því geti orðið, að Landhelgisgæzlan flytjist til Hafnarfjarðar, því að þar gæti virkilega orðið ágætisaðstaða að mínum dómi fyrir starfsemi hennar í landi. Þess vegna mun ég bera fram brtt. við þetta frv., þar sem því verði slegið föstu, að Landhelgisgæzlunni verði búin framtíðaraðstaða í Hafnarfirði.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. En það var spurningum beint til mín, og það er fyrst viðvíkjandi því, sem hv. þm. Vestf., Jónas Árnason, sagði um þakkir til Færeyinga. Ég tek undir allt, sem hann sagði um það. Færeyingar eiga mjög miklar þakkir skildar fyrir þann stuðning, sem þeir hafa sýnt okkur í þessu máli, bæði í orði og verki. Það voru að vísu ekki stjórnvöld Færeyinga, sem beinlínis stóðu að þeim aðgerðum, sem hann minntist sérstaklega á, heldur sérstök félagssamtök. En eigi að síður sendi ég mínum kollega í Færeyjum eða lögmanninum í Færeyjum sérstakt þakkarskeyti, eftir að þeir atburðir höfðu átt sér stað, sem Jónas Árnason minntist á, þannig að Færeyingum hafa verið færðar þakkir, eins og þeir áttu að sjálfsögðu skilið fyrir það, sem þeir höfðu gert.

Hann talaði um, að það væri hneyksli, að þessi eftirlitsskip hefðu komið hér til hafna og fengið hér afgreiðslu. Ég hygg, að þessi eftirlitsskip hafi komið til ýmissa staða hér og fleiri en þeirra, sem hann nefndi nú, með sjúka menn og slasaða og sums staðar fengið einhverja fyrirgreiðslu og kannske alls staðar, ég veit það ekki. En ég skildi hann nú ekki svo, og ég held, að hann hafi ekki meint það, að hneykslistalinu væri beint að mér að neinu leyti í þessu sambandi, enda eru þetta mál, sem ég sem slíkur get ekkert haft um að segja. Það er auðvitað eins og er komið undir bæjaryfirvöldum og hafnaryfirvöldum á hverjum stað, hvaða fyrirgreiðsla er veitt, og ef því ætti að breyta og taka af þeim frjálsræði í þeim efnum, þá yrðu að koma til ákvæði í lögum. Ég vil segja það, að ég mun aldrei samþykkja, að hér verði neitað að taka á móti sjúkum mönnum eða slösuðum eða veita læknishjálp. Hitt getur verið meira álitamál, hvort það á að veita þeim skipum, sem flytja slíka menn að landi, þá fyrirgreiðslu, sem hv. ræðumaður minntist á. En þar um get ég ekki svarað einn, heldur er þetta mál ríkisstj. allrar og reyndar þingsins alls, því að eins og ég sagði, mundi ekki vera hægt að skjóta loku fyrir, hvað einstök staðaryfirvöld gerðu í því efni, nema með hreinni löggjöf. Ég tel víst, að það mál, hvað gera eigi í þessu efni, verði tekið til athugunar, ef þessir árekstrar standa um langa hríð.

Út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, þá vil ég aðeins segja það, að ég orðaði það ekki svo í minni ræðu áðan, að það hafi verið slakað á vörnum, á meðan brezku samningarmennirnir voru hér, heldur sagði ég, að á meðan brezku samningamennirnir sátu hér við samningaborð, hefði ekki verið stofnað til sérstakra átaka, ekki klippt eða því um líkt. En hins vegar héldu varðskipin uppi sínum ferðum, eins og ég sagði, áminningum og kröfum um, að skipin vikju úr landhelgi. Það, að nú hafi verið farið að klippa, hvort það bæri vott um það, að slitnað væri upp úr samningaumleitunum, þá er því til að svara, að um aðgerðir varðskipanna, hvort þau klippa einhverja víra þennan daginn eða handtaka kannske togara á morgun eða hinn daginn, það er ekki hægt að setja neinar ákveðnar reglur um það eða gefa fyrirfram nokkrar ákveðnar bendingar um slíkt. Það fer eftir aðstæðum. Það getur kannske gengið svo vika eða hálfur mánuður, að það verði ekki tækifæri beinlínis til þess að framkvæma þessar aðgerðir, án þess þá, eins og ég sagði áðan, að stofna til hættu, sem að mati skipherrans, sem síðastur verður náttúrlega að meta það, sé of mikil. En svo getur aftur komið tímabil, þar sem beitt verður þessum harðræðum sama daginn kannske gagnvart mörgum og svo dag eftir dag, þannig að þó að menn haldi það kannske og reikni út einhver dæmi um það, að það sé einhver ládeyða í þess-

um efnum, að það líði einhverjir dagar eða jafnvel vika, svo að það gerist ekki neitt, þá er það alls ekki svo, að það þurfi að vera nokkur vottur um, að það sé gengið slakar að verki. Aðstæðurnar eru ákaflega misjafnar, og aðstæðurnar t. d. í morgun voru auðvitað mjög erfiðar. Það er ákaflega erfitt að fást við fjölda togara, sem eru í hóp, svo sem einnig sýndi sig þarna, og það getur orðið erfitt þrátt fyrir það, að varðskipin séu vel gerð og fljót til að bakka og hafi góðan gang og fljót til snúninga, þá getur þetta verið þannig, að það sé erfitt að komast undan, ef þannig stendur á og mörg skip sækja að í einu að einu varðskipi, þannig að ég vil ekki segja, að þessar aðgerðir, sem núna fara fram, beri vitni um, að það sé neitt verið að herða á. Það er bara einfaldlega verið að halda því áfram, sem gilt hefur frá upphafi, og fylgt alveg sömu stefnu í því og verið hefur.

Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv., að það er nú bezt að vera ekki að ræða mikið hér um samningamálin. En það er óhætt að segja, að það hefur ekki enn í ríkisstj. verið tekin ákvörðun um þessi efni. Tilboð Þjóðverjanna er þar til athugunar, og það hefur ekki enn verið tekin endanleg ákvörðun út af þeirri skýrslu, sem embættismennirnir, sem sátu í samningunum við Breta, gáfu. Utanrmn. hefur verið gefin skýrsla. Ríkisstj. hefur náttúrlega fjallað um þetta, og hún mun halda áfram að fjalla um þetta. Landhelgisnefnd mun verða kölluð saman innan skamms, og þá munu þessi mál væntanlega skýrast, en það er ekki hægt að segja, að tekin hafi verið ákvörðun um það enn, hvernig með þessi mál skuli farið, og þess vegna alls ekki hægt að segja, að slitnað hafi upp úr samningum, enda teldi ég, að ríkisstj. gæti ekki tekið slíka ákvörðun nema leita fyrst samþykkis Alþingis, vegna þess að í þeirri ályktun, sem Alþ. einróma samþykkti hér á sínum tíma, 15. febr., var ríkisstj. falið að halda áfram samningaumleitunum við Breta og Þjóðverja. Ég tel, að það sé Alþ., sem ætti að hafa síðasta orðið um það efni, áður en algerlega væri upp staðið frá samningaborði. Og eins og ég sagði hér í ræðu minni í gær, þá vil ég ekki loka leið til bráðabirgðalausnar við samningaborð á meðan nokkur von er á sómasamlegu samkomulagi. Og eins og t. d. kom þá mjög greinilega fram hjá hæstv. félmrh., þá eru náttúrlega vissir hlutir, sem menn verða að gera upp við sig og meta, áður en þeir taka lokaákvörðun um það efni, hvort gefast eigi alveg upp við samningatilraunir og láta þá slag standa og stríðið skera úr, hver vinnur. Ég held, að menn þurfi að gefa sér góðan tíma til þess að athuga þau mál og það sé ekki vert að vera með of miklar yfirlýsingar um það efni hér á hv. Alþ., fyrr en málið liggur enn ljósar fyrir og tækifæri hefur verið til þess að gefa hv. þm. í þingflokkum og nefndum þeim, sem um þessi mál fjalla, rækilega skýrslu um þetta. En eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, þá eru þessi mál ekki sérlega vel fallin til þess að ræðast hér opinberlega.

En það vil ég þó segja, og það get ég sagt hér opinberlega, að það, sem gæti greitt verulega fyrir samningum við Breta og Vestur-Þjóðverja, væri, að þessir aðilar á þessari stundu eða sem fyrst kölluðu öll sín skip út fyrir takmörkin nýju og héldu þeim þar, á meðan samkomulagstilraunir færu fram. Það mundi bera meiri og raunhæfari vott um samkomulagsvilja af þeirra hálfu heldur en öll fagurmæli.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka til máls í þessum umr., en þar sem þessar umr. hafa farið að nokkru leyti á víð og dreif um landhelgismálið og jafnvel samninga þá, sem staðið hafa yfir út af því, þá vil ég aðeins segja hér nokkur orð.

Ég vil taka undir þær þakkir, sem hæstv. forsrh. bar fram hér áðan til handa starfsmönnum Landhelgisgæzlu í því erfiða hlutverki, sem þeir aðilar hafa átt við að stríða frá því 1. sept. fyrst og fremst. Það er vissulega þörf á að flytja þessum aðilum þakkir, öllu þessu starfsliði og ekki hvað sízt áhöfnum varðskipanna. En ég vil einnig og þá kannske var ferð mín hér í pontuna fyrst og fremst gerð vegna þeirra orða, sem hv. þm. Jónas Árnason talaði hér áðan. Ég vil taka undir það, sem hann sagði. Ég tel það hreint hneyksli, að það skuli geta átt sér stað, að flaggskipum veiðiþjófa þeirra Breta og Vestur-Þjóðverja skuli vera veitt slík fyrirgreiðsla eins og raun ber vitni að undanskildu í slysa- og veikindatilfellum. Ég vil taka það skýrt fram, og ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forsrh. og raunar ríkisstj. í heild, að hún hlutist til um það og beini þeim eindregnu tilmælum til viðkomandi bæjaryfirvalda, að slíkt eigi sér ekki stað oftar. Ég tel það reginhneyksli, ef þessir aðilar fá aðra fyrirgreiðslu en þá, sem við kemur sjúkum og slösuðum mönnum. Allt annað á að neita um.

Ég skal svo að síðustu taka undir það, sem forsrh. lét vera sín lokaorð hér áðan. Ég tel, að ef Bretar sýndu þann manndóm að fara út fyrir 50 mílur, meðan samningaviðræður stæðu yfir, þá gæti það greitt fyrir samningum í þessu máli, og ég tel það raunar frumskilyrði til þess, að samningar verði gerðir eða að samningaborði verði setzt með þessum aðilum, að þeir kalli sín skip út fyrir 50 mílur, meðan samningar standa yfir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Í svari sínu við fsp. minni hér áðan lét hæstv. forsrh. svo ummælt, að hann mundi aldrei beita sér gegn því, að sjúkum mönnum og slösuðum yrði veitt nauðsynleg þjónusta, brezkum eða þýzkum, af okkar hálfu. Ég tek alveg undir þetta. Og ég vona, að hæstv. ráðh. hafi ekki lagt þann skilning í orð mín, að ég hafi verið að amast við því.

En það, sem ég vildi segja var það, sem hv. þm. Karvel Pálmason ítrekaði hér áðan, að það er hneyksli, að flaggskip þessara tveggja flota, brezkra og þýzkra veiðiþjófa, skuli fá aðra þjónustu en þá, sem nauðsynleg er í sambandi við flutning á sjúkum mönnum og slösuðum. Ég vil reyndar minna á það, að í fyrra þorskastríðinu kom upp sú alm. krafa, að sjúkum mönnum yrði því aðeins veitt þjónusta, að skipin kæmu, — viðkomandi skip, sem þeir væru á, — kæmu með þá sjálf inn. Svona mikil var nú harkan í mönnum í þá daga. En ég vil sem sé vísa því

á bug, að ég hafi verið að telja eftir þjónustu við sjúkra menn og slasaða.

En út af því, sem hæstv. forsrh. sagði sem svar við ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að það væri síður en svo, að það væri verið að herða þessa dagana á eftirlitinu eða aðgerðum af okkar hálfu innan landhelginnar, þá vil ég bara segja þetta: Ég álít, að landsmenn telji það enga goðgá, þótt hert verði á aðgerðum okkar innan landhelginnar gagnvart brezkum og þýzkum veiðiþjófum.

Mér hefur verið bent á, að mér urðu mismæli hér áðan, er ég talaði um flaggskipin Poseidon og Cirolana. Ég mun hafa sagt, að Poseidon hafi fengið olíu og vatn á Akureyri, en Cirolana aðeins vatn í Reykjavík. Þetta er ekki rétt. Poseidon fékk vatn og olíu hér í Reykjavík, en Cirolana aðeins vatn á Akureyri. Það eru sem sé Reykvíkingar, sem gengið hafa fetinu framar en hinir í þjónustusemi við þessi flaggskip þeirra tveggja sjóræningjaflota, sem krusa nú, næstum því að segja að vild sinni, fram og aftur í landhelgi okkar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var talað um, að það væri erfitt að ræða um samningamál hér í hv. Alþ. fyrir opnum tjöldum. En ég vil vekja athygli á því, að það er ekkert erfitt að svara fsp. mínum, sem ég bar hér fram um það, hvort það væri slitnað upp úr samningum. Það var ekki annað, sem ég óskaði eftir að fá svör við. Ég spurðist fyrir um, hvort ríkisstj. hyggist semja við Vestur-Þjóðverja eða leita eftir samningum við Vestur-Þjóðverja, þar sem þeir hafa lýst sig tilbúna til að hefja viðræður um landhelgismálið. Ég spurði einnig um það, hvort viðræður embættismannanna hér í Reykjavík hefðu leitt til þess, að grundvöllur væri til framhaldandi viðræðna á ráðherragrundvelli. Ég tel, að alþm. og þjóðin öll eigi að víta um það, hvort dyrunum hefur verið lokað eða hvort þær standa enn að einhverju leyti opnar. Ég veit, að þjóðin vill, að reynt verði að fá heppilega og farsæla lausn á þessu máli sem fyrst. En ég veit einnig, að hún vill ekki gera samninga, sem okkur eru ekki samboðnir. Hæstv. ráðh. hefur sagt nú þegar, og þá er fsp. mín orðin að nokkru gagni, að dyrunum hafi ekki verið lokað. „Ég tel, að það sé enn til athugunar í ríkisstj., hvort um framhaldsviðræður geti orðið að ræða eða ekki", sagði forsrh. Þjóðin öll og hv. alþm. ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. láti reyna á það sem allra fyrst, hvort um samninga getur orðið að ræða eða ekki. Ef niðurstaðan verður sú, að það sé útilokað að fá samkomulagslausn í málinu, þá hlýtur viðhorf allrar þjóðarinnar að verða annað í þessu máli og viðbrögðin einnig. Og þá hygg ég, að það sé vafasamt, að það dugi að hafa þrjú eða fjögur varðskip til þess að verja landhelgina. Ég hygg, að Íslendingum hitni í hamsi, ef það líða svo mánuðir og ár, að tugir togara verði að veiðum innan landhelginnar, sem ákveðin hefur verið með réttum lögum.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi greiða mjög fyrir samningaviðræðum, ef Bretar og Vestur-Þjóðverjar vildu nú vera svo góðir að fara út fyrir 50 mílna línuna, áður en samningar hæfust. Þá vil ég spyrja: Hefur Vestur-Þjóðverjum og Bretum verið gert það ljóst, að þetta væri í sjálfu sér ekki nema eðlileg kurteisi, að þeir gerðu þetta, áður en að samningaborði væri setzt? Það má vel vera, að hæstv. forsrh. eða aðrir ráðh. í ríkisstj. hafi farið þess á leit við Breta, að þeir gerðu þetta, og gert þeim skiljanlegt, að það mundi greiða fyrir málinu. En hafi þeir ekki gert það, þá væri tímabært að gera það sem allra fyrst. Vegna þess, að nú er hættuástand á miðunum, þer brýna nauðsyn til að ganga sem fyrst úr skugga um það, hvort nokkrir möguleikar eru til samkomulags. Séu þeir möguleikar ekki fyrir hendi, er mikil þörf á að gera ýmsar ráðstafanir í þessu máli, til þess að tryggt verði, að við getum unnið fullan sigur sem fyrst.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í fyrstu ræðu sinni í þessum umr. minntist forsrh. á óheppilegan fréttaburð, þegar fréttamiðlar okkar hafa sagt frá því, að varðskipin hafi komið í höfn. Ég vil taka undir það, sem ráðh. segir, hvað þessi atvik snertir. Eg held næstum því, að það ætti að gera þegjandi samkomulag um, að íslenzkir fréttamiðlar segi aldrei frá ferðum varðskipanna. Ég tala ekki um þennan gamla illgirnistón, sem ég held, að blaðamenn vilji ekki viðhafa, þó að hann skjóti stundum upp kollinum, — þennan gamla tón í garð gæzlunnar, við við þekkjum vel, sem er á þá leið að tortryggja starfslið hennar í hvert skipti, sem skip hennar kemur í höfn.

Að gefnu þessu tilefni vil ég minna á, að samband milli Landhelgisgæzlunnar og ríkisstj. annars vegar og íslenzkra fréttamiðla hins vegar hefur ekki verið nógu gott, síðan landhelgin var færð út. Það voru teknar ákvarðanir um, að blaðamenn og fréttamenn skyldu ekki fá að vera um borð í varðskipunum né flugvélunum í upphafi, og þetta vakti mikla óánægju, ekki sízt vegna þess, að það er vitað, að erlendir — aðallega brezkir — blaðamenn eru um borð í brezku togurunum og eftirlitsskipunum. Nú vil ég ekki mótmæla þessari ákvörðun ríkisstj. eða Landhelgisgæzlunnar, hvor sem tekið hefur hana. Ég get skilið, að það verður að vera takmörkunum háð, hve mörgum blaðamönnum, kvikmyndatökumönnum og ljósmyndurum er hleypt um borð í þessi fáu skip okkar og flugvélarnar. Og það bætir vissulega mjög úr skák, þegar hópi þeirra er boðið með í flugferð, eins og gert var nú síðast. En ég vil minna á, að það er mjög nauðsynlegt, að blaðamenn sjálfir fái að taka myndir af því, sem gerist, eða að Landhelgisgæzlan taki þessar myndir, en að við getum eignazt myndir, sem hægt er að koma á framfæri í fréttamiðlum í Bretlandi og víðar og geta orðið til þess að hjálpa okkar málstað. Myndin, sem er í einhverjum blöðum í dag og sýnir brezkan togara á fullri ferð, augsýnilega á eftir varðskipinu, segir sína sögu. Hún staðfestir það, sem við segjum, að þessi skip geri tilraunir til að sigla niður okkar skip.

Þar að auki held ég, að það sé mjög mikilvægt, og þá er ekki um að ræða eingöngu fréttamiðla, heldur starfsemi Landhelgisgæzl-

unnar sjálfrar, að tekið sé sem mest af myndum, sérstaklega úr lofti, þegar kemur til einhvers konar aðgerða eða átaka. Þarna þarf að vera samstarf milli flugvélanna og skipanna, og ég efast ekki um, að slíkt samstarf sé nú þegar fyrir hendi. En það, sem ég hef í huga, er ekki aðeins, að við getum fengið á þennan hátt myndir, sem gætu stutt málstað okkar um allan heim, heldur líka hitt, að það getur verið nauðsynlegt fyrir okkur að eiga til kvikmyndir af þeim atburðum, sem gerast, til þess að geta sýnt eftir á, hvað raunverulega kom fyrir. Það er ekki víst, að menn trúi því allir, að togararnir geti siglt niður varðskip, því að umheimurinn trúir sjálfsagt, að þetta séu stærri og meiri skip heldur en þau raunverulega eru.

Út af öðru, sem hér hefur verið rætt, þ. e. komu brezku og þýzku hjálparskipanna í íslenzkar hafnir, vil ég taka undir þá skoðun, sem þegar hefur komið sterklega fram hjá tveimur hv. þm. Ég tel, að þessi skip eigi að fá að flytja á land alla særða menn og sjúka, sem þess þurfa, en eigi ekki að fá neina frekari fyrirgreiðslu í landi. Ef það er svo, að ríkisstj. Íslands hafi enga lagaheimild til þess að hafa áhrif á þetta og koma þessu þanni til framkvæmdar, vil ég skora á utanrmn., sem fer með landhelgismálin hér á þinginu, að gangast fyrir því, að samið verði frv. og lagt fyrir þingið, sem veitir ríkisstj. heimildir til þess að ráða því, hvort skip sem þessi fái olíu, vatn og aðra slíka þjónustu. Við viljum hjálpa sjúkum mönnum og særðum, en skipin, sem gera við ratsjárnar, sem gera við vélabilanir og veita þessum togurum stöðuga hjálp og leiðbeiningar, jafnvel fyrirskipanir, þau eiga ekki að fá slíka aðstoð sem þau hafa fengið í höfnum á Íslandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Fyrirspurnir.

Forseti (EystJ): Þessi fundur í sameinuðu Alþingi er sá fyrsti, sem haldinn er samkv. þingskapabreytingunum nýju til þess að fjalla um fsp. einvörðungu. Í upphafi fundarins þykir mér þess vegna hlýða að minna á, að ákvæðum um ræðutíma hefur verið breytt. Fyrirspyrjendum er að vísu ætlaður 5 mínútna ræðutími tvisvar eins og fyrr, en ráðh. eru nú ætlaðar 10 mínútur til þess að svara, en áður var ræðutími ráðh. ekki takmarkaður. Þá er tveggja mínútna ræðutími ákveðinn nú öðrum en þeim, sem spyr, og ráðh. þeim, sem spurður er. Af þessu tilefni þykir mér rétt að beina því til hv. þm., að þeir virði sem bezt má verða það ákvæði þingskapanna, sem segir, að fsp. skuli vera um afmörkuð atriði eða mál og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Ég veit, að hv. alþm. skilja, að fsp. koma því aðeins að notum, að þessum vinnureglum sé fylgt. Mál þetta hafa forsetar rætt við formenn þingflokkanna og þeir verið beðnir að draga athygli að þessu atriði í flokkum sínum, og þarf því ekki að fjölyrða um þetta frekar hér, þar sem þeir tóku því mjög vinsamlega. Ég vonast eftir góðri samvinnu allra um, að spurningatíminn geti komið að góðum notum og meðferð fsp. haldizt innan þeirra marka, sem nú hafa verið sett með nýju þingsköpunum. Einnig vil ég benda hv. alþm. á ákvæði nýju þingskapanna um fsp., sem svara mætti skriflega.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár vegna fréttar, sem við höfum í dag lesið og heyrt varðandi skipun sérlegs ráðunautar við sendinefnd Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þegar um sendinefnd Íslands til Sameinuðu þjóðanna var rætt á fundi utanrmn. og þá gerð grein fyrir því af hæstv. utanrrh., hvernig hún yrði skipuð, þá minnist ég þess ekki, að þar hafi komið fram, að skipaður yrði sérlegur ráðunautur, sem tæki síðar sæti á þingi Sameinuðu þjóðanna. (*Gripið fram í:* Ráðgjafi.) Ráðgjafi. Þegar þessar umr. fóru fram í hv. utanrmn., var gert ráð fyrir, að sendinefnd Íslands yrði skipuð með venjulegum hætti, þ. e. a. s. fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, varafastafulltrúanum, ræðismanninum og fulltrúum þingflokkanna, auk hæstv. utanrrh., sem fór á þing Sameinuðu þjóðanna sem formaður sendinefndarinnar. Þá kom m. a. til umr., hvort gerðar yrðu einhverjar breytingar, og umr. snerust m. a. um þann kostnað, sem er af því að sjálfsögðu, að slíkar sendinefndir fari úr landi, og eðlilegast og réttast og sjálfsagt, að þeim kostnaði verði stillt sem mest í hóf. Það var líka vegna þess, að ég hafði einhvers staðar heyrt, að hinn sérlegi ráðgjafi væri á ferðinni til Bandaríkjanna, sem það kom mér á óvart, að hann skyldi nú fara sem ráðgjafi íslenzku sendin. á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Mig langar þess vegna til að varpa fram örfáum spurningum til hæstv. utanrrh.: Í fyrsta lagi, hvort hér sé um að ræða sérstaka stöðu hjá utanrrn. eða hvort hér sé um að ræða tímabundið starf, kannske vegna þess, að einhver þau málefni verði á dagskrá Sameinuðu þjóðanna, sem rétt sé, að verði skoðuð af íslenzkum rithöfundi og hann geti orðið ráðgjafi sendinefndarinnar varðandi þessi mál. Ef svo væri, þá væri hér um að ræða heldur leiðinlega kveðju til eins af fulltrúum í sendinefndinni, hv. 4. landsk. þm., Svövu Jakobsdóttur, sem þar situr og er rithöfundur, eins og allir þekkja.

Mig langar líka til þess að spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvort ráðgjafanum er einvörðungu ætlað að veita fulltrúum þingflokkanna ráð eða hvort hann er ráðgjafi allrar íslenzku sendinefndarinnar, þ. á m. fastafulltrú-

ans, varafastafulltrúans og ræðismannsins. Ef svo væri, að hér væri ekki um að ræða ráðgjafa allrar nefndarinnar, heldur einvörðungu fulltrúa þingflokkanna, teldi ég, að það væri verið að gefa þeim fulltrúum þingflokkanna, sem áður hafa setið á þingi Sameinuðu þjóða, ráðningu. Þeir hefðu þá með einhverjum hætti ekki hagað sér sem skyldi og þess vegna talin ástæða til þess að senda með þeim að þessu sinni sérstakan ráðgjafa.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að þessi nýi háttur Alþingis á fsp.-tímum fer með eindæmum vel af stað og verður tæpast á betra kosið. Ég skal lofa hæstv. forseta því, að ég þarf engar 10 mínútur til þess að svara þessari fsp., þó að ræðutími fyrirspyrjanda dygði honum tæpast. Það, sem ég vil segja um þetta mál, er, að Thor Vilhjálmsson rithöfundur, ráðgjafinn, sem hv. 1. þm. Reykn. ber svo mjög fyrir brjósti, er um þessar mundir staddur í Bandaríkjunum, þar sem hann á sæti í alþjóðlegri nefnd rithöfunda til úthlutunar bókmenntaverðlaunum. Fyrir skömmu barst mér beiðni frá heilbrrn. um að greiða fyrir því, að Thor Vilhjálmsson gæti fylgzt með umr. um mengunarmál í þeirri n. Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem um þessi mál fjallar. Taldi ég það vera ávinning fyrir okkur, — aðrir kunna að vera á annarri skoðun um það, — og auk þess útgjaldalítið að verða við þessari beiðni, enda fer það mjög í vöxt, að ekki einungis fræðimenn, heldur einnig ýmsir aðrir, þ. á m. rithöfundar, láti sig mengunarmál skipta. Féllst ég því á að greiða fyrir umræddri beiðni með því að útnefna Thor ráðunaut eða ráðgjafa, — ég man nú ekki, hvort heldur var, — íslenzku sendinefndarinnar um þessi mál.

Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykn. og ég get vel beðið hann afsökunar á því og aðra hv. utanrmn.-menn, að ég hef sennilega ekki talið þetta mál það mikillar náttúru, að ég þyrfti að greina frá því í utanrmn. Það má vera misskilningur minn, og get ég beðið afsökunar á því út af fyrir sig. En kostnaði við þessa ráðstöfun þarf hv. 1. þm. Reykn. ekki að hafa miklar áhyggjur af, því að hér er aðeins um dagpeninga að ræða í mjög skamman tíma. Hér er m. ö. o. ekki um sérstaka stöðu hjá utanrrn. að ræða. Allar áhyggjur hv. þm. af því eru óþarfar. Hitt skil ég vel, að hann hafi umhyggju fyrir þingsystur okkar, Svövu Jakobsdóttur, og ég vona eins og hann, að þessi útnefning verði ekki til þess að varpa skugga á hennar ágætu störf hjá Sameinuðu þjóðunum að þessu sinni.

Fyrirspurnirnar, sem voru á dagskrá, voru teknar út af dagskrá.

Efri deild, 5. fundur.

Fimmtudaginn 19. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hinn 22. apríl 1970 samþykkti Alþingi svofellda þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um framkvæmd eignarnáms, m. a. að því er varðar eignarnám á löndum og lóðum í þágu ríkis og sveitarfélaga, og verði frv. til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms lagt fyrir næsta Alþ. Í frv. verði m. a. kveðið á um skyldu matsmanna til að taka beina afstöðu til tiltekinna atriða, sem áhrif hafa á verð eignarnámslands, og sundurliða og gera allnákvæma grein fyrir, á hvaða forsendum matsfjárhæð er byggð. Þá verði í frv. reglur um ákvörðun þóknunar matsmanna og um skil matsgerða til ákveðinnar stofnunar."

Flm. þessarar þáltill. voru þm. úr öllum flokkum, og hún var flutt samkv. ósk eða að frumkvæði Sambands ísl. sveitarfélaga. Sveitarstjórnir og samtök sveitarfélaga höfðu þá um nokkurt skeið lýst áhuga fyrir endurskoðun á lögum um framkvæmd eignarnáms og gert samþykktir um það efni, og eins og fram kom í þessari þáltill., sem ég las, þá hafði í þessum samþykktum sveitarfélaganna og sveitarstjórnanna einkum verið bent á þau atriði, sem þar greindi. 1. flm. þessarar till., hv. þm. Auður Auðuns, hafði framsögu fyrir þáltill á sínum tíma og gerði þá frekari grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem fram komu í grg. með þáltill. Það var svo skipuð n. samkv. þessari þáltill. 20. okt. 1970, og í n. áttu sæti prófessor Gaukur Jörundsson, sem skipaður var formaður n., og þeir Páll Líndal borgarlögmaður, sem skipaður var að till. Sambands ísl. sveitarfélaga, og Hallgrímur Dalberg skrifstofustjóri samkv. till. félmrn. Þessi n. skilaði mjög ýtarlegri grg. á miðju liðnu sumri ásamt því lagafrv., sem hér er lagt fram.

Auk þeirra meginatriða, sem tekin eru með í grg. frv., gerði n. mjög ýtarlega og umfangsmikla skrá yfir eignarnámsheimildir í íslenzkum lögum, talsvert umfangsmikla grg. um eignarnámslöggjöf í ýmsum löndum svo og um núgildandi réttarreglur um framkvæmd eignarnáms. Það þótti ekki ástæða til að prenta þessa annars ágætu og fróðlegu grg. með frv., með því að það þótti verða þá helzt til þungt í vöfum, en þessi grg. er nú hér, og að sjálfsögðu verða viðkomandi hv. þn., sem fá þetta frv. til meðferðar, afhent eintök af þessari umfangsmiklu heildargrg., sem er 118 vélritaðar síður.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru teknar til greina, að ég held að segja megi, allar ábendingar þál. og mótaðar reglur um þau atriði, sem þar eru rakin. Það má segja, að þau atriði marki höfuðþætti endurskoðunarinnar. En í annan stað hefur n. fært til skýrari og betri vegar fjölmörg önnur atriði, og má segja að mínum dómi, að n. hafi leyst af hendi frábærilega vandað verk,

sem að verulegu leyti skapi grundvöll fyrir nýjum viðhorfum á þessu mikilvæga réttarsviði.

Eins og þál., sem ég nefndi áðan og las upp, ber með sér, þá eru þeir höfuðþættir, þar sem óskað er eftir skýrari lagareglum, þessir:

Í fyrsta lagi um skyldu matsmanna til að taka beina afstöðu til tiltekinna atriða, sem hafa áhrif á verð eignarnámslands, og sundurliða og gera allnákvæma grein fyrir, á hvaða forsendum matsfjárhæð er byggð. Um þetta efni er skýrt ákvæði, að ég ætla, í 10. gr. frv., sem ég leyfi mér að vísa til og sé ekki ástæðu til að fara að lesa hér upp.

Annað höfuðatriði í þál. eru reglur um ákvörðun þóknunar matsmanna fyrir störf þeirra. Um það efni eru markaðar reglur í 11. gr. og er þar um alger nýmæli að ræða að vísu, þar sem reglan er sett þar, að kostnað af starfi matsnefndar skuli greiða úr ríkissjóði, en matsnefnd ákveður hverju sinni í úrskurði sínum, þegar ríkið er ekki eignarnemi, hverja greiðslu eignarnemi skuli inna af hendi til ríkissjóðs vegna slíks kostnaðar. Um það gegnir sama máli og fyrra ákvæðið, og ég leyfi mér að vísa til þess, en er ekki að rekja það nánar hér.

Þriðji höfuðþátturinn í þál. var, að það skyldu liggja fyrir á einum og sama stað upplýsingar um eignarnámsmatið og þau atriði, sem kæmu fram í sambandi við það. Í samræmi við þessa ábendingu eru ákvæði í 18. gr. frv. um skil matsúrskurðar til ákveðinnar stofnunar, þ. e. a. s. til Fasteignamats ríkisins.

Eins og ég drap á áðan, var í framsögu fyrir þáltill. á sínum tíma drepið á ýmis atriði og reyndar líka í umr., sem fram fóru um þáltill. drepið á ýmis atriði og vikið að ýmsum atriðum, sem æskilegt væri að hafa skýrari, og það eru ýmis nýmæli frv. gerð með hliðsjón af þeim ábendingum, sem þá komu fram. Veigamesta nýmæli frv., sem ekki er beint markað í ábendingum þál., tel ég, að það er ákveðið í þessu frv., að vera skuli föst matsnefnd eignarnámsbóta, þar sem formaðurinn er fastskipaður af hæstarétti til 5 ára í senn og annar til vara, en formaður kveður svo til tvo eða fjóra matsmenn með sér hverju sinni til meðferðar hvers máls. Um nánari ákvæði um þetta vísa ég til frv., en fer ekki nánar út í það. Meiningin með því að setja upp þannig að vissu leyti fasta stofnun og fasta matsnefnd, er að sjálfsögðu að koma meiri festu í þessi mál en sumum a. m. k. hefur þótt vera að undanförnu.

Ég held, að það megi segja — eða það er mín skoðun a. m. k., að það séu nýmæli í flestum gr. þessa frv., sem horfi til bóta, og þar sé að finna skýrari reglur heldur en í núgildandi lögum. Mér þykir ekki ástæða til við þessa umr. að tefja tímann með því að rekja þau atriði grein fyrir grein. Þau varða réttarfarið, framkvæmd eignarnámsins og margvísleg önnur atriði, og ég held, að það yrði e. t. v. ekkert sérstaklega uppbyggilegt fyrir hv. þdm., að ég færi að lesa þau upp og rekja þannig efni þeirra. En þó get ég aðeins vakið athygli á ákvæði frv. um rétt aðila til að láta eignarnám ná til eignarinnar allrar, sem er í 12. gr., svo og heimild til að tjón verði bætt að einhverju eða öllu leyti með jafngildri eign. Þá er líka vert að benda á það ákvæði í frv., að leita megi úrlausnar dómstóla um lögmæti eignarnáms, þ. á m. um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðast nefnda atriðið hefur verið talinn vafi samkv. gildandi löggjöf.

Ég tel í stuttu máli, án þess að ég fari að rekja það hér nánar, hér vera um mjög merkilegt mál að tefla. Eins og kunnugt er, hefur stjórnarskráin sérstakt ákvæði um friðhelgi og vernd eignarréttar. Það segir í hátíðlegri stefnuyfirlýsingu í upphafi, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Réttarleg þýðing þess ákvæðis út af fyrir sig er ekki ýkjamikil, en aðalréttarlega þýðingin felst í síðari lið 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að enginn verði skyldaður til þess að láta af hendi eign sína, nema almannaþörf krefji, og þurfi til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir. Ákvæðið um það, að lög þurfi til eignarnáms, má segja, að sé út af fyrir sig kannske ekki svo þýðingarmikið, vegna þess að það mundi hafa verið talið samkv. grundvallarreglum laga, að lög hefði þurft til slíkrar eignarskerðingar sem eignarnáms, þó að það hefði ekki verið ákvæði um það sérstakt í stjórnarskránni. Nú er ákvæðið um almannaþörf auðvitað þýðingarmikið, en hve mikið hald er í því, getur verið spurning, vegna þess að það er matsatriði, og þá er nokkuð mikið undir því komið, hvaða aðili það er, sem hefur á hendi það mat, og eins og það hefur verið skilið hér hjá okkur, þá hefur það verið talið í valdi löggjafans, þó að kenningar séu uppi um það, að dómstólar ættu einnig að geta metið það atriði. Aðalöryggisákvæðið í 67. gr. er auðvitað það, að fullar bætur eigi að koma fyrir eign, sem tekin er eignarnámi. Það er nú svo, að þó að 67. gr. bendi þarna á tiltölulega eignarskerðingu, sem kölluð hefur verið eignarnám, þá vita allir, að það geta ýmsar eignarskerðingar jafnvel samkv. beinum ákvæðum stjórnarskrárinnar farið fram, án þess að þær falli undir þetta ákvæði. En hvað um það, þá er ekki neinn vafi á því, að þetta stjórnarskrárákvæði veitir eignarréttinum mikla vernd, einmitt sérstaklega með þessu síðastnefnda ákvæði, sem ég nefndi um það, að fullt verð eigi að koma fyrir eign. En þrátt fyrir það er það svo, að þetta eftirlætur almenna löggjafanum allmikið svigrúm, og þess vegna getur raunhæf vernd eignarréttarins mjög farið eftir því, hvernig það er nánar formað í lögum um framkvæmd eignarnáms, hvernig bætur eru ákveðnar, og fleira í því sambandi. Þess vegna tel ég, eins og ég sagði, að löggjöf um framkvæmd eignarnáms sé mjög merkileg löggjöf. Hún verður auðvitað að vera hér í skjóli og innan ramma stjórnarskrárákvæðisins, en hún er nauðsynleg til fyllingar á því, og það fer, eins og fram var tekið, mjög eftir því, hvernig þeirri löggjöf er háttað, hversu raunhæf hin raunverulega vernd eignarréttarins er.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en leyfi mér að leggja til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. allshn. Og eins og ég sagði, þá getur sú n. að sjálfsögðu fengið til athugunar þær nánari upplýsingar, sem felast í þeirri grg., sem nm. skiluðu með frv., en þótti það löng, að ekki var talið fært að leggja í það að prenta hana.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli nú liggja hér fyrir hv. þd., og ég hlýt að segja það, að ég hef borið það mikið fyrir brjósti, að þessi endurskoðun færi fram, og skal ekki leyna því, að það stafar að nokkru leyti af því, að ég átti um áratugi sæti í sveitarstjórn og þetta er mál, sem auðvitað hefur snert og snertir sveitarstjórnir landsins mikið. Eins og hæstv. ráðh. gat um í ræðu sinni, hafa þau atriði, sem drepið var á, þegar þáltill. var flutt, sem síðan leiddi svo til þessarar endurskoðunar, — þau atriði, sem ég sem frsm. flutningsmanna þáltill. kom þar á framfæri eða útskýrði nánar, hafa að mér virðist verið tekin til frekari meðferðar hjá endurskoðunarnefndinni auk margra nýmæla, sem í þessu frv. er að finna.

Það getur engum leynzt, að það er mikið vandamál að semja lagareglur um eignarnám. Þar þarf að öðru leytinu að taka tillit til hagsmuna almennings og svo hins vegar tillit til eigenda eigna og verðmæta, sem eignarnáms kann að vera óskað á. Þegar í þáltill. var að því vikið, að óskað yrði eftir, að frv. yrði lagt þá fyrir næsta þing, þá má segja, að þá þegar hafi kannske verið talið, að þar væri að einhverju leyti um fróma ósk að ræða, því að ég held, að öllum megi vera það ljóst, að þetta er vandunnið verk og mörg atriði viðkvæm, sem þar þarf um að fjalla. En nú hefur frv. verið hér lagt fram og komið til umr. og ég vil endurtaka það, að ég fagna því vissulega og tek einnig undir það með hæstv. ráðh., að manni virðist, að þetta verk hafi verið unnið af mikilli vandvirkni, eins og maður reyndar alltaf gerði ráð fyrir með tilliti til þess, hvaða menn völdust í n., sem endurskoðunina framkvæmdi. Frv. kemur fram það snemma á þinginu, að það ætti að mega leyfa sér að vænta þess, að það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi, þó að ég hins vegar skilji vel, að þær þn., sem um það fjalla, þurfi að taka sér til þess góðan tíma að athuga málið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lengja mál mitt með neinum efnislegum umr. um einstakar gr. frv. og vil aðeins endurtaka það, að ég lýsi ánægju minni yfir því, að frv. skuli nú liggja hér fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Fimmtudaginn 19. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Við verðákvörðun á fiski fyrir verðlagstímabilið 1. okt. til 31. des. á þessu ári kom í ljós, að nauðsynlegt væri að hækka fiskverð allverulega til þess að jafna launakjör sjómanna við það, sem launakjör annarra stétta segja yfirleitt til um, og einnig í því skyni að bæta afkomu útgerðarinnar í landinu, en fyrir lá, að veruleg aflaminnkun hafði orðið á þessu ári, og af þeim ástæðum sérstaklega hafði hagur útgerðarinnar versnað og laun sjómanna orðið minni en ráð hafði verið fyrir gert. Eins og kunnugt er, hefur Verðlagsráð sjávarútvegsins með þessi verðákvörðunarmál að gera. Ráðið fjallaði um málið og hafði það í sínum höndum, þar til fullt samkomulag hafði tekizt innan ráðsins, og því kom aldrei til þess, að málinu væri vísað til yfirnefndar til úrskurðar, eins og þó á sér stað æðioft. Það lá fyrir í sambandi við athuganir, sem fram höfðu farið, að vegna minnkandi aflamagns mundi láta nærri, að launakjör sjómanna hefðu orðið 12—15% lakari en ráð hafði verið fyrir gert. Það kom einnig í ljós, að vegna minnkandi fiskafla hefði afkoma bátaflotans orðið lakari, sem væri sennilegt að næmi 250—300 millj. kr. á ársgrundvelli.

Sérstök athugun hafði farið fram um það, hvernig ástatt væri með rekstrarafkomu frystihúsanna í landinu. Þar höfðu unnið að fulltrúar frá sjútvrn., hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og fiskiðnaðinum. Þessir aðilar skiluðu sameiginlegu áliti, og þar kom fram, að þeir teldu, að tvennt hefði aðallega komið til, til þess að gera rekstrarafkomu frystihúsanna í landinu lakari en reiknað hafði verið með við fyrri verðlagsákvarðanir. Annað var það, að fiskmagn frystihúsanna hefði minnkað verulega, og hitt, að sá afli, sem frystihúsin hafa fengið til vinnslu, hefur verið þeim óhagstæðari í rekstri, þar sem þar hefur aðallega verið um aukningu á þeim fisktegundum að ræða, sem ekki hafa hækkað í verði á erlendum markaði, en hinar tegundirnar hafa dregizt mest saman, þar sem mest hefur verið hækkunin á erlendum markaði. Í áliti þessarar n. segir m. a. sem meginniðurstaða um þessa athugun það, sem hér skal greint: „Það er sameiginlegt álit okkar, að meginniðurstaðan af þessum athugunum sé sú, að vegna minnkandi framleiðslumagns frá fyrra ári og vegna afurðarýrara hráefnis hafi hagur frystihúsanna versnað á ársgrundvelli um 200—250 millj. kr. frá því, sem áætlað hafði verið við síðustu fiskverðsákvarðanir í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins". Nánar kemur það svo fram í grg. þessarar n., að hún telur, að þessir tveir liðir vegi mjög svipað í sambandi við rekstrarútkomuna, þ. e. a. s. hið minnkandi aflamagn og samsetning aflans. Það er svo bent á það einnig í þessari skýrslu n., að þó að rekstrarafkoman út af fyrir sig hafi versnað um þetta af þessum tveimur ástæðum, þá komi hér annað til, sem verði hins vegar til þess að bæta rekstrarafkomuna, og er þá bent á það, að nýleg hækkun á fiskmjöli muni nema í auknum tekjum fyrir frystihúsin í landinu 100—120 millj. kr. á ársgrundvelli.

Samkv. þessari niðurstöðu hefði í rauninni mátt ætla, að það hefði átt að duga frystihúsunum í landinu að fá sem nemur 150 millj. kr. á ársgrundvelli í auknar tekjur til þess að búa við þá afkomu, sem reiknað hafði verið með í ársbyrjun. En það skal hins vegar tekið fram, að frystihúsaeigendur voru engan veginn ánægðir

með þá niðurstöðu, sem þá var ákveðin í yfirnefnd verðlagsráðsins, en þá var gert ráð fyrir því, að rekstrarafkoma frystihúsanna í landinu yrði nokkru lakari en hún hafði verið árið á undan, sem varð að teljast mjög hagstætt ár. Það lá því alveg ljóst fyrir við fiskverðsákvörðunina nú að þessu sinni, að það þurfti að hækka fiskverðið til þess að bæta launakjör sjómanna og til þess að vega nokkuð upp fyrir bátaflotann í landinu minnkaði aflamagn hans, en hins vegar stæði svo á, að fiskkaupendur og þá fyrst og fremst frystihúsaeigendur í landinu gætu ekki risið undir því að greiða hækkandi fiskverð. Það var við þessar aðstæður, sem það var ákveðið að fallast á þá till., sem Verðlagsráð sjávarútvegsins gerði, að fiskverð hækkaði nú á þessu verðtímabili um 15%, en að sú verðhækkun yrði greidd með sérstöku framlagi úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og auk þess kæmi til nokkur viðbótargreiðsla úr verðjöfnunarsjóði til fiskiðnaðarins til greiðsla úr verðjöfnunarsjóði til fiskiðnaðarins til þess að mæta þar nokkuð versnandi rekstrarafkomu. Í þessum efnum var fallizt á till. Verðlagsráðs sjávarútvegsins að öðru leyti en því, að sú till., sem ráðið gerði um greiðslu til frystihúsanna, var lækkuð nokkuð, þannig að greiðslan til þeirra á þessu tímabili yrði ekki eins mikil og ráðið hafði gert ráð fyrir. En þó var fallizt á það, að greiðslan til frystihúsanna yrði allmiklu meiri en sem því nægi að jafna stöðu frystihúsanna við það, sem áður var.

Þá vil ég einnig að gefnu tilefni undirstrika það, að það hefur komið í ljós við þessar athuganir og er staðfest af hagrannsóknastjóra, að rekstrarútgjöld frystihúsanna eru nánast þau sömu og reiknað hafði verið með við verðlagninguna í ársbyrjun og eins á miðju ári, en við þær ákvarðanir hafði verið tekið fullt tillit til þeirra kauphækkana, sem um hafði verið samið og vitað var um. Versnandi hagur frystihúsanna að þessu leyti til stafar því af minnkandi afla og óhagstæðari hráefnum. Varðandi aflaminnkunina má á það benda, að séu 3 aðalfiskitegundirnar teknar, sem frystihúsin byggja rekstur sinn mest á, þ. e. a. s. þorskur, ufsi og karfi, þá sýna tölur, að heildarmagn þessara tegunda minnkaði frá árinu á undan um 13% á 8 fyrstu mánuðum ársins. Þorskurinn hafði minnkað um 16%. Það eru þessar sveiflur, sem hafa gert það að verkum, að afkoman hjá útgerðinni hefur orðið miklu lakari en reiknað hafði verið með.

Það hefur auðvitað alltaf verið svo, þegar fiskverð hefur verið ákveðið, að þá hafa verið uppi misjafnar skoðanir um það, hver ætti í rauninni að vera rekstrargrundvöllur fiskiðnaðarins í landinu og hver ætti að vera rekstrargrundvöllur bátaútgerðarinnar. Það þarf auðvitað engan að undra, þó að eigendur frystihúsanna í landinu hafi jafnan viljað fá betri afkomu sér til handa en um hefur samizt að lokum eða úrskurður hefur verið felldur um að lokum. Frystihúsaeigendur hafa sett fram kröfu um það, að áætlanir um rekstur frystihúsanna yrðu gerðar þannig, að þeir hefðu ekki aðeins fyrir fullum afskriftum, heldur þar að auki sem nægi 5% ágóða miðað við umsetningu frystihúsanna.

Um síðustu áramót var gert ráð fyrir því, að frystihúsin hefðu í rekstrarafgang sem nægi á ársgrundvelli 300 millj. kr., þar af ættu að ganga í afskriftir í kringum 140 millj. kr. og sennilega þyrftu síðan húsin að greiða í skatta sem nægi 50—60 millj. kr., en afgangurinn átti þá að verða sem hreinn hagnaður þar umfram. Þessar áætlanir voru sem sagt miðaðar við það, að rekstrarafkoma húsanna yrði nokkru lakari en hún hafði verið. Þetta var sú niðurstaða, sem meiri hl. yfirnefndar verðlagsráðs náði samkomulagi um, bæði í upphafi ársins og eins síðar, á miðju ári, þó að frystihúsaeigendur væru þar ekki fullkomlega ánægðir.

Það samkomulag, sem nú hefur verið gert, þýðir, að sé reiknað með því, að landað aflamagn til fiskvinnslunnar í landinu nemi 400 millj. kr. á hinu eldra fiskverði á verðlagstímabilinu frá 1. okt. til ársloka, þá mundu greiðslur samkv. þessu samkomulagi, sem hér er nú lagt til að lögfesta, nema í kringum 88 millj. kr. úr verðjöfnunarsjóði. 60 millj. kr. mundu þá gagna til þess að greiða 15% fiskverðshækkun, 26 millj. kr. mundu ganga til þess að bæta rekstrarafkomu frystihúsanna, ag 2 millj. kr. mundu ganga til þess að bæta afkomu saltfiskverkunarinnar í landinu. Þessi viðmiðun, að landað aflamagn muni nema 400 millj. kr. á þessu ári, er ákveðin þannig, að þar er um nokkru meira heildaraflamagn að ræða en reyndist vera á s. l. ári, en hver aflinn verður á þessu tímabili, er auðvitað ekki hægt að segja um fyrir fram. Reynist aflamagnið minna, verður greiðslan úr verðjöfnunarsjóði tilsvarandi lægri, en ef aflamagnið reyndist meira, yrði heildargreiðslan úr verðjöfnunarsjóði meiri.

Fiskverðið að þessu sinni var ákveðið þannig, að fyrst skyldi koma til 10% almennn fiskverðshækkun, sem dreift yrði á fisktegundir eftir ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins og þá að sjálfsögðu miðað við það, hvað talið væri markaðsverð á hverri tegund. En auk þess var svo ákveðið, að til skyldi koma 5% viðbótarfiskverðshækkun á þessu tímabili og sú fiskverðshækkun skyldi ganga jafnt yfir allar tegundir. Þetta var ákveðið m. a. vegna þess, að í ljós kom, að annars hefði farið svo, að ekki hefði verið unnt að hækka karfaverð að neinu leyti og ekki heldur ufsaverð, en hækkunin á þorski og öðrum tegundum hefði þá orðið tilsvarandi meiri. En þar sem hækkunin á þorski og skyldum tegundum var nú greinilega allmikil, þar sem hún var ákveðin 19%, þótti réttmætt að tryggja við þessa afgreiðslu, að nokkur fiskverðshækkun kæmi einnig fram á þessum tegundum eða til þeirra aðila, sem einkum veiða þessar tegundir, sem standa svona miklu verr í sölunni erlendis.

Það hefur í sambandi við þetta mál nokkuð verið á það minnzt, hvernig með þessi mál ætti að fara á næsta ári, hvort áfram ætti þá að greiða úr verðjöfnunarsjóði til þess að gera það kleift að halda uppi þessu fiskverði og þessari rekstrarafkomu fyrir fiskiðnaðinn í landinu. Að sjálfsögðu hefur engin ákvörðun enn verið tekin um það, hvernig þessum málum verður hagað á næsta ári. Það verður eins og venjulega gengið til þess verks í des. að kanna allar aðstæður

útgerðarinnar og kanna það á milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, um hvað getur orðið samkomulag varðandi fiskverð og varðandi rekstrarafkomu hinna einstöku greina sjávarútvegsins. Og þegar ákvarðanir verða teknar um það, verður að sjálfsögðu að taka inn í það dæmi heildarmyndina alla, þ. e. a. s. rekstur einstakra greina, þar sem reksturinn nú stendur miklu betur en á þeim greinum, sem hér var einkum fjallað um. Síðan þessi ákvörðun var tekin, hefur t. d. verð á fiskmjöli hækkað enn verulega, og allar horfur eru á því, að reikna megi með mjög góðri afkomu hjá bátaflotanum og sjómönnum á komandi loðnuvertíð. Fiskverðsbreytingar á erlendum mörkuðum eiga sér líka oft stað á þessu tímabili á haustmánuðum og framan af vetri, og það verður að sjálfsögðu eins og venjulega að taka fullt tillit til þess, þegar nýr rekstrargrundvöllur verður ákveðinn.

Þá gefur einnig auga leið, að staða efnahagsmálanna almennt kemur mjög inn í þessa mynd, því að afkoma frystihúsanna í landinu fer að sjálfsögðu eftir því, með hvaða kaupgjaldi á að reikna, hver verður kaupgjaldsvísitalan á næsta ári, og margt annað kemur hér til greina. Það verður sem sagt að sýna sig síðar, hvaða ráðstafanir verður að gera í des., til þess að hægt verði að tryggja sjómönnum sambærileg launakjör á við aðrar stéttir og til þess að hægt verði að tryggja útgerðinni í landinu viðunandi rekstrarafkomu.

En um greiðsluna úr verðjöfnunarsjóði vildi ég segja það, að því hefur nokkuð verið haldið fram, að það væri óeðlilegt að reikna nú með þessari greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, vegna þess að sá sjóður hefði verið hugsaður til þess að standa aðeins undir verðlækkun, sem verða kynni á mörkuðum erlendis. Þetta er ekki með öllu rétt, því að lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins gera beinlínis ráð fyrir því, að viðmiðunarverð verðjöfnunarsjóðs skuli ákveðið með hliðsjón af almennri rekstrarafkomu sjávarútvegsins í landinu, enda hefur það verið gert margsinnis, þegar viðmiðunarverð hefur verið ákveðið að undanförnu. Í sjálfu sér er enginn munur á því fyrir sjávarútveginn, hvort hann verður fyrir áföllum á þann hátt, að aflinn minnkar og tekjurnar verða minni af þeim ástæðum, eða hvort verðlag lækkar og tekjurnar minnka á þann hátt. Ég tel því fyrir mitt leyti, að það hafi verið sjálfsagt að verða við því að greiða þessa tiltölulega lágu fjárhæð, sem hér er um að ræða, úr verðjöfnunarsjóði fyrir þetta tímabil, sem gjarnan er eitt veikasta rekstrartímabil útgerðarinnar í landinu, og hefði enda talið furðulegt að ætla að halda útgerðinni í kreppu á þessum tíma, á sama tíma sem þessi sjóður er jafnstór og hann er nú.

Hitt var hins vegar skoðun stjórnar verðjöfnunarsjóðsins og eins ríkisstj., að rétt væri að þessu sinni, að greiðslur úr verðjöfnunarsjóði yrðu með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv., þ. e. a. s. úr sjóðnum yrði tekin tiltekin fjárhæð, sem skipt yrði eftir ákveðnum reglum, en ekki á þann hátt, að viðmiðunarverði í sjóðnum yrði breytt. Viðmiðunarverð verðjöfnunarsjóðs stendur því í öllum aðalatriðum óbreytt á næsta verðlagstímabili eða til ársloka.

Ég geri nú ráð fyrir því, að þetta frv. gangi til n. og verði athugað þar, en ég legg áherzlu á, að það geti fengið afgreiðslu hið fyrsta, því að hér er um það að ræða að staðfesta samkomulag, sem orðið hefur varðandi fiskverðsákvörðunina, þá fiskverðsákvörðun, sem raunverulega er komin til framkvæmda.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að hæstv. sjútvrh. hafi lagt það til, að frv. yrði vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, sjútvn., þá tel ég þó rétt að ræða frv. nokkuð hér við 1. umr. og það kannske alveg sérstaklega vegna túlkunar hæstv. ráðh. á tilganginum með stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ástæðan fyrir því, að ég tel þetta nauðsynlegt, er sú stefnumörkun hæstv. núv. ríkisstj., sem fram kemur í frv., að nota Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í allt öðrum tilgangi en upphaflega var til ætlazt, þegar lög um hann voru samþ. hér á hinu háa Alþ. Frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var lagt fram í byrjun þings 1968 og afgreitt sem lög frá Alþ. veturinn 1969. Lögin um verðjöfnunarsjóðinn voru mjög skýr, og tilgangurinn með stofnun sjóðsins og einnig hvernig fé skyldi aflað til hans og eftir hvaða reglum fé skuli greitt úr sjóðnum er alveg afmarkað og fastákveðið í tilteknum gr. laganna 1. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“ Er þá að sjálfsögðu átt við verðsveiflur á erlendum mörkuðum. Enginn vafi er því á, í hvaða tilgangi sjóðurinn er stofnaður. Í 5. gr. l. er ákveðið, hverjar tekjur sjóðsins skuli vera. Þar segir í b-lið gr.: „Allt að helmingi af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna tekjur þessar til viðkomandi deilda sjóðsins.“ Það segir sig sjálft, að slík ákvörðun hlaut að hafa áhrif á fiskverð og skerða þar með einnig tekjur sjómanna og útvegsmanna, ef um verðhækkun væri að ræða á erlendum markaði. Það, sem hér gerist með stofnun verðjöfnunarsjóðsins, er, að verið er að leggja til hliðar nokkurn hluta af tekjum allra þessara aðila til að mæta tímabundnum verðhækkunum sjávarafurða, sem síðar kunna að verða á erlendum markaði.

Ef lesnar eru umr., sem urðu um þetta mál, er það var til meðferðar hér í þessari hv. d. veturinn 1969, kemur alveg greinilega í ljós, að allir, sem um það ræddu, voru alveg sammála um, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins væri óumdeilanleg eign þeirra aðila, sem þar áttu hlut að máli, þ. e. útvegsmanna, sjómanna og eigenda fiskiðnaðarins. Enginn lét uppi um þetta ákveðnari skoðun en einmitt hæstv. núv. sjútvrh., og mun ég víkja að því síðar.

6. gr. l. um verðjöfnunarsjóð fjallar um, í hvaða tilfellum eða undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að inna af hendi greiðslur úr sjóðnum. Gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til

greiðslu verðbóta úr verðjöfnunarsjóði kemur, þegar meðalverð framleiðslu til útflutnings á einhverri þeirra útflutningsafurða fiskiðnaðarins, sem lög þessi ná til, hefur lækkað á grundvelli eins árs framleiðslutímabils, sbr. 7. og 8. gr. *Verðbætur skulu þó aldrei nema meira en* helmingi verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur." Ég held, að enginn vafi geti leikið á því, eins og ég sagði áðan, í hvaða tilfellum og undir hvaða kringumstæðum stjórn sjóðsins er heimilt að inna greiðslur af hendi eða mæla með greiðslum úr sjóðnum. Ég held, að ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt, sé þar ekki einasta um breytingu á lögum um verðjöfnunarsjóðinn að ræða, heldur er með breytingunni beinlínis verið að kippa stoðunum undan sjóðnum og fyrirsjáanlegt, að hann muni verða uppétinn, ef stjórnvöld ætla að framkvæma þá stefnu, sem í þessu frv. kemur fram, ekkert eftir til verðbóta, ef um verður að ræða verðlækkun sjávarafurða á erlendum markaði. Væri það illa farið, því að sjómenn sérstaklega hafa litið á sjóðinn sem tryggingu fyrir því, að þeir yrðu ekki fyrir kjaraskerðingu, þó að um yrði að ræða tímabundna verðlækkun sjávarafurða á erlendum *markaði, slíkt hefði sem sé ekki áhrif á fisk*verðið og þeir héldu óskertu kaupi sínu miðað við aflahlut.

Ég sagði áðan, að þegar frv. til l. um verðjöfnunarsjóð hefði verið til umr. hér í þessari hv. d. veturinn 1969, hefði enginn kveðið fastara að orði eða undirstrikað það rækilegar en einmitt hæstv. núv. sjútvrh., að verðjöfnunarsjóðurinn, ef til hans yrði stofnað, væri óskoruð eign þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli, og eigendur einir ættu að hafa ráðstöfunarrétt á greiðslum úr sjóðnum. Hann hefur sjálfsagt séð ástæðu til að undirstrika þetta vegna þess, að hann hefur þá þegar borið nokkurn ugg í brjósti um, að stjórnvöld kynnu síðar meir að falla í þá freistingu að misnota sjóðinn og éta hann upp í allt öðrum tilgangi en til var ætlazt, þegar löggjöfin var sett. Mér þykir rétt að lesa stuttan kafla úr ræðu hæstv. ráðh., sem hann hélt, er málið var til 2. umr. hér í Nd. Hann sagði þá m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„*Ef byggður er upp sjóður á þennan hátt*, að lagður er til hliðar hluti af útflutningsverði sjávarafurða, þá skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir viðkomandi framleiðendur, ásamt svo með sjómönnum þar á móti, að þeir hafi lokavald yfir því, hvernig á að fara með þetta fé. Það er t. d. enginn vafi á því, að frystihúsamenn verða ekki ánægðir með það, þegar á þennan hátt verður tekinn verulegur hluti af útflutningsverðinu á seldum frystum fiski og lagður til hliðar, að þá geti sjóðsstjórnin, sem er að miklum meiri hluta skipuð öðrum fulltrúum en frá samtökum frystiiðnaðarins, ráðstafað þessu fé. Það er mín skoðun, að ráðstöfunin á því fé hefði átt að vera í höndum fulltrúa, varðandi t. d. frysta fiskinn, frá annars vegar samtökum frystihúsanna og hins vegar samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sem eiga raunverulega þessi verðmæti, sem hér er um að ræða. En nú er lagt til í þessu frv.," sagði hæstv. sjútvrh. þá, „að hér verði um 7 manna stjórn að ræða, og ráðh. á að skipa 3 menn í stjórnina án tilnefningar, og síðan koma fulltrúar fiskseljenda og útgerðarmanna og sjómanna með sinn manninn hvor, en sjómennirnir eiga í þessu tilfelli að hafa fulltrúa frá Sjómannasambandinu og Farmannasambandinu, og svo eiga að koma tveir fulltrúar frá fiskiðnaðinum og þó gert ráð fyrir því, að fulltrúar fiskiðnaðarins geti verið hreyfanlegir eftir því, hvaða grein framleiðslunnar á þar hlut að máli. Það er auðvitað alveg ljóst mál, eins og stjórnin yrði upp sett samkv. þessum reglum, að þá hefðu fiskiðnaðarmenn tiltölulega litið vald yfir þessu fé, sem þeir eiga þó í raun og veru." Og hæstv. núv. sjútvrh. lauk ræðu sinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég tel einnig, að þær reglur, sem á að setja um ráðstafanir á þessu fé, eigi ráðh. að setja samkv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, en ekki að ráðh. setji þetta aðeins að fengnum till. sjóðsstjórnarinnar, því að á því er vitanlega grundvallarmunur." Hæstv. sjútvrh. er þarna greinilega á sama máli og enn frekar en aðrir hv. þm., sem um málið fjölluðu þá, mjög ákveðinn í því, hvernig skuli ráðstafa sjóðnum, og það er hans skoðun, að *það eigi eingöngu að vera á valdi eigenda* sjóðsins, en stjórnvöld eiga þar helzt hvergi að koma nálægt, þegar hann undirstrikar, að það eigi að vera eftir ákvörðun sjóðsstjórnar, en ekki að fengnum till. hennar. Þegar þetta allt er athugað, má það heita furðulegt, að hæstv. sjútvrh. skuli nú mæla með því frv., sem hér liggur fyrir, en ástæðuna þekkjum við allir.

Síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við, hafa rekstrarútgjöld fiskiðnaðarins vaxið hröðum skrefum, sennilega verulega umfram það, sem almennt hefur gerzt hjá öðrum atvinnugreinum. Stafar þetta m. a. af því, að vinnutímastyttingin kemur frekar fram sem bein kauphækkun hjá fiskiðnaðinum en öðrum atvinnugreinum, sem hægara eiga með að breyta rekstrarformi sínu í kerfisbundna 8 tíma vinnu 5 daga vikunnar.

Hraðfrystihúsamenn hafa tjáð mér, að þegar allar kaupbreytingar síðustu samninga eru komnar til framkvæmda, muni vinnulaunakostnaður og vinnulaunatengdur kostnaður hafa hækkað milli 50 og 60% auk annarra hækkana á ýmsum rekstrarvörum fiskiðnaðarins. Það segir sig sjálft, að hér er um svo stórfelldar hækkanir að ræða, að engum þurfa að koma á óvart þeir rekstrarörðugleikar, sem fiskiðnaðurinn á við að búa þrátt fyrir verðhækkanir, sem orðið hafa á ýmsum tegundum sjávarafurða á erlendum markaði.

Hæstv. sjútvrh. hefur mjög látið að því liggja í ræðum og riti og nú síðast hér í ræðu sinni áðan, að rekstrarörðugleikar fiskiðnaðarins stöfuðu fyrst og fremst, og hann taldi í ræðu sinni áðan, að þeir stöfuðu næstum eingöngu af minna aflamagni. Um 13%, segir í grg. frv., að aflamagnið hafi minnkað, og endurtók hæstv. ráðh. það hér áðan. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að minnkandi afli skerði ekki að einhverju leyti afkomu frystiiðnaðarins. Það

liggur auðvitað í augum uppi. En ég tel, að hæstv. ráðh. fari mjög í kringum sannleikann, þegar hann heldur því fram, að þetta sé aðalorsökin. Talið er, að keypt hráefni sé um helmingur af rekstrarútgjöldum fiskiðnaðarins, vinnulaun og vinnulaunatengd útgjöld um 25% og fastakostnaður og önnur útgjöld um 25%. Minna keypt hráefni þýðir auðvitað lægri hráefniskostnað og að verulegu leyti lægri launakostnað. Ég held, að ekki fái staðizt, að minnkandi fiskafli sé aðalorsakavaldur versnandi afkomu fiskiðnaðarins, heldur sé þar um að ræða hinar almennu hækkanir, sem orðið hafa á rekstrarútgjöldum atvinnuveganna í tíð núv. ríkisstj., og sé því um heimatilbúna erfiðleika fyrst og fremst að ræða, sem við eigum við að stríða. Má í þessu sambandi benda á, að hjá frystihúsi, sem framleiðir miðað við 200 millj. kr. útflutning, sem í flestum tilvikum þýðir þá mjög nálægt þeirri upphæð í rekstrarútgjöldum, þá eru vinnulaun þar af 25% eða um 50 millj. Ef vinnulaun og vinnulaunatengdur kostnaður hafa hækkað og koma til með að hækka á næsta ári um 50%, þá liggur það ljóst fyrir, að þetta eru um 25 millj. kr. aukaútgjöld fyrir slíkt frystihús. Ef þau hækka um 60%, þá eru það 30 millj. kr. aukin útgjöld. Ég tel, að þetta segi sína sögu. Ég þekki nokkuð til reksrar hinna stærri frystihúsa í minni heimabyggð. Ég veit ekki til, að þau hafi haft þann tekjuafgang, að þau þyldu slík aukaútgjöld á einu eða hálfu öðru ári. Ég tel því, að skýring hæstv. ráðh., sem hann hefur mjög haldið á lofti, bæði í fjölmiðlum landsins og nú síðast hér í ræðu sinni áðan, að minnkandi aflamagn og verri samsetning aflans væri, eins og hann telur, aðalorsökin og hann vill meina kannske einasta orsökin fyrir versnandi aðstöðu frystihúsanna, — ég tel það mjög mikla rangtúlkun á málinu. Frystihúsin og aðrir, sem fiskiðnað stunda, hafa alltaf orðið að reikna með því og verða að reikna með því, að sveiflur séu í aflamagninu. Þetta er reynsla áratuganna, og það dettur engum í hug að byggja rekstur sinn þannig upp eða reikna með, að hann geti byggt rekstur sinn þannig upp, að alltaf sé nákvæmlega sama aflamagnið frá ári til árs, þannig að ég tel, að það sé allt mjög orðum aukið og rangtúlkun, sú niðurstaða, sem hæstv. ráðh. hefur komizt að í sambandi við, að þetta sé eiginlega eini orsakavaldur erfiðleika frystihúsanna. Þegar þetta er athugað, þá tel ég það í alla staði óforsvaranlegt að ætla að ráðast á Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, og láta hann borga brúsann vegna, að ég tel, óheillavænlegrar stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ég kem þá að því aftur, sem ég benti á í upphafi máls míns, að þingheimur allur og enginn frekar en hæstv. sjútvrh. varð um það sammála, er lögin um verðjöfnunarsjóð voru samþ., að sjóðurinn væri óskoruð eign sjómanna og útgerðarmanna og fiskiðnaðarins. Eign sjóðsins er, eins og kunnugt er, í vörzlu Seðlabanka Íslands og varðveitt þar á bók eða sérstökum reikningi, og er að því leyti verðmætari en aðrir sjóðir í einkaeign, að hann er gengistryggður samkv. lögum, sem samþ. voru á síðasta Alþ. Ég vil í þessu sambandi benda á, að þegar l. um gengistryggingu verðjöfnunarsjóðs voru til umr. hér í þessari hv. d. á s. l. vetri, fóru þau, ef ég man rétt, í gegnum báðar deildir, bæði í gegnum þessa hv. d. og eins í gegnum hv. Ed. með shlj. atkv. Ég tel, að þetta sýni, hversu hv. alþm. töldu þá sjóðinn nauðsynlegan og það svo, að ekki einu sinni gengisbreyting mætti rýra gildi hans, hvað þá að það ætti að nota hann sem hagstjórnartæki í efnahagsmálum, þegar það sýnir sig, að sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið og komið hér á, er fyrst og fremst það, sem skapar fiskiðnaðinum og sjávarútveginum þá erfiðleika, sem nú er við að glíma. Þessi er staða verðjöfnunarsjóðsins, og held ég, að um það sé enginn ágreiningur.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, felst vissulega ný stefnumörkun í kjara- og efnahagsmálum, því að það gerir beinlínis ráð fyrir því, að ef menn eru sammála um, eins og nú er, að bæta þurfi laun sjómanna og auka tekjur útgerðar og fiskvinnslu, þá skuli það ákveðið með lagasetningu frá Alþ., að þessir aðilar fari í eigin sparisjóðsbók í Seðlabankanum og bæti kaup sitt og tekjur af eigin fé, eftir því sem samkomulag verður innbyrðis. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega einföld lausn á vinnudeilu. En ég er ákaflega hræddur um, að ef ætti að fara að beita þessu gagnvart launþegasamtökum almennt, að segja þeim að leysa deilur sínar við atvinnurekendur með því að fara í eigin sjóði og greiða sjálfum sér launauppbætur, þá yrði því ekki vel tekið. En það er nákvæmlega þetta, sem frv. gerir ráð fyrir gagnvart sjómönnum og þeim aðilum öðrum, sem þar eiga hlut að máli.

Og það er annað í sambandi við frv., sem ég vil spyrja um: Hefur hæstv. ríkisstj. gengið úr skugga um það, hvort ákvæði frv. stangast ekki beinlínis á við 67. gr. stjórnarskrárinnar, en þessi gr. kveður á um, að eignarrétturinn skuli friðhelgur og engan megi skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, og þurfi til þess lagafyrirmæli og komi fyrir fullar bætur? Eins og ég hef áður bent á, eru allir sammála um, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins sé óumdeilanlega eign þeirra aðila, sem lagt hafa fé í hann. Það er því ekki nema eðlilegt, að vakin sé athygli á því og hæstv. ríkisstj. um það spurð, hvort hún telji, að 67. gr. stjórnarskrárinnar heimili, að frv. verði samþ. í því formi, sem það hefur verið lagt fram, þ. e. a. s. að ríkisvaldið hrifsi til sín hluta sjóðsins til lausnar á aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum, sem er í algeru ósamræmi við tilganginn með stofnun sjóðsins. Mér sýnist, að það liggi ákaflega nærri því, að hér sé um eignaupptöku að ræða á fjármunum, sem einkaaðilar eiga og yrðu þá að koma fullar bætur fyrir, ef frv. verður samþ. óbreytt, að mínum dómi.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að leysa verður þann vanda, sem að steðjar í sambandi við útgerð og fiskvinnslu, þá mánuði, sem eftir eru af árinu. En ég tel, að breyta verði frv. í það horf, að um lán verði að ræða úr verð-

jöfnunarsjóði, en ekki framlag, og taka verði tillit til þeirra 88 millj. kr., sem frv. gerir ráð fyrir, að lagðar verði fram úr sjóðnum, og upphæðin tekin inn í dæmið, þegar rekstrargrundvöllur útgerðar og fiskvinnslu verður lagður um næstu áramót, eins og flestum mun ljóst, að óhjákvæmilegt verður að gera, ef ekki á til stöðvunar þessa atvinnuvegar að koma.

Ég hafði ætlað að ljúka máli mínu með því að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvort eigendur verðjöfnunarsjóðsins gætu ekki treyst því órugglega og gætu á því byggt, að hæstv. ríkisstj. héldi ekki áfram eða ætlaði sér ekki að halda áfram á næsta ári að éta upp fé sjóðsins, fé þessara manna, sem allir eru sammála um, að sé þeirra óskoraða eign, og hvort þeir gætu ekki treyst þessu. Nú hefur hæstv. ráðh. að nokkru svarað þesari fsp. minni með umr. um það og því, sem hann sagði í þessu sambandi, að það væri ekki enn þá farið að róta þessum málum til hlítar og yrði ekki gert fyrr en um næstu áramót, til þess væri ekki aðstaða. Það er alveg rétt, að ekki er aðstaða til að taka endanlega ákvörðun um þetta, fyrr en búið er að gera upp afkomu ársins og kanna allar horfur og viðhorf, sem þá verða. Hitt mundi ég segja, að það væri mjög eðlilegt og eðlileg krafa einmitt vegna þess frv., sem hér er komið fram, að eigendur verðjöfnunarsjóðsins fengju að vita það með nokkrum fyrirvara, hvort það er ætlun hæstv. ríkisstj. að halda áfram að ganga í sjóðinn og skerða hann í sambandi við efnahagsráðstafanir, sem um næstu áramót hljóta að koma. Ég tel, að þeir eigi nokkurn rétt á því, að þeim sé gefið nokkurt svigrúm til þess að gera þá sínar gagnráðstafanir, sem þeir teldu eðlilegar.

Hæstv. ráðh. vildi skýra þetta frv. með því, að lögunum um verðjöfnunarsjóð fælist eiginlega heimild til þess að taka fé sjóðsins og verja á þennan hátt. En ég held, að það sé ákaflega hæpin túlkun. Þegar menn tala um viðmiðunarverð, þá er vitanlega átt við, að tekið sé tillit til þess við fiskverðsákvörðun, og þá tekið tillit til þess, þegar tekið er fé af seldum sjávarafurðum, að þetta hefur verið reiknað inn í dæmið, og framlag sjóðsins lækkað að sama skapi. En ég tel, að það fé, sem komið er í sjóðinn, verði ekki undir neinum kringumstæðum hreyft út úr honum aftur nema eftir þeim reglum, sem í lögum um sjóðinn er að finna og að mínum dómi eru alveg skýrar. Það er engum blöðum um það að fletta, að fé verður ekki með neinu öðru móti tekið út úr sjóðnum með eðlilegum hætti. Og hvers vegna væri hæstv. ráðh. að leggja fram þetta frv., ef hann teldi sig hafa heimild til að ganga í sjóðinn á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir og hann hér áðan vildi láta liggja að, að hann hefði heimild til. Ef svo væri, þá væri óþarfi að vera að leggja þetta frv. fram.

Ég skal nú ekki í bili orðlengja meira um þetta, en ég vil segja það, að ef þetta á að verða reyndin, að þannig eigi að brenna upp Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, sem allir þeir aðilar hafa lagt fé í, bæði sjómenn og aðrir, — ef það á að brenna það upp í óðaverðbólgu núv. ríkisstj., þá er það illa farið, og ég er sannfærður um, að ríkisstj. á eftir að fá að finna fyrir því og fá margar ákúrur fyrir að hafa þannig staðið að málum, og ég endurtek, ég efast um, að hún hafi nokkra heimild til þess, eins og lög verðjöfnunarsjóðsins eru.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp fyrst og fremst til þess að lýsa þeirri skoðun minni og míns flokks, að það hljóti að teljast í alla staði óeðlilegt að ráðstafa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til styrktargreiðslna til handa ákveðnum greinum útvegsins með hliðsjón af því markmiði, sem verðjöfnunarsjóðnum er sett í lögum um hann. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., í hvaða skyni verðjöfnunarsjóðurinn var stofnaður. Honum var frá upphafi ætlað það hlutverk að auðvelda íslenzkum sjávarútvegi að mæta verðfalli erlendis, en í ljós hafði komið á undanförnum áratug, að brýn þörf var á því, að slíkur sjóður væri til í íslenzku efnahagskerfi. Um það vona ég, að ekki geti talizt neinn ágreiningur. Nú er sjóðnum hins vegar ráðstafað í öðru skyni. Honum er ráðstafað til styrktar ákveðnum greinum íslenzks sjávarútvegs, sem ég ber engan veginn á móti, að hafi þurft á styrk að halda, eins og málum er komið, en sá styrkur er veittur úr sjóði, sem Alþ. hefur ætlað annað hlutverk. Þetta er í raun og veru viðurkennt af hálfu hæstv. ríkisstj. með því að flytja frv. um breytingu á lögum sjóðsins. Í því felst auðvitað viðurkenning á því, að gildandi lög gerðu ekki ráð fyrir slíkri notkun sjóðsins sem hér er um að ræða. Það er óneitanlega andkannalegt, óneitanlega óeðlilegt að ráðstafa sjóði, sem ætlaður er til þess að mæta verðlækkun, sem auðvitað getur orðið hvenær sem er, á tíma, þegar verðlag á íslenzkum sjávarafurðum erlendis er hærra en nokkru sinni fyrr. Þetta er hins vegar í raun og veru svo mikið rætt mál, að ég sé ekki ástæðu til þess við 1. umr. málsins að gera þetta ýtarlega að umtalsefni. Hér er um augljósar staðreyndir að ræða.

Það, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á í þessu sambandi, er, að þarna er um tímamótaatburð að ræða, að með þeirri ráðstöfun, sem ríkisstj. þegar hefur tekið ákvörðun um og þessu frv. er ætlað að staðfesta, er í raun og veru verið að koma á uppbótakerfi aftur. Það er aftur verið að taka upp það uppbótakerfi, sem lengstum var hér við lýði á áratugnum 1950—1960, — kerfi, sem reyndist leiða til spillingar, — kerfi, sem reyndist leiða til rangrar hagnýtingar á framleiðsluþáttum, — kerfi, sem reyndist smám saman leiða til óhagkvæmni í framleiðslu og sölu.

Ég vil hér vekja athygli á og spyrja hæstv. sjútvrh.: Er hér eingöngu um bráðabirgðaúrræði eða bráðabirgðaástand að ræða? Er þessi ráðstöfun á fé verðjöfnunarsjóðs til bótagreiðslna handa tilteknum greinum sjávarútvegsins eingöngu bráðabirgðaákvörðun? Er hér eingöngu um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða? Eða er hér um að ræða viljandi, skýra stefnumótun í þá átt, að leysa skuli vandræði sjávarútvegsins eftir uppbótaleiðinni? Þetta tel ég mjög æskilegt, að verði upplýst, ef ráðh. treysta

sér til að upplýsa það. Það skiptir meginmáli fyrir íslenzka efnahagsstefnu, fyrir stefnuna í íslenzkum efnahagsmálum yfir höfuð að tala, hvort þessari ráðstöfun er eingöngu ætlað að gilda í þá þrjá mánuði, sem á skortir, að ríkisstj. hafi getað gert upp hug sinn um það, hver raunverulega eigi að vera stefnan í efnahagsmálunum. Er hér eingöngu um að ræða bráðabirgðaráðstöfun. Út af fyrir sig mætti segja, að það gæti verið viss afsökun fyrir því að taka þetta fé úr verðjöfnunarsjóði, fyrst ríkisstj. hefur ekki gert hug sinn upp almennt um málið. Ef aftur á móti er um upphaf að nýrri stefnu í íslenzkum efnahagsmálum að ræða, ef hér er um að ræða upphaf nýs uppbótakerfis, þá er hér um miklu, miklu alvarlegra mál að ræða, — ef svo er, ef meiningin er að leysa vanda sjávarútvegsins á næsta ári eftir líkum leiðum og þessum, þá hlyti næsta spurningin að vera: Á að ganga áfram á verðjöfnunarsjóðinn eða á hann að fá að vera í friði á árinu 1973 og afla annarra tekna til þess að standa undir fjárþörf uppbótakerfisins, sem auðvitað verður um að ræða?

Ég hlýt að vekja athygli á því, að alveg augljóst er, og ég er sannfærður um, að manni, sem þekkir jafnvel til íslenzks sjávarútvegs og hæstv. sjútvrh., er það jafnvel enn ljósara en mér, sem auðvitað á ekki aðgang að jafnglöggum skýrslum um þessi efni og hann sjálfur á, honum er áreiðanlega ljóst, að vandi íslenzks sjávarútvegs á árinu 1973 er miklu meira en fjórfaldur á við þann vanda, sem við er að etja á þrem síðustu mánuðum þessa árs. Vandinn þá verður miklu meira en fjórfaldur á við vandann á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Hvað hyggst ríkisstj. fyrir í þessum efnum? Ætlar hún að leysa þann vanda eftir uppbótakerfisleiðinni, og ef hún ætlar að gera það, ætlar hún að halda áfram á þeirri braut, sem hér er mörkuð, að ganga á verðjöfnunarsjóðinn? Ég vil óska þess, að hæstv. ráðh. svari þessari spurningu þannig, að hann segi: Það, sem hér er verið að gera, er alger bráðabirgðaráðstöfun, og í því felst engin stefnuyfirlýsing um það, að þannig muni verða haldið áfram á næsta ári. — Það mundi gleðja mig ef hæstv. ráðh. gæfi skýra yfirlýsingu um, að þó að gengið hafi verið á verðjöfnunarsjóðinn á þrem síðustu mánuðum þessa árs, þá muni það ekki verða gert á árinu 1973, ekki verða gert á næsta ári. En þm. fá það og alþjóð fær það væntanlega upplýst, hvað hæstv. sjútvrh. hefur að segja um þessi mjög svo mikilvægu atriði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, hafa ekki áttað sig á eðli þess máls, sem hér er um að ræða.

Hv. 3. þm. Sunnl. talaði hér allan tímann um það, að ríkisstj. væri að taka fé úr verðjöfnunarsjóði og ríkisstj. væri að ráðast á verðjöfnunarsjóð, ætlaði að brenna hann upp í eldi o. s. frv. Veit hv. þm. ekki, að þetta mál ber þannig að, að eigendur sjóðsins, sem ég hef kallað, fulltrúar sjómanna, fulltrúar útvegsmanna og fulltrúar fiskiðnaðarins í landinu, sneru sér til ríkisstj. og báðu um þetta? Þeir gerðu till. um, að þessu yrði ráðstafað á þennan veg. Það var ríkisstjórnarinnar að segja til um það, hvort hún vildi fallast á till. þeirra eða ekki, eins og lög gera ráð fyrir. Ríkisstj. er ekkert að taka úr þessum sjóði handa sér, það er vitanlega reginmiskilningur. En þá er rétt að koma nokkru nánar að eðli þessa sjóðs.

Það er rétt, það átti að vera einn megintilgangur sjóðsins að bæta þessum aðilum, sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskiðnaðarmönnum, upp áfall, sem þeir kynnu að verða fyrir vegna lækkandi verðs á erlendum markaði. Það er rétt. En lög sjóðsins segja líka, að það skuli taka tillit til annars í sambandi við greiðslur úr sjóðnum, og það hefur verið gert margsinnis. Og hvað segja lögin? Af hverju las ekki hv. 3. þm. Sunnl. upp þetta ákvæði, fyrst hann var að reyna að svara því, sem ég hafði sagt, þar sem ég hafði vitnað í þetta. 7. gr. frv. er þannig: „Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin að fenginni staðfestingu sjútvrh. ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 5. gr. eða verðlækkun samkv. 6. gr.“ Og svo segir: „Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar.“ Það er þetta, sem hefur verið gert. Ég heyrði, að hv. 3. þm. Sunnl. hafði ekki hugmynd um, hvernig þetta er framkvæmt. Ég skal ekkert ásaka hann um það út af fyrir sig. Ég vissi ekki fyllilega, hvernig þessu var háttað, lengi vel um greiðslur úr verðjöfnunarsjóði.

Viðmiðunarverð í verðjöfnunarsjóðinn, sem ákveðið er og greiðslurnar úr sjóðnum miðast við, er ekki sett eftir því, hvað ákveðið er um hráefnisverð á fiski. Viðmiðunarverð er sett hjá verðjöfnunarsjóði miðað við, að það fáist fyrir útfluttar afurðir tiltekið verð á einingu. Og ef þetta viðmiðunarverð er sett jafnvel fyrir ofan það, sem er markaðsverð á einhverju tímabili, þá verður greitt úr sjóðnum. Og það er þetta, sem hefur verið gert hvað eftir annað, að viðmiðunarverð hefur verið sett svo hátt, að þannig hefur verið greitt úr sjóðnum einmitt eftir þessari reglu, að það ber að taka tillit ekki eingöngu til verðlagsins á afurðunum á erlendum markaði, heldur einnig til rekstraraðstöðu framleiðslunnar. Nú var það í þetta skipti till. Verðlagsráðs sjávarútvegsins, fulltrúa sjómanna, bátaútgerðarmanna og fiskiðnaðarmanna, að sá háttur yrði hafður á að ákveða viðmiðunarverðið svo hátt, að þessi greiðsla kæmi út úr sjóðnum, og þá þyrfti enga lagabreytingu. Það var rétt. Það var vitanlega hægt að framkvæma þetta svona, eins og þeir lögðu til. Þá yrði engin lagabreyting. Á þetta vildi ég ekki fallast fyrir mitt leyti, og hinir opinberu fulltrúar í stjórn verðjöfnunarsjóðs mæltu gegn þessu og töldu, að það væri mjög óæskilegt að fara að setja viðmiðunarverðið svo hátt, að greiðslur úr sjóðnum yrðu með þessum hætti. Og af því var það, að við lögðum til, að í þetta

skipti, fyrir þetta tiltekna tímabil, yrði tekin úr sjóðnum samkv. samkomulagi þeirra aðila, sem eiga sjóðinn, tiltekin fjárhæð og henni deilt út eftir ákveðnum reglum, en viðmiðunarverðið yrði ekki hreyft, af því að vitanlega var hér um greinilegt bráðabirgðaástand að ræða, en ekki nein viðurkenning á því, að hér gæti orðið um varanlegt ástand að ræða.

Hv. 3. þm. Sunnl. vitnaði hér mjög í ummæli mín, sem ég hafði látið hér falla um það leyti, sem var verið að ákveða að stofna til þessa sjóðs. Skoðanir mínar í þessum efnum hafa sannarlega ekki breytzt, og ég álít, að sjómenn og útgerðarmenn og fiskiðnrekendur í landinu eigi þetta fé og það séu þeir, sem eigi að ráðstafa því. (Gripið fram í.) Já það er það sem er, þeir hafa óskað eftir þessu. Ef hv. þm. hefur ekki skilið það, sem ég er að segja: þetta er tillaga þeirra, þeir hafa beðið um þetta. (Gripið fram í.) Já, fulltrúar þeirra, sem fara með þessi mál, það eru þeir, sem hafa gert tillöguna. Eins og ég segi, þá kom till. þeirra upphaflega fram í öðru formi, sem ég hef verið að lýsa, en við nánari athugun féllust þeir á að breyta henni, og frv. er lagt fram til staðfestingar á samkomulagi, sem þeir gerðu, og til þess að koma því fram, sem þeir báðu um. Vitanlega var hækkun fiskverðsins nú þeirra vandi. Það var vitanlega hægt að fá meiri hluta í Verðlagsráði sjávarútvegsins til þess að hækka fiskverð um 15%, en þá kom auðvitað upp sá vandi, hvernig til tækist með að greiða þetta, og þá var það ljóst, að fiskiðnaðurinn í landinu gat í einstaka greinum greitt það verð, sem um hefði verið að ræða, en í öðrum greinum ekki.

Það, sem hér hefur því verið sagt af hv. 3. þm. Sunnl. og eins af hv. 7. þm. Reykv., er í rauninni algerlega byggt á misskilningi, því að þeir setja málið þannig upp, að ríkisstj. sé að taka fé úr þessum sjóði, og helzt að skilja, að hún sé að taka það handa sér. Hér er um það að ræða, að ákveðnir aðilar hafa á góðum tímum lagt fé til hliðar, og ég hef lagt á það áherzlu fyrir mitt leyti, að það eru þeir, sem eiga þetta fé, og það eru þeir, sem eiga að fá það fé, sem rennur út úr sjóðnum aftur. Ég tel fyrir mitt leyti, að vandi þessara aðila verði alveg sá sami, hvort hann verður fyrir verðfall á þeirra útflutningsafurðum eða hvort hann verður fyrir það, að aflinn hefur minnkað. Þetta er þeirra fé, og ef þeir vilja ráðst. því sér til handa, þá er réttmætt að verða við því. Hitt hef ég sagt allan tímann og segi og mun beita valdi mínu til þess, á meðan ég er ráðherra, sem þessir aðilar verða að leita til um staðfestingu, að ég vil sjá um það, að fé, sem kann að verða greitt úr sjóðnum, renni á eðlilegan og réttlátan hátt til þeirra, sem lagt hafa fé í sjóðinn. Af því er haldið þannig á málinu nú, að þegar svo stendur á, að t. d. ein fisktegundin, þ. e. a. s. karfinn, eða sú vinnsla getur ekki risið undir því verði, sem þarf í rauninni að vera á þessum fiski, ef hann á að verða veiddur, þá hef ég lagt áherzlu á það, að greiðslur til þess að reyna að halda uppi verði á karfa komi úr þeim hluta sjóðsins, sem myndazt hefur af karfaafurðunum, til þess að hér sé ekki um óeðlilegar millifærslur á milli aðila að ræða. Það er auðvitað eins og hver önnur fjarstæða að tala um, að það sé verið að kippa hér stoðum undan þessum sjóði, — sjóði, sem er upp á 1100 millj. kr., — þó að upphæð sem nemur eins árs vöxtum af þessum sjóði, sé ráðstafað núna, þegar sérstaklega stendur á, til þeirra, sem eiga sjóðinn.

Það er svo til marks um það, hvað menn meina með því, sem þeir segja, að hv. 3. þm. Sunnl. talar hér um, að núv. ríkisstj. sé að brenna upp þennan sjóð í eldi verðbólgu, og var svo óheppinn í því efni að minnast á, að á síðasta þingi hefðu verið sett lög um að tryggja þennan sjóð í erlendum gjaldeyri. En hvernig liggja þessi mál við í rauninni? Í tíð núv. ríkisstj. þótti sjálfsagt að setja svona öryggi á þennan sjóð, að tryggja hann í erlendum gjaldeyri, en í tíð fyrrv. ríkisstj. kom þessi tillaga margsinnis fram, og hún kom fram frá eigendum sjóðsins, sjómönnum, útvegsmönnum og fiskiðnaðarmönnum, og hvaða afgreiðslu fékk hún þá? Þá kom það ekki til mála að tryggja sjóðinn. Þá var þessu neitað. En svo þegar búið er að tryggja þennan sjóð í erlendum gjaldeyri, þá koma þeir, sem neituðu áður, og segja, að nú séum við að brenna hann upp, brenna upp verðgildi hans með okkar verðbólgustefnu.

Ég tók líka eftir því, að hv. 3. þm. Sunnl. vildi sem minnst gera úr því, að fiskiðnaðurinn í landinu og útgerðin hefðu orðið fyrir einhverjum erfiðleikum vegna minnkandi fiskafla, en lagði hins vegar höfuðáherzlu á það, að mikil hækkun vinnulauna væri aðalvandinn. Það er vitanlega ekkert nýtt, að það sé ágreiningur á milli t. d. mín og þeirra sjálfstæðismanna um það, hver eigi að vera laun þess fólks, sem vinnur að fiskiðnaðinum í landinu. Þeir sjá alltaf ósköp í því, ef hækkuð eru laun þeirra manna, sem lægst eru launaðir í landinu og m. a. vinna í frystihúsum landsins. Ég tel, að sú launahækkun, sem ákveðin hefur verið þeim til handa, hafi verið alveg óhjákvæmileg og aðeins til samræmis við það, sem búið var að ákveða um launakjör þeirra, sem voru betur settir með launakjör í landinu, og fyrrv. ríkisstj. hafði samþykkt. Andstaða gegn þeirri launahækkun var vitanlega ekkert annað en tilraun til að svelta sjávarútveginn með vinnuafl og ætla að reyna að halda vinnuaflinu þar niðri í launakjörum, þegar annað vinnuafl hafði verið verðlagt svo hátt sem gert var í tíð fyrrv. ríkisstj., og það hefði vitanlega orðið fiskiðnaðinum í landinu að mestum skaða. En þegar ég sagði, að þeir erfiðleikar, sem hér væri við að etja hjá okkar fiskiðnaði, stöfuðu fyrst og fremst, eins og rannsóknarnefndin segir, sem er að athuga þessi mál, af minnkandi fiskafla og óhagstæðara hráefni til vinnslu, þá er það vegna þess, að það var búið að taka tillit til hækkandi vinnulauna við þá útreikninga, sem lagðir höfðu verið til grundvallar áður. Auðvitað átti fiskiðnaðurinn í landinu og önnur framleiðsla ekki að fá alla þá miklu fiskverðshækkun, sem orðið hafði. Hann varð að láta

eitthvað út af þessu í formi hækkaðra vinnulauna. Alveg eins og í upphafi ársins var búið að gera ráð fyrir því í tekjuáætlunum fiskiðnaðarins, að fiskiðnaðurinn ætti að fá hærra verð en árið á undan, af því að það hafði orðið verðhækkun, eins varð hann að taka á sig hækkandi útgjöld í formi hækkandi launa, og þannig hafði verið reiknað.

Þessar áætlanir hafa ekki brugðizt að neinu leyti varðandi þetta. Þar sem þessar áætlanir hafa brugðizt, þá er það í sambandi við minna fiskmagn, sem frystihúsin hafa haft til vinnslu, og óhagstæðara fiskmagn. Eg held ég hafi lesið það í Alþýðublaðinu annaðhvort í gær eða í morgun, að það skýrði m. a. frá því, að forstjóri fyrir einu stóru frystihúsi á Norðurlandi, frystihúsinu á Húsavík, hefði látið það koma fram, að á 7 fyrstu mánuðum þessa árs væri rekstrarafkoma frystihúss hans betri en á sama tíma árið á undan, hún hefði batnað. Og hann var spurður að því, hvernig stæði á þessu, hvort hann hefði einhverja sérstaka aðferð til þess að fá svona góða útkomu, á sama tíma og önnur frystihús teldu sig vera rekin með halla. Hann benti einfaldlega á það, sem er í fullu samræmi við þær athuganir, sem fram hafa farið hjá hagrannsóknastjóra, að meginskýringin á þessu lægi í því, að hann hefði nálega eingöngu þorsk til þess að vinna úr og mjög sæmilegan fisk, en þorskurinn hefur hækkað það mikið í verði og er það hagstæður í vinnslu, að samkvæmt reikningum hagrannsóknastjóra á hann að gefa betri raun á þessu ári án alls viðbótarstuðnings en hann gerði á árinu á undan. En það sama gildir ekki um t. d. vinnslu á karfa eða vinnslu á ufsa. Afurðir af þessum fisktegundum hafa ekki hækkað neitt í námunda eins mikið og afurðirnar úr þorskinum. Og því er það, að þessar ráðstafanir eru gerðar þannig, að það er sérstaklega miðað við það í framkvæmdinni hjá fiskiðnaðinum í landinu, sem hefur þetta með höndum, að beita þessum greiðslum þannig, að það verði fremur þeim til hagsbóta, sem hafa þarna versta afkomuna, heldur en hinum. Það er mesti misskilningur að halda, að það sé ríkisstj., sem hafi ákveðið, að færa hér eitthvað á milli. Það eina, sem hún gerði, var, að hún mælti með því, að tiltekin fiskverðshækkun til sjómannanna og útgerðarinnar ætti sér stað einnig í sambandi við karfa og ufsa, en ekki þær aukagreiðslur, sem ganga til þessarar vinnslu í gegnum framkvæmdakerfi frystihúsanna. Það fór nú svo, að Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað ekki aðeins þá fiskverðshækkun á karfa og ufsa, sem ríkisstj. mæltist til, heldur ákvað verðlagsráðið enn meiri hækkun á þessum tegundum en við höfðum lagt til, þó að rekstur þeirra væri þetta erfiður.

Það er auðvitað hægt að segja, að ef ekki hefði komið til nein vinnulaunahækkun, þá hefðu frystihúsin verið sæmilega stödd í dag, þó að aflinn hefði minnkað um 13—15% og þó að samsetning aflans væri óhagstæðari. Ef vinnulaunahækkunin hefði ekki komið til, þá hefði allt sloppið. Það er vitanlega hægt að setja dæmið þannig upp. En það er vitanlega alveg rangt. Það var grundvöllur til þess að hækka laun fólksins, sem vann að fiskvinnslunni, og það var réttmætt, að það ætti sér stað vegna hækkandi verðlags og tiltölulega góðrar afkomu í þessum rekstri, en það verður svo aftur að játa, að þegar til þess kemur, að aflinn minnkar og verður miklu óhagstæðari, þá verður auðvitað að taka tillit til þess.

Hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, spurði hér mjög um það og taldi í rauninni, að það væri algert tímamótamarkmið í þessu að vita um það, hvort hér væri um bráðabirgðaráðstafanir eða ekki að ræða. Í þessum efnum tel ég ekki, að neitt annað sé hægt að segja en að biðja hv. þm. að lesa frv. Það er bara um bráðabirgðaráðstöfun. Þar er skýrt tekið fram, að þetta á að gilda bara tiltekinn tíma, fram að áramótum, síðan er ákvæði frv. úr gildi numið. Þetta liggur því í rauninni alveg skýrt fyrir, og ég hef þegar sagt, að á þessu stigi er ekkert hægt að segja um það, hvaða ráðstafanir kunna að verða gerðar í þessum efnum í desembermánuði, þegar málefni sjávarútvegsins í heild verða gerð upp. Fulltrúar sjávarútvegsins nú við þessa verðákvörðun töldu sig ekki vilja standa að því að fara að semja á þessum tíma árs um rekstrarafkomuna á næsta ári. Þeir vildu bíða þangað til í desember með slíkt, eins og jafnan hefur verið.

Það er alveg rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að sá vandi, sem kemur fram m. a. við fiskverðsákvörðunina nú og metinn er að geti numið við sæmilega góða veiði í kringum 88 millj. á þessum 3 mánuðum, það væri alveg rangt að meta þann vanda þannig, að þetta væri fjórði parturinn af ársvandanum. Auðvitað veiðist á þessum tíma fjarri því að vera fjórði hluti af heildarársaflanum. Ef þyrfti að veita útgerðinni í landinu stuðning til jafns við það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., í 12 mánuði eða í heilt ár, þá yrði auðvitað vandamálið miklum mun meira en þarna er um að ræða. En það er eins og ég sagði, það er í rauninni alveg ómögulegt um það að segja á þessu stigi, hversu mikill vandi þetta kann að verða, og þá verður líka að taka inn í þetta heildardæmi, eins og alltaf hefur verið gert, það sem horfir til hins betra hjá útgerðinni. Það er auðvitað ekkert smáræði, sem hefur gerzt, einnig til hins betra. Eins og ég hef sagt áður, er auðvitað alvarlegt, þegar aflinn minnkar t. d. um 10%. Þá er hætt við því, að slíkt þýði á ársgrundvelli í kringum 1200—1400 millj. kr., það er rétt. En sú hækkun, sem nú hefur orðið á fiskmjöli, mun færa okkur á ársgrundvelli varla undir 700—800 millj. kr., bara sú verðhækkun. Fleira kemur hér til, sem einnig horfir til hins betra. Þetta verður vitanlega allt að gerast upp í sambandi við hag útgerðarinnar, þegar tekin verður ákvörðun um rekstrarafkomuna síðar á árinu.

En það bætir sig enginn á því að slá hér fram órökstuddum tölum, í rauninni alveg út í bláinn, eins og því miður hefur verið gert í blöðum landsins, þegar þessi mál hafa verið rædd þar nú að undanförnu. Ég minnist þess t. d., að nokkur af blöðunum hér í Reykjavík fullyrtu það dag eftir dag, að vandamál frysti-

húsanna væru af þeirri stærðargráðu nú, að það mundi þurfa allan verðjöfnunarsjóðinn eða 1000 millj. kr. til þess að bjarga rekstri þeirra fram að áramótum. Og spurt var af miklum þjósti: Hvað á svo að gera eftir áramótin? Þeir nefndu sem sagt 1000 millj. En hagrannsóknastjóri, sem hefur lagt grundvöllinn að öllum útreikningum varðandi þessi mál í mörg ár, reiknar dæmið þannig út, að þetta séu ekki 1000 millj., heldur 15 millj., 15 millj. fram að áramótum. En menn geta auðvitað geisazt um þetta í marga daga og sagt stórar sögur um þetta og skrifað heilu leiðarana á eftir um vitleysuna. En það bætir sig enginn á því að vera með fleipur af þessu tagi. Hið rétta er það, eins og hér hefur komið fram, að það var þörf á því nú að hækka fiskverð til þess að bæta launakjör sjómanna, þannig að laun þeirra væru til samræmis við það, sem algengist er í landinu, og á þetta féllust útvegsmenn, og það var líka réttmætt, að fiskverð hækkaði nokkuð á þessum haustmánuðum til þess að bæta afkomu bátaflotans, vegna þess að heildarafli bátanna hafði orðið minni en reiknað var með. Það atriði síðan, að fallizt var á það að borga frystihúsunum í landinu ekki aðeins 15 millj., eins og hagrannsóknastjóri taldi, að þau þyrftu að fá til þess að jafnast á við þann grundvöll, sem miðað hafði verið við, — að fallizt var á að borga þeim á þessu tímabili 26 millj. kr., en ekki 35, eins og þau höfðu óskað eftir, það er atriði, sem hægt er auðvitað að tala um fram og til baka, hvort gengið hafi verið of langt til móts við frystihúsin eða of skammt. En hér var ekki um neitt stórmál að ræða miðað við þetta tímabil. En þetta mál verður nú tekið fyrir í þn. og skoðað, og það gefst þá eflaust tækifæri til þess að halda áfram umr. um það síðar, ef óskað verður eftir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. lauk máli sínu með þeim orðum m. a., að hér væri ekki um neitt stórmál að ræða. Hér er vissulega um mjög mikið stórmál að ræða og mikið vandamál og sannkallað alvörumál. Og það er mjög miður, ef á að reyna að hylja kjarna þessa máls í reyk með málalengingum og mjög tvíræðum og vafasömum fullyrðingum, eins og hæstv. sjútvrh. hefur gert tilraun til. Þetta er að vísu ekkert nýtt af nálinni hjá þessum hæstv. ráðh. Hann hefur löngum skipað sér í fyrsta sess meðal þm. í tvíræðum málflutningi, og svo að maður hafi nú kurteislegt orðbragð um það, í því að vera mjög leikinn í því að hagræða sannleikanum.

Þegar sett voru brbl. að tilstuðlan þessa ráðh. á árinu 1971 um hækkun fiskverðs, þá hefur ráðh. sagt og sagði það með miklum þunga í útvarpsumr. hér nýlega, að það væri ekki einn eyrir tekinn úr verðjöfnunarsjóðnum. Þetta má kannske bókstaflega til sanns vegar færa. En hæstv. ráðh. rýrði tekjurnar, sem sjóðurinn átti að fá, þannig að það kom 65—70 millj. kr. minna inn í sjóðinn til áramóta. Það er kannske hægt að segja við almenning: Það var ekkert tekið úr sjóðnum. En auðvitað var staða sjóðsins rýrð, og efnislega er þetta sama, hvort maður rýrir tekjur sjóðsins, þannig að hann fær minna, eða hann færir inn í sjóðinn þessa óbreyttu upphæð og hún er svo tekin út. En þetta er leikni hjá hæstv. sjútvrh.

Hæstv. sjútvrh. lagði á það mikla áherzlu í sinni síðari ræðu, þegar hann var að svara hinni ágætu ræðu hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar, að fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna og fiskvinnslunnar hefðu beðið um þessa lausn og þeir ættu þennan sjóð og hann hefði náðarsamlegast orðið við beiðni þeirra um, að sjóðnum yrði ráðstafað svona. Er það þá ekki rétt, sem mér hefur verið sagt, að fulltrúar þessara atvinnuvega hafi komið á fund hæstv. sjútvrh., áður en hann fór til Bandaríkjanna, til þess að ræða við hann um úrlausn þess mikla vanda, sem sjávarútvegurinn var í, og hæstv. ráðh. hafi þá í skyndingu sagt við þessa fulltrúa sjávarútvegsins: Það er engin lausn, sem um er að ræða hér, annað en til bráðabirgða, að þið takið eitthvað úr verðjöfnunarsjóðnum, við tölum ekkert um efnahagsmálin fyrr en kemur fram að áramótum? — Var það hæstv. sjútvrh., sem gaf ávísunina á sjóðinn fyrstur manna, en ekki beiðnin frá þessum mönnum, og dæmið liggi þá, þegar umbúðirnar eru teknar utan af, þannig fyrir, að þeir hafi eftir þessa kveðju og meðan ráðh. var í Bandaríkjunum reynt að stilla upp till., sem miðaðar eru við þann eina grundvöll, sem sjútvrh. hafði sagt, að þeir gætu fengið úrlausn á? Það má svo segja eftir á: Þeir báðu um og lögðu fram till. um, að svona yrði farið að. Þetta sýnir líka leikni þessa hæstv. ráðh.

Það er alveg laukrétt, sem fram kom hjá hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, að það var tilgangur og er andi þessarar löggjafar og um það á ekki að vera ágreiningur, að þessi sjóður væri fyrst og fremst varasjóður þeirra, sem í hann leggja, til þess að mæta erfiðu árunum eftir góð ár, á þeim tíma, þegar lagt er inn í sjóðinn við hækkandi verðlag. Ef á að kippa fótunum undan þessum grundvelli löggjafarinnar með einum eða öðrum krókaleiðum og mismunandi skýringum á orðalagi sjóðsins, þá á sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka lögin til endurskoðunar að því leyti, til þess að þetta verði alveg tvímælalaust. Ég get að vísu alveg skilið, að það sé ekki óeðlilegt að taka aflabrest og verðbreytingar erlendis að einhverju leyti saman. Það eru atvik, sem aðilarnir ráða ekki við. Þegar verðfall verður erlendis eða þegar verðminnkun verður á heildarsölunni erlendis, vegna þess að aflinn hefur minnkað stórlega, þá má segja, að slíkt sé nokkuð svipaðs eðlis, og það mætti í slíku tilfelli nota fé sjóðsins einmitt sem bjargráðasjóð, þegar illa gengur af ástæðum, sem þannig eru og eru í eðli sínu þær sömu. En það eru gjörólíkar aðrar ástæður, sem hér hafa komið til, að ríkjandi stjórn á hverjum tíma geti spilað þannig sínum spilum, að hún geti gert sínar ráðstafanir og miðað við það, að hversu vitlausar sem þær eru og hversu æsandi þær eru fyrir verðbólguna í landinu, þá verði það þó tekið úr þessum sjóði. Þetta eru atriði, sem verður að setja algerlega loku fyrir, að verði hægt að nota þennan verðjöfnunarsjóð til þess að bæta og bæta afleiðingar af efnahagsráðstöfunum ríkisstj., sem situr, sem eru þess eðlis að auka verðbólguna og kippa grundvellin-

um undan blómlegum rekstri atvinnulífsins í landinu. Ef þetta kemur ekki ljóst fram í lögunum, þá verður að koma því inn í lögin.

Hæstv. sjúvrh. tók það margsinnis fram, að hér væri um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, og það er í sjálfu sér það eina góða, sem er í þessu máli. Hann tók það líka fram, að fulltrúar útvegsins hefðu ekki viljað miða till. sínar við það, að greitt yrði úr verðjöfnunarsjóði fram til miðs árs 1973. En skyldi vera, að ráðh. hafi haft einhverja löngun til þess, að hæstv. ráðh. hafi gjarnan viljað, að þetta væri ekki aðeins bráðabirgðaráðstöfun? Ef það er ekki, þá þykir mér vænt um, að hæstv. ráðh. lýsi því yfir, og í raun og veru eigum við að geta ætlazt til þess af honum hér, að hann lýsi því yfir sem stefnu sinni í þessu máli, að hvað sem öðrum ákvörðunum í efnahagsmálum líður, þá sé það meiningin og tilgangur þessa sjóðs og eigi að vera, að hann sé fyrst og fremst bjargráðasjóður fyrir útveginn, þegar illa gengur, þegar bregðast hlutir, sem við ráðum ekki við, eins og verðlag, og við skulum þá nefna aflabrest einnig, eins og það yrði þá sérstaklega metið af hlutaðeigandi aðilum. Það væri mikill fengur, ef hæstv. sjútvrh. fengist til þess að gefa yfirlýsingu um það, að hann væri samþykkur þessari skoðun, sem ég hér hef sett fram, og ég vil mega mælast til þess, ef hann treystir sér til þess, að hann staðfesti það.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. sjútvrh., að ég hygg, að nokkuð hafi verið um það rætt í blöðum, — það hefur þá farið fram hjá mér og ég hef séð allt annað í blöðum, — að það kostaði 1000 millj. kr. fyrir sjóðinn að greiða þessar uppbætur fram til áramóta. Það hefur þvert á móti verið sagt í blöðunum, eftir að það var upplýst af opinberum aðilum, sem hæstv. ráðh. staðfestir hér, að þetta kostaði fram til áramóta 88 millj. kr., og það er mat manna, að það sé um 1/10 hlutinn af ársaflanum, sem um er að ræða á þessu tímabili. En sé það rétt metið, sem einnig er hægt að vitna til opinberra aðila um, þá eru þetta 800—900 millj. kr. á ársgrundvelli, eins og blöðin hafa verið að tala um. Hafi það komið fram í einhverju blaði, að það kostaði 1000 millj. kr. fram að áramótum, þá fullyrði ég, að þá eru það mistök þess blaðs, og það hefur enginn lagt nokkra minnstu áherzlu á það og ég minnist alls ekki að hafa séð slíkt í ritstjórnargreinum eða fjallað um það í leiðurum blaða.

Ég var farinn að halda, að hæstv. sjútvrh. ætlaði að fara að segja okkur, að þetta kostaði ekki 88 millj., heldur 15 millj. Það mátti skilja það á orðum hans, þegar hann allt í einu fór að tala um, að Jón Sigurðsson, sem gegnir starfi hagrannsóknstjóra, hafi reiknað út, að þetta kostaði fram að áramótum 15 millj. kr., en alls ekki 1000 millj kr. En svona talar hæstv. ráðh. Þm. þurfa að hafa sig við til að átta sig á því, sem hann er að fara. Svo kom hann og sagði 15 millj. í staðinn fyrir 25 millj., það væri hluti frystihúsanna, en ekki heildarupphæð, sem hann sjálfur hafði talað um, 88 millj. kr.

Ég legg áherzlu á, að það verði ekki vafið inn í málaþras meginefni þessa máls. Þetta er mjög alvarlegt mál. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla, að hæstv. sjútvrh. sé annars sinnis nú en hann var, þegar þessi lög voru sett og hv. þm. Guðlaugur Gíslason vitnaði til. Og því þá að vera að vefja þetta mál öllum þessum umbúðum, sem hér hefur verið gert, eins og hæstv. ríkisstj. eigi ekki neina sök á því, hvernig komið er um rekstur atvinnuveganna í landinu? Það eru fleiri en sjávarútvegurinn, — ég veit ekki betur en iðnaðurinn sé búinn að senda bænaskjal til ríkisstj. eða aðvörun um það, að afkoman sé orðin þannig, að atvinnuvegurinn standi ekki undir tilkostnaðinum í landinu. Það er ekki veiðitapi þar að kenna. Sannleikurinn er sá, og það vil ég að lokum árétta, að þegar við erum að tala um minnkandi afla, þá má að sjálfsögðu afsaka sig með minnkandi afla í afkomu útvegsins, ef hann er minnkandi á einhverjum tíma, þó að það sé rétt, að útvegurinn á alltaf og hefur alltaf verið viðbúinn vissum sveiflum. En hins vegar er það algerlega rangt, að hæstv. ríkisstj. geti falið sig á bak við það núna og afsakað aðstöðuna í efnahagsmálum, verðlags- og kaupgjaldsmálum í landinu eða verðbólgumálum með því að eitthvað lítillega hafi minnkað afli á vissum tíma á sumartímanum sérstaklega, hér á landi og þá sérstaklega á þorski, þegar það er upplýst af hæstv. forsrh., þegar hann flytur sína stefnuræðu, að útflutningsmagnið, sem skiptir máli fyrir þjóðarbúið í það og það skiptið, — útflutningsmagnið á þessu ári, á þeim tíma, sem við erum að tala um, verði meira á þessu ári en á s. l. ári vegna birgðaminnkunar, af því að birgðir hafa verið það miklar í landinu, og verðhækkanir munu að meðaltali verða um 7%. Á fiskimjölinu einu er meira en tvöföldun á verði. Fyrir afkomu þjóðarbúsins lítur þetta allt öðruvísi út heldur en fyrir hinar einstöku greinar útvegsins. Þótt eitthvað minnki þorskur á ákveðnum tíma og aðrar fisktegundir, þá bætist það upp hjá þjóðarbúinu, að loðnuafli verði meiri en í mannaminnum hefur verið, eins og varð hér á s. l. ári og vonir hæstv. sjútvrh. standa til að verða muni núna, og við skulum allir vona, að geti orðið til mikilla uppbóta í rekstri þjóðarbúsins. Og enn njótum við verðhækkana erlendis á sjávarafurðum.

Það er allt of mikið gert af því sem sagt, að hæstv. ríkisstj. afsaki, hvernig komið er, hvernig alls staðar hallar undan fæti, með aflaminnkun.

Ég legg svo megináherzlu á það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi lögin vendilega í samræmi við það, sem ég sagði í upphafi máls míns, og menn geri sér grein fyrir því, að við megum ekki til lengdar, enda þótt bráðabirgðaráðstafanir séu gerðar, spilla þessari löggjöf, sem er ein merkasta löggjöf, sem sett hefur verið fyrir okkar þjóðarbú, eins og því háttar, með öllum þeim sveiflum, sem eru fyrst og fremst í sjávarútveginum, og til hagsbóta fyrir alla aðila sjávarútvegsins. Þetta skyldi að mínum dómi verða meginverkefni n., þegar hún athugar þetta mál nánar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég þarf ekki að tefja afgreiðslu málsins með neinum málalengingum og ætla ekki að gera það heldur, því að eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan, þá fer þetta frv. væntanlega til n., sem

ég á sæti í, og mér gefst þar kostur á að koma þeim aths. að, sem ég tel, að þurfi að koma.

Ég verð að segja það, að það gladdi mig nokkuð sú yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, að það væri raunverulega alveg á valdi eigenda sjóðsins, hvort tekjur hans yrðu skertar á þennan eða annan hátt. Ég verð að segja, að ef þetta er þannig að hans dómi, að það sé sjóðsstjórnin ein, en ekki stjórnvöld, sem geta ráðið þessu, þá horfir málið fyrir eigendum sjóðsins náttúrulega mun betur við, því að væntanlega hafa þeir manndóm í sér til þess að sjá um það, að þeirra fulltrúar í stjórninni séu ekki að eyðileggja sjóðinn í höndunum á þeim.

Um það, hvort ég hef misskilið lögin, ætla ég ekki að fara að ræða 7. gr. laganna, verður örugglega skoðuð í þeirri nefnd, sem málið fær, og þá kemur í ljós, hvaða umboð stjórnin hefur til þess að ráðstafa sjóðnum á annan veg heldur en ég tel að lögin afmarki alveg greinilega í 6. gr.

Það, sem hæstv. ráðherra sagði og vildi leggja mér þau orð í munn, að rekstrarörðugleikar fiskiðnaðarins væru eingöngu vegna vinnulaunahækkana og við sæjum alltaf eftir öllum vinnulaunahækkunum, þá vil ég benda honum á það, að vinnulaun voru ákveðin með samningum milli atvinnurekenda og launþega, og ég veit ekki til, að hvorki ég né annar þm. úr mínum flokki hafi nokkurn tíma haft nokkuð við það að athuga eða hreyft mótmælum við þeim. Þegar vinnutímastyttingin var hér ákveðin á Alþingi á s. l. vetri, þá man ég ekki betur en hún hafi verið samþykkt alveg samhljóða og mótatkvæðalaust, þannig að hvorki verður því dróttað að mér né öðrum með nokkrum rökum, að við höfum talið þær kauphækkanir eftir, sem orðið hafa á árinu. Það eru samningsatriði á milli réttra aðila, sem við höfum viðurkennt og ekkert haft við að athuga.

En ég vil koma aðeins að því enn, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að hæstv. ráðh. vill halda því fram og endurtekur það hér, að hann telji, að það sé einvörðungu af aflabresti eða 13% minnkandi afla, sem erfiðleikar fiskiðnaðarins stafi. Ég tel alveg hiklaust, þetta fái ekki staðizt. Ég tel, að það hafi sýnt sig, og eins og hv. 1. þm. Reykn. benti hér á áðan, þá eru aðrar atvinnugreinar einnig farnar að kvarta undan þeim verðhækkunum, sem hafa verið, og telja sinn rekstur í hættu. Ég vil vitna til þess, sem hefur verið birt opinberlega í skýrslu Kaupfélags Eyfirðinga, sem hér hefur verið minnzt á og var minnzt á í útvarpsumræðunum, að þeir telja vissulega, að þær verðhækkanir, sem hafa orðið í tíð núv. hæstv. ríkisstj. stefni í þá átt, að öllum atvinnurekstri í landinu sé hætta búin, þannig að það er vissulega fleira en minnkandi afli, sem verkar á það, að aðstaða fiskiðnaðarins er eins og hún er í dag. Ég vil t. d. benda á það, að í einni verstöð í Vestmannaeyjum þar var aflinn 1970 um 53 þús. tonn, hann lækkar, ef ég man rétt, ofan í 43 þús. tonn árið 1971. Frystihúsin þar hafa aldrei kvartað undan því eða telja, að það væri nein kollsteypa hjá þeim, þó að aflinn minnkaði þarna upp undir 20%. Ég veit ekki til, að þau hafi talið, eða að þeirra afkoma hafi verið þannig, að þau hafi haft ástæðu til þess. Það var samtímis verðhækkun á erlendum markaði, sem bætti þeim þetta upp. Það hafa líka orðið verðhækkanir á þessu ári, sem vissulega hafa bætt upp aðstöðu fiskvinnslunnar, eins og hæstv. ráðh. minntist réttilega á.

En ég kom hér fyrst og fremst upp í ræðustólinn aftur til þess að undirstrika það, sem hæstv. ráðherra sagði, að hann teldi, að það væri einvörðungu á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða um greiðslur úr sjóðnum, og gaf það í skyn, að hann hvorki teldi sig hafa heimild til þess né löngun til þess að skipta sér neitt af þessum málum. Um þessa ákvörðun núna er hægt að deila endalaust, og ég tel mig vita, að það sé alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að sjóðsstjórninni var í raun og veru stillt upp við vegg og hún látin vinna eftir ákveðinni línu, um það hvernig ætti að komast út úr vandanum síðustu 3 mánuði ársins með að halda gangandi útgerð og fiskvinnslu hér á landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 5. fundur.

Mánudaginn 23. okt., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þetta er í fyrsta sinn, að 1. umr. um fjárlagafrumvarp fer fram eftir nýjum þingsköpum Alþingis, og er nú ekki gert ráð fyrir útvarpsumræðu. Ég mun þó fylgja því formi, sem venja hefur verið að fylgja í fjárlagaræðum, og skipta efni ræðunnar í meginatriðum í fjóra hluta. Fyrst geri ég grein fyrir afkomu ársins 1971. Þar stikla ég þó á stóru, enda er sami háttur hafður á nú og á s. l. ári, að hv. þingmönnum og fjölmiðlum er látin í té nákvæm greinargerð um afkomu þess árs gerð af fjmrn. Auk þess var hv. alþingismönnum afhentur ríkisreikningurinn fyrir árið 1971 þegar í upphafi þessa þings. Annar þáttur fjárlagaræðunnar fjallar um útlitið með rekstrarafkomu ríkissjóðs á þessu ári, eins og nú verður séð. Þriðji þátturinn fjallar um fjárlagafrumvarp þetta, og sá fjórði um ýmsa þætti ríkisbúskaparins og breytingar á honum, sem nú er unnið að eða fyrirhugaðar eru.

Geri ég þá fyrst grein fyrir afkomu ársins 1971.

Niðurstöður ríkisreikningsins fyrir árið 1971 eru þær, að tekjur reyndust 13 258 millj. kr., en rekstrarútgjöldin 13 534 millj. kr. Halli á rekstrarreikningi var því 276 millj. kr. Greiðslujöfnuðurinn í heild reyndist óhagstæður á árinu um 339 millj. kr.

Heildartekjur ríkissjóðs voru á fjárlögum fyrir árið 1971 áætlaðar 11 535 millj. kr. Í reynd urðu það 13 258 millj., sem á var lagt og til féll eftir gildandi reglum og fært var til tekna á ríkisreikningi, eða 1 723 millj. kr. hærra en fjárlög áætluðu.

Ríkistekjur, sem innheimtar voru á árinu, reyndust 12 955 millj. kr. eða 1 420 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga. Stærstu liðirnir á tekjufærslureikningi, sem fóru fram úr áætlun, voru *aðflutningsgjöld 738 millj. kr.*, söluskattur 275 millj. kr., tekju- og eignarskattur 200 millj. kr. Innflutningsgjald af benzíni og gúmmígjald 155 millj. kr. og launaskattur 132 millj. kr. Nokkrir tekjuliðir reyndust lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, einkum þó þrír.

Hagnaður af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins varð 20 millj. kr. lægri en áætlað var, námsbókagjaldið 19 millj., en það var fellt niður á árinu, og álgjaldið var 12 millj. kr. undir áætlun fjárlaganna. Innheimta ríkistekna hefur farið hlutfallslega batnandi á síðari árum, t. d. voru persónuskattar innheimtir að 76.2% árið 1971 á móti 73.8% árið áður, tekju- og eignarskattur 73.9% á móti 71.4% árið áður og söluskattur 99.1% á móti 98.8% árið áður.

Gjöld ríkissjóðs skv. rekstrarreikningi A-hluta reyndust 13 534 millj. kr. eða 1 742 millj. kr. umfram fjárlög ársins 1971 og aðrar sérstakar beinar heimildir til útgjalda.

Fjárlög ársins námu 11 023 millj. kr., en aðrar heimildir voru 769 millj. kr. Af þeirri fjárhæð voru 339 millj. kr. vegna nettóhækkunar þeirra tekna, sem markaðar eru ákveðnum framkvæmdum og stofnunum og hafa því bein áhrif til hækkunar gjalda. Heimildir til lántöku og sölu eigna til að standa undir ýmsum gjöldum, einkum stofnkostnaði, námu 430 millj. kr.

Svonefndir markaðir tekjustofnar voru um 40 að tölu á árinu 1971. Af þeim var nær fjórðungur að tölu til lægri í tekjufærslu reiknings en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Varð þetta til lækkunar á gjöldum um 28 millj. kr. Mestu nam, að framleiðslugjald af áli til Atvinnujöfnunarsjóðs varð 12 millj. kr. lægra en gert var ráð fyrir og að aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, sem renna til Sjónvarpsins, urðu 7 millj. kr. lægri en í áætlun fjárlaga. Ýmsir markaðir tekjustofnar reyndust hins vegar hærri en áætlun fjárlaga, og nam það 367 millj. kr. Sú hækkun kom sem viðbót við fjárlagaheimildir og kemur fram í gjaldfærslu reikningsins. Mest munaði um tekjur Vegagerðar ríkisins, *innflutningsgjald af benzíni, gúmmígjald* og þungaskatt, svo og veggjald, er samtals reyndust 232 millj. kr. hærri en fjárlög áætluðu. En innflutningsgjald af benzíni og þungaskattur voru hækkuð með lögum nr. 98/1970. Mörkuðu tekjurnar fela í sér lögboðna gjaldfærslu jafnframt því að koma sem tekjur og verða því að teljast til hækkunar fjárlagaheimilda, en sú reikningsmeðferð hefur þó í raun og veru ekki áhrif á rekstrarlega niðurstöðu ríkissjóðs í þrengri merkingu.

Gjaldfærsla, sem er byggð á lántökuheimildum og öðrum sérstökum heimildum, hefur hins vegar bein óhagstæð áhrif á rekstrarniðurstöðu ríkissjóðs skv. A-hluta ríkisreiknings. Slíkar beinar heimildir námu, eins og áður er sagt, 430 millj. kr., fyrst og fremst á grundvelli framkvæmda- og fjáröflunaráætlana fyrir árið 1971. Af þeirri fjárhæð voru 303 millj. kr. til Vegagerðar ríkisins, 61 millj. kr. til Landsvirkjunar og jarðvarmaveitna, 42 millj. kr. koma til utanrrn. til byggingar lögreglustöðvar. Til Kleppsspítala og Rannsóknaráðs ríkisins fóru samtals 24 millj. kr. Hefðu þessar gjaldfærslur ekki komið til, hefði rekstrarniðurstaða ársins 1971 ekki orðið óhagstæð um 276 millj. kr., heldur hagstæð um 154 millj. kr. Gjaldfærsla á grundvelli lántökuheimilda hefur hins vegar ekki áhrif á greiðslujöfnuð.

Skal ég nú gefa nokkra heildarmynd af þessum liðum, sem urðu umfram gjaldamegin.

Eins og kunnugt er, voru áhrif kjarasamninga ríkisstarfsmanna frá í desember 1970 ekki kunn, þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1971 var afgreitt. Talið var, að greiðsluafgangur þess, að fjárhæð 270 millj. kr., mundi nægja fyrir þeim útgjöldum, er leiddi af þessum kjarasamningum, en mikið vantaði á það.

Af þeim 823 millj. kr., sem almenn rekstrargjöld fóru fram úr áætlun fjárlaga, var meginhlutinn, eða 577 millj. kr., aukin launagjöld vegna kjarasamninganna. Það er 307 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir, þegar reiknað var með því, að greiðsluafgangur fjárlaga 1971 mundi hrökkva fyrir þessu.

Önnur umframgjöld, sem mest munar um, voru tilfærslur, svo sem til Tryggingastofnunar ríkisins 245 millj. kr., til ríkisspítalanna 82

millj. kr., m. a. vegna rekstrarhalla frá fyrri árum, til flugmála 33 millj. kr., útflutningsbætur 132 millj. kr. og auknar niðurgreiðslur 463 millj. kr.

Ég gat þess í fjárlagaræðu minni í fyrra, að verulegar ónákvæmni gætti í fjárlögum fyrir árið 1971, og ber það, sem ég hef nú greint frá, vitni þess, að það hefur ekki verið ofmælt.

Af því, sem að framan er rakið, sést, að með réttu má segja, að þessi vanáætlun á útgjöldum fjárlaganna 1971 hafi verið rúmlega 1 000 millj. kr.

Í fjárlagaræðu minni í fyrra gerði ég ráð fyrir, að útgjaldaaukning ríkisins vegna ákvarðana fyrrverandi ríkisstj. gæti numið um 640 millj. kr. Nú er í ljós komið, að þetta varð um 300—400 millj. kr. meira en ég gerði þá ráð fyrir. Til viðbótar þessu koma svo óhagstæð áhrif vegna notkunar lántökuheimilda á rekstrarreikningi ríkissjóðs, sem nema um 430 millj. kr. Með þessu reiknaði ég ekki heldur í fjárlagaræðu minni í fyrra. Það er því ljóst, að um tekjuafgang hefði orðið að ræða hjá ríkissjóði á s. l. ári, þrátt fyrir ákvarðanir núv. ríkisstjórnar um útgjöld vegna almannatryggínga og niðurgreiðslna, ef þessi auknu útgjöld hefðu ekki komið til, og jafnvel eru líkur til þess, að greiðslujöfnuður hefði náðst.

Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að af umframgjöldum ríkissjóðs á árinu 1971 var meiru ráðstafað af fyrrverandi en núverandi ríkisstjórn. Þetta sannar ríkisreikningurinn fyrir árið 1971, svo að ekki þarf um að deila.

Til viðbótar þessu, sem ég nú hef sagt um áhrif „Viðreisnarstjórnarinnar" á ríkisreikninginn 1971, vek ég athygli á því, að hún hefði ekki frekar en núv. ríkisstj. komizt hjá því að gera ráðstafanir á síðasta hausti vegna þeirrar verðbólgu, sem hún sjálf hafði safnað til, svipað og gert var í ágúst 1971. En hún hafði ekki gert ráð fyrir þeim gjöldum eða tekjum *til þeirra í fjárlögum fyrir árið 1971. Ætti þó* öllum hv. alþm. að vera ljóst, hvernig gengið hefði að koma saman kjarasamningum í fyrrahaust, ef verðbólguflóðið hefði þá fengið að leika laust. Ég vek einnig athygli á því, að umframtekjur ársins 1971 byggðust að verulegu leyti á þeim mikla viðskiptahalla, sem Viðreisnarstjórnin stóð að á því ári.

Þá mun ég gera grein fyrir því, sem þekkt er nú um afkomu ríkissjóðs á þessu ári.

Það var ljóst þegar í upphafi þessa árs, að *afkoma ríkissjóðs mundi verða erfið fram eftir* þessu ári, þó að endar mundu nást saman í árslokin, svo sem ráð var fyrir gert.

Ástæðurnar fyrir þessu eru öllum augljósar, þeim sem sjá vilja. Þær breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gerðar voru á síðasta Alþingi með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt og tekjustofna sveitarfélaga, urðu til þess, að útgjöld ríkisins jukust verulega þegar í upphafi ársins, en tekjurnar, sem áttu að koma á móti þessum gjöldum, komu ekki að neinu marki fyrr en eftir álagningu tekju- og eignarskatts. Því var hvergi lokið fyrr en seint í júlí og sums staðar ekki fyrr en komið var fram í ágúst. September var því fyrsti mánuðurinn, sem innheimta tekjuskatts kemur eðlilega fram.

Þegar þessar breytingar eru hafðar í huga, þarf engan að undra, þó að staða ríkissjóðs við Seðlabankann hafi verið erfið í sumar. Þess má þó einnig minnast, að ekki var um neina innstæðu að ræða í upphafi ársins til að mæta þessari óhagstæðu greiðslusveiflu ríkissjóðs.

Í sambandi við allar þær umræður, sem orðið *hafa í sumar um stöðu ríkissjóðs* við Seðlabankann hefur ríkisbókhaldið látið mér í té stöðu í aðalreikningi ríkissjóðs við Seðlabankann frá og með 1963—1972 miðað við 30. sept. hvert ár og hlutfallslega breytingu á þessari stöðu frá 1. jan.—sept. ár hvert. Þetta yfirlit á að auðvelda áhugamönnum umræður um þennan þátt ríkisfjármála, en yfirlit þetta er þannig:

Ár	Hreyfing á aðalviðsk.reikn í Seðlab. 1. jan. til 30. sept.	Gjöld fjárlaga	Hlutfall hreyfingar af gjöldum fjárlaga
1963	÷ 38.7	2 052.3	÷ 1.9%
1964	÷ 258.0	2 516.6	÷ 10.3%
1965	÷ 344.4	3 302.0	÷ 10.4%
1966	+ 69.8	3 608.2	+ 1.9%
1967	÷ 507.7	4 463.5	÷ 11.4%
1968	÷ 659.3	6 139.8	÷ 10.7%
1969	÷ 603.3	7 000.6	÷ 8.6%
1970	÷ 473.3	8 187.4	÷ 5.8%
1971	÷ 1 222.2	11 023.3	÷ 11.1%
1972	÷ 1 408.5	16 549.6	÷ 8.5%
Samt. 1963–1972	÷ 5 445.6	64 843.3	÷ 8.4%
Samt. 1963–1970	÷ 2 814.9	37 270.4	÷ 7.6%

Öll árin hefur staðan versnað á þessu tímabili, hlutfallslega mest á árinu 1967, eða um 11.4% af gjöldum fjárlaga, að undanskildu árinu *1966, er hún batnaði sem svaraði 1.9% af gjaldfjárhæð fjárlaga.* Að meðaltali versnaði staðan um 8.4% á þessum 9 mánuðum á árunum 1963 til 1972, en 7.6% á árunum 1963—1970. Meðaltal áranna 1964—1970 er hins vegar 7.9% og áranna 1964—1972 8.6%.

Þessi frásögn skýrir, svo að ekki verður um deilt, að viðskipti ríkis við Seðlabankann á þessu ári eru ekkert einsdæmi, nema tölulega séð. Hins vegar eru sex ár af þessum tíu, sem ég hef vitnað til, er hreyfingin er óhagstæðari hlutfallslega en árið í ár, og það er sem næst meðaltali, og flest hin árin er staðan mun óhagstæðari.

Hlutfallslegur samanburður við heildraútgjöld fjárlaga er eini raunhæfi og rétti samanburðurinn að minni hyggju á viðskiptum ríkissjóðs og Seðlabankans.

Ég gat þess hér að framan, að viðskipti við Seðlabankann á þessu ári voru engin einsdæmi að öðru leyti en því, að tölurnar voru hærri. Annað er það, sem sker sig úr á þessu herrans ári 1972, sem ekkert á skylt við nokkurt annað ár í sögu Seðlabankans, en það eru umræður blaða og ýmissa þeirra, er komið hafa fram á opinberum vettvangi á þessu ári um þessi við-

skipti. Slíkar vandlætingaumræður eru einsdæmi í sögunni. Vafalaust gengur þeim, sem þá sagnfræði hafa iðkað, gott eitt til, þó að stundum sé erfitt að sjá hið góða í umræðu vandlætarans.

Í byrjun ársins gerði hagsýslustjóri spá um mánaðarlega greiðsluafkomu ríkissjóðs. Í ljós kemur, að gjöldin hafa orðið 726 millj. kr. umfram það, sem spáð var. Af þeirri fjárhæð eru 346 millj. kr. vegna ákvörðunar um vegaframkvæmdir, í samræmi við ákvörðun vegáætlunar, en þær voru ekki með í spánni. Þá stafa 340 millj. kr. af meiri niðurgreiðslum en áætlað var, en í ársbyrjun var horfið frá því að lækka niðurgreiðslur á nýmjólk, eins og ráð var fyrir gert við afgreiðslu fjárlaga, og svo hækkunum á niðurgreiðslum í júlí s. l. Sala á niðurgreiddum vörum hefur einnig orðið meiri en ætlað var. Aðrar breytingar frá spá um greiðsluafkomuna eru um 60 milljónir.

Á þessu sama tímabili hafa tekjur farið 285 millj. kr. fram úr því, sem spáð var.

Tekjustofnar hafa allir reynzt gefa meira á þessu tímabili en áætlað var, nema tekju- og eignarskattur, sem enn þá er 60 millj. kr. undir áætlun. Þess ber hins vegar að geta, að tekjur af aðflutningsgjöldum hafa reynzt lægri en spáð var þrjá síðustu mánuðina í röð, þó að í heild séu þær enn aðeins hærri en ráð var fyrir gert.

Þegar tekið er tillit til þess, að greiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur verið flýtt umfram það, sem gert var ráð fyrir í spánni, sem nemur um 170 millj. kr., er greiðslujöfnuðurinn óhagstæðari sem nemur 300 millj. kr. hærri upphæð en ráð var fyrir gert. Mestu munar þar um ákvörðunina um auknar niðurgreiðslur.

Ég hef látið gera samanburð á tekju- og gjaldahlutfalli miðað við fjárlög, eins og það hefur verið í septemberlok árin 1971 og 1972. Kemur þá í ljós, að 1971 voru tekjurnar orðnar 76.3% af áætlun fjárlaga, en 68.4% í ár. Útgjöld voru á sama tíma orðin 86.1% af fjárlögum 1971, en 77.5% í ár. Mismunurinn liggur í lægra hlutfalli í innheimtu tekju- og eignarskatta, svo sem ég hef áður vikið að.

Þegar ákvörðun var tekin um útgáfu bráðabirgðalaganna um tímabundnar efnahagsráðstafanir, var ákveðið að mæta þeim með því að draga úr áætluðum útgjöldum ríkissjóðs allt að 400 millj. kr. Þessi upphæð var þó m. a. ákveðin með hliðsjón af því, sem áður hafði verið gert og ég hef þegar skýrt frá, þ. e. að hverfa frá lækkun á niðurgreiðslum á mjólk, og hækkun á ellilaunum.

Áður en ákveðið var að lækka þannig útgjöldin, hafði verið haft samráð við einstök ráðuneyti um möguleika til að draga úr útgjöldum, án þess að það hefði áhrif á framkvæmdahraða við viðkomandi framkvæmdir, eins og mál stóðu þá.

Í aðalatriðum skiptist þessi niðurskurður þannig:

Gert er ráð fyrir að fella niður greiðslu til Atvinnuleysistryggingasjóðs, 100 millj. kr. Þessa tillögu lagði ég fyrir fund stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og mætti hún skilningi og velvilja stjórnarmanna. Það skal tekið fram, að sjóðurinn mun eftir sem áður greiða framlag sitt til Byggingasjóðs ríkisins. Útgjöld á vegum menntmrn. lækka um 100 millj. kr., heilbrmrn. um 60 millj. kr., samgrn. um 30 millj. kr., félmrn. um 30 millj. kr., fjmrn. um 20 millj. kr. Ýmisleg útgjöld lækka um 50 millj. kr.

Á þessu stigi málsins verður ekki fullyrt, hvort þessu takmarki verður náð að fullu. En ég geri mér vonir um, að ekki verði langt frá því.

Auðvitað þarf fjárveitingu síðar til þeirra verka, sem nú eru látin ógerð, en svo má og um alla hluti segja, er fé þarf að veita til á vegum ríkisins.

Hvort tekst að ná hallalausum ríkisbúskap á þessu ári, skal ég engu spá um. Ég hef hér að framan sagt frá ástandi og horfum ríkisbúskaparins fram til septemberloka, en læt öðrum eftir að spá, hver endanleg útkoma á fjárhag ríkissjóðs verður á þessu ári.

Þá er ég kominn að því að gera grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1973. Í upphafi máls míns vil ég taka það fram, að leitazt er við að áætla tekjur og gjöld í sem beztu samræmi við heimildir um líklega þróun á komandi ári, miðað við þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar við samningu þess. Ég vek einnig athygli á því, að kappkostað er með þessu fjárlagafrumvarpi að vinna að efnahagslegri og félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu með skipulegum hætti og með svo miklum hraða sem skynsamlegt og framkvæmanlegt getur talizt.

Við undirbúning þessa fjárlagafrv. lá fyrir sundurliðuð greinargerð frá nokkrum ráðuneytum um einstakar framkvæmdir, og er það nýmæli. Sá undirbúningur mun gera starf fjvn. og alþm. yfirleitt mun auðveldara en áður hefur verið. Leitazt er við að haga svo fjárveitingum til framkvæmda, að þær nýtist sem bezt, þannig að annað tveggja náist, að ljúka viðkomandi framkvæmdum alveg eða ná við þær ákveðnum áföngum, sem koma viðkomandi framkvæmd í gagnið.

Þá er gert ráð fyrir því nú við þessa fjárlagaafgreiðslu, að jafnhliða geti verið afgreidd framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973. Áætlað er að legggja framkvæmdaáætlunina sem fyrst fram á hv. Alþingi.

Útgjöld frv. eru við það miðuð, að kaupgreiðsluvísitala haldist í 117 stigum út árið 1973. En tillit er tekið til þeirra 7% grunnkaupshækkunar, sem verður 1. marz n. k. Enn fremur er annar kostnaður við það miðaður, að um 13% hækkun hefur orðið á vísitölu vöru og þjónustu frá gerð síðustu fjárlaga.

Frv. hækkar frá síðustu fjárlögum um 3 milljarða 318.3 millj. kr. eða 20.1%. Séu markaðir tekjustofnar dregnir frá, er hækkunin 3 milljarðar 44 millj. kr. eða 21.3%

Rek ég þá helztu orsakir hækkananna:

Í fyrsta lagi hækkar fjárlagafrv. vegna launaútgjalda um 990 millj. kr. Þetta er fyrsta heila árið, sem launahækkanir samkvæmt kjarasamningum frá 1970 koma allar fram. Til viðbótar þessu kemur svo 7% hækkun grunnlauna hjá ríkisstarfsmönnum frá 1. marz á næsta ári. Frá þessu má draga 263 millj. kr., sem er útgjaldaaukningin á launalið vegna lögreglumanna, sem

áður hafa þegið laun frá sveitarfélögum. Nú greiðir ríkissjóður lögreglumönnum að öllu leyti. Í öðru lagi hækka útgjöld verulega til almannatrygginga. Framlag til þeirra hækkar um 734 millj. kr. Er þar haldið áfram á þeirri braut, er mörkuð var í fyrra með því að tryggja lágmarkslaun til aldraðra og öryrkja og með hækkun á bótum 1. júlí s. l.

Niðurgreiðslur á vöruverði hækka um 374 millj. kr. og er þá miðað við að halda þeim að mestu óbreyttum eins og þær voru fyrir setningu bráðabirgðalaganna um verðstöðvun í sumar, en þeim lögum er ætlað að gilda til næstu áramóta. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir útgjöldum í þessu fjárlagafrv., til að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem komið var á í tengslum við brbl. Fé til þeirra ráðstafana var fengið með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs á þessu ári, m. a. á framkvæmdaliðum, eins og ég hef þegar gert grein fyrir. Nú hafa þær fjárveitingar hins vegar verið teknar upp aftur. Það verður því á valdi Alþingis, ef fjármagna á efnahagsaðgerðir með svipuðum hætti á næsta ári og nú er gert.

Nefnd vinnur nú að athugun á ástandi efnahagsmálanna. Gert er ráð fyrir, að ákvarðanir verði teknar um efnahagsaðgerðir, þegar tillögur nefndarinnar um valkosti í þeim liggja fyrir. Því þótti ekki rétt að taka tillögur þar að lútandi í fjárlagafrv. nú.

Þá hækkar framlag til vegaframkvæmda um 120 millj. kr., og er það í samræmi við síðustu vegáætlun. Útflutningsuppbætur hækka um 110 millj. kr. Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækkar um 83 millj. kr., og er gert ráð fyrir að mæta þeirri fjölgun, sem verður í hópi námsmanna, í öðru lagi erlendri verðhækkun og þeim viðbótarútgjöldum, sem lögð voru á sjóðinn með löggjöf frá síðasta Alþingi. Hins vegar er ekki tekið með í þennan útreikning hækkun á innlendum framfærslukostnaði, en við meðferð fjárlagafrv. hjá hv. Alþingi, mun það verða gert og þeirri fjárhæð þá bætt við. En ástæðan til þess, að það var ekki gert, þegar fjárlagafrv. var samið, var m. a. sú, að ekki bar saman útreikningi sjóðsins á verðlagsbreytingunni og þeirri reglu, sem Hagsýslustofnunin fylgdi við undirbúning fjárlagafrv. Lögin um Lánasjóð íslenzkra námsmanna verða tekin til endurskoðunar nú á þessu hausti.

Hækkun á framlagi til byggingar barna- og gagnfræðaskóla er 79 millj. kr. Ný löggjöf var sett á síðasta þingi um aðstöðujöfnuð ungs fólks til náms þ. e. námsfólks úr dreifbýli, og hækkar framlag vegna hennar úr 25 í 50 millj. kr. Et þá gert ráð fyrir, að lögin komi til fullra framkvæmda á 3 árum. Sett var löggjöf um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, og eru veittar til hennar 25 millj. kr. í þessu fjárlagafrv. 25 millj. kr. eru veittar vegna rekstrarhalla togaranna á yfirstandandi ári. Auk þess, sem nú hefur verið talið, eru ýmsar breytingar og hækkanir vegna aukins rekstrarkostnaðar, aukins viðhalds og hækkana á gjaldfærðum stofnkostnaði, sem samtals nema um 240 millj. kr.

Rekstrarafgangur er samkvæmt fjárlagafrv. nú 580 millj. kr., en greiðsluafgangur um 104 milljónir.

Með þessum sundurliðunum hef ég gert grein fyrir einstökum þáttum í rekstrarreikningi fjárlagafrv., er til hækkunar horfa, en skal nú í ræðu minni hér á eftir ræða nánar um fjárlagafrv. og eistaka þætti þess.

Launagreiðslur samkvæmt frumvarpinu eru 4 milljarðar 359 millj. kr. eða 21% af heildarútgjaldaliðum. Önnur rekstrargjöld eru 1 milljarður 38 millj. kr. eða 5.2%. Til viðhaldskostnaðar er varið 514 millj. kr. eða 2.6% og til vaxtagreiðslna 330 millj. kr. eða 1.6%. Gjaldfærður stofnkostnaður samkvæmt frv. er 1 milljarður 460 millj. kr. eða 7.3%. Til fyrirtækja í B-hluta er varið 8 milljörðum 843 millj. kr. eða 44%, til sveitarfélaga 633 millj kr. eða 3.1%, til fyrirtækja og atvinnuvega 2 milljörðum 508 millj. kr. eða 12.5% og til einstaklinga, heimila og samtaka 397 millj kr. eða 2%.

Til nánari glöggvunar og sundurliðunar vil ég nefna, að til Háskóla Íslands er varið á þessu fjárlagafrv. í heild 256.7 millj. kr. og er hækkunin þar 33.7%. Til menntaskólanna er varið 257.5 millj. kr. og er hækkunin 16.3%. Til kennaraskólanna er varið 110.054 milljónum króna, hækkunin er 38.7%. Til iðnskólanna er varið 89.3 millj kr., hækkun 25.8%. Til húsmæðraskóla er varið 42.8 millj. kr. og er hækkunin 14.7%. Til héraðsskóla er varið 104.8 millj. kr. og er hækkunin 11.6%. Til barna- og gagnfræðaskólastigsins er varið 1 milljarði 794.7 millj. kr. og er hækkunin 26.8%. Og til búnaðarskóla er varið 48.8 millj. kr. og er hækkunin 13.1%. Til annarra skóla, svo sem Tækniskólans, Stýrimannaskólans og Fiskiðnskólans, er varið í heild 67.5 millj. kr. og hækkar það um 45.8%.

Um önnur framlög er þetta að segja, að framlög til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna eru 273 millj. kr. og hækka um 43.7%. Til að jafna námsaðstöðu ungs fólks úr dreifbýlinu er varið 50 millj. kr. og er hækkunin 100%. Til Náttúruverndarráðs og þjóðgarða er varið 21.3 millj. kr. og er það 416% hækkun frá fyrri fjárlögum. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eru áætlaðar 433 millj. kr. og er hækkun um 34%. Til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er áætlað 30 millj. kr., er það hækkun upp á 36.4%. Til Hafrannsóknastofnunarinnar er varið 119.3 millj. kr. og er hækkun um 26.3%. Til að mæta rekstrarhalla á togurunum á árinu 1972 er varið 25 millj. kr., en fjárveiting var ekki nema á heimildagrein til þeirra á yfirstandandi fjárlögum.

Kostnaður við Landhelgisgæzluna er áætlaður 249.5 millj. kr. og er sú hækkun 69.6%. Ef gera á grein fyrir framkvæmdum á vegum einstakra ráðuneyta, nefni ég, að á vegum menntmrn. á að verja á næsta ári samkvæmt frv. 781.8 millj. kr. og er hækkunin 97.3 millj. kr. Á vegum landbrn. er gert ráð fyrir að verja til framkvæmda 32.3 millj kr. og er það svipuð upphæð og á yfirstandandi ári. Á vegum dóms- og kirkjumrn. er gert ráð fyrir að verja svipaðri upphæð, eða 32.1 millj. kr., til framkvæmda, og er það lítil hækkun frá árinu áður. Á vegum heilbr.- og trmrn. eru framkvæmdirnar fyrirferðameiri. Þar er gert ráð fyrir, að framkvæmdaliðurinn verði 300.2 millj. kr., þar af eru fjárveitingar til sjúkrahúsa og læknisbústaða utan Reykjavíkur 162 millj. kr., en 60 millj. eru til Fæðingardeildarinnar og 50

til Landspítalans. Er hér um nokkra hækkun að ræða frá því, sem var á yfirstandandi fjárlögum. Um framkvæmdir á vegum fjmrn. er lítið að segja. Þar eru 27 millj. kr. til framkvæmda vegna tollstöðvarbyggingarinnar. Hins vegar er um verulegar framkvæmdir að ræða á vegum samgrn. Fyrir utan vegamálin eru áætlaðar til þeirra 339.1 millj. kr. og hækkar það um 18 millj. Hafnarmálin eru þar fyrirferðarmest með 231 millj., flugmálin með 75 millj. og Veðurstofan með 26 millj. kr. Á vegum iðnrn. er rafvæðing sveitanna með 50 millj. kr.

Til viðbótar því, sem að framan er getið, skal ég gera nokkra frekari grein fyrir útgjaldaaukningu hjá hinum einstöku ráðuneytum og þá fyrst og fremst því, sem breytzt hefur á aðalskrifstofum þeirra.

Á kostnað við aðalskrifstofu forsrn. eru tekin inn laun blaðafulltrúa ríkisstj. og laun ritara, sem ráðinn hefur verið til starfa á árinu. Annar kostnaður eykst svo í samræmi við það, sem gerist almennt hjá ráðuneytunum.

Framkvæmdastofnun ríkisins, sem sett var upp á yfirstandandi ári, tók við verkefnum af Efnahagsstofnuninni, en gert er ráð fyrir, að kostnaður ríkissjóðs af þessari stofnun sé um 9 millj. kr. og er hækkun um 3.7 millj. frá því, sem var. Framlag byggðasjóðs eykst um 10 millj. kr., og er það vegna þess, að gert var ráð fyrir meiri tekjum af álgjaldi heldur en áður hefur verið.

Um aðalskrifstofu menntmrn. er það að segja, að þar var ráðinn nýr bókari og fulltrúi í fræðsludeild sem tekur nú til starfa aftur, en hann hefur verið í leyfi í 1 eða 2 ár. Nefndarkostnaður hækkar þar nokkuð vegna vanáætlunar frá fyrri árum. Endurskoðun námsefnis hækkar um 4.7 millj. kr. en unnið er að þessu verkefni eftir fastri áætlun. Og kostnaður við kennaranámskeið hækkar um 1900 þús. kr. og er það líka vegna breyttrar tilhögunar þar að lútandi.

Um Háskóla Íslands er það að segja, að launin hækka þar í heild um 14.6 millj. kr. Eru það 7.6 millj. kr. vegna ráðningar nýs starfsfólks, en hitt eru eðlilegar launahækkanir. Aðrir smærri liðir hækka einnig, en framlag til fasteigna hækkar um 5.2 millj. kr. og sameiginlegur kostnaður um 4.9 millj. kr.

Fjárveiting til byggingarframkvæmda Háskólans á árinu 1973 er 40.5 millj. kr., og er það 1 millj. kr. hækkun frá árinu áður. Með þessari fjárveitingu og 62 millj. kr. framlagi frá Happdrætti Háskólans og 15 millj. kr. ráðstöfunarfé frá árinu 1972 verða samtals 117.5 millj. kr. til ráðstöfunar í byggingum Háskólans á næsta ári. Gert er ráð fyrir að nota þetta fé til annars áfanga í verkfræði- og raunvísindahúsi 59 millj. kr. og til undirbúnings og byrjunarframkvæmda við tannlæknadeild 18 millj. kr., til frekari undirbúning læknavísindabyggingar 5 millj. kr. og til tækjakaupa 23 millj., til viðhalds fasteigna og innanstokksmuna 9 millj. kr. og til húsgagnakaupa og búnaðar 2 millj.

Um aðra þætti á vegum menntmrn. vil ég taka þetta fram: Fiskvinnsluskólinn hækkar hlutfallslega mikið, um 60.8%, vegna þess að heill árgangur bætist við og gert er ráð fyrir, að 37 nemendur stundi nám í skólanum á næsta skólaári á móti 26 á síðasta starfsári. Framlag til verzlunarnáms hækkar um 10.4 millj. kr. og er þar af 9.4 millj. kr. til Verzlunarskóla Íslands, vegna þess að þar var um verulega vanáætlun að ræða í sambandi við menntaskólastig þess skóla á yfirstandandi ári. Framlag til stofnkostnaðar Heyrnleysingjaskólans hækkar um 10.4 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að nýbyggingu skólans verði fullokið á næsta ári. Ég vek athygli á því, að framlög til tónlistarskólans hækka um 7 millj. kr., en það er vegna þess, að hér var um vanáætlun að ræða á árinu 1972. Ég sé ekki ástæðu til að víkja frekar að öðrum þáttum í starfsemi menntmrn., enda hefur að þeim verið komið í almennu yfirliti hér að framan.

Um utanrrn. er það að segja, að kostnaðurinn við aðalskrifstofu hækkar samtals um 7.3 millj. kr., þar af yfirstjórn um 4.9 millj. Það er eðlileg launahækkun. Rekstrarkostnaðurinn er 2.6 millj., en það er einkum vegna búferlaflutnings starfsfólks erlendis og ferðakostnaður í millilandaferðum. Annar kostnaður, svo sem við alþjóðaráðstefnur, hækkar um 2 millj. kr., og er það í samræmi við reynslu undanfarandi ára. Um sendiráðin er ekkert sérstakt að segja. Þar er um að ræða hækkaðan launakostnað hliðstæðan og hér heima og svo kostnaðarauka í viðkomandi löndum, m. a. vegna gengisbreytinga, sem þar hafa orðið.

Um aðlaskrifstofu landbrn. er það að segja, að í heild hækkar kostnaður þar um 1.8 millj. kr. Meðal þeirrar hækkunar eru laun aðstoðarráðherra landbrh., en á skrifstofunni hætti einn fulltrúi, svo að launamismunur af þeirri ástæðu er aðeins 265 þús. kr. Hitt er eðlileg launahækkun hjá föstu starfsfólki, og svo eru færð á landbrn. laun bifreiðarstjóra þess, sem annast bifreið fjármála- og landbúnaðarráðherra. Önnur rekstrargjöld hækka um 390 þús. kr. eða svipað og hjá öðrum ráðuneytum hlutfallslega. Nefndalaun höfðu áður fallið niður, en þau eru 107 þús. kr. í þessu ráðuneyti.

Um aðra þætti í starfsemi þessa ráðuneytis vil ég segja það, að liðirnir fjárfesting hjá landgræðslu og skógrækt hækka um 6.6 millj. kr., og er það fyrst og fremst vegna þess, að gera á verulegt átak í aukinni landgræðslu, eftir að ný flugvél kemur til áburðardreifingar. Flugfélag Íslands afhenti landbrn. með myndarlegum hætti eina af DC-3 flugvélum sínum án endurgjalds, og leggur það þannig rausnarlegan skerf af mörkum til landgræðslu í landinu. Stefnt er svo að því að gera stórátak í landgræðslumálum í sambandi við þjóðhátíðarárið. Veruleg lækkun verður hjá Landnámi ríkisins, sem fyrst og fremst stafar af því, að þar er um tilfærslu að ræða til Búnaðarfélagsins. Jarðræktarstyrkirnir, sem Landnámið greiddi að hluta til, eru nú allir komnir til greiðslu á einum stað hjá Búnaðarfélagi Íslands samkv. nýjum jarðræktarlögum. Gert er ráð fyrir því, að við þá endurskoðun, sem nú fer fram á lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl., verði breytt til um starfsemi Landnámsins og þau verk, sem Landnámið hefur áður annazt, gangi til annarra stofnana. Hækkuð er fjárveiting til grænfóðurverksmiðja um 2.5 millj. kr. og verður því 10 millj. kr., og er það skv. áætlun um

framkvæmdir á þessu sviði, sem þegar hefur verið gerð. Ráðinn hefur verið nýr fiskifræðingur til Veiðimálaskrifstofunnar, og hækka laun þar að lútandi við þá stofnun, en að öðru leyti er þar um eðlilega kostnaðaraukningu að ræða skv. verðlagsbreytingu.

Tveir nýir dýralæknar munu bætast við í hóp dýralækna á næsta ári, og er gert ráð fyrir fjárveitingu þar að lútandi.

Gert er ráð fyrir nokkru hærra framlagi vegna jarðræktarframkvæmda á árinu 1973 heldur en á yfirstandandi ári. Er það að nokkru leyti í sambandi við ný jarðræktarlög, sem sett voru á síðasta þingi, og að nokkru leyti í sambandi við áætlaðar framkvæmdir á þessu ári.

Þá hækkar framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands um 2 millj. kr.

Upp er tekin í þetta fjárlagafrv. aukin fjárveiting til sóttvarnarstöðvar vegna holdanauta. Undirbúningur stöðvarinnar stendur yfir, og gert er ráð fyrir, að hún taki til starfa á næsta ári.

Um mál sjútvrn. er það að segja, að fjárveiting til þeirra hækkar um 24.8 millj. kr. og munar þar mestu um launagreiðslur á rannsóknarskipum, en þær hækka um 18.6 millj. kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða afleiðingu af samningum um kjör skipverja, sem gerðir voru s. l. vetur. Aðrar hækkanir eru svo í eðlilegu samræmi við launa- og verðhækkanir, en þær eru um 6.3 millj. kr.

Ríkisframlagið til Aflatryggingasjóðs hækkar um tæpar 7 millj. kr. og verður 36.4 millj. Til viðbótar þessu framlagi er svo hluti útflutningsgjalds sjávarútvegsins, sem nemur 145.5 millj. kr., og sá hluti útflutningsgjalds, sem rennur til áhafnadeildarinnar, er nemur því 174.6 millj. kr.

Liðurinn „ýmislegt á sviði sjávarútvegsins" hækkar um 25.5 millj. kr., og er þar fyrst um að ræða framlagið til rekstrarhalla togaranna, sem áður er getið.

Kostnaður við aðalskrifstofu dóms- og kirkjumrn. lækkar vegna þess, að sérstakur liður útgjalda er fluttur til í fjárlagafrv. og niður falla laun bifreiðarstjóra. Vegna yfirtöku ríkisins á löggæzlukostnaði verða þær breytingar, að kostnaður við rannsóknarlögregluna, sem áður var á liðnum löggæzla, er nú talinn hluti af kostnaði við sakadómaraembættið og að kostnaðarhluti ríkissjóðs við Hegningarhúsið í Reykjavík, sem áður var sérstakur fjárlagaliður, er einnig færður undir það embætti. Heildarhækkunin á liðnum til sakadómaraembættis er því 32.9 millj. kr., þar af er tilflutningur 24.6 millj. kr.

Vegna þess, að ríkið tekur nú allan löggæzlukostnað, hækkar kostnaður við lögreglustjóraembættið í Reykjavík um 190 milljónir. Þar af er 182.1 millj. almenn löggæzla, til fangaklefa 2 milljónir, eftirlit á vegum 5.8 millj. kr. Um aðra þætti í sambandi við embættið er lítið að segja annað en það, að gert er ráð fyrir, að ráðnar verði 4 nýjar lögreglukonur til starfa í lögreglunni í Reykjavík.

Embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækka í heild um 185.5 millj., en meginorsökin er fólgin í færslu löggæzlukostnaðar á embættin, sem er samtals 150.3 millj. kr. Hreppstjóralaunin eru nú færð í heild á þessi embætti, en þau eru tæpar 10 millj. kr. Eiginlegur kostnaður við embættin hækkar ekki nema um 25.8 millj. kr., þar af laun um 22.2 millj. Ráðinn var nýr fulltrúi á Selfossi og skrifstofustúlka í Kópavogi, en að öðru leyti er þar ekki um breytingar að ræða.

Við Vinnuhælið á Litla-Hrauni var ráðinn fangavörður. Að öðru leyti hækkar kostnaður þar vegna eðlilegra launa- og verðhækkunar. Gjaldfærður stofnkostnaður verður þar 3.2 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 2.5 millj. kr. ætlaðir til byggingar á vinnuskála við hælið.

Eins og áður er getið, hækkar kostnaður við landhelgisgæzluna um rúmar 102 millj. kr., vegna þess að nú er gert ráð fyrir því að halda öllum skipum gæzlunnar úti og meira að segja að taka leiguskip, og er svo sem ekki séð, hvort sá kostnaður, sem hér er gert ráð fyrir, nægi til þeirra verka, sem Landhelgisgæzlunni eru nú ætluð.

Um önnur atriði í sambandi við dóms- og kirkjumrn. sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar.

Kostnaður eykst á aðalskrifstofu félagsmrn. um 2.2 millj. kr. Er þar um að ræða launahækkanir um 1700 þús. og af þeim eru 500 þús. ½ laun aðstoðarráðherra og ½ laun bifreiðarstjóra. Að öðru leyti eru hækkanir á launalið og á öðrum rekstrargjöldum í samræmi við hliðstæðar hækkanir hjá öðrum ráðuneytum.

Framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um tæpar 80 millj. kr. og verður samtals um 550 millj. kr. Aðrar breytingar hjá þessu ráðuneyti eru ekki teljandi.

Kem ég þá að heilbr.- og trmrn.

Eins og fram kom í yfirlitinu hér að framan, er ein af stærri tölum í útgjöldum fjárlagafrv. framlag til fyrirtækja í B-hluta. Af þessu er framlag til Tryggingastofnunar ríkisins fyrirferðarmest. Hér er um að ræða lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og slysatryggingar, og hækka framlögin í heild um 892.7 millj. kr. Þar af eru iðgjöld atvinnurekenda, sem fram koma sem tekjur í frv., 181.4 millj. kr. Af hækkunum iðgjalda eru 124 millj. kr. vegna lífeyristrygginga og 57.4 millj. vegna slysatrygginga. Eiginleg hækkun ríkissjóðsframlags nemur því 711.3 millj. kr. Heildarframlag ríkissjóðs til tryggingakerfisins nemur 6 414.9 millj. kr.

Framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 37.7 millj. kr.

Um aðra þætti heilbrigðismálanna er það að segja, að liðurinn „ýmis heilbrigðismál" hækkar um 7.5 millj. kr. Er það m. a. kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvenna, 2.8 millj. kr., en hækkunin er einkum byggð á fjölgun, sbr. lög nr. 44 frá 1972. Kostnaður vegna matvælarannsókna hækkar um 1.3 millj. kr., og auk þess eru ýmsir smærri liðir.

Aðalskrifstofa fjmrn. hækkar um 8.1 millj. kr., þar af hækkar launaliður um 6.4 millj. kr., af því eru föst laun og launatengd gjöld um 2.5 millj. kr. Fyrir þessum hækkunum eru eftirtaldar ástæður:

Gert er ráð fyrir því að ráða til starfs á næsta ári einn deildarstjóra, og á hann að annast eftirlit með tekjustofnum ríkisins. Á því hefur

verið nokkur misbrestur, að hægt hafi verið að sinna því sem þörf er á, svo sem að fylgjast með störfum skattstofa og álagningu og innheimtu hjá hinum ýmsu embættismönnum ríkisins. Þessu hefur ráðuneytisstjórinn í fjmrn. orðið að sinna með sínum umfangsmiklu störfum. Er það af ráðuneytisins hálfu talið ófært, þar sem svo miklu máli skiptir, að þessi hlið málanna sé í góðu lagi. Í öðru lagi hætti hjá ráðuneytinu fulltrúi, sem var í hálfu starfi, og hafði hann að nokkru leyti að gera með eignaumsýslu og málafærslu af hálfu ríkisins. Vegna kjarasamninganna frá 1970 hefur verið mjög mikill fjöldi mála komið til meðferðar hjá launadeild ráðuneytisins. Á það var deilt mjög á seinni hluta s. l. árs og fyrri hluta þessa, að það stæði á afgreiðslu ráðuneytisins á þeim málum, sem gengu á milli þess og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Varð því að grípa til þess ráðs að hafa lausráðinn mann til að annast þessi störf með deildarstjóranum og öðrum aðilum í launadeild fjmrn. Þessi launamál hafa einnig orðið til þess, að verulega aukavinnu hefur orðið að vinna í ráðuneytinu til þess að koma málum áfram. Það færist nú meir og meir í þá átt, að laun séu afgreidd beint frá launadeild ráðuneytisins. Gert er nú ráð fyrir að fastráða mann til starfa í þessu sambandi. Þá er og gert ráð fyrir því að bæta við fulltrúa hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun, en ég mun síðar í þessari ræðu minni gera grein fyrir störfum hennar og fyrirhuguðum framkvæmdum á hennar vegum.

Verulegur kostnaður hefur orðið og verður í sambandi við nefndastörf á vegum fjmrn., m. a. í sambandi við endurskoðun á tekjuöflun ríkisins, bæði á s. l. ári og þessu, og mun verða unnið að þeim einnig á næsta ári.

Þá er það um ríkisbókhaldið að segja, að á tveimur síðustu árum hafa verkefni þess aukizt svo, að yfir 50 stofnanir hafa nú falið því bókhald sitt að öllu leyti til viðbótar því, sem fyrir var. Alls færir ríkisbókhaldið reikninga fyrir um 70 ríkisstofnanir auk aðalbókhalds ríkisins. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið til þess að draga úr kostnaði hjá viðkomandi stofnunum og jafnframt aukið á öryggi í bókhaldi hjá ríkinu. Síðan dregur þetta úr kostnaði við endurskoðun á bókhaldinu. En þetta hefur aukið mikið vinnuálag á ríkisbókhaldið sjálft.

Undan því er kvartað, hve ríkisreikningur er seint á ferðinni. Að vísu hefur það færzt fram ár frá ári, og hann var fyrr nú heldur en í fyrra, fyrr í fyrra heldur en í hittiðfyrra. Hér verður því að bæta við fólki, og er gert ráð fyrir að ráða þarna fulltrúa og ritara. Ég er sannfærður um, að hér er á engan hátt farið lengra en nauðsyn ber til, ef vinna á þessi störf með eðlilegum hætti.

Af öðrum atriðum, er valda útgjaldaaukningu hjá fjmrn., vil ég nefna fasteignamatið. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því, bæði af fyrrv. og núv. fjmrh., að láta gera frv. um Fasteignamat ríkisins. Það verk hefur verið unnið í samstarfi við Samband íslenzkra sveitarfélaga. Ekki hefur þó verið gengið frá þessu frv. En megintilgangur með þeirri stofnun, sem hugsað er að koma á fót, er, að hún hafi með höndum skráningu á öllum fasteignum í landinu. En til álita kemur, að hún verði að einhverju eða verulegu leyti einnig sá aðilinn, sem sér um möt og annað slíkt í sambandi við fasteignir. En að hvað miklu leyti að því verður horfið skal ekki sagt hér. Hitt er ljóst, að ekki er hægt annað en að verja þarna til nokkrum fjármunum til að halda þessari starfsemi uppi og ekki sízt nú, þegar fasteignir eru orðnar svo mikill tekjustofn sem þær eru sveitarfélögunum. Allra hluta vegna þarf að halda við því verki, sem unnið var með fasteignamatinu, og endurbæta það, svo sem tíminn krefst. Það voru verulegir fjármunir, sem fóru í fasteignamatið, og er mest um vert, að þeir nýtist. Hugsanleg fasteignastofnun ætti að geta tekið að sér mat á veðhæfni fyrir banka og aðrar veðlánastofnanir í landinu eða a. m. k. unnið í samvinnu við þær.

Veruleg hækkun er á vaxtagreiðslum ríkissjóðs, sem m. a. stafar af því, að ríkissjóður hefur nú tekið lán hjá Seðlabanka Íslands, sem á að vera stofn að rekstrarsjóði, sem stefnt er að því að koma upp. Fjárveiting er áætluð í þennan sjóð á næsta ári. Heils árs vaxtagreiðslur til sjóðsins eru um 80 millj. kr. Þá hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða vexti, verðbætur og annað vegna lána vegasjóðs, bæði almennra lána og lána vegna Reykjanesbrautar, og er sú upphæð á annað hundrað millj. kr. En þessi lán og afborganir og vextir af Reykjanesbrautinni voru áður greidd með því að taka ný lán fyrir greiðslunum hverju sinni. Með afgreiðslu vegáætlunar á síðasta vori var frá þessu horfið, og greiðir ríkissjóður nú afborganir og vexti af þessum vegalánum.

Á aðalskrifstofu samgrn. hefur kostnaðaraukinn verið sá, að þar koma til greiðslu hálf laun aðstoðarráðherra og hálf laun bifreiðarstjóra á móti greiðslu hjá félmrh., sem áður var greint frá. Um Vegagerð ríkisins er það að segja, að heildarútgjöld vegagerðarinnar eru skv. fjárlagafrumvarpinu 1 197 milljónir króna, en tekjur vegna vegasjóðs eru á frv. 944.8 millj. kr., þannig að fram kemur mismunur upp á 252.77 millj., og er það annars vegar framlag ríkissjóðs til vegasjóðs 250 millj. kr. og hins vegar 2.77 millj. til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi. En á fjárlögum þessa árs var framlag til vegasjóðs um 100 millj. kr. Framlög til byggingar strandferðaskipa, 36 millj. kr., eru nú færð á afborgun hjá ríkissjóði, en voru áður á liðnum „framlög til strandferða".

Lögunum um vitagjald var breytt á yfirstandandi ári, og hækkaði það tekjur á móti þeim gjöldum, sem um er að ræða á vitamálaliðnum.

Að hafnamálunum hef ég áður vikið og sé ekki ástæðu til að orðlengja um þau að þessu sinni. Um framlög til ferðamála er það að segja, að framlag til Ferðamálasjóðsins hækkar um 2.5 millj. Til kaupa á landi og umbóta við Gullfoss eru um 2 millj. kr.

Á aðalskrifstofu iðnrn. er hækkun um 2.8 millj. kr. Laun um 2.5 millj., þar er um að ræða laun bifreiðarstjóra að hálfu, laun ritara í fullu starfi í stað hálfs áður og aðkeypta sérþjónustu, tæpa

1 millj. kr. Afgangurinn, 1 267 millj. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, og önnur rekstrargjöld hækka um 529 þús. kr.

Hækkun á liðnum „framlag til iðju og iðnaðar" er fyrst og fremst fólgin í 25 millj. til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, sem áður er getið. Framlag til Orkusjóðs hækkar um 17 millj kr. vegna lánagreiðslna, en önnur viðfangsefni eru óbreytt frá fjárlögum 1972.

Ég hef fyrr í ræðu minni gert grein fyrir þeim hækkunum, sem verða til niðurgreiðslu á vöruverði á yfirstandandi ári, og á hvaða forsendum þær eru byggðar.

Um aðra liði fjárlagafrv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Þó skal því bætt hér við í sambandi við ríkisendurskoðunina, að þar er ráðinn 1 fulltrúi í tollendurskoðunina, en aðrar breytingar eru þar í sambandi við verðlagsbreytingar.

Áður en ég vík að tekjuáætlun fjárlagafrv., vil ég geta þess, að á útgjöldum á lánahreyfingum er gert ráð fyrir 250 millj. kr. greiðslu til Seðlabankans, sem er hugsað sem fyrsta framlag í þann rekstrarsjóð, sem ríkið mundi koma sér upp með sömu greiðslum á næstu 4 árum. Þessi sjóður er hugsaður til þess að draga úr tekjusveiflum, sem alltaf hljóta að verða verulegar hjá ríkissjóði. Eðlilegt takmark er, að ríkissjóður hafi að jafnaði í slíkum sjóði sem svarar 5% af árlegum heildarútgjöldum. Þar með mætti þá gera ráð fyrir, að hann hefði til umráða eigið fjármagn, sem svarar helmingi þess yfirdráttar, sem að jafnaði er hjá Seðlabankanum á fyrri hluta ársins, en það mun láta nærri, að meðalskuld ríkissjóðs við Seðlabankann framan af ári nemi sem svarar 10% af fjárlögum. Það verður því að teljast eðlilegt, að stefnt sé að því, að ríkissjóður mæti þessum yfirdrætti að nokkru með eigin fjármagni, enda hefði hann þá tryggingu fyrir ýmsum skakkaföllum, sem gætu komið til í ríkisrekstrinum, án þess að það hefði áhrif á hagkerfið í heild. Ég tel, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem vinna þarf að, svo sem stefnt er að með þessari greiðslu. Auk þess eru afborganir af vegalánum og lánum vegna Skipaútgerðar ríkisins, sem færðar eru á þennan lið, en áður var fært á Ríkisskip.

Í fyrra fylgdi fjárlfrv. sérstakt fylgiskjal þar sem Efnahagsstofnunin gerði grein fyrir þróun efnahagsmála á árinu 1971 og spám fyrir árið 1972. Vegna þess að nú er ætlunin að leggja þegar á þessu hausti fram ákveðnar tillögur um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins 1973, virðist skynsamlegra, að slíkt almennt yfirlit yfir þjóðarbúskapinn, framvinduna í ár og horfur fyrir næsta ár komi fram um sama leyti og framkvæmdaáætlunartillögurnar og taki m. a. mið af þeim. Þannig yrði reynt að skoða bæði fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlunina í heildarsamhengi. Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins mun semja þessa yfirlitsskýrslu um þjóðarbúskapinn.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1973 er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er byggð á þjóðhagsspá deildarinnar fyrir næsta ár, eins og hún stóð í lok júlímánaðar s. l. Þeir þættir þjóðhagsspárinnar, sem mest áhrif hafa á tekjuáætlun ríkissjóðs, eru spáin um almenna innlenda verðmætaráðstöfun, sem gert er ráð fyrir að aukist um 10.6% í peningum, og innflutningsspáin, sem hækkar um allt að 14% skv. þjóðhagsspáráætluninni. Meginforsendur tekjuáætlunar að því er varðar kaup og verðlag eru þessar:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að engar aðrar breytingar verði á kauplagi, en þegar eru ákveðnar með samningum A. S. Í. og vinnuveitenda og skv. úrskurði Kjaradóms s. l. vor, þ. e. 6% grunnkaupshækkun verkafólks, iðnaðarmanna og verzlunarfólks og 7% grunnkaupshækkun hjá opinberum starfsmönnum frá 1. marz 1973.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan hækki ekki frá því, sem er, þ. e. 117 stig, og framfærsluvísitalan hækki aðeins um 1% frá ágúst 1972, en þá var hún 174.8 stig. Þessar forsendur fela í sér mun minni hækkanir en verið hafa, þannig að meðalhækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1972 og 1973 yrði þá um 4% og hækkun vísitölu vöru og þjónustu einnig 4%. Hvort þessar forsendur standa, ræðst svo m. a. af væntanlegum almennum efnahagsráðstöfunum stjórnvalda og þá sérstaklega aðgerðum í verðlags- og kaupgjaldsmálum.

Eins og venja hefur verið á undanförnum árum, sýna allar tekjutölurnar áætlaða innheimtu á almanaksárinu, en ekki álagningu, en á þessu tvennu getur verið verulegur munur. Áætlanir um innheimtu eru byggðar á tölum ríkisbókhaldsins um samhengi álagningar og innheimtu á árinu 1971 og fram á mitt ár 1972.

Samkvæmt lögum skal skattvísitalan ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1971 og 1972 er um 10%, sem að öðru óbreyttu væri eðlileg viðmiðun við ákvörðun skattvísitölu. Miðað við núverandi vísitölu 100, ætti skattvísitalan við álagningu 1973 þannig að ákvarðast 110. Hins vegar tók ríkisstj. þá ákvörðun, að skattvísitalan skyldi vera 128 stig. Þetta þýðir raunverulega skattalækkun skv. núverandi kerfi um 730 millj. kr. Við þessa vísitölu er áætlunin um tekjuskatt miðuð. Ástæðan fyrir því, að tekjuskattur hækkar þrátt fyrir þetta á milli ára, er fyrst og fremst sú, að nokkur fjölgun er á gjaldendum á hverju ári, og svo hitt, að gert er ráð fyrir, að nokkrar meiri eftirstöðvar verði frá árinu 1972 til ársins 1973 heldur en var frá 1971 til þessa árs.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar, miðað við þær forsendur, sem ég hef nú greint frá hér að framan, 20 milljarðar 447 millj. kr., og er hækkunin 3 milljarðar 548 millj. kr. eða 21%. Af heildartekjum nema markaðir tekjustofnar 2 milljörðum 568.8 millj. kr., sem er 247.1 millj. kr. hækkun frá yfirstandandi fjárlögum eða 10.7%. Eiginlegar tekjur ríkissjóðs, þ. e. heildartekjur á rekstrarreikningi að frádregnum mörkuðum tekjustofnum, nema þannig 17 milljörðum 878.7 millj. kr. eða hækka um 331.5 millj. eða 22.6%.

Um einstaka liði í tekjuáætluninni er það að segja, að gert er ráð fyrir, að tekjuskattur hækki um 1 342 millj. kr. Eins og ég áðan

sagði, stafar þetta af fjölgun gjaldenda og gert er ráð fyrir meiri eftirstöðvum á skattinum í árslok þessa árs heldur en var í fyrra.

Áætlað er, að gjöld af innflutningi hækki um 1046 millj. kr. og munar þar mest um almennan innflutnig, sem hækkar um 744 millj. kr. og er þessi áætlun reist á grundvelli þjóðhagsspárinnar um 14% aukningu almenns vöruinnflutnings, en hins vegar er gert ráð fyrir lægra meðaltollshlutfalli á næsta ári eða 22.8% í staðinn fyrir 23.3%, eingöngu vegna minni bílainnflutnings á næsta ári.

Skattar af seldri vöru og þjónustu: Heildarhækkun er um 850 millj. kr., þar af hluti ríkissjóðs 363. Orsök þess, að tekjur af söluskatti aukast ekki meira en þetta, þrátt fyrir að áætlað er, að innlend verðmætaráðstöfun aukist um 10.6%, er sú, að í fjárhagsáætluninni 1972 er tekið tillit til flýtingar innheimtu.

Launaskattur hækkar um 155 millj. eða 19.4% sökum hærra launastigs, söluhagnaður Áfengisverzlunarinnar um 325 millj., og koma þar bæði til verðhækkanir frá marz 1972 og aukinn kaupmáttur tekna almennings, en aðrir tekjuliðir um 9.2 millj. kr.

Aðrir óbeinir skattar: Gert er ráð fyrir, að þeir hækki um 98.7 millj. kr. Er þar mest hækkunin á stimpilgjöldum, 36 millj. kr., þinglýsingargjöld 23 millj. kr. og aðrir liðir eru smærri. Hins vegar er gert ráð fyrir því á þessum lið, að niður falli veggjald á Keflavíkurvegi 19.5 millj. kr., svo sem samþykkt var við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori.

Um lánahreyfingar út er það að segja að halli á þeim er 475.7 millj. kr., og munar þar mest um, sem áður hefur verið getið, 250 millj. til Seðlabanka Íslands, svo og vegalánin, sem ríkissjóður tekur nú að sér, en vegasjóður hafði áður til greiðslu.

Þegar rekstrartekjur og rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafa verið gerð upp skv. þessu fjárlagafrv., eru tekjur umfram gjöld 579.7 millj. kr., en hallinn á lánahreyfingum er, eins og áður sagði, 475.7 millj. og mismunur er því 103.9 millj. kr., sem er hinn raunverulegi greiðsluafgangur í þessu fjárlagafrv.

Þegar fjárlögin fyrir árið 1972 voru til afgreiðslu hjá hv. Alþingi fyrir síðustu áramót, lágu fyrir þinginu frumvörpin tvö um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og um tekjustofna sveitarfélaga. Þessi frumvörp urðu þegar í upphafi mjög til umræðu hér á hv. Alþingi, og síðan hafa skattalögin, sem afgreidd voru í marz s. l., verið mjög til umræðu manna á meðal og í fjölmiðlum.

Mér þykir rétt við þetta tækifæri að rifja þessi mál nokkuð upp og geta um helztu þætti við framkvæmd þeirra. Ég vil í upphafi máls míns minna á það, sem ég lagði áherzlun á í umræðum um þetta mál hér á hv. Alþingi. Það bar brýna nauðsyn til að gera þessar breytingar, sem gerðar voru, m. a. vegna þess, að ekki hefði verið hægt að gera þá breytingu á lögum um almannatryggingar, sem Alþingi stóð þó allt að, án þess í kjölfar þeirra fylgdu þessar skattalagabreytingar og sú nýja verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, sem komið var á með þessum lögum.

Samkvæmt eldra kerfinu greiddi námsfólk yfirleitt almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjald. En þau hefðu á þessu ári orðið 14—16 þús. kr. a. m. k. Við álagningu í ár var veittur námsfrádráttur til tekjuskatts, sem nam 42 þús. kr. fyrir háskólastúdent, og útsvar lækkað um 4 200 kr. Einhleypur háskólastúdent greiddi því ekki skatt af lægri upphæð en 93 þús. kr., en hefði orðið að greiða tryggingagjöld skv. eldra kerfinu, alveg án tillits til þess, hvort hann náði þessum tekjum eða ekki. Af 150 þús. kr. tekjum greiðir námsmaður nú 7 000 kr. í opinber gjöld, en hefði greitt 18—20 þús. kr. að óbreyttu kerfi.

Ég vil líka benda á, að eftir breytingarnar á almannatryggingakerfinu hefði sveitarfélögunum orðið ókleift að standa undir þeim útgjöldum, sem þeim fylgdu, eins og fjárhag þeirra var komið á s. l. ári. Þetta hefur yfirleitt ekki verið tekið inn í þær umræður, sem farið hafa fram um þessi mál á yfirstandandi sumri, en það er nauðsynlegt fyrir þá, sem raunverulega vilja átta sig á málinu, að taka þessa þætti með í reikninginn.

Og minnumst þess, að hefði skattalögunum ekki verið breytt á s. l. vetri, þá hefði skattalöggjöf Viðreisnarstjórnarinnar komið til framkvæmda. Það hefði þýtt það, að veittur hefði verið sérstakur frádráttur vegna tekna af hlutafé, sem gat þýtt, að hjón hefðu allt að 60 þús. kr. skattfrjáls. Það hefði einnig þýtt það, að fyrirtækin í landinu, sem núna greiða 8—10 hundruð millj. kr. í tekjuskatta, hefðu að verulegu leyti orðið skattlaus með því að notfæra sér heimild til flýtifyrningar, sem mátti vera allt að 30% á einu ári.

Í þriðja lagi vil ég svo vekja athygli á því, að ef viðreisnarskattalögin hefðu komið til framkvæmda, hefðu eignaskattgreiðendur í landinu orðið 2 þús. í stað 32 þús., sem þeir voru eftir eldri lögum. Samkvæmt gildandi lögum urðu þeir um 18 þús. á yfirstandandi skattári. Það þarf því engan að undra, þó að þeir, sem hér urðu fyrir barðinu á skattalagabreytingunum, á vissan hátt beri sig illa. Yfirleitt hefur þó ekki verið um þetta fólk talað í umræðum um skattalagabreytingarnar. Hinu var líka gleymt, að aðrir gjaldendur hefðu orðið að greiða hærri skatta vegna þess forréttindafólks, sem viðreisnarlöggjöfin ætlaði skattaívilnanir, en það eru hlutafjáreigendur í stærri hlutafélögum og þeir, sem eiga verulegar eignir, því að skattheimtan hefði eftir sem áður þurft á sínum fjármunum að halda.

En í framhaldi af þessu þykir mér líka hlýða að vekja athygli á öðru. Með skattalagabreytingunum varð, eins og ég áður sagði, veruleg breyting til batnaðar á hag sveitarfélaga. Sú breyting var líka nauðsynleg. Á s. l. ári voru 18 sveitarfélög og sum þeirra stór, sem urðu að leita til Jöfnunarsjóðs til þess að fá beina aðstoð vegna fjárhagsvandræða, þótt þau hafi áður lagt sérstakt álag á gjaldendur sína umfram önnur sveitarfélög. Ég endurtek það, að með breytingum á tryggingalöggjöfinni og með þeirri þróun, sem í uppsiglingu var í launamálum á árinu 1970, hefði þessi þörf orðið enn þá meiri á yfirstandandi ári heldur en nokkru

sinni fyrr. Auk þess var það svo, að aðstöðumunur sveitarfélaganna fór vaxandi að þessu leyti. Það var alltaf minna og minna, sem sveitarfélög víðast um landið gátu varið hlutfallslega til framkvæmda. Lögboðnu gjöldin og rekstrargjöldin, sem ekki var komizt hjá, tóku mestallan hluta tekna þeirra.

Það verð ég að segja í sambandi við þessi mál, að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að sjá, hvaða stefnu ýmis sveitarfélög, einkum þau, sem betur mega sín, hafa tekið.

Ég leit svo á, að með þeirri breytingu að taka upp hóflegan fasteignaskatt fengju sveitarfélögin tekjustofn til að standa undir framkvæmdakostnaði, sem þau verða að leggja í, m. a. vegna fasteignanna í byggðarlaginu. Þetta hefur verið baráttumál sveitarstjórnarmanna. Auðvitað átti ekki að ganga lengra en svo í þessu en að fasteignaskattur þessi yrði hóflegur og ½% fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði tel ég vera hóflegan. Ég leit líka svo á, að með því að létta 15—25% af beinum útgjöldum sveitarfélaganna af þeim og meira en það, ef litið var á rekstur, svo sem gert var með því að létta af þeim tryggingagjöldum, sjúkrasamlagsgjöldum að nokkru og lögreglukostnaði, þá mundi það verða til þess, að sveitarfélögin næðu nógum tekjum án þess að nota heimildir til hækkunar. Og það hefði þýtt, að skattaálagningin í heild hefði ekki farið úr hófi fram.

Nú varð reynslan sú, að Reykjavíkurborg beitti sér fyrir því, fyrst allra, að nota þessar heimildir upp í topp. Til þess að skapa sér ástæðu til þessa var ákveðin að hækka útgjaldahlið fjárhagsáætlunar frá því, sem var á tillögum um ca. 200 millj. kr. Með þessum hætti tókst henni á þessu herrans ári, þegar allir hafa býsnazt yfir því, hvað framkvæmdirnar væru miklar og spennan í efnahagslífi þjóðarinnar væri mikil, að verja meira fé til framkvæmda heldur en nokkru sinni fyrr.

Nú munu e. t. v. einhverjir halda því fram, að þessi ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur og síðar bæjar- og sveitarstjórna víðast um landið hafi ekki haft svo mikið að segja í heildarálagningunni á landsmenn. Ég hef þó þær fréttir að færa, að þessi ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur og þeirra sveitarfélaga, sem notuðu heimildina, gerði það að verkum, að álögurnar í heild hækkuðu um 340—360 millj. kr. Ef gerður er samanburður á hækkun á heildarálagningu á hliðstæðum sköttum milli áranna 1970—71 annars vegar og 1971—72 hins vegar, þá kemur í ljós, að álagningin hækkar um 36.4% á milli áranna 1970 og 1971, á milli 1971 og 1972 hefði hækkunin orðið 37%, ef álagsheimildir hefðu ekki verið notaðar. Þegar það er svo haft í huga, að persónuskattarnir hækkuðu heildarálagninguna um 0.7%, þá sannar það, að hækkunin á milli þessara 2 ára hefði hlutfallslega orðið svipuð, ef álagsheimildirnar hefðu ekki verið notaðar.

Ég á afskaplega erfitt með að skilja það, að sömu menn, sem berja sér á brjóst og tala um of háa skatta, skuli ganga fram fyrir skjöldu á sínum heimavígstöðvum, þar sem þeir ráða, og koma þar á gjaldendur öllum þeim skatta-hækkunum, svo sem lög framast leyfðu. Ef skattaálagningin var í heild allt of há er þá hægt að réttlæta það að ganga fram og hækka hana eins og gert var af borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík og síðar af fleiri forsvarsmönnum hinna stærri bæjarfélaga, er réðu ferðinni í þeim efnum? Ég vil líka benda á það, að ef ekki hefði átt sér stað sá tilflutningur á útgjöldum frá sveitarfélögunum yfir á ríkið, sem gerður var, og ef sveitarfélögin hefðu ætlað sér að leggja í alla þá fjárfestingu og útgjöld, sem þau ákváðu með afgreiðslu á fjárhagsáætlunum sínum í sumar, þá hefðu þau í heild orðið að hækka álögur sínar um 55.5%. En ríkissjóði hefði þá nægt að hækka sínar álögur um rúm 3%.

Þetta er staðreynd, sem hefur fallið utangarðs í umræðum um hina háu skatta á þessu ári. Menn verða að muna, að í tekjuskattinum nú eru þeir að greiða hluta af þeim gjöldum, sem þeir áður greiddu til síns sveitarfélags. Nú vil ég taka það skýrt fram, að ég hélt því aldrei fram í umræðum um skattamálin í fyrra og hef ekki gert enn þá, að í þeim mundi ekki koma fram neinar veilur. Mér var það ljóst, að sá hraði, sem þurfti að hafa við þessa skattalagabreytingu, og sú mikla breyting, sem gerð var vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, gerði það að verkum, að ekki gafst tóm til að kanna allt til þrautar. Ég er ekki heldur haldinn þeim kvilla að telja það fráleitt, að mannleg yfirsjón geti átt sér stað. Þess vegna fannst mér það sjálfsagt í sumar, þegar ljóst var, að of langt var gengið í álögum á hina öldruðu borgara í landinu, að ganga þá strax til lagfæringa á þeim. Breytingin, sem gerð var í sumar með brbl., hefur það í för með sér, að einhleypir gjaldendur eru tekjuskattsfrjálsir um allt að 200 þús. kr. nettótekna og greiða ekki óskertan tekjuskatt, þ. e. a. s. sama tekjuskatt af sömu tekjum og aðrir gjaldendur, fyrr en við 300 þús. kr. nettótekjur, miðað við tekjur ársins 1971. Fyrir hjón yrðu þessar tölur þannig: Þau yrðu tekjuskattsfrjáls allt að 300 þús. kr. nettótekjum og greiða ekki óskertan tekjuskatt fyrr en við 450 þús. kr. Fyrir ofan tekjumörkin 300 þús. hjá einhleypum og 450 þús. kr. hjá hjónum í nettótekjur er öldruðum ætlað að leggja eins og öðrum með sömu tekjur og sambærilega framfærslubyrði til almannaþarfa og tekjuöflunar og taka þátt í því sem aðrir að tryggja þá tekjulægstu í hópi aldraðra og öryrkja, svo að þeir njóti lágmarkstekna og forða þeim tekjulægstu í hópi hinna yngri frá því að greiða háa persónuskatta, enda eru í hópi gjaldenda, 67 ára og eldri, gjaldendur, sem enn þá eru í fullri atvinnu. Af 4500 öldruðum hjónum, sem voru skattgreiðendur á þessu ári, þurfa 2100 að greiða einhvern tekjuskatt, þar af þó aðeins 1200 óskertan skatt. Af 9500 einhleypum öldruðum þurfa 1850 að greiða einhvern tekjuskatt, þar af 700 óskertan. Niðurstaðan er því sú, að af öldruðum gjaldendum greiða í heild 4000 eða 28.6% tekjuskatt, þar af 1900 eða 13.6% óskertan tekjuskatt.

Mér er það ljóst, að enn þá má deila um það, hvort nóg er að gert með þessari breytingu, sem gerð var í sumar. Hitt verður ekki

um deilt, að hún var mikil lagfæring frá því, sem áður var. Hinu held ég fram sem fyrr, að það sé ekki réttmætt að fella niður allar skattgreiðslur af elli- og örorkulaunum, vegna þess að þar er oft um að ræða hátekju- og efnamenn. Menn fá þessar greiðslur frá 67 ára aldri og eru þá oft í fullu starfi. Tekjuþörf og gjaldþol þessa fólks á að meta alveg eins og meta þarf gjaldþol unga fólksins í landinu, sem er að setja upp sín heimili og á eftir sitt lífsstarf. Ég vil líka segja það, að mér hefur fundizt margt í þeim umræðum, sem fram hafa farið í sumar um skattamál, hafa verið mjög gagnlegt. Ekki sízt er það gagnlegt, þar sem enn er unnið að endurskoðun þessara mála.

T. d. hafa orðið að minni hyggju mjög gagnlegar umræður, sem fram hafa farið um skattsvik. Það vekur að vonum athygli margra, hvað ýmsir þegnar í þjóðfélaginu, sem almenningi virðast vera vel settir greiða lág gjöld. Umræður um þetta og annað því skylt eru að minni hyggju mjög nauðsynlegar og ekki hvað sízt nú, þegar þessi mál eru í endurskoðun. Nefnd sú, sem að endurskoðuninni vinnur, hefur gert sérstaka athugun einmitt hjá þeim framteljendum, sem vakið hafa athygli skattgreiðendanna yfirleitt vegna þess, hve gjöld þeirra eru lág.

Þá vil ég geta þess, sem ég hygg að almenningi í landinu sé ekki nægilega kunnugt, sem ekki er heldur von, en það er það, að fyrir nokkrum árum var sú ákvörðun tekin til að flýta útkomu skattskrárinnar að heimila skattstofunum að gefa þær út áður en búið væri að yfirfara öll framtöl. Þetta hafa ýmsar skattstofur gert og ekki endurskoðað framtöl fyrr en síðar á árinu, eftir að búið er að leggja skattskrána fram. Þannig var gert hér í Reykjavík. Framtölin eru hér yfirleitt ekki unnin nema að mjög takmörkuðu leyti, áður en að skattskráin er lögð fram. Þess vegna er það svo, að í skattskránni er að finna þær veilur, sem framteljandi sjálfur hefur sett í framtal sitt, án þess að skattyfirvöldin hafi gert þar athugasemd við. Þetta er svo í fleiri skattumdæmum. Þannig mun það vera í Vesturlandsumdæmi og fleirum. Þetta er mjög óheppilegt. Ber nauðsyn til að breyta þessari vinnuaðferð. Ég er sannfærður um það, að einmitt þetta á sinn þátt í þeirri veilu, sem er í okkar skattframtölum. Ég er sannfærður um það, að þessi vinnubrögð hafa nokkur áhrif til þess að gera skatteftirlitið áhrifaminna heldur en það gæti verið, ef öðrum vinnubrögðum væri beitt.

Ég er líka sannfærður um það, að sú breyting, sem gerð var á skattalögunum nú, er til mikilla bóta, að skipa ríkisskattanefnd með nýjum hætti, skapa henni fastar starfsreglur. En eftir þeim á hún að vera búin að úrskurða skttframtöl innan 6 mánaða. Þetta vona ég að muni bæta skattframtölin.

Þá vil ég geta þess, sem ég hef reyndar áður getið, að á s. l. hausti var ákveðið að fjölga að nokkru starfsmönnum skattarannsóknardeildar ríkisskattstjóra í þeim tilgangi að auka aðhald og eftirlit með skattframtölum. Sú breyting er að fullu komin til framkvæmda, og eru nú 12 starfsmenn hjá deildinni, sem vinna að eftirlitsstörfum. Deildin ætti þannig að vera betur undir störfin búin og hafa meiri möguleika til aðhalds og eftirlits en áður. Starfsemi deildarinnar á liðnu ári hefur verið hagað með svipuðu sniði og áður. Starfskröftum hefur einkum verið beint að eftirliti með söluskatti og tekjusköttum, bæði félaga og einstaklinga um land allt, en þessir skattar eru verulegur hluti þeirra skatta, sem lagðir eru á af skattstjórum. Beitt hefur verið úrtaksaðferðum við val á verkefnum og þá oftast dregin út ákveðinn fjöldi af framtölum úr einstökum atvinnugreinum í senn. Þá hafa borizt mál frá hinum ýmsu skattstjórum til framhaldsmeðferðar. Athugun deildarinnar skiptist í tvo aðalflokka: almennar bókhaldsskoðanir eða yfirlitsathuganir annars vegar og sérstakar rannsóknir hins vegar. Skattstjórar hafa tekið virkan þátt í þessum athugunum með mannafla sínum, eftir því sem aðstæður þeirra leyfa. Starfsmenn rannsóknardeildarinnar hafa farið eftirlitsferðir í 4 skattumdæmi, það sem af er þessu ári. Farnar hafa verið 750 skoðunarferðir í fyrirtæki á árinu á vegum skattstjóra og rannsóknardeildarinnar. Þá hefur rannsóknardeildin tekið um 240 mál til sérstakrar rannsóknar, bæði mál félaga og einstaklinga, og lokið hefur verið rannsókn um 160 mála á árinu. Nú eru 150 mál til rannsóknar hjá deildinni, og 6 mál munu nú vera fyrir dómstólum vegna meintra brota á lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um söluskatt. Frá 1. okt. 1971 til 30. sept 1972 hefur nefnd sú, sem starfar skv. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 68/1971, afgreitt 113 mál, þar af 91 með sekt, og nam heildarfjárhæð sekta á tímabilinu 18 millj. 568 þús. kr. En þá eru ekki meðtaldar hækkanir opinberra gjalda, þ. e. skattanna bæði til ríkis og sveitarfélaga, vegna þessara mála. Af sektarféinu renna í ríkissjóð 10 millj. 940 þús., en í sveitarsjóði 7 millj. 628 þús. kr.

Þessa greinargerð um starfsemi skattrannsóknardeildarinnar vildi ég gefa hér á hv. Alþingi vegna þess að ýmsir halda, að aðgerðir þeirrar deildar séu minni en raun ber vitni um. Sú fjölgun, sem varð á starfsliði hjá skattrannsóknarstjóra skv. ákvörðunum, sem teknar voru í fyrrahaust, hefur verið að koma til framkvæmda á þessu ári. Nú er unnið mjög skipulega að því að endurskoða, eins og áður sagði, ýmis skattframtöl og veilur, sem skattstofurnar hafa sjálfar fundið. Mjög er kappkostað að ná góðu samstarfi á milli skattrannsóknardeildarinnar og skattstofanna í landinu, því að svo bezt nýtast starfskraftar beggja aðila, að þannig sé á málum haldið. Enn fremur má bæta því við, að námskeið eru nú haldin í ríkara mæli fyrir starfsmenn skattstofanna til þess að samræma og bæta störf allra þessarra aðila.

Í framhaldi af þessu vil ég svo víkja að því, að endurskoðun á skattakerfinu heldur áfram. Hér er þó um meira að ræða heldur en það, að verið sé að endurskoða skattakerfi ríkisins. Það fer fram heildarendurskoðun á öllu tekjuöflunarkerfi ríkisins. Ætlunin er að marka sem fyrst útlínur af þeirri heildarstefnu, sem síðan verður farið eftir við gerð tekjuöflunarkerfisins, og í framh. af því verði svo farið að ákveða einstaka skatta og tekjustofna innan þessarar heildarstefnumörkunar. Það, sem er nýlunda í þessum

vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð nú, er, að stefnt er að því að fá einn samstæðan lagabálk um alla tekjuöflun ríkissjóðs. Með þessu ætti Alþingi og almenningur í landinu að eiga auðveldari yfirsýn yfir þetta svið. Væri það framför frá því skattakraðaki, sem nú er. Að þessu verki vinnur að mestu leyti sama nefndin sem vann að endurskoðun í fyrra. En því til viðbótar hefur verið ákveðið, að einn maður frá hverjum þingflokki vinni með nefndinni, þannig að þeir fá frá henni það, sem hún hefur dregið saman um málin á vinnustigi. Þannig ættu þingflokkarnir að eiga betra með að átta sig á málinu, þegar það kemur fram í frumvarpsformi hér á hv. Alþingi. Ég vil geta þess, að þeir menn, sem að þessu vinna, verða að sjálfsögðu að vinna að þessu sem aukastarfi, því að þetta eru flestir menn, sem eru kjörnir til þessa starfs vegna reynslu sinnar af þessum málum á öðrum vettvangi. Hins vegar hefur verið á þessu sumri leitað til margra færustu manna á sviði skattamála til þess að vinna einstaka þætti málsins fyrir nefndina, og því verður haldið áfram. Gert hefur verið ráð fyrir því að reyna að losa ráðuneytisstjórann í fjmrn., sem er formaður nefndarinnar, að einhverju leyti frá störfum, svo að hann geti helgað sig betur þessu starfi. En hv. alþm. verða að gera sér grein fyrir því, að hér er um mikið mál að ræða. Ef steypa á saman í einn heildarlagabálk tekjuöflunarkerfi ríkisins, þá tekur það sinn tíma, og nefndin verður að fá nokkuð góðan vinnufrið til þess.

Eftir allar þær umræður, sem hér voru í fyrravetur um það, að ekki hefði verið nóg vandað til undirbúnings málsins, þá væri það að fara dálítið aftan að siðunum, ef nú ætti að ávíta fyrir það, að reynt er að vinna að þessu máli á sem allra beztan hátt og leita til þeirra aðila, sem hafa þar mesta reynslu. Ég get ekki á þessu stigi málsins sagt um það, hvort einhverjir þættir þessa heildarlagabálks gætu orðið til meðferðar á þessu þingi. Það verður að ráðast af skynsamlegum vinnuhraða við undirbúning. Verkið er unnið með verulegum hraða og dugnaði af færustu mönnum, og leitað er til færustu manna um einstaka þætti þess.

Næst vil ég snúa mér að þeim þætti í ríkisbúskapnum, sem mestu máli skiptir varðandi það, hvort fé því, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni, er vel og hagkvæmlega ráðstafað. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að ég telji brýna nauðsyn til að efla hagsýslumálefni ríkisins og gefa hagsýslunni meira ráðrúm til þess að vinna að endurskoðun ríkiskerfisins og endurbótum, sem ég veit að muni koma í kjölfar þess, ef hún getur beitt sínum vinnukrafti meira að hagsýslustörfum. Það hefur orðið svo bæði hjá fyrrv. fjmrh. og einnig hjá mér, að starf hagsýslustjóra og starfsmanna hans hefur að verulegu leyti verið unnið í sambandi við fjárlögin, undirbúning þeirra og framkvæmd á mörgum sviðum, og ýmsar athuganir á efnahagskerfi þjóðarinnar. Nú er stefnt að því að gera á þessu nokkra breytingu og freista þess að gera hagsýslustarfsemina virkari. Verður það m. a. gert með því að láta hagsýslustjóra fá nýjan starfsmann til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Einn af starfsmönnum ríkisbókhaldsins var úti í Noregi við hagsýslunám s. l. ár. Hann flyzt nú til Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Jafnframt er stefnt að því að breyta nokkuð um í vinnubrögðum. Í fyrsta lagi ber þá að geta þess, að undirnefnd fjvn. hefur unnið verulega mikið verk á þessu sumri. Hún er búin að taka fyrir mörg verkefni, sem nú er unnið að framhaldsathugun á. Undirnefndin hefur m. a. í samstarfi við hagsýsluna farið í heimsóknir í nokkrar ríkisstofnanir til þess að kynna sér starfsemi þeirra og skipulag og hefur kannað, hvort ekki megi í einhverju breyta og gera hagfelldari starfsemi þeirra. Áformað er að fylgja eftir þeim hugmyndum, sem upp úr þessum heimsóknum hafa sprottið, og fleiri stofnanir þarf að heimsækja með þessum hætti.

Það er ný og gömul reynsla, að erfitt er að koma fram hagsýslustörfum, ef það er ekki gert í samstarfi við viðkomandi aðila og mæta skilningi þeirra. Því hef ég ákveðið að stefna að því að halda námskeið um hagsýslumálefni hér í haust á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þetta námskeið verður haldið í fræðsluskyni fyrir ýmsa helztu stjórnendur hjá ríkinu og aðra þá, sem bera ábyrgð á rekstri og fjármálum í ríkisstofnunum. Það verður haldið til að auka áhugann hjá þessum starfsmönnum á nauðsyn hagsýslustarfsemi, og að sjálfsögðu verður þar kynnt, hvaða tækni og þekkingu er beitt og hvaða nýjungar í opinberri stjórnsýslu megi hagnýta sér. Hagsýslunámskeið af þessu tagi ætti að verða til þess að örva stofnanir til sjálfstæðrar hagræðingarstarfsemi. Jafnframt mun þetta verða til að auka áhuga ráðuneyta á slíkri starfsemi og gera þeim ljóst, að oft er fjárvon í hagræðingu og endurskipulagningu.

Í þessu sambandi langar mig að geta um eitt atriði í vinnubrögðum Norðmanna við fjárlagaundirbúning. Þar er það regla, að ráðuneytum ber ekki aðeins að skila fjárlagatillögum sínum og sinna stofnana í tæka tíð, þeim ber einnig að gera grein fyrir um leið, hvaða hagsýsluverkefni það eru, sem verið er að vinna að í stofnunum og ráðuneytum, og hvaða verkefnum hefur verið lokið á árinu. Þennan sið ættum við að stefna að því að taka upp hér.

En um framhald á vinnubrögðum hagsýslustofnunarinnar, þegar teknar verða fyrir einstakar stofnanir eða málaflokkar, hef ég gert ráð fyrir, að það yrði í samráði við viðkomandi ráðuneyti og forstjóra þeirra stofnana, sem fyrir yrðu teknar, og fulltrúar frá viðkomandi ráðuneyti, frá viðkomandi ríkisstofnun og frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun yrðu látnir vinna saman að þessum verkefnum, að undirbúningi þeirra og framkvæmd á breytingum, sem leiddi af niðurstöðu athugananna.

Af einstökum verkefnum, sem unnið hefur verið að, vil ég geta um þessar:

Á þessu ári var lagður niður Vélasjóður ríkisins, starfsemi hætt og hús og tæki seld. Með sama hætti var vélarekstur Landnáms ríkisins lagður niður, tækin seld og starfsmenn horfnir til annarra starfa. Við þessa breytingu voru starfsmönnum boðin önnur störf hjá ríkinu, sem nokkrir hagnýttu sér, en aðrir kusu að breyta til. Unnið verður áfram að því að sameina verkstæði ríkisins og markvisst stefnt að því, að starf-

rækt verði fá en stærri verkstæði, sem geri við tæki ríkisstofnana yfirleitt, í stað þess að hver sé að hokra við þetta. Í þessu sambandi hefur verkstæðisrekstur og birgðahald póst- og símamálastjórnarinnar, sem dreift er á margar smáar einingar og er víða um borgina, verið í athugun. Á þessu þarf að verða breyting, og er unnið að því. Jafnframt þarf að athuga, hvort ekki sé tímabært að taka til endurskoðunar skipulagsramma stofnunarinnar, sem er með elztu og stærstu stofnunum í ríkiskerfinu.

Eitt af þeim verkefnum, sem unnið hefur verið að á þessu sumri, var athugun á mötuneytum ríkisstofnana. Í ljós hefur komið, að árlegur kostnaður ríkisins við mötuneyti er um 60 millj. kr. Nú er verið að vinna að því að athuga möguleika á því að fækka þeim stöðum, sem matur er búinn til á, en hins vegar að taka eldhús eins og nýja landsspítalaeldhúsið, sem er mikið fyrirtæki, en verður ekki fullnýtt um sinn, fullnýta það og dreifa út mat frá slíkri stofnun í hinar ýmsu ríkisstofnanir, þar sem nú er matreitt fyrir hvern starfsmannahóp fyrir sig.

Vátryggingamál ríkisins hafa sömuleiðis verið til athugunar á þessu sumri. Ríkið eyðir töluverðu fé í vátryggingar, en hitt er jafnframt, að almennar reglur um það, hvaða tryggingar skuli kaupa, eru ekki til og mjög mismunandi frá einni stofnun til annarrar, hvað tryggt er. Reyndar er það einnig höfuðviðfangsefni í þessu sambandi, hvort ríkið eigi að kaupa tryggingu af öðrum fyrir tjónaáhættu sína eða hvort það eigi að bera hana sjálft. Svo að vitnað sé til frænda okkar, Dana og Norðmanna, þá er það meginregla í ríkisrekstrinum þar, að ríkið kaupi ekki tryggingar, með nokkrum undantekningum þó. Er þetta nú til athugunar, en jafnframt verður að hafa í huga í þessu sambandi, að ráðstafanir þarf að gera til þess, að ekki komi til stöðvana eða tafa, þótt til tjóna komi.

Fjölmörg önnur hagsýsluverkefni hafa verið til meðferðar, sem hér verða ekki gerð skil nú.

Ég trúi því, að með því að vinna þannig að þessum málum, eins og ég hef rætt um, muni vera hægt að ná meiri árangri en áður. Til greina getur einnig komið að fá inn í þetta hagsýslumenn úr öðrum stofnunum til þess að vinna ákveðin verk, en ég held, að það sé nauðsynlegt að keppa að því að fá starfsmenn í stofnunum og ráðuneytum til að taka þátt í þessu verki með hagsýslunni til þess að auðvelda að vinna gagnlegum breytingum brautargengi. Ég endurtek það, sem ég hef oft og mörgum sinnum sagt hér á hv. Alþingi, að ég hef ekki trú á því, að það sé hægt að ná árangri í betri nýtingu á fjármagni því, sem stofnanirnar fá gegnum fjárlögin, nema með skipulegum vinnubrögðum og beitingu þeirrar þekkingar, sem nú er þekkt í sambandi við fjárlagagerð og hagsýslustarfsemi.

Þegar við hv. 10. þm. Reykv. og Haraldur Pétursson safnvörður unnum sameiginlega sem yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, þá gerðum við tillögu um það, að ríkisreikningi yrði látin fylgja skrá yfir nefndir, sem störfuðu á vegum ríkisins og ríkisstofnana það ár, sem reikningurinn næði til. Þessi tillaga þótti allfyrirferðamikil, þegar hún kom fram í fyrsta sinn, og það tók ein tvö ár að koma henni í framkvæmd. En með ríkisreikningi fyrir árið 1969 kom þessi skrá fram fyrst, og síðan hefur hún svo fylgt ríkisreikningi, svo sem nú er gert að þessu sinni. Það hefur verið venja að leggja þessa skrá fram, þegar ríkisreikningur hefur verið lagður fram endurskoðaður. Nú þótti mér hins vegar hlíta að láta skrána fylgja strax með ríkisreikningnum, þegar hann var lagður fram, þó að endurskoðun væri ekki lokið. Um þessa nefndarskrá hafa orðið allmiklar umræður. Eins og oft vill verða hefur svo farið, að talað er um þessi mál eins og það sé nú í fyrsta sinn, sem nefndir hafi starfað að málum, á vegum ríkisins, og útgjöldin þess vegna mikið umtöluð eins og ný útgjöld væru. Nú hef ég ekkert við það að athuga, hvernig menn haga vinnubrögðum sínum um frásagnir, það verður að vera þeirra mat. En mér þykir hlýða að gefa hér nokkra frekari greinargerð um þessa starfsemi í ríkiskerfinu heldur en þó er gert með nefndaskránni, sem þó er vel gerð, og ljóst er það, að hún er betur gerð núna heldur en nokkru sinni fyrr, þar sem þetta er að færast í fast horf, og ég hygg, að flest ráðuneyti séu nú búin að taka upp þau vinnubrögð að skrá nefndirnar inn í bækur sínar, strax og þær eru skipaðar á vegum ráðuneytanna, þær sem þannig eru, og afskrá hinar, sem niður eru lagðar.

Þessum nefndum er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru stjórnir og ráð, sem Alþingi kýs. Í öðrum flokki eru nefndir kjörnar og skipaðar skv. lögum og ályktunum Alþingis. Í þriðja flokki eru nefndir skipaðar af stjórnvöldum. Fjöldi þeirra nefnda, sem vinnur í hverjum flokki fyrir sig, er þannig, að stjórnir og ráð, sem Alþingi kýs, eru 40 á árinu 1971, 9.5% af heildarfjölda nefnda, kostnaður 10 338 millj. eða 22.6%. Í öðrum flokki eru nefndir kjörnar og skipaðar skv. lögum og ályktunum Alþingis, 146, 34.7% af heildarfjölda nefnda, kostnaður 21.3 millj. eða 46.4%. Í þriðja flokknum eru nefndir skipaðar af stjórnvöldum, sem eru 235, eða 55.8% af heildarfjölda nefnda, kostnaður 14 149 millj. eða 31%. Samtals eru þessar nefndir 421 á árinu 1971 og heildarkostnaður er 45 778.8 millj. kr.

Þegar þetta er athugað nokkru nánar, kemur í ljós, að hér eru taldar allar þær nefndir, sem unnu á árinu, alveg án tillits til þess, hvort þær væru hættar störfum, þegar skráin kemur út, eða í árslok. Eftir því sem athugað hefur verið, þá eru samtals 76 nefndir, sem voru búnar að ljúka störfum fyrir áramót 1971, af þeim 421, sem í skránni eru taldar. Um slíka talningu frá fyrri árum hef ég ekki fyrir mér. Af þessum nefndum voru ólaunaðar nefndir og stjórnir 47 talsins. Breytingin á milli ára er sú, að ef tekin eru heildarlaun nefndanna, þá voru þau á árinu 1970 35.9 millj. og hækkuðu frá árinu 1969 um 36.5%. Á árinu 1971 var heildarkostnaðurinn 45.8 millj., og hækkunin var þá frá fyrra ári 27.6%.

Eins og fram hefur komið í umræðum um þessar nefndir, þá er þetta að sjálfsögðu mjög

misjafnt á milli hinna einstöku ráðuneyta, og er það ekki nema eðlilegt, vegna þeirrar verkaskiptingar, sem á milli ráðuneytanna er. Á vegum menntnrn. eru nefndirnar flestar, eða 126, og kostnaðurinn 8.2 millj. kr. Næsthæst að nefndafjölda er iðnrn. með 52 nefndir, en þar er kostnaður ekki nema 4 millj. kr. Hins vegar er sjútvrn. næst að kostnaði, það er þó ekki með nema 29 nefndir, stjórnir og ráð, og þar er kostnaðurinn 6.3 millj. kr. Heilbr.- og trmn. er með 40 nefndir og kostnaður 5.6 millj. kr. Fjmrn. er með 36 nefndir og kostnaðurinn er 5.3 millj. kr.

Nú hefur það að sjálfsögðu orðið svo í umræðum um þetta, eins og ég gat um í upphafi, að úttalað er eins og núv. ríkisstj. hafi skipað allar þessar nefndir, stjórnir og ráð og standi fyrir kostnaðarútgjöldum vegna þess. Þess vegna hef ég gert nokkurn samanburð á því, hvernig þessi skipting hefur orðið milli ríkisstjórnanna, Viðreisnar- og núverandi ríkisstjórnar. Þar koma nær eingöngu til greina nefndir skipaðar af stjórnvöldum.

Heildarkostnaður við stjórnskipaðar nefndir var 1971 14 149 millj. eða 31% af heildarkostnaði nefnda. Á vegum núv. ríkisstj. voru skipaðar þessar nefndir og kostnaður er þessi:

Forsrn. hafði skipað 2 nefndir, eftir að núv. ríkisstj. tók við, og kostnaður við þær nefndir var 90 þús. kr. Menntmrn. hafði skipað 11 nefndir og kostnaður við nefndirnar var 81 850 kr. eða 1.6% af heildarnefndarkostnaði á vegum þess rn. á árinu. Á vegum utanrrn. hafði engin nefnd verið skipuð. Á vegum landbrh. höfðu 4 nefndir verið skipaðar, enginn kostnaður var greiddur. Á vegum sjútrn. höfðu 2 n. verið skipaðar, enginn kostnaður greiddur. Á vegum dómsmrh. hafði engin n. verið skipuð. Á vegum félmrn. höfðu verið skipaðar 5 n., heildarkostnaður var 474 þús. eða 13.5% af heildarnefndarkostnaðinum. Á vegum fjmrn. höfðu 4 n. verið skipaðar, heildarkostnaður var 135 þús. eða 2.5% af kostnaði af n. á vegum þess rn. á þessu ári. Á vegum samgrn. höfðu engar n. verið skipaðar. Á vegum iðnrn. höfðu verið skipaðar 9 n., og var sá kostnaður 834 þús. eða 20.5%. Á vegum viðskrn. hafði ein n. verið skipuð, enginn kostnaður, og af Hagstofunni engin.

Á vegum þessarar ríkisstjórnar höfðu því verið skipaðar 40 nefndir eða milli 17 og 18% af þessari nefndarskipun. Kostnaður við þær var á árinu 1 millj. 614 þús. eða 11.5% af þeim kostnaðarliðum, sem fór til n., sem ríkisstj. hafði skipað. En á sama tíma hafði þessi ríkisstj. lagt niður 26 n., og síðar, á þessu ári, 7 n., og hafa verið 33 n. lagðar niður, er þetta yfirlit er gert eða réttara sagt 26 n. voru lagðar niður, en 40 skipaðar á árinu sem leið, og það eru 14 fleiri, sem voru skipaðar en niður lagðar. Þess vegna er það nú svo, þegar litið er á þennan heildarnefndarkostnað, að þá kemur það í ljós, að hann tilheyrir að mestu leyti fyrrv. ríkisstj., en ekki núverandi, eins og þetta yfirlit sýnir.

Eins og venja er, hefur orðið allmikil umræða um það, hvað fjárlagafrv. þetta hækkar frá yfirstandandi fjárlögum, en þó fyrst og fremst hvað hækkunin er mikil frá fjárlögunum fyrir árið 1971. Ég hef bæði í þessari ræðu minni og eins áður gert athugasemdir við þessar umræður að því leyti, að mér hefur ekki fundizt þessi samanburður réttmætur, þar sem svo mjög skortir á það, að inn í fjárlög 1971 væru teknir veigamiklir útgjaldaliðir, eins og launahækkanir og fleira, sem hefðu afgerandi áhrif á útgjöld það ár og reyndar síðar. Til þess að fá þennan samanburð nokkru réttmætari að minni hyggju heldur er gert er í þessum almennu umræðum, þá hef ég látið gera samanburð á ríkisreikningi á milli áranna, allt frá því það form ríkisreiknings var upp tekið, sem nú gildir. Ég tek inn í þennan samanburð áhrif breytinganna eins og þau hafa orðið á milli ára, og þá bætt við árið 1972 þeim hækkunum, sem líkur eru fyrir að verði á útgjöldum þessa árs frá fjárlögum. Frá árinu 1968 til 1969 var þessi mismunur 9.9%. Frá árinu 1969—70 var mismunurinn 23.2%. Frá árinu 1970—71 var hann 44.7%. Frá 1971—72 er hann 22.3%, miðað við fjárlög, en 27.5% miðað við að bæta við þeirri fjárhæð, sem ég gerði grein fyrir áðan. Í sambandi við mismuninn á milli áranna 1971 og 1972 vil ég geta þess, að ef tilfærslur hefðu ekki orðið á milli ríkis og sveitarfélaga, svo sem þá átti sér stað, þá hefði þessi hækkun á milli ríkisreikninga þessara tveggja ára ekki orðið nema 20—22%. Það má reyndar með réttu segja, að þetta sé ákvörðun stjórnvalda, sem tekin er um þessi auknu útgjöld ríkisins, sem sveitarfélögin sinntu áður, en ný útgjöld eru það ekki hjá stjórnsýslunni í heild, því að þau koma til með að lækka útgjöld sveitarfélaganna sem sömu fjárhæð nemur. Þessi samanburður er að minni hyggju skynsamlegri og réttmætari heldur en það tal, sem hefur orðið um hækkun ríkisútgjalda í höndum núv. ríkisstj. Ef samanburður er gerður frá 1971 til 1973, þó að sveitarfélagadæmið sé tekið þar með, þá er um að ræða 46.8% hækkun á þessum tveimur árum, en á tveim árunum á undan, árunum 1969—1971, er hækkunin nær 79%. Hækkunin er hlutfallslega þetta lægri, þrátt fyrir það að á þessum tveimur síðari árum hefði verið gerð sú róttæka breyting um tilfærslu á milli ríkis og sveitarfélaga, sem áður er getið. Í þeim umræðum, sem fram hafa farið um hækkun ríkisútgjalda, gleyma fyrrverandi stjórnarherrar algerlega sínum ákvörðunum og áhrifum á ríkisreikninginn 1971 og reyndar á útgjöld ríkissjóðs síðan.

Eins og fram hefur komið í ræðu minni hér að framan, eru 3 atriði, sem mestu hafa valdið um hækkanir ríkisútgjalda á árinu 1971 og síðan. Þau eru launhækkanir, tryggingabætur og dýrtíðarráðstafanir. Þegar hafðar eru í huga verðstöðvunaraðgerðir haustið 1970, þarf engan að undra, þó að aðgerða í efnahagsmálum sé þörf. Þá treysti Viðreisnarstjórnin ekki atvinnuvegunum til þess að greiða fulla verðlagsvisitölu á það kaupgjald, sem þá var í gildi. Það var þó almannarómur, að laun á hinum almenna vinnumarkaði þá væru svo lág, að þau fengju ekki staðizt til lengdar. Viðreisnarstjórnin mat ekki stöðu atvinnuveganna betur en svo þá, að þrátt fyrir hagstæð aflabrögð og

hækkandi verðlag á útflutningsafurðum væri stóraðgerða þörf. Sú stefnuákvörðun Viðreisnarstjórnarinnar, sem þá var tekin, var fólgin í því að færa erfiðleika atvinnuveganna inn í ríkissjóð, sem gert var með stórauknum niðurgreiðslum, svo að verðstöðvunin væri framkvæmanleg. Á tímabilinu frá nóvember 1970 til júlí 1971 jók Viðreisnarstjórnin niðurgreiðslur og þar með útgjöld ríkissjóðs og frestaði verðhækkunum fram yfir 1. sept. 1971, svo sem hún mögulega gat. En öllum var ljóst, að til lengdar yrði þeim verðhækkunum sumum hverjum ekki frestað nema um takmarkaðan tíma vegna þess, hvers eðlis þær voru. Þessu til viðbótar í viðskilnaði Viðreisnarstjórnarinnar kom það, að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði voru lausir um haustið 1971. Ljóst var, að við gerð nýrra kjarasamninga hlaut að verða tekið mið af samningum ríkisstj. við ríkisstarfsmenn, bæði um hækkanir taxta og vinnutímalengd. Með samstarfi aðila vinnumarkaðarins og núv. ríkisstj. tókst að koma kjarasamningum heilum í höfn fyrir áramótin 1971, án þess að til stórátaka kæmi, svo sem verkfalla, eins og kunnugt er, og vinnufriður var þar með tryggður til tveggja ára. Öllum var ljóst, að við gerð þessara kjarasamninga var gengið það langt, að ef til áfalla kæmi í atvinnurekstrinum, svo sem verulega drægi úr þorskveiðum, eins og átt hefur sér stað á þessu ári, mundi til erfiðleika koma. Þar við bættist svo það, að vegna gengisbreytinga erlendis hefur verðlag hækkað hér nokkuð, og svo voru til staðar duldar verðhækkanir frá verðstöðvunartímabilinu, svo sem áður er fram tekið, og einnig var ljóst, að kjarasamningarnir mundu leiða til einhverrar hækkunar á vöruverði á innanlandsmarkaði.

Þegar þær forsendur eru hafðar í huga, sem hér hafa verið raktar, þarf engan að undra, þó að við nokkurn efnahagsvanda sé nú að etja. En ég legg áherzlu á það, að til aðgerða eða aðgerðaleysis fyrrv. ríkisstj. má rekja verulegan hluta þess vanda.

Það hefur verið deilt á það í umræðum um þetta fjárlagafrv., að það skorti útgjöld til að leysa efnahagsvandamálin nú. Ég vil í tilefni af því segja það, að það orkar mjög tvímælis að mínum dómi, hvað langt á að ganga inn á braut niðurgreiðslna og þar með beinna ríkisafskipta af atvinnurekstri. Við fjárlagafgreiðslu fyrir árið 1972 var reynt að snúa aftur af þeirri braut, sem ákveðin var af Viðreisnarstjórninni með verðstöðvunarlögunum 1970, og draga úr niðurgreiðslum. Það var að sjálfsögðu fordæmt af núverandi stjórnarandstöðu. Því miður reyndist ekki fært að halda það út á þessu ári, svo sem til var stofnað, og var aftur horfið að fyrri aðgerðum í niðurgreiðslum. Enda þótt það sé nú gert og ég geri mér ljóst, að ekki er enn þá séð, hvað ofan á verður um heildarniðurgreiðslur við afgreiðslu fjárlagafrv., þá lýsi ég þeirri skoðun minni, að niðurgreiðslur eru nauðsynlegar og réttmætar að vissu marki. Við það er þetta fjárlagafrv. að verulegu leyti miðað. En þær verða að eiga sín takmörk, því að inn á ýmis hættusvið geta þær að öðrum kosti leitt. Ég vil líka leggja áherzlu á það, að ég tel vísitöluverðlagsmælin nauðsynlegan og sjálfsagðan, sem vörn um kaupmátt launa, en sú vísitala verður að vera uppbyggð með þeim hætti, að hún sé miðuð við almennt neyzlustig þeirrar neyzlu, sem neytandinn þarf til þess framfæris, sem öllum er nauðsyn, og miða að réttu mati neyzlustigsins innbyrðis. En hún má ekki verða til þess, að stjórnvöld hafi ekki eðlilegt svigrúm til hæfilegrar og skynsamlegrar tekjuöflunar, þannig að hún hafi bein áhrif á val tekjustofna og komi í veg fyrir skynsamlegar og nauðsynlegar aðgerðir til félagslegrar uppbyggingar og atvinnuöryggis. Þá er grundvöllur hennar rangur, þá getur hún beinlínis orðið til þess að glata því, sem mest er um vert, atvinnuöryggi og fjárhagslegu sjálfstæði. Ég legg áherzlu á þetta án þess að ræða efnahagsmálin frekar að sinni.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu, enda það orðið alllangt. Ég hef í ræðu minni hér að framan sýnt fram á, að tal um hækkun þessa fjárlagafrv. í samanburði við fyrri fjárlög Viðreisnarstjórnarinnar er ekki byggt á raunhæfu mati. Ég hef hins vegar sýnt fram á það í ræðu minni hér, hvert það raunhæfa mat er. Mér er ljóst og mun ekki biðjast undan því, að fjármálastjórnin nú verði gagnrýnd, frekar en fyrri daginn. En ég ætlast til þess, að þeir, sem það geri, hafi ekki gleymt fortíð sinni og áhrifum sínum á þau útgjöld, sem ríkissjóður verður nú að standa straum af, því að svo skammt er undan síðan völd þeirra og ráð réðu hér og svo langan tíma hefur það varað, að það er ekki von, að nú séu þau með öllu útþurrkuð. Ég vek hins vegar athygli á því, að sú félagslega uppbygging, sem einkennir þetta fjárlagafrv. að öðrum þræði, er sú stefnumörkun, sem núverandi ríkisstj. tók við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972 og mun halda áfram í starfsemi sinni. Það er einmitt sú félagslega uppbygging, sem fólkið í þessu landi þarf fyrst og fremst. Hins vegar mun í því sem öðru verða að fara að með gætni, og margt verður að sjálfsögðu að bíða, enda er það öllum ljóst, að svo verður að vinna að farsælli uppbyggingu í þjóðfélaginu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði fjárlagafrv. fyrir árið 1973 vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fjárlög eru jafnan eitt mikilvægasta mál hvers Alþ., og það er með nokkurri eftirvæntingu, sem ekki aðeins alþm., heldur þjóðin öll bíður þess, að fjárlagafrv. sé lagt fram. Svo var að vonum einnig nú, ekki sízt eftir þau ósköp, sem á undan voru gengin, þ. e. a. s. eftir fyrstu fjárlög vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1972, þar sem útgjöld ríkissjóðs voru á einu ári hækkuð um 50%. Og ég hygg, að þó að hæstv. fjmrh. sé snjall í prósentuútreikningi, — ég held, að ég hafi aldrei í neinni ræðu áður heyrt jafnmargar prósentur lesnar upp eins og hann gerði hér í dag, — þá verði harla erfitt fyrir hann að afsanna þessa staðreynd. Það er að vísu hægt að halda því fram, eins og hann gerði, að fjárlög eða ríkisreikningurinn 1971 hefði orðið hærri en fjárlög urðu. Það er ekkert nýtt mál. Við eigum líka eftir að sjá það, hvað ríkisreikningurinn 1972 verður

hár, þegar öll kurl eru komin til grafar. En ég var satt að segja farinn að halda, að hæstv. ráðh. mundi komast svo langt í prósentureikningi sínum, að honum tækist bæði að sanna það, að fjárlög hefðu farið lækkandi og jafnframt að skattar hefðu farið lækkandi, hvað þá að yfirdráttur ríkissjóðs við Seðlabankann hefði farið lækkandi. Það er nú svo augljóst mál, að hann er ekki umtalsverður sá litli yfirdráttur, sem þar er, þannig að samtímis þessu, þegar talað er um ýmsa aðra þætti þessa máls og staðreyndirnar, sem við augum blasa, þá er dálítið erfitt að fá þetta dæmi til þess að ganga upp. Hæstv. ráðh. hefur áður verið dálítið seinheppinn í prósentuútreikningum, en það var, þegar hann fór að reikna ábyrgð skattal. á s. l. vetri. Það er vonandi að ekki fari eins með prósentuútreikninga hans í þetta skiptið.

En það er eitt atriði, sem ég vildi beina til hæstv. ráðh., af því að mér er persónulega vel við hann. Og það er að hætta þeim hlálega hætti að hafa eftir orðtæki, sem ýmsir meðráðh. hans nota nú kannske meira en hann, þó að hann hafi nokkuð notað það til þessa, þ. e. að tala um, þegar hann er komin í vandræði með eitthvað, að það sé vegna arfsins frá fyrrv. stjórn. Það er ekki endalaust hægt að lifa á svona tali. Það er er ekki endalaust hægt að koma sér út úr öllum vandræðum með því að segja bara það eitt: Ja, það voru nú þessir vondu menn, sem voru á undan. Eftir visst árabil hljóta menn að taka litið mark á þessu og láta sér detta það í hug: Eru þeir menn, sem hafa tekið við völdum, þess ekki umkomnir að breyta þessu ástandi? Og ekki sízt verður þetta hlálegt fyrir þá sök, að enn þá hefur ekki verið fundin viðurkenning á því, að nokkuð af því, sem þeim var eftir skilið, hafi í raunninni verið slæmur arfur. Okkur er sagt, að launahækkanir til opinberra starfsmanna og launahækkanir yfirleitt hafi verið, bæði í fyrra og í ár, og verði á næsta ári höfuðorsök útgjaldahækkunar ríkissjóðs. Ég veit ekki betur en hinir ágætu stjórnarliðar séu allra manna mestir talsmenn fyrir kauphækkunum. Og ég man ekki betur en svo, að í fjárlagafrv. í fyrra væri í grg. þess tekið fram, að kauphækkanir til opinberra starfsmanna hefðu verið sjálfsagðar. Og það er meira að segja talað um útgjöld til almannatrygginga sem einn þátt í arfinum. Þetta eru tveir hæstu útgjaldaliðirnir. Samtímis stærir ríkisstj. sig af því, að hún hafi ætlað að gerbreyta um stefnu með auknum félagslegum umbótum. Þetta eru tveir langhæstu liðirnir fjárlagafrv., bæði í fyrra og nú, og hvernig má þetta samrýmast, ef þetta er allt saman svona ágætt, þessar umbætur báðar? Bæði er sjálfsagt að greiða ríkisstarfsmönnum jafnt sem öðrum eðlileg laun og jafnframt sjálfsagt, ekki aðeins að halda í það, sem samþ. var af fyrrv. ríkisstj., heldur jafnvel að auka tryggingabæturnar til almennings. En þetta eru höfuðorsakir hækkananna, að manni er sagt. Samhliða er þetta hinn slæmi arfur, og í þriðja lagi er þetta dæmi um hina ágætu stefnu núv. ríkisstj.

Þetta dæmi fæ ég ekki til að ganga upp. Það er kannske vegna skilningsleysis míns, en hæstv. ráðh. kemur mér þá vonandi inn á réttar brautir í því. Að vísu rakst ég á nokkuð, sem koma mér dálítið kynlega fyrir sjónir, ekki sízt vegna lokaáskorunar hæstv. ráðh. um það, að vonandi hefðu menn ekki gleymt orðum sínum. Ég held, að hann hafi talað nokkuð ákveðnum rómi um það í lok ræðu sinnar áðan. Og vitanlega er það hárrétt, að menn eiga að lifa í samræmi við þær kenningar, sem þeir hafa haldið fram. Og ég efast ekkert um það, — ég vil a. m. k. vonast til þess, — að hæstv. ráðh. hafi alveg þá sömu skoðun nú eins og hann hafði fyrir örfáum árum, þegar hann var í stjórnarandstöðu. En það vildi svo einkennilega til, að ég rakst á ræðu hæstv. ráðh., sem hann flutti við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1971, þ. e. a. s. í sambandi við síðustu fjárlög, sem hér voru til meðferðar, áður en hann tók á sig ábyrgðina á fjárlagagerðinni. Og einhvern veginn finnst mér, að þessa ræðu hefði jafnvel mátt flytja sem gagnrýni á þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir nú. Ef breytt er nokkrum tölum, sem ekki eiga við, þá hefði ég getað lesið þessa ræðu hér upp. En af því að mér finnst leiðinlegt að nota ræður annarra manna og dálítið hlálegt að koma hæstv. ráðh. í þann vanda að þurfa að svara sjálfum sér, þá ætla ég að sleppa þessu. En ég ætla þó að nota fyrstu setninguna a. m. k. Hún hljóðar þannig: „Fjárlög eru spegilmynd af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstj., sem að þeim stendur. Fjárlagafrv. (þá fyrir árið 1971) er góð sönnun fyrir gildi þessarar reglu. Einkenni þess sem fyrri fjárl. ríkisstj. er verðbólga og útþennsla ríkiskerfisins."

Dettur nú nokkrum í hug, að þetta eigi við í dag? Það skyldi þó ekki vera. Það er bara einn galli á þessari setningu. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðh., að fjárlög eiga að vera spegilmynd af efnahagsstefnu ríkisstj. En það bara vantar myndina í rammann núna. Þetta frv., sem við höfum fyrir framan okkur, er myndlaust eða a. m. k. myndin er sá óskapnaður, að það er ómögulegt að lesa út úr henni nokkra einustu efnahagsstefnu. Enda forðaðist hæstv. ráðh. mjög vandlega að tala um slíka stefnu í sinni ræðu áðan, þó að hann kæmi víða við.

Hann reiknaði líka út fyrir tveimur árum, að ég held, mjög fróðlegan útreikning. Hann hefði gjarnan mátt halda þeim útreikningi áfram núna, af því að honum er svo annt um útreikninga og prósentutölur. Hann reiknaði það út, hvað fjárl. mundu verða orðin há árið 2000 með áframhaldi þeirrar stjórnarstefnu, sem þá var ríkjandi. Að vísu benti ég honum á þá, að það væri harla mikil svartsýni, ef hann héldi það, að þeir kæmust ekki til valda fyrr en árið 2000. Enda fór það nú svo, að þeir komust til valda fyrr. En vildi nú ekki hæstv. ráðh. vera svo elskulegur að endurskoða þennan útreikning, sem hlýtur að sjálfsögðu að verða miklu hagstæðari þjóðinni, eftir að hann er tekinn við og getur nú komið við sinni stefnu?

Ég ætla ekki að reyna að reikna út, hvað fjárl. verða árið 2000. Ég hygg, að núllin verði þá orðin svo mörg aftan við einhverja ákveðna tölu, að það sé í rauninni ólíklegt, að menn átti sig á þeim stjarnafræðilegu tölum, sem þá kæmu út. Staðreyndin, sem við okkur blasir, er sú, að fjárl. ná nú 20 milljörðum. Annað fjárlagafrv.

vinstri stjórnarinnar gerir ráð fyrir 20 milljarða útgjöldum, sem er, — eða má gera ráð fyrir að verði eftir meðferð Alþ., — um það bil tvöföldun frá fjárl. fyrir árið 1971, og geri aðrir betur. Ég hef sagt áður nú í haust, að vonandi takist engum að slá það met. Og vitanleg tjóa ekki neinir prósentuútreikningar í þessum sökum, vegna þess að það blasir við öllum, sem það mál hugsa, að tvöföldun, t. d. 1000 millj., er allt annað en tvöföldun 10 þús. eða 20 þús. millj., þannig, að prósentutölur einar koma hæstv. ráðh. ekki að haldi. Það er staðreynd, að hann er methafi í háum tölum. Honum hefur tekizt að slá hvarvetna öll þau met í eyðslu, sem áður hafa verið sett. Það eru 20 milljarðarnir, sem þjóðin starir á í dag, og ég held, að flestir séu sammála um það, hvað sem líður öllum prósentuútreikningi hæstv. ráðh., þá getur hann aldrei reiknað sig frá þessari tölu, a. m. k. ekki niður á við, því að það er ljóst, sem ég mun síðar koma að, að það er enn mjög langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar. Þetta eru aðeins almennar hugleiðingar út af þeim almenna málflutningi, sem ræða hæstv. ráðh. einkenndist af, en ég mun nú reyna að víkja að málinu á svipaðan hátt og hæstv. ráðh. gerði eða í svipaðri röð efnisatriða, til þess að það verði þægilegra að átta sig á samhengi málsins.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, þegar hann gerði grein fyrir árinu 1971, að það hefði verið arfur fyrrv. ríkisstj., sem skapaði hallarekstrinn á því ári. En á því ári gerðust þau ósköp, að staða ríkissjóðs versnaði miðað við árið áður um 800 millj. kr. Í stað þess að árið 1970 var um 460 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, þá tókst hæstv. ráðh. á fáum mánuðum að koma þessu yfir í 339 millj. kr. greiðsluhalla. Og þetta er náttúrlega allt saman arfur frá fyrrv. stjórn. Og í hverju var þessi arfur fólginn? Hæstv. ráðh. vék sér algerlega undan þeirri skyldu að gera grein fyrir því, hvað hann aðhafðist, eftir að hann kom í stjórnarsess. Ég er ekki að segja, að það hafi verið illt verk, sem hann vann. En frá sjónarmiði ríkisbúskapar ins var það fjarstæða að gera það, sem ríkisstj. þá gerði. En það var að ákveða að láta lög um almannatryggingar taka þá þegar gildi, og leggja allan þunga þeirra útgjalda á ríkissjóð, sem raunar varð ekki hjá komizt, þar sem sveitarfélögin gátu ekki bætt sér upp þann útgjaldaauka, sem varð af þeim sökum. Jafnframt var ákveðið að halda áfram niðurgreiðslum til áramóta. Niðurgreiðslunum hefði mátt halda áfram, og það hefði ekki leitt til halla fyrir ríkissjóð, og það voru líka nægar umframtekjur hjá ríkissjóði til þess að greiða þær umframlaunahækkanir, sem ráðh. lagði svo mikið upp úr í sinni ræðu. En hér var um að ræða 650 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Hefðu þessar ráðstafanir ekki verið gerðar, þá hefði ríkisbúskapurinn einnig verið með greiðsluafgangi árið 1971, sem var auðvitað þjóðarnauðsyn miðað við þá þenslu, sem var orðin í þjóðfélaginu.

Nú munu menn spyrja, hvort ég sé á móti bótum til gamals fólks? Allir vita nú, hvað hæstv. núv. ríkisstj. hefur verið góð við gamla fólkið. Það sýndu nú skattalögin í fyrra. En því fer víðs fjarri. Ég er ekkert að fordæma það út af fyrir sig, að hæstv. ráðh., án þess að hafa nokkra peninga til þess, ákvæði að greiða þarna um 500 millj. úr ríkissjóði með því að láta þegar taka gildi löggjöf, sem átti að taka gildi þá um næstu áramót og sem fyrrv. ríkisstj. ætlaði ekki að láta taka gildi fyrr, vegna þess að hún hafði ekki fjármagn til þess og taldi það ábyrgðarleysi að gera það, þó að um gott mál væri að ræða, án fjárráða. En hæstv. ráðh. bar skylda til, eins og ástandið var í efnahagsmálum þjóðarinnar og horfur, að gera samtímis tekjuöflunarráðstafanir til þess að mæta þessum útgjöldum. Það er vissulega rétt, að gamla fólkinu veitti ekkert af þessum peningum og þessum bótum og að þessi löggjöf fyrrv. ríkisstj. tæki þegar gildi, en það var skylt að afla fjár til þess að standa undir þessum útgjöldum. Það er þetta ábyrgðarleysi í þessu efni, sem ber að átelja og leiddi til þess greiðsluhalla, um 340 millj. kr., á mesta góðæri í sögu þjóðarinnar, sem við stöndum nú andspænis og hæstv. ráðh. hefur hér lokið við að gera Alþ. grein fyrir.

Þegar lá fyrir að afgreiða fjárl. fyrir árið 1972, þá var það algerlega ljóst, að mikið þensluástand var framundan í efnahagslífi þjóðarinnar. Og hvort sem þar var um arf að ræða eða ekki, þá skipti það engu máli. Ríkisstj., sem er við völd og ætlar sér að stjórna, ber skylda til að mæta vandanum og reyna að leysa hann, hver sem á sök á honum. Það dugir ekki bara að hrópa: „Ég á enga sök“ og láta svo fljóta sofandi að feigðarósi. Það verður að mæta vandanum á réttan hátt. Þetta gerði hæstv. ríkisstj. ekki. Hún skapaði beinlínis með aðgerðum sínum stóraukið þennsluástand í þjóðfélaginu með fjárl. sínum, sem út af fyrir sig hefðu verið góðra gjalda verð, ef í þeim hefði falizt ráðstafanir til þess að safna fjármunum, leggja til hliðar digra sjóði. Menn vita nú, hvað digrir sjóðirnir eru, sem til eru í landinu í dag, og þarf ég ekki að rekja þá sögu. En að ausa út öllu þessu fé, þótt það kunni að vera til hinna gagnlegustu þarfa í þjóðfélaginu, það er auðvitað stórvítaverð stefna. Það var ekki nóg með það, að fjárlög væru hækkuð um 5.6 milljarða, sem var um það bil samanlögð hækkun fjárl. síðustu fjögur árin þar á undan, heldur var boginn spenntur eða þaninn enn meir með því að leggja fram framkvæmdaáætlun, þar sem um var að ræða þrefföldun fjáröflunar til framkvæmda og sjöföldun fjáröflunar í útgáfu spariskírteina. Út af fyrir sig er fjáröflun innanlands góðra gjalda verð á þennslutímum, en það gildir það sama um það og ég áðan sagði um ríkisbúskapinn, að það getur verið góðra gjalda vert að safna fé og jafnvel að leggja á háa skatta, ef það er lagt til hliðar til að vinna gegn þennslu. En með þessum ráðstöfunum og að dreifa út öllu þessu fé, þó að, — eins og ég endurtek, — að það væri til hinna þarflegustu hluta, þá var aukið á vandann, það var dregið vinnuafl frá atvinnuvegunum, þegar hvarvetna skorti vinnuafl og auðvitað framkvæmd alröng stjórnarstefna í heild, vegna þess að þegar þensla er almennt í þjóðfélaginu, þegar framkvæmdavilji einstaklinga og atvinnuvega er mikill, þá á hið opin-

bera að draga saman seglin, en hins vegar öfugt, þegar samdráttur verður í atvinnulífinu og menn standa andspænis atvinnuleysi, þá á að dreifa út auknu fjármagni, eins og gert var á árunum 1968—1969, jafnvel þótt það kosti hallarekstur hjá ríkissjóði, eins og þá var. Nú hefur boginn verið þaninn svo, að það er vitað, að það á sér þegar stað bæði stórfelldur skortur á vinnuafli, en þó kannske það, sem er enn verra, verulegar yfirborganir, sem leiða til stóraukinna vandræða fyrir atvinnuvegina. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. svarar þessu með því, að þetta hafi verið arfur. Það getur svo sem vel verið. Og hann um það. En þetta er nú einu sinni staðreynd, og hæstv. ríkisstj. bar, ef hún var stjórnhæf, að taka á þessum vanda. Ég man, að ég las í grg. frá sérfræðingum ríkisstj., — sem eru mjög skynsamir og glöggir menn og ríkisstj. hefur nú haft vit á að leita til, þó að hún ætlaði sér að treysta á brjóstvitið, þegar hún tók við völdum, en núna þegar hún er búin að sigla öllu í strand, þá á að fara til þeirra og biðja þá að leysa vandann og finna einhver úrræði. — En ég sá þar, ég man ekki orðrétt setninguna, held, að hún hafi verið eitthvað á þá leið, þegar búið var að hugleiða, hvaða áhrif þessi útgjaldaauki og framkvæmdahraði ríkisstj. og umbótavilji, skulum við kalla það, muni hafa í för með sér, að sennilega verði að láta þetta ganga yfir. Það kann að vera, að menn geti huggað sig við þetta í bili, en ég held, að afleiðingarnar af þessari rausn, bæði árið 1971 og 1972, — sem hæstv. ráðh. hneykslast mjög yfir, að menn hafi kallað veizluhöld, — þær minni dálítið á svipað og henti blessaðan Allende í Chile. Ég vona, að það sama hendi nú ekki núv. ríkisstj. Hann vildi gera margt og mikið fyrir alla þjóðfélagsborgara, en það hefndi sín fljótlega. Það er bara, að það fari ekki eins. Ég óska sannarlega ekki þjóðinni þess, að það fari á sama hátt. Út í þá sálma skal ég nú ekki fara, það gefst kostur á að ræða það við hæstv. forsrh. hygg ég, næstu daga, þegar kemur til umr. hér í þinginu frv. um það, sem maður hefur nú aldrei haldið, að henti núv. ríkisstj. að taka nákvæmlega upp starfshætti fyrrv. ríkisstj. sem mest voru fordæmir og byrja á að safna í sarpinn vandamálunum, eins og það var orðað, en ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. Það gefst tækifæri til að ræða það þar.

Það er allt of langt mál að fara að ræða þann vanda, sem við stöndum andspænis nú 1972 varðandi ýmsa þá þætti, sem snerta þessa miklu þenslu. En ríkisstj. spennti sannarlega bogann of hátt að því leyti til, að það er gert ráð fyrir og búið að samþykkja framkvæmdir, sem ég sé ekki, hvernig hún ætlar að afla fjár til. Henni hugkvæmdist það, að hún gæti aukið og það væru engin takmörk fyrir því, hvað hægt væri að selja spariskírteini ríkissjóðs, sennilega vegna þess, að hún hefur reiknað með, að eftir að þessi stjórn væri tekin við völdum, þá væri hægt að bjóða út endalaust magn, vegna þess að nú þyrði enginn að eiga peninga lengur. En einhvern veginn hefur það nú farið svo, að menn vantreysta ekki peningum alveg þannig, að það hefur ekki tekizt að selja þessi skírteini, ekki einu sinni að hálfu leyti. Af þeim 500 millj., sem ríkisstj. bauð út eða ætlaði sér að bjóða út, hafa ekki selzt nema um 200 millj., og hygg ég ekki líklegt, að mikið seljist til viðbótar af þeirri upphæð fram til áramóta. Þetta lánsútboð var gagnrýnt af okkur sjálfstæðismönnum sérstaklega af þeirri ástæðu, að með þessu móti væri verið að draga úr því allt of lítla fjármagni, sem þegar væri fyrir hendi til aðstoðar atvinnulífinu og til þess að fjármagna nauðsynlega þróun þess og þann vaxtarbrodd, sem víða væri í því vegna bjartsýni þeirrar, sem tók að gera vart við sig á árinu 1970 og hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn tekizt að kæfa alveg. En látum það vera. Svona virðist þetta dæmi standa, að það geti reynzt erfitt að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem gert var hér ráð fyrir.

Hæstv. ráðh. vildi ekki fullyrða mikið um það, hver yrði útkoma ársins 1972, og ég vil auðvitað heldur ekkert um það fullyrða, fyrr en það dæmi liggur fyrir. Og vitanlega getur í því efni gerzt ýmislegt til áramóta. Ríkissjóður hefur tekið á sig veruleg ný útgjöld með verðstöðvuninni. Að vísu má segja, að hann hafi kannske unnið eitthvað á móti. Ég hef ekki tölulega útreikninga um það, og hæstv. ráðh. birti ekkert um það hvorki tölur né prósentur. En ég held, að það sé ekki of mikil svartsýni að gera ráð fyrir því, að það verði greiðsluhalli hjá ríkissjóði í ár, þrátt fyrir þær óhemjutekjur, sem nú streyma í sjóðinn og sem eru, eins og hæstv. ráðh. sagði, alllangt umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir. Að vísu hefur þetta m. a. fengizt með því, að hæstv. ráðh. er farinn að éta fyrirfram, ef svo má segja. Hann hefur hraðað innheimtu söluskatts um einn mánuð. Það getur hann ekki gert á næsta ári, nema fara að láta borga söluskattinn fyrirfram. Og með þessu móti hefur hann fengið drjúga summu í ríkissjóðinn á þessu ári, en það er aðeins í eitt skipti. Það eru því horfur á, að með öllum tilfæringum takist hæstv. ráðh., ekki sízt þar sem skattarnir koma til með að gefa mun hærri tekjur, heldur en gert var ráð fyrir, að láta þetta verða mun meira tekjuár en jafnvel hæstv. ráðh. dreymdi um. Þrátt fyrir það munu samt verða einhver ráð til þess að koma öllum þessum tekjum í lóg þannig, að það takist einnig að skila halla á þessu ári. Og horfir þá vissulega mjög illa og er ekki í miklu samræmi við þá áskorun hæstv. ráðh. í fjárlagafrv. nú og raunar einnig í fyrra, að það bæri brýna nauðsyn til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Greiðsluhallalaus fjárlög eru góð út af fyrir sig, ef um raunverulega greiðsluhallalaus fjárlög er að ræða, en ekki aðeins sýndartölur.

Hæstv. ráðh. hafði lagt í það allmikla vinnu eða látið einhvern leggja í það allmikla vinnu að afsanna það, að ríkissjóður væri í mikilli skuld við Seðlabankann. Ég man nú ekki, hvort hann reiknaði þetta ein 8 eða 10 ár aftur í tímann og sagði, að hún væri ekkert einsdæmi, staðan við Seðlabankann. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt, að á vissum tíma árs er alltaf yfirdráttur við Seðlabankann. Og vitanlega hlýtur

sá yfirdráttur að vaxa eftir því sem fjárlög hækka, nema ráðstafanir séu gerðar til þess, að ríkissjóður eigi eitthvert rekstrarfé, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að væri nauðsynlegt, og ég er honum algerlega sammála. Og þær hugmyndir höfðu áður komið fram, að nauðsynlegt *væri* að safna þessu fé. *Og ég* er honum líka alveg sammála, þó að það sé kannske ljótt að segja það hér, að eina ráðið til að safna þessu fé sé að taka lán, sem geri mönnum ókleift annað en standa andspænis því að borga afborgun af þessu láni, því að reynslan er sú því miður, að það gengur erfiðlega að halda í greiðsluafgang á fjárl. hér á hinu háa Alþ. Ég man, án þess að ég ætli að fara að draga hæstv. forseta inn í þessar umr., að í fjmrh.-tíð hans, við unnum einu sinni hér saman fyrir langalöngu, þá hafði hann þann hátt á til að mæta þessum vandræðum í þingi að hafa alltaf svolítið í pokahorninu. *Hann var forsjáll maður og hafði* því dálítinn sjóð, sem hann sýndi ekki, fyrr en búið var að afgreiða fjárlög. Nú er þetta ekki lengur hægt vegna þess, að nú er búið að koma þessu öllu inn í það gott kerfi, til góðs eða illa, að áætlanir eru gerðar af sérfræðingum, og það verður að sýna þessar tölur eins og mönnum þykir þær líklegar hverju sinni, svo að þessar varnaraðgerðir, sem núv. hæstv. fjmrh. beitti, eru ekki lengur til staðar, og ég skal ekki gagnrýna þá ráðstöfun hæstv. núv. fjmrh., þó að hann reyni að mynda þennan sjóð með því að taka lán fyrirfram og setja menn andspænis *því, að það þurfi að borga af þessu láni. Gall*inn er bara sá, að ég er ákaflega hræddur um, að mest af þessu láni fari í að borga hallarekstur ríkissjóðs og það sé alls ekki verið að safna neinum rekstrarsjóði fyrir ríkið og það er miklu lakara. Ef reksturshalli heldur áfram hjá ríkissjóði, þá étur það að sjálfsögðu upp þennan sjóð. En ef tækist að hafa greiðsluhallalausan ríkisbúskap og hafa sjóð, sem sannarlega veitti ekkert af, að væri um 1000 millj. kr., þá gerðist það auðvitað ekki, sem nú gerist, að ríkissjóður, hvort sem yfirdráttur hans er nú 1000 millj. eða 2000 millj., við getum látið það liggja á milli hluta, þó að það hafi auðvitað miklu meiri þýðingu hvað sem öllum prósentum líður, þegar menn fara upp í 2000 millj., þá hefur slík sveifla mjög óheppileg áhrif á efnahagskerfið og bankakerfið og fjármögnunarmöguleika þannig, að hér er auðvitað um brýna nauðsyn að ræða, sem ég skal ekki gagnrýna. Ég gagnrýni aftur á móti hitt, og það er í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt, að það, sem *olli hinum stórfellda* yfirdrætti hjá Seðlabankanum, sem stundum hefur verið talað um í blöðum og ég sé ekkert merkilegt við, þó að sé talað um, vegna þess að það er áhyggjuefni, þegar slíkur yfirdráttur er kominn jafnvel upp undir 2000 millj. kr., þá ber brýna nauðsyn til þess að koma á þessu skipulagi, sem hér er gert ráð fyrir. Auk þess má nú geta þess, sem ekki hefur áður, að ég held, skeð í jafnstórum mæli eins og nú er og stafar auðvitað af erfiðleikum í fjáröflun, að einn aðalfjárfestingarsjóður landsins mun hafa verið kominn upp í nálægt 500 millj. kr. yfirdrátt hjá Seðlabankanum, en ætti um jafnháan yfirdrátt, eins og var venja áður fyrir 2—3 árum, að ríkissjóður kæmist hæst. Þetta er auðvitað geigvænleg þróun. En þetta heldur auðvitað áfram að spinna upp á sig og það eyðileggur þessar út af fyrir sig skynsamlegu ráðstafanir hæstv. ráðh., ef *hann heldur áfram* að hafa hallarekstur á ríkisbúinu í mesta góðæri. Hvað á þá að gera, þegar að þrengir?

Hæstv. ráðh. flýtti sér dálítið mikið í ræðu sinni, þegar hann kom að því að gera grein fyrir 400 millj. kr. sparnaði, hvar hann hefði verið tekinn. Og ég held, að flestir hafi nú verið litlu nær. Hann sleppti jafnvel því að reikna, hve margar prósentur hvert rn. hefði átt að spara. Ég gat nú ekki skrifað hjá mér, — hann las það svo hratt, — hvaðan sparnaðurinn ætti að koma, nema það eitt, að mér skilst, að stjórn atvinnuleysistrygginga hafi verið skrifað og þær vinsamlega beðnar að falla frá um 100 millj. kr. kröfu á ríkissjóð, sem auðvitað gerist ekki nema með tvennum hætti annað hvort þeirri leið að draga úr fjárveitingu til húslánakerfisins, sem *allir vita*, að er nú í *stórkostlegum* þrengingum og mjög hefur staðið upp á ríkisstj. að fjármagna á nauðsynlegan hátt, eða þá þessi sjóður verður að ganga á varasjóð sinn. Öðruvísi er þetta ekki hægt. Og ég er ósköp hræddur um, að ég hefði fengið kveðju frá hæstv. ráðh., ef í sparnaðarfrv., sem hér var til meðferðar fyrir nokkrum árum, hefði verið stungið upp á slíku. Síðan var bara almennt reiknað út, að þetta og þetta rn., eitt á að spara 100 millj., annað 30 millj. og þriðja 40 millj., þangað til hæstv. ráðh. fékk töluna 400 millj. Og nú vissi hann alls ekki, hvort rn. hefðu sparað þessar millj. Og ég verð nú að leyfa mér að efast um það, að menntmrn. takist að spara 100 millj. Það eru mikil kraftaverk, sem þar eiga þá að gerast umfram það, sem áður hefur gerzt, og það væri saga til næsta bæjar, ef það tækist. Ég efast nú um það, að aðrir hæstv. félagar hans í ríkisstj. séu búnir að skila alveg sundurliðuðum lista yfir það, hvað þeir ætli að spara, svo að hæstv. ráðh. hafi þessar 400 millj. Ég verð a. m. k. að segja það, að þegar hann er að gera Alþ. grein fyrir þessu, þá er það naumast viðhlítandi að varpa fram svona tölum. Þegar fyrrv. ríkisstj. gerði sínar sparnaðartill., þá var það gert í sundurliðuðu frv. Menn gat greint á um það, hvort rétt væri að spara þetta eða hitt. En það var nákvæmlega sundurliðað eftir fjárlagaliðum, hvað ætti að *spara, og enginn lét sér detta í hug* að senda hverjum ráðh. miða: Þú sparar góði þetta og þú sparar hitt einhvers staðar. Það a. m. k. verð ég að segja, að þá eru þetta afburða snillingar og dyggir menn í ríkisstj., a. m. k. við hæstv. fjmrh., dyggari heldur en þegar þeir voru að reyna að laumast undan því að bera ábyrgð á skattal. hans í fyrra, ef þeir ætla að taka því með þökkum, að hann stingi að þeim miða til þess að draga úr útgjöldum og láti það gott heita og tæki það eins og það stæði í bibliunni.

Ég held, að ég eyði þá ekki fleiri orðum að árinu 1972, enda eins og hæstv. ráðh. gat um,

þá er enn þá nokkuð eftir af því ári og því ekkert að undra, að ýmislegt geti breytzt fram til ársloka, og því ekkert um það að sakast, þó að ekki sé endanlega frá því greint. En ég er ósköp hræddur um það, miðað við það, sem ég hef hér minnzt á og sérstaklega, ef hann rennur út í sandinn þessi 400 millj. sparnaður, að það verði skrítin útkoma og heldur ógiftusamleg á þessu ári ekki síður en árinu 1971, hvort sem verður reynt að komast út úr vandanum með því að segja, að það sé arfur. Við heyrum það þá næsta haust.

Hér liggur svo fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1973. Eins og ég sagði í upphafi máls míns og vitnaði þá til gamallar ræðu hæstv. ráðh. um, að fjárlagafrv. væri spegilmynd af efnahagsstefnunni á hverjum tíma, þá veit ég nú satt að segja ekki, hvað á að segja um þetta frv. Mér finnst það óhugnanlega mikið vera farið að sverja sig í ætt við fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar sálugu, en hún lagði síðustu tvö fjárlagafrv. sín fyrir þingið á nokkuð svipaðan hátt og þetta frv. er. Það var, — ég veit ekki, hvort maður má segja í þessu tilfelli, að botninn sé suður í Borgarfirði, — en það vantaði algerlega í þæði þau frv. allt það ,sem vantar í þetta frv. Í öðru tilfellinu var þetta afsakað með því, að embættismenn væru að rannsaka vandann, og það er í rauninni það sama, sem hér er verið að gera. Það er verið að rannsaka vandann, sem manni að vísu skildist nú í fyrra, að ríkisstj. vissi þá nákvæmlega, hvað væri stór, þegar hún tók við völdum og úthlutaði og beinlínis beitti sér fyrir stórfelldum kauphækkunum og kjarabótum í þjóðfélaginu. En látum það vera, að það hafi upplýstst fyrir henni, að hún hafi mátt skoða eitthvað betur. En um hitt frv. frá vinstri stjórnartímanum, þar var sömu sögu að segja, að í það vantaði öll úrræði og þá var því haldið fram, að það hefði ekki tekizt að hafa samráð við þm. stjórnarflokkanna. Nú veit ég ekki einu sinni, hvort þeir hafa verið kallaðir saman til þess að ræða vandann núna, enda skiptir það kannske minnstu máli. En alla vega er ekki hægt að sjá neitt í þessu frv., hver vandinn er, vegna þess að hann er blátt áfram ósköp einfaldlega þurrkaður út, gersamlega. Og hæstv. ráðh. segir, að það sé miðað við sáralitla kauphækkun og þetta sé allt harla gott. Ja, ég veit ekki, hvar menn lifa, hvort þeir eru enn þá hér á jörðinni eða hvort þeir eru komnir upp á tunglið, ef þeir halda það, að það sé hægt að horfa svona á þessa mynd.

Eins og ég sagi, þá er ekki hægt að saka hæstv. ríkisstj. út af fyrir sig um það, að hún leggi ekki fram till., sem hún á ekki til og biður eftir, að aðrir leggi henni upp í hendurnar. En þá er í rauninni ekki heldur hægt að ræða þetta frv. Það er eins og ég sagði vandinn er þurrkaður út á þann einfalda hátt, að allar ráðstafanir vegna verðstöðvunar eru afnumdar, en samtímis er gert ráð fyrir því, að vísitala hækki ekki neitt um næstu áramót. Það, sem gerðist með verðstöðvunarlögunum, var tvennt og í rauninni þrennt: Það var frestað kaupgjaldsgreiðslum eða í rauninni kaupgjald skorið niður. Það var frestað að taka endanlega ákvörðun um verðlagningu búvara til áramóta og það voru ákveðnar niðurgreiðslur, allmörg stig, til þess að jafna þarna metin og ákveðið að halda kaupgjaldsvísitölunni þannig, að hún færi ekki yfir 117 stig, eins og fjárlagafrv. er miðað við. Ef halda ætti áfram þessari stefnu, þá kostaði þetta út af fyrir sig 800—1000 millj. kr. Og nú vill svo til, að það hafa samnazt upp anzi mikil vandamál. Það virðist, þó að hæstv. ríkisstj. vilji nú lítið um það tala núna, að það sé að nálgast ný hrollvekja, sem þótti henta að tala um á s. l. ári, því að það vita allir, að það eru a. m. k. 5 stig, sem skella yfir nú um áramótin eða kringum áramótin í hækkuðu verðlagi til viðbótar því, sem niður er greitt. Og niðurgreiðsla þessara stiga mundi kosta 800— 1000 millj., sem mundi þarna koma til viðbótar. Þessu er ekki gert ráð fyrir í frv., hvorugri þessari tölu, og er nú raunar vitað, að verðhækkanir um næstu áramót munu verða enn meiri og verðhækkanir, sem leiða af kauphækkunum, sem þegar er vitað um á næsta ári, munu hér enn bætast við og ég skal ekki reyna að gízka á, hvað það verður. Nei, nei, ekkert af þessu, — þetta er bara þurrkað út og hæstv. ráðh. segir, að það verði Alþ., sem eigi að leysa þennan vanda. Sennilega verður frv. um þetta lagt fyrir Alþ., en ég geri nú ráð fyrir því, að ríkisstj. reyni að marka einhverja stefnu í þessum efnum, áður en yfir lýkur, ef hún þá nær samkomulagi um nokkra stefnu til þess að mæta þessum vanda. En það sér auðvitað hver heilvita maður, að ef ekki er ætlunin, og ég endurtek það, ef ekki er ætlunin að framkvæma stórkostlega kjaraskerðingu, kannske að biðja verkalýðssamtökin eins og vinstri stjórnin gamla gerði að gefa eftir svona 17 stig eða eitthvað álíka, þá er sjáanlegt, að ríkisstj. stendur andspænis því að verða að taka upp stórkostlegar upph. til þess að halda niðri verðl. og ekki nóg með það, heldur einnig til þess að aðst. útflutningsatvinnuv. Og þó að það sé í bili hægt að veita þeim þá merkilegu aðstoð að leyfa sjávarútveginum að bjarga sér úr sínu öngþveiti með því að nota sitt eigið sparifé, þá verður það nú ekki endalaust gert. Þetta er þess vegna staðreynd, sem við fyrr eða síðar hljótum að standa andspænis hér í þinginu, og í rauninni er ekki hægt að meta þetta mál, fyrr en að því kemur. Og í sannleika sagt er ekkert nýtt að finna í þessu frv. Þegar þessar ráðstafanir allar eru teknar, er engin ábending gerð um það, hvað eigi að gera í efnahagsmálunum og enga nýbreytni að finna í frv. Það er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum félagslegum umbótum á þessu ári. Það að vísu kostar allverulega hækkun að mig minnir um 700 millj. eða eitthvað slíkt til almannatrygginga, en það er vegna ráðstafana, sem búið var að ákveða á s. l. þingi og mér skilst, að það sé ekki gert ráð fyrir neinum nýjum breytingum á þessu þingi, þá í sannleika sagt hefði þetta frv. hér ósköp vel getað verið samið af þeim ágætu embættismönnum, sem hæstv. ráðh. hefur á að skipa og eru vissulega hinir færustu og prýðilegustu menn. Og mér er nær að halda, að frv. hefði jafnvel

verið lægra og meiri sparnaðartilhneiging í því, ef embættismennirnir hefðu fengið að ráða sjálfir heldur en hæstv. ráðh. hefði farið að koma þar nærri. En sleppum því. Ég skal víkja að sparnaðinum síðar.

Á frv. er sem sagt harla lítið að ræða. Framkvæmdaáætlun fylgir engin. Það er kannske út af fyrir sig ekkert að undra, þó að hún fylgi ekki, vegna þess að raunar er ekki hægt að gera ráð fyrir, að það sé hægt að gera neina handbæra framkvæmdaáætlun, fyrr en vitað er, hvaða efnahagsstefnu á að fylgja, svo að ég saka ekki hæstv. ráðh. um það nema síður sé. En það leiðir hins vegar til þess, að það er auðvitað ómögulegt að gera sér grein fyrir því eða meta það, hvað verði framkvæmdahliðin á þessum fjárl. eða á ríkisbúskapnum á næsta ári.

Það er hins vegar ljóst af þessu frv., að það er ekki gert ráð fyrir neinum hækkunum á framkvæmdaliðum. Ég er heldur ekkert að lasta það út af fyrir sig miðað við það, sem ég hef hér haldið fram áður, að við búum við þensluástand. En engu að síður er ég nú ósköp hræddur um, að það verði erfitt að koma þessu frv. hér gegnum hið háa Alþ., án þess að taka tillit til nokkurra atriða í því efni, og skal ég þá aðeins halda mér að háum póstum.

Framlög til skóla eða skólabygginga hafa verið skorin niður í frv. um 170 millj. frá till. menntmrn. Í frv. er sagt, að það sé gert ráð fyrir að miða við fjögurra ára greiðslutíma til skólanna í stað þriggja ára, eins og var í gildandi lögum eða þeim lögum, sem sett voru fyrir tveimur árum um það efni. Látum það gott heita. En það verður auðvitað að beygja sig fyrir því að borga þá samkv. þessari fjögurra ára áætlun og mér er nær að halda, að í þessum 170 millj., sem niður eru skornar, sé ekkert til nýrra skóla, heldur séu skornar niður um 170 millj., sem sé nauðsynlegt að taka vegna skuldbindinga í sambandi við skóla, sem eru komnir á framkvæmdaáætlun. Og hvaða þýðingu hefur þá að skera þetta niður. Er þetta ekki bara til að blekkja sjálfan sig? Það getur vel verið, að það sé nóg að hækka framlög til hafna um eitthvað 13 millj. og hafa óbreyttar fjárveitingar til flugvalla og 11 millj. kr. hækkun til sjúkrahúsa. Ég veit það ekki. En einhvern veginn finnst mér, að það kunni nú eitthvað að standa í ýmsum og það jafnvel stuðningsmönnum ríkisstj. að biðja ekki um einhverja viðbót við þessa pósta. Að auki er svo það, sem gerist hér í annað sinn, að námslán og styrkir til námsmanna eru stórkostlega skornir niður. Í fyrra var það gert með þeirri afsökun, sem vel kann að vera rétt, ég skal ekkert vefengja það, að till. um þetta efni hafi ekki legið fyrir, þegar fjárlagafrv. var samþ. Að vísu er nú tiltölulega einfalt að gera sér grein fyrir, hve há þessi upphæð á að vera. Það var fyrir þremur árum síðan, að ég hygg, gerð um það ákveðin áætlun í samráði við fyrrv. ríkisstj., að þetta skyldi hækka í áföngum miðað við þær áætlanir, sem samtök námsmanna voru með. Og ef á að fullnægja þeirri áætlun og ekki beinlínis að draga úr þessum framlögum, þá vantar hér 100 millj. kr. að því þó tilskildu, að það fáist 110 millj. kr. lán, sem ég hef enga trú á að fáist, vegna þess að það er algerlega óeðlilegt að fjármagna þetta með þeim hætti. Ég hygg, að lánið, sem tekið var í fyrra, hafi verið um 60 millj. Ég nefni hér aðeins tvö dæmi, þar sem tölurnar leika á hundruðum millj. kr., sem ég sé ekki, hvernig á að forðast — ég segi bara forðast, og hugsa þá um hagsmuni ríkissjóðsins, — að taka inn í fjárlög auk þeirrar aukningar, sem verður á framkvæmdaliðum. Ég held það sé að blekkja hreinlega sjálfan sig að gera ráð fyrir, að þær tölur fái staðizt, sem í frv. eru.

Ég, eins og ég áðan sagði, nefni þessi tvö dæmi aðeins af handahófi, af því að það eru háar tölur, en það eru auðvitað fjöldamörg önnur atriði, sem ég hirði ekki að elta ólar við, sem hægt er að minnast á hér í sambandi við það, hvað kunna að vera óraunhæfar áætlanir. Ég veit, að hæstv. ráðh. mun tíunda þetta, enda gerði hann það í framsögurræðu sinni og nefndi ýmsar hækkanir til góðra og gegnra mála, sem hann vill láta koma hér á móti til að sýna góðvilja til framkvæmda. En það tjóar auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut, vegna þess að menn sætta sig ekki við það að fá ekki fé til skóla fyrir það, að því sé veitt í eitthvað annað. Það þýðir ekkert að rugla málum þannig saman, þó að þær geti allar verið góðra gjalda verðar, þær fjárveitingar, sem þar um ræðir. Og mér finnst það ekki hafa nokkra þýðingu fyrir fjmrh., hver sem hann er, að vera að blekkja sig með villandi tölum eða allt of lágum tölum, eins og ég hef hér getið um. Það kann að vera svar við þessu, sem hæstv. ráðh. sagði, að endurskoða ætti námslánakerfið. Ég veit það ekki. Hefur ríkisstj. e. t. v. í hyggju að lækka eða draga úr stuðningi við námsmenn. Það fólst ekki í orðum hæstv. ráðh., en ef það er ætlunin að mæta þessum vanda með þeim hætti, þá veit maður það.

Hæstv. ráðh. flutti margar prósentutölur, eins og ég áðan sagði, og við lesum þær vafalaust í Tímanum næstu daga og getum þá skoðað þær. En þær segja auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut um það, sem hann vildi taka til meðferðar, vegna þess, að þótt þessi og þessi útgjaldaliður hækki um þetta og þetta mörg prósent, þá hefur fólk ekki nokkra minnstu hugmynd um það, hvort hér var um að ræða óumflýjanlegar hækkanir vegna aukins tilkostnaðar eða hvort hér var um að ræða einhverjar nýjar fjárveitingar eða ekki. Dæmið verður að takast á allt annan hátt heldur en hæstv. ráðh. gerði, ef hv. þm. eiga að fá nokkra mynd af því, sem hér er verið að tala um.

Vaxtahækkanir eru mikill útgjaldaauki í þessu frv., sem ekki er að undra vegna vaxandi skulda og um það er ekki að fást. Það er útgjaldaliður, sem verður að kyngja. En ég hafði dálítið gaman af því — og það er kannske vegna þess, að ég hafði þessa ágætu ræðu hæstv. ráðh. frá 1971 hjá mér, — hvað hann eyddi löngum tíma í það að tala um hálfa og heila starfsmenn, sem hefði verið aukið við hér og þar í ríkiskerfinu. Sums staðar voru ekki nema hálfir og þetta var allt svo lítið. Ég tala nú ekki um í fjmrn. Ég skal taka það skýrt fram, að ég öfunda hann ekkert af því og gagnrýni hann

ekkert fyrir það, þó að hann bæti við starfsmönnum í fjmrn., ég tala nú ekki um hagsýslustofnun, eins og hann gat um. Mér er allt of annt um þá stofnun til þess og tel hana það gagnlega, sem ég mun síðar koma að, til þess að vera að sjá eftir því. En það var eins og hæstv. ráðh. fyndi eitthvað til þess, að hann kynni að hafa talað eitthvað um þetta áður og þá kannske eitthvað í öðrum dúr. Ég gæti lesið hérna úr ræðunni, sem ég hef, en ég ætla að sleppa því, um starfsmannaaukningu og útþenslu ríkisbáknsins, sérstaklega stjórnarráðsins. Nú eru það tvær stofnanir, sem þenjast alveg sérstaklega út í þessu frv., og hæstv. ráðh. vék mjög mikið að annarri þeirra, stjórnarráðinu, og taldi upp þessa hálfu og heilu starfsmenn. Þar hefur orðið veruleg þensla, og hæstv. ráðh. hafa ekki sparað það að taka sér aðstoðarráðherra og ýmislegt gott fólk, sem þeir hafa vafalaust leitt þarna sér til ráðuneytis, og skal ég síður en svo finna að því fólki og út af fyrir sig ekki finna að því, þó að hér hafi ekki farið fram stórfelldur niðurskurður, vegna þess að ég hef og fjmrh. á undan mér bent á það, að þetta eilífa tal um niðurskurð í ríkisbálkninu og um það, að stjórnarráðið megi ekki bæta við sig starfsliði, æðsta stjórn landsins megi ekki hafa nægilegt starfslið til að hafa eftirlit með ríkiskerfinu, þetta er frá mínum bæjardyrum ákaflega simpil leið til þess að ná til eyrna fólks og fá það til þess að halda, að eitthvað væri í ólagi og hér væri einhver spilling á ferðinni. En þess vegna verð ég að segja það, að ég sé ekki, að hæstv. ráðh. þurfi að vera svona óskaplega viðkvæmur, nema þá með hliðsjón af fyrri orðum, þó að það þurfi að bæta við fáeinum starfsmönnum við æðstu stjórn landsins, heldur þykir mér vænt um, að hann er þó búinn að átta sig á því og það er þó góður arfur, verð ég að segja, frá fyrrv. stjórn, skoðanaarfur, að þetta hafi allt verið óraunsætt tal, sem hann hafði hér áður í sínum ræðum, þegar hann var að óskapast yfir þessu. Ég held jafnvel, að hann hafi nokkrum sinnum talað um utanferðir og risnu líka, man ég eftir í gömlum ræðum. Ég held, að hann hafi ekki minnzt á þetta núna. En mér þætti gaman, ef hann benti á, hvar í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að spara til utanferða og risnu og mér þætti jafnvel gaman að vita, hvort hv. þm. hafa orðið mikið varir við það, síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að menn hafi forðazt utanferðir og úr veizluhöldum hafi mikið verið dregið. Þetta er heldur ekki stór útgjaldaliður og mér hefur alltaf fundizt þetta, þó að það sé sjálfsagt að hafa aðhald í þessum efnum, næsta hégómlegt í samanburði við öll útgjöld fjárl. að gera veður út af þessu. En þetta hefur nú verið gert á undanförnum árum, áður en þessi umbótastjórn alþýðunnar tók við völdum. Nú er þetta allt orðið harla gott og nytsamlegt. Þá veit maður líka það.

Þá koma nefndirnar. Það hefur verið gefin út bók um allar nefndirnar og hæstv. ráðh. var hræddur um, að vinstri stjórninni yrðu kenndar allar þessar nefndir. Nú held ég, að þetta sé allt of mikil viðkvæmni. Ég held, að það hafi engum dottið í hug. En kannske er hæstv. ríkisstj. orðin svo hrædd við, hvað hún er að gera, að hún heldur, að sér verði kennt um allt, sem miður fer í þjóðfélaginu. Hæstv. ráðh. hafði lagt í það mikla vinnu eða látið einhverja leggja í það mikla vinnu og það er kannske ekki vanþörf á að bæta við svona tveimur og hálfum manni til að reikna út, að vísu ekki í prósentum held ég, en í tölum, hvað nefndum hefði fjölgað. Það hafa verið skipaðar 50 nýjar nefndir eða a. m. k. 40 af ríkisstj., en ég held, að það séu 50, ef með eru taldar nefndir, sem hafa verið skipaðar samkv. ályktunum Alþ. með góðum vilja ríkisstj. Óðruvísi hafa mál ekki verið hér samþykkt, að mér sé kunnugt um. Hæstv. ráðh. sagði, að nettó væri þetta ekki nema 14 nefnda aukning, og þótti harla gott. Ég held, ef ég man rétt, — mér er kannske farið að förlast, — að hæstv. fjmrh. hafi talið það litinn vanda hér áður fyrr að fækka nefndum og að draga úr öllu þessu nefndafargani, eins og hann stundum orðaði það, svo að ég hygg, að þetta verði ekki sérstaklega aðdáunarvert, þó að ríkisstj. hafi tekizt það mikla afrek að fjölga ekki nefndunum nema um 14, sem þá eru skipaðar af rn., eftir allt talið um nauðsyn þess að draga saman nefndabálkið.

Það gladdi mig að heyra það í ræðu hæstv. ráðh., að hann gerir ráð fyrir að leggja fyrir þetta Alþ. lög um fasteignamatsstofnun. Það mál hafði verið undirbúið í ríkisstj. og frv. gert að l. um það efni, þegar ég fór úr rn. Það skal játað, að við töldum nauðsynlegt að endurskoða það frv., en hér er um að ræða mikið nauðsynjamál, ef ekki á að fara forgörðum það merkilega verk, sem unnið hefur verið í fasteignamatinu á undanförnum árum og með því orðið gerbylting í þeim efnum. Ég vonast því til, að það verði orð að sönnu hjá hæstv. ráðh., að hann geti látið þeirri frv.-samningu miða það áfram, að hægt verði að leggja það fyrir þetta þing.

Þá ætla ég að koma að tekjuöfluninni, sem er nú einn geigvænlegasti þátturinn í allri þessari hörmungasögu hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðh. skýrði frá tekjum ársins í ár, sem eru aðallega tvíþættar, annars vegar tekjur af innflutningi og aðrar óbeinar tekjur og hins vegar tekjur af beinum sköttum. Og í fjárlagafrv. gerði hann grein fyrir því, að miðað væri við 10% aukna neyzlu í landinu og 14% aukningu innfl. Við það væri tekjuáætlun fjárl. miðuð. Þetta þykir mér geigvænlegasti þáttur þessa máls, vegna þess að hér er um að ræða alvarlegustu drættina í myndinni af þjóðarbúskap okkar í dag. Við eigum að vísu gjaldeyrisvarasjóðs, sem lítur myndarlega út enn í dag, um 5 þús. millj. kr., en hvernig er þessi gjaldeyrisvarasjóður byggður upp? Hann er byggður upp með stórkostlegri erlendum lántökum en áður hafa þekkzt. Framkvæmdastofnunin hefur látið frá sér fara skýrslu um þetta mál, sem útskýrir, hvað hér hefur verið að gerast og breytinguna, sem orðið hefur í þessu efni núna síðustu árin. Það var orðinn allríflegur gjaldeyrisvarasjóður, þegar ríkisstj. tók við, og menn hefur undrað það, hvernig stæði á því, að ekkert gengi á þennan sjóð

miðað við þann óhemjuinnflutning, sem verið hefur. Viðskiptajöfnuðurinn við útlönd segir auðvitað sína sögu um það, hver hinn raunverulegi efnahagur þjóðarinnar er og hvað við höfum til ráðstöfunar. 1969 var viðskiptajöfnuður hagstæður um 361 millj. 1970 var hann hagstæður um 651 millj. En 1971 var hann óhagstæður um 3985 millj. Og það er gert ráð fyrir óhagstæðum viðskiptajöfnuði á árinu 1972 eftir bráðabirgðaáætlun um 4000 millj. Og það er gert ráð fyrir því, og á því byggist 14% aukning innflutnings, að um 4—5 þús. millj. greiðsluhalli verði einnig á árinu 1973. En hvernig í ósköpunum má þetta vera, að það skuli vera til gjaldeyrisvarasjóður, en samt svo ofboðslegur halli, að hann er á tveimur árum um 8 milljarðar? Það gerist eingöngu með stórkostlegum lántökum. Við lifum sem sagt um efni fram, en höldum áfram að taka lán, meðan við eigum lánstraust til. Það er eins og við í einkalífi okkar héldum áfram að lifa, eins og ég segi, langt um efni fram og vera flott menn og gerðum það með þeim hætti að reyna að slá lán hvar sem við gætum svo lengi sem það væri fært. En það er ekki endalaust fært. Og ef við skoðum það, þá sjáum við, að lántökurnar eða hinn svokallaði fjárhagsjöfnuður, sem gefur gleggsta mynd af því, að fjármagnsjöfnuðurinn hefur orðið 1437 millj. 1969, aðeins 273 millj. 1970, en 5358 millj. árið 1971 og það er gert ráð fyrir, ef auðið verður, bæði árið 1972 og 1973, að taka lán erlendis, og það er eitt helzta viðfangsefni fjármálasérfræðinga ríkisins og Seðlabankans að leita eftir lánum til þess að jafna þennan halla, borga eitt lán með öðru, svo að ekki þurfi að ganga í gjaldeyrisvarasjóðinn, sem annars mundi hverfa sem dögg fyrir sólu. Skuldir ríkisins segja líka til sín á þann veg, að gert er ráð fyrir því, að langtíma erlendar skuldir bæði opinberra og einkaaðila verði í árslok 1972 17 þús. millj. kr. Þær voru 14.4 milljarðar 1971 og 11 milljarðar í árslok 1970. Ef áfram heldur, þá er nokkurn veginn hægt að ímynda sér það, hvernig talan líti út í árslok 1973. Hin mikla tekjuöflun ríkissjóðs, sem allt þetta 20 milljarða apparat hæstv. fjmrh. hvílir á, þó að hann sleppi nú þeim 2—3 milljörðum, sem sjáanlega verður að taka inn í fjárlögin, það er lágmarkið, ef á að fleyta skútunni áfram og þá er það byggt á því, að við höldum áfram að lifa um efni fram, að *við höldum áfram að búa við stórkostlegan*, óhagstæðan greiðslujöfnuð, sem verði milli 4 og jafnvel 5 milljarðar á næsta ári. Þetta er nú búskapurinn og þetta er nú búskapur í lagi. Þessari mynd vék nú hæstv. ráðh. ekki að í máli sínu áðan, og ásaka ég hann ekki fyrir það; það er kannske mannlegt. En ég held, að við hljótum öll að sjá það, að ef við ætlum að búa með þessum hætti, þá sé uggvænlegt fram undan. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að skattvísitölunni; aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur nú fallizt á það sjónarmið, sem hann fordæmdi í fyrra, en sem við sjálfstæðismenn þá héldum fram, að eðlilegt væri að miða skattvísitölu við það, að það héldist, að skattarnir yrðu sama hlutfall af tekjum, því að það er gert ráð fyrir því í frv., að tekjur manna vaxi um 30%, svo að hér er ekki um neina sérstaka stórfellda ívilnun að ræða hjá hæstv. ráðh., enda gerir hann ráð fyrir 1300 millj. kr. aukningu í beinum sköttum, og auðvitað er nú ekki hægt að segja, að það stafi eingöngu af því, að það fjölgi skattgreiðendum eða fólki í landinu. Þetta hlýtur auðvitað að merkja það, sem er út af fyrir sig ekkert undarlegt, að miðað við 30% tekjuaukningu, þá auðvitað vaxa skattarnir engu að síður. En hins vegar stendur það auðvitað eftir, sem við bentum á í fyrra, að skattvísitalan þá var áætluð alveg óeðlilega lág og sem sýndi sig í þeim ósköpum, sem yfir þjóðina hafa gengið í sambandi við skattalög hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ráðh. vék hér dálítið að skattal. Ég *hélt nú satt að segja, að hann mundi bíða með* það, þangað til hann leggur fram hin merkilegu brbl. sín, sem mun nú, að ég hygg, vera einsdæmi, að það þurfi að breyta skattal. eftir að skattar hafa verið álagðir, að menn hafi ekki hugsað málið betur, þegar þeir lögðu skattana á, en það frv. út af fyrir sig, — sem ber að þakka, að hæstv. ráðh. skyldi átta sig á villu síns vegar, — það stafaði auðvitað eingöngu af því, að það var flumbrað með skattalagabreytingarnar s. l. vetur. Og það eru auðvitað engin rök að reyna að halda því fram, hvort sem það var þá eða nú, að það hafi verið óumflýjanlegt *að breyta þessum lögum og það hafi verið* svo óumflýanlegt, að þetta yrði í vissu formi, að það hafi ekki einu sinni mátt hlusta á ábendingar, sem fram komu. Hæstv. ráh. getur hér ekkert afsakað sig, vegna þess að það komu beinlínis fram till. hér í þinginu, þar sem var lögð áherzla á, að þetta mundi hafa þessi áhrif fyrir gamla fólkið, þó að við sleppum nú öðrum. En á það var ekki hlustað. Það var formfest. En síðan, þá reynist nauðsynlegt að setja um þetta brbl. á miðju sumri, þegar verður slík ólga út af skattal., að slíkt mun einsdæmi hérlendis. Og hæst töluðu þeir, sem ríkisstj. taldi sig þó vera mestan málsvara fyrir og hæstv. ráðh. ætlaði alveg sérstaklega að gera gott. Ég held, að það hafi verið minnst kvartað af þeim, sem hann sagði, að hefði verið alveg þjóðarnauðsyn að breyta skattal. til að ná til, en það voru félögin, sem hann sagði, að ég hefði ætlað að gera skattfrjáls. Ég held, að þau hafi ekki kvartað svo mikið, a. m. k. var það lítið samanborið við gamla fólkið og raunar hinn almenna skattgreiðanda, sem nú fær umslögin sín tóm heim; allan þorra af fólkinu, sem fær nokkrar kr. í umslaginu á hverjum föstudegi eða um hver mánaðarmót. Auðvitað var skattahækkunin á s. l. ári óhæfileg, og þó að það hafi verið góðra gjalda vert að afnema nefskatta, þá í fyrsta lagi kom það að engu leyti til góða hinum eldri borgurum í þjóðfélaginu, þeir borga ekki nefskatta. Og í *öðru lagi kom þetta niður á hinum almenna* launþega að því leyti til, að hér var nú ríkissjóður líka að reyna að ná til sín aftur svolitlum gróða með því að spara allt að 4% í kaupgjaldsvísitölu, þannig að þetta var nú ekki allt af eintómum gæðum gert, að þetta þótti óumflýjanlegt. Það var varað við því þá af hálfu okkar sjálfstæðismanna að flumbra ekki að breytingu

á skattal. Það var búið að koma í gang heildarendurskoðun skattkerfisins með ákveðnum hætti, og ég tel það ekki vera til neinna bóta, að hæstv. ráðh. hefur breytt þeirri nefndaskipun, sem áður hafði verið ákveðin í þessu efni. Ég tek fram, að ég treysti fullkomlega þeim mönnum, sem að þessu vinna núna og fagna því sérstaklega, að hann hefur verið valið sem forstöðumann þar þann mann, sem var áður formaður í fyrri skattalaganefnd. En ég held, að það sé heilbrigt að reyna að vinna að þessari skattalöggjöf á þann hátt að draga inn í þetta mál fulltrúa frá helztu hagsmunasamtökum, launþegum, vinnuveitendum og bændum auk sveitarfélaganna að sjálfsögðu, eins og gert var í þeirri nefndaskipun, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. var búin að ákveða og raunar var þegar að fara í gang til að vinna að heildarendurskoðun í framhaldi af þeirra endurskoðun, sem gerð hafði verið þá áður og lögin, sem afnumin voru nú með síðustu skattalögum, voru afleiðing af. Ég held því, — þó að ég voni, — að margt gott komi út úr starfi þessarar n., þá sé það ekki til bóta að breyta þeim vinnubrögðum, sem áður voru ákveðin í því efni og ég spyr nú einnig: Voru ekki tvær n., sem störfuðu að þessu á s. l. ári, þannig að hvor n. á að starfa áfram? Ég held, að önnur hafi verið að fást við tekjustofna sveitarfélaga, en hin tekjustofna ríkisns. Það er kannske smámál. Manni skilst, að í rauninni hafi höfuðnauðsynin til þessarar lagabreytingar í fyrra, sem hefur leitt af sér alla þessa skattpíningu verið sú, að koma í veg fyrir, að gildi tækju skattalög, sem áttu að taka gildi um síðustu áramót og sem rétt er, að þó að þau hefðu að geyma mikilvæg friðindi fyrir almenning, m. a. fyrir gamla fólkið, sem felld voru úr gildi með lögum hæstv. núv. ríkisstj., þá voru þau lög fyrst og fremst samin til þess að stuðla að aukinni eigin fjármyndun í atvinnurekstri landsmanna til þess að gera íslenzkan atvinnurekstur samkeppnishæfan við atvinnurekstur í öðrum EFTA-löndum í samræmi við samkomulag, sem var búið að gera um það efni, þegar við gengum í EFTA; að það séu eingöngu auðmenn og aðrir, sem eiga hlutafé, það væri allt of langt mál að fara út í það hér. Það er auðvitað alger fásinna. Og það þykir í hverju einasta þjóðfélagi eðlilegt og sjálfsagt að stuðla að því, að menn vilji eiga hlutafé í fyrirtækjum. Og það vill nú svo til síðustu árin, sem sennilega allir hv. þm. þekkja, að víðs vegar um landið hafa verið stofnuð almenningshlutafélög með þátttöku mikils fjölda fólks, sem hefur lagt fram fé sitt, oft með mikilli áhættu og lítilli von um endurgreiðslu til þess að koma þar upp atvinnufyrirtækjum til að tryggja atvinnu á viðkomandi stöðum. Ég held, að þetta séu engir auðmenn, sem hér eiga hlut að máli. Og ég held, að það sé hægt að ná til auðmannanna með allt öðrum hætti heldur en eyðileggja þennan möguleika, sem þarna var um að ræða, og eyðileggja um leið þá meginreglu, að íslenzkur atvinnurekstur eigi að vera jafnsettur og atvinnurekstur samkeppnisþjóðanna; það mátti vissulega gera með allt öðrum hætti. Það var m. a. í þessum lögum, sem hæstv. fjmrh. vildi koma fyrir kattarnef, sett ákvæði til þess að tryggja það, — sem ekki er í dag og sem hann einnig afnumdi, — að ekki væri hægt að draga fé út úr atvinnurekstrinum nema þá með æði miklum viðurlögum. En það er einmitt einn stórkostlegur galli í íslenzkum atvinnurekstri og íslenzkum atvinnufyrirtækjum, sem mörg eru smá, að þar er ruglað saman allt of mikið efnahag félaganna og eigenda, og þessu þarf vitanlega að breyta eins og var gert ráð fyrir. Og ég sé, að hæstv. ráðh. skilur í rauninni ekki hugtakið fyrningar, ef hann heldur það, að flýtifyrningar leiði til þess, að þá fengju menn miklu meira en ella í heildina talað. Þeir fyrna fyrr, en þeir fyrna ekkert meira en hægt er að fyrna, hvor aðferðin sem höfð er. Og ég skýt því nú hér aðeins fram til hugleiðingar fyrir hæstv. iðnrh., að ef hann ætlar nú að koma á þessari stórkostlegu iðnbyltingu, sem hann talar um, — þó að það sé nú víst vafasamt um höfundaréttin að henni,— en ef hún á að komast á, þá lízt mér ekki á, ef ekki á að búa betur að atvinnurekstrinum skattalega heldur en nú er gert og ef á sérstaklega að láta ráða það hugarfar, sem virðist vera ráðandi hjá hæstv. fjmrh., að það eigi að ná sér sem mest niðri á atvinnurekstrinum. Ég held, að hann ætti að tala við vini sína uppi í SÍS til þess að vita, hvort þeir eru sérstaklega hrifnir af þessari stefnu og fletta upp í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra Kaupfélags Eyfirðinga og sjá, hvað þeir álíta um afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. nú fylgir, hvort það séu ekki lofsyrði, sem hann vildi þá prenta næst í Tímann. Ég held, að hún hafi ekki verið prentuð þar. Nei, það bar enga þörf til þess, og var miður, verð ég að segja. Mig furðar á því með mann eins og hæstv. núv. fjmrh., sem ég hef talið miklu gætnari mann en svo, hve hér er farið að með miklu gáleysi í sambandi við skattalög. Það var verið að fikta við löggjöf, sem er allt of flókin og margþætt til þess að hlaupa megi til á nokkrum vikum og heimta af mönnum till. um mál, sem alls ekki er möguleiki á svo stuttum tíma að gera sér til hlítar grein fyrir hvernig muni verka.

Ég tek undir með hæstv. ráðh., að æskilegt er, að skattaeftirlitið verði eflt sem mest og fagna ég því og minni á, að það er nú einn arfurinn, — ég man ekki, hvort hann minnti sérstaklega á það, — frá fyrrv. ríkisstj., að skatteftirlitinu var þá komið á. Og það er vissulega rétt hjá honum, að það ber að stuðla að því, að menn greiði sína tiund skilvíslega, og það er ein mesta ástæðan fyrir óánægju fólks með skatta, ef mismunur á sér stað vegna grunsemda um skattsvik, þannig að hann skal vissulega hafa allan stuðning varðandi það að efla þessa deild.

Varðandi hagsýslustofnunina, þá vil ég einnig taka undir allt það ágæta, sem hann sagði um þá stofnun og fagna því mati, sem hann hefur á gildi hennar. Hún er einn arfahluturinn, sem féll til hæstv. ráðh. úr búi fráfarandi stjórnar, sem kom á fót þessari stofnun til þess að vinna skipulega bæði að samningu fjárl. og að hagstjórnar- og hagsýslumálum og sparnaðarmálum. Öll þau mál, sem hann tiltók í því efni, að væri verið að vinna að, eru einnig arfur, vegna þess að það var hafin athugun allra þeirra mála, þegar hæstv. ráðh. tók við í ríkisstj. og ég fagna því, að því skuli haldið áfram. Ég efast heldur ekkert um góðan vilja hans til þess að stuðla að því,

að áfram verði haldið á þeirri braut og tek undir það, sem hann sagði, að það er ekki hægt að vinna að hagsýslumálum og endurskipulagningu í ríkiskerfinu nema með kerfisbundnu starfi. Og ég fagna því mjög, að hann er nú kominn á þá skoðun.

Ræða mín er nú orðin harla löng, og skal ég því ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég hef vakið athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið við góðu þjóðarbúi. Hún tók vil hallalausum ríkisrekstri og reyndar drjúgum tekjuafgangi. Hún tók við stórum verðjöfnunarsjóði fyrir sjávarútveginn, hún tók við gildum varasjóði, sem ekki hafði verið myndaður með þeim hætti að jafna aðeins hallarekstur upp með erlendum lántökum, þó að þær hafi að vísu verið allmiklar. Og hún tók við verðstöðvun, sem hún hefði vissulega getað hagnýtt sér til góðs, ef hún hefði haft til þess það framtak og þann manndóm, sem þurfti og viljað horfast í augu við vandamálin af raunsæi. Því miður valdi hún þann kostinn að gera það ekki. Hún setti upp prógramm, þar sem öllum var lofað öllu, og þetta þurfti allt að gerast í hvelli. Þess vegna þurfti að ausa úr ríkissjóði hundruðum millj. umfram það, sem þar var til. Þess vegna þurfti að framkvæma tafarlausar kaupgjaldshækkanir og ýmsan kostnaðarauka fyrir atvinnulífið í landinu, án þess að gera sér grein fyrir því, hvort gjaldþol væri hér fyrir hendi eða ekki, og þess vegna var þessi góði arfur gerður að engu. Og nú stendur ríkisstj. andspænis sínum eigin verkum, hvernig hún á að mæta eyðslustefnunni, útþenslustefnunni, hinni geysilegu útgjaldaaukningu ríkissjóðs, hinum geysilega tilkostnaðarauka atvinnuveganna, sem staðfest var á s. l. vetri í sambandi við umr. um verðstöðvunarl. þá við verkalýðssamtökin. Það stafaði fyrst og fremst að þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hafði gert á ýmsum sviðum. Gagnvart þessum vanda stendur hæstv. núv. ríkisstj. í dag, og það tjóar ekki neitt fyrir hæstv. ráðh., þó að hann hafi í lok ræðu sinnar hvesst sig nokkuð og sagt, að efnahagsvandinn, sem við stæðum nú andspænis, væri arfur — að sjálfsögðu, — sem ríkisstj. nú þyrfti að fást við. Það er ekki arfur. Það er ill meðferð á arfi, sem hér kemur til. Það eru slæmir erfingjar, sem komust í búið og hafa sólundað því. Og þess vegna er svo komið, sem nú blasir við í dag og sem hæstv. ráðh., — ekki eingöngu fjmrh., hann er ekki sekastur manna um það, heldur ríkisstj. í heild, — verða nú að horfast í augu við. Það var nánast dálítið broslegt, þegar hæstv. ráðh. fór að fordæma fyrrv. ríkisstj. fyrir niðurgreiðslur, en áttaði sig svo skyndilega á því, að niðurgreiðslunar hafa verið stórauknar hjá núv. ríkisstj., þannig að hann skaut því þó inn í lokin, að því miður hefði nú orðið að grípa til niðurgreiðslna aftur, svo að ég skildi nú ekki, hvað þetta dæmi átti að þýða. Ég er honum alveg sammála um það, að niðurgreiðslur í heild eru vandræðatilhögun. En við skulum nú alveg sleppa að tala um arf í þeim efnum. Niðurgreiðslur hafa verið notaðar af öllum ríkisstj. sem þáttur í viðureign við efnahagsvandræði og hvort þær eru góðar eða slæmar eða ekki, það fer eftir atvikum, það fer eftir, hvaða tilgangi tekst að ná með þeim. En staðreynd málsins er sú, að hæstv. ríkisstj. leggur hér fram fjárlagafrv. Það er myndlaus rammi. Hvenær sú mynd verður okkur sýnd, sem á að festast í þennan ramma, það hefur enginn hugmynd um, víst ekki hæstv. ríkisstj. sjálf. Sérfræðingar vinna nú baki brotnu að því að reyna að lagfæra það, sem ríkisstj. með brjóstviti sínu eyðilagði og reyna að finna úrræði til þess að leysa ríkisstj. niður úr þeim gálga, sem hún hefur hengt sig upp í. Og ég vona, að þeir komist allir lifandi til jarðar; ég er nú ekki það illgjarn, og ekki sízt vonast ég til þess vegna þjóðarinnar í heild. En við skulum sameiginlega gera okkur fulla grein fyrir því og alveg sleppa öllu hnútukasti í sambandi við það, að við stöndum andspænis stórkostlegum vanda. Við getum eytt hér tímanum til þess að fjalla um það dögum saman, hver eigi mesta sök á þeim vanda, en þetta er stórfelldur vandi, sem verður að leysa, vandi, sem sérhver ríkisstj., sem ætlar sér að sitja að völdum, verður á hverjum tíma að hafa forustu um að leysa. Og þar tjóar ekkert að smeygja sér undan, nema með þeim eina hætti að segja af sér og viðurkenna, að ekki sé hægt að leysa vandann. Það er út af fyrir sig það, sem forsvarsmaður og foringi vinstri stjórnarinnar sálugu hafði manndóm til að gera á sínum tíma. Þegar hann gat ekki leyst vandann, þá sagði hann af sér, og aðrir þurftu að taka við að leysa hann. Hvort slíkt gerist núna, skal ég engu spá um, en það væri vissulega manndómur út af fyrir sig. Hvort núv. ríkisstj. á þann manndóm til eða ekki, veit ég heldur ekki. En staðreynd málsins er sú, að fjárlagafrv., sem við hér erum að ræða, erum við að ræða meir af skyldurækni heldur en það, að við höfum í rauninni nokkurn grundvöll til þess að fjalla um vandamál þjóðarinnar á raunhæfan hátt, vegna þess að frv. leggur engan grundvöll að slíkum alvöruumr., ef svo má segja. Við verðum þess vegna að bíða og sjá, hvað hæstv. ríkisstj. kann að sýna okkur á sínum tíma sem till. sínar í þeim mikla vanda, sem þjóðin óneitanlega kemur til með að standa andspænis um næstu áramót. Hvort eitthvert kraftaverk gerist þá, sem hæstv. ríkisstj. virðist helzt búast við, — því að allt er miðað við áramót, — það skal ég ekki um segja, en ég er nú ekki það trúaður á kraftaverk, að þó að ég viti, að þau geti gerzt, en að það gerist með þeim hætti, sem virðist helzt stefnt að hjá hæstv. ríkisstj., án þess að þar þurfi neitt höndum til að taka, það held ég, að gerist ekki, en það kann að vera, að það sé hægt og ég vona það og reyndar veit það, að á öllum vanda er einhver lausn og við skulum vona, að hann verði fundinn með þeim hætti, sem geti orðið þjóðinni til sem mestrar blessunar og stuðli að þeim framförum í þjóðfélaginu, sem ég veit, að við erum öll sammála um, að vilja viðhalda og efla svo sem bezt verður á kosið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér datt nú í hug undir hinni mjög svo löngu og margþættu ræðu hæstv. fjmrh. gömul saga, sem maður heyrði um Gyðinginn og vaxtavandamál hans, en hann vildi náttúrlega hafa nokkuð út úr sínu fé, eins og við flestir viljum og tók af því 9% rentur, segir sagan. Konunni hans líkaði þetta ekki alls kostar vel og sagði: „Góði minn, sérðu

ekki, að þetta er fullhátt". „Hafðu ekki áhyggjur af því. Þegar guð lítur á töluna, þá er hún 6." Þannig virtist mér mismunandi aðstaða koma fram, þegar hæstv. fjmrh. var að bera saman hækkun á milli ára og finna út, að hækkunin 2 s. l. ár hefði verið mjög lítil. Engu að síður sýna fjárlögin, að hreyfingin er um 9 milljarðar ísl. kr. á þessum tveimur árum og er það allnokkuð, úr um 11 milljörðum 1971 upp í um 20 núna. Hvað sem menn vilja kalla þetta í hlutföllum, þá er þetta gífurleg hækkun í krónutölu og ber vott um, að það er verðþensla í landinu og raunverulega verðbólga. Einhvern tíma hefði nú verið sagt, að hér væri um óðaverðbólgu að ræða. Forsendurnar fyrir fjárlagafrv. 1972 eða fyrir yfirstandandi ár voru á þá leið, að það yrði að draga mjög alvarlega úr verðbólgunni, það yrði að lækka útgjöld, svo sem frekast mætti vera, til þess að koma í veg fyrir spennuna, sem ríkti svo víða. Þetta hefur verið ítrekað hér af hálfu hæstv. forsrh. oftar en einu sinni í ræðu. En í fjárl. fyrir árið 1972 sagði orðrétt, — með leyfi forseta:

„Enda þótt útgjöld þessa fjárlagafrv. hækki verulega frá síðustu fjárl., skal það tekið fram, að mjög fast var haldið á því, að aukin útgjöld vegna útþenslu ættu sér ekki stað í ríkiskerfinu, nema þar sem brýna nauðsyn bar til að halda eðlilegri þjónustu og starfsháttum."

Sem sagt, þrátt fyrir alla viðleitni, að því er sagt er, er nauðsyn á að hækka þetta svona gífurlega. Stjórnarsinnar hafa sagt það, að við þýsnuðumst mjög yfir framkvæmdagleði hæstv. ríkisstj. og litum nokkrum öfundaraugum á þá miklu athafnasemi, sem henni fylgdi. Það getur vel verið, að þetta sé rétt hjá hv. þm. En hvað fylgir í kjölfarið? Það er það, sem skiptir meginmáli. Formaður Alþb. sagði í sjónvarpinu í kvöld, og datt mér í hug að koma nánar að því hér síðar, að vandinn væri mjög svipaður og áður, en þó væru víða til gróðapyttir. Hæstv. iðnrh. er ekki hér staddur, en þeir verða varla lengi í þessari iðnbyltingu að búa til eitt ausutetur og ausa hressilega úr þessum gróðapyttum, svo að vandinn hverfi eins og dögg fyrir sólu, fyrst hann er ekki meiri en þetta. — En þegar betur er að gáð, þá ímynda ég mér og ýmsir fleiri, að vandinn sé og muni verða þyngri en svo, að það þurfi bara að ausa með einu ausutetri úr einhverjum gróðapyttum, sem liggi alls staðar í þjóðfélaginu, hjá milliliðum og einhverjum öðrum vondum mönnum, er taka of mikið til sín fyrir lítið starf.

Hæstv. forsrh. boðaði ákveðið í stefnuræðu sinni og það voru hans fyrstu orð: „Stefnan er óbreytt." — Við skulum bíða og sjá hvað setur. Vonandi takast hin góðu áform. Það er þjóðarbúinu í hag. En það er ekki margt, sem bendir til þess, að það takist án átaka og jafnvel fórna af hendi þeirra, sem minnst mega sín. Það er augljóst mál, að auka þarf niðurgreiðslur, ef á að tryggja það, að vísitalan verði 117 stig, eins og gert er ráð fyrir. Út voru gefin brbl. í sumar, og þá voru teknar 400 millj. kr. til að auka niðurgreiðslurnar og sett á verðstöðvun. Ég man eftir því, að í Tímanum kom það fram, að þetta yrði gert í samráði við undirnefnd fjvn. Enn hef ég ekki séð stafkrók um þetta og ekki heyrt neitt, fyrr en lítils háttar var drepið á þetta hér áðan, og ég verð að segja það eins og sá þm., sem talaði hér á undan mér hér, að ég náði ekki sundurliðun á þessum 400 millj. Ég vildi mjög gjarnan mælast til þess við hæstv. fjmrh., að hann sundurliðaði þetta á blaði og léti þm. það í té við tækifæri, því að mér finnst það skipta máli, hvar á að taka þessar 400 millj., og að við vitum það hreinlega. En þetta dugar fram að áramótum, — þessar 400 millj., — en vandinn er ekki þar með leystur. Ef vísitalan á að vera áfram 117 stig, þá þarf miklu, miklu meiri upphæðir til að halda þessu í slíku jafnvægi. Og hvernig á að taka þá peninga? Jú, eins og ég drap á áðan, þá eru til ágóðapyttir, sem bara á að ausa úr, og afrakstrinum dreift út í þjóðfélagið. Það á að færa stórkostlegt fjármagn á milli manna, og það kom fram í viðtali við hæstv. sjútvrh. og viðskrh. í Þjóðviljanum í gær, að það ætti að skattleggja eyðsluna. Þýðir þetta hærri söluskatt eða vissan neyzluskatt eða ákveðinn tekjuskatt eða hvað þýðir þetta? — Stefnan er óbreytt. — En hver er stefnan? Það er í raun og veru beðið eftir stefnunni. Það er sett á laggirnar sérstök rannsóknarnefnd til þess að undirbúa lausn efnahagsmálanna og mér er alveg til efs á þessu stigi, að fjöldamargir hæstv. stuðningsmenn ríkisstj. hafi hugmynd um, hvernig þessi lausn á að vera. Ég er efins um það. Það getur vel verið, að Alþb.-menn hafi fengið smjörþefinn af því, sem í vændum er, þegar þeir voru að þinga um helgina, en ég er ekki viss um, að hinir viti það. Það kemur í ljós bráðlega, og við hinir getum þess vegna verið rólegir, því að þetta á ekki að vera mjög erfitt mál. En ég trúi því ekki, að það sé svona þægilega létt, því miður.

En fari svo, að það sé takmark að halda vísitölunni í 117 stigum, og fari svo, að við eigum að byggja á innflutningi svo miklum, sem fjárl. gera ráð fyrir, þá skapar það verðbólgu í landinu. Það er alveg óhjákvæmilegt annað. Hún bitnar fyrr eða síðar á krónunni með einu eða öðru móti. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur lýst því margsinnis yfir, að hún fari ekki út í gengisfellingu, og ég met það mjög mikils. Ég er alls ekki talsmaður gengisfellingar. Það er nú öðru nær. En þá er bara þetta, hvernig er hægt að draga úr framkvæmdum, án þess að það komi illa við, því að það getur ekki farið saman að halda uppi jafn mikilli spennu og er í þjóðfélaginu í dag og tryggja gildi krónunnar og sjá fyrir svo miklum niðurgreiðslum, svo að allt komi heim og saman? Það er óhugsandi, þó að góður vilji fylgi. Enda er nú svo komið, þrátt fyrir kott verðlag á útflutningsafurðum, að ríkisstj. er tilneydd til þess að láta verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins gefa eigendum sínum ávísun úr sparisjóðsbók sinni, svo að ekki komi til rekstrarstöðvunar. Þetta er ekki stór upphæð í ár, innan við 100 millj., sennilega 70—90 millj. eftir afla, en samt er þetta nokkur vísbending, um það, sem fram undan er, því miður. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur eiga að hækka um 110 millj. Það var mjög gott árferði í ár í landbúnaðinum, og vonandi hafa bændur sett mikið

á, því að þrátt fyrir allt tókst að heyja mikið og bústofn kom vel af fjalli. Þess vegna er hagsæld til landsins og menn ættu að vera þar bjartsýnir. En samt sem áður þarf að stórauka útflutningsuppbætur, — enn eitt vandamálið. Og það er svo undarlegt, að flokkur hæstv. fjmrh. og landbrh., sem telur sig hafa verið í forsvari fyrir bændastéttina í áratugi, — og við hinir, sem höfum viljað gagnrýna það kerfi og sagt, að það héldi ekki svona áfram, — samt sem áður skilur hann við það enn í dag þannig, að þegar er verið að tala um hag bænda af Framsóknarleiðtogunum hér á hv. Alþ., þá er alltaf sagt, að bændur séu tekjurýrasta stétt á landinu. Enn bólar ekkert á því, ekki í þessum fjárl. a. m. k. Þó er boðað frv. þeim til hagsbóta, sem vonandi verður raunhæft. Er vandi þeirra leystur með aukningu útflutningsuppbóta? Fjöldi smábænda á áfram við erfiðleika að stríða og því meiri sem verðbólgan verður verri viðureignar.

Hvað skyldi kosta að reisa bú í dag? Ætli það sé ekki einn arfurinn, sem við höfum gefið þessum einstæðu bændum? Sennilega er það. Nei, það vantaði ekki í kosningabaráttuna. Þá var öllu lofað. Þá voru þreyttir menn í ráðherrastólunum, úrræðalausir, vissu ekki, hvað þeir áttu að gera, létu næstum því reka á reiðanum, eins og sagt er, fyrir veðri og vindi. Eina lausnin var að fá nýja menn inn með úrræðin á hverjum fingri,og sjá, þá skyldi enginn vandi vera. Það skyldi engin óeðlileg þensla verða í þjóðarbúinu, og allt átti að vera stöðugt og gott. En reynslan er því miður heldur bitur. 9 milljarðar á tveimur árum, úr 11 milljörðum í 20. Þetta segir ekki alla söguna, því að það vantar mikið til enn þá, virðist manni, ef á að leysa þann vanda, sem fram undan er og halda vísitölunni í 117 stigum og tryggja það, að atvinnulífið geti snúizt með eðlilegum hætti. Framkvæmdastofnunin var sett á laggirnar, og var margt gott gert með því frv., og ég vona, að það eigi eftir að sýna árangur. En samt sem áður sér maður lítið bóla á ávöxtunum í skipulagningunni, svo að þeir eiga eitthvað erfitt með að koma sér saman um þættina eða taka ákvörðun, sem leiði til góðrar niðurstöðu.

En það er annað, sem hefur ekki staðið á. Það er aukning á mannafla í ríkiskerfinu. Hann er mikill, og ég get ekki betur séð en sú skrá, sem fylgir fjárlagafrv. hér aftast um mannafla þar, sé ófullkomin. Það þarf að fá það á hreint, hverjir eru fastir starfsmenn og hverjir eru lausráðnir. Það þarf að fá það á hreint, hvenær yfirvinna er bókuð, því að í ljós kom á einum fundi undirnefndar í sumar, að það liggur alls ekki ljóst fyrir, ef maður vill vita það fljótlega, hve mikil yfirvinna er greidd, en hægt er að finna það út, en kostar mikla vinnu. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. mjög fyrir það, hvað hann hefur verið jákvæður í því efni að leggja því lið, að ríkisbókhaldið allt geti skilað okkur betri niðurstöðu, sérstaklega vel sundurgreindri og það fljótt. Það er mjög mikilvægt. En það er kominn fjöldi manns inn. Það væri líka fróðlegt að vita, hvað bremsunefndin, ef hún starfar eitthvað, hefur samþykkt marga. Ég spurði um þetta hér í fyrra og hæstv. forsrh. svaraði: „Ég ætla, að bremsunefndin hafi fjallað um þessar ráðningar.“ Auðvitað snjallt svar, en sagði hvorki af né á. Ég verð því að vænta þess, að bremsunefndin hafi fjallað um þennan fjölda, sem kominn er inn í fjárl. núna og sagt er frá. Ef ég man rétt, er á bls. 161 sagt, að í skýringum þeim, sem á eftir fari, verði sem fyrr greint frá öllum nýráðningum stofnana í mannafla. En mér er kunnugt um, að það starfa fleiri en hér kemur fram, og þess vegna það ég um sundurliðun á fastráðnu fólki og lausráðnu. Auðvitað þarf ríkisvaldið góðan liðsafla alveg eins og allir aðrir. En það á bara að liggja á hreinu og ekkert að vera að fela það og hafa um það ákveðnar reglur og tryggja því fólki líka, sem er lausráðið, eðlileg réttindi, bæði í lífeyrissjóði og öðru. Það er ekkert síður mikilvægt.

Þegar kemur að úrræðum við þessum mikla vanda, sem fram undan er að sögn hæstv. ríkisstj., þá verður fróðlegt að sjá, hvernig sú kaka skal bökuð. Verður það ekki hálfgert blandað krydd, sem sett verður í kökuna þá? Við skulum sjá. Ef á að byggja á 14% aukningu í innflutningi áfram, og það hefur komið hér áður fram í kvöld og mér þykir rétt að undirstrika það, þýðir það hvorki meira né minna en, að á tveimur árum má ætla, að óhagstæður greiðslujöfnuður nemi milli 7 og 8 milljörðum. Það er ekki svo lítið. Og þó að gjaldeyrisstaða okkar í augnablikinu sé á pappírnum góð, þá man ég eftir greinum í Tímanum, þar sem gert var grín að því, er fyrrv. ríkisstj. tók langtímalán, og slíkt kallað herfileg blekking í gjaldeyrisstöðunni. En nú þegja sömu „skribentar“. Bezt er að rifja það ekki meira upp, svo að það komi ekki illa við um stöðu gjaldeyrissjóðsins í dag. Ég sé, að hv. ritstjóri Tímans brosir, en ég ætlast ekki til, að hann rifji upp fyrri skrif í þessu efni. Þau koma illa við, eins og ég sagði áðan.

Skattamálin voru eðlilega mjög á dagskrá í vor, og hæstv. fjmrh. undirstrikaði það enn einu sinni, að það var alger forsenda fyrir þessari fjármálastjórn að fá ný skattalög. Gott og vel. Þeir hlýddu ekki áþær aðvaranir, sem við höfðum í frammi í stjórnarandstöðunni. Þeir voru bjartsýnir, og í sumar birtist ein af þessum snjöllu greinum eftir einn hv. þm. Ég sé nú ekki þm.-skrána hérna, svo að ég get ekki vitnað rétt í hann, en það var Stefán Valgeirsson, sem skrifaði þá grein, heiftarlega árás á Alþfl. Þar boðaði hann enga skattahækkun. Allt væri blekking, sem við sögðum. Hann hefur ekki skrifað grein aftur, eftir að niðurstöður skattal. lágu fyrir og brbl. komu fram. Hann hefur heldur ekki sézt mikið á bryggjunni í smáþorpunum í kjördæmi sínu og talað við sjómennina, sem fengu seðilinn frá hæstv. fjmrh. og ríkisstj. Væri betur, að hann væri búinn að laga það, sem misfór áður og væri þá maður að meiri. Allt í lagi með það. Okkur getur missézt, báðum, þessum góðu vinum mínum og mér. En niðurstaðan liggur núna á borðinu, og við getum svo deilt um það í rólegheitum seinna.

Nei, það var slæmur arfur frá viðreisninni, þessi skattalöggjöf. Hún átti allt að tryggja til handa þeim ríku, en mala niður þá fátæku. Og það varð auðvitað að breyta þeirri skattalöggjöf

í slíkum flýti, að ekki gafst tími til að athuga þetta í rólegheitum né hlusta á vissar ábendingar, sem við höfðum fram að færa. Þetta skyldi keyrt í gegn, þó að afleiðingarnar yrðu slæmar. Sjálfsagt er margt gott í þessari löggjöf, og ég samþykki margt, sem þar var sett fram. En kapp er bezt með forsjá í þessu sem öðru.

Það var mikið rætt um stöðu Seðlabankans, og með alls konar reikningslistum og samanburði var fengin sú niðurstaða, að raunverulega væri staða Seðlabankans svo góð í dag, að ekkert væri athugavert við hana, bókstaflega ekki neitt. Mig varðar lítið um hlutfallstölur. Ef skuld ríkisins við Seðlabankann er hátt í tvo milljarða, þá er hún allveruleg, hvað sem einhverjar hlutfallstölur segja. Og af hverju að taka um einnar millj. kr. lán til langs tíma til þess að þurrka þessa skuld út? Auðvitað til þess að bæta stöðuna, því að hún er erfið. En framkvæmdir með svona vinnubrögðum hefðu ekki verið taldar skynsamlegar af heimilisföður, nema af ótta við gífurlega verðbólgu, þess vegna sé einnig nauðsynlegt, að ríkið framkvæmi sem allra fyrst, áður en allt verður miklu, miklu dýrara en ella, og í harðri samkeppni við bæjarfélög og einstaklinga.

En hvers vegna skyldu nú fulltrúar hæstv. ríkisstj. eða Seðlabankans vera að hringja út um land og biðja vissa lífeyrissjóði að kaupa sparilánin? Er það vegna svona góðrar stöðu ríkissjóðs? En þetta á sér stað í dag, þeir eru að hringja í félagssjóði úti um land og biðja um kaup á skuldabréfunum fyrir stórfé. Já, það er gott og vel. Stundum hafa nú þessir fulltrúar hæstv. ríkisstj. sagt, að það þyrfti að draga fé frá Reykjavík út á landsbyggðina, en nú er dregið frá landsbyggðinni, sennilega inn í Seðlabankann og svo Seðlabankinn inn í ríkissjóð og í Framkvæmdastofnunina. Þá er bara, að það verði ekki sagan um einbjörn í tvíbjörn og tvíbjörn í þríbjörn og svo karlinn í kerlinguna og kerlingin í kálfinn, en ekkert gekk.

Dæmið er nú ekki glæsilegra en það. En staðan er góð, og það skiptir öllu máli hlutfallslega. Það var margundirstrikað af hæstv. ráðh. Jafnvel Sölvi Helgason hefði mátt vera hreykinn af öllum þessum hlutfallstölum, svo haganlega komu þær út hæstv. ríkisstj. í hag.

Nei, stjórn peningamála getur verið erfið á Íslandi. Það þekkjum við af biturri reynslu, og að mínu mati hefur verðbólgan fellt flestar ríkisstjórnir, og kannske á hún eftir að reynast þessari hv. vinstri ríkisstjórn mjög erfið. En úrræðin eru svo létt, segir formaður Alþb., það eru alls staðar gróðapyttir, og það er bara að fá sér ausu og ausa upp úr þeim og færa á milli í þjóðfélaginu á einfaldan og góðan hátt. Þó sagði hann nú: aðalatriðið er framtíðarlausnin. En framtíðarlausnin getur ekki byggzt á svona einfaldri aðferð, það er útilokað. Hún byggist af traustum grunni og getur ekkert annað en byggzt á traustum grunni með langtímauppbyggingu. Sú uppbygging kann að vera hæg um tíma, en hún þarf að vera skipulögð og raunhæf. Það væri gaman að geta gert allt í einu. Það væri gaman að geta byggt stóra skóla á tveimur árum eða þremur. En fjárlagafrv. segir fjögur ár, af því nú er ekki hægt að fara hraðar. Svo að ég vitni í aðra gamla sögu, langt að sótta, hefur verið sagt um einn svertinga, sem var í forsvari og fylgd í stórum leiðangri í Afríku, en leiðangurinn vildi flýta sér hratt og komast mjög áfram, að hann sagði: Ég fer ekki lengra. — Og þeir spurðu: Hvers vegna? Ég vil ekki fara hraðar en það, að ég hafi stjórn á sjálfum mér og sálu minni. — Það er hægt að gleðjast yfir velgengninni og hún er vissulega til í dag. Og ef ég man rétt, þá íaði hæstv. forsrh. að því í ræðu sinni og sagði orðrétt, með leyfi forseta, á bls. 8, að þegar litið er til efnahags þjóðarinnar, atvinnuástands, neyzlustigs og lífsafkomu fólksins, er enginn voði á ferð, þó að við yrðum að lækka ofurlítið seglin um stundarsakir. Í sjálfu sér er þetta rétt staðhæfing. En næst samstaða um þetta, þannig að þjóðarbúið hafi gott af því?

Þá er kennt um miklum aflabresti, og sagt er að 20—30 þús. tonn í minnkandi bolfiskveiði í sumar valdi þessum vanda. Það hefði einhvern tíma ekki þótt stórkostlegt, þó að afli á Íslandi minnki um nokkra tugi þús. tonna. Nú það er auðvitað slæmt fyrir viss svæði, sem hafa lent í þessu, og viss úthöld eru í vandræðum. En það var líka annar afli, sem jókst og gaf mikið í aðra hönd, þannig lagað, að þetta er ekki eina ástæðan, þessi aflabrestur um 20—40 þús. tonn. Það er miklu, miklu fleira. Það er heildarstjórnin. Þrátt fyrir það að yfirlýst er, að stefnan sé óbreytt, þá er það heildarstjórnin, sem ekki ræður við þann vanda, sem fram undan er, og þá þróun, sem á sér hér stað, í fjármálakerfi þjóðarinnar. Verðbólgan vex og vex eins og snjóbolti, sem hleður utan á sig, og krónurnar verða fleiri og fleiri, en þær mega víst ekki minnka á pappírnum. Gengið á að vera óbreytt þrátt fyrir allt. En það er bara að það þá komi ekki eitthvert uppbótakerfi og það skapist ekki allt í einu tugir gengna, eins og var einu sinni þekkt hér. Aðeins á Suðurnesjum einum ríktu á milli fiskvinnslufyrirtækja í tíð vinstri ríkisstjórnar 1956—58 tugir gengna. En þá var kerfið orðið þannig, að það var borgað upp eftir útflutningsverðmæti og nýting afla var mjög misjöfn, eftir vinnslustöðum og eftir hvaða verkunaraðferðir fiskurinn fór í. Ef til vill á að innleiða þetta aftur og einhverjir snjallir menn reikna út, hvað þú átt að fá. Enginn veit raunverulega, hvað hann á að fá, né getur gert áætlanir fyrir sjálfan sig um eðlilegan rekstur, því að það eru einhverjir aðrir svo miklu, miklu snjallari menn, sem úthluta honum því, sem þeim sýnist.

Þrátt fyrir allar árásirnar á fyrrv. ríkisstj. er það nú einu sinni staðreynd, að á síðastliðnum áratug hafa lífskjör á Íslandi batnað og verið betri en nokkru sinni áður. Þó er þrástagazt á því, að sú ríkisstj. hafi ekki ráðið neitt við neitt og skilið við allt í kaldakoli og þessi slæmi arfur sé enn að ganga aftur, þrátt fyrir að nær 16 mánuðir séu síðan sú ríkisstj. lét af völdum. Ég veit ekki, hvað þeir ætla að skemmta sér lengi við þetta í fjárlagagerð og rökræðum hér á Alþ., en það hlýtur nú að vera farið að draga af þeim draug, eftir því sem líður fram á þetta ár og fram á hið næsta. Og undarlegt

er það með öllu þessu skipulagi, sem boðað var, ef ekki er hægt að koma í veg fyrir, að þessi áhrif vari svo lengi.

Í ræðu sinni kom fjmrh. eðlilega mjög víða við og talaði um tekjuöflunina hér í löngu máli. Og hún er auðvitað forsenda fyrir öllu því, sem á að gera, eins og fjárlagafrv. ber með sér, og byggt á þeirri áætlun, að innflutningur verði áfram svona mikill. Endurskoðun skattalaganna fer fram, og sennilega sjáum við einhverja breytingu á þessu þingi, þó er það ekki öruggt. En grundvallaratriðið er, svo að öll uppbygging fjárlagafrv. fari ekki úr skorðum, að innflutningurinn verði svona mikill og eyðslan svona mikil. Grundvöllurinn er ekki sterkari en það, þegar þetta er skoðað niður í kjölinn, því miður.

Ef ég hef tekið rétt eftir í ræðu hæstv. fjmrh., þá sagði hann: Það er á valdi Alþ. að fjármagna auknar niðurgreiðslur fyrir árið 1973, svo að vísitalan haldist óbreytt. Framkvæmdaáætlunin á eftir að koma með þessu frv., og munum við þess vegna sjá heildarmyndina betur en við getum séð í dag. Eins og sagt var hér áðan á undan mér, er þetta rammi án heildarmyndar, og þess vegna ætla ég ekki að eyða tíma í það, þar sem umr. eru orðnar langar, að fara að lesa upp einstaka talnaliði, því að þm. geta lesið það sjálfir á borðunum hjá sér og gert samanburð.

Ég ætla aðeins að undirstrika það, á hvaða grundvelli þetta fjárlagafrv. er byggt, af því að hann er hæpinn, því miður. Ég man þó eftir einum lið, sem rétt er að vekja athygli á að þarf að hækka að mínu viti, sérstaklega ef á að halda áfram að treysta undirstöðuatvinnuvegina, en það hefur verið aðall, að þeir segja, þessarar hæstv. ríkisstj., en það er að auka fjölbreytni í sjávarútvegi. En ef ég man rétt, þá fellur niður styrkur til leitarskipa hjá Hafrannsóknastofnuninni, minni skipanna, sem eru að leita að humar og rækju o. fl. skelfisktegundum. Þetta tel ég illa farið, og það má eiginlega varla eiga sér stað. Við höfum ekki fengið enn í fjvn. forsvarsmenn stofnunarinnar í heimsókn, og ég veit þess vegna ekki, hvað hefur skeð, en það er aðeins vinsamleg ábending til hæstv. fjmrh., að þetta mál verði athugað aftur, því að ég veit, að hann leggur því lið, að þetta falli ekki niður.

Hann fjallaði hér um nefndarstörf, kostnað í sambandi við n. Ég hef átt sæti í undirn. fjvn. Við höfum farið í ýmis ríkisfyrirtæki, við höfum tekið fyrir ákveðna málaflokka, og það tel ég mjög nauðsynlegt, það hjálpar okkur í vinnu við erindalestur og frágang fjárlaga í n. Það er líka mjög athyglisvert, þar sem að hv. ráðh. sagði: Námskeið verða haldin fyrir forsvarsmenn ríkisfyrirtækja og hjálpað til að hafa rekstur sinn hagkvæmari og betri. Vissulega hefur maður grun um það, að víða er ekki gætt þeirrar hagkvæmni, sem unnt er að framkvæma hjá sumum ríkisstofnunum. Þetta er verulega þakkarvert. En hér þarf að koma til meira. Raunverulega þarf að ákveða verksvið undirn. fjvn. Mér finnst persónulega a. m. k., að við höfum ekki fastmótað verksvið, og ef við eigum að gera fastar og ákveðnar till., þá liggur það í hlutarins eðli, að við þyrftum a. m. k. að fá eins konar erindisbréf. Okkur hafa verið sýndar ýmsar hugmyndir, og við höfum verið beðnir að fjalla um þessar hugmyndir og segja álit okkar á þeim, m. a. sameiningu verkstæða, sameiningu mötuneytanna, nýtt fyrirkomulag í mötuneytakerfinu, sem er orðið mjög stórt mál og á eftir að skipta ríkissjóð jafnvel hundruðum millj. í framtíðinni. Og þarf að taka föstum tökum. Þetta er stórmál og fer ört vaxandi fyrir ríkissjóð, ef ekki er gerð raunhæf skipulagning á næstunni. Svo er annað, ferðalögin. Setja þarf upp ákveðnar reglur um ferðalög erlendis. Við höfum fengið yfirlit yfir ferðalög nokkurra stofnana, og það er mjög misjafnt, hvað menn ferðast á vegum þessara stofnana, — mjög misjafnt. Sumir virðast vera afar mikið erlendis, svo ekki sér meira sagt.

Mikið átak hefur verið gert og var gert í bílamálum ríkisstofnana, og er það komið í fastar skorður og ég held í sæmilegt horf. En þessu þarf að fylgja eftir, og það má ekki fara aftur úr böndunum. Aðeins hefur brydd- að á því, að menn hlýddu ekki þeim reglum, sem settar hafa verið. En það þarf að halda fast við þær reglur, sem hagsýslan og fjmrn. hafa sett, og fylgja því vel eftir. Allt þetta ber að þakka, og það er góður vilji í fjmrn. til þess að leysa slík vandamál, og það ber að meta það, þegar menn vilja taka ábendingum undirn. eða frá öðrum þm. með jákvæðri afstöðu, og þakka það.

Hvað fram undan er varðandi sjálfa rekstrarstöðuna í þjóðarbúinu, þá liggur það ljóst fyrir, að við sjávarsíðuna eru vandamál. Togaraflotinn er rekinn með tapi. Hann þarf þegar á styrk að halda, sem nemur 25 millj. úr ríkissjóði. Af hálfu iðnaðarins hefur því verið lýst yfir, að hann standi nú á mörkum hallarekstrar. Viðskiptahalli við útlönd er mjög alvarlegur. Og það kom fram í viðtali í kvöld við einn af forsvarsmönnum annars stærsta stuðningsflokks ríkisstj., að vandinn sé ekki geigvænlegur. Ég tel, að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða. Raunverulega er ástandið þannig, að við sjáum fram á rekstrarstöðvun aðalatvinnuveganna, nema stórkostleg tekjuöflun eigi sér stað. Og enn meiri tekjuöflun er nauðsynleg, ef á að halda vísitölunni í 117 stigum og eins að framkvæma þá samninga, að 6% eigi að koma óskert 1. marz 1973 samkvæmt kjarasamningum. Þá þarf hér stórkostlegt fjármagn til að halda þessu öllu eðlilega, ef verðbólgan á ekki að færa allt í kaf. Við vitum ekki, hvernig ríkisstj. hyggst leysa þetta, og það er þess vegna út í hött að vera að eyða löngum tíma í vangaveltur um þessi úrræði, því að við verðum að bíða eftir því hér. Sérstök n. úti í bæ er að baka þessa köku, og hún mun verða sýnd Alþ. bráðlega. Þá kemur í ljós, hvernig hún kann að smakkast.

Því miður sýnist mér, að stefnan sé verðbólgustefna, hvernig sem á það er litið. Og því miður sýnist mér að fyrr eða síðar verðum við að taka upp millifærslu- eða uppbótakerfi til að

halda atvinnuvegunum gangandi. Og þá þarf að reikna út: þú átt að fá þetta og hinn á að fá hitt. Við höfum ágæta Framkvæmdastofnun og snjalla reikningsmenn þar. Kannske eru þeir færir um að leysa þetta allt saman? Framkvæmdaáætlunin kemur bráðlega frá þeim, og þeir sýna okkur þess vegna fjárlagadæmið í heild. Þá getum við tekið raunhæfari afstöðu til þessara talna, sem við höfum fyrir framan okkur, og ég mun því sleppa því, eins og ég sagði áðan, að fara að lesa upp einstakar tölur og gera samanburð, vegna þess að það er ekki raunhæft, eins og ástandið er í dag. Þetta á eftir að breytast verulega, a. m. k. í stórum liðum, jafnvel svo að skipti milljörðum, a. m. k. á annan milljarð, ef að líkum lætur.

En þrátt fyrir þetta, þá vona ég, að svo fari, að við getum haldið áfram eðlilegu atvinnulífi hér á landi og það verði full atvinna. Það er fyrir öllu, að þessi litla vesæla króna, sem viðreisnin að sögn var nærri búin að ganga af dauðri, geti nú haldið gildi sínu áfram. Vonandi kemur ekki til stórkostlegrar millifærslu né gengisfellingar.

Hæstv. ríkisstj. hefur marg ítrekað það, að hún muni ekki grípa til slíkra ráðstafana. Hún ætlaði sér ekki meiri afrek í verðbólgunni en að hafa verðbólguna svipaða og í nágrannalöndunum. Það hefði nú ekki verið úr vegi, að fylgt hefði smáskrá frá Norðurlöndunum og Englandi í þessari löngu ræðu hæstv. fjmrh., þar sem einhver hlutfallareikningur væri látinn fylgja, þannig við sæjum hreyfinguna hér heima í samanburði við það, sem væri að gerast hjá keppinautunum. Það hefði gefið okkur örlítið betri hugmynd um stöðuna. En þessu var auðvitað sleppt. Menn geta sjálfir spáð í hvers vegna. En það skulu vera mín lokaorð þrátt fyrir allt, að vel megi takast til og hér verði full atvinna og vetrarvertíð geti hafizt með eðlilegum hætti, eins og til stendur.

Jón Árnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lauk framsögurræðu sinni fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1973 með þeim orðum, að hann vonaðist til, að hv. stjórnarandstæðingar hafi ekki gleymt fortíð sinni, þegar þeir fara að tala um fjárlagafrv. nú. Maður skyldi halda, að hæstv. fjmrh. gerði sér einnig grein fyrir því, að það eru fleiri en stjórnarandstæðingar, sem eiga sér nokkra fortíð í þessum efnum, og óneitanlega var ræða hæstv. fjmrh. nú fyrir fjárlagafrv. nokkuð hjáróma við þá gagnrýni, sem hann og aðrir fyrrv. stjórnarandstæðingar héldu uppi á viðreisnartímabilinu. Fjárlagafrv. það, sem hér liggur nú fyrir, er annað í röðinni frá valdatöku núv. stjórnarflokka. Það má því gera ráð fyrir, að hér birtist sú efnahagsstefna, ef nokkur er, sem mörkuð er í þessu fjárlagafrv. og segja má, að hæstv. forsrh. greindi frá í stefnuræðu sinni, að sé óbreytt frá því, sem fram kemur í fjárlögum yfirstandandi árs. Það eru hins vegar öllum hv. alþm. enn í fersku minni þau varnaðarorð, sem stjórnarandstaðan beindi til ríkisstj., þegar augljóst var, að hverju stefndi um útþenslu í ríkiskerfinu með afgreiðslu fjárlaga, sem fólu í sér hækkun um hvorki meira né minna en nokkuð yfir 6 millj. kr. Ríkisstj. hlustaði ekki á varnaðarorð stjórnarandstöðunnar, og allt var keyrt í gegn, eins og kunnugt er, án nokkurra breytinga. Nú er enn bætt við yfir 3000 millj. kr., og enda þótt þar sé enn um allstórt stökk að ræða, vantar enn allmikið á, að fjárlagafrv. sýni rétta mynd af greiðsluþörfinni, eins og hún blasir við og miðað við það, að ríkisstj. haldi óbreyttri stefnu. Slík útþensla, sem birtist í þessum tveimur fjárlagafrv., þegar tillit er tekið til þess, að breyting á skráningu íslenzku krónunnar hefur ekki átt sér stað, er algent einsdæmi.

Aðeins tveimur mánuðum eftir að fundum Alþingis lauk á s. l. vori, sá ríkisstjórnin sér ekki annað fært en að grípa til sérstakra bráðabirgðaráðstafana í efnahagsmálum. Í þessum bráðabirgðaráðstöfunum er gert ráð fyrir að koma á verðstöðvun til áramóta, fresta greiðslu 2½ stigi kaupgjaldsvísitölunnar og binda kaupgjaldsvísitöluna að öðru leyti við 117 vísitölustig til áramóta. Var talið, að þessar bráðabirgðaráðstafanir mundu kosta ríkissjóð um 400 millj. kr. Þessari upphæð hugðist ríkisstj. ná með því að skera niður einstaka útgjaldaliði í fjárlögum, og var þá gefið í skyn af hæstv. forsrh., að haft mundi samráð við undirn. fjvn., á hvaða liðum fjárlaganna niðurskurðurinn skyldi eiga sér stað. Slíkt hefur hins vegar ekki átt sér stað, og er ég ekki út af fyrir sig að kvarta undan því og tel, að það sé fyrst og fremst ríkisstj. að taka ákvörðun um og bera ábyrgð á þessari ráðstöfun sinni. Hins vegar væri fróðlegt að fá betri upplýsingar frá hæstv. fjmrh. heldur en áðan komu fram í hans ræðu um það, á hvaða fjárlagaliðum niðurskurðurinn átti sér stað. Það kom skýrt fram um þessar 100 millj. kr., sem farið var fram á við atvinnuleysistryggingasjóðinn, að yrði frestað greiðslu á, en að öðru leyti vantar upplýsingar að verulegu leyti um, á hvaða fjárlagaliðum niðurskurðurinn átti sér stað. Það kom skýrt fram um þessar 100 millj. kr., sem farið var fram á við atvinnuleysistryggingasjóðinn, að yrði frestað greiðslu á, en að öðru leyti vantar upplýsingar að verulegu leyti um, á hvaða fjárlagaliðum þær 300 millj., sem þar er um að ræða, koma niður. Og það væri mjög æskilegt, að það kæmi skýrar fram en kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan.

Um s. l. áramót kom svo á fjörur ríkisstj. enn eitt vandamálið. Sýnilegt var þá, að öll útgerð í landinu og þá um leið fiskiðnaðurinn var að stöðvast. Ríkisstj. viðurkenndi, að fiskverð yrði að hækka, en jafnframt, að enda þótt verðlag í markaðslöndunum væri hagstæðara en dæmi væru til um áður, þá gæti það ekki staðið undir hækkuðu fiskverði innanlands. Og þegar svo var komið, þá grípur ríkisstj. til þess ráðs að láta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins greiða það sem á vantar í þessum efnum. Vitanlega er, að það var allt annað verkefni, sem verðjöfnunarsjóðnum var ætlað, heldur en að greiða niður rekstrarkostnað fiskiðnaðarins og útgerðarinnar, sem er í sambandi við vantandi grundvöll undir útgerðinni og fiskiðnaðinum. Hann átti fyrst og fremst að verða til þess að mæta hugsanlegum sveiflum í verðlagi á erlendum mörkuðum á sjávarafurðum. Það hefur verið rætt um það hérna, að þetta séu um 88 millj. kr., var talað um hér af hæstv. sjútvrh., reynt að gera lítið úr þessu dæmi miðað við það, hvað vandamálið í raun-

inni er stórt. Og til þess að gera sér nokkra grein fyrir, hvað hér er um stórt og alvarlegt vandamál að ræða, sem verður að ráða lausn á strax upp úr næstu áramótum, þá er rétt að fara hér yfir þann lista, sem nú hefur verið gengið frá um það, hvað á að koma til viðbótar söluverði afurðanna á erlendum markaði til þess að standa undir þessu á þessu tímabili, og það eru ekkert litlar upphæðir í hverri einingu sem þar er um að ræða, miðað við það, sem greitt er núna. Það er t. d. í fyrsta lagi, að það á að greiða úr verðjöfnunarsjóði á hvert einasta kg. af frystum þorskflökum 9 kr. úr sjóðnum. Á ýsu á að greiða 5 kr. á hvert flakakg fram til áramóta. Á steinbít á að greiða 11 kr. á hvert kg úr verðjöfnunarsjóðnum, á karfaflök hvorki meira né minna en 14 kr. á hvert einasta kg, ufsa 11 kr., á löngu 8 kr., grálúðu 10 kr. og heilfrystan fisk, eins og hann kemur fyrir upp úr sjónum, á að greiða 4 kr. á hvert kg. Það er augljóst mál, að þessi upphæð, sem núna er fundin, 88 millj. kr., byggist, eins og reyndar hefur komið fram, fyrst og fremst á því, að á þessu tímabili er ekki gert ráð fyrir því, að um mikið aflamagn verði að ræða. En þegar við hugsum til alls vertíðaraflans og þegar á að greiða allt upp í 14 kr. á hvert flakakg af frystum fiski, þá sjá allir heilvita menn, að hér er um mjög stórt vandamál að ræða, vegna þess að til viðbótar þessu á eftir að koma, eins og var upplýst hér áður í þessum umræðum, það eiga eftir að koma 5 visitölustig, sem falla strax um áramótin, og síðar á árinu koma 7 visitölustig, sem búið er að semja um, að eigi að koma til framkvæmda 1. marz. Og það er vitað, að sjávarútvegurinn, úr því hann er ekki við því búinn að taka á sig neina verðhækkun núna, verður það ekki frekar þá.

Í dag byggist afurðaverðið á hærra söluverði erlendis heldur en dæmi eru til um nokkurn tíma áður. Það má því vart búast við því, að bætt afstaða sjávarútvegsins, útgerðarinnar eða fiskiðnaðarins, komi til með að jafna sig með því, að það verði enn hægt að hækka fiskverð á erlendum mörkuðum. Enda þótt við viljum vera bjartsýnir, þá eigum við að vera það raunsæir að gera okkur grein fyrir því, að sagan frá fyrri árum geti endurtekið sig. Það átti sér stað á árunum 1967 og 1968, að þrátt fyrir óvenjumikinn aflabrest, sem þá átti sér stað bæði á síldveiðum og bolfiskveiðunum, þorskveiðunum, þá féllu afurðir þessarar útflutningsvöru verulega í verði. Hins vegar kann að vera, að það hafi m. a. verið vegna þess, að við séum ekki það stórir, þó að við teljumst stór framleiðslubjóð í sjávarútvegi, að það hafi getað haft nein úrslitaáhrif á markaðsverðið í viðskiptalöndunum. En svona var það, og því skyldi ekki vera ástæða til þess að ætla, að slíkt geti endurtekið sig öðru sinni. En ef verður gengið áfram í þá átt, sem er gert, að taka úr verðjöfnunarsjóðnum, þannig að þegar kemur fram á vorið og vertíð lýkur, þá verði að mestu leyti búið að tæma það, sem í honum er, hvað gætum við þá gert, ef til þess kæmi, að verðlag lækkaði á okkar sjávarafurðum? Ég held, að þjóðin stæði þá höllum fæti og þá hafi verið illa farið með þær skynsamlegu ráðstafanir, sem gerðar voru á viðreisnartímanum og einmitt voru byggðar upp á því tímabili, þegar verðlag stóð vel eins og nú og aflabrögð voru sæmileg.

Við höfum í okkar þjóðfélagi fleira en verðjöfnunarsjóð. Það hefur verið rætt um það nú að undanförnu, að erfiðleikar útgerðarinnar stafi m. a. af minnkandi afla og lakari samsetningu í sjávarafurðunum en áður hafi átt sér stað. Það er enginn vafi á því, að minnkandi afli hefur sín áhrif í þessum efnum. En til þess að mæta því höfum við annan sjóð, sem heitir Aflatryggingasjóður, og það er fyrst og fremst hans að gripa inn í, þegar slíkt ástand skapast í okkar landi í sambandi við sjávarútveginn eins og nú hefur átt sér stað. Og vitanlega átti hann að vera fær um það, Aflatryggingasjóðurinn, að hlaupa hér undir bagga í sambandi við minnkandi afla, en ekki ganga á þennan sjóð, sem átti allt öðru hlutverki að gegna. Á þetta vil ég benda, m. a. með tilliti til þess, að ríkisstj. haldi ekki áfram að byggja rök sín á svo fölskum forsendum sem hún gerir í þessum efnum. Hitt er annað mál, að vaxandi verðbólga í landinu, og aukinn tilkostnaður á öllum sviðum, eins og hæstv. forsrh. reyndar viðurkenndi í sinni ræðu, er orsök þess m. a., hvernig komið er fyrir sjávarútveginum í dag. Ég verð að segja það, að því verður hins vegar ekki trúað, að hæstv. ríkisstj. finni ekki aðra leið til þess að leysa rekstrarvanda sjávarútvegsins um n. k. áramót, þegar til þess kemur að fá rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn á næsta ári.

Eins og ég sagði áðan, þá er gert ráð fyrir því í fjárlfrv., að kaupgjaldsvísitalan haldist allt næsta ár, miðað við 117 visitölustig. Í fjárlfrv. eru hins vegar engir möguleikar, eins og það liggur hér fyrir, eða greiðsluafgangur til þess að mæta þeim kostnaði, sem af því mun leiða að halda kaupgjaldsvísitölunni óbreyttri. Það er því sýnilegt, að einhverra ráða verður að leita til þess að halda áfram. Það verða að skapast einhverjir tekjumöguleikar eða tilfærslur í efnahagsmálunum, til þess að hægt verði að byggja á því, sem fjárlagafrv. byggir, að miða við 117 visitölustig.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan í ræðu sinni, að við afgreiðslu síðustu fjárlaga var reynt að draga úr niðurgreiðslunum, og var það harðlega gagnrýnt af stjórnarandstöðunni. En síðan sagði hæstv. ráðherra: „Það reyndist hins vegar ekki unnt að draga úr niðurgreiðslunum eins og ákveðið var í fjárlögum yfirstandandi árs.“ Ákvað ríkisstj. því, eins og fram kemur í aths. við frv., þegar í upphafi þessa árs að láta ekki koma til framkvæmda þá ákvörðun Alþ., sem tekin var við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1972, þ. e. að lækka niðurgreiðslurnar á mjólkinni. Þessi fjárlagaliður hækkar því fjárlagafrv. nú um 375 millj. kr., og þá er gert ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum að undanskildum þeim niðurgreiðslum, sem komu til framkvæmda í júlímánuði s. l. í sambandi við bráðabirgðaráðstafanirnar í efnahagsmálunum. En síðan hafa enn komið til niðurgreiðslur úr ríkissjóði um s. l. mánaðamót í sambandi við hækkað fisk-

verð. Þá er enn gripið til þess að greiða niður til þess að halda kaupgjaldsvísitölunni óbreyttri, þ. e. í 117 vísitölustigum. Fiskverðið hækkaði um 15%, svo sem kunnugt er. Hæstv. ráðh. sagði einnig um niðurgreiðslurnar, að það væri takmörk fyrir því, hvað langt mætti ganga í niðurgreiðslum, og þá að sjálfsögðu sérstaklega í einstökum greinum niðurgreiðslnanna.

Það er rétt að gera sér grein fyrir þeim valkosti, sem ríkisstj. tók að þessu sinni, þegar hún ákvað niðurgreiðslurnar til þess að mæta hækkuninni vegna fiskverðsins. Fiskur er almenn neyzluvara á Íslandi, svo sem kunnugt er. Það kemur því hart niður á öllum almenningi, þegar verð á fiski hækkar. En þá kemur til álita hjá hæstv. ríkisstj., á hvern hátt er unnt að sleppa sem ódýrast peningalega í sambandi við þessar niðurgreiðslur. Og það er gott dæmi um það, hvað greiðslur úr ríkissjóði til að halda niðri kaupgjaldsvísitölu geta stundum verið óraunhæfar, eins og hæstv. fjmrh. réttilega gat um, að það eru takmörk fyrir því, hvað má fara í einstökum efnum til þess að halda niðri kaupgjaldsvísitölunni að greiða niður einstaka liði. Sem sagt, ríkisstj. tók þá ákvörðun að hækka fjölskyldubætur, og það var vegna þess og þess eins, að það er alveg óruggt, að það kostaði ríkissjóð minnst. En hvernig kemur svo fiskverðshækkunin niður á öðrum en þeim, sem fá fjölskyldubætur? Ætli ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því? Skyldi kaupmáttur öryrkjanna, sem fá lágmarkslaun, öryrkja, sem fá ekki fjölskyldubætur, vera sá sami og áður? Eða skyldi kaupmáttur gamla fólksins, — það borðar fisk eins og aðrir, en fær kannske ekki fjölskyldubætur, — ætli kaupmáttur þess sé sá sami og hann var, áður en fiskverðið hækkaði? Nei, það væri hollt fyrir þessa ríkisstj. hinna vinnandi stétta og hinna lægst launuðu og þeirra, sem búa við erfiðust kjör í okkar landi, — það væri gott fyrir ríkisstj. að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif slíkar ráðstafanir, sem hún hefur nú farið út í í þessum efnum, hafa einmitt á þessa þegna þjóðfélagsins.

Nei, það er því miður oft þannig, að það er hægara að dæma aðra fyrir verkin, sem unnin eru, heldur en að standa við loforð eða ádeilur eða gera betur en aðrir gerðu, sem deilt var á áður, og það hefur sannazt á núverandi stjórnarflokkum.

Það er að sjálfsögðu margt í þessu fjárlagafrv., sem þyrfti og væri ástæða til að ræða sérstaklega, ýmis smærri atriði. En slíkt á að sjálfsögðu sér alltaf stað, þegar fjárlagafrv. er lagt fram, að það er eitt og annað af smærri atriðum, sem vantar inn í fjárlagafrv., þegar það er lagt fram á Alþ., og við það er ekkert að athuga sérstaklega. Enda er það svo, að minni málin, ýmis minni mál, sem vitanlega verða nokkur fjárveitingaupphæð, þegar til samans kemur, það eru ekki þau, sem skipta sköpum í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Það er stefnan, sem tekin er, þegar ákveðið er að byggja hvert fjárlagafrv. upp. það er hún, sem ræður hér mestu um, og það er varla á færi hv. alþm. að koma með þær brtt. við það fjárlagafrv., sem lagt er fram. Þeir hafa ekki aðstöðu til þess að móta neina ákveðna stefnu með tillögugerð, sem getur haft nein úrslitaáhrif til breytinga í þessum efnum. Enda þótt það hafi verið reynt við afgreiðslu síðustu fjárlaga, þá er það staðreynd, sem við horfumst í augu við, að á það var ekki hlustað á sinum tíma. Samt sem áður stóð ríkisstj. frammi fyrir því vandamáli aðeins tveimur mánuðum eftir að þingfundum lauk á s. l. vori, að hún varð að fara í þá átt, sem hafði verið bent á, að draga saman seglin. Það voru engar aðrar leiðir til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Enda þótt það segi í bráðabirgðaráðstöfunum, að það sé vegna minnkandi afla og óhagstæðrar samsetningar í sambandi við aflamagnið, þá vita allir, að það er þenslan, það er síaukinn kostnaður á öllum sviðum, sem ræður úrslitum í sambandi við rekstur atvinnufyrirtækjanna.

Það eru nokkur smáatriði, sem ég hirði ekki um að nefna, sem ég hef komizt að raun um í sambandi við lestur fjárlagafrv. og ég tel sjálfsagt, að fjvn. muni koma með till. um, þegar hún hefur lokið við athugun sína á frv., áður en það kemur hér til umr. aftur á Alþingi. En ég vil taka undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, og ég þarf ekkert að spyrja í þeim efnum, eins og hann spurði, í sambandi við fjárveitingar til fiskleitar vegna humarveiða, rækju- og annarra skelfiskveiða, það er ekki eyrir í þessu frv. til þess að mæta þeim kostnaði, og má það merkilegt heita, að ríkisstj. skuli leggja fram frv. á Alþingi, þegar um er að ræða jafnþýðingarmikla atvinnugrein og þessi þáttur sjávarútvegsins er orðinn, og ætla ekki til hennar eina einustu krónu, eins og er í þessu frv.

Það er, eins og fram kemur í fjárlagafrv., aðeins ætlað fé til þess að standa undir útgerð þriggja fiskileitarskipa, og við vitum, hver skipin eru. Það eru Bjarni Sæmundsson, Árni Friðriksson og mótorskipið Hafþór. Þetta eru allt saman svo stór skip, að þeim verður á engan hátt komið við sem fiskileitarskipum á grunnmiðum. En þessar fiskveiðar eru einvörðungu stundaðar á grunnmiðum, og það er nauðsynlegt að halda áfram leit að þessum fiskstofnum, sem hafa leitt af sér svo mikla björg í bú, sérstaklega í sambandi við skelfiskinn, að menn gera sér vart grein fyrir því í dag, hvað hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki fyrir sérstök byggðarlög ein út af fyrir sig, heldur fyrir þjóðina alla. Og það má alveg merkilegt heita, að ríkisstj. skyldi vera svo blind að leggja fram fjárlagafrv., þar sem ekki er ætluð króna til þess að sinna þessu nauðsynjamáli á nokkurn hátt.

Það hefur á undanförnum árum verið fjárveiting í þessum efnum til þess að leigja skip, vegna þess að við höfum ekki yfir að ráða sérstökum skipum, sem ætluð eru til þess. En það er vissulega full þörf á því. Við eigum að byggja hagstæð skip fyrir þessa starfsemi og afhenda okkar fiskifræðingum. Það er, eins og ég sagði áðan, ekki aðeins til þess eins að leita að nýjum fiskimiðum. Okkur er brýn þörf á því að fylgjast með stofninum og sjá, hvað hann þolir. Hér er um mjög alvarlegt og mikið hagsmunamál að ræða, og það getur alveg

skipt sköpum í sambandi við nýtingu á þessum afla í framtíðinni, að hér verði skynsamlega farið að, ekki aðeins að leita að nýjum miðum, heldur að sá fiskstofn, sem fundinn er, verði hagnýttur á skynsamlegan hátt. En við getum ekki fylgzt með því, nema því aðeins að við veitum nokkurt fjármagn til þess og sköpum sérfræðingum og fiskifræðingum aðstöðu til þess að vinna það nauðsynjaverk.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hafa gert sér grein fyrir því, að fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir hér í dag, er engin endanleg mynd og ekkert í námunda við það, sem fjárlög koma til með að líta út, þegar Alþingi hefur afgreitt þau á þessu þingi. Þar vantar, eins og fram hefur komið í þessum umr., geysilega stórar upphæðir. Að ætla ekki krónu til þess að halda áfram niðurgreiðslum, en ætla samt að byggja efnahagslífið á næsta ári á því, að vísitalan haldist í 117 stigum, það finnst mér vera svo fáránlegt, að það sé varla hægt að setja slíkt fjárlagafrv. hér inn á Alþingi án þess að gera einhverja grein fyrir því, hvað sé hugsað. Það geta sjálfsagt ýmsar ráðstafanir komið til viðbótar, sem hægt er að gera til þess að skapa einhvern rekstrargrundvöll. Það getur vel verið, að ríkisstj. hugsi sér að auka tekjurnar í ríkissjóð með nýjum skattaálögum. En ég held, að það væri gott fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, hvað hefði gerzt um síðustu kosningar, sem fram fóru fyrir tæplega tveimur árum, ef hún hefði þá í hreinskilni sagt kjósendunum; við ætlum nú að taka við, ef við fáum meiri hluta, en við erum ákveðnir í því á næstu tveimur árum að bæta a. m. k. 10 þús. millj. kr. í nýjum álögum á ykkur, kjósendur góðir. — Hvað halda þessir hæstv. ráðherrar, að þeir hefðu fengið mörg atkvæði, ef þeir hefðu sagt frá þessu fyrir fram, hvað þeir hyggðust og hvað þeir ætluðu að gera? Þeir hljóta að hafa haft einhverja hugmynd um það, hvað þeir ætluðu að gera í efnahagsmálunum. Svo mikið voru þeir á þremur kjörtímabilum samfleytt búnir að gagnrýna og sannfæra sjálfa sig um, að svona ætti ekki að fara að, eins og viðreisnarstjórnin og fyrrverandi stjórnarflokkar héldu á efnahagsmálunum. Þeir héldu langar ræður á hverju einasta þingi við afgreiðslu fjárlaga um það, hvað þessi stefna væri háskaleg, sem viðreisnarstjórnin hélt í efnahagsmálum, og vitanlega gátu þeir ekki haldið slíku fram og komið fram fyrir kjósendur, þessir hv. ræðumenn, þessi hæstv. ríkisstjórn og þeirra stuðningsflokkar, er þeir voru að deila á fyrrv. ríkisstj. fyrir stefnu hennar í efnahagsmálum, ef þeir réðu ekki yfir einhverjum haldbetri og betri úrræðum í þeim efnum. Hvað hefur svo komið á daginn? Ég er hræddur um, að þeir hefðu ekki fengið mörg atkvæði, ef þeir hefðu sagt kjósendunum fyrir fram frá þessari staðreynd, að yfir 10 þús. milljónir skyldu verða lagðar á þá, ef þeir fengju að ráða og mynda ríkisstj. að kosningum loknum. En þetta er það, sem blasir við þjóðinni í dag, þetta er sannleikur málsins.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. snúið sér til sérfræðinga. Hún hefur gefizt upp. Hún hefur upplýst það fyrir þjóðinni, að hún hafi engin ráð sjálf, hún viti ekkert, hvað eigi að gera í þessum málum. Og það er glöggt dæmi um það, að ríkisstj. er búin að upplýsa þetta, að hún hefur skipað sérstaka n. sér til aðstoðar núna eftir eitt ár. Þegar hún er búin að hafa þessi mál til meðferðar í heilt ár, þá fyrst gerir hún sér grein fyrir því, að hún hefur enga leið út úr ógöngunum. En nú er dæmið orðið allt miklu erfiðara heldur en það var, þegar þeir tóku við. Ef þeir hefðu haft vit á því að viðurkenna það strax í upphafi, að þeir hefðu ekkert vit á þessum málum og þess vegna þyrftu þeir að leita til annarra manna, þá hefði þetta kannske verið auðveldara, ef þeir hefðu borið þá gæfu til þess að fara eftir því ,sem þeir vísu menn hefðu lagt á ráðin um að gera. Nei, það var ekki því að heilsa, því miður. Það var okkar ógæfa, íslenzku þjóðarinnar, að þeir vildu ekki viðurkenna þetta. Þeir streittust við í heilt ár að leita að einhverjum leiðum. Þeir tæmdu flesta sjóði. Það er aðeins verðjöfnunarsjóðurinn, þeir hefðu sjálfsagt getað gripið til hans líka með brbl., eins og svo margs annars, sem þeir hafa gert á þessu tímabili. Nú gripa þeir til verðjöfnunarsjóðsins, þótt það sé engin heimild samkvæmt gildandi lögum að láta hann greiða þetta, og það viðurkenna þeir með því, að þeir leggja núna fram lagafrv., sem á að heimila að greiða þetta úr sjóðnum, sem annars var ætlað allt annað verkefni, eins og allir vita. En svona eru þessi mál, og svo er komið sem komið er, og ríkisstj. hefur loksins viðurkennt það sjálf, að hún hafi ekkert vit á þessum málum, og þess vegna hefur hún leitað til sérfræðinganna eftir þó þetta langan tíma. Það tók hana meira en ár. Hún gat haldið upp á ársafmælið, áður en hún var búin að sannfæra sjálfa sig, að hún réði ekki við þessi mál, og varð að leita til sérfræðinganna. En þá skulum við vona það, ríkisstj. beri gæfu til þess, ef þessir vísu menn, sem eru viðurkenndir margir hverjir að hafa mikið vit á þessum málum, ef þeir koma með raunhæfar till. um úrbætur og ráðleggingar til ríkisstj. í þessum efnum, að hún beri þá gæfu til þess að fara að þeirra ráðum, þegar þar að kemur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson:) Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. Vesturl., sem var að ljúka hér máli sínu og fór um stefnu og störf ríkisstj. mörgum og stórum orðum, vil ég minna hv. þm. á það, að það var einn af þm. Sjálfstfl., maður, sem var fjárhagsnefndarmaður, doktor í hagfræði, sem lýsti því yfir í lok síðasta kjörtímabils, að stefna viðreisnarstjórnarinnar væri gengin sér til húðar, það væri hrollvekja að hugsa til þeirra verkefna, sem fram undan væru í efnahagsmálum, og gengislækkunarstefnu viðreisnarstjórnarinnar væri ekki lengur gjaldgeng. Þetta veit hv. 2. þm. Vesturl. og hefði gjarnan mátt muna, þegar hann ræddi hér um þessi mál áðan. Ég vil líka segja það í sambandi við ræðu hans, þegar hann sagði um sjávarútveginn, að hann yrði ekki búinn undir það að taka við 6% kauphækkunum 1. marz í vetur, fyrst hann væri það ekki núna, að taka við

því, sem þá kæmi, hvað má þá segja um það, sem gert var haustið 1970. Þá var kaupgjaldið lágt, svo lágt, að það var almennt viðurkennt, að það væri óhugsandi, að það yrði hægt að halda því þannig áfram. Þá aflaðist vel og hækkandi verðlag var á fiski. Samt voru atvinnuvegirnir ekki taldir undir það búnir af Viðreisnarstjórninni að taka við fullri vísitölu, og þess vegna var verðstöðvunin sett á og ríkissjóður látinn bera baggann. Ég hel, að það sé hollt fyrir þá hv. alþm., sem nú tala hátt um það, sem nú er að gerast, það sé aðeins verk núv. ríkisstj., að minnast þess, hvað þeir urðu sjálfir að gera, áður en til þess kom að leiðrétta kaupgetu í landinu og samræma á hinum almenna vinnumarkaði í samræmi við það, sem nauðsyn bar til að gera.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði um niðurgreiðslurnar, þá er það svo um fjölskyldubætur sem þátt í niðurgreiðslum, að sá þáttur var tekinn upp af viðreisnarstjórninni, og það er þess vegna aðeins að fara í kjölfar hennar, þegar slíkar bætur eru auknar. En ástæðan til þess, að hætt var við að greiða niður fiskinn á sínum tíma, var sú, að það var talið, að það væri afskaplega erfitt að fylgjast með því, hvort niðurgreiðslan væri raunverulega niðurgreiðsla á neyzlufiski í landinu. Þetta held ég, að hv. fyrirrennari minn, 2. þm. Norðurl. e., muni hafa upplýst hér hv. Alþ., og það er grundvöllur fyrir því, að það er ekki talið hyggilegt að taka upp niðurgreiðslu á fiski.

Út af því, sem þessi hv. þm. talaði um hafrannsóknirnar og skelfiskinn, þá verð ég að segja það, að það mun ekki reynast erfitt verk, að leiðrétta það, ef niður hefur fallið. En ég hygg, að það sé svo, þó að ég hafi ekki fulla vitneskju um það, að gert sé ráð fyrir því, að sú fjárveiting, sem þar er um að ræða, sé miðuð við fulla útgerð á skipunum allt árið, þessum þremur, en það sé hins vegar ekki reiknað með, að svo verði, og leiguskip komi þar inn á milli. Ef þessi skilningur minn er rangur, sem ég hef ekki haft aðstöðu til að athuga, þá mun þetta áreiðanlega verða leiðrétt.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan, þá var margt skemmtilegt og gott, sem kom fram í þeirri ræðu. Eitt af því, sem hann sagði, var, að það væri gaman að byggja stóra skóla á þremur árum, ósköp ánægjulegt að geta gert það. En þetta voru að hans dómi loftkastalar, sem menn gætu ekki leyft sér í raun. En ég má til með að segja þessum hv. þm. það, fyrst hann man það ekki, að í lögum er, að það skuli byggja gagnfræða- og barnaskóla á 3 árum. Þetta eru lög, sem voru sett af þáverandi menntmrh., formanni Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasyni. Ég og fleiri, sem vöruðum við þessu á sínum tíma og höfum gert enn þá, höfum verið taldir of íhaldssamir, óþarflega íhaldssamir, því að þetta væri framkvæmanlegt. Minn skilningur er jafn nú og hann var þá, að þetta væri litt framkvæmanlegt, þó að ekki væri tekið tillit til annars en þeirra möguleika, sem heimabyggðirnar höfðu til þess að hrinda svo stórum verkum í framkvæmd.

Hv. þm. talaði um bremsunefndina, og ég get sagt honum það til ánægju, að hún hefur verið endurvakin. Hún starfaði eitthvað á viðreisnarárunum, þó hygg ég, að það hafi verið heldur lítið, því að það var svo þá, að einn af ráðherrum þeirrar ríkisstj. sat í bremsunefndinni, og það hefði ég talið að væri litt framkvæmanlegt, að einn ráðh., hver sem hann er, gæti átt sæti í þeirri n.

Ég skal ekki fara langt út í það að ræða við hv. þm. Jón Ármann um skattalögin, en ég verð að segja það, að mér hefur fundizt það ömurlegt hlutverk fyrir flokk, sem kallar sig Alþfl. og taldi sig a. m. k. á tíma vera forsvari alþýðunnar, að það skyldi verða hans hlutverk í skattamálum að greiða atkv. með því, að hlutafjáreigendur fengju skattfrjálsar vissar tekjur af hlutafjáreign sinni og önnur slík friðandi, en skyldi svo lenda í því að greiða atkv. gegn því, að persónuskattar væru felldir niður, sem koma þó verst við þá, sem minnstar hafa tekjurnar. Svona er nú lífið skrýtið, að Alþfl. skyldi lifa þetta. Og ég hefði a. m. k. á vissu skeiði ævi minnar viljað óska honum skárra hlutverks en þetta.

Hv. þm. sagði, að væri verið að hringja í lífeyrissjóðina og eggja þá á að kaupa spariskírteini ríkissjóðs. Það má vel vera, að þetta sé svo, ég veit það ekki. En ég lít á þetta sem umhyggju fyrir lífeyrissjóðunum, svo að þeir eigi möguleika til að verðtryggja fé sitt og geti því síðar meir borgað sínum félagsmönnum lífeyri með verðtryggingu, eins og opinber sjóður ríkisins gerir.

Þetta með hlutfallareikninginn og allt það er nú nýtt, ef hann er orðinn sá reikningur, sem ekki má nota. En í flestum tilfellum hugsa ég, að hv. þm. Jón Ármann noti hlutfallareikninginn í sambandi við sín viðskipti o. fl.

Þá kem ég að hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann flutti hér langa ræðu áðan, og kenndi þar margra grasa. Ég verð að segja, að það eina, sem verkaði hálfilla á mig, og hef ég ekkert við því að segja, þó að hv. 2. þm. Norðurl. e. gagnrýni mína fjármálastjórn, eins og ég gerði við hann, en það var það, þegar hv. þm. Magnús Jónsson talaði um, að fjárl. hefðu hækkað í fyrra um 50%. Ég ætla honum annan hlut en mörgum öðrum þm., af því að ég veit, að hann þekkir hér vel til og kann þar vel með að fara. Þetta var það eina, sem mér líkaði mjög miður, að hann skyldi setja dæmið þannig upp. Nú verð ég að segja það eins og er, að hv. þm. Magnús Jónsson man vel eftir því, þegar fjárl. voru afgreidd haustið 1970, — það var daginn eftir að hann skrifaði undir samninganna við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um kaup og kjör þeirra, — og þá var hann búinn að áætla, hvað þetta mundi kosta á árinu. Ég hef alltaf talað um það svo, að þessar 270 millj. hafi átt að nægja til að mæta þessu. En ég hygg, að ég muni það rétt, að það, sem raunverulega var gert ráð fyrir í þessu sambandi, var, að 220 millj. mundu nægja, því að 50 millj. mundu verða greiddar af ríkisfyrirtækjum af fé, sem ekki kæmi beint inn í ríkiskassann, og

þannig væri þar um ofurlítinn afgang að ræða. Nú skiptir þetta ekki máli. En er sanngjarnt, er hægt að hugsa sér, að þegar útkoman úr þessu dæmi verður 577 millj., er þá hægt að líta á það eins og þetta hafi ekki verið með í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og ríkisreikning fyrir árið 1971? Er hægt að hugsa sér, að þessi ákvörðun, svo stór og mikilvæg sem hún er, sé hægt annað en að færa yfir á reikning hv. 2. þm. Norðurl. e.? Ég sé ekki, að það sé fært.

Ég nefni annað dæmi. Það eru greiðslurnar, sem voru til ríkisspítalanna, m. a. vegna rekstrarhalla frá fyrri árum, sem var rúmar 80 millj. Ég lít einnig á það, að þetta eigi að skrifa á reikning viðreisnarstjórnarinnar. Sama er að segja um flugmálin. Ég er sannfærður um það, að þáv. flugmrh. hefur ekki talið það annarra manna verk að útvega 33 millj., sem þá voru settar í flugmálin. En ég vil færa það útgjaldamegin á reikning þessara hv. þm. Ég minnist þess einnig, að við fjárlagaafgreiðsluna 1970 vegna ársins 1971 voru lækkaðar útflutningsuppbætur um 100 millj. frá því, sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Rökstuðningur fyrir þessari lækkun var sá, að vegna aukinna niðurgreiðslna mundi salan aukast svo mikið innanlands, að það mundi þurfa meiri fjárhæð. Nú var ekkert við þessu að segja. Það gat verið ósköp eðlilegt að rökstyðja þetta með þessum hætti. En niðurstaðan var 132 millj. kr. umfram áætlun fjárl. Það var ekki ákvörðun núv. ríkisstj. og hún hafði ekkert með þetta að gera annað en það að greiða það út úr kassanum umfram fjárlög.

Ég vil líka segja það í sambandi við vegalagaafgreiðsluna, sem var gerð hér á hv. Alþ., eftir að fjárl. voru afgreidd, það voru 232 millj. kr. Niðurstaða fjárl. hækkar um þessa upphæð. Og hún var ákvörðun fyrrv. ríkisstj. með samþykki okkar þm. úr stjórnarandstöðu líka, og ég var ekki þar undanskilinn. En að fara að gera samanburð á milli þessara tveggja fjárl. og látast eins og þeir viti ekki af þessum tölum, þess háttar hlutir líka mér ekki. Ég vil líka bæta því við í sambandi við halla á vegagerðinni, sem er 65 millj. kr., ekki var það ákvörðun núv. ríkisstj. Þetta kom inn í dæmið við lokauppgjörið og ekkert að gera nema skrifa töluna. Lántökur vegna vegagerðar, sem höfðu líka áhrif á þennan reikning, um 70 millj. kr., lánahreyfing vegna Landsvirkjunar, sem einnig varð að inna af hendi, vegna þess að það var ekki ákveðið að hækka tekjustofn fyrirtækisins eins og krafizt var, og þess vegna var þetta gert. En þessar upphæðir, sem ég hef hér talið, eru yfir 1200 millj. kr., eða 1233 millj. kr. Nú er langt frá því, að ég sé með tæmandi tölur. En er það réttur samanburður að sleppa þessari fjárhæð alveg úr ákvörðun fyrrv. ríkisstj. og fara að bera saman fjárl., sem afgreidd voru, án þess að taka þetta með í dæmið? Nei, það er ekki réttur samanburður, og þetta er það, sem mér líkaði verst í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e.

Út af viðskiptunum við Seðlabankann og prósentureikningnum og öllu því, þá er það annars eðlis, þó að allir viti, að það er náttúrulega ekki eðlilegt að bera þetta saman tölulega séð. Það, sem mestu máli skiptir í þessu, er það, hver sé prósentan af heildarniðurstöðu fjárl. Það vita það allir hv. þm., að það er ekki alveg sama, hvort upphæð fjárl. er þessi eða hin, og það er a. m. k. ekki samræmi í því að tala aðeins um fjárl. sem há, þegar það á við, en taka ekki tillit til niðurstöðu þeirra, þegar það á við, eins og í þessu sambandi. Hér er ekki verið að leika neinn skollaleik. Það er verið að fara fram með staðreyndir í þessu máli, hver staða ríkissjóðs var við Seðlabankann á tímabilinu frá 1963 til 1972, 30. sept. ár hvert, tölulega og hlutfallslega við útgjöld fjárlaga. Það má, eins og ég segi, hver hafa sína skoðun á þessu, eftir því sem honum sýnist, en staðreyndirnar eru þessar.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. kom að því í sambandi við afkomuna 1971, að það hefði borið nauðsyn til að ná í meiri tekjur, fyrst þær ákvarðanir voru teknar að greiða tryggingabæturnar frá 1. ágúst, svo sem gert var. Það má svo sem segja vel, að það hefði verið eðlilegt. Hitt verð ég að segja, að eftir því útliti og því mati, sem var á tekjumöguleikum ríkissjóðs þá, hefði mátt gera ráð fyrir, að endar hefðu náð saman þrátt fyrir þessa ákvörðun, ef ekki hefðu legið á bak við margir duldir þættir, sem mér voru a. m. k. ekki ljósir, þegar þessar ákvarðanir voru teknar, enda þykist ég sjá það greinilega nú, að það hefði mátt ætla, að svo mundi verða, miðað við það, sem síðar hefur komið fram. Hins vegar hafa ýmsir útgjaldaliðir komið fram á þessu fjárlagaári, sem ég reiknaði ekki með þá, auk þess sem þá var til staðar það, að kjarasamningar voru þá allir lausir og ekki var ljóst, hve mikil verðbólga leyndist á bak við verðstöðvunarmúrinn, svo að þess vegna var talið hyggilegt að fara með gát að þessu þá.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um arfinn, sem ég hefði talað svo mikið um og hefði eingöngu verið hinn góði arfur að hans dómi, þó að ég hefði ekki viljað líta svo á það. Jú, það er nú það. Ekki er það nú tilviljun samt, að það átti að hækka ellilaunin, eftir að árið 1971 var liðið og kosningar um garð gengnar. Ekki er það heldur tilviljun ein, að launasamningarnir, sem voru gerðir haustið 1970, áhrif þeirra komu ekki fram fyrr en í árslok 1971. Það er ekki heldur tilviljun, að ákveðið var að hækka framlag til landnámsins, en gildistakan átti ekki að vera fyrr en 1. jan. 1972. Það var sett inn heimild um, að mætti nota hluta af þessu á árinu 1971, en það var ekki meira en það heldur. Ég held, að það hafi ekki heldur verið tilviljun, að skattalögin, sem viðreisnarstjórnin setti og ég hef áður vikið að og skal ekki fara að orðlengja frekar um nú, þau áttu ekki heldur að taka gildi fyrr en árið 1971 væri liðið. Ég held, að það hafi ekki heldur verið tilviljun, að það var ekki ákveðið, að nein útgjöld væru vegna verðstöðvunarinnar eftir 1. sept., svo að það þurfti hvorki að standa í því að hækka fjárl. um þá fjárhæð né afla tekna til þess að mæta því. Ég held hins vegar, að það hafi öllum verið ljóst, að það var ekki hægt að komast hjá því að halda þeirri verðstöðvun áfram, og það hefði orðið að mæta þeim útgjöldum, hverjir sem voru í ríkisstj. Hv. þáv. stjórnarsinnar

vissu það ósköp vel líka, að allir almennir kjarasamningar voru lausir og kæmu til meðferðar um haustið. Þeir höfðu ekki talið, eins og ég sagði áðan, atvinnuvegina færa um að bera það, sem þurfti fram að þeim tíma, sem fullar dýrtíðaruppbætur eða verðlagsuppbætur, svo að eitthvað hefði þurft að aðhafast þá. Og ég held, að það hafi ekki heldur verið tilviljun með Lánasjóð íslenzkra námsmanna, sem nú þykir litið til koma fjármagnið, sem til hans er veitt, það var þó ekki nema 58 millj. á árinu 1970 og 90 millj. á árinu 1971, nú þykja 273 millj. kr. lág tala, það er þó þreföldun frá árinu 1971. En það voru fleiri atriði í löggjöf frá þessum árum, sem áttu að koma til útgjalda fyrst eftir að árið 1971 var liðið.

Hv. 2. þm. Norurl. e. talaði einnig um fjáröflun og framkvæmdaáætlunina og útþensluna í efnahagskerfinu og deildi á núv. ríkissti. fyrir það, hve ör hún hefði verið á fé bæði á fjárl. og framkvæmaáætlun vegna framkvæmda á yfirstandandi ári. Ég veit, að hækkun á framkvæmdaáætluninni var mikil á milli áranna 1971 og 1972, og sannarlega hefði ég viljað, að hún hefði orðið minni. En við megum ekki gleyma því, að niðurstaðan á árinu 1971 var sú, að kostnaður við framkvæmdirnar varð miklu meiri en gert var ráð fyrir á framkvæmdaáætluninni. Það var halli á sjálfri framkvæmdaáætluninni. Auk þess varð þá að útvega ýmsum lánasjóðum, eins og t. d. búnaðarsjóðunum, bráðabirgðalán til þess að standa undir þeim verkefnum, sem þeir þurftu þá að standa undir. Ég vil líka minna á það, að það verður ekki snúið aftur um útvegun fjár til framkvæmda eins og Laxárvirkjunar, Lagarfossvirkjunar og Mjólkárvirkjunar. Það verður að halda þessari fjárútvegun áfram, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, eftir að þetta er komið af stað. Svo var um marga aðra hluti, að framkvæmdir voru hafnar og það var búið að útvega fé til eins árs að sumu leyti og annað ekki. Framhaldið hlaut að segja til sín. Ég vil líka minna á, að það var engin ánægja með það hér á hv. Alþ., m. a. hjá þessum hv. þm., að ekki skyldi vera útvegað meira fé til framkvæmda í vegaframkvæmdir í Norðurlandsáætlun. Það kostaði þó sitt að gera það, sem gert var. Sama er að segja um Austurlandsáætlun. Ég vil minna einnig á það, að endurbygging frystihúsanna er verkefni, sem verður að leysa, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Viðreisnarstjórn hafði ekki tekið það mál á sína dagskrá. Nú verður ekki komizt hjá því að útvega fjármagn til þess að koma þessu verki í framkvæmd. Það er vitað eða talið a. m. k., að það sé ekki og verði ekki hægt að annast sölu á markaði Bandaríkjanna, nema frystihúsin séu endurbætt og það verulega, og það þarf stórkostlega fjármuni til þess. Sama er að segja um uppbyggingu sláturhúsanna. Það er óhugsandi að komast fram hjá því að þurfa að endurbyggja sláturhúsin um mestallt land. Það vita allir, að við höfðum ekki um tíma útflutningsleyfi á eitt einasta sláturhús. Nú erum við hins vegar farnir að fá það, en það þarf stóra fjármuni til þess að endurbyggja sláturhúsin. Og svo er einnig með mjólkurvinnslustöðvarnar. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að við byggjum ekki upp fiskiskipaflota okkar, nema við höfum til þess mikið fjármagn. Togarkaupin, sem nú er verið að gera, gerast ekki hljóðalaust og fjármagnslaust. Það má svo sem halda því fram, að það hafi verið hægt að dreifa þessu á eitthvað lengri tíma, og sannarlega hefði það verið nauðsynlegt. En til þess hefði þá þurft að hefja verkið fyrr. Hér er um að ræða atriði, sem skiptir sköpum fyrir ýmis byggðarlög landsins, hvort tekst eða tekst ekki. En það tekur peninga úr fiskveiðasjóði að koma þessu í framkvæmd. Ég vil líka minna á það, sem kom fram í sjónvarps- eða útvarpsviðtali hjá Gunnari Friðrikssyni, formanni iðnrekendafélagsins, í gærkvöldi. Hann sagði, að það þyrfti stórkostlegt fjármagn til þess að hrinda í framkvæmd þeim áformum, sem iðnaðurinn væri uppi með, og á fyrsta stigi málsins mundi þetta fyrst og fremst vera fjármögnun, sem þyrfti að koma til, og fjárútlát. Allt er þetta gert til þess, að á síðara stigi geti þetta fjármagn komið til baka í ríkum mæli. Ég vil segja það einnig í sambandi við kennsluna og allt það tal, að mér finnst, að það hefði mátt gera meira að því að fara sér hægar í framkvæmdum á ýmsum stöðum á þessu ári heldur en gert hefur verið. Ég hygg, að það hafi þó fyrst og fremst verið á vegum ríkisins, sem nokkuð hafi verið haldið í þetta og reynt að skipuleggja vinnubrögðin í þessum framkvæmdum, sem m. a. var gert með niðurskurðinum með þeim hætti að nýta þetta fjármagn sem bezt og gera það svo, að ákveðnum framkvæmdum, sem ekki voru annaðhvort undirbúnar eða hægt að fresta, þeim yrði frestað. Og ég held, að það sé nú deginum ljósara, að það hefur náðst nokkur árangur í þessu og haft þau áhrif að draga úr spennunni hér á vinnumarkaðinum.

Þá kom hv. 2. þm. Norðurl. e. inn á það, sem hann kallar að éta fyrir sig fram, það var að innheimta söluskattinn mánaðarlega. Það er nú svo með það sem fleira, að þar getur maður nú siglt í kjölfarið. Hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði þetta á árinu 1970. Þá flýtti hann innheimtu söluskatts um einn mánuð og náði sér í fjárhæð, eins og ég ætla að reyna, sem gerði nú gæfumuninn, náði mikið til í þann mismun, er var á afkomu ríkissj. það ár. Ég vildi, að ég yrði eins heppinn. En ég vil segja það, að við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár var reiknað með þessu í tekjuáætluninni, svo að það er ekkert að gerast hér annað en það, sem þá var reiknað með. Hins vegar er það staðreynd, að með þessu móti höfum við sameiginlega tæmt þessa möguleika, svo að ekki verður hægt að flýta þessu öllu meira en nú er orðið.

Ég vék áðan að viðskiptunum við Seðlabankann og hlutfallareikningnum í því sambandi og skal ekki fara lengra út í það. Hitt vil ég segja, að við erum sammála um það, að nauðsyn beri til að reyna að draga úr þeirri hagsveiflu, sem mikill yfirdráttur ríkissjóðs hjá Seðlabankanum hefur. Sú tilraun, sem gerð var á vegum Seðlabankans í sumar með sölu á ríkissjóðsvíxlum, var af hendi hans hugsuð þannig og okkar líka að gera þessa sveiflu minni með því,

að ef spariféð væri geymt þarna, þá kæmi það inn í bankann aftur, þegar þess væri meiri þörf. Úr þessu varð ekkert, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. veit, svo að það mun ekki breyta þessu dæmi í neinu. En ég held, að við séum báðir sammála um það, að þessi stefna, sem mörkuð er með þessu fjárlagafrv. um að koma upp rekstrarfjársjóði, sem þarna er gert, er rétt, og við erum víst líka báðir sammála um, að það er erfitt að komast að þessu marki nema eftir þeirri leið, sem valin er. Við lifum ekki þá tíma, þegar hægt er að hafa í pokahorninu, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. talaði um.

Út af brbl. og samdrættinum, sem ætti sér stað í sambandi við þau, þá vil ég í fyrsta lagi segja það um samskiptin við atvinnuleysistryggingasjóð, að mér finnst þau á engan hátt óeðlileg. Sá sjóður er nú orðinn geysilega sterk stofnun, og það var á sínum tíma farið inn á þessa braut og það er ekki verið að gera hér annað heldur en draga úr þessum útgjöldum. Ég veit, að það verður að greiða þau seinna. Um það hefur verið talað. En að þessu sinni var þetta talið hyggilegt og m. a., þegar rætt var bæði við atvinnurekendur og stéttarfélögin um þessar aðgerðir, þá var það þeirra mat og vilji, að það yrði reynt að fara í þetta með þeim hætti, að það þyrfti ekki að afla tekna til að mæta þessu. Og þá var það óframkvæmanlegt nema með þessu móti, sem gert er. Það hefur verið reynt að ná samkomulagi á milli fjmrn., var gert þá í upphafi um ákveðnar framkvæmdir, sem gætu beðið, og við þær eru þær tölur miðaðar að mestu, sem ég var hér með í dag. Ég skal hins vegar endurtaka það, sem ég þá sagði, að ég er engan veginn sannfærður um, að við náum 400 millj., en ég tel, að það samkomulag sé þó það, að það eigi að komast verulega langt í því. Og ég vona, að þetta takist, en það var mat okkar allra, sem um fjölluðu, að það væri betra að velja þessa leið heldur en fara í það, sem áður hafði verið gert, að lækka verklegar framkvæmdir um vissa prósentutölu, því að slíkt er lítt framkvæmanlegt, ekki sízt eftir að búið er að gera ákveðna samninga um verk, þannig að það er orðið bundið, og þess vegna er ekki að minni hyggju framkvæmanlegt að koma málunum fyrir á þann hátt.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér í sambandi við sparnaðinn, sem ég ætla nú að koma betur að seinna, að slíkar tilraunir eru mjög óraunhæfar, nema þær séu gerðar að undangenginni athugun og rannsóknum og samráði við hagsýsluna, eins og ég skal koma að síðar.

Þá talaði hv. 2. þm. Norðurl. e. um það, að líkur væru fyrir því, að tekjur færu verulega fram úr áætlun á þessu ári, 1972. Nú vildi ég vona, að hann mælti þar rétt, því að ég tel, að ef tekjur færu verulega fram úr áætlun fjárl., þá mundi ég raunverulega ekki kvíða niðurstöðunni. En hins vegar get ég ekki sagt það enn þá, að ég sé nógu bjartsýnn á það. Ég held, að það mundi vera hægt að segja alveg eins um fjárl. 1971 og 1972, að ef tekjur hefðu ekki farið fram úr áætlun fjárl. 1972, þá hefðu þau ekki orðið hallalaus, þó að ekki hefði verið breytt neitt frá því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var búinn að ákveða sem fjmrh., því að það var svo mikið, að það byggðist eingöngu á umframtekjum, sem urðu verulegar á þessu ári.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að ég hefði sagt, að fjárlagafrv. væri spegilmynd af stefnu ríkisstj. á hverjum tíma, og ég tel, að þetta sé rétt með farið, ég tel, að svo sé. Ég tel t. d., að það hafi speglað sig greinilega í fjárl. fyrir árið 1972 sú breyting á félagslegu sviði, sem þá var ákveðin. Það kom fram í ýmsum framlögum, bæði til uppbyggingar á sviði menntamála, íþróttamála, flugmála, hafnamála, rafveitna o. fl., o. fl. Það er hins vegar ekki hægt að gera ráð fyrir því, að aukning á slíkum sviðum og á sviði tryggingamála sé endurtekin í stórum stíl ár frá ári. Þess vegna fannst mér, að það skyti nokkuð skökku við það, sem hv. þm. sagði. Ég vil í sambandi við fjárl. 1972 nefna breytingu á stefnu eins og framlag til Byggðasjóðs og margra fleiri þátta, sem ég álít, að hafi verið gerbreytt frá því, sem áður var. Ég vil líka segja það, að sú stefna, sem tekin var með verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga með tekjustofnal. og skattal., hafi verið stórkostleg breyting gagnvart landsbyggðinni, því að það vita allir, sem til þekkja, að landsbyggðarsveitarfélögin höfðu ekki möguleika til neinnar verulegrar uppbyggingar áður. En það hafa þau nú, vegna þess að skylduútgjöldin, eins og til tryggingaanna, sjúkrasamlaganna og lögreglukostnaðar, tóku svo mikinn hluta af tekjumöguleikum þessara byggðarlaga, og að minni hyggju eru því þessi lög eitt mesta átakið, sem gert hefur verið í að jafna aðstöðu í byggð landsins.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. kom að því, þegar hann fór að ræða um frv. fyrir 1973, að þá fannst honum skorta þar á, að nóg fé væri veitt til skólamála, hafnamála, flugmála og slíkra málaflokka, sem að minni hyggju hefur þó orðið veruleg breyting á, síðan þessi ríkisstj. kom til valda. Ég hafði satt að segja ekki gert ráð fyrir því, að menn byggjust við því, að það yrði gert eins mikið átak í þessu á þessu ári og gert var í fyrra. A. m. k. fer það ekki vel saman, þegar talað er um að draga úr útgjöldum og úr spennunni í efnahagskerfinu. Hins vegar held ég, að þessum málum sé fullkomlega vel sinnt núna, og er orðin æríð mikil hækkun á þessum tveimur síðustu árum.

Út af þeim umr., sem hafa orðið um lánasjóð námsmanna, þá drap ég á það hér áðan, að fjárveiting til þessa sjóðs hefur hækkað um ⅔ — hefur þrefaldazt á tveim árum. Hann var einn af þeim útgjöldum, sem áttu að koma til verulega eftir 1971. Í þeirri grg., sem gerð er fyrir þessari till., er bent á það, hvað tekið er með, og það, sem raunverulega á skortir í því efni af því, sem á að taka með, er sú hækkun, sem hefur orðið á framfærslu á milli þessara ára. Hins vegar er það ekki skoðun fjmrn. og ekki menntmrn. heldur að taka hærra stig eða bæta við einu stigi, svo sem gert var ráð fyrir í þessari áætlanaþörf. Hins vegar verður að segja það um þann sjóð, að það er mikil nauðsyn að endurskoða þá löggjöf. Það kom fram í sambandi við undirbúning fjárlagafrv., þá er okkur

sagt frá því, að kona eins vel metins borgara í þessu landi hafði ásamt vinkonu sinni stundað nám í háskólanum sér til gamans núna tvo síðustu vetur, og hún hafði ekki gert ráð fyrir því, að það skapaði sér möguleika til þess að fá námslán, því að hún leit ekki á sitt nám með þeim hætti. En vinkonan sagði henni hins vegar frá því, að hún væri búin að fá sitt námslán. Og ég spurði fulltrúa fjmrn. í stjórn lánasjóðsins, hvort þetta væri virkilega svo, að ef kona hans eða annarra álíka manna færu upp í háskóla og tækju þar þátt í námi til gagns og gamans, þá væri hægt að fá námslán út á þetta þrátt fyrir þær ástæður, sem þetta heimili hefði. Hann sagði mér, að svo væri. Ég lít svo á, að við verðum að segja það kalt og rólega, að við höfum ekki efni á að gera svona hluti. Námslánasjóðurinn, framlagið eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., er hærri fjárupphæð heldur en við veitum til háskólans og margra ágætra verka annarra, og við verðum að gera okkur grein fyrir, hvað við getum og hvað við getum ekki. Það er a. m. k. afskaplega skrýtið á sama tíma að deila á hækkun útgjalda, en loka svo augunum fyrir slíkum útgjöldum sem þessum. Þess vegna tel ég, að það sé alveg nauðsynlegt að endurskoða þessi lög, svo sem gert verður, og að gera þau í samræmi við það, sem nauðsynlegt og eðlilegt er, til þess að það fólk geti stundað nám, sem þarf fjárhagslega aðstoð eða stuðning til þess að koma sinni námslöngun í framkvæmd.

Út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði um samninga þá, sem gerðir væru á milli skóla og menntmrn. um framkvæmdir, að við þá yrði alltaf að standa og þess vegna væri það óraunhæft, ef till. menntmrn. hefðu ekki verið teknar eins og rn. hefði gert ráð fyrir, þá verð ég að segja, að þá þekki ég ekki hv. 2. þm. Norurl. e. rétt, ef hann hefur alltaf tekið till. menntmrn. án þess að íhuga þær. Það er ég sannfærður um, að hann hefur ekki gert, því að það mundi hvorugur okkar gera. En í sambandi við þá samninga, sem gerðir hafa verið um ýmis verk, þá verð ég að segja, að það var svona og svona framkvæmdin á þeim hlutum hjá fyrrv. ríkisstj. T. d. eru einir 3—4 stórir skólar og dýrir í framkvæmdum í kjördæmi hv. 2. þm. Norðurl. e. Samningarnir, sem gerðir höfðu verð milli menntmrn. og heimahéraðanna um þessar framkvæmdir, voru um það að greiða framkvæmdirnar upp á 4 árum, eins og við tölum um að gera. En þegar 3 ár voru liðin, var búið að veita fé á fjárl. fyrir 48—50%, en á fjórða árinu átti svo að greiða hinn hlutann. Það er ekki létt verk að framkvæma svona samninga, og það er afskaplega erfitt að koma þeim í framkvæmd, þannig að það sjáist ekki fyrir því á fjárl., að það hefði verið gert.

Nú verðum við að játa það, sem vorum viðriðnir fjárlagaafgreiðslu í fyrra, að við hikstuðum á þessu og stóðum ekki fullkomlega við samningana, enda hefði það verið óframkvæmanlegt, því að við höfðum ekki peninga til þess og gátum ekki gert það. Og satt að segja var það nú svo, að þeir heimamenn höfðu ekki heldur möguleika til að taka við þeim, því að þeir höfðu ekki fjármagnið sjálfir. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef talað er um samninga, sem eiga að halda, þá er ekki hægt að framkvæma þá á þennan hátt, að fjórða árið eigi að borga eins og öll hin þrjú. Þess vegna gengur nú á ýmsu með þetta eins og fleira.

Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um arfinn, þar sem hann kom að hagsýslustörfunum, þá skal ég með ánægju segja það, að ég hef áður hér á Alþ. lýst því yfir og vil endurtaka það, að sú skipan mála er rétt, og ég sagði það oft og mörgum sinnum í umr. um fjárlög hér á hv. Alþ. sem stjórnarandstæðingur, að ég hefði ekki nokkra trú á sparnaði í ríkisrekstrinum fyrr en væri búið að vinna það mál fyrir fram eftir þeim vinnubrögðum, sem upp voru tekin með undirnefnd fjvn. og í samstarfi við hagsýsluna. Og ég geri mér vonir um það, að með því átaki, sem nú á að fara að gera í þeim efnum, náum við nokkrum árangri. En árangurinn næst ekki, nema okkur takist að ná samstarfi við viðkomandi rn. og ríkisstofnun. En þetta verk var gott verk, og ég get hælt hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir hans þátt í því. Og ég held, að ég geti með góðri samvizku sagt það, að meðan ég var í stjórnarandstöðu, þá vann ég að þessum málum í undirnefnd fjvn. alveg af fullum trúnaði og var alveg óhlífinn við að taka á mig sem aðra óþægindi af því, sem það er að fara í svona verk. En ég er alveg sannfærður um, að þannig á að vinna að þessum málum.

Ég vil segja það um niðurgreiðslurnar, að ég endurtek það, sem ég sagði hér í dag, að eins og niðurgreiðslur geta verið sjálfsagðar og réttmætar, eins eiga þær sitt hættusvið, ef gengið er mjög langt í þeim. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði verið fjmrh. nú, þá hefði hann ekki frekar en ég tekið inn á fjárlagafrv. nú þann þátt niðurgreiðslna, er tekinn var í sumar, meðan það mál var ekki meira uppgert en það er nú á þessu stigi. Hann hefði ekki farið að gefa svo undir fótinn í því efni, að hann hefði tekið þá ákvörðun fyrir fram, áður en aðrir þættir voru leystir. Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði í dag, að hvað verður ofan á í þeim efnum kann ég ekki að segja fyrir um nú. En það er alveg augljóst, að niðurgreiðslur eiga sín takmörk og við erum náttúrlega komnir mjög langt í því. Ég minnist þess, þegar ríkisstj. kom til valda í fyrrasumar og var farið að tala um að auka niðurgreiðslur, þá kom það fram hjá hagstofustjóra, að þessi niðurgreiðslusvið væru í raun og veru öll tæmd, og það verður nú að segjast eins og er, að langt hefur verið gengið í því.

Út af þessu með nefndirnar, þá er mjög mikill misskilningur að halda, að ég sé eitthvað viðkvæmur í sambandi við það. Mér finnst, að ríkisstj. hafi klárað sig allvel, því að við erum búnir að slátra þarna nærri 40 nefndum. Þó að aðrar hafi komið til, þá var það ekki nema það, sem við mátti búast, því að hver ríkisstj. hlýtur alltaf að þurfa að nota nefndaformið að einhverju leyti til þess að vinna þau verk, sem hún þarf að láta vinna að, og það er eðlilegur þáttur í þingræðislandi. Ég hafði t. d. gaman af því, þegar ég las í Alþýðublaðinu um daginn,

*að þeir voru að býsnast mjög yfir þeim nefnda*kostnaði, sem væri hjá þessari ríkisstj. Menntmrn. var nú hæst í kostnaði við nefndirnar, og þegar betur varð að gáð, þá átti núv. menntmrh. 1.6% af þessum greiðslum til nefndanna á vegum menntmrn., en fyrirrennari hans 98.4. Mér fannst það ekki til þess að blása út, þegar svo var að staðið. Kostnaður við þær n., sem núv. ríkisstj. skipaði og til útborgunar kom á s. l. ári, var, eins og ég sagði í dag, um 11.5% miðað við þann lið nefndanna, sem stjórnvöld hafa skipað. Þá sleppti ég þessum tveimur fyrstu flokkunum. Ef þær voru aftur teknar með, þá var þar hluti úr prósentu. En ég tel mér trú um það og held, að það sé alveg öruggt, að einmitt með því að skrá nefndirnar eins og nú er gert, þá er komið visst taumhald þar, sem á eftir að fækka n. og a. m. k. að halda þeim ekki lengur lifandi en þörf gerist.

Þá kom hv. 2. þm. Norðurl. e. *að tekjuöflun*inni og viðskiptunum við útlönd. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er eins með viðskiptin við útlönd og annað, að þeim eru takmörk sett, hve langt má ganga í skuldamyndun þar. En það er nú svo með viðskiptin á þessu ári og því síðasta, að í ágústlok var hallinn á viðskiptareikningi við útlönd 1 milljarður 476 millj. kr., en í fyrra um 2 milljarðar og tæpar 600 millj. eða 598.3, svo að þróunin, sem orðið hefur á þessu ári til þessa tíma, er þannig, að staðan á viðskiptareikningi er til muna betri en hún var á sama tíma í fyrra. Ég held, að það grípi inn á það, sem hv. þm. sagði í sambandi við söluna á spariskírteinunum. Hann byrjaði á því að segja, að enginn mundi þora að eiga peninga. Hins vegar var frásögnin með þeim hætti, að það var síður en svo, því að sala spariskírteina, sem eru mikil trygging í verðbólguþjóðfélagi, hafði ekki gengið eins og e. t. v. var búizt við. Mér finnst, að samræmið þarna og í viðskiptunum við útlönd sé nokkuð svipað, að það sé viss festa í þessu og verðbólgan og spennan, sem talað er um, sé í raun og veru ekki eins mikil og menn vilja vera láta. Ég vil líka segja það, að það er náttúrlega ekki sama, með hvaða hætti við myndum skuldir við útlönd. Á þessu ári hefur það verið gert, að það hefur verið dregið úr vörukaupalánunum, og ég er alveg sannfærður um, að það hefur haft sín áhrif á það, að viðskiptalega séð stöndum við betur við útlönd heldur en við mundum hafa gert, ef þeim hefði verið haldið óbreyttum. Hitt er svo ekki nema eðlilegt, að við tökum lán, eins og ég áðan gat um, í sambandi við kaupin á togurunum, í sambandi við kaup á flugvélum og virkjanir. Slíkt er gert með tilliti til þess, að þetta auki síðar meir gjaldeyristekjur þjóðarinnar og einmitt sá möguleiki, sem þessi tækjakaup skapi, geti verið orðinn til, þegar þarf að fara að greiða af þessum lánum. Þannig er þetta hugsað *með slíkar stórframkvæmdir, sem verður* að sjálfsögðu að fjármagna með erlendri lántöku og hefur alltaf verið gert.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að það væri ekki góð latína að taka lán til þess að greiða lán, en þetta gerði nú viðreisnarstjórnin, þegar hún var að greiða af lánunum vegna Reykjanesbrautar. Þá tók hún lán til þess að greiða lán. Og það er ekki fyrr en nú, að fjárveiting er tekin inn á fjárlög til þess að ljúka þessum greiðslum, vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Áður hefur þetta verið gert með því, sem veggjaldið náði til, sem var slátrað illu heilli í vor fyrir mikla skammsýni, en svo var lán tekið til þess að greiða hinn hlutann. Nú er þetta tekið inn á ríkissjóð og eykur að sjálfsögðu bæði vexti og afborganir hjá ríkissjóði vegna þess arna. En það var í raun og veru ekki hægt að komast hjá því að gera þetta, því að það var ekki hægt að halda þessu lengur áfram.

Þá kom hv. 2. þm. Norðurl. e. að skattalögunum og skattvísitölunni. Þá varð mér að hugsa, þegar hann talaði um, að hann gleddist yfir því, *að nú skyldi hafa verið tekin upp sú skattvísi*tala, sem gerð var, að sá væri munur á mér og honum, að hann ákvað að taka upp þessa skattvísitölu, þegar völdin voru fallin úr hans höndum, en ég ákveð að nota þessa skattvísitölu, meðan ég hef völdin. Þetta er munurinn, og hann er ekki svo lítill, því að það var ekki ofarlega í þessum hv. þm. að taka upp það kerfi skattvísitölu, sem hann nefndi hér í kvöld. Nú vil ég segja það í sambandi við það mál, að þessi ákvörðun er ekki stefnumörkun mín og ekki heldur ríkisstj. Ég álít, að rétta matið í þessu sé raunverulega framfærsluvísitalan, hækkunin á milli ára, en ekki það, að tekjur að öðru leyti eigi að koma þarna til, enda lít ég svo á, að hér sé um raunverulega skattalækkun að ræða. Hv. þm. sagði, að þeir hefðu gert till., sem við hefðum mátt hlusta á, á s. l. vetri í sambandi við skattalögin. Jú, rétt er nú það. Þeir gerðu till. um það að lækka tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti um 1600 millj. kr. Mér er sem ég sjái hv. 2. þm. Norðurl. e., ef ég *hefði eða við stjórnarandstöðumenn hefðum flutt* slíka till., þegar hann var fjmrh. Ég held, að hann hefði ekki talið okkur verið ferjandi eða *verjandi á einn eða annan hátt fyrir slíka till*ögugerð. Og þess vegna varð ég mjög hissa á því, þegar hans nafn var komið á þennan tillöguflutning, svo fráleitur sem hann var.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að ég ætti að kynna mér betur viðhorf fyrirtækja til skattalaga viðreisnarstjórnarinnar. Nú er það svo, að ég hef kynnt mér álit fyrirtækjanna á frv., þegar það var hér til meðferðar á hv. Alþ. Og það var afskaplega langt frá því, að atvinnurekendurnir væru hrifnir af málinu þá. Það álit, sem þeir sendu fjhn. Alþ., var ekki til stuðnings við málið. Það voru mörg atriði, sem þeir töldu, og þeir töldu í raun og veru ekki hægt að taka þann þátt sérstaklega, heldur yrði að taka málið í heild. Og það var t. d. sá þáttur, sem sneri *að aðstöðugjöldunum, sem þeim var ekki minna* í mun heldur en ýmislegt af því, sem þarna var. Og ég vil enn leyfa mér að vitna í hv. fyrrv. *þm., Ólaf Björnsson prófessor.* Hann benti réttilega á, að það væri óhugsandi að setja slík lög um skatta hlutafélaga án þess að vera áður búinn að endurskoða hlutafélagalöggjöfina og sníða skattalög síðar að nýrri hlutafélagalöggjöf. Hann benti með sterkum rökum á, að það væri óhugsandi að setja slíka löggjöf um skatt hlutafélaga

sem þar var gert, án þess að löggjöfin um hlutafélög væri endurskoðuð fyrst. Smugurnar, möguleikarnir, sem gjaldendurnir hefðu í gegnum þetta kerfi, væru svo geysilegir, að það væri óhugsandi að láta þetta koma til framkvæmda. Og ég er honum alveg sammála um það.

Út af flýtifyrningunni vil ég segja það, að það er enginn misskilningur í því hjá mér. Ákvæðið um flýtifyrninguna í skattalöggjöfinni var með þeim hætti, að fyrirtækið gat notað þetta á einu ári, 30% flýtifyrningu, og þess vegna gat það valið sér ár, sem hafði mjög góða afkomu, og með því móti gert sig skattlaust. Hitt veit ég, að það var ekki hægt að endurtaka þetta ár eftir ár, — það var ekki framkvæmanlegt, — og með þessu móti slátraði það þeim möguleika, en það gat náð þessu, þegar það hafði mikinn tekjuafg.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að það skorti mjög á, að öll myndin af efnahagskerfinu lægi fyrir hér nú, þegar fjárlagafrv. væri lagt fram. Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Norðl. e., að nauðsyn ber til, að svo sé. Og þess vegna tel ég, að það sé mjög áríðandi að afgreiða samtímis fjárlög og framkvæmdaáætlun. Það er afar óheppilegt að afgreiða fjárlög fyrir áramót og framkvæmdaáætlun á útmánuðum, eins og gert hefur verið. Inn á þetta svið þarf að fara, og auðvitað ber nauðsyn til þess að ná öllu efnahagssviðinu saman við fjárlagaafgreiðslu, og hugsunin er nú sú að reyna að keppa að því, að svo verði við fjárlagaafgreiðsluna. Ég get því lokið þessum orðum mínum með því að segja það, að ég vona, að hv. Alþ. geti afgreitt þessa þætti þrjá, fjárlagafrv., framkvæmdaáætlunina og efnahagsmálin, fyrir næstu áramót.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun skattalaga, fsp. (þskj. 7). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Eins og þingheim rekur minni til, voru gerðar þær breytingar á síðasta þingi á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er brýnastar þóttu. Jafnframt var skattanefnd þeirri, er undirbjó lögin, falið að vinna áfram að heildarendurskoðun skattal. Reynslan hefur sýnt, að á núgildandi skattal. eru augljósir ágallar. Við álagningu tekjuskatts var persónufrádráttur of lágur og skattstiginn allt of brattur, þannig að fólk með miðlungstekjur lenti í sama skattstiga og hátekjumenn. Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir, að skattvísitalan verði 128 stig. Af því leiðir, að persónufrádráttur hækkar fyrir einstaklinga úr 145 þús. kr. í 185 600 kr., fyrir hjón úr 220 þús. kr. í 281 600 kr. og fyrir barn úr 30 þús. kr. í 38 400 kr. Jafnframt breytast skattþrepin þannig, að 50 þús. kr. skattþrepið hækkar í 64 þús. kr. og 75 þús. kr. skattþrepið í 96 þús. kr. Ekki fer á milli mála, að þessi breyting á skattvísitölunni er til bóta fyrir skattgreiðendur. En ég er enn þeirrar skoðunar, að skattstiginn sé allt of brattur og beri að laga hann enn frekar. Að vísu missir ríkissjóður einhverjar tekjur við það, en þeirra verður þá að afla eftir öðrum leiðum. Í þessu sambandi má geta, að áætlað er í fjárlagafrv., að tekjuskattur einstaklinga hækki um 1347 millj. kr. frá fyrra ári. Ég tel, að ríkisstj. beri að forðast það að seilast um of við skattheimtu í vasa fólks, sem hefur litlar tekjur eða miðlungstekjur. Einnig hygg ég, að reynslan hafi sannað, að hin nýju skattalög hafi ekki megnað að sporna gegn því, að láta eðlil. fjáruppháðir af hendi rakna til sameiginlegra þarfa þegnanna. En skattalög geta ekki ein komið í veg fyrir skattsvik. Til þess þarf að koma þróttmikið skattheimtueftirlit og ströng viðurlög við skattsvikum. Í þessum efnum erum við Íslendingar miklir eftirbátar annarra þjóða, þótt skattheimtueftirlit hafi vissulega aukizt á síðari árum. En skattsvikin í þjóðfélaginu eru óþolandi.

Mér er fullkomlega ljóst, að vart er við því að búast, að heildarendurskoðun skattal. geti legið fyrir á þessu þingi, þar sem n. hefur aðeins starfað hálft ár, en ég tel afar miklivægt, að gerðar verði nauðsynlegar lagfæringar á skattal. eða þau verði gaumgæfilega athuguð fyrir næsta skattár, þ. e. a. s. framtalsárið 1973. Vil ég sem dæmi taka þessar breytingar. 1. Skattastiginn lækki. 2. Viðurlög við skattsvikum verði hert. 3. Látið verði af að skattleggja bætur almannatryggínga, svo sem ellilífeyri, fjölskyldubætur, örorkubætur, mæðralaun og barnalífeyri. Þetta felur í sér samræmingu skatta- og tryggingalöggjafar. 4. Látið verði af því að heimila mönnum til frádráttar við tekjuskatt ótakmarkaðar vaxtaskuldir. 5. Greidd húsaleiga verði heimiluð til frádráttar að hluta. Með því fengist betri trygging fyrir, að húsaleiga væri rétt uppgefin til skatts, og komið yrði til móts við tekjurýra leigjendur, sem oft og tíðum leigja húsnæði fyrir okurleigu. 6. Tekið verði fyrir það, að menn geti selt lendur og lóðir, sem margfaldazt hafa í verði vegna legu og verðbólgu, með gífurlegum hagnaði, án þess að greiða eyri af honum í ríkissjóð.

Þessi atriði, sem nú hafa verið talin, mætti með góðu móti lögfesta, án þess að heildarendurskoðun skattal. kæmi til. Og ekki má gleyma staðgreiðslukerfi skatta, sem næði eingöngu til launþega og ætti að þurfa tiltölulega lítinn undirbúning. Síðustu till. um staðgreiðslukerfi voru of víðtækar og döguðu því uppi. Það er vitaskuld með öllu óviðunandi, að laun fjölmargra manna skuli mestöll ef ekki öll hverfa í skattgreiðslu síðustu mánuði ársins. Má nærri geta, að skattgreiðendur kunni stjórnvöldum litlar þakkir fyrir, jafnvel þótt álagningin kynni að vera réttlát. Ástæðan fyrir því, að ég ber fram fsp. um endurskoðun skattal. til hæstv. fjmrh., er að benda á nokkra agnúa, sem mér þykir brýnt að sverfa sem fyrst af skattal., en einnig að vekja athygli á, að þeir menn, sem vinna að heildarendurskoðun skattal., þyrftu að geta helgað sig því starfi heilir og óskiptir. Mig uggir, að þeir ágætu menn, sem í n. sitja, séu svo önnum kafnir við önnur störf, að þeir fái ekki sinnt endurskoðun skattakerfisins; ég tala nú ekki um, ef

þeir eiga að rannsaka allt tekjuöflunarkerfi ríkisins og fella það inn í einn allsherjarlagabálk, eins og hæstv. fjmrh. greindi frá í fjárlagaræðu sinni. Skattamál snerta beint eða óbeint alla þegna þjóðfélagsins. Það segir sig því sjálft, að ekki má undir neinum kringumstæðum kasta höndunum til þeirra. Það þarf ný vinnubrögð. Öllum er kunnugt um, með hvaða vettlingatökum skattamál hafa verið tekin á Íslandi frá því að tíund lagðist af. Fsp. mínar eru í senn hvatning og ábending um að herða nú róðurinn. Fsp. eru á þskj. 7 og hljóða þannig: „1. Hvað líður störfum skattanefndar og endurskoðun skattal.? 2. Hver er starfsaðstaða nm.? 3. Er þess ekki að vænta, að endurskoðun skattal. verði lögð fram á þessu þingi það tímanlega, að unnt verði að taka skattal. til rækilegrar meðferðar og gera á þeim nauðsynlegar lagfæringar fyrir næsta skattár?"

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í fjárlagaræðu minni í gær kom ég að þeim þáttum, sem fyrirspyrjandi spyr um í fsp. sinni á þskj. 7. Fyrsta spurningin er: „Hvað líður störfum skattanefndar og endurskoðun skattal.?" Eins og ég greindi þá frá, þá hefur n. sú, sem vann að endurskoðuninni í fyrra, unnið áfram að endurskoðun skattal. og jafnframt að endurskoðun annarra tekjuþátta ríkissjóðs. Það er ætlunin að ganga frá þessum málum eða vinna að þessum málum á þann veg, að heildaryfirlit fáist yfir tekjuöflun ríkisins og líklegar leiðir til þess, hvernig tekna til ríkissjóðs skuli aflað. Til þess að þetta megi verða, vinnur n. nú að heildarskýrslu um þetta mál, og eins og ég skýrði frá í gær, þá er þingflokkunum kunngert um það, sem gerist í þessu efni. Og það er talið, — og ekki neitt óeðlilegt við það, — að nauðsyn beri til að hafa sem mest yfirlit yfir þessi mál í heild, áður en einstakir þættir þess eru teknir til meðferðar.

Í öðru lagi er því til að svara, að þeir menn, sem vinna að þessari endurskoðun, eru starfsmenn í öðrum störfum og vinna að þessu sem aukastarfi. Hins vegar, eins og ég skýrði einnig frá, þá er nú gert ráð fyrir því, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. fái frí að mestu frá störfum nú um nokkurn tíma til þess að skila þessu verki verulega áfram, og jafnframt mun verða leitað eftir því við fleiri nm., að þeir geti helgað sig þessu verki nú um skeið.

Ég vil taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda í sambandi við síðasta liðinn, að nauðsyn ber til að vinna þetta verk með aðgætni og vel og vandlega. Þess vegna kann ég ekki á þessu stigi málsins að svara því til, að hve miklu leyti þetta mál kann að koma fyrir þetta þing. En því skulu hv. þm. gera sér grein fyrir, að um leið og slakað er á einum þætti í tekjuöflun, verður að sækja á annan, og ýmsir þeir, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér áðan, eru þess eðlis, að ég er ekki viss um, að öllum þætti gott, að þeim væri sleppt út úr tekjuskattsgreiðslu. Hins vegar verður stefnt að því að koma þessu máli fram hér á hv. Alþ. eins fljótt og auðið er, en um nánari tímasetningu get ég ekki sagt að þessu sinni. Ég vil hins vegar bæta því við, að ég tel, að það sé nauðsynlegt, að einmitt þetta þing, sem nú situr, fái tekjuöflunarmál ríkissjóðs til meðferðar, m. a. vegna þess að kringum þar næstu áramót, áramótin 1973-1974, kemur til framkvæmda lækkun á tollum vegna EFTA-samninga, og þess vegna er nauðsynlegt, að einmitt þingið í vetur fjalli um þessi mál mjög kostgæfilega og að því verður reynt að vinna.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin, og það kom bersýnilega fram, að þessi mál væru í athugun, eins og vera ber. Ég vil, eins og ég minntist á í þessu spjalli mínu áðan, mælast mjög eindregið til þess, að á þessum málum verði tekið af festu. Við vitum það allir, sem hér sitjum, að skattamálin eru það mikilvægur þáttur í þjóðlífinu og snerta alla þegna þjóðfélagsins, að það má ekki kasta höndunum til þessa verks og ég vænti þess og tel það hið fyllsta réttlætismál, að ekki sé gengið of hart að tekjurýru fólki með mikilli skattheimtu og allra sízt þannig, að fólk með þurftartekjur verði fyrir barðinu á henni.

En að öðru leyti vænti ég þess fastlega, að þessi mál verði tekin föstum tökum og betri en hefur tiðkazt hjá fyrrv. ríkisstjórnum.

Lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Við umr. við lokin í vor kom til orðaskipta milli mín og hæstv. félmrh., þegar frv. til breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970 var til umr. í Ed. Alþingis. Í þessum umr. kom fram, að ég mætti vera rólegur, því að ráðh. lofaði góðri úrlausn lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Og hann undirstrikaði orð mín, að húsnæðismálin ætti að leysa á grundvelli félagslegra sjónarmiða. Mér þykir því hlýða að fá að heyra nokkuð um stöðu þessa máls í dag í þingbyrjun, og eins er það bráðnauðsynlegt fyrir húbyggjendurna sjálfa að fá staðfest, hvernig lánamálin standa. Því hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. á þskj. 10:

„1. Hve mikilli fjárhæð samtals nema lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins úr Byggingarsjóði ríkisins miðað við 15. okt. 1971 og 1972, annars vegar til nýbygginga og hins vegar til kaupa á eldri íbúðum?

2. Hvernig skiptast þessar lánveitingar eftir kjördæmum?

3. Hve margar eru þær lánsumsóknir vegna nýbygginga, er borizt hafa á þessu ári og enn hafa enga afgreiðslu hlotið?

4. Hve margar eru þær íbúðir, sem aðeins fyrri hluti heildarláns hefur enn verið veittur til, og hvenær verða veitt seinni hluta lán til smíði þeirra íbúða? Munu hin síðarnefndu koma til greiðslu á þessu ári?

5. Hvenær verða veitt frumlán til smíði þeirra íbúða, sem fokheldar hafa orðið frá og með 1. júlí s. l., og hve margar eru þær nú? Hve margar er talið, að þær verði við lok ársins? Er ætlunin að veita frumlán til smíði þeirra allra, er komi til greiðslu fyrir lok þessa árs?

6. Hve mikið fjármagn þarf að útvega nú, svo að unnt sé að veita á þessu ári jafnmörg byggingarlán og gert hefur verið að meðaltali undanfarin 4 ár?

7. Hver úrræði eru á prjónunum nú um frambúðarlausn fyrir Byggingarsjóð ríkisins?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vona það, að svör mín, þó að þau verði að vera í stytzta lagi vegna þingskapa, gefi nokkrar upplýsingar um stöðu húsnæðismálanna í dag. En svörin við spurningum þeim, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur borið fram, eru á þessa leið:

1. Spurning hans var, hve mikilli fjárhæð samtals nema lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins úr Byggingarsjóði ríkisins. a. Miðað við 15. okt. 1971. Það eru 498 millj. 419 þús. kr. 15. okt. 1971. b. Miðað við 15. okt. 1972 er upphæðin 538 millj. 37 þús. kr. Annars vegar a. til nýbygginga, það eru kr. 902 millj. 596 þús. samtals bæði árin. Þar af eru það 410 millj. 519 þús. kr. á árinu 1971 og 492 millj. 77 þús. kr. á árinu 1972. b. Til kaupa á eldri íbúðum samtals bæði árin 133 millj. 860 þús. kr., þar af 87 millj. 900 þús. kr. á árinu 1971 og 45 millj. 960 þús. kr. það, sem af er árinu 1972. En í sambandi við lán til kaupa á eldri íbúðum, sem talin eru nema 87.9 millj. kr. á árinu 1971, er rétt að geta þess, að í fjárhæð þessari eru öll slík lán, sem veitt voru frá gildistöku l. nr. 30 frá 12. maí 1970 og til ársloka 1971, þ. e. a. s. rúmlega hálft annað ár. Hluti af þessum lánum kemur fyrst til greiðslu á árinu 1972. Við þetta má bæta því, að miðað við 23. þ. m. voru lán til byggingaráætlunar framkvæmdanefndar svo sem hér greinir: Árið 1971 ca. 126.3 millj. kr. og 1972 176.7 millj. kr. Enn fremur má geta þess, að framkvæmdalán miðað við sama tíma námu eftirtöldum fjárhæðum: Árið 1971 ca. 70 millj. kr. og árið 1972 97.6 millj. kr. Þetta var svar við fyrstu spurningunni.

2. Hvernig skiptast þessar lánveitingar eftir kjördæmum? Nú kemur hér heilmikið talnamoð. Svarið er þetta: Reykjavík, e-lán 394 millj., g-lán 32 millj. 362 þús., tölurnar eru á árinu 1971, og þær, sem ég nefni nú, eru frá árinu 1972, það sem af því er liðið: e-lán frá árinu 1972 eru 235 millj. 700 þús. og g-lánin 18.1 millj. kr. Vesturland: 14 millj. 800 þús. e- lán 1971 og 4.5 millj. kr. g-lán á árinu 1971. Þetta er á árinu 1972 e-lán 7.3 millj. og g-lán 3 millj. 550 þús. Vestfirðir: Á árinu 1971 e-lán 11.7 millj. og g-lán 3.9 millj.; e- lán á árinu 1972 8.2 millj. og g-lán 2.8 millj. Norðurl. v.: 18 millj. kr. e-lán 1971 og g-lán 2.2 millj.; e-lán á árinu 1972 10 millj. kr. og g-lán 1.8 millj. Norðurl. e.: 78.5 millj. e-lán 1971 og 8.6 millj g-lán á árinu 1971. Á árinu 1972 eru þetta e-lán 46 millj. og g-lánin 5 millj. 850 þús. Austurland: 23.5 millj. e-lán á árinu 1971 og 4.3 millj. g-lán á sama ári. E-lánin á árinu 1972 eru 15 millj. og g-lánin 2.25 millj. Suðurland: E-lán á árinu 1971 28 millj. 500 þús., g-lán 1.6 millj. á árinu 1971. E-lánin 30.9 millj. á árinu 1972 og 2.55 millj. á árinu 1972. Reykjanes: 173 millj. 614 þús. e-lán 1971, 17.2 millj. í g-lánum á sama ári, en á árinu 1972 eru þetta e- lán 146.5 millj. og g-lán 9.05 millj. kr. Samtals eru e-lánin á árinu 1971 742 millj. 600 þús. kr. Í sambandi við framanskráða grg. ber þess að gæta, að hér er um að ræða e-lán allt árið 1971, en e-lán ársins 1972 eru aðeins þau lán, sem veitt hafa verið það tímabil, sem liðið er af þessu ári.

3. Hve margar eru þær lánsumsóknir vegna nýbygginga, er borizt hafa á þessu ári og enn hafa enga afgr. hlotið? Svar: 1049 talsins, þar af eru nú aðeins 118 umsóknir út á íbúðir, sem fokheldar hafa orðið frá 1. 9. s. l. til 1. 10. s. l., og þær einar eru afgreiðsluhæfar nú.

4. Hve margar eru þær íbúðir, sem aðeins fyrri hluti heildarláns hefur enn verið veittur til? Svar: 722 talsins. Hvenær verða veitt seinni hluta lán til smíði þeirra íbúða? Svar: Þeir umsækjendur, sem fengu sín frumbyggingarlán borguð út í apríl á þessu ári, munu fá framhaldslánin greidd út í des. n. k.

5. Hvenær verða veitt frumlán til smíði þeirra íbúða, sem fokheldar hafa orðið frá og með 1. júlí s. l., og hve margar eru þær nú? Svar: Í lánveitingu til greiðslu pr. 15. nóv. n. k. eru þeir, sem sóttu um lánin fram til 1. júlí s. l. og skiluðu fokheldisvottorðum fram til 1. 9. s. l. Þær íbúðir, sem fokheldar hafa orðið frá 1. sept. s. l. og engin lán hafa enn verið veitt út á, eru 118 talsins. Samkv. reglugerð um úthlutun íbúðalána er ekki gert ráð fyrir, að lánbeiðnir, sem berast eftir 1. feb. ár hvert, verði afgreiddar fyrr en eftir 1. febrúar árið á eftir, þó að stundum hafi tekizt að veita lán fyrir 1. febrúar næsta ár á eftir til þeirra, sem vísað hafa fram vottorði um fokhelda íbúð fyrir 1. nóv. Þar af eru 105 umsóknir, sem borizt hafa fyrir eindagann 1. feb. 1972, en 13 umsóknir eftir þann tíma, og eiga því strangt tekið ekki að koma til afgreiðslu fyrr en á árinu 1973. Af þessum 118 umsóknum eru 7 frá Reykjavík, en 111 utan Reykjavíkur. Langflestar þessara íbúða urðu fokheldar í sept. 1972. Nú bíða auk ofangreindra 118 umsókna 931 fullgildar, lánshæfar umsóknir eftir afgreiðslu, en engin þeirra er stiluð á íbúð, sem orðin er fokheld. Fyrr en svo er orðið geta þær ekki komið til greina við lánveitingu. Hve margar er talið, að þær verði við lok ársins? Svar: Engin könnun hefur farið fram á því, og þess vegna ekkert hægt um það að segja nú. Er ætlunin að veita frumlán til smíði þeirra allra, er komi til greiðslu fyrir lok þessa árs? Svar: Gera má ráð fyrir, að stefnt verði að því, að í því efni verði svipað gert og tekizt hefur að gera undanfarin ár.

6. Hve mikið fjármagn þarf að útvega nú, svo að unnt sé að veita á þessu ári jafnmörg byggingarlán og gert hefur verið að meðaltali undanfarin 4 ár? Svar: Á árunum 1968—1971 námu lánveitingar til nýrra íbúða ca. 562 millj. kr. á ári að meðaltali. Til flestra íbúða voru veitt lán árið 1968 eða samtals 1262 íbúða, en á árinu 1970 voru þessar íbúðir 1032. Meðaltal var 1160 íbúðir á ári. Á árinu 1972 er áætlað, að lánveitingar til nýrra íbúða nemi um 680 millj. kr. og tala nýrra íbúða, sem njóti lána á árinu 1972 verði nálægt 1152.

7. Hver úrræði eru á prjónunum nú um frambúðarlausn fyrir Byggingarsjóð ríkisins? Svar: Samkv. bráðabirgðaáætlun, sem hagfræðideild Seðlabanka Íslands hefur gert um Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1973, er gert ráð fyrir, að á því ári verði til ráðstöfunar í útlán 1195 millj. kr. Komi í ljós, að þörf sé aukinnar fjáröflunar til

íbúðalána á árinu 1973, mun ríkisstj. að sjálfsögðu hlutast til um viðeigandi aðgerðir í því efni, þegar þar að kemur, og gæti þá þurft að leita ákvörðunar Alþ.

Þetta er svar mitt í eins stuttu máli og unnt var.

Forseti (EystJ): Ég hygg, að allir hljóti að vera sammála um það, að hæstv. ráðh. svaraði þessu í eins stuttu máli og hugsanlegt er, en samt dugði ekki ræðutíminn, því að tvær mínútur eru fram yfir. Þetta sýnir, að fsp. mega ekki vera um svo víðtækt efni hver fyrir sig eins og hér er gert ráð fyrir, og mun ég vinna að því, að svo verði, í samvinnu við þm. og ekki leyfa fsp., sem eru mjög víðtækar. Verður þá að koma til álita, hvað hv. Alþ. vill í því efni. Menn verða heldur að skipta efninu í fleiri spurningar, til þess að þingsköp geti orðið virk. Ég vona, að hv. þm. skilji þetta og hafi samvinnu um að gera þessar umr. eins og þær eiga að vera. Þetta ætti að geta verið vandræðalaust, því að það má skipta í fleiri spurningar.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil ekki reyna meira á þolinmæði forseta varðandi tímasetningu, en ég vil þakka hæstv. ráðh. mjög vel fyrir svörin og sé það, að nokkuð hefur áunnizt, þó að allmikið sé óafgreitt enn þá og ekki liggi ljóst fyrir, hvort tekst að veita þau lán. En þessi 931 umsókn, sem er nú óafgreidd, það eru tímasetningarumsóknir og tímasetning á, hvenær íbúðirnar verða fokheldar. Það mun koma í ljós, hvort þær verði allar undir lánshæfni, ef ég hef tekið rétt eftir í upplestrinum. En þar sem þetta var mjög mikið af tölum, sem ég vissi reyndar fyrir fram, þá gat ég ekki náð þeim öllum til þess að getað svarað þeim núna. En augljóst er, að það þarf að gera átak til þess að tryggja það, að allar umsóknir fái afgreiðslu, eins og hefur verið gert undanfarin 4 ár. Þess vegna vildi ég fá það á hreint, hvernig staðan væri í dag.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þeir þm., sem taka til máls undir þessum lið, hafa ekki meira en 2 mín. til umráða, svo að maður gerir ekki mikið meira heldur en að koma hingað upp í pontuna og fara niður aftur. En það, sem ég vildi aðeins víkja að, úr því að húsnæðismál eru á dagskrá, er það, sem hæstv. ráðh. sneiddi hjá að skýra frá í sínum upplýsingum og má segja, að hann hafi gert það, vegna þess að hann hafi ekki beint verið spurður að því, en það er varðandi fjármagnsöflun byggingarsjóðsins. Nú upplýsir hann, ef ég hef tekið rétt eftir, að samkv. bráðabirgðaáætlunum fyrir næsta ár sé gert ráð fyrir því, að til þurfi 1195 millj. kr. í útlán og öllum má ljóst vera, að mikið fé skortir í byggingarsjóðinn til þess að mæta þessari áætlun. Því spyr ég um, ef hæstv. ráðh. getur eitthvað upplýst um það, hvaða áætlanir eru uppi um það að afla þessa fjármagns, og þegar þessi tala er gefin upp, við hvaða lánveitingu er þá miðað pr. íbúð. Nú gaf hæstv. ráðh. það í skyn hér í umr. á þingi í fyrra, að hann vildi beita sér fyrir hækkun á lánveitingum, talaði um 600 upp í 800 þús. kr. Auk þess koma vegna verðlagsbreytinga einhverjar hækkanir, svo að spurningin er, við hvaða tölur er miðað, þegar talað er um 1195 millj. kr. á næsta ári?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég get ekki búizt við því, að fyrirspyrjandi eða aðrir hafi getað hent reiður á öllum þeim tölum, sem ég las, en ég var tilknúinn að lesa sökum þess, um hvað spurt var. En ég hygg, að það hafi samt orðið ljóst af mínum upplýsingum, að fjárveitingar til húsnæðislána á árinu 1972 miðað við sams konar fjárveitingar á árinu 1971 eru í öllum liðum hærri nú heldur en árið á undan. Samkv. þeirri áætlun, sem Seðlabankinn hefur hins vegar gert um árið 1973, þá er upplýst af því, að það verði nálægt 1200 millj. kr., sem Húsnæðismálastofnunin hafi yfir að ráða til framkvæmda og lánveitinga á því ári. Nú skulum við miða við meðaltalstölu íbúða á 4 árunum, sem spurt var um, en þar var meðaltalið 1160 íbúðir, þó að árið 1970 færi þetta niður í 1032. Við skulum segja, að íbúðatalan verði a. m. k. þessi og lánsupphæðin verði hækkuð um áramót úr 600 þús. í 800 þús. 1150 íbúðir sinnum 800 þús. eru, að ég hygg, 920 millj. kr., en Húsnæðismálastofnunin á að geta ráðið við lánveitingar allt upp í 1200 millj kr. Það blasir því ekki við neitt hörmungarástand, að því er snertir það, að byggingarsjóðurinn geti svarað þeirri eftirspurn eftir lánum, sem á honum hefur hvílt fram til þessa. En ég segi, að ef það reynist svo á árinu 1973, að hann verði í fjárþröng, þá verður ríkissj. að reyna að bæta úr og e. t. v. að leita til Alþ. um að styrkja tekjustofna byggingarsjóðsins, en á því hefur ekki orðið nein breyting frá hendi Alþ. fram til þessa. En tekjustofnar byggingarsjóðsins virðast nú nokkurn veginn hrökkva og þó liðlega fyrir eftirspurnunum. Og allar umsóknir, sem eru núna með fullum lánarétti, hafa verið afgreiddar og líkur til þess, að þær, sem á að afgreiða fyrir áramót, verði afgreiddar eins og til stendur.

Forseti (EystJ): Ég vil benda hv. þm. á, að í þingsköpum er gert ráð fyrir, að menn geti fengið skrifleg svör ráðh. við fsp., ef þeir óska þess. Það gæti verið skynsamlegt að nota þá aðferð, þegar um nokkuð flókin viðfangsefni er að fást, t. a. m. margar tölur.

Bændaskóli í Odda, fsp. (þskj. 13). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 13 til hæstv. landbrh. um bændaskóla í Odda. Hér á landi eru starfandi tveir bændaskólar, á Hólum og Hvanneyri auk garðyrkjuskólans í Hveragerði. Með l. nr. 55 1963 um bændaskóla er ákveðið, að hér á landi skuli vera þrír bændaskólar og einn þeirra skuli vera á Suðurlandi. Nú er svo komið, að bændaskólarnir á Hólum og á Hvanneyri eru fullsetnir, og hefur komið fyrir, að bændaefnum hefur orðið að neita um skólavist, þótt augljóst sé, að nútímabúrekstur krefjist staðgóðrar þekkingar í landbúnaði. Aðsókn að búnaðarskólunum hefur aukizt mjög

síðari árin. Það er ekki langt síðan Hólaskóli var mörg árin aðeins rúmlega hálfsetinn. Á Hvanneyri var alltaf fullsetinn skóli með 60 nemendum, en á síðari árum hefur skólahúsnæði verið aukið þar, og eru nemendur um 90.

Þegar staðreyndin um aðsókn að skólunum lá fyrir, ákvað landbrn. í ársbyrjun 1971 að hefjast handa um stofnun bændaskóla á Suðurlandi, þar sem bezt hentar um staðarval með tilliti til samgangna, kostnað við byggingu skólahúss, rekstrar og fyrirkomulag skóla og bús. Jafnframt þessu skipaði rn. 5 manna n. til þess að gera till. til rn. um staðsetningu bændaskóla þessa í samræmi við téð sjónarmið. Í n. voru ráðuneytisstjórinn í landbrn. Gunnlaugur Briem, og var hann jafnframt formaður n., en auk hans voru í n. dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Hermann Sigurjónsson bóndi, Raftholti, Magnús Jónsson ráðunautur, Selfossi, sem nú er skólastjóri á Hvanneyri, og Hjalti Gestsson ráðunautur á Selfossi. N. hraðaði störfum og skilaði áliti vorið 1971. Benti n. auk tveggja annarra staða á Odda á Rangárvöllum sem skólasetur. Rn. taldi bændaskóla á Suðurlandi bezt valinn staður í Odda og ákvað, að hann skyldi reistur þar. Dóms- og kirkjumrn. og biskup Íslands hafa samþykkt, að skólinn verði reistur í Odda og þar látinn í té nauðsynleg jarðarafnot til búskapar. Rn. skipaði n. til undirbúnings bændaskólans, m. a. til þess að gera kostnaðaráætlun um byggingar, vegaframkvæmdir, aukningu á húsum og annað í því sambandi, allt í samráði við rn. Formaður þessarar n. er húsameistari ríkisins, Hörður Bjarnason, og með honum eiga sæti í n. Magnús Jónsson núv. skólastjóri á Hvanneyri, Agnar Guðnason ráðunautur, Hermann Sigurjónsson, Raftholti. Á fjárl. yfirstandandi árs eru veittar 700 þús. kr. til undirbúnings bændaskóla í Odda. Í frv. til fjárl. 1973, sem liggur fyrir Alþ., er einnig gert ráð fyrir 700 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

Ekki er vitað, að n. hafi unnið mikið á þessu ári að undirbúningi skólans. Þarf það út af fyrir sig ekki að tefja framkvæmd málsins, ef nú þegar væri hafizt handa. Vitað er, að hér er um mikið undirbúningsstarf að ræða, sem talið er upp í erindisbréfi n. Gert hefur verið ráð fyrir, að skólabygging hæfist í Odda á árinu 1974. Þykir það verðugt að minnast á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar fyrsta skólans á Íslandi, sem var í Odda.

Það er nú langt komið að byggja upp Bændaskólann á Hvanneyri. Sömuleiðis er langt komið byggingu nýs skólahúss Garðyrkjuskólans á Reykjum og mikil uppbygging hefur átt sér stað á Hólum, þótt enn sé þar talsvert óbyggt. En með hliðsjón af því, að bændaskólunum, sem fyrir eru í landinu og byggingum Garðyrkjuskólans er senn lokið, virðist standa vel á, að hefja framkvæmdir á skólabyggingu í Odda á árinu 1974 með fjárveitingu eftir því, sem unnt reynist. Ég vænti þess, að hæstv. landbrh. geti gefið upplýsingar, á hvaða vegi undirbúningsstarfið er og vænti þess, að hann ljái málinu lið með því að hvetja n. til þess að hraða störfum.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þessari fsp. á þskj. 13 er fljótsvarað, því að í þessu máli hefur ekkert verið unnið á þessu ári. Ég býst við, að hv. fyrirspyrjandi hafi gert sér það ljóst, að svo væri, því að það var ekki gert ráð fyrir því, að sú fjárveiting, sem var sett inn á fjárlög í fyrra til bændaskóla á Suðurlandi, væri til annars heldur en að viðurkenna, að þar skyldi bændaskóli rísa. En hún var á allan hátt of lítil, til þess að það væri hægt að nota hana til nokkurrar framkvæmdar á þessu ári. Enn fremur er það nú svo, að þegar n. sú starfaði, sem fjallaði um staðarval o. fl. í sambandi við bændaskóla á Suðurlandi, þá mun meiri hl. hennar hafa lagzt gegn því, að sá skóli yrði staðsettur í Odda, og fleiri atriði eru, sem þarf að athuga, áður en til framkvæmda kemur við bændaskóla á Suðurlandi, en að sjálfsögðu verður að því unnið.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er nú ekki með grg. frá n., sem benti á Odda sem skólastað. En ég minnist þess ekki, að meiri hl. n. hafi lagzt gegn því, að skólinn yrði reistur í Odda. N. ferðaðist mikið um Suðurland um veturinn og vorið og benti á þrjá staði, sem kæmu til greina, og öll n. taldi Odda koma til greina alveg skilyrðislaust. Þetta vildi ég taka fram, en það liggur fyrir í skjölum landbrn., og getur hæstv. landbrh. þá sannfært sig um, hvort það er rétt, sem ég hér segi.

Hitt er rétt, að þær 700 þús. kr., sem eru á fjárl. þessa árs, voru ekki ætlaðar til framkvæmda í Odda, heldur til undirbúnings búnaðarskóla í Odda. Ég tel, að það hafi vel verið hægt að nota þessar 700 þús. kr. til undirbúnings. Það er margt, sem þarf að gera, m. a. að gera skipulagsuppdrátt af staðnum, og það þarf að gera sér grein fyrir því, hvernig byggingum skal haga og hvers konar, þannig að n. gat vel hafizt handa að vinna að undirbúningi málsins. Ég vænti þess, að hæstv. landbrh. geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að undirbúningi verði hraðað, þannig að það verði mögulegt að hefjast handa á árinu 1974 um framkvæmdir, eftir því hvaða fjármagn verður veitt á fjárlögum það ár. Það fer vel á því, að á árinu 1974 verði framkvæmdir hafnar við skólabyggingu í Odda í minningu um fyrsta skólasetur á Íslandi, sem var í Odda. Það er verðugt í sambandi við Oddastað. Að lokum má geta þess, að biskupinn og ýmsir kirkjunnar þjónar eru þessu mjög hlynntir.

Hafrannsóknir o. fl., fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Á þingi 1970, 91. löggjafarþinginu, flutti ég þáltill. um þessi efni og gerði m. a. svofellda grein fyrir málinu:

„Okkur er lífsnauðsyn að vita, hvernig ásatt er um fiskstofnana og annað líf í sjónum, hvað má veiða, hvað þarf að vernda, og alltaf er að koma betur og betur í ljós, að nýtízku fiski-

skipafloti þarf að styðjast við margs konar þjónustu, svo sem fiskileit, veiðitilraunir, veiðarfæratilraunir o. s. frv., ef fullur árangur á að nást. Aðkallandi verkefni í þessum greinum eru óþrjótandi.

Flm. er þeirrar skoðunar, að nú sé þörf úttektar á því, hvernig við erum á vegi stödd í þessum efnum og hvers við þörfnumst, og leggur því til, að sérfræðingum verði nú falið að gera 5 ára áætlun um nauðsynleg verkefni á þessu sviði, og verði sú áætlun gerð í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Væri sú áætlunargerð hliðstæð því, sem nú hefur verið gert varðandi rannsóknir á vatnsaflinu. Það er sannfæring flm., að viðhorf allt sé svo gerbreytt orðið varðandi fiskstofnana og annað, sem í sjónum býr, fiskveiðarnar og möguleikana til þess að fá vitneskju um hafið sjálft og hafsbotninn, að skoða verði þessi rannsóknarmál frá nýjum sjónarhól og í algerlega nýju ljósi."

Þetta var úr grg. fyrir till., tvær mgr. Síðan fór þessi till. til hv. allshn., og hún lagði til, að Alþ. samþykkti hana með þeim hætti, sem varð, en hún var samþ. svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera þriggja ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má."

Nú hef ég leyft mér að bera fram fsp. í tveimur liðum um það, hvernig þetta mál horfi. Mér leikur forvitni á að vita, hvað í þessu hefur verið gert á þeim tíma, sem liðinn er síðan áætlunin var samþykkt, og ég veit, að það mun einnig verða vel þegið af öðrum að fá fréttir af málinu.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þessari fsp. svarar forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar, Jón Jónsson, þannig með bréfi til rn.:

„Varðandi bréf rn., dags. 18. okt. s. l., um ofangreint málefni vil ég taka fram eftirfarandi:

Mál þetta var tekið fyrir og rætt ýtarlega af sérfræðingum stofnunarinnar í byrjun þessa árs, en þeir treystu sér ekki til að gera áætlun til svo langs tíma sem hér um ræðir, sérstaklega vegna hins breytta ástands, er skapaðist við útfærslu landhelginnar. Þess má geta, að stofnunin gerir áætlanir um rannsóknir eitt ár fram í tímann og ýtarlegar áætlanir um notkun rannsóknarskipanna. Er nú verið að vinna að þessu fyrir árið 1973, og er ætlazt til, að þessu verði lokið fyrir miðjan des., en þá mun rannsóknar- og fiskileitaráætlun stofnunarinnar verða birt opinberlega, svo sem gert hefur verið undanfarin ár."

Sú áætlun, sem gerð hefur verið fyrir eitt ár í senn og hér er minnzt á, hefur verið birt í tímaritinu Ægi, og áætlunin fyrir árið 1972 var birt í 5. tbl. Ægis á þessu ári. Það kemur sem sagt í ljós, að það hefur ekki verið unnið að þessu þýðingarmikla verkefni svo sem ætlazt hefur verið til af þeim, sem stóðu fyrir flutningi þessarar till. og hér kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, en nú hefur málið verið tekið upp á ný í rn. og viðræður hafnar við rétta aðila um það, hvort ekki sé hægt að byrja á þessu verkefni þrátt fyrir þá erfiðleika, sem fiskifræðingarnir benda á, þannig að áætlun af þessu tagi verði gerð fyrir lengra tímabil en aðeins eitt ár fram í tímann.

En þetta eru sú svör, sem fyrir liggja við þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það kemur glöggt fram af svari hæstv. ráðh., að það hefur ekki verið unnið eins og átti að vinna, eftir því sem þál. mælir fyrir um, þar sem forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar segir, að það sé ekki hægt að gera áætlanir um þessi mál 3 ár fram í tímann. Svar af þessu tagi hlýtur að teljast alger markleysa. Sér hver maður í hendi sé, að það er hægt að gera áætlanir um þessi efni, sem þál. gerir ráð fyrir, fram í tímann, ekki síður en um fjöldamargt annað, sem áætlað hefur verið, bæði um rannsóknir í orkumálum og fjöldamarga aðra rannsóknarþætti. Ég skora því á hæstv. ráðh. að láta verða af því, sem hann ráðgerði hér áðan í svari sínu, að taka þessi mál úr höndum Hafrannsóknastofnunarinnar, ef hún treystir sér ekki til að gera þetta sjálf, og láta vinna þetta verk eins og Alþ. hefur lagt fyrir; setja þá t. d. sérstaka n., þar sem væru fulltrúar frá Hafrannsóknastofnuninni og samtökum sjómanna og útvegsmanna, eins og Alþ. ætlaðist til. Ég vil eindregið skora á hæstv. ráðh. að láta gera það. Ég trúi ekki öðru, ef slík samstarfsnefnd væri sett á fót af hálfu rn., en þá mætti fá góða samvinnu og árangur af því verki.

Rekstur hraðfrystihúsanna, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hraðfrystiiðnaðurinn er efalaust ein mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og skiptir því afkomu sjómanna og útgerðarmanna og raunar alls þjóðarbúsins mjög miklu, að hann sé sem bezt rekinn. Við þetta bætist svo, að langmest af því fjármagni, sem hraðfrystihúsin hafa með höndum, er frá opinberum sjóðum og bönkum. Þjóðin hefur því fyllstu ástæðu og fyllsta rétt til að fylgjast með því, að hraðfrystihúsin séu sem bezt rekin. Augljóst virðist, að rekstur hraðfrystihúsanna er mjög mismunandi góður. Sum frystihús, sem virðast hafa sæmilega aðstöðu, hafa lélega afkomu, en önnur, sem virðast hafa óhægri skilyrði, bera sig betur. Miklu skiptir, að reynt sé að bæta rekstur þeirra húsa, sem hafa dregizt aftur úr í þessum efnum; og er mikils vert, að opinberir fjárfestingarsjóðir og bankar séu þar vel á verði og í raun og veru ríkisvaldið allt. Fsp. þessi er borin fram til að fá það upplýst, hvort gerð hafi verið athugun og samanburður á rekstri hraðfrystihúsanna með

það fyrir augum, að hagnýtt væri reynsla þeirra frystihúsa, sem hafa beztan og hagkvæmastan rekstur.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Af hálfu opinberra aðila hefur ekki verið framkvæmd athugun á afkomu frystihúsanna, þannig að við það væri miðað, að það, sem í ljós kæmi, væri sérstaklega hagnýtt til þess að gera rekstur húsanna hagkvæmari. Eins og kunnugt er, eru svo til öll frystihús í landinu í tveimur meginsölusamtökum, annars vegar í samtökum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hins vegar í samtökum Sambands ísl. samvinnufélaga. Mér er kunnugt um það, að á vegum þessara heildarsamtaka hefur athugun af þessu tagi farið fram og talsvert verið gert af því að koma í framkvæmd ýmiss konar endurbótum varðandi rekstur húsanna, en að mínum dómi hefur þessi athugun þó verið allt of lítil og starfsemin engan veginn nægileg. Það hefur að sjálfsögðu farið fram af hálfu opinberra aðila allýtarleg athugun á rekstrarafkomu frystihúsanna í allmörg ár, og það liggja fyrir býsna fróðlegar tölur varðandi það. En sú athugun hefur ekki verið á þeim grundvelli, sem greinilega er átt við með þessari fsp.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það væri vissulega mjög gagnlegt, ef hægt væri að gera ýtarlega samanburðarrannsókn á rekstri frystihúsanna í landinu með það fyrir augum að reyna að koma því fram, sem bezt hefur reynzt í hverju tilfelli. En til þess að það verði gert af opinberum aðilum, þá þarf auðvitað að veita fjármagn til slíks. Það þarf að ráða ákveðna menn til slíkrar starfsemi. Ég vil sem sagt fyrir mitt leyti undirstrika það, að ég tel, að það væri mjög þýðingarmikið atriði að gera þetta, en til þess þyrfti þá að veita nokkurt fé, ef þetta ætti að geta borið árangur. — Þetta er sem sagt svar mitt við þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans. Mér skilst, að sú athugun, sem rætt er um í fsp., hafi ekki farið fram nema að tiltölulega litlu leyti á vegum þeirra heildarsamtaka, sem frystihúsin eru aðilar að, og harma ég, að það skuli ekki hafa gerzt. Hins vegar lýsi ég ánægju minni yfir því svari hæstv. sjútvrh., að hann telji nauðsynlegt, að slík athugun verði gerð, og vænti þess, að nokkur árangur geti af henni hlotizt. En það skiptir að sjálfsögðu þjóðarbúið og náttúrulega sérstaklega útgerðarmenn og sjómenn miklu máli, að rekstri frystihúsanna verði komið í sem bezt horf og t. d., ef gerðar eru sérstakar ráðstafanir til að bæta aðstöðu eða afkomu þessara fyrirtækja, þá sé hægt að miða við sæmilega rekin fyrirtæki, en ekki sé miðað við þau, sem hafa kannske lakasta afkomuna, eins og stundum hefur verið gert, þegar efnahagsráðstafanir hafa verið gerðar hér á landi.

Ég þakka sem sagt hæstv. ráðh. undirtektir hans og vænti þess, að slík athugun sem rætt er um í fsp. verði látin fara fram, þó að til þess þurfi eithhvert fjármagn.

Málefni geðsjúkra, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Á þskj. 32 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbrmrh.:

„Hvenær má vænta þess, að bætt verði úr brýnni þörf á auknu sjúkrahúsrými fyrir geðsjúka?"

Á undanförnum árum hefur farið vaxandi skilningur á eðli geðsjúkdóma. Mörgum hefur skilizt, að sú skoðun, sem áður fyrr var sorglega algeng, að geðsjúkdómar væru meira feimnismál eða jafnvel hneisa heldur en aðrir sjúkdómar, hefur aldrei átt sér nokkra stoð. Þessi skoðun hefur beint og óbeint valdið því, að oft hefur orðið erfiðara um framgang ýmissa mála, sem til heilla hafa horft fyrir geðsjúklinga en ef um hefði verið að ræða aðra sjúklinga. Þessi hópur manna á erfiðara um vik en aðrir að berjast sjálfur fyrir sínum hagsmunamálum.

Nú á seinni árum hefur það verið ríkjandi stefna og raunar mörkuð af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, að forðast beri að einangra geðsjúklinga frá öðru fólki. Æskilegast sé, að geðdeildir séu við almenn sjúkrahús. Um þetta eru menn sammála, að því er ég bezt veit, í öllum stjórnmálaflokkum og fjölmörgum almennum samtökum. Margar ályktanir hafa verið um þetta gerðar á síðari árum, bæði í þjóðmálasamtökum og öðrum samtökum. Nefna má t. d. samþykkt frá seinasta aðalfundi Bandalags kvenna í Reykjavík og grg. með þeirri samþykkt. Samþykkt þessi hljóðar svo í upphafi. Hún er nokkuð löng og þess vegna mun ég ekki nota þennan fsp.-tíma til að lesa hana alla, þótt hún varpi annars skýru ljósi á þann vanda, sem við er að etja:

„Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík lýsir ánægju sinni yfir því, að stækkun fæðingardeildar Landsspítalans er nú vel á veg komin og þakkar ötular framkvæmdir. Jafnframt vill bandalagið benda á næsta verkefni, sem ekki er síður knýjandi, en það er, að geðdeild verði komið á fót við Landsspítalann, en samkv. nútíma skilningi á geðheilbrigðismálum eru slíkar deildir sjálfsagðar við öll meiriháttar sjúkrahús. Aukin þjónusta við geðsjúka er eitt brýnasta heilbrigðismálið, sem biður úrlausnar, enda er það veikasti hlekkurinn í þjónustu sjúkrahúsanna á Íslandi og mestur skortur á aðstöðu vegna ónógra fjárveitinga."

Í grg. segir svo, að knýjandi nauðsyn sé að bæta úr sjúkrarúmaskorti fyrir geðsjúka; að auka fræðslu um eðli geðsjúkdóma og vandamál geðsjúkra; að vinna gegn því, að geðsjúklingar verði til frambúðar sérstaklega aðgreindir frá öðrum, og í fjórða lagi að leita eftir virkum félagslegum stuðningi almennings við að hjálpa fólki, sem hlotið hefur bata og starfsgetu eftir geðsjúkdóm, að axla að nýju byrðar þjóðfélagsins með virkri þátttöku í störfum þess. Þessari grg. með ályktuninni lýkur með þessum orðum: „Bandalag kvenna í Reykjavík telur, að því takmarki, sem í þessari till. felst, verði að ná sem allra fyrst, ef við eigum ekki áfram að teljast vanþróuð þjóð á þessu sviði." Ég geri ráð fyrir, að flestir og raunar allir hv. þm. geti tekið undir

þessi orð. Stjórnmálasamtökin ályktuðu einnig um þessi mál, og mér er þar kunnugast um heilbrigðismálaályktun Landssambands sjálfstæðiskvenna og ályktun síðasta landsfundar Sjálfstfl. um nauðsyn þess, að næsta stórátak á sviði heilbrigðismála verði að vera á sviði geðheilbrigðismála. Að þessu stefndi fyrrv. ríkisstj. Í yfirliti um sjúkrahúsbyggingar ríkisins 1065—1966 sagði, að ákveðið væri að koma fyrir sérstakri byggingu fyrir geðsjúkradeild á Landsspítalalóðinni, sem þá var verið að skipuleggja. Í fréttatilkynningu um heilbrigðismál í desember 1969 sagði, að geðdeild við Landsspítalann væri fyrirhuguð næsta byggingaframkvæmd heilbrigðisstofnana á landsspítalalóð.

Í vinstristjórnarsáttmálanum, sem nú heyrist raunar ekki oft nefndur hér í sölum var ákvæði um, að ráðin skyldi bót á ófremdarástandi í málefnum geðsjúkra. Mér virðist því mega ætla, að menn séu enn sem fyrr sammála um nauðsyn og mikilvægi þessa máls, hvar í flokki sem þeir standa. En svo bregður við, að í stefnuræðu hæstv. forsrh. heyrðist ekki orð um þetta efni, og ef flett er upp í fjárlagafrv., sem liggur hér á borðum hv. þm., er ekki að finna neina fjárveitingu til þessara mála, sem nokkuð dregur. Þrátt fyrir ýmsar bráðabirgðaúrbætur á síðari árum, og þrátt fyrir geðdeild Borgarspítalans, sem vissulega bætti ú allra sárustu neyðinni, er ástandið enn þannig, að fjöldi sjúkrarýma fyrir geðsjúklinga þarf a. m. k. að tvöfladast frá því sem nú er. Í riti um geðheilbrigðismál, sem félag læknanema gaf út í fyrra, er birt örlítil tafla um sjúkrarúmafjölda og minnstu sjúkrarúmaþörf fyrir geðsjúklinga, og þar kemur þetta mjög skýrt í ljós.

Ræðutíma mínum er lokið, svo að ekki er unnt að lesa þessa töflu, en hún sannar þessi orð mín mjög greinilega. Fyrir fullorðna geðsjúklinga er þörfin svo brýn, a. m. k. 100% fjölgun þarf á sjúkrarúmum fyrir þá. Fyrir börn þarf u. þ. b. þreföldun frá því, sem nú er, og svo má áfram telja. Hv. þm. sjá, að skorturinn á þessu sviði er geigvænlegur.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. heilbrmrh. gefi upplýsingar um það, hvernig ríkisstj. hugsar sér að bæta úr þessum brýna vanda.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., Ragnhildi Helgadóttur fyrir þau almennu sjónarmið, sem hún gerði grein fyrir í ræðu sinni hér áðan um málefni geðsjúkra. Ég er henni algerlega sammála um þau sjónarmið. Um fsp. hennar hef ég þetta að segja.

Eins og hún gat um, var það tekið fram í málefnasamningi núv. ríkisstj., að ráðin skyldi bót á ófermdarástandi í málefnum geðsjúkra. Í samræmi við það ákvæði skipaði ég 12. nóv. í fyrra nefnd til þess að annast undirbúning að byggingu geðdeildar við Landsspítalann. Formaður nefndarinnar er Tómas Helgason, prófessor í geðsjúkdómafræði við Háskóla Íslands, en hann er jafnframt yfirlæknir við sjúkrahúsið á Kleppi. Með honum starfa í n. Ásgeir Bjarnason, framkvæmdastjóri Geðverndarfélags Íslands, Guðrún Guðnadóttir, aðstoðarforstöðukona við Landsspítalann og Adda Bára Sigfúsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra. Ritari nefndarinnar er Jón Ingimarsson skrifstofustjóri. Fjárveiting til undirbúningsstarfa, að upphæð 4.5 millj., var veitt á fjárlögum þessa árs, og hafa störfin gengið mjög greiðlega. Ég sé raunar ástæðu til þess að þakka þessari n. fyrir mjög myndarlegt starf á þessu sviði.

Í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir þeirri till., sem hún hefur gert um byggingu geðdeildar við Landsspítalann, er bent á, að hér á landi vanti 210—290 sjúkrarúm fyrir geðsjúklinga og eðlilegt og hagkvæmt sé að gera ráð fyrir, að 120 þessara rúma verði í geðdeild Landsspítalans. Í geðdeildarbyggingunni þarf einnig að gera ráð fyrir göngudeild og þjónustu í þágu sjúklinga við félagsmálastofnanir og dómstóla. Jafnframt hefur n. gert ráð fyrir aðstöðu til kennslu þeirra heilbrigðisstétta, sem þurfa að fá fræðslu um geðsjúkdóma, eðli þeirra og meðferð. Heildarkostnaður við þessa byggingu er áætlaður 275 millj. kr. Byggingunni hefur verið valinn staður á norðausturhorni landsspítalalóðar, og var sú ákvörðun tekin í samráði við þá, sem vinna að heildarskipulagningu landsspítalalóðarinnar. N. leggur áherzlu á, að byggingin rísi á landsspítalalóðinni, svo að geðdeildin geti starfað í eðlilegum og nánum tengslum við aðrar deildir spítalans. Það staðarval á líka að geta rutt burtu leifum af þeirri skoðun, sem fyrirspyrjandi vék hér að áðan, að geðsjúkdómar séu fyrirbrigði, sem taka þurfi öðrum tökum en aðra sjúkdóma, þeir séu allt að því feimnismál, og bezt sé fyrir sjúklinginn að dveljast á afviknum stað. Eins og fyrirspyrjandi gat um, er þessi skoðun alls staðar á undanhaldi og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur markað þá stefnu, að geðsjúkradeildir fyrir sjúkdóma á hvaða stigi, sem er, skuli tengdar almennum sjúkrastofnunum.

Byggingarnefnd geðdeildarinnar leggur til, að byggt verði í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga er gert ráð fyrir helmingi sjúkrarúmanna og allri annarri þjónustu, sem deildin á að veita. Í síðari áfanga verði svo 60 sjúkrarúm. Fyrir liggur nú þegar útlits- og skipulagsteikning að byggingunni, og arkitektar og verkfræðingar vinna að nánari undirbúningi verksins í einstökum atriðum. Gerð hefur verið nákvæm tímaáætlun fyrir þá undirbúningsvinnu, sem eftir er, og samkvæmt henni á útboð fyrri áfanga að geta farið fram í ágúst 1973. Verklegar framkvæmdir ættu þannig að geta hafizt í september á næsta ári, en til þess að svo megi verða, þarf að veita nægilegt fé á fjárlögum. Það mál er nú í höndum okkar alþm., og vænti ég þess, að okkur sé öllum ljóst, að hér er um framkvæmd að ræða, sem allt of lengi hefur dregizt að ráðast í.

Það hefur lengi verið ljóst, að mjög hefur skort á, að geðsjúkir fengju þjónustu, sem væri sambærileg við þá þjónustu, sem aðrir sjúklingar fá. Í því sambandi vil ég vitna til þess mats Tómasar Helgasonar prófessors, að 30—50% þeirra sjúklinga, sem leiti almennra lækna, þjáist fyrst og fremst af geðrænum kvillum, og verulegur hluti annarra sjúklinga hafi jafnframt geðræn vandamál, annaðhvort samhliða líkamlegum sjúkdómum eða sem afleiðingu af

þeim. Hitt hefur e. t. v. ekki verið jafnmikið á almannavitorði, að aðstöðuleysi hefur jafnan háð svo geðlækningum, að hvorki hefur verið hægt að rækja kennslu læknastúdenta né lækningar á viðunandi hátt. Með bættri kennslu í geðlæknisfræði og samhæfingu hennar við kennslu í öðrum megingreinum læknisfræðinnar, sem eingöngu fæst með því, að kennslan fari fram á sameiginlegu sjúkrahúsi, ætti skilningur lækna á andlegum, líkamlegum og félagslegum þörfum fólksins að aukast. Þetta ætti að stuðla að því, að auðveldara ætti að vera að fá lækna til að gegna heimilislæknastörfum og héraðslæknastörfum í framtíðinni. Það hlýtur að vera meginmarkmið lækniskennslu á Íslandi að reyna að sjá Íslendingum fyrir góðri læknisþjónustu, hvar á landinu sem þeir búa. Því er nauðsynlegt að koma nú þegar upp geðdeild við Landsspítalann, en það er sú deild, sem enn vantar við Landsspítalann, til þess að þar sé hægt að veita þjónustu og kennslu í helztu greinum læknisfræðinnar.

Auk þessa stórverkefnis, sem ég hef nú rætt um, hefur verið unnið að umbótum á málefnum geðsjúkra með eftirtöldum aðgerðum:

Verið er að taka í notkun húsið að Laugarásvegi 71, þar sem verða munu 17 sjúklingar. Einnig er verið að taka í notkun 1. hæð hússins að Hátúni 10, sem ríkisspítalarnir hafa tekið á leigu af Öryrkjabandalagi Íslands, en þar munu rúmast 14 sjúklingar. Búið er að ganga frá samningi um leigu á 1. hæð hússins að Hátúni 10 A, þar sem einnig munu rúmast 14 sjúklingar, og verður sú hæð væntanlega tekin í notkun næsta vor. Með þessu móti verður hægt að tæma gamla spítalann á Kleppi, sem fyrir löngu er orðinn ónothæfur sem íveruhús, hvað þá sem sjúkrahús og hefur raunar lengi verið blettur á heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga. Á þessu ári hefur verið tekið í notkun bráðabirgðahús, sem byggt hefur verið á Kleppi yfir lækningastofur, göngudeild, rannsóknarstofur og vegna kennslu starfsfólks. Alla þessa aðstöðu vantaði áður á spítalann. En sérstaklega var þagalegt aðstöðuleysi lækningastofa og göngudeildar, þar sem yfir 6000 viðtöl fara fram árlega. Með tilkomu þessa bráðabirgðahúss hefur nýting göngudeildarinnar aukizt og aðstaða til meðferðar batnað til verulegra muna. Þessi aðstaða verður að teljast forsenda þess, að hægt sé að reka Kleppsspítalann enn í nokkur ár. Hér má og geta þess, að aðkoma að spítalanum hefur verið stórbætt. Læknum og öðru starfsfólki hefur fjölgað nokkuð, en ekki alveg í samræmi við áætlun, sem lögð var fyrir fjvn. á síðasta Alþingi, þar sem þingið ákvað að fresta nokkuð framkvæmd áætlunarinnar til ársins 1973. Þá hefur og verið komið upp til bráðabirgða fleiri verkstæðum til iðjuþjálfunar.

Ætlunin er að fjölga starfsfólki við Kleppsspítalann í samræmi við ofangreinda áætlun á árunum 1972 og 1973, til að ná þeim fjölda, sem nauðsynlegur er. Jafnframt þarf enn að framkvæma ýmsar frekari lagfæringar á húsakosti spítalans, en þrátt fyrir það, sem gert hefur verið og áætlað er að gera við Kleppsspítalann, vantar mikið til þess, að ráðin verði bót á hinum mikla sjúkrahússkorti geðsjúkra og til þess að gera kennslu heilbrigðisstétta í geðlæknisfræði og skyldum greinum nægilega góða.

Þessi atriði, sem ég hef nefnt nú í síðari hluta ræðunnar, eru þannig aðeins brot og brotabrot af mjög stórum og alvarlegum vanda og þar er langmikilvægasta verkefnið, sem ég vék að í upphafi, að hefja byggingu geðdeildar við Landsspítalann. Þar er að mínu mati um að ræða eitt mikilvægasta framtak, sem við getum nú unnið í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Fspj. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar, sem fram komu í ræðu hans. Ég verð að lýsa gleði minni yfir þeim orðum, sem hann sagði í upphafi um það, að hann væri hjartanlega sammála þeim almennu sjónarmiðum, sem fram komu í ræðu minni. Um nógu margt greinir okkur á, þó að staðið sé saman um jafnaugljóst nauðsynjamál og hér er um að ræða. Ég saknaði þess nokkuð, að hæstv. ráðherra gerði nægilega grein fyrir, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa verið sammála um að leggja til þessara mála verulegri fjárveitingar í fjárlagafrv., en raun ber vitni. Þetta mál er nú vissulega í höndum Alþingis, og ég efast ekki um velvilja allra hv. alþm. til þess, en við vitum öll af margra ára reynslu, að mesta þýðingu hefur í þessu sem öðrum fjárveitingum, að ríkisstj. skapi einnig þrýsting til þess að sú fjárveiting, sem vantar, fáist. Hæstv. heilbrmrh. hefur ýmsu til leiðar komið gagnvart meðráðherrum sínum, sem e. t. v. er ekki alveg eins einsýnt, að nauðsynlegt sé að gera og þetta. Ég treysti því, að hann af sinni málafylgju beiti sér nú innan ríkisstj. og sannfæri meðráðherra sína um nauðsyn þess að þoka þessu máli áleiðis. Ég efast ekki um, að stuðningur annarra hv. alþm. er auðfenginn. Ég lýsi stuðningi yfir fyrir mína hönd og geri ráð fyrir, að flestir séu þess sinnis einnig, að ekki muni á stuðningi standa við að samþykkja fjárveitingar, sem þarf til þess, að þetta mál verði leyst og framkvæmdir verði hafnar svo fljótt sem verða má, þ. e. a. s. á næsta ári.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af þeirri athugasemd hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, hvers vegna tiltekin fjárveiting til þessa máls sé ekki á fjárlögum þessa árs. Það var ekki af því, að ríkisstj. hafi á neinn hátt fallið frá þeirri stefnu, sem hún markaði í málefnasamningi sínum. Það er alger samstaða innan ríkisstj. um það, að þetta verk skuli framkvæmt. Hins vegar komu fram nokkrar efasemdir um það, hvort þær áætlanir stæðust, sem ég gerði grein fyrir áðan, að hægt yrði að ráðast í framkvæmdir í september næsta ár. Þess vegna óskuðu menn eftir því, að það yrði skoðað nokkru nánar í samráði við Alþingi. Ég er sannfærður um, að þessar áætlanir geti vel staðizt, og ég hygg, að fjárveitinganefnd

muni komast að sömu niðurstöðu, þegar hún fer að athuga þetta mál. Hins vegar þurfum við öll að taka höndum saman um að reyna að tryggja, að þetta mál leysist innan þess ramma, sem fjárlagafrv. verður að hafa. Ég hlustaði á það í gær hjá hv. aðalmálsvara Sjálfstfl., að hann teldi, að núv. ríkisstj. væri sízt þess sinnis að draga úr framkvæmdum og þar væri frekar ofgert en vangert. Vafalaust höfum við allir ýmsar áhyggjur af þessu tagi. Hins vegar vona ég, að slíkar áhyggjur verði ekki til þess, að þessi fjárveiting verði ekki á fjárl. fyrir næsta ár. Það felst ekki í því nein breyting á afstöðu ríkisstj., að þetta er ekki í frv. eins og það var lagt fram í upphafi. Það verður fjallað um þetta mál í meðförum þingsins, og ég vænti þess, að um það takist sem bezt samstaða.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég hef nokkuð gaman af því að heyra, þegar hv. alþm. tala eins og hv. 12. þm. Reykv. talaði hér áðan. Það er svo með fjárveitingar, að allar greiðslur úr ríkissjóði eru góðar, þegar þær eru metnar einar út af fyrir sig. En þegar farið er að leggja saman, geta þær orðið anzi slæmar, því að þá þarf að afla tekna á móti.

Um þetta mál vil ég segja það, að því hefur verið sinnt verulega, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, og ég hef mikla ánægju af því að sinna þessu þarfa máli og mun leggja mig fram til þess, þó að ég gefi engin loforð um, hvað hægt verður að gera varðandi fjárveitingu að þessu sinni. Það verður að meta út frá öðru. En ég treysti því, að þessi ríkisstj. beri gæfu til að ýta svo góðu máli sem þessu áfram.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 24. okt., að loknum 6. fundi.

Kosningar til Alþingis, þáltill. (þskj. 8). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lánsfé til hitaveituframkvæmda, þáltill. (þskj. 9). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfshættir skóla, þáltill. (þskj. 11). — — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkeppnisaðstaða skipasmíðaiðnaðar, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vistheimili fyrir vangefna, þáltill. (þskj. 20). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kennsla í fjölmiðlun, þáltill. (þskj. 28). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Að lokinni framsöguræðu hæstv. fjmrh. í gær fóru hér fram almennar umr. um efnahags- og fjármál á breiðum grundvelli, eins og skiljanlegt er, þegar fjárlagafrv. er lagt fram. Ræðumenn sneiddu meira eða minna hjá því að víkja að einstökum liðum í þessu fjárlagafrv., enda þótt full ástæða væri til að fara náið í það.

Venjulega gerir maður ráð fyrir því, að í fjárlagafrv. séu ígrundaðar og vel athugaðar till. hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma og það megi ganga út frá því, að þetta frv. sé svo úr garði gert, að það lýsi í einstökum atriðum, hver vilji viðkomandi yfirvalda sé um fjárveitingar til einstakra mála. En nú bregður svo við, að þegar minnzt er á einstök mál í þessu fjárlagafrv., þá kemur fram, að ýmist hefur láðst að setja þau inn í frv. ellegar rn. er ekki kunnugt um, hvar eigi að setja fjárveitingarnar inn í það eða þá að upplýst er, að hæstv. ríkisstj. hafi góðan hug til þess að breyta frv. Þannig vitna ég til frétta um það, sem snertir aðstoð við vanþróuðu þjóðirnar. Á það var bent, að ekki væri gert ráð fyrir fjárveitingu til þessa liðs, eins og í síðustu fjárl., — og reyndar þar á undan. Þegar á þetta var bent, kom yfirlýsing frá rn. um það, að þeim hefði ekki verið ljóst, hvar fjárveitingin skyldi sett inn í frv., og því hefði það alls ekki verið gert, en beiðni send beint til fjvn., og gengur rn. út frá því, að úr þessu verði bætt í meðförum, og er ekkert nema gott eitt um það að segja í sjálfu sér. Í öðru lagi er minnzt á hér í dag í síðasta máli, að enda þótt fjárveitingar til þess máls, sem þar var fitjað upp á, séu ekki fyrir hendi í frv., þá standi ekki annað til en góður hugur hæstv. ríkisstj. til þess að ráða bót á því í meðförum Alþingis, og því er ekki gott við þetta að eiga, þegar menn fara að rýna ofan í einstaka liði.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í almennum umr. um fjárlagafrv., en vildi gera hér eitt mál að umtalsefni, sem ég tel af ýmsum ástæðum, að eigi sérstakt erindi inn í þessar umr. Þar á ég við fjárveitingar til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Afstaða og afgreiðsla hæstv. ríkisstj. á því máli er e. t. v. táknrænt dæmi um það, hve stjórnin og stjórnarsinnar eru sjálfum sér samkvæmir, hversu tvískinnungur þeirra er óskammfeilinn og hversu þeim raunverulega er annt um þær félagslegu umbætur, sem þeir sífellt telja sér til ágætist. Stuðningur við námsmenn verður vissulega að teljast menningarlegt og félagslegt viðfangsefni, bæði vegna þeirrar kröfu nútímans, að sem flestir afli sér menntunar og fræðslu, sem á annað borð hafa hug og getu til og eins vegna hins, að í seinni tíð gerast æ háværari og þjóðfélagslegri kröfur um, að fullt jafnrétti ríki á þessu sviði, svo námsmönnum

eða fólki almennt sé kleift að stunda nám, og þá langskólanám, án tillits til efnahags eða fjárhagsástæðna. Aukin námslán voru tekin upp sem heilagt baráttumál og veigamikill þáttur í stjórnarandstöðu núv. stjórnarflokka, og var reyndar aldrei legið á þeim áróðri, að viðreisnarstjórnin væri námsmönnum andvíg í kröfugerð þeirra fyrir auknum námslánum. Látum það nú vera. Þó fór svo að lokum, að fráfarandi ríkisstj. samþykkti í öllum atriðum áætlanir stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna um fjárveitingar til námsmanna, og skyldu þær koma til framkvæmda í áföngum að fullu á fjárlagaárinu 1974—1975. Þessari ákvörðun þáv. ríkisstj. fögnuðu námsmenn mjög, enda fylgdi þáv. ríkisstj. þessari ákvörðun sinni eftir, með því að fylgja áætluninni að öllu leyti í fjárlagagerð fyrir árið 1971. Á því þingi gripu þáverandi stjórnarandstæðingar undir forustu núv. hæstv. iðnrh. til þess örþrifaráðs að bera fram till. þess efnis, að áætlunin yrði lögfest, svo að ekki færi á milli mála, að henni yrði fylgt. Væntanlega vildu þeir með þessu sýna áhuga sinn og stuðning í verki, og skal ekki efast um heilindi þeirra í þeim efnum.

Þegar fyrsta fjárlagafrv. þessarar ríkisstj. var lagt fram hér í fyrrahaust, brá hins vegar svo við, að þar voru settar inn tölur og fjárveitingar, sem þýddu stórskerðingu á áætlun Lánasjóðsins. Í því frv. vantaði upp á um 90 millj. kr. til þess að það mætti áætlun Lánasjóðsins. Þetta mál olli á sínum tíma miklu fjaðrafoki og ef ekki reiði, þá mikilli undrun a. m. k. í röðum námsmanna, sem sízt áttu von á þessum viðbrögðum hjá þeim mönnun, sem svo mjög höfðu haldið kröfum þeirra á lofti. Ekki varð hjá því komizt, á þeim tíma, að fá frekari og afdráttarlausari upplýsingar um afstöðu ríkisstj. til þessa máls. Vegna þingskapa þá var slíkt ekki unnt við fjárlagaumr. á síðasta þingi, og því leyfði ég mér að spyrjast fyrir um málið utan dagskrár í Sameinuðu þingi. Skal ekki getum að því leitt, hvort það var hin mikla óánægja og úlfúð, sem fjárlagafrv. vakti í röðum námsmanna eða sú skýring, sem ráðh. gaf, að till. hefðu ekki borizt í tæka tíð, — hvor ástæðan var veit ég ekki, — en hitt er víst, að ráðh. gaf í þessari umr., og sem svar við minni fsp., yfirlýsingu þess efnis, að aldrei hefði annað staðið til en taka fullt tillit til þessarar áætlunar. Eitt er víst, að þessu svari hæstv. ráðh. var mjög fagnað, enda urðu efndir í fullu samræmi við þær yfirlýsingar. Þess má geta að auki, að hæstv. menntmrh. sá við þessa umr. ástæðu til þess að undirstrika sérstaklega, að vilji hans hefði aldrei staðið til annars, en farið yrði eftir áætluninni, aldrei hefði annað komið til greina.

Nú hefur vinstri stjórnin lagt fram fjárlagafrv. sitt í annað sinn og þá gerist hið óvænta, — ég vil segja furðulega, — að aftur er stórlega vikið frá áætlun stjórnar Lánasjóðsins. Áætlun Lánasjóðsins gerði ráð fyrir því, að veitt yrði um 493 millj. kr. til sjóðsins, en samkv. þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 273 millj. kr. Að vísu hefur ráðh. nú við umr. lýst því yfir, að tekið verði tillit til innlendra verðhækkana, sem breyti þessari tölu til hækkunar, og er það ánægjuleg yfirlýsing, en hins vegar hefur ekki verið borin fram sú afsökun, sem gerð var hér í fyrra, að áætlun hefði ekki legið fyrir í tæka tíð. (*Fjmrh.:* Þetta lá nú fyrir.) Þetta lá nú fyrir, segir hæstv. ráðh. Það er gott að fá upplýsingar um það. Ég vildi segja í framhaldi af því, að hann hefur þó borið það fyrir sig í þessum umr., að þar sem tölum Lánasjóðsins, sem þá lágu fyrir í svona tæka tíð, annars vegar og tölum, að mér skilst, hagsýslunnar hins vegar ber ekki saman, sé áætlunin ekki tekin inn, eins og Lánasjóðurinn lagði til. Nú mætti að vísu spyrja, hvers vegna voru tölur áætlunarinnar ekki teknar inn í frv. úr því að þarna var ágreiningur um, þar var um hærri tölur að ræða og gott að hafa vaðið fyrir neðan sig. Einnig mætti spyrja, hvers vegna var þá ekki tekið fram í aths. eða þess getið, að þessi mismunur væri og hvað til stæði, ef og þegar rétt niðurstaða fengist. Að þessu hvoru tveggja mætti spyrja, ef óljóst væri hvort ríkisstj. hygðist fylgja áætlun Lánasjóðsis, eins og fullyrt var, að gert yrði, þegar málið bar á góma í fyrra.

En það er bara alls ekki óljóst, því að það vita allir, sem vilja vita og verður ekki annað skilið, en þetta fjárlagafrv. feli það í sér, að ríkisstj. hyggist falla frá áætlun Lánasjóðsins, falla frá þeirri stefnumörkun, sem námsmenn hafa lagt fram, fráfarandi ríkistj. samþ. og ráðh. sjálfir hafa þótzt vilja styðja. Það er ekki af tilviljun eða misskilningi, sem nú rignir yfir ríkisstj. mótmælum frá samtökum námsmanna, bæði hér heima og erlendis, við þessar till.

Þessi stefnubreyting, sem ég tel, að komi fram í þessu fjárlagafrv., kemur fram, þegar ég skýri í örfáum orðum, hvernig áætlun stjórnar Lánasjóðsins er hagað. Í stórum dráttum er gert ráð fyrir því, að reikna verði með fjölgun námsmanna frá ári til árs, aukinni útfærslu af lánakjörum vegna fleiri aðila, sem fá lán, gera ráð fyrir verðlagsbreytingum, bæði hérlendis og erlendis og breytingum á reglugerðum. En síðast og ekki sízt verður að gera ráð fyrir því, að aukning verði á námsaðstöðunni, þ. e. a. s. sá áfangi, sem stiga á frá ári til árs, verði stiginn milli fjárl. Gert var ráð fyrir því, að námsmenn fengju greidda umframfjárþörf sína allt upp í 100% samkv. þessari áætlun fram til ársins 1974—1975, þ. e. a. s. fjárlagaársins, og næðist þá þessi 100% umframfjárþörf á því ári. Nú mun umframfjárþörfin hafa verið komin upp í u. þ. b. 77% og var þá gert ráð fyrir því samkv. áætluninni, að hún hækkaði núna á árinu 1973 upp í u. þ. b. 88%, ég hef nú fyrirvara á þessum tölum, en þær eru nærri lagi. En þá má sjá, að þetta síðasta atriði, þ. e. a. s. skrefin um aukningu á námsaðstoð, er það, sem skiptir meginmáli, er prinsipatriðið í þessari áætlun. En það vill svo til, að einmitt þetta atriði er fellt niður úr frv. og tillögugerð hæstv. ríktissj. Þess vegna segi ég, að hún hafi brugðið frá þeirri stefnumótun og því stefnu-

marki, sem að var miðað með áætluninni og fyrri stjórnvöld höfðu samþykkt.

Í aths. með fjárlagafrv. er þess getið, þegar raktar eru fjárveitingatill. til Lánasjóðsins, að tekið sé tillit til áætlunar sjóðsstjórnar um aukna útgjaldaþörf vegna fjölgunar lántakenda og styrkþega, úrfærslu lánakerfis, en við bætast nemendur Stýrimannaskólans, Vélskólans o. fl. og auk þess er tekið tillit til þeirra gengishækkana erlendra gjaldmiðla, sem orðið hafa að undanförnu. Þetta eru engin tíðindi. Þetta er alveg í fullu samræmi við þá áætlun, sem lá fyrir og gengið hefur verið út frá. Hæstv. ráðh. hefur í þessum umr. upplýst, eins og ég hef vikið að áður, að enn fremur verði tekið tillit til verðlagsbreytinga innanlands. Þetta eru heldur engin ný tíðindi og í fullu samræmi við áætlunina. *Hins vegar mætti spyrja í því sambandi*, við hvað sé miðað, þegar reiknaðar eru út innlendar verðlagsbreytingar, hvernig verði reiknað með tekjuöflun hjá námsmönnum. Þetta er meira og minna óljóst, en látum það nú vera. En það, sem hæstv. ráðh. hefur ekki minnzt á og ekki er heldur minnzt á í fjárlagafrv., er það, sem mestu máli skiptir, þ. e. a. s. aukning á námsaðstoð, hin hlutfallslega hækkun, sem koma á í áföngum á umframfjárþörf námsmanna. Hún mun samkv. áætlun Lánasjóðsins nema u. þ. b. 48 *millj.* á þessu ári. Hirði ég þá ekki að rekja um ýmsar smærri fjárveitingar, sem ekki eru teknar inn, — að mér sýnist, — í þetta frv.

Ég get ekki dregið aðrar ályktanir, — og er reyndar ekki einn um að draga þær ályktanir, — en að ríkisstj. hafi hafnað þessari stefnumörkun, eins og áður er getið, virt að vettugi það samkomulag, sem gert var í tíð fyrri stjórnar og hlaupizt frá þeirri áætlun, sem m. a. hæstv. núv. iðnrh. vildi beinlínis lögfesta fyrir aðeins tveimur árum síðan. Þetta er áætlunin og málið, sem hæstv. menntmrh. sagði hér í fyrra, að yrði að sjálfsögðu fylgt af þessari ríkisstj. Ef þetta eru rangar ályktanir hjá mér, þá bið ég hæstv. ráðh. um að leiðrétta mig, en annað verður ekki ályktað af málinu, eins og það liggur fyrir núna og ég hef rakið.

Nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að endurskoða skuli þessi mál. Ef endurskoðun er nú fram undan, þá hefði nú verið karlmannlegra og heiðarlegra af ríkisstj. að hnika ekki frá þeirri áætlun, sem liggur fyrir, fyrr en að þessari endurskoðun lokinni. Það hefðu nú verið rökrétt vinnubrögð. En hitt vil ég benda á og minna á, að það eru engin ný tíðindi, að þetta skuli endurskoðað. Stjórn Lánasjóðsins lagði það beinlínis *til*, þegar frv. *til breytingar á lögum* varðandi Stýrimannaskólann og Vélskólann lá fyrir á síðasta þingi, að þessi endurskoðun færi fram og sú till. Lánasjóðsins var tekin til greina í þeim lögum, vegna þess að aftan við lögin, sem endanlega voru samþ. um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenzkra námsmanna, var hnýtt ákvæði til bráðabirgða, sem ég vil leyfa mér að lesa. En þar segir:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstöðu, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972."

Þarna stendur það svart á hvítu samkv. l., sem þetta þing samþykkti hér í fyrra, að ráðh. skyldi beita sér fyrir þessari endurskoðun og þeirri endurskoðun skyldi lokið, áður en þetta þing hæfist. Nú hefur hins vegar hæstv. fjmrh. upplýst í þessum umr., að þessi endurskoðun standi fyrir dyrum, og ég get ekki skilið það öðruvísi en svo, að hæstv. menntmrh. hafi ekki komið þessu í verk — eða hvað líður þessari endurskoðun? Er búið að skipa þessa n.? Hvernig á hún að skipast? Hvernig er hagsmunum námsmanna hagað í þessari nefndarskipun? Það mætti líka beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., sem því miður er ekki viðstaddur þessa umr., — sýnir henni viðeigandi virðingu, — *það mætti spyrja hann um það*, hvað lántökum til að mæta fjárþörf Lánasjóðsins líði. Nú þegar þetta er mælt í dag, hefur dregizt að hefja lánveitingar um óeðlilegan tíma, vegna þess að sjóðurinn stendur í óvissu um fjárv. og fjárm.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vildi ekki fjalla um þetta fjárlagafrv. að öðru leyti en því að víkja að þessu máli, taldi það eiga sérstakt erindi hér inn í þessa umr. Máske finnst ráðh. ekki mikið til þessa máls koma, það sé létt hlass að losa 50 *millj. af 20 milljarða fjárlagafrv.* Það kann að vera, að það vegi ekki þungt, þegar allt dæmið er skoðað og skipti ekki sköpum í fjárlagagerðinni. En ef það skiptir ekki sköpum, þá skiptir heldur ekki svo miklu máli, þó að þessar 50 millj., — eða hvað það nú er, — séu teknar inn, og væri það nú karlmannlegast, eins og málum er háttað. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að þessi meðferð á málinu, miðað við þær ályktanir, sem ég hef dregið, sé talandi tákn um þau vinnubrögð, sem ríkisstj. viðhefur, og þann hug, sem stjórn vinstri flokkanna ber til námsmanna og þeirra hagsmuna. Nú verður ekki skotið sér á bak við afsakanir og betri vilja, og hefur það sannazt, hverjir séu fyrst skornir niður við trog, þegar veizluhöldunum linnir. Kannske verður þetta mál bezta dæmið um þau yfirboð og lýðskrum, sem viðhöfð hafa verið af þeim stjórnmálamönnum, sem nú sitja í valdastólum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna eftir megni að lengja ekki þessar umr., en í ræðu hæst. fjmrh., sem hann flutti hér síðla kvölds í gær, komu fram allmörg atriði, sem eru þess eðlis, að ég sé mér ekki annað fært en víkja að þeim nokkrum orðum. Það voru atriði, sem hann sérstaklega gerði aths. við í minni ræðu, og ekki sízt af því að sumt af því, sem hann sagði, eða hvernig hann lagði út af minni ræðu, var byggt á töluverðum misskilningi.

En áður en ég vík að þessu, þá þykir mér rétt að vekja athygli á því, sem ég býst við, að fleiri hafi tekið eftir en ég, að síðan í gærkvöld, þ. e. a. s. síðan fyrir fréttir í gærkvöld, hefur gerzt mjög merkilegt atvik, sem ég vænti, að hafi ekki farið framhjá hæstv. fjmrh. Í ræðu hans nú,

eins og reyndar kemur fram í fjárlagafrv., er það niðurstaðan, að ekki sé enn vitað um nein úrræði til þess að leysa efnahagsvandamálin, eins og þau blasa við, og sérstök sérfræðinganefnd fjalli nú um þau mál og með eftirvæntingu sé beðið tillagna hennar. Nú gerðist það hins vegar í gærkvöld, að þrautin virðist hafa verið unnin um þessa síðustu helgi, að ég hygg, í herbúðum eins stjórnarflokksins, þ. e. a. s. Alþb., vegna þess að formaður þess flokks kom fram í sjónvarpi og aðspurður af fréttamanni flutti hann þau dýrðartíðindi, sem ég veit, að munu hljóma sem sætur bjöllu-hljómur í eyrum hæstv. fjmrh., að það væri enginn vandi að leysa efnahagsmálin. Það væru til nógir peningar. Það væru nógar gróðaholur í þjóðfélaginu, sem hægt væri að finna alveg nægilegt fé, til þess að hæstv. fjmrh. gæti leyst allan efnahagsvanda, án þess að það kæmi við hinn almenna borgara.

Þetta er nú ekki lítil uppgötvun. Og mér finnst nú ekki mikill samgangur á milli stjórnarherbúðanna, ef þessu hefur verið leynt svona vandlega fyrir hæstv. fjmrh. og jafnvel fleiri ráðh., að þarna væri enginn vandi á ferðum. Var þá nokkur ástæða til þess að skipa n.? Eða veit e. t. v. þessi hv. flokksformaður ekki svo gerla um holurnar? Það má að vísu kannske gera ráð fyrir, að það sé reyndin, því að þegar fréttamaðurinn spurði hann, hvar þessar holur væru, þá vildi hann ekki úttala sig neitt um það, sagði, að þetta vissu raunar allir. En hann vildi ekki vera að upplýsa neitt sérstaklega á þessu stigi um það, hvar þær væru. Þetta er náttúrlega dýrkeypt þögn, en ég vænti þess, eins og ég áðan sagði, að þetta hafi ekki farið framhjá hæstv. fjmrh. og hafi glatt hans hug, ef hér er auðið að leysa allan þennan vanda með einhverjum fjársjóðum, sem einhvers staðar liggja huldir. Kannske menn séu farnir að treysta á, að það sé hægt að grafa upp gullkistur einhvers staðar, sem bjargi þessu við, en það er öllu verra, ef þetta eru svo miklir huldufjársjóðir, að það má ekki segja til þeirra. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég geti gert kröfu til þess, að hv. formaður Alþb. upplýsi mig sérstaklega um það eða okkur hér, en ég vænti þess, að hann létti áhyggjum af hæstv. fjmrh. og upplýsi hann um, hvar þessir fjársjóðir eru, sem hægt er að taka, án þess að það komi á nokkurn hátt við almenning í landinu.

Þá voru aðeins ýmis atriði, sem ég vildi segja fáein orð um í ræðu hæstv. ráðh. Hann vék að bremsunefndinni og kvaðst ekki vita, hvort hún hefði starfað í tíð fyrrv. ríkisstj., af því að í henni hefði þá átt sæti einn ráðh. Ég veit ekki betur, en hún hafi starfað þá alveg með eðlilegum hætti, og ég veit ekki, hvort það hefur út af fyrir sig spillt störfum hennar, þó að í henni ætti sæti ráðh. Hversu eðlilegt það er, það er önnur saga, en eins og n. er skipuð, þá er einn tilnefndur sem fulltrúi fjvn. Alþ., ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og einn er fulltrúi tilnefndur af ríkisstj., og þessi ráðh. hafði verið tilnefndur af ríkisstj., áður en hann varð ráðh. sjálfur. Á því urðu ekki breytingar, og hef ég ekkert frekar um það að segja, en ég veit ekki betur en að n. starfaði eftir sem áður, eða a. m. k. var ætlazt til þess. Hæstv. ráðh. var mjög hryggur yfir því og kvað sig hafa undrað það, að ég hefði fullyrt, ranglega, að fjárlög hefðu hækkað um 50% milli áranna 1971 og 1972, og kann ég vissulega vel að meta það, að honum fannst það mjög ótrúlegt, að ég skyldi fara að fara með ósannindi. Sannast sagna get ég ekki séð, ekki heldur eftir langar útskýringar hæstv. ráðh., að ég hafi á nokkurn hátt farið með ósannindi í þessu efni. Ef við tökum fjárl. sjálf, eins og þau blasa við okkur, þau hækka um 50% milli þessa ára. Hæstv. ráðh. tíundaði ýmsa liði, sem höfðu farið fram úr fjárl. 1971 og valdið því, að fjárl. hækkuðu. Og sagði, að vitanlega hefði mér verið skylt að hafa þetta til hliðsjónar, þegar ég hefði sagt þessi orð. Þetta get ég ekki fallizt á af tveimur ástæðum. Í fyrra tilfellinu vegna þess, að ekkert var nú vitað um, hverjar þessar niðurstöður væru fyrr en nú, þegar grg. er gerð um fjárlagafrv. eða ríkisreikninginn 1971 og niðurstöður hans, sem lagðar voru á borð okkar þm. nú samtímis því, að hæstv. ráðh. flutti sína ræðu. Þó að ríkisreikningurinn væri að vísu kominn nokkru áður, þá er erfitt að vinna úr honum slíkar tölur. En þetta skiptir þó ekki öllu máli. Staðreyndin er sú, að fjárl. fara alltaf fram úr áætlun og hann upplýsti sjálfur, að það væri þegar vitað, að fjárlög ársins 1972 færu einnig verulega fram úr áætlun. Þannig að það er langt frá því, að öll kurl séu til grafar komin, svo að það er algerlega útilokað að byggja ályktanir eða áætlanir um hækkun fjárl. milli þessara tveggja ára á öðru en niðurstöðum fjárl. fyrir hvort ár fyrir sig, svo sem þær niðurstöður liggja fyrir, og þar er um 50% hækkun að ræða. Þessi mynd verður ekki endanlega séð, fyrr en ríkisreikningurinn fyrir 1972 hefur verið gerður upp, og þá kann að vera, að niðurstöðutölur ríkisreiknings fyrir þessi ár verði ekki að fullu 50% mismunur. Það veit ég ekkert um. Það veit hæstv. ráðh. heldur ekkert um, þannig að við annað er ekki að miða heldur en það, sem ég sagði, og sem er staðreynd. Ég vil taka það fram, að því að mér skildist á hæstv. ráðh. í gær, að hann teldi, að ég hefði verið að draga í efa útreikninga hans og tölur. Því fer víðs fjarri. Ég leyfi mér ekki að álíta, að ráðh. hafi farið með annað en þær tölur, sem hann taldi sannastar og réttastar, en ég leyfi mér að halda því fram, að allur þessi óskaplegi prósentuútreikningur hefði takmarkað gildi, og sýndi okkur alls ekki ætíð rétta mynd, vegna þess að það er vitanlega svo, að það verður í mörgum tilfellum að miða þær við upphæðir. Það er auðvitað mikill munur á því, hvort upphæð hækkar úr 1 milljarði í 2 milljarða eða úr 10 milljörðum í 20 milljarða. Að segja, að það sé sama hækkunin, má segja, að standist, ef við tölum um prósentutölur, en að halda því fram, að þarna sé í rauninni enginn munur á, því fer auðvitað víðs fjarri og það veit ég, að hæstv. ráðh. leyfir sér ekki að halda fram.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ef ekki hefðu verið ýmsir duldir pyttir, sem urðu fyrir fótum hans á árinu 1971, hefði verið hægur vandi

að standa undir þeim hækkunum, sem hann ákvað á útgjöldum ríkissjóðs það ár, og ég vék að í mínu máli í gær, og voru um 650 millj. kr. En miðað við þá reynslu, sem hæstv. ráðh. hefur af langri kynningu sinni af ríkisbúskap og útgjaldamálum ríkissjóðs, þá furðar mig mjög á því, að hann skyldi ekki kynna sér það, hvaða sennilegur útgjaldaauki væri umfram fjárlög á árinu 1971, áður en hann tók þetta heljarstökk. Sannleikurinn er sá, að ef heljarstökkið hefði ekki verið tekið, þá hefði afkoma ríkissjóðs 1971 verið jákvæð, sem var auðvitað höfuðnauðsyn, að yrði og þær hækkanir, sem hann vék hér að í ræðu sinni í gær og taldi að hefðu verið arfur, sem hann hefði fengið, þær átti hann margar hverjar að geta vitað um mjög fjóltlega eftir að hann tók við völdum, t. d. það launaskrið, sem var umfram þær fjárhæðir, sem var gert ráð fyrir í fjárl. ársins að mundu nægja til að greiða launahækkanir opinberra starfsmanna. Þetta var þegar vitað um mitt ár, þannig að það var hæstv. ráðh. ekki ókunnugt, þegar hann ákvað þessi viðbótarútgjöld, sem núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. núv. fjmrh. ákvað á árinu 1971 án nokkurrar tekjuöflunar á móti, þá hefði þrátt fyrir ýmsan aukatilkostnað á því ári, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárl. verið auðið að afgreiða fjárlög með greiðsluafgangi.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði ýtt á undan sér ýmsum vanda, og taldi, að það gæti ekki verið tilviljun, að ýmis útgjöld hefðu átt að taka gildi á árinu 1972, sem hefði verið lögfest á árinu 1971. Það er út af fyrir sig rétt, að það er engin tilviljun t. d. með tryggingabæturnar, að það var ekki gert ráð fyrir, að þær tækju gildi fyrr en í ársbyrjun 1972, vegna þess að það var ekki gert ráð fyrir fjáröflun til þeirra í fjárlagafrv., sem hafði verið gengið frá, áður en þetta mál var endanlega afgreitt frá Alþ. í ársbyrjun 1971. Og það var þess vegna ekkert að undra, þó að ekki hefði verið mögulegt að láta þær taka gildi fyrr. Og ég held, að þetta sé nú eina veigamikla fjárhæðin, sem gert var ráð fyrir, að ætti að taka gildi fyrst á árinu 1972, og auðvitað lögin um landnámið, þau tóku ekki gildi fyrr, og þar er alveg sömu sögu að segja. Þau voru sett, eftir að fjárlög voru afgreidd, og var ekki um neina verulega fjárhæð að ræða, sem neinu hefði numið, þannig, að ég er ósköp hræddur um, að þarna hafi ekki gerzt neinar sérstakar nýjungar, heldur er þetta mjög algengt á Alþ. og eðlilegt, að lög, sem samþykkt eru eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, gera ráð fyrir því, að gildistakan verði ekki fyrr en um næstu áramót þar á eftir. Raunverulega er það hið eina, sem er ábyrgt í slíkri afstöðu, ef ekki fer samtímis fram tekjuöflun. Og mér sýnist nú eftir því, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram, að þetta hafi nú ekki verið ákaflega geigvænlegt, úr því hún meira að segja gekk skrefi lengra en fyrrv. ríkisstj., þar sem hún lét þessi útgjöld öll taka gildi á miðju ári 1971, þó að engar tekjur væru fyrir hendi, þannig að það hefði ekki átt að vera mikil þrekraun að taka þetta á ríkissjóðinn 1972, þegar hægt var þó að hafa svigrúm til að afla tekna með eðlilegum hætti.

Þá fann hæstv. ráðh. að því, að það hefði ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum vegna verðstöðvunarinnar eftir 1. sept. til áramóta. Hvernig átti að gera ráð fyrir þeim útgjöldum, þegar ekki var gert ráð fyrir, að verðstöðvunin gilti nema til 1. sept? Hins vegar kemur það einnig í ljós svo sem ég gat um í ræðu minni í gær, að það hefði verið auðið án greiðsluhalla hjá ríkissjóði, að standa undir verðstöðvunarútgjöldum til ársloka 1972, enda var það eitt af verkum hæstv. núv. ríkisstj. að framlengja verðstöðvunina án nokkurrar nýrrar tekjuöflunar einmitt til ársloka 1972, þannig að ég skil ekki, af hverju hæstv. ráðh. er að tíunda þessa liði, þar sem hann beinlínis hefur hegðað sér með allt öðrum hætti heldur en orð hans benda til. Ég er raunar ekkert að víta það, en ég skil ekki af hverju hann er þá að kvarta yfir því, að þetta skuli hafa verið með þeim hætti, sem hann gat um.

Út í verðstöðvunina skal ég ekki fara, ég skildi að vísu ekki fullkomulega þau ummæli hæstv. ráðherra, að það hefði verið innleidd verðstöðvun, þótt kaupið væri lágt, þegar haustið 1970. Kaupið var ekkert lágt haustið 1970, verðstöðvunin stafaði af kauphækkununum um vorið, sem höfðu þá þegar tekið gildi og hæstv. ráðherra veit mætavel um, og ég vil halda því fram, að það hafi verið góður arfur. Þetta var gert til þess að viðhalda kaupmætti launa. En segja má að þær launahækkanir, sem urðu vorið 1970, hafi verið nokkuð úr hófi fram og með öðrum hætti en þáv. ríkisstj. benti á að skynsamlegt væri að gera. Þetta gerði væntanlegri ríkisstj. einnig fært að mæta þessum vanda, án þess að við þá erfiðleika væri að fást, sem alltaf eru fyrir hendi, ef verðbólga er látin þróast og vísitala hækka. Þá er erfitt að snúa ofan af hjólinu á ný. Einnig þetta bætti stöðu hæstv. núverandi ríkisstj. til þess að takast á við vandann.

Hæstv. ráðherra taldi, að ég hefði verið sérstaklega að fetta fingur út í vöntun á ýmsum útgjaldaliðum í fjárlagafrv. nú og heimta, að þau yrðu hækkuð meira heldur en um þá 20 milljarða, sem ég hef verið að hneykslast yfir, og nefndi sérstaklega tvö dæmi, eða vék að tveimur dæmum, sem ég hef nefnt; annars vegar vöntun á 100 millj., eða raunar sennilega 200 millj., til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna, ef gengið er út frá því, að ekki verði um lántökur að ræða, sem ég tel reiknað með óhæfilega miklum; og hins vegar því, að það vantaði á útgjöld vegna skólabygginga. Um fyrri liðinn, Lánasjóðinn, er það að segja, að ég skal ekki gera það að umtalsnefni, hv. síðasti ræðumaður vék mjög ítarlega að því máli, en ég gat aðeins um þetta sem staðreynd, að þarna væri felld niður tala, sem blasti við augum, ef ætti að fylgja þeirri stefnu, sem hefði verið mótuð síðustu árin. Þarna vantaði fé, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að breyta um starfshætti. Ég skal ekki að neinu leyti fella um þetta dóm. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að breyta um starfshætti og lækka námslán, þá

er það mál út af fyrir sig, sem kemur þá til mats, þegar þar að kemur. En meðan engar upplýsingar liggja fyrir um það, er auðvitað algerlega óraunhæft, að miða ekki við áætlun, sem gert hefur verið ráð fyrir á undanförnum árum og í rauninni búið að samþykkja af fyrrverandi ríkisstj. að skyldi miða við aukningu námslánakerfisins næstu ár. Það er óraunhæft, og það var það, sem ég minntist á. Hitt skal ég taka undir með hæstv. ráðherra, að ég álít, að það þurfi að endurskoða námslánakerfið, og það sé farið að bera nokkuð á misnotkun í sambandi við þessi námslán, og ef þau ganga úr hófi fram, þá sé vaxandi hætta á misnotkun. Hitt er jafnljóst, að hér er um geysilega mikilvægt mál að ræða fyrir alla þá, sem þurfa á aðstoð að halda til þess að geta stundað sitt nám. En það er svo með þetta, eins og t. d. atvinnuleysistryggingarnar, að það er auðvitað brýn nauðsyn, þegar um slík hlunnindi sem þessi er að ræða, að þó að þau séu mikilvæg út af fyrir sig, verður að reyna með öllum hætti að koma í veg fyrir það, að þau séu misnotuð, — og það er er vissulega freisting að misnota námslánin og þarf þess vegna vel að gæta þess, að það sé ekki gert.

Hvað snertir framkvæmdaáætlunina, þá ræddi hæstv. ráðherra um marga einstaka liði hennar og spurði, hvort það hefði mátt fella niður þetta og hvort hefði mátt fella niður hitt. Auðvitað er það svo, að allir þessir liðir eru þarfir og nytsamir og einnig þær hækkanir, sem gerðar voru á útgjaldaliðum fjárlaga, sem snertu fjárfestingaútgjöld, og ef þeir liðir eru skoðaðir út af fyrir sig, alveg eins og hér kom til umtals í dag, t. d. um málefni geðsjúklinga, þá má segja að allt þetta sé geysilega þarft og nauðsynlegt, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að menn verða að horfast í augu við það að velja og hafna og raða framkvæmdum, sem er mjög vinsælt orð, — eða var það a. m. k. hér í eina tíð hjá hæstv. núverandi ráðamönnum —, og haga sér eftir því, hvað auðið er að leggja úr þjóðarbúinu til slíkra framkvæmda án þess að valda efnahagslegum vandkvæðum og dýrtíðarþróun, sem hæstv. ríkisstjórn telur sig vilja vinna eindregið gegn, og þess vegna tjóar ekki fyrir hæstv. ráðherra að lesa upp einstaka liði í þessu efni og ræða um það, að ég hefði mátt fella þetta niður, eða það hefði mátt fella hitt. Málið liggur ekki þannig fyrir, það verður að taka málið föstum tökum í heild og gera sér grein fyrir því, hvaða heildarfjárhæð má verja til opinberra þarfa á vegum ríkisins, t. d. til framkvæmda og fjárfestingar, eða á vegum einaaðila, og skipta síðan niður og velja framkvæmdir eftir því, sem mikilvægast er hverju sinni. Þannig verður að vinna að þessum málum. En ég tek það skýrt fram, að það var auðvitað alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, að allt þetta var út af fyrir sig nytsamlegt. Mér fannst það nú að sækja nokkuð langt til fanga, þegar hann taldi, að ein ástæðan til þess, að það hefði þurft að hækka framkvæmdaáætlun ríkisins úr rúmum 700 millj. í 2100 millj., hefði verið halli á framkvæmdaáætluninni frá árinu áður. Ja, hver var sá halli? Hann var 35 millj., hann var ekki meira. Það eru peningar líka, það er alveg rétt, en hallinn, samkvæmt áætlunum, sem fyrir liggja um það, og framkvæmdaáætluninni, sem lögð var fram, var 35 millj. Það getur vel verið, að hæstv. ráðh. hafi eitthvað misreiknað sig í því, ég skal ekkert segja um það. En þetta er eftir þeim bókum, sem ég hef, og var lagt fram í fyrra, þegar framkvæmdaáætlunin var lögð fram.

Varðandi fjárfestingaþörf iðnaðarins, sem hæstv. ráðherra vék að, skal ég ekki mikið segja. Það er rétt, að formaður félags íslenzkra iðnrekenda gat um það, að þar væru mikil verkefni framundan. Hann minntist jafnframt á það, að það væru tveir sjóðir, sem hefðu það verkefni að hlynna að þessari eflingu. Iðnþróunarsjóðurinn er auðvitað eitt það mikilvægasta í þessu sambandi, til eflingar íslenzkum iðnaði, og þær ráðstafanir, sem gerðar voru af fyrrverandi ríkisstjórn til þess að leggja grundvöll að iðnþróun í landinu. Ég held, — eins og reyndar formaðurinn kvaðst sjálfur telja —, að þetta sé ekki stórfellt áhyggjuefni heldur sé annað miklu meira áhyggjuefni, sem hæstv. fjmrh. vék ekki að í sinni tilvitnun í formann Félags ísl. iðnrekenda, en það er sarfsgrundvöllur iðnaðarins; og það voru áhyggjur þær, sem formaður Félags ísl. iðnrekenda lét í ljós yfir því, hvernig ástandið væri að verða í landinu, þannig að hætta væri á hallarekstri, og að iðnaðurinn væri ekki samkeppnisfær vegna kostnaðarauka í landinu, sem iðnaðurinn yrði að mæta. Þetta held ég, að sé alvarlegasta vandamálið.

Ekki fékkst enn nein upptalning á því eða svar við þeirri fsp., hvernig hæstv. ráðherra ætlaði að spara þær 400 millj., sem gert er ráð fyrir að spara á þessu ári til þess að mæta útgjöldum vegna efnahagsráðstafana, og mér fannst það í rauninni verða enn þá flóknara málið í ræðu hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði, að af því að það hefði verið liðið svo langt á árið þá væri óraunhæft að tala um að minnka verklegar framkvæmdir. Ég veit þá bara ekki hvað á að minnka. Heldur hæstv. ráðherra, að það verði auðveldara að lækka rekstrarútgjöld eða launakostnað stofnana? Þetta er mér alveg óskiljanlegt, því að hingað til hefur það verið talið, að í rauninni það eina, sem hægt væri að lækka, væru einmitt útgjöld til verklegra framkvæmda. Auðvitað er það rétt hjá honum, að þetta var allt harla síðbúið, og þess vegna held ég, að það sé full ástæða til þess að álíta eins og ég komst að orði í gær, vægilega, að það sé full ástæða til að halda, að þessi sparnaður verði ekki raunhæfur. Það getur vel verið, að það sé hægt að fresta 100 millj. kr. greiðslu til atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er auðvitað enginn sparnaður, það verður auðvitað að greiða þetta seinna. Á þá að taka það upp í fjárlög í ár, eða hvað á að gera? Hann sagði, að það ætti ekki að fella þetta niður. Mér sýnist því allt benda til þess, að þessi sparnaður sé algerlega út í hött og verði aldrei raunhæfur.

Hann sagðist ekki vera einn um það, að éta fyrir sig fram tekjustofna, það hefði ég einnig gert árið 1970 með því að stytta innheimtutíma söluskatts um einn mánuð. Þetta er alveg rétt. Ég var heldur ekkert að fordæma það hjá hæstv. ráðh., að hann hefði gert þetta. Ég sagði það eitt, að þetta verði ekki gert aftur, því að þá

yrði að fara að innheimta söluskattinn fyrirfram, því að hann er búinn að ná því marki, að það verður að skila honum mánuði eftir að hann fellur til, þ. e. a. s. það eru mánaðarlegar innheimtur. Þetta var ekki gagnrýni, heldur aðeins til þess að lýsa staðreyndum.

Við erum sammála um nauðsyn þess, að rekstrarlánasjóður verði settur á laggirnar fyrir ríkissjóð, en ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé skynsamleg stefna, þessi útgáfa ríkissjóðsvíxla, sem reynt var að gefa út á þessu ári, en sem raunin var á, svo sem hæstv. ráðherra líka sagði, að ekki skilaði neinum árangri, vegna þess að sá banki, sem keypti þetta, varð innan mjög skamms tíma að innleysa víxilinn að nýju. Og ég sé heldur ekki, að það sé neitt raunhæft við það, og miðað við það ástand, sem er á peningamarkaði yfirleitt í okkar landi, þá er fjárþörf atvinnuveganna slík, að það er ekki líklegt, að rekstrarlánabankarnir liggi með fé, sem þeir geta varið í þessu skyni. Það á að mynda þennan sjóð með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv., að Seðlabankinn leggi fram bráðabirgðalán og síðan sé þetta greitt af tekjum ríkissjóðs í vissum áföngum í þeim tilgangi að eignast þennan rekstrarsjóð.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði fundið hér að því, að of litlu fé væri varið til opinberra framkvæmda nú í fjárlagafrv. og það stangaðist illa á við hinar alvarlegu aðvaranir mínar um of mikla þenslu. Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Ég var ekkert að finna að þessu. Ég var aðeins að benda á það, hvort hann teldi sennilegt, að það væri hægt að standa á þessum tölum, sem í frv. væru. Og ég minntist á skólabyggingafé. Hann svaraði mér því til, hvort ég teldi, eða hefði yfirleitt nokkurn tíma talið rétt að fara eftir tillögum menntamálaráðuneytisins. Ég skal nú játa það, að ég hef nú ekki alltaf farið eftir tillögum þess og við getum vafalaust verið sammála um það, að það sé nú kannske stundum ástæða til þess að taka þær með varúð, og þær kröfur, sem þar eru gerðar, en ég geri ráð fyrir, að menntmrh. hafi farið fram á miklu meira heldur en þær 170 millj., sem ég gat um, að væru skornar niður. Það var ekki til þess að taka upp hanzkann fyrir menntmrn., sem ég minntist á þetta mál, heldur aðeins til að benda á, að hér væri, að því er mér sýndist, um algerlega óhæfan niðurskurð að ræða. Hæstv. fjmrh. segir sjálfur í grg. fyrir frv., að það eigi að miða við að greiða stofnkostnað skóla á fjórum árum, og miðað við, að það sé gert, vantar þarna um 170 millj., eftir því sem ég fæ bezt komizt að niðurstöðu um. Þannig að það verður þá að breyta þessu enn. Ég get fallizt á það með hæstv. ráðherra, að það hefur í rauninni aldrei verið raunsætt að gera ráð fyrir 3 ára greiðslutímabili. En ástæðan til þess, að þetta var ekki raunsætt er sú, að það hefur aldrei verið gerð sú framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, sem gert var ráð fyrir í þeim lögum, og þess vegna hefur það farið svo, að þm. hafa pressað á það miskunarlaust, að fá tekna inn í fjárl. skóla umfram það, sem mögulegt var í rauninni fjárhagslega á hverju ári, af því að þeir gátu ekki sagt sínum umbjóðendum að það væri óhætt að bíða t. d. til næsta árs, þá væri öruggt að skólinn yrði tekinn inn í fjárlög. Þetta hefði verið hægt að gera, ef það hefði verið til 3—4 ára áætlun um skólabyggingar. Þá hefði þetta getað orðið raunhæft. En því miður, þá var ekki búið að ljúka þessu verki. En ég tek það skýrt fram, ég er hér ekkert að fordæma hæstv. fjmrh. í þessu sambandi að öðru leyti en því, að ég held að hann sé hér að leika sér með tölur, sem hann ræður ekki við, og ég leyfi mér að halda því fram, að mér þætti fróðlegt að sjá, hvernig hann ætlaði að koma saman fjárlagadæminu í sambandi við skólabyggingarnar, hér á hinu háa Alþingi, án þess að hafa hliðsjón af þessum tölum, sem ég hér gat um.

Ég skal gjarnan gefa hæstv. ráðh. þann vitnisburð, að síðustu árin, sem ég var í fjármrn., var með okkur hin ágætasta samvinna, eftir að undirnefnd fjárveitinganefndar var sett á laggirnar, eftir minni ósk, á sínum tíma, og ég er honum sammála um það, að þetta sé mjög þarft, og vonast til þess, og veit enda, að stjórnarandstaðan, eða fulltrúar hennar, munu ekki síður leggja sig fram að vinna af heilindum að þeim málum, sem þar koma til meðferðar en fulltrúar núverandi stjórnarflokka, og þar á meðal núverandi hæstv. fjmrh., gerðu á sínum tíma, þegar hann sat í undirnefndinni. Ég sagði það enda í ræðu minni í gær, að það væri mjög gleðilegt, að hæstv. ráðherra væri nú orðinn sammála mér um það, sem ég hef haldið fram á undanförnum árum, að ekki væri hægt að vinna að þessum sparnaðarmálum með neinum asa, heldur yrði að gera þetta með kerfisbundnum hætti, og ég fagna því, að hann hefur ákveðið að efla hagsýslustofnunina og taka á þessum vandamálum á þann hátt, sem hann lýsti hér í gær.

Varðandi það, að ég fann að því, og raunar fleiri, að þetta fjárlagafrv. væri í rauninni botnlaust vegna þess, að þar væri ekki gert ráð fyrir efnahagsráðstöfunum fyrir næsta ár, þá komst hæstv. fjmrh. svo að orði, eða vék þeirri spurningu til mín, hvort mér hefði hugkvæmzt að taka inn niðurgreiðslur fyrir næsta ár, áður en endanlegar till. í efnahagsmálum væru til. Vitanlega hefði mér aldrei hugkvæmst það, ég var heldur ekkert að finna að því út af fyrir sig varðandi niðurgreiðslurnar, en það var aðeins verið að benda á þá staðreynd að þetta frv. gæfi enga mynd af því, hvernig fjárl. hlytu að lokum að líta út. Ég er honum nákvæmlega sammála um það, að niðurgreiðslurnar eru komnar í botn og það er ekki hægt að greiða niður nema takmarkað og má segja, að í ýmsum greinum sé gengið of langt. Þar er ég honum algerlega sammála. Og þessi niðurgreiðslusvið séu í raun og veru tæmd, að mestu eða öllu leyti. En það sýnir okkur þá aðeins, hversu vandinn er stórfelldur, sem hér er við að eiga. En þetta breytir engu um það, að vandinn blasir við augum og verði þessar niðurgreiðslur felldar niður, já, verði þær ekki í rauninni stórlega auknar með einhverjum hætti, eða einhverjar hliðstæðar ráðstafanir gerðar, þá hlýtur að skapast öngþveiti í atvinnulífinu á næsta ári, eða eftir áramótin. Þetta var kjarninn í því, sem ég vildi segja, en ekki endilega nein kenning um það, eða ávítur á hæstv. ráðherra fyrir að taka ekki

inn stórauknar niðurgreiðslur. En það fólst alls ekki í mínum orðum, — ég veit ekkert um það —, hvert verður úrræðið, frekar en hæstv. ráðherra virðist vita um það sjálfur. Ég benti aðeins á það, að ráðstafanirnar til þess að halda verðlagi í skefjum væru niðurfelldar með frv., eins og það liggur hér fyrir okkur nú á hinu háa Alþingi.

Hæstv. ráðherra sagði, að allar ríkisstjórnir þyrftu n. og ég er honum algerlega sammála um það, enda var ég ekki að gagnrýna það út af fyrir sig í gær, að hæstv. ríkisstj. þyrfti n. Ég var aðeins að minna á það, að undanfarin ár þá hefur það verið eitt vinsælasta ádeiluefni hæstv. núverandi fjmrh. og fleiri stuðningsmanna hans á hendur fyrrverandi ríkisstjórn, og mér sem fjmrh., hversu nefndafarganið væri mikið. Það var það, sem ég átti við, að ekki hafi orðið sérstaklega mikill árangur í þeirri viðleitni að draga úr þessu nefndafargani, og það var það eina, sem ég átti við, en ekki hitt að ég héldi því fram, að það væri ekki ástæða til þess að hafa n. Ég var aðeins að benda á, að ríkisstj. hefði hér sem á öðrum sviðum, ekki lifað eftir fyrri kenningum, áður en viðkomandi ráðherrar settust í valdastóla. Það eitt fólst í mínu máli.

Hæstv. ráðh. vék nokkuð að því, sem ég lagði áherzlu á í ræðu minni í gær, að væri óhugnanlegt, að tekjuöflun ríkissjóðs og þróun innflutningsmála bæði í ár og á næsta ári, væri byggð á stórkostlegum greiðsluhalla við útlönd, sem ekki væri hægt að jafna nema annað hvort með því að tæma gjaldeyrisvarasjóðinn á skömmum tíma eða halda uppi stórfelldum erlendum lántökum. Eina svar hæstv. ráðh. í þessu efni var það, að lesa upp greiðslustöðuna við ríkissjóð, hvað hún væri skárri núna, en hún hefði verið á sama tíma í fyrra. Það er vissulega fagnaðarefni, ef það stendur eitthvað skár, og mér var það reyndar vel kunnugt, að greiðslustaðan í ár er nokkru skárri heldur en gert hafði verið ráð fyrir, en það breytir ekki einu né neinu varðandi það, sem ég gat hér um í gær, að það væru áætlunartölur áranna í heild, sem um var að ræða. Það kann að vísu að vera, að greiðslujöfnuðurinn verði eitthvað skárri í ár heldur en áætlað hafði verið en það er aftur á móti ástæða til að halda, að hann verði verri á næsta ári, heldur en sú tala, sem ég nefndi. Þetta veit ég, að hæstv. ráðherra er kunnugt af þeim athugunum, sem hagrannsóknardeildin og Seðlabankinn hafa þegar gert, og ég verð að segja það eitt um orð hæstv. ráðh. í þessu efni, að mér fannst hann taka þessu alvörumáli með harla mikilli rósemi. Það var það eina, sem ég hefi að finna að þeim málflutningi, sem hann viðhafði um þetta efni, að hann vildi ganga fram hjá þessum alvarlegu staðreyndum og hafa það sem huggun, að það væri þó skárra en það hefði getað verið. Þetta finnst mér ekki nægileg huggun til þess að geta horft rólega á þessa þróun. Þá sagði hæstv. ráðh., að mér færist nú ekki að tala um skattvísitölu; ég gæti sízt um það talað, vegna þess, að ég hefði ákveðið hana ranga, allan þann tíma, sem ég hefði haft aðstöðu til þess að ráða, en ætlaðist síðan til þess af öðrum, eftir að ég væri hættur að fara með þessi mál, að þessi vísitala yrði löguð. Þetta er algert misminni hjá hæstv. ráðh., vegna þess að síðasta árið, sem ég fór með embætti fjmrh., var skattvísitala hækkuð um 20%, eða miklum mun hærra en framfærsluvísitölunni nam. Þannig að það, sem við sjálfstæðismenn lögðum til í fyrra í þessu efni, var í algjöru samræmi við það, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert árið þar á undan. Þannig, að hér var ekki verið að ætlast og leggja til, að hæstv. núverandi fjmrh. gerði meira heldur en það, sem áður hafði verið gert, og ég gladdist yfir því, og get endurtekið ánægju mína yfir því, að hæstv. ráðherra hefur horfið frá stefnu sinni frá s. l. ári í þessu efni, og ákveður nú skattvísitöluna 28 stigum hærri en hún var á þessu ári, eða gerir ráð fyrir því.

Hæstv. ráðh. taldi, að ég mundi ekki hafa tekið vel till. okkar sjálfstæðismanna í fyrra, í sambandi við skattalagabreytingarnar, ef aðrir hefðu flutt þær, og sagði, að honum hefði þótt gaman að sjá framan í mig, ef ég hefði staðið andspænis því að fá till. um 1600 millj. kr. skerðingu tekna, eins og till. okkar hefðu leitt af sér í fyrra. Till. okkar í fyrra, sem ég játa að ég skrifaði nafn mitt á, um breytingar á skattafrv. ríkisstj. voru ekki fluttar af neinu ábyrgðarleysi. Það var tekið skýrt fram, að hvað snerti þann hluta, sem ekki væri hægt að mæta með því að draga úr hinum óhóflegu útgjöldum ríkissjóðs, eða útgjaldaaukningu, sem var þá geysileg eins og raun ber vitni, þá vorum við sjálfstæðismenn reiðubúnir til þess að standa að tekjuöflun á móti þessum tekjumissi ríkissjóðs af beinu sköttunum, með því að hækka óbeina skatta. Þetta var skýrt tekið fram af okkar hálfu, þegar við lögðum þessa till. fram, þannig að í þessu fólst ekki nokkurt ábyrgðarleysi. Ég átti nú ekki við þetta sérstaklega í ræðu minni í gær varðandi þau lög sem afnumin voru um síðustu áramót, þó það kunni að vera, að hæstv. ráðh. hafi ofboðið þessi tala, heldur lagði ég áherzlu á annað, sem mér finnst furðulegt, að það hafi þurft svo gersamlega að slátra þessu frv., að það hafi einnig þurft að eyðileggja það, sem menn skyldu halda, að allir hefðu verið sammála um, þ. e. a. s. kjarabæturnar fyrir þá miður settu, og vék ég þar sérstaklega að ákvæðum þeirra laga, sem afnumin voru, um hin sérstöku skattfríðindi aldraðra. Þetta var einnig afnumið, með þeim afleiðingum, að hæstv. ráðherra varð að grípa til brbl.-setningar á s. l. sumri til að leiðrétta þetta á nýjan leik. Þetta kalla ég að fara að með meira kappi en forsjá, og það var nokkuð einkennileg niðurstaða, sem hæstv. ráðherra komst að, þegar hann var að ræða um hin miklu fríðindi, sem hefði átt að veita atvinnurekstrinum með skattalögunum, sem hann lét afnema um síðustu áramót, því hann sagði í ræðu sinni í gær, að atvinnurekendur hefðu verið síður en svo hrifnir af þessum lögum. Hvernig má það samrýmast, að þessi lög hafi átt að veita atvinnurekstrinum svo ofboðsleg fríðindi, að það hafi verið þjóðarnauðsyn að flaustra að nýjum skattalögum til þess að koma í veg fyrir þennan fríðindisauka handa atvinnu-

vegunum, ef það hefur verið svo, eins og hæstv. fjmrh. segir, að atvinnurekendur hafi verið síður en svo ánægðir með þessi lög. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, að atvinnurekendur hafa ýmislegt við þessi lög að athuga, og töldu ýmsir hverjir, að þar væru atvinnurekstrinum ekki veitt nægileg friðindi, og þarna hefur einmitt hæstv. ráðherra komið fram með röksemd gegn fyrri staðhæfingum sjálfs sín um það, að hér hafi átt að veita atvinnurekstrinum einhver óeðlileg friðindi. Hvað snertir stöðugar tilvitnanir hæstv. ráðherra í prófessor Ólaf Björnsson skal ég ekki um mikið segja. Hann, hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarsinnar hafa nú allt í einu fengið mikið álit á prófessor Ólafi Björnssyni og ber vissulega að fagna því, þeir hefðu mátt hafa það áður fyrr, því það vildi nú svo til, að prófessor Ólafur Björnsson var einn aðalráðgjafi fyrrverandi ríkisstj. um allar efnahagsráðstafanir, gerðar voru í hennar tíð, og ég man ekki til, að sérstakt hól væri flutt honum í sambandi við það. En því ber vissulega að fagna, þegar farið er að meta menn réttilega, þótt ég verði nú að leyfa mér að halda, að það stafi kannske ekki af því, að trú þessara ágætu manna á þessum mæta embættismanni hafi vaxið svo mjög, heldur af því, að hann hafi látið viss orð falla, sem þeim eru þóknanleg, en ég skal ekki út í þá sálma fara.

Ég vil aðeins að lokum segja það, út af því að hæstv. ráðherra sagði í lok ræðu sinnar í gær, að nauðsynlegt væri að afgreiða saman fjárlagafrv. eða fjárlögin og framkvæmdaáætlunina, að þá held ég, að óumflýjanlegt sé að afgreiða efnahagsmálin í heild í samhengi við þetta tvennt, sem ég er honum sammála um, að þurfi að afgreiða sameiginlega. Það er ekki gerlegt að afgreiða fjárlög án þess. (Gripið fram í.). Ef svo hefur verið, er ég hæstv. ráðherra sammála um það, þannig að ég vonast til, að Alþ. fái allt þetta dæmi fyrir framan sig, áður en að það verður sett andspænis því, að þurfa að afgreiða fjárlögin. Það gefst þá tækifæri til þess, þegar þær till. koma fram og hæstv. ráðh. hefur fengið upplýsingar um það hjá þeim mönnum, sem telja sig nú hafa næg fjárráð til þess að leysa þennan vanda, hvar peningar til lausnarinnar eru. Þá fáum við væntanlega að heyra, hvar þær holur eru, sem peningarnir eru geymdir í, og ég veit, að það mun létta mörgum áhyggjum af hæstv. ráðh., þegar hann fær það upplýst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli undir ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann vísaði til þess, að hann hefði í fórum sínum ræður frá því, þegar hæstv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu og var höfuðmálssvari síns flokks í umr. um fjárlög að jafnaði, að ég hygg, upp undir áratug. Það kom hins vegar fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann, að því er manni fannst af samúð með hæstv. fjmrh., sleppti að vitna bókstaflega til þessara ræðna hans. En það er að vísu svo, að ég hef, eins og ég geri ráð fyrir allir aðrir, ríka samúð með hæstv. fjmrh., en ég fór svo að glugga í einar tvær ræður hæstv. ráðh. frá því í okt. 1969 og í okt. 1970, og þar var ýmsan fróðleik að finna, sem ég gat ekki meint, að ætti í neinu að skaða, þótt rifjaður væri upp, sér í lagi af því mér sýnist, að þar komi fram alveg framúrskarandi og ljómandi framsóknarmennska.

Hæstv. fjmrh. segir í ræðu sinni hinn 20. okt. 1969 í 1. umr. um fjárl. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlög íslenzka ríkisins hafa nærri tífaldazt síðan 1958, þ. e. síðan áhrifa núverandi valdhafa fór að gæta, og hækkun þeirra er 145% síðan 1965, að núv. fjmrh. (þ. e. hv. 2. þm. Norðurl. e.) settist í valdastól. Ef sama þróun á sér stað til næstu aldamóta, eins og orðið hefur síðustu 5 árin, þá liti myndin þannig út með 5 ára millibili: Árið 1975 yrðu niðurstöðutölur fjárl. 19 milljarðar og 500 millj. kr."

Það rifjaðist upp fyrir mér, að eitt sinn heimsóttu vinir Bjarts í Sumarhúsum hann og höfðu uppi þar merkilegar samræður, sér í lagi af því, að Ólafur í Yztadal, sem var mjög svo vísindalegur í hugsun, hafði varpað fram ýmsum spurningum, sem vöfðust fyrir mönnum. Og Bjartur fór þá að segja frá því, þegar faðir hans hafði verið í Reykholti suður og sagði: „Það var eitt sinn á hvítasunnumorgun sem oftar, að faðir minn þurfti að skera kálf í Reykholti á bæjarhólnum fyrir framan skemmudyrnar. Og nú vil ég leggja fyrir ykkur spurningu eins og hann Ólafur okkar hérna áðan: Hvað haldið þið, að kálfurinn geri?" Gestir Bjartar gáfust þegar upp við spurninguna, en nú bjargaði hin vísindalega hugsun Ólafs í Yztadal honum og hann sagði að bragði: „Bezt gæti ég trúað, að kálfurinn hafi stokkið höfuðlaus úr klofinu á honum föður þínum sáluga út um víðan völl." „Seigur er Ólafur," sagði Bjartur, „nærri fórstu, en ekki hafðir þú það. Þannig vill til, að fyrir neðan bæjarhólinn í Reykholti er hver, og haldið þið ekki, þegar faðir minn sálugi hafði skorið hausinn af kálfinum, að hann stökkvi úr klofinu á honum og beint niður í hverinn." „Hvernig átti ég að vara mig á þessu, þar sem þú hafðir ekki getið þess, að hver væri beint fyrir neðan bæjarhólinn?" sagði Ólafur í Yztadal og var gramur.

Þegar hæstv. fjmrh., sem er góður í prósentureikningi, hafði framið þennan vísindalega útreikning, þá gáði hann ekki að því, enda höfðu honum ekki verið veittar um það upplýsingar, að það mundi vera heitur pyttur í nágrenninu, að hæstv. fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, og hans stefna ættu skammt eftir, en við tæki annað og önnur stefna, hans eigin. Og hann kemst þannig áfram í reikningi sínum, að hann fær út árið 2000 allháa fjárhæð. En ef ég beiti svipuðum reikningi og skal nú ekki jafna mig til móts við hæstv. fjmrh., þá skilst mér, að ef hans stefna ríkir til ársins 2000, þá muni upphæð fjárl. vera orðin 2 billjónir og 700 millj. (Gripið fram í) Er þetta lauslega reiknað? En hann leiðréttir þetta þá, hæstv. fjmrh., þegar tækifæri gefst til.

Hæstv. núv. fjmrh., þáv. aðalmálsvari flokksins í fjármálum og umræðum um fjárlög, segir enn fremur í þessari tilvitnuðu ræðu, að alvarlega horfi vegna þess mikla nefndafargans og það þurfi að gera gangskör að því að leggja

niður fjölda nefnda til þess að spara útgjöld hjá ríkissjóði, og nefnir þar m. a., hvort ekki væri ráð að sameina Efnahagsstofnunina hagdeild Seðlabankans. Það er eins og í fleiru, þegar gripið er niður í orðum hans, frá því að hann var í stjórnarandstöðu, og til gerða hans nú í stjórn, að þar skýtur ýmsu skökku við. Að vísu hafði hann um það frumkvæði ásamt samstarfsflokkum sínum að leggja niður Efnahagsstofnunina. En hann sameinaði hana ekki hagdeild Seðlabankans, heldur stóð hann að stofnun þess risafyrirtækis og yfirnefndar, nefndar allra nefnda, sem er Framkvæmdastofnun ríkisins. Og það væri kannske ráð fljótlega að gera fsp. um það hér í þingi, hvernig starfsemi þeirrar stórstofnunar er háttað, og ég hygg, að hæstv. forsrh., sem ekki gefur sér tíma til þess að fylgjast með umr. um fjárlög hér, það snúi e. t. v. að honum að veita upplýsingar þar um.

En það hefur komið fram hér í umr., að því fer fjarri, víðs fjarri, að hæstv. núv. ríkisstj. hafi beitt sér fyrir fækkun nefnda, heldur þvert á móti, enda mun nefndum í hennar tíð hafa fjölgað um einar 50, enda þótt einhverjar hafi verið skornar niður við trog. Og m. a. er ein frægust nefnda sú, sem skipuð var af hæstv. ríkisstj. á ársafmæli hennar, að ég hygg, þegar henni var ljóst, að einhverjar ráðstafanir alvarlegar þyrfti að gera til viðreisnar í fjármálum. Og það er hin svonefnda valkostanefnd. Fjmrh. tók það fram eða eitthvað í þá átt, að menn þyrftu ekkert að undrast, þótt ríkisstj. þyrfti að skipa nefndir til þess að vinna með sér störfin. Og það skal alls ekkert undrazt yfir því,þótt hæstv. núv. ríkisstj. þurfi að fá mjög marga menn til þess að vinna með sér verkin og nýjar nefndir. En þessi n. er sérstaklega athyglisverð fyrir það, þessi n., sem ég nefndi, valkostanefndin, að stór meiri hluti þeirrar n. er skipaður mönnum, sem kallast mega, að hafi verið aðalráðunautar fyrrv. ríkisstj. og mjög áhrifaríkir um mótun stefnu hennar í efnahagsmálum. Ekki skal það heldur lastað. En það kemur vissulega ýmsum á óvart, að þar er að finna prófessor Ólaf Björnsson, sem, eins og ég segi, var ekki einvörðungu aðalráðgjafi fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum á viðreisnartímanum, heldur aðalráðgjafi Sjálfstfl. í efnahagsmálum allt frá því fyrir 1950. Og oft hefur mátt lesa það á undanförnum áratugum, að stuðningsmenn hæstv. núv. ríkisstj. hafa síður en svo haft mikið álit á þeim ráðagerðum, sem hann hefur haft uppi um stjórn þjóðarbúsins. Í þessari valkostanefnd er enn fremur seðlabankastjóri Jóhannes Nordal. Menn hafa haft það fyrir augum um allmörg ár, a. m. k. meðan núv. hv. ríkisstjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, að þeir virtust mjög hafa það á oddi, að þar færi ekki maður, sem væri vel treystandi til þess að taka þær ákvarðanir, sem helzt skyldi hafa í frammi í efnahagsmálum, og nefndu stefnu hans í háði Nordalsfrystihús o. s. frv. Fleiri mætti telja, en ljóst er, að meiri hluta þessarar nefndar skipa, menn sem voru mjög áhrifaríkir og sumir hverjir þeir áhrifaríkustu um mótun þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgt var af fyrrv. ríkisstj. Og ég skal ekkert um það segja, hvaða valkosti hún mun leggja fyrir hæstv. ríkisstj. um leiðir í efnahagsmálum. Ég verð að segja, að það hafa ýmsir haft á orði, að það hafi verið kjarkur af hæstv. forsrh., sem því miður er ekki viðstaddur, að hefja hásætisræðu sína á því, að stefna ríkisstj. væri óbreytt, og hafa viljað kalla það mikinn kjark af hans hálfu. Það er ég sannfærður um, að þetta er ekki kjarkur. Sá maður, sem gerir sér grein fyrir ástandi og horfum í efnahagsmálum nú, hefur alls ekki slíkan kjark til þess að lýsa slíku og þvílíku yfir. Þetta hlýtur að stafa af því, að hæstv. forsrh. gerir sér ekki grein fyrir ástandi og horfum, og engu öðru. Og nú, þegar valkostanefndin leggur fram sína valkosti, færri eða fleiri, þá er að sjá, hvernig brugðizt verður við. Bezt gæti ég trúað því og það væri í samræmi við annað, að þetta yrði sett í einn hatt og hæstv. sjútvrh. fengi að draga úr hattinum undir vitni hæstv. heilbrh. og það mundi þá ráða ferðinni. En sleppum því.

Ég ætla ekki að láta alveg staðar numið við að vitna í hæstv. núv. fjmrh. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil undirstrika það, að málum ríkissjóðs er þannig komið, að fjárlög hækka um milljarða á milli ára vegna aukins rekstrarkostnaðar, en verklegar framkvæmdir ríkissjóðs, er áður voru greiddar af samtímatekjum, eru fjármagnaðar með lánsfé."

Hæstv. ráðh. er hér að lasta það sérstaklega, að framkvæmdir ríkissjóðs séu fjármagnaðar með lánsfé. Nú höfum við aftur á móti fyrir augum, hvernig ástatt er í þessum efnum hjá hæstv. núv. ríkisstj., og auðvelt að ganga úr skugga um, hvað gífurlega háar lántökur eru á þessum skamma tíma, sem hún hefur setið við völd, og hversu skuldasúpa ríkissjóðs hefur hækkað gífurlega.

Þá er að vitna enn í hæstv. fjmrh. og það er ekkert langt síðan þessi speki var fram sett. Það er aðeins frá árinu 1969. Og nú kemur hér lesning, sem er afar athyglisverð og mundi tæplega vera hægt að vitna upp á annan heldur en mann, sem hefur tekið stórar gráður í framsóknarmennsku. Og þetta hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forstjóri Landssímans hefur að engu haft tilraunir ríkisstj. til að ná til þeirra tekna, er Landssíminn aflar, heldur notar þær eingöngu til rekstrar og uppbyggingar í stofnuninni sjálfri. Hann hefur meira að segja (þ. e. forstjóri Landssímans) verið það harður í horn að taka í vörn sinni við ásókn ríkissjóðs í fjármuni Landssímans, að hann hefur komið í veg fyrir, að söluskattur væri lagður á tekjur Landssímans. Með þessum hætti hefur Landssímanum tekizt að byggja kerfi sitt upp með undraverðum hraða og þannig lagt grundvöll að miklum tekjum stofnunarinnar í framtíðinni. Ég hef ekki heyrt, að því væri haldið fram, að það væri ábyrgðarleysi af forstjóra Landssímans að láta stofnun sína njóta þeirra fjármuna, sem hún aflar, þó að á því sé smjattað á opinberum vettvangi af ráðamönnum þjóðfélagsins og það jafnvel þeim, er sízt skyldi."

Svo mörg eru þau orð. Það þarf enginn að segja mér það, að hæstv. fjmrh. hafi verið búinn að gleyma þessari ræðu sinni, þegar hann ákvað á s. l. ári að leggja söluskatt á tekjur Landssímans. Þetta er aðeins dæmi um framúrskarandi framsóknarmennsku. Að sjálfsögðu hefur honum verið þetta ofarlega í minni. En eftir sem áður var þetta eitt af hans fyrstu verkum, sem hann hælir Landssímanum sérstaklega fyrir árið 1969, að honum hafi tekizt að verjast þeirri ásókn, að farið yrði til og teknar af honum tekjur eða lagður söluskattur á tekjur hans, þá er það hans fyrsta verk, þegar hann tekur við stjórn fjármálanna, að leggja söluskatt þar á. Og hvernig er svo ástandinu háttað nú hjá Landssímanum, sem hefur t. d. með höndum dreifingu sjónvarps í landinu? Mér er fullkunnugt um það, að sú framkvæmd er stórsvelt fjármálalega séð, — stórsvelt, — og það hefur orðið stórlega að draga úr þeim framkvæmdum, sem áformaðar voru. Betra hefði verið, að forstjóra Landssímans hefði tekizt að verjast ásókn hæstv. fjmrh. og fengið að hækka sín gjöld til þess að stofnunin sjálf fengi að ráða yfir sínu fjármagni til hinna nauðsynlegu framkvæmda, sem dreifing sjónvarpsins t. d. er um landið.

Þá kemur hér einn lærdómurinn hjá hæstv. fjmrh. í stjórnarandstöðunni þáv. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er með öllu óskiljanlegt, hvað því veldur, að persónufrádráttur til skatts skuli ekki hafa verið hækkaður. Það vekur undrun, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1970 er gert ráð fyrir honum lítið breyttum, þar sem áætluð er 10% hækkun á tekjuskatti. Við það getur þjóðin ekki unað, að lagðir séu háir skattar á nauðþurftartekjur, eins og nú er gert. Persónufrádráttur verður að breytast í samræmi við breyttan framfærslukostnað."

Mönnum er í fersku minni, með hverjum hætti hann fór að þessum eigin orðum á s. l. ári við afgreiðslu fjárl. þá. Hann segir enn fremur í ræðu sinni árið 1970 við 1. umr. um fjárlög þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Framsóknarmenn telja, að eitt af þeim atriðum, sem nota þurfi til baráttu gegn verðbólgunni, sé að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjum og hafa persónufrádrátt til skatts þannig, að ekki sé lagt á nauðþurfartekjur eins og nú er gert. Það er röng stefna að dómi framsóknarmanna að hagnýta sér vöxt verðbólgunnar til aukinnar skattheimtu."

Hér er tekið mjög svo skýrt til orða. Það fer ekkert milli mála, að það er að dómi framsóknarmanna röng stefna að hagnýta sér verðbólgu til aukinnar skattheimtu. Hvernig hefur nú hæstv. fjmrh. farið eftir þessari stefnu Framsfl., eins og hún var árið 1970? Þessu geta allir hv. þm. svarað sér sjálfir af kunnugleika sínum af því, hvernig þessi mál hafa verið framkvæmd, hinni gífurlegu skattpíningu, sem átti sér stað samkv. skattal., sem var rubbað hér í gegnum þingið á s. l. ári. Hann segir meira um skattamál, og það er mjög athyglisvert að kynna sér það aðeins, og það snertir atvinnufyrirtæki í landinu. Ein af forsendunum fyrir skattalagabreytingunni í fyrra, var sú, að fyrrv. ríkisstj. hefði ætlað ávilna atvinnufyrirtækjunum í landinu og það bæri hina mestu nauðsyn til þess að breyta því. En árið 1969 hefur hann þetta að segja, hæstv. fjmrh., um skattalagningu á atvinnufyrirtæki, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sama er að segja um skatta á atvinnufyrirtæki. Í verðbólguþjóðfélagi sem okkar verður sú regla að gilda, að afskriftir séu miðaðar við endurkaupsverð. Með öðru móti er fyrirtækjum með öllu gert ókleift að endurnýja sig. Eitt af því, sem hefur verið óskabarn núverandi valdhafa, er, að skattur á skatt ofan sé lagður á atvinnufyrirtæki landsins, sem nemur nú orðið háum fjárhæðum. Væri þörf hreingerningar þar til stuðnings við atvinnuvegina."

Þetta er talsmaður Framsfl., sem er að setja fram þá stefnu, sem sá flokkur hafði í þessum málum árin 1969 og 1970. En svo bregður við, að strax og þeir eru komnir í stjórn, þá er þessu öllu öfugt farið og ekkert stenzt af þeim kennisetningum, sem efstar voru hafðar í frammi á þeim tíma, sem þeir voru sjálfir í stjórnarandstöðu. Læt ég svo lokið tilvitnunum í þessa stórfróðlegu ræðu hæstv. fjmrh. frá því, þegar hann var höfuðtalsmaður síns flokks í umr. um fjárl. hér á hinu háa Alþ. árin 1969 og 1970, en það er af miklu, miklu meira að taka. En það endist enginn maður til þess, enda veit ég svo sem ekki, ef í alvöru er talað, hversu mikið er upp úr þessu leggjandi. En það er þó fróðlegt að kynnast þessu á marga vísu.

Ég vil aðeins svo að lokum víkja að nokkrum fréttum, sem sagðar voru í Þjóðviljanum í gær af skýrslu eða upplýsingum, sem hæstv. sjútvrh. hafði veitt þingi þeirra Alþb.-manna. Og þar kemur ýmislegt fróðlegt fram. Í lok ræðu sinnar hafði hann vikið að þeim vandamálum, sem nú væri glímt við, og með leyfi hæstv. forseta vil ég tilvitna orðrétt, sem sagt er hér. „Hann sagði, að vissulega væri við nokkra erfiðleika að stríða vegna stórminnkaðs fiskafla. Sennilega yrði að afla nær 100 millj. kr. í tengslum við endanlega fjárlagaafgreiðslu, en þá upphæð kostaði að greiða niður 5—7 vísitölustig í eitt ár. Einnig þyrfti útflutningsframleiðslan og fjárfestingarsjóðir á nokkurri fjáröflun að halda." Þarna er tekið mjög vægt til orða, og hér er ekki um stóran vanda að tefla, eftir því sem fram kemur í þessari frétt. Nú kann að vera, að þar sé einhverju hallað til, en eftir því sem mér heyrðist á samþykktum ráðstefnu eða þings þeirra Alþb.-manna í útvarpinu í hádeginu, þá var kveðið þar miklu fastar að orði en þetta um þau vandamál, sem þyrfti að glíma við og þyrfti að leysa fyrir áramót nú. Ef það hefði verið einhver annar en hæstv. sjútvrh., sem hefði fullyrt, að 100 millj. kr. þyrfti í tengslum við endanlega fjárlagaafgreiðslu, en þá upphæð kostaði að greiða niður 5—7 vísitölustig, — ef það hefði verið einhver annar annar en hæstv. sjútvrh., sem sagði þetta, þá hefði ég reiknað með, að þetta væri prentvilla. En e. t. v. fáum við skýringar á þessu. En það er ekki mikið um að vera og vandinn ekki stór, þegar hæstv. sjútvrh. er mættur á þingi sinna manna og er að leggja þar fram skýrslur sínar um ástand og horfur í efnahagsmálum.

Hann lætur þess getið eftir umsögn Þjóðviljans, að það hafi verið lagður grundvöllur að

nýrri atvinnuþróun, uppbyggingu togaraflotans þýði atvinnulega byltingu fyrir marga staði úti um land. Nú hefur verið rætt hér um arfinn, sem þessi hæstv. ríkisstj. tók við af fyrrv. ríkisstj., og yfirleitt hafa þeir lastað hann með stórum orðum. Hv. 2. þm. Norðl. e. vék sérstaklega að þessu máli. En þarna er þó varðandi uppbyggingu togaraflotans um arf að tefla frá hæstv. fyrrv. ríkisstj., svo að það fer ekki á milli mála. Ég vil láta þess getið, að í tíð fyrrv. ríkisstj. hafði verið tekin ákvörðun a. m. k. með lagasetningu um smíði 8 togara af stærstu gerð, um 1000 tonn og enn fremur um 5 af millistærð, tæpra 500 tonna, í Noregi, þarna eru 13. Enn fremur höfðu verið keyptir til landsins eldri togarar af minni gerð til Neskaupstaðar, til Eskifjarðar, til Siglufjarðar, og fyrrv. ríkisstj. hafði tekið ákvörðun um kaup og byggingu á eldri og nýjum skuttogurum 17 talsins. Og það var ærin framkvæmd, þannig að þegar hæstv. núv. ríkisstj. er að hæla sér af því að hafa staðið fyrir þessari atvinnubyltingu, sem þeir svo nefna, þá vil ég aðeins leyfa mér að rifja það upp, að allt frumkvæði í þessu er verk fyrrv. ríkisstj. Að vísu er það rétt, að haldið hefur verið áfram á þessari braut — og kannske um of, ekkert vil ég um það fullyrða. Ljóst er, að við höfum orðið nokkuð á eftir tímanum í þessu efni. Við höfum misst af allmörgum árum, sem við hefðum þurft að nota til þess að byggja þessa atvinnugrein upp, en ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú, að á þessum árum bjó okkar togaraútgerð við mjög bágborinn hag. Og það er fyrst á árinu 1969 og sér í lagi 1970, sem svo raknar úr um útgerð togaranna, að áhugi vaknar fyrir því að festa kaup á þessum framleiðslutækjum. Vitaskuld er það fyrst og fremst fyrir þann áhuga, sem vaknaði, sem þau kaup og samningar, sem gerðir hafa verðir síðan um kaup á þessum atvinnufyrirtækjum, hafa verið gerð. Það er fyrst og fremst fyrir þessa möguleika, sem opnuðust, fyrir það, að menn hafa nú áttað sig á því, að þetta er nýi tíminn í þessu efni og auðvitað hljótum við og allra helzt við Íslendingar að leggja höfuðáherzlu á uppbyggingu þessa atvinnuvegar með kaupum á þessum nýtízku framleiðslutækjum.

Ég dreg enga dul á það, að ég álít, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hefði átt að bregða fyrr við og reyna að efna til þess, að þessi tæki yrðu keypt til landsins. En ytri skilyrði voru ýmis mjög svo öndverð, þannig að ekki varð af þessu fyrr en á árinu 1969, að ákvarðanir eru teknar, og í kjölfarið fylgdu þeir samningar, sem gerðir voru um kaup á samtals 17 skipum af þessari tegund í tíð fyrrv. ríkisstj.

Eftir umsögn Þjóðviljans hefur hæstv. sjútvrh. orðað það svo á ráðstefnu Alþb.-manna, að atvinnuleysinu, sem viðreisnarstjórnin lét viðgangast, hefði verið útrýmt. Sem betur fer er atvinnuleysi ekki ríkjandi í þessu þjóðfélagi. En þetta orðaval, að atvinnuleysinu, sem viðreisnarstjórnin lét viðgangast, hafi verið útrýmt, er með þeim hætti, að því verður ekki látið ómótmælt. Eða hvað segja hæstv. félmrh. og hv. þm. Björn Jónsson, forseti A. S. Í., um það, að fyrrv. ríkisstj. hafi látið atvinnuleysi viðgangast? Hvaða dóm vilja þeir kveða upp úr um það? Sannleikurinn er sá, að þau stóráföll, sem við urðum fyrir á árunum 1967 og 1968 og allt fram á árið 1969 voru með þeim hætti, að ekkert er saman við að jafna. Og það var með algerum ólíkindum, að takast skyldi að vinna bug á hinu alvarlega og gífurlega atvinnuleysi, sem varð þá í landinu. Og það hefur aldrei verið brugðið myndarlegar við til þess að vinna bug á þessum ógnarvanda, en það er vitaskuld einhver mesti vandi og hörmulegast, þegar atvinnuleysi heldur innreið sína í einu þjóðfélagi. Ég vil minna á stofnun atvinnumálanefndanna, sem urðu til gífurlegrar hjálpar við að útrýma atvinnuleysinu, og það er stærsta átak, sem hefur verið gert, sem ég a. m. k. þekki til, í þeim efnum. Og ég vil minna hæstv. sjútvrh. á, að það var ekki hvað sízt til mikillar uppörvunar og til viðreisnar atvinnulífi á Austurlandi, sem þessar aðgerðir með stofnun atvinnumálanefndanna urðu. Mér er nær að halda, að það hefði haft meiri þýðingu og meiri áhrif til uppbyggingar eftir hin miklu áföll, sem þar urðu vegna þess, að síldin hvarf af miðunum. Nei, það skal hafa það, sem sannara reynist, og í þessari fullyrðingu um, að viðreisnarstjórnin hafi látið atvinnuleysið viðgangast í þjóðfélaginu, er svo farið með staðreyndir, að það getur ekki staðið, án þess að því verði harkalega mótmælt, enda má færa að því skýr rök, að þetta er alrangt.

Ég nefndi þetta sérstaklega varðandi togaruppbygginguna af því, að þessar staðreyndir liggja nú til málsins. Það er mjög haft í orði af þeim hv. stjórnarsinnum, að efnahagsvandinn, sem nú er við að glíma, stafi af aflabresti. Ég vil minna á, að það var sér í lagi Dagblaðið Tíminn og þeir framsóknarmenn, sem héldu því statt og stöðugt fram á miklum áfallaárum okkar, að þetta væri svo sem ekkert sérstakt, sem þar væri á ferðinni varðandi aflabrestinn og lækkun útflutningsafurða okkar þá. En nú er reynt að halda því að fólki, að aflabrestur sé ein höfuðorsök þess efnahagsvanda, sem nú blasir við. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi. Að vísu hefur þorskaflinn minnkað nokkuð, og það er mjög alvarlegt út af fyrir sig. En að það eigi einhvern verulegan þátt, einhvern snarasta þáttinn í þeim örðugleikum, sem nú er við að etja, það er fjarri öllu lagi, og má m. a. benda á það, að nú hefur verð á t. d. fiskmjöli hækkað svo mikið, að það slagar nokkuð upp í það, að vega upp á móti þessum aflabresti, sem um er talað. Það eru náttúrlega rök, sem eru haldlaus, að ætla að fara að halda því fram, að aflabrestur nú sé orsök þess efnahagsvanda, sem við er að glíma. Sá vandi er allur heimatilbúinn, og eins og þetta fjárlagafrv., sem hér er til umr., ber með sér, þá vantar þar í allt, þannig að menn geti af því markað, hver stefna hæstv. núv. ríkisstj. er í þessum málum og hvernig hún ætlar að bregðast við vandanum. Mála sannast er það, að fjárlagafrv. er höfuðlaust og hleypur nú sennilega í heita pyttinn hjá hæstv. fjmrh.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. ræddi nokkuð í frumræðu sinni og reyndar í svarræðu einnig um þær breytingar á skattalögunum, sem gerðar voru á síðasta Alþ. Það var bersýnilega afsökunarhreimur í röddinni, og það

var ekki laust við, að hæstv. fjmrh. skammaðist sín fyrir þátttöku sína í þeirri skattalagabreytingu. Mig furðar ekki á því, og það er þó virðingarvert að finna þá tilfinningu í málflutningi hæstv. ráðh. Hann nefndi tvær ástæður aðallega, sem hefðu gert það að verkum, að nauðsynlegt væri að breyta skattalögunum á síðasta þingi. Það var annars vegar breyting á almannatryggingalögunum og hins vegar breytt verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga. Nú skal ég ekki draga úr nauðsyn þess að breyta skattalögunum, og fyrrv. ríkisstj. hafði það verkefni með höndum og hafði þegar skipað nefnd manna til að fjalla um heildarendurskoðun skattalaganna. En það gefur að skilja, að slík endurskoðun er mikið og vandasamt verk, og vanda ber setningu nýrra skattalaga. Á þetta benti stjórnarandstaðan á síðasta þingi og varaði núv. hæst. ríkisstj. við að hefja í fljótræði breytingu á skattalögunum, sem ekki sæist fyrir endann á, hvaða áhrif hefði. Þessum aðvörunum sinnti núv. ríkisstj. ekki. En nú segir hæstv. fjmrh.: Það er ekki að að furða, þegar fljótt er gengið að verki, að eitthvað mistakist.

Við skulum líta á það, að sú breyting, sem gerð var á almannatryggingalögum, var fyrst og fremst fólgin í því að þessu leyti, sem snertir skattalögin, að kostnaðarþátttöku var breytt. Annars vegar var niður felld kostnaðarþátttaka einstaklinga, bæði í lífeyristryggingum og sjúkratryggingum, og hins vegar var felld niður þátttaka sveitarfélaga í lífeyristryggingum og helminguð í sjúkratryggingum. Þetta út af fyrir sig þurfti ekki að hafa mjög miklar breytingar á skattlögunum í för með sér. Það var unnt að breyta þeim með tilliti til þess, hvaða áhrif þessar tilteknu breytingar höfðu. Á sama veg er að segja um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þótt það sé skoðað út af fyrir sig spor í rétta átt að létta löggæzlukostnaði af sveitarfélögum og þátttöku þeirra í lífeyristryggingum og minnka þátttöku þeirra í sjúkratryggingum, þá var unnt með tilfærslu tekjustofna á milli ríkisins og sveitarfélaga að gera þennan mun bærilegan fyrir hvort tveggja, ríkið og sveitarfélög. Niðurfelling persónuskattanna, sem er raunar eina ástæðan, sem hæstv. ráðh. gat um sem nauðsyn hinnar fljótræðislegu breytingar á skattal., hefði þess vegna vel getað komizt í framkvæmd án þeirra mistaka, sem raun ber vitni um að hafa orðið við setningu nýrra skattalaga. Það er að vísu hægt að hrósa sér af því, að námsmenn þurfi ekki að greiða persónuskatta, og tiunda ávinning þeirra í þeim efnum, en þó ekki nema að takmörkuðu leyti, vegna þess að námsmenn, sem hafa einhverja verulega sumaratvinnu, þeir sem mest þurfa á því að halda og leggja sig mest fram um að fá slíka atvinnu, eru fljótt komnir í útsvarsgreiðslur til sveitarfélags sins, sem slaga hátt upp í persónuskatta, vegna þess að það er lagt á brúttótekjur, og elli- og örorkulífeyrisþegar, sem ekki greiddu persónuskatta áður, verða núna fyrr en ella að greiða útsvör af tekjum sínum, sem þó ná ekki þurftartekjum, þannig að þessir hópar manna í þjóðfélaginu, sem við getum vel verið sammála um, að sízt eigi að vera skattstofn eða tekjustofn fyrir hið opinbera, hafa ekki unnið við þessa breytingu í heild. Að svo litlu leyti sem námsmenn kunna að vera betur staddir að þessu leyti, þá eru elli- og örorkulífeyrisþegar miklum mun verr staddir. Skattatilfærsla milli þessara hópa manna er þess vegna algerlega út í hött, sérstaklega þegar hún er með þeim heildarárangri, að skattþunginn leggst mjög þyngjandi á ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, og ég efast um það, að námsmenn séu fegnir þeim skiptum, þegar þeir líta á málin í heild.

Það var spurt af hálfu hæstv. fjmrh.: Hugsið ykkur, ágætu alþm., hvað hefði nú skeð, hefðu skattalög fyrrverandi ríkisstj. gilt. — Jú, hann tiundaði 3 atriði, sem hefðu nú komizt í framkvæmd og hefðu orðið til þess, að því er manni skildist, að steypa öllu um koll. Hver voru þessi mikilvægu og þungbæru atriði? Jú, það var í fyrsta lagi og á það lagði hæstv. fjmrh. megináherzlu, að í skattalöggjöf viðreisnarstjórnarinnar hefðu hjón átt að fá skattfrjálsar í tekjuskattsálagningu 60 þús. kr. í hlutabréfaarði. Þetta var talið voðalegt af hálfu hæstv. fjmrh., og það mundi sennilega verða til þess, að fjárhag ríkissjóðs yrði stefnt í beinan voða, annað varð ekki skilið á hæstv. ráðherra. En hann gat ekki um það, að þetta skattfrelsi var skilyrðum bundið. Þetta skattfrelsi var þeim skilyrðum bundið, að þetta væri hlutabréfaeign í opnu hlutafélagi, sem þurfti sjálft að uppfylla ákveðin skilyrði. Hann gat ekki um það, að þessi arðgreiðsla jafngilti því, að hámarksarður fáist af 600 þús. kr. hlutabréfaeign fyrir hjón og 300 þús. kr. hlutabréfaeign fyrir einstakling, þ. e. a. s. í lögunum var hámark um 10% arðgreiðslu, sem frádráttarbær sé hjá félagi. Hann gat ekki heldur um það, að tilsvarandi ákvæði um skattfrelsi sparifjár eru að því er varðar kaup á spariskírteinum ríkissjóðs og að því er snertir innlánsfé í opinberum lánastofnunum. Það, sem hér var verið að leitast við að gera, var að örva sparnað í þjóðfélaginu, sparnað í ákveðinni mynd, í mynd framlagningar áhættufjármagns, vegna þess að hlutafé er áhættufé. Þar sem aftur spariskírteinin eru með ríkissjóðsábyrgð og innlánsfé í opinberum lánastofnunum er með ríkisábyrgð, þá er hlutafé á ábyrgð hlutafélagsins sjálfs og þess, sem leggur það fram, hlutafjáreigandans. Hann getur tapað því, en hann getur líka fengið arð af því, ef vel gengur, og þá átti að vera þessi möguleiki til skattfrelsis.

Við erum að tala hér um að byggja upp atvinnutæki landsmanna og atvinnuvegi landsmanna, búa þeim ný atvinnutæki. Við erum að tala hér um togarakaup. Við erum að tala um nauðsyn þess að vélvæða iðnaðinn í landinu og auka útflutning hans. En til þess að svo megi verða, verður fjármagnsmyndun í atvinnuvegum landsmanna að aukast með sparnaði landsmanna, framlagi þeirra sjálfra.

Annað atriði, sem var nefnt af hálfu hæstv. fjmrh. sem sönnun þess, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði unnið þarft verk, þegar hún breytti skattalöggjöf viðreisnarstjórnarinnar, var, að breytt hefði verið fyrningarreglum fyrirtækja og þannig komið í veg fyrir skattleysi fyrirtækja, eins og hann nefndi það. Hér mun átt við sérstaklega flýtifyrningarákvæði, sem í gildi var í skattalögum viðreisnarstjórnarinnar.

Þessari flýtifyrningu var þannig háttað, að það var á valdi stjórnenda fyrirtækjanna sjálfra að ákveða, hvenær flýtifyrningin yrði notuð, og það þá auðvitað eftir afkomu fyrirtækisins í hvert skipti. Það var ekki um það að ræða, að þessi fyrirtæki yrðu skattlaus. Þegar til fleiri ára yrði litið, myndu þau í heild greiða sömu upphæð í skatt og þau mundu gera án slíkrar flýtifyrningarheimildar. Það er ekki um það að efast, að það er nauðsynlegt fyrir fyrirtækin og atvinnuvegina að fyrna atvinnutækin, vélar og skip og annað, sem nýtt er til atvinnurekstrarins, og í mörgum tilvikum byggjast batnandi horfur á afkomu atvinnuveganna á því, að unnt sé að endurnýja vélakost og skipakost atvinnuveganna svo ört, að ný atvinnutæki séu ávallt í notkun, sem skili hámarksarði. Þessi grundvöllur fæst ekki, nema skattalög geri ráð fyrir fyrningarreglum, sem fullnægi þessum kröfum. Ef við viljum búa atvinnuvegi okkar fullkomnustu tækjum samkvæmt nýjustu tækni, þá er nauðsynlegt að búa svo í haginn, að þau geti fyrnt sín tæki. Ef við lítum svo á, að hér sé um skilyrði að ræða til þess, að atvinnuvegirnir skili hámarksarði, þá er þetta grundvöllur þess, að þeir geti greitt hærra kaup, þegar til lengdar lætur, og þess vegna grundvöllur batnandi lífskjara í landinu, grundvöllur fyrir batnandi hag allra í landinu.

Þriðja atriðið, sem hæstv. fjmrh. nefndi, var að eignaskattur mundi algerlega hafa fallið niður. Hér var um algerar ýkjur að ræða hjá hæstv. ráðh. En ef við lítum á eignarskattinn, þá er hann samtals hjá einstaklingum og félögum í Reykjavík um 165 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þess vegna er fjárvöntun hjá ríkissjóði nú ekki borgið með þeirri upphæð, eins og ég skal seinna víkja að, þegar ég kem að fjárvöntun þeirri, sem þetta fjárlagafrv. sýnir okkur alþm. fram á, að fyrir hendi er.

Þessi þrjú dæmi, sem hæstv. fjmrh. nefndi um það, hvað hann hefði forðað þjóðinni frá slæmum skattalögum, eru öll sönnun um það illa verk, sem hæstv. ráðh. stóð fyrir, þegar hann breytti skattalöggjöf viðreistnarstjórnar, vegna þess að þau atriði, sem hann nefnir, eru skilyrði og grundvöllur fyrir blómlegum rekstri atvinnuveganna í landinu, sem einn getur skapað skilyrði fyrir góðum hag allra landsmanna.

En þá kom hann að því, hæstv. ráðh., að hrósa sér af því, að hin nýju skattalög hefðu verið breyting til batnaðar á hag sveitarfélaganna. Ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að tilfæra hér ályktun, sem Samband ísl. sveitarfélaga samþykkti í janúar 1972. Eftir að sambandið í upphafsorðum sínum telur, að hin breytta tekjustofnaskipting og útgjaldaskipting milli ríkis og sveitarfélaga, sem hin nýju skattalög og tekjustofnalög hafa í för með sér, sé til bóta að því er kerfið snertir og að því er verkaskiptingu snertir, þá heldur fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga áfram og segir svo, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið telur, að tekjustofnakerfi það, sem í frv. felst, gefi alls ekki nægilegt svigrúm til tekjuöflunar. Miðað við svipaða nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og á síðasta ári virðist samkvæmt upplýsingum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri aðila vanta talsvert til, að heildartekjur sveitarfélaga verði þær sömu samkvæmt lagafrv. á þessu ári og þær hefðu orðið samkvæmt gildandi lögum og álagningareglum sveitarfélaga á síðasta ári, og er þó tekið fullt tillit til lækkunar útgjalda sveitarfélaga. Ljóst er, að tekjustofnar skv. frv. fullnægja tekjuþörf margra sveitarfélaga, sérstaklega sveitarhreppa. Hins vegar er ljóst, að mörg þéttbýlissveitarfélög verða að nýta alla tekjuöflunarmöguleika með öllum álagsheimildum, sem frv. felur í sér, eigi þau að ná sömu eða svipuðum tekjum og þau hefðu náð skv. gildandi lögum. Nokkur sveitarfélög virðast alls ekki ná saman endum."

Hér segir fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga berum orðum í janúarmánuði 1972, eða nokkrum vikum jafnvel mánuðum áður en skattalögin og tekjustofnalögin voru samþykkt hér á þingi, að það sé óhjákvæmilegt fyrir mörg sveitarfélög landsins að nýta alla tekjuöflunarmöguleika með öllum álagsheimildum, sem frv. felur í sér, eigi þau að ná sömu eða svipuðum tekjum og þau hefðu náð samkvæmt gildandi lögum.

Síðan segir hæstv. fjmrh., að það hafi komið sér á óvart, að Reykjavíkurborg hafi þurft að nýta þessar álagsheimildir, þegar sjálfur fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga hafði aðvarað hann og stjórnarliðið um, að þetta mundi verða afleiðing af samþykkt hinna nýju skatta- og tekjustofnalaga. Hann lét að því liggja, hæstv. fjmrh., að þetta hefði eiginlega verið herkænskubragð hjá Reykjavíkurborg og meiri hlutanum í Reykjavík gegn núverandi hæstv. ríkisstj. Ég vil biðja hann um að beina orðum sínum til framsóknarmannanna, sem stóðu að þessum sömu aðgerðum í þeim sveitarfélögum, þar sem þeir réðu, af nauðsyn einni saman auðvitað. Hann gæti spjallað við framsóknarmennina, t. d. á Akureyri, í Vestmannaeyjum, í Hafnarfirði, Kópavogi og Keflavík, sömuleiðis á Ísafirði og Sauðárkróki, þar sem nýttar voru heimildir um 50% álag á fasteignaskatta. Ég vil þess vegna gjarnan biðja hæstv. fjmrh. að snúa sér til þessara flokksbræðra sinna og segja við þá: „Gerðuð þið þetta, ágætu flokksbræður og flokkssystkini, af óvild til núv. ríkisstj., eða gerðuð þið þetta af nauðsyn ykkar sveitarfélaga?" Hvaða svar heldur hæstv. ráðh, að hann fái? Ég býst við því, að hann geri sér það alveg í hugarlund. Þessir menn gerðu það vegna þess, að þeir voru neyddir til þess, og á sama hátt gerði meiri hluti borgarstjórnar í Reykjavík að samþykkja álag á fasteignaskatta og útsvör, af því að borgarstjórn var neydd til þess.

Það var ríkisstj., sem neyddi borgarstjórnina til þessarar skattheimtu. Það var ríkistj., sem sendi reikning til Reykvíkinga og annarra íbúa sveitarfélaga í landinu. Og það er reyndar fróðlegt að taka eftir orðalagi hæstv. ráðh., þegar hann segir, að það hafi verið nauðsynlegt að breyta tekjustofnalögum sveitarfélaga, vegna þess að aðstöðumunur sveitarfélaga fór vaxandi. Þéttbýlu sveitarfélögin höfðu það of

gott, Reykjavík hafði það of gott. Nú skal ég vissulega ekki draga úr þörf dreifbýlissveitarfélaganna fyrir betri tekjustofna. En í þessum orðum hæstv. fjmrh. kom það fram, sem dregið var í efa, þegar ég lét þá skoðun í ljós á s. l. vetri við afgreiðslu skattal. og tekjustofnal., að hér væri um að ræða aðför ríkisstj. á hendur Reykvíkingum. Hæstv. fjmrh. hefur með orðuð sínum hér á Alþingi nú í haust staðfest, að þetta var í raun og veru, í það minnsta kærkomið tilefni til breytinganna, svo að ég kveði ekki sterkar að orði.

En hvernig er svo aðstöðumunur strjálbýlissveitarfélaganna og hinna fámennu sveitarfélaga bættur? Hann er einmitt bættur á þann hátt, að það er lögð aukin skattbyrði á hina lægst launuðu. Það er 10% tekjuútsvar á brúttótekjur við hina lægstu tekjuviðmiðun, 50 þús. kr. á einstakling, sem gerir það að verkum, að hin strjálbýlu sveitarfélög og kauptúnahreppar fá meira í sinn hlut. En þetta er ekki heilbrigður tekjustofn, að niðast á hinum tekjulægstu til þess að bæta hag þessara sveitarfélaga. Og það er mikið vandamál núna fyrir hin ýmsu sveitarfélög að haga svo framkvæmd hinna nýju tekjustofnalaga, að ekki sé fullkomið ranglæti á ferðinni, einmitt gagnvart t. d. sérstaklega elli- og örorkulífeyrisþegum, og það jafnvel þótt öll eða flest sveitarfélög landsins leggi ekki á elli- eða örorkulífeyri. Elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa ekki að hafa nema örfáa tugi þúsunda í tekjur umfram það til þess að komast í skattgreiðslur til hins opinbera.

Hæstv. ráðh. sagði, að Reykjavíkurborg hefði milli umræðna um fjárhagsáætlun sína hækkað hana um meira en 200 millj. kr. bara til þess að geta sýnt af illvilja sínum, hvað ríkisstj. væri vond. (Gripið fram í). Það má draga ályktanir af orðum hæstv. fjmrh., hver var tilgangur hans með því að tilfæra þessa tölu. Það var verið að gefa í skyn, að þessi hækkun væri að nauðsynjalausu, og nauðsynjaleysið skapaði að þessu leyti þá ályktun hjá áheyrendum, að borgarstjórnin væri að gera þetta til þess að koma höggi á ríkisstj. Það að koma höggi á ríkisstj. að nauðsynjalausu eða tilefnislausu er illvilji, en það er að vísu rétt, að það þarf ekki illvilja til að koma höggi á ríkisstj., vegna þess að hún hefur sjálf gefið mikil og mörg tilefni til þess. Út af þessum ummælum hæstv. fjmrh. um, að Reykjavíkurborg hefði að nauðsynjalausu hækkað fjárhagsáætlun sína um 200 millj. kr. til þess að koma höggi á ríkisstj., þá held ég, að ég verði að þreyta hv. alþm. á því, í hverju þessar 200 millj. kr. voru fólgnar. Ég geri mér að vísu grein fyrir því, að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er hér ekki til umræðu, en sé mig þó knúinn til þess að tíunda þetta, svo að það sjáist, hver nauðsyn bar til þessarar hækkunar og af hvers völdum þessi hækkun var til komin.

Þessi hækkun er fólgin í styrk til Sumargjafar, sem sér um rekstur barna- og dagheimila, upp á 11.4 millj., og að mestu leyti var hér um að ræða hækkun framlags vegna þess, að stjórnvöld vildu ekki samþykkja till. félagsins sjálfs um ákvörðun vistgjalda. Það voru í öðru lagi launahækkanir borgarsjóðs í samræmi við samninga við verkalýðsfélögin í desember 1971, kjaradóm í marz 1972 og kaupgjaldsvísitöluhækkun frá desember 1971—1972, samtals að upphæð 52.4 millj. kr. Það voru í þriðja lagi aðrar rekstrarhækkanir, en frv. að fjárhagsáætluninni var samið í nóvember, en áætlunin afgreidd í apríl. Á þessu tímabili urðu hækkanir, eins og kunnugt er, og voru þær metnar á aðra útgjaldaliði en laun 10% og námu 65 millj. kr. Það var hækkun til iðnskólabyggingar til þess að mæta fjárframlagi ríkissjóðs, 6.5 millj. Það var framlag til byggingarsjóðs til þess að mæta framlagi ríkissjóðs, 8.2 millj. Það var vegna hækkunar á byggingarvísitölu frá því í des. 1971 til afgreiðslu fjárhagsáætlunar, 24 millj. kr., vegna þess að borgin er samningsbundin í útboðsverkum við greiðslu hækkunar á samningsverkum samkvæmt byggingarvísitölu. Það var í sjöunda lagi hækkun til framkvæmdasjóðs um 27 millj. kr. vegna togarakaupanna. Og það var í áttunda lagi hækkun á framlagi til Strætisvagna Reykjavíkur um 20 millj. kr., að mestu leyti vegna þess, að fyrirtækið fékk ekki samþykkta umbeðna hækkun á fargjöldum. Allir þessir liðir, hver og einn einasti, nema e. t. v. framlagið til togarakaupa, eru til komnir vegna aðgerða ríkisvaldsins sjálfs, eiga rætur að rekja til kostnaðarh., sem hafa orðið á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj., eða eru beinlínis komnar af því, að ríkisstj. hefur sagt við borgarstjórn: Fyrirtækin mega ekki láta borgarana og notendurna greiða hærra verð, vegna þess að þá fer það í vísitöluna, heldur verður borgarsjóður að borga upphætur til fyrirtækjanna, vegna þess að þá fer það ekki í vísitöluna. — Í báðum tilvikum auðvitað eru borgararnir látnir greiða, þ. e. a. s. þessi 200 millj. kr. hækkun skrifast á reikning ríkisstj. eða er réttara sagt reikningur ríkisstj. til Reykvíkinga allra.

Ég vil í framhaldi af þessu enn fremur geta þess, að innifalin í þessari kostnaðarhækkun er ekki hækkun á kaupgjaldsvísitölu úr 109 í 117 stig eða hækkun á byggingarvísitölu, eins og sennna hefur til komið, hækkanir, sem beint og óbeint má rekja til aðgerða núv. ríkisstj.

Það er ástæða til þess í framhaldi af þessum orðum mínum að fara nokkrum orðum um það, hver á sök á þyngingu skattbyrðarinnar á einstaklingum. Það var að vísu umdeilt atriði hér á Alþingi í fyrravetur, hvort um þyngingu skattbyrðar á einstaklingum væri að ræða eða ekki með hinum nýju skattalögum ríkisstj. Ég held, að hér sé það ekki lengur til umr. Ég held, að stjórnarliðar hafi algerlega gefizt upp og þeir játi það sjálfir, að um verulega þyngingu skattbyrðar hafi verið að ræða með tilkomu nýju skattalaganna. Það var á hæstv. fjmrh. að heyra, að hækkun skattbyrðarinnar hafi ekki verið ríkinu að kenna eða aðgerðum hæstv. núv. ríkisstj., heldur væri hækkunin í raun og veru fólgin í hækkuðum álögum frá sveitarfélögunum. Mig langar nú að gefnu þessu tilefni að benda hæstv. fjmrh. á, hvernig samanburður á heildarskattainnheimtu á einstakling í Reykjavík 1971 og 1972 kemur út. Það er talið, að brúttótekjur einstaklinga í Reykja-

vík hafi hækkað á milli þessara ára um 28.4%, en nettótekjur hafi hækkað milli þessara sömu ára um 26.5%. Þetta er sá skattstofn, sem um er að ræða. Tekjuskattar einstaklinga í Reykjavík jukust um 206% á milli þessara ára. Tekjuútsvör einstaklinga í Reykjavík hækkuðu um 14.9%. Ég er sammála hæstv. fjmrh., ef hann segir, að þetta sé ekki öll myndin. Við skulum taka þá, hvernig tekjuskattar í heild, bæði tekjuskattar til ríkis og tekjuútsvör til borgarinnar, hafa hækkað, og þeir hafa hækkað um 80.21%, þegar brúttótekjur hækka um 28.4 og nettótekjur um 26.5%. Mér finnst sanngjarnt til þess að bæta myndina fyrir hæstv. fjmrh. að taka persónuskattana, sem álagðir voru 1971, með í myndina. Þá kemur það út, að skattbyrðin hefur aukizt um 41.12% á milli ára. Ef við nú bætum fasteignasköttunum líka inn í myndina og teljum að fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði heyri til einstaklingum, þá hefur skattbyrðin milli ára aukizt um 49.24%, þegar nettótekjuaukning einstaklinga í Reykjavík á milli þessara ára er 26.5%. Þetta er það, sem máli skiptir að því er varðar skattbyrðina í heild sinni, skattbyrði einstaklinga. Ég endurtek: hún eykst um 49.24%, þegar nettótekjuaukningin eykst um 26.5%.

Það er alveg ótvírætt, að skattbyrðin hefur stórþyngzt á milli þessara ára einmitt vegna tilverknaðar hinna nýju skatta- og tekjustofnalaga. En þá er hin spurningin: Hver hefur stuðlað að þessari þyngingu skattbyrðanna? Hvorum er um að kenna? Er það ríkisstj., eða er það Reykjavíkurborg? Ef við tökum annars vegar inn í þetta dæmi tekjuskatta einstaklinga og tökum tillit til persónuskatta þeirra 1971, þá er álagningartala þessara skatta 1971 965 millj. kr., en tekjuskattar einstaklingsins á yfirstandandi ári eru 1637 millj. kr. Það er hækkun um 70%. Ef við tökum svo aftur af borgarinnar hálfu til greina útsvörin 1971 og fasteignaskattana þá, þá er það upphæð, sem nemur 1072 millj. kr. Ef við tökum sömu skatta árið 1972, þá er það upphæð, sem nemur 1403 millj. kr. eða hækkun um 31%.

Mér þykir fyrir því að þurfa þannig að gera grein fyrir því, að skattbyrði Reykjavíkurborgar hefur aukizt um 31%, þegar nettótekjuaukning einstaklinga í Reykjavík milli þessara ára hefur aðeins aukizt um 26.5%. En hvað er það á móti þyngingu skattbyrðar af hálfu ríkisins, sem er 70%, þegar nettótekjuaukning einstaklinga í Reykjavík milli þessara ára er 26.5%? Ég held, að það fari ekki hér eftir á milli mála, að um mikla aukningu skattbyrðarinnar hefur verið að ræða og að sú aukning hefur komið fram af hálfu ríkisins. Og nefndi hæstv. fjmrh. það sem sína afsökun, að af sveitarfélögunum hafi verið létt útgjöldum eins og þátttöku í sjúkratryggingum, lífeyristryggingum og löggæzlu, þá má minna hann á um leið, að af sveitarfélögum hefur verið tekið allt eignarútsvar, bæði einstaklinga og félaga, og tekjuútsvör félaga að öllu leyti, sem nema hærri upphæðum heldur en nokkurn tíma afnám þessara útgjalda sveitarfélaga. Það er líka einsdæmi, að ríkisstj. hafi þurft svo skömmu eftir setningu skattalaga að gefa út brbl. til þess að sníða verstu agnúana af þeim. Það var að vísu gleðilegt, að ríkisstj. sinnti áskorun miðstjórnar Sjálfstfl. um nauðsyn slíkrar útgáfu brbl. Það verður þó að segjast eins og er, að þau eru hvergi nærri fullnægjandi, og verður nánar að því vikið, þegar það frv. kemur fram hér á Alþ.

Það hefur borið hér á góma, að skattamálin væru hér í framhaldsendurskoðun, og það er í raun og veru eina afsökunin, sú eina vörn, sem núv. hæstv. ríkisstj. eða málsvarar hennar hafa, þegar á skattamálin er minnzt opinberlega, að menn skyldu nú athuga það, að þau væru í framhaldsendurskoðun og þetta væri ekki sú hin endanlega mynd, sem þau mundu taka á sig. En hér hefur verið spurt um það fyrr í dag, hvort hinar nýju hugmyndir um skattalöggjöf kæmu fram á þessu þingi, og hæstv. fjmrh. hefur engin loforð gefið um það. Brennt barn forðast eldinn, og það er e. t. v. ekkert við því að segja, að hæstv. fjmrh. fari varlegar í þessum efnum en hann gerði í upphafi. En hins vegar verður að segja hverja sögu eins og hún er, að það er algerlega óviðunandi að gera ekki nokkrar breytingar á gildandi skattalöggjöf nú þegar á þessu þingi. Og þá á ég við annað og meira en þau brbl., sem ríkisstj. neyddist til að gefa út að áskorun Sjálfstæðisfl. og vegna almennrar reiðiöldu elli- og örorkulífeyrisþega. Það eru fleiri en þeir, sem hafa orðið fyrir barðinu á hinni nýju skattalöggjöf. Sannleikurinn er sá, að hún kemur mjög óréttlátlega almennt niður, og þess vegna er brýn nauðsyn, að hún verði leiðrétt. En reynslan af hinni nýju skattalöggjöf hefur þó orðið til eins, að nú hafa velflestir formælendur stjórnarflokkanna loks tekið undir það sjónarmið Sjálfstfl., að ekki verði gengið lengra á braut beinna skatta. Þeir hafa gert sér ljósa grein fyrir því, að lengra á þeirri braut verður ekki gengið. Það er að vísu svo, að þeim er trúandi til margs, en ég vonast til þess, að þeir breyti ekki þessari skoðun sinni, sem þeir að vísu segja nú til þess að stilla fylgismenn sína og eyða óánægju þeirra um skattalöggjöfina.

Það er svo, að með hinni nýju skattalöggjöf hefur ríkisvaldið látið sveitarfélögunum í té tekjustofn, þar sem fasteignirnar eru. En þessi tekjustofn er auðvitað mjög takmarkaður, og það er nauðsynlegt að fara mjög hóflega í fasteignaskatta. Ríkisstj. gaf sveitarfélögum landsins ekkert valfrelsi um það, hvernig farið yrði í þessa fasteignaskatta. Hún neyddi sveitarfélögin til þess þegar í upphafi að fara í hámark þrátt fyrir aðvaranir Sambands ísl. sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga. En þegar svo er komið, þá er ljóst, að það er nauðsynlegt að koma föstu horfi á fasteignamat í landinu. Fyrrv. hæstv. fjmrh. hafði undirbúið löggjöf um þennan þátt málsins. Okkur er öllum kunnugt, hv. alþm., að miklum fjármunum hefur verið varið í gerð fasteignamatsins sjálfs, og það hefur jafnvel verið gagnrýnt, hve háar fjárupphæðir hafa farið í þá miklu vinnu, sem bundin er í fasteignamatinu. En ég tel, að í því sé fólgin mjög verðmæt vinna, ýmsar upplýsingar, sem koma að góðu haldi, ekki eingöngu til þess að skattleggja, ekki eingöngu til þess

að ná peningum af fasteignaeigendum, heldur og til þess að miða stefnu hins opinbera í t. d. húsnæðismálum, almennt í byggingarmálum, jafnvel í skipulagsmálum, svo að nokkur atriði séu nefnd. Og bæði vegna þess, að hér er um skattstofn að ræða, og vegna hins félagslega gildis, sem fasteignamatið hefur, þá er nauðsynlegt, að fasteignamatinu sé haldið vel við og þeim fjármunum, sem í það hafa farið, ekki kastað á glæ. Nú er mikil hætta á því, vegna þess að fasteignamatið miðast við 1. jan. 1970 og enn hefur ekki birzt neitt um það, hverjar eru till. hæstv. ríkisstj. um það, hvernig þessum málum skuli háttað í framtíðinni, hvernig haldið skuli við þessu fasteignamati eða unnið að endurnýjun þess. Ég vil þess vegna skora á hæstv. fjmrh. hið fyrsta að birta till. sínar í þessum efnum. Á honum hvílir sú skylda.

Áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, kemst ég ekki hjá því með nokkrum orðum að draga upp e. t. v. of einfalda mynd af þeim vanda, sem við blasir, ef dæma má af fjárlagafrv., eða réttara sagt, ef dæma má af því, sem ekki birtist í fjárlagafrv. Ég bið hæstv. fjmrh. og aðra hæstv. ráðh. eða aðra hv. þm., sem betur vita, að leiðrétta mig, ef ég fer hér ekki með rétt mál eða einhverjar þær upplýsingar eru fyrir hendi, sem aðrar eru en þær ályktanir, sem ég hef dregið. Þær ályktanir, sem ég hef dregið, byggi ég á umr., sem hér hafa farið fram í þingsölunum um þetta frv., sem og umr., sem fram fóru í útvarpinu vegna stefnuræðu hæstv. forsrh. Það blasir þá fyrst við, að til þess að heildarmynd þess vanda, sem við er að glíma, sé til staðar, þá skortir 1000 millj. kr., ef við viljum halda kaupgreiðsluvísitölunni í 117 stigum og halda áfram hinni svokölluðu tímabundnu verðstöðvun, sem núv. hæst. ríkisstj. kom á rétt fyrir ársafmæli sitt nú í sumar. Í öðru lagi blasir við, ef við viljum halda 15% hækkun fiskverðs, sem ákveðið var 1. okt. s. l., allt næst ár og bæta útveginum, sjómönnum og sjávarvinnslunni, þá fjármuni, sem nauðsynlegir eru, þá blasir við vöntun, sem nemur öðrum 1000 millj. kr.

Í þriðja lagi hefur það verið talið liggja fyrir, að vísitalan mundi hækka um 5—7 stig um næstu áramót. Ef við tækjum það ráð, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert í bili með hina tímabundnu verðstöðvun, að borga þau niður, þá mundi ekki vera langt í frá, að það mundi kosta ríkissjóð hina þriðju 1000 milli. kr. Og við höfum einnig heyrt það í fjórða lagi, að það séu líkur til þess, að útgjaldaaukning fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins, ef saman fer hækkun kaupgjalds og fiskverðs, nefnilega launa sjómanna 1. marz um 6%, þá muni það kosta sjávarútveginn 500 millj. kr. Þá höfum við hér fjárvöntun, sem nemur 3500 millj. kr. Þá er það haft fyrir satt í fimmta lagi, að framkvæmdaáætlunin, sem ekki hefur enn verið sýnd, muni leiða í ljós fjárskort, sem nemur ekki minna en 1000 millj. kr., og er þá ekki upplýst, hvort fjárskortur fiskveiðasjóðs er að fullu þar upptalinn, en yfirdráttur hans hjá Seðlabankanum nemur mörgum hundruðum millj. kr. nú þegar, og það er ekki upplýst, hvort fjárvöntun Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem nemur eitthvað um 300 millj. kr., er þar innifalin.

Ef þetta er vandinn, þá stöndum við frammi fyrir geysilegu vandamáli. Þetta fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir því, hvernig mæta skuli þessum vanda, ekki einum af þessum fimm atriðum, sem ég hér hef nefnt. Það er athyglisvert, að þessi núv. hæstv. ríkisstj., sem mest hefur barið sér á brjóst og talað um nauðsyn áætlunarbúskapar, hefur vanrækt að leggja fram þótt ekki væri nema drög að framkvæmdaáætlun með fjárlagafrv. því, sem nú er til umr. Hvar er fyrirhyggjan? Hvar er áætlunarbúskapur hæstv. ríkisstj.? Sannleikurinn er sá, að sennilega hefur henni ekki verið komið saman. Það veður allt á súðum, það skortir heildaryfirsýn yfir vandamálin og það skortir algerlega stefnu um samræmdar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru, þegar svo stendur á, sem raun ber vitni um. Að við skulum nú eftir eins og hálfs árs valdaferil ríkisstj. vera stödd, íslenzk þjóð, frammi fyrir svo geigvænlegum vanda, er næsta óskiljanlegt og ber vitni um ráðleysi og fálm og stjórnleysi núv. hæstv. ríkisstj. Á tímabili, þar sem verð á útflutningsafurðum okkar hefur verið stöðugt og hækkandi og aldrei verið hærra, þá er svo komið fyrir framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar, að þeir þurfa á styrk að halda. Og hvaðan er styrkurinn tekinn? Fyrst til að byrja með úr sjóðum, sem fyrrv. ríkisstj. var svo forsjál að vera búin að safna, þannig að núverandi hæstv. ríkisstj. á líf sitt í raun og veru undir þeim aðgerðum, sem fyrrv. ríkisstj. var svo forsjál að gera.

Hér hef ég aðeins talað um fjárþörf fiskiðnaðarins og sjávarútvegsins. En af því að við höfum nú heyrt talað um að gera iðnaðarvörur að 60% af útflutningi okkar á nokkrum næstu árum, þá er vert að íhuga það, að iðnaðaðurinn, sem hefur með myndarlegum hætti aukið útflutning sinn á síðustu árum, þarf ekki síður á styrk að halda, ef útflutningur hans á ekki að falla um sjálfan sig. Það er auðvitað nauðsynlegt að styrkja hann alveg eins og fiskiðnaðinn og útveginn. En hvar erum við þá staddir, Íslendingar, ef við erum í raun og veru að styrkja alla okkar atvinnuvegi? Erum við þá ekki komnir þangað, sem hæstv. ríkisstj. sagðist ekki undir neinum kringumstæðum vilja komast, þ. e. í gengisfellinguna? Sannleikurinn er sá, að gengisfelling er þegar orðin, sem nú í bili er dulbúin með styrkjum og uppbótum og niðurgreiðslum.

Hæstv. núv. ríkisstj. tók við blómlegu búi fyrir einu og hálfu ári. En á hálfu ári gerði hún annaðhvort, — ég skal ekki vera dómharðari en svo að segja annaðhvort að halda áfram stefnu eða eyðslu eða stofna til stefnu eða eyðslu á árinu 1971, sem leiddi til 4000 millj. kr. halla á viðskiptunum við útlönd. Þrátt fyrir þær auknu tekjur, sem aukinn innflutningur byggður á þessum halla á viðskiptunum við útlönd gaf ríkissjóði, þá varð halli á ríkisbúskapnum á fyrsta hálfa árinu, halli á ríkisbúskap, halli á þjóðarbúskap. Hvernig eru svo horfur um afkomu yfirstandandi árs? Engu betri. Það

er búizt við 4000 millj. kr. halla á viðskiptunum við útlönd. Og það er allt eins búizt við halla á ríkisbúskapnum. Nú skyldum við ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði haft tíma til þess að hugsa mál sitt og spyrnti við fótum og gerði einhverjar ráðstafanir til þess, að þessi þróun héldi ekki líka áfram á næsta ári. En hvað blasir þá við? Jú, innflutningur á að aukast um 14%, meðan aukning þjóðarframleiðslunnar er aðeins áætluð 4—5%. Það er enn á ný byggt á og stefnt að viðskiptahalla við útlönd, 4—5 þús. millj., og þessi viðskiptahalli við útlönd á að færa ríkissjóði tekur til að halda uppi áframhaldandi eyðslustefnu.

Það má kenna í bjósti um hæstv. fjmrh., því að tvær gagnstæðar tilfinningar hljóta að berjast um í huga hans þessa dagana. Annars vegar er það, að viðskiptahallinn við útlönd verði ekki alveg eins mikill á yfirstandandi ári og útlit er fyrir, að innflutningurinn verði ekki eins mkill og ráð var fyrir gert, svo að viðskiptahallinn verði minni. Hins vegar er það svo, að hann hlýtur að óska þess jafnframt, að innflutningurinn aukist, til þess að tolltekjur og innflutningsgjöld hækki og bæti hag ríkissjóðs. Hér er byggt á hreinni endaleysu. Og hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hljóta að gera sér grein fyrir því, að í þessu er engin framtíð og enginn grundvöllur fyrir íslenzka þjóð. Það er svo, að það má um ákveðinn, takmarkaðan tíma auka erlendar skuldir, en þegar byrðin af afborgunum og vöxtum er orðin svo há, að mikill hluti af þjóðartekjunum fer til þessarar greiðslu, þá er athafnafrelsi þjóðarinnar orðið skert og þá eru möguleikar hennar til þess að takast á við ný verkefni ekki fyrir hendi. Ég vek athygli á því, að þessi skuldasöfnun getur t. d. stefnt í voða fyrirætlunum okkar um stórvirkjanir hér á landi, sem eru brýn lífsnauðsyn. Við erum að ráðast í Sigölduvirkjun. Við erum um þessar mundir að leita fyrir okkur á erlendum markaði eftir erlendu láni til hennar. Það rýrir lánstraust okkar erlendis, þegar svona er haldið á málunum missiri eftir missiri og ár eftir ár.

Það kemur að skuldadögunum fyrir þessa ríkisstj. Hún verður að svara til saka fyrr eða seinna vegna atferlis síns og ráðleysis. Við skulum vona, að það verði fyrr en seinna, svo að unnt verði að takast á við vandamálin af alvöru og ábyrgðartilfinningu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur því miður skort.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil láta í ljósi ánægju mína yfir því, að þessi 1. umr. fjárl. um fjárlagafrv. hefur getað farið fram með þeim hætti, sem nú hefur orðið og eins og venja er, samkv. þingsköpum um lagafrv. En samkv. þingsköpum ber að ræða lagafrv. almennt við 1. umr., en þess hefur gefizt mjög takmarkaður kostur nú undanfarið um alllangt árabil; þegar 1. umr. hefur verið bundin í reglum útvarpsumr., eins og hv. þm. er kunnugt um.

Þessar umr. um fjárlagafrv. hafa nú staðið lengi, en ég held, að það blandist engum hugur um það, að þær hafa verið mjög málefnalegar, og það á báða bóga, bæði af hálfu talsmanns hæstv. ríkisstj. og talsmanna stjórnarandstöðu. Ég tel, að það hafi komið mjög margt fram í þessum umr., sem er mikils virði fyrir þm. að leiða hugann að og ekki síður fyrir hæstv. ríkisstj. Umr. hafa verið algerlega áreitnislausar. Hæstv. fjmrh. hefur leitt fram staðreyndir af sinni hálfu um meginatriði fjárlagafrv. og þm. hafa einnig dregið fram staðreyndir mála, sem í fjárlagafrv. er að finna og ekki síður þær, sem ekki eru í fjárlagafrv., en snerta engu að síður, og kannske á enn þá alvarlegri hátt, sjálfa fjárlagaafgreiðsluna.

Það hefur áður verið sagt í þessum umr., að botninn væri suður í Borgarfirði og ekki í neinni illri merkingu, en þetta er gamalt máltæki um það, sem er botnlaust, það, sem ekki er heil brú í, eins og stundum er sagt. Nýyrði svipaðrar meiningar úr herbúðum Framsfl. er, að eitthvað sé „opið í báða enda". Því miður er þetta fjárlagafrv. botnlaust, það er ekki heil brú í því, og það er opið í báða enda. Fyrir þessu hafa verið færðar afsakanir af hæstv. fjmrh., sem við skiljum. Það liggja ekki fyrir neinar till. í efnahagsmálunum. Stjórnin veit ekki, að hverju stefnir. Hæstv. forsrh. lýsir því yfir, að ríkisstj. sé að bíða, og verði að bíða, eftir því, að myndin skýrist, eftir valkostum frá valkostanefndinni, eða nefndinni alvitru, sem ég hef nú stundum kallað og ekki heldur í neinni illri merkingu, því að það eru ágætismenn í hinni svokölluðu valkostanefnd, eða hvað á að nefna hana. En til að finna orðum mínum stað um það, hvað fjárlagafrv. er í raun og veru mikil markleysa, — atriði, sem hæstv. fjmrh. einum getur ekki verið gefið að sök, en öll ríkisstj. í heild verður að bera ábyrgð á, — þá vil ég nefna það, að frv. gerir ekki ráð fyrir neinum útgjöldum vegna niðurfærsluráðstafana eða annarra ráðstafana í framhaldi af brbl. frá júlí í sumar, sem ganga úr gildi um áramótin. En framhald þessara ráðstafana í einhverri mynd er þó forsenda bæði útgjalda og tekjuáætlunar frv. Þetta kalla ég botnleysu. Þegar þetta er haft í huga, þá fer mönnum að sjálfsögðu að skiljast hin stórfurðulega yfirlýsing hæstv. forsrh. í stefnuræðunni svokölluðu, þegar hann tók sér fyrir hendur að ræða efnahagsmálin almennt og sagði, að hann ætlaði algerlega að sneiða hjá fjármálum ríkisins. Það má þó hæstv. forsrh. eiga, að þá hafði honum orðið ljóst, að þar var botninn suður í Borgarfirði og allt opið í báða enda. Forsrh. er jafnan gætinn og hættir sér ekki út á hálan ís nema í neyð, eins og þegar hann ráðlagði fulltrúum atvinnurekenda við lausn kjaradeilnanna í fyrra að kasta sér til sunds, enda þótt hvergi sæi til lands.

Menn hafa verið hér með ýmsar hugmyndir um stærðargráðu vandans, þ. e. a. s. ef ætti að reyna að fylla í þessa eyðu í fjárl., og skal ég koma nokkuð nánar að því síðar. Það er eitt, sem við þm. ættum að gera okkur grein fyrir, og það er vísitalan. Ég veit, að það vefst mjög fyrir ríkisstj. Hef ég hugboð um það, að hún sé þeirrar skoðunar, að vísitalan sé mjög erfið viðfangs í sambandi við lausn efnahagsmálanna. Nú vil ég segja það, að ég held, að það væri

hollt hæstv. ríkisstj. að horfa ekki um of á einn einstakan þátt þess vanda, sem fram undan er, heldur að reyna í þeim varanlegu úrræðum, sem við verðum að vænta af hálfu ríkisstj., að skapa sér yfirlit yfir gang málanna og stefna að samræmdum aðgerðum í efnahagsmálum, því að óöruvísi er ekki von á góðu. En hæstv. ríkisstj. sagði það í sumar, þegar hún bar fram brbl. um verðstöðvunina o. fl., að hún ætlaði að skapa sér tóm til þess fram að áramótum að leita úrræða, varanlegri úrræða, sem þess vegna á að mega vænta af hennar hálfu senn hvað líður. Vísitalan er að því leyti mjög erfið viðfangs, það er rétt, að hún hefur verið kölluð af fulltrúum launþeganna og launþegunum sjálfum 100% verðtrygging á kjörum þeirra og launum, að við hverja verðhækkun fengju þeir bætt laun sín og þar af leiðandi 100% tryggingu, verðtryggingu á launum. E. t. v. er þetta misskilningur hjá launafólkinu, en svona er það. Þannig stendur þetta í þeirra augum, og hefur verið lögð á það rík áherzla.

Ef við rifjum upp nokkur atriði í sambandi *við vísitöluna, framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu*, sem hanga nú saman á vissan hátt, eins og hv. þm. er kunnugt um, þá er þess að *geta:*

1) Fjárlagafrv. gerir, eins og ég sagði áðan, ráð fyrir kaupgreiðsluvísitölu óbreyttri, 117 stigum, eins og nú er.

2) Þessi áætlun er aðeins opin í annan endann, þ. e. a. s. upp á við. Það dettur engum í hug, að hún lækki. Það er víst alveg öruggt.

3) Í tíð fyrrv. ríkisstj. var það dauðasynd að fresta greiðslu tveggja vísitölust. í nokkra mán.

4) Að fresta greiðslum á einhverjum kaupgreiðsluvísitölustigum var talið af stjórnarliðinu núverandi og fulltrúum launþega jafngilda því að svipta launþegana samningsfrelsi þeirra.

5) Að láta verðhækkun áfengis og tóbaks ekki reiknast í vísitöluna var talin álíka sviksemi við launþegana.

6) Vígreifir vinstri menn í ríkisstj. gáfu umsvifalaust út brbl., svo að full vísitölugreiðsla tveggja stiga kæmi mánuði fyrr til framkvæmda en samkv. lögum viðreisnarstjórnarinnar.

7) Með brbl. var einnig áfengi og tóbaki kippt aftur inn í vísitöluna.

8) Svo leið eitt ár. Þá voru sett brbl. um að fresta greiðslum til launþega á 2.5 vísitölustigum til áramóta, og nú er ekki talað um skerðingu á samningsfrelsi launþeganna.

9) Launþegar og bændur voru látnir beygja sig. Hin gömlu viðreisnarúrræði vinstri stjórnarinnar voru látin óátalin, eins og þeir orðuðu það. Vinstri forkólfarnir á ráðstefnu ASÍ í sumar gengu afsíðis og þvoðu hendur sínar og sögðu: „Í þeirri afstöðu felst ekkert afsal neinna þeirra réttinda eða kjarabóta, sem í gildandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins felst.“ Þannig var þetta orðað. En var þetta Pílatusarþvottur?

10) Ráðstefna ASÍ ályktaði eftirfarandi um vísitöluna og verðlagsmálin undir vinstri stjórn, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðstefnan telur þessa þróun verðlagsmála (sem þá átti sér stað) hina óskyggilegustu fyrir alla viðkomandi aðila, launafólk, atvinnurekstrinn og efnahagskerfið í heild. Fyrir launafólk þýða hinar öru og miklu verðlagshækkanir stöðugt rýrnandi raunverulegan kaupmátt, og neyzlusamsetningu láglaunafólksins er þann veg farið, að vísitölukerfið mælir því naumlega bætur. Tveggja og hálfs stigs skerðing, sem í raun er meiri, þegar við hugsum til tengsla þessarar skerðingar við kerfisbreytingar í skattal., bætir tæplega úr skák.“

11) Við skulum minnast þess, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var ekki kvatt til ráða og ekki að spurt af stjórn hinna vinnandi stétta. Bandalagið lét heldur ekki aðgerðir ríkisstj. óátaldar, heldur ályktaði stjórn þess eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Bandalagið ítrekar margendurtekin mótmæli við því, að kaupsamningar aðila á vinnumarkaðinum sé breytt með lögum í stað samninga.“ Samkv. áliti stjórnar BSRB hefur það þurft að henda þessa hæstv. vinstri stjórn að breyta kaupsamningum launþeganna með lögum og firra þá réttinum til þess að gera það með samningum eða neyta síns samningsfrelsis, eins og við getum orðað það.

12) Ég vil spyrja: Hvað verður kaupgreiðsluvísitalan 1. jan. 1973, þegar brbl. falla úr gildi, og aðrar ráðstafanir, sem miðaðar hafa verið við áramót, falla einnig úr gildi? Hvað verður hún há? Hún verður ekki 117 stig. Það er talið sennilegt, að hún verði um 125 stig. Nú spyr ég: Á að fela, fresta eða falsa þessi 8 kaupgreiðsluvísitölustig, en miða fjárlagafrv. við kaupgjaldsvísitöluna 117? Hvað á hér að gera?

13) Hvað er líklegt, að kaupgreiðsluvísitalan yrði í árslok 1973 án nýrra efnahagsaðgerða og að þeim felldum úr gildi, sem í brbl. felast? Kannske viðbótaraðgerðir, sem ríkisstj. á eftir að gera í sambandi við hækkun vísitölunnar 1. nóv. og 1. des. Hvað yrði sprengingin 1. jan. 1974 mikil, þegar stíflugarður innilokaðra verðhækkana hryndi? Til hvers mundu áframhaldandi víxlverkanir kauplags og verðlags leiða? Þetta er vandasöm spurning og erfitt að svara henni, og ég get vel skilið, að ríkisstj. telji sig þurfa að hafa menn sér til ráðuneytis til þess að gera sér grein fyrir þeirri mynd. Einu getum við alveg gert okkur grein fyrir. Vísitalan yrði ekki 117 stig. Hún yrði ekki 127 stig. Mér þykir miklu líklegra, að hún yrði 137 stig í árslok 1973, ef ekkert yrði að gert. En það er 20 stiga hækkun á kaupgreiðsluvísitölunni.

Auðvitað sjá allir, að þetta yrði óbærilegt; óbærilega óðaverðbólgu mundi leiða af þessu og víxlverkanir kaupgjalds og verðlags færa allt á kaf hjá okkur og í fullkomið kviksyndi. En hvað kostar þá að verjast þessum vanda, og þá kem ég að því, sem ég spurði um áðan og hv. 2. þm. Reykv. vék að í sinni ræðu, að reyna að draga upp mynd af vandanum. Og ég held, að hún hafi í stórum dráttum verið mjög sennileg hjá hv. 2. þm. Reykv., en það er auðvitað mjög æskilegt að fá leiréttingu og leiðbeiningar, fyrst og fremst frá hæstv. ráðh., sem eiga að hafa bezta aðstöðu til þess að geta gert sér grein fyrir þessu með aðstoð þeirra sérfræðinga, sem þeir hafa. Þó að kaupgjaldsvísitalan

hækkaði um 20 stig, ef það væri rétt til getið hjá mér, þá er ekki þannig, að það þyrfti að greiða niður 20 stig kaupgreiðsluvísitölunnar, því að hún væri að smáhækka þetta á árinu. En ef 5—6 stig kosta, eins og hæstv. sjútvrh. hefur nú sagt í Þjóðviljanum, 1000 millj., þá eru 1000 millj. ekki nóg til þess að greiða niður þá vísitöluhækkun eða þau vísitölustig, sem eru fyrir hendi um áramótin. Einhver hreyfing heldur áfram að vera á þessu, og ég held, að það sé ekki mjög rangt til getið, að það sé aldrei innan við 1500 millj., sem til þess þurfi að halda kaupgreiðsluvísitölunni í 117 stigum. Hv. 2. þm. Reykv. taldi, að það mundi sennilega þurfa 2000 millj. í þetta, og það getur kannske verið alveg eins rétt og að það sé 1500 millj. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi langt eftir ræðunnar, því að ef hann ætti það, þá mundi ég gjarnan vilja gefa núna hlé). Núna, kortér fyrir 7? Ég vildi miklu heldur halda áfram þangað til kortér yfir 7. Þá held ég, að ég geti verið búinn. (**Forseti:** Ég held, að það sé þægilegra fyrir þm., ef ræðumanni væri sama, að fá fundarhlé núna. Við þurfum að hafa kvöldfund hvort sem er. Á þm. meira en kortér eftir?). Jú, jú. En það getur vel verið, að það sé þægilegra fyrir þm. að hætta núna, en það er náttúrlega ekki sérstaklega þægilegt fyrir mig. Ég veit, að hæstv. forseti vill taka tillit til okkar þm. og stýra þessu af sanngirni. (**Forseti:** Ég held, að það sé þægilegra fyrir menn. Það truflar minna venjulega hætti manna). Ég læt það vera á valdi forseta. (**Forseti:** Þá vildi ég gjarnan, að við hefðum fundarhlé núna og hittumst aftur kl. 9 stundvíslega, en þá hefst fundur aftur).

[Fundarhlé].

Herra forseti. Ég var þar kominn máli minu, þegar fundinum var frestað, að ég var að reyna að gera mér grein fyrir eða setja upp, hversu stór vandinn kynni að vera, ef við það væri miðað að halda kaupgreiðsluvísitölunni í 117 stigum á árinu 1973, og þar var ég búinn að gera grein fyrir því, að mér þætti ekki ólíklegt, að vísitalan mundi vera orðin nálægt 137 stigum, ef ekkert væri að gert í árslok, og hefði hækkað um 20 stig í áföngum á árinu, og til þess að halda henni niðri í þessum 117 stigum, mundi sennilega aldrei þurfa minna heldur en 1500 milj. kr. Það er mitt álit.

Víkjum nú að útgerðinni. Það hefur verið talið, að til þess að halda henni gangandi á sama grundvelli og núna er og við sömu aðstæður þyrfti tæpar 1000 millj. kr. árlega. Svo kemur hins vegar verðhækkun, grunnkaupshækkun 1. marz, eins og kunnugt er, 6%, og það eykur þá enn vandann þar miðað við það, að verð hækki ekki, sem tæplega má gera ráð fyrir, svo hátt sem það nú er á erlendum mörkuðum. Fljótt á litið virðist, að þar geti þurft aðrar 1500 millj. kr.; og almenn hækkun í meðförum þingsins, — ef við segðum hana 500 millj. kr., þetta er hrein ágizkun, — þá virðist vanta þarna 3500 millj. kr., sem með einhverjum hætti þyrfti að afla af hálfu ríkissjóðs. En hér við bætist það, sem menn verða að hafa í huga, að ef auknar eru uppbætur til útgerðarinnar, þá er auðvitað alltaf verið að skekkja gengi krónunnar, og það er það, sem getur orðið allri iðnþróun fjötur um fót hér á landi og gersamlega eyðilagt hana. Ég minnist þess í þessu sambandi, að þegar áföllin voru sem mest í þjóðarbúinu á árunum 1967—1968, hafði þáverandi stjórn samráð við stjórnarandstöðuna og fulltrúar hennar sátu með ráðh. á haustmánuðum 1968 til þess að reyna að finna sameiginlega lausn á vandanum, sem vel gat þá leitt til, ef menn vildu sameiginlega standa að einhverjum erfiðum ráðstöfunum, einhverrar breytingar á stjórnarsamsetningu í landinu. En það var í raun og veru aðallega talað um tvennt. Það voru uppbætur, tilfærslur, eins og við þekkjum frá eldri tíma, og nú er verið að taka upp aftur, eða þá gengislækkun. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvað var áætlað, að uppbæturnar þyrftu að vera miklar. Það skiptir ekki svo miklu máli, hvort það voru 1200, 1500 eða 2000 millj. kr., — ég er aðeins að draga upp myndina, — þá var öllum mönnum ljóst, að ef þá leið átti að fara, var það alveg sama og að girða algerlega fyrir þróun iðnaðarins, að skekkja gengið þannig, og skilja hann eftir á flæðiskeri í samkeppni við erlendan iðnað. Niðurstaðan varð þarna, að gengið var lækkað eins og kunnugt er, og það er áreiðanlega sú ráðstöfun, sem lagði grundvöllinn að þeirri öru iðnþróun hér á landi, sem ekki hefur verið meiri í annan tíma heldur en á árunum 1969, 1970 og 1971, fram á það ár, þó að þá færi nokkuð að halla undan, enda þótt framleiðsluaukningin haldi áfram að vera mikil. Þetta er iðnaðinum ljóst. Það fylgdu þessu ýmsir erfiðleikar í sambandi við lánamál iðnaðarins, rekstrarlánin, fyrst í stað, og úr þeim var greitt með sérstökum hætti, svo að þegar allt koma til alls, þá var þetta iðnaðinum fyrst og fremst til hagræðis. Gengisbreytingin var miðuð við sjávarútveginn, eins og menn muna eftir, en hún var auðvitað mjög hagstæð fyrir iðnaðinn. Það er alveg rétt, ef miðað hefði verið við aðstöðu hans eins, þá hefði hún eflaust ekki orðið eins mikil, en hann naut góðs af því. En eitthvað verður að koma til í sambandi við iðnaðinn, sem ég reikna nú ekki inn í þetta dæmi. Ef þetta er eitthvað nálægt lagi, þá erum við auðvitað staddir frammi fyrir ægilegum vanda, háskalegum vanda, að í góðæri 1971, sem er eitt mesta veltiár, sem við höfum haft, í góðæri á þessu ári og með hærra verðlagi en nokkru sinni endranær, að þá skuli atvinnuvegirnir ekki bera sig nema með uppbótum, eins og útvegurinn og þar af leiðandi líka iðnaðurinn, eins og ég vék að, og að öðru leyti sé stórkostlegur halli á þjóðarbúinu, þar sem framleiðslan rís alls ekki undir eyðslunni og við getum sagt bruðlinu, sem við öðrum þræði gerum okkur sek um.

Það, sem ég nú hef verið að segja, er í framhaldi af 13 liðum, sem ég gerði í þeim tilgangi að vekja athygli á, hversu viðkvæmt vísitölumálið væri og hversu víða það kæmi við í okkar efnahagslífi og ylli miklum áhrifum. Og allar breytingar á vísitölu, vísitöluuppbyggingu og vísitölukerfi eru auðvitað mjög viðkvæmt

mál, einkum og sér í lagi vegna þess, að þetta er mælir á kaup til launafólksins í landinu. Og hvort sá mælir mælir rétt eða rangt, er örlagaríkt. Nú vil ég í framhaldi af því, sem ég áður sagði, og ekkert skal ég endurtaka af því, en skjóta því hér inn, að oft hafa verið skrif í blöðum um vísitöluna, og ég held nú, að Tíminn hafi haft forgöngu um að finna það út, að síðustu 3 ár viðreisnarstjórnarinnar hefði framfærsluvísitalan hækkað um 18.6% að meðaltali á ári, en á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar helmingi minna, 9.6% eða eitthvað því um líkt. Og nú er Tíminn búinn að segja þetta svo oft, að Alþb.-menn eru farnir að trúa þessu og gerðu bara ályktun um þetta á flokksráðsfundi. Það var eins og ný Egilsstaðasamþykkt komin upp á yfirborðið. Vísitalan var samþykkt þetta. Það var samþykkt á flokksfundi Alþb. Auðvitað er hið sanna allt annað í þessu efni. Ef við eigum að taka 3 síðustu ár viðreisnarstjórnarinnar, sem áhrif hafa á framfærsluvísitöluna, þá eru það árin 1969, 1970 og 1971, en árið 1971 er eingöngu um að ræða áhrif frá viðreisnarstjórninni á vísitölu framfærslukostnaðar. Verðstöðvun viðreisnarstjórnarinnar er til 1. sept. og svo var hún framlengd. Það eru að vísu aðgerðir frá vinstri stjórninni, sem hækka vísitöluna aðeins 1971, eins og þegar áfengið og tóbakið er tekið inn í vísitöluna á síðari hluta ársins, það er ákaflega lítið, og svo einhver tryggingagjöld held ég líka, sem voru tekin inn í vísitöluna. Vísitala framfærslukostnaðar hækkar á árinu 1971 þann tíma, sem áhrifa viðreisnarstjórnarinnar gætir um 1%, milli 1 og 2% á öllu árinu. Og þótt við reiknuðum með 2%, þá er dæmið þannig, að allt árið 1969 hækkaði framfærsluvísitalan frá fyrra ári um 13.8%. Þetta eru tölur, sem ég hef frá Hagstofu Íslands og til þess að ég hefði ekki bara flett þeim upp sjálfur, hafði ég samráð við hagstofustjórann þar um. 1970 hækkaði vísitalan um 12.5% og 1971, við skulum segja, 2%. Það munar svo litlu, hvort það sé um 1 eða 2%. Þá eru þetta 28.3% á þremur árum og þar verður meðaltalið 9.4% á ári, en ekki 18.6%. Og það er alveg sama, þótt Alþb. geri fundarsamþykkt um annað. En aftur á móti fyrst, þegar fer að gæta áhrifa vinstri stjórnarinnar á framfærsluvísitöluna, — það er fyrst á árinu 1972, frá 1. des. á kaupgjaldsvísitöluna, — kom lítil hækkun 1. febr., eins og menn muna, eitthvað rúmt stig eða brot úr stigi, og svo 8.8% í maímánuði, ef ég man rétt. Sem sagt á fyrstu 6 mánuðum vinstri stjórnarinnar, þegar áhrifa hennar gætir á fyrsta hálfa árinu, 9%. En það mundi verða á heils árs grundvelli 18%, ef það héldi þannig áfram. Það þarf ekki að vera það. Það hefur dregið úr vísitöluhækkuninni með verðstöðvun núna á síðari hluta ársins, eins og kunnugt er. En fyrsta hálfa árið, sem áhrifa frá efnahagsmálaráðstöfunum vinstri stjórnarinnar gætir, þá hækkar framfærsluvísitalan um 9%. Það er ákaflega hvimleitt, að menn þurfi að deila um þetta í blöðum mánuðum saman og árum saman kannske og einnig hér á þingi, og væri nú langeðlilegast, að fjvn. t. d. fengi hagstofustjóra til þess að gefa sér upp þessar tölur, svoleiðis að þetta væri þá „justerað" frá honum. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um vísitöluna og þá viðkvæmni, sem henni er samfara. Mér er alveg ljóst, að samsetning hennar getur verið umdeild. Aðalatriðið er það, að mínum dómi, í sambandi við vísitölureikning og vísitölusamsetningu, að menn reyni bara ekki að blekkja aðra, segi bara satt, það sem þeir eru að gera og séu ekki að hylja neitt. Viðreisnarstjórnin var t. d. ásökuð fyrir það að taka vísitöluna alveg úr sambandi. En ríkisstj. fór ekki í neina launkofa með fyrirætlun sína. Hún sagði: Nú ætla ég að reyna aðra leið heldur en þessa vísitöluleið, sem við höfum, þá spennu, sem leiðir til víxlhækkana kauplags og verðlags. Vísitalan verkar ekki lengur á kaup. M. ö. o.; þær bætur, sem launafólkið þarf að fá og á að fá, í réttu hlutfalli við arðsmyndunina í þjóðfélaginu á hverjum tíma, verða launþegarnir að skapa sér í samningum við atvinnurekendurna. Og ef atvinnurekendurnir semja við þá um grunnkaup, þetta og þetta kaup, þá fá þeir engar bætur fyrir það, sem þeir hafa samið um. Það er á þeirra ábyrgð. Þetta var hugsunin með aðgerðum stjórnarinnar þá, og það var öllum gert ljóst og gerð grein fyrir þessu. Nú reyndist þetta ekki betur heldur en raun bar vitni um, þá voru grunnkaupshækkanirnar meiri heldur en menn höfðu óskað eftir, og áfram hélt verðbólgan og svo á árinu 1963 flóði út úr, þegar laun embættismanna hækkuðu á því ári, og svo þurfti að bera sig saman við þá og hækka allt kaup aftur, og miklar vinnudeilur voru hér um haustið 1963, sem enduðu þá með því, að það var ein síðasta stjórnmálaaðgerð Ólafs Thors, formanns Sjálfstfl. og þáverandi forsrh., að láta ekki afgreiða endanlega löggjöf um þetta atriði, sem var þó komin á síðasta áfanga í þinginu, heldur að falla þá frá afgreiðslunni, enda þótt þingheirihl. væri fyrir hendi. Til þess að freista þess þó í lengstu lög að ná samkomulagi í þessum deilum. Og það samkomulag náðist svo í des., en engu að síður voru geysilegar hækkanir á kaupgjaldi, og verðlagið hækkaði, og verðbólgan hélt áfram að vaxa, og sumir voru orðnir hræddir um gengi krónunnar í byrjun ársins 1964. En síðan náðist samkomulag enn, júní-samkomulagið svokallaða, milli vinnuveitenda og fulltrúa Alþýðusambandsins, launamannanna og ríkisstj., þar þar sem vísitölukerfið var tekið aftur inn. En það tókst að stöðva í bili og hefta þá verðbólguöldu, sem þá hafði riðið yfir. Sem sagt, ef eitthvað er á ferðinni í sambandi við breytingar á kerfi vísitölunnar, þá skyldi enginn leyna því, heldur ganga hreint til verks og vera reiðubúinn til að taka afleiðingunum af þeim ráðstöfunum, sem viðkomandi er þá að gera.

Það hefur verið mjög áberandi afsökunartónn í málflutningi hæstv. fjmrh. Þetta gerðuð þið nú líka, sagði hann nokkuð oft í gær. Þeir gerðu þetta líka í tíð viðreisnarstjórnarinnar, annaðhvort með þessum orðum eða svipuðum orðum með sömu merkingu. En þá spyr ég, er þetta einhver afsökun fyrir vinstri stjórnina, tímamótastjórnina, straumhvarfastjórnina, stjórn hinna vinnandi stétta, stjórn hins nýja tíma,

sem segist vera að brjóta blað í stjórnmálasögu landsmanna. Ja, var ekki ætlunin að gera annað en viðreisnarstjórnin, annað og meira og gera eitthvað betur? Og geta þessir menn afsakað sig með því, að viðreisnarstjórnin hafi nú ekki gert annað eða betra en þeir þessir góðu herrar eru nú að gera? Ég hef samúð með hæstv. fjmrh. og hún hefur komið fram frá fleirum en mér. Og að vissu leyti vorkenni ég honum, þó að hann þurfi sjálfsagt lítið á því að halda, að honum sé vorkennt, en ég vorkenni honum af því að hann er ekki í góðum félagsskap. Ég þykist vita, að hæstv. fjmrh. hafi oft þurft að taka á stillingu sinni í stjórnarsamstarfinu. Skyldi hann ekki örugglega hafa merkt vinarþelið og hlýjuna frá félögum sínum í ríkisstj., sem fólst m. a. í kveðjum Þjóðviljans á sínum tíma, þegar hann gaf honum þá áminningu, að það yrði ekki látið líðast áfram, að gjafir trmrh. til almennings í landinu, auknar tryggingar og annað slíkt, sem var nú talað um svona sen einhvers konar gjafir frá trmrh., væru teknar aftur af skattamrh. eða fjmrh. Og nú er hæstv. fjmrh. látinn standa hér að mestu leyti einn og yfirgefinn í barningi sínum yfir botnlausu fjárlagafrv. Ráðherrar hafa lítið hlustað á þessar umr., komið og farið út og inn eins og karlinn og kerlingin í gömlu „barómetrunum," eftir því hvort það var rigning eða sólskin. Þó verð ég að segja það til lofs hæstv. félmrh., sem er nú aldursforseti í ríkisstj., að hann hefur verið langdrýgstur að hlýða á þessar umr., sem ég tel mjög alvarlegar umr. og hafa leitt í ljós ýmiss konar vanda, sem við er að glíma. Úr því að utanrrh. er hér líka núna, þá verð ég að gefa honum 2. einkun, eftir að ég hef gefið félmrh. 1.

En hæstv. fjmrh. fær heldur litla umbun fyrir erfiði sitt. Það er látið nægja að þræla honum út á stjórnarheimilinu, og það má hæstv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, eiga, að hann er dugnaðarforkur.

Annað er það, sem oft heyrist úr stjórnarherbúðunum, þegar illa lætur, því gleymdi fjmrh. ekki heldur í vandræðum sínum: Þetta er arfur frá ykkur, arfur frá viðreisnarstjórninni. Hæstv. fjmrh. fór mörgum orðum um það, að eflaust hefði það ekki verið tilviljun, að hin og þessi gjöld hefðu ekki átt að koma til fyrr en við áramótin 1971 og 1972, einkum talaði hann um hækkaðar tryggingar og ákvarðanir um endurbætur í skólamálum og aukin framlög ýmiss konar o. s. frv. En ég spyr nú „Hefði það nú ekki verið vænlegra fyrir fyrrv. ríkisstj. að láta slíkt koma til framkvæmda fyrir kosningar, ef það gæti nú kannske haft einhver góð áhrif á einhverja hv. kjósendur, ef hún taldi sig hafa ráð á þessu? Það geta varla verið klókindi hjá fyrrv. ríkisstj. að láta alla þessa umbun ekki koma til almennings fyrr en eftir næstu almennar kosningar, vitandi þá, eins og alltaf er, að það er enginn annars bróðir í leik og enginn veit, hver kemur sigurvegari úr kosningum. En hún taldi sig ekki hafa ráð á ýmsum þessum greiðslum. Hún hafði skilað ríkissjóði með greiðsluafgangi árið 1970 og hún hafði einnig safnað nokkru í sarpinn með ráðstöfunum fyrri hluta ársins 1971, hún skilaði hagstæðum viðskiptajöfnuði við útlönd árið 1970, sem nam 651 millj. kr., og hagstæðum viðskiptajöfnuði árið 1969, sem nam tæpum 400 millj. kr., eða 391 millj. kr. Hún setti lög um verðjöfnunarsjóð útvegsins, sem hafði safnað á annað þús. millj. kr., áður en stjórnarskiptin urðu, hún hafði safnað gjaldeyrisvarasjóði, sem gekk til þurrðar á áfallaárunum 1967 og 1968, er nam á fimmta þús. millj kr., þegar ríkisstj. tók við. Atvinnuleysi erfiðleikaáranna var horfið. Og það var fyrir mjög ánægjulegt samstarf viðreisnarstjórnarinnar við fyrirsvarsmenn og aðila vinnumarkaðarins, bæði fulltrúa alþýðusambandsins og atvinnurekenda, eins og menn rekur minni til. En stjórnin og þessir aðilar gerðu sameiginlega eins konar sáttmála sín á milli, sem átti að stefna að því að reyna að vinna bug á atvinnuleysinu, sem var orðið mikið og uggvænlegt, og þetta samstarf bar árangur með þeim hætti, að eftir að atvinnumálanefndirnar í hinum einstöku héruðum og atvinnumálanefnd ríkisins höfðu gert ráðstafanir og þegar fór að rofa aftur til í efnahagsmálunum, var atvinnuleysið horfið. Það verður með engu móti um það deilt, að viðreisnarstjórnin skilaði af sér traustu og blómlegu búi, enda voru allir atvinnuvegir í blóma og reknir með umtalsverðum arði. Beztu ár iðnaðarins eru, eins og ég sagði áðan, eftir gengisbreytinguna 1968 og fram á s. l. ár. Nú er þar hins vegar vá fyrir dyrum, sem ég skal ekki fara fleiri orðum um heldur en ég hef þegar gert. Þessi staðreynd var viðurkennd af ríkisstj. sjálfri, og vitna ég þar til yfirlýsingar forsrh. á Alþingi 15. nóv. í fyrra varðandi það, þegar hann var um það spurður, hvort það hefði verið yfirvegað mat ríkisstj. að atvinnuvegirnir og þjóðarbúið gætu staðið undir því að veita launþegum 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum. Þá sagði forsrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forsrh.:

„Að sjálfsögðu var ríkisstj. búin að kynna sér þau gögn, sem lágu fyrir, og þær upplýsingar, sem hún fékk í hendur frá ýmsum aðilum, áður en hún gaf sína yfirlýsingu út. Þetta var hennar mat þá á þeim gögnum, sem fyrir lágu, að þannig væri hækt að standa að málum, að því markmiði, sem þar var sett fram, yrði náð" — þ. e. a. s. að launþegar gætu orðið aðnjótandi og þá fyrst og fremst þeir lægst launuðu 20% kjarabóta eða kaupmáttaraukningar, auk vissra annarra fríðinda. Í þessu sambandi vil ég gjarnan, að menn hafi það í huga, að kaupmáttaraukningin frá maí-júní 1970 og til jafnlengdar 1971 er talin hafa verið 18—20% á einu ári, og þetta var árgangur af verðstöðvun fyrrv. ríkisstj. Þetta stendur hér í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um þjóðarbúskapinn í júlí 1972, á bls. 15, þar sem talað er um breytingu kauplags tekna og verðlags og meðaltölin á árinu eru sýnd. Ekki hins vegar á sama tímabili eins og ég sagði, frá maí-júní 1970 til maí-júní 1971, sem ég taldi að hefði verið 18—20% heldur á heila árinu 1970 og svo á heila árinu 1971, og þá eru þetta ívið lægri tölur. Þar er kaupmáttaraukning heildaratvinnutekna 1970 talin, 13.1% og 1971

17%, eða 30.1% á tveimur árum og kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna er talin 1970 14.4% og 1971 15.8%, eða 30.2% á þessum tveimur árum. Kaupmáttaraukning launa er þess vegna ekkert nýtt fyrirbrigði í stjórnaryfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstj. Hún hefur átt sér stað á ýmsum tímum, eins og menn vita, mismunandi mikil, — en þetta er myndin, sem við blasti 1970—1971, og eins og ég sagði, ef reiknað er frá maí-júní 1970 til jafnlengdar 1971, þá mun það vera einhvers staðar nálægt 18—20%.

Hér hefur áður verið rætt ýmislegt, sem ekki er beinlínis að finna í fjárlögum. Það er eðlilegt, og ég geri það nokkuð líka, vegna þess að það eru atriði, sem fjárl. grundvallast á. Lítum á viðskiptajöfnuðinn við útlönd, sem hefur að vísu verið sérstaklega tíundaður af öðrum, en ég vil rekja málið nokkru lengra. Hallinn er tæpar fjögur þús. millj. á árinu 1971, og 1972 er hann áætlaður ekki minni, heldur meiri, og þá er orðinn halli á viðskiptum við útlönd 7—8 þús. millj. kr. á tveimur árum. Þannig er ekki hægt að reka þjóðarbúskapinn, nema annars vegar að taka erlend lán til þess að borga mismuninn eða ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn. Fram til þessa hefur verið fyrst og fremst hneigzt að fyrra atriðinu, að auka erlendu lántökurnar, en þá er skuldabyrðin orðin háskalega mikil. Það er orðið uggvænlegt, þegar svo og svo mikill hluti af þjóðartekjunum fer í að greiða skuldir við önnur ríki. En áætlun innflutnings er á hverjum tíma, þegar verið er að semja fjárlagafrv., forsenda tekjuáætlunarinnar, og þess vegna hefur hann verið látinn ráðast nokkurn veginn óhindrað af geysilegri eftirspurn, vegna þess að almenningur hafði safnað miklu fé á viðreisnartímabilinu, en trú manna á verðgildi krónunnar stendur nú, í tíð vinstri stjórnarinnar, því miður í öfugu hlutfalli við það fé, sem menn hafa milli handa. Af þessu stafar hin mikla eyðsla, hin mikla eftirspurn, fram til þessa, í vörur og gjaldeyri (sbr. skemmtiferðir til suðrænna landa) og í fasteignir, sem hafa hækkað gífurlega í verði í þeirri óðaverðbólgu, sem var á s. l. ári. Tekjuöflun fjárlagafrv. fyrir árið 1973, sem við nú erum að ræða er enn byggð á vaxandi vöruinnflutningi með vaxandi viðskiptahalla við útlönd, 4—5 þús. millj. kr. En það er vöruinnflutningurinn, sem tekjuáætlunin er grundvölluð á, innflutninsgjöld, tollar o. s. frv. og kemur einnig fram í söluskattinum, í aukinni veltu í þjóðfélaginu.

En þá eru eftir togararnir, sem koma mjög verulega margir á næsta ári, og ég held að það sé einmitt áætlað, að það þurfi 2500 millj. kr. í afborganir af þeim á næsta ári. Þetta er ekki tekið inn í innflutninginn, þegar fjárlagafrv. er reiknað út, vegna þess að af þessu eru ekki tekjur fyrir ríkissjóð, ekki innflutningsgjöld af togurunum eða söluskattur eða neitt því um líkt. En þá getum við bætt þessu við þessar rúmar 4000 millj. kr. og þá erum við komnir út í viðskiptahalla, sem nemur allt að 7 þús. millj. kr. á einu ári. Togarakaupin eru fjármögnuð með erlendum lánum, og er út af fyrir sig ekkert við það að athuga að fjármagna kaup á slíkum gjaldeyrisskapandi verðmætum með erlendum lánum, en það er bara um 8 ára lán að ræða. En þessum lánum á fiskveiðasjóður að breyta í 20 ára lán fyrir kaupendurna, og hann er nú sagður tómur og e. t. v. meira en það, eða á minna en ekki neitt, er í yfirdráttarskuld við Seðlabankann. En með þessum hætti hefur hæstv. ríkisstj. byggt tekjuöflun ríkissjóðs í 3 ár á fast að 15 þús. millj. kr. óhagstæðum viðskiptajöfnuði. Hér er ekki nema ein afleiðing, sem er alveg augljós og er komin fram, og það eru sívaxandi erlendar skuldir og svo eyðsla gjaldeyrisvarasjóðsins vegna þess, að svo mikið hefur verið tekið af erlendum lánum bæði fyrir einkaaðila og opinbera á s. l. ári og gert ráð fyrir frekari lántökum. Enn hefur gjaldeyrissjóðurinn nokkurn veginn haldið velli, en nú er gert ráð fyrir því, að það fari verulega að saxast á hann á næsta ári, eftir því sem mér er bezt kunnugt um að Seðlabankinn áætli. Og þessi ósköp ske í mesta góðæri, sem komið hefur fram til þessa, árgæzku, og viðskiptakjör við útlönd hafa aldrei verið betri.

Það er að visu rétt, að þessi ríkisstjórn, sem virðist því miður vera allt of ráðlaus, geigvænlega ráðlaus, hún ætlar sér að safna einum sjóði, þ. e. rekstrarsjóði, fyrir ríkissjóð. Hvernig fer hún þá að því? Það gerir hún með því að taka þúsund milljóna kr. lán hjá Seðlabankanum. Hv. 2. þm. Norðurl. e. var mjög mildur í dómum sínum, þegar hann sagði sem svo: Það er sennilega ekki neinna kosta völ til að safna þessu, öðruvísi en með láni, og reyna að safna því þannig upp, að menn standi í skilum með afborganir og vexti af láninu. En auðvitað er þetta nú ambögulegt, þegar á að fara að safna rekstrarsjóði fyrir ríkissjóð í viðskiptum við Seðlabankann, eða í hans eigin rekstri, — varasjóði —, að þá þurfi að fara í lánastofnunina og fá lánaðan þennan varasjóð eða rekstrarsjóð.

Ég sagði áðan, að það væri mikill þjóðhagslegur halli, sem kemur fram í því, að framleiðslan stendur ekki undir eyðslunni. Um fjáröflun til opinberra framkvæmda vitum við lítið enn, og enn þá minna um framkvæmdaáætlunina, þar sem þetta mundi nú upplýsast. Það er mjög gott, að gert er ráð fyrir að afgreiða framkvæmdaáætlunina í tengslum við fjárlagafrv. fyrir næsta ár, en hér veit ég ekki að hverju ríkisstj. stefnir og get þess vegna ekki gert það að umtalsnefni að þessu sinni, en vissulega er þar mikil fjárvöntun, að ég hygg. Það hefur líka verið fjárvöntun hjá fyrrv. ríkisstj., það er alveg rétt, og hún þurfti þess vegna að brúa bilið á milli þess ráðstöfunarfjár, sem var fyrir hendi, og þeirra hugmynda, sem hún hafði um stærðargráðu framkvæmdanna, með lántökum, en þær voru sáralitlar, — ég man ekki, — þetta voru eitthvað um 150 millj. kr., erlendar og innlendar lántökur, ég held eitthvað nálægt 100 millj. í sparifé á árinu, síðast þegar hún fjallaði um þessi mál, og 80 millj. í erlendum lánum. En í fyrra, eða á s. l. þingi, ætlaði ríkisstj. sér þennan stóra hlut, 2000 millj., og 4—5 hundr-

uð millj. voru víst til ráðstöfunar eða eitthvað því um líkt í sjóðum og hjá öðrum aðilum, sem hlut áttu að máli. Svo átti að fjármagna þetta með 600—800 millj. kr. lántökum, annars vegar innanlands og hins vegar erlendis. Við þentum á, að hér væri glæfralega að farið, og það hefur sýnt sig, alveg eins og við bentum á, að eyðslan var mikil við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Ríkisstj. gaf út brbl. til þess að breyta fjárl. og draga úr útgjöldunum og einnig til þess að hafa áhrif á að geta breytt framkvæmdaáætluninni. Fjárfestingasjóðirnir eru taldir þurrausnir og þar vanti hundruð milljóna til þess að hafa fé til þess, sem þegar er búið að ráðstafa eða vitað er að ráðstafað verður á næstunni. Og þó að einhvern veginn sé komizt yfir þennan vanda á þessu ári, 1972, þá eykur auðvitað þessi halli því meir sem hann er meiri stórlega á vanda ársins 1973. Alls staðar rekum við okkur þess vegna á mjög alvarleg dæmi þess, að vandamálin, sem við þurfum að horfast í augu við, eru gífurleg.

Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum var gerð að umtalsefni, og hæstv. fjmrh. sagði, að ríkissjóður hefði skuldað Seðlabankanum oft áður og að jafnaði svo og svo mikið langt aftur í tímann. Það hefði bara ekkert verið talað um það þá. Nú eru menn farnir að taka upp á þessum fjanda að segja frá þessu í blöðum og fjölmiðlum, að ríkissjóður skuldi Seðlabankanum svo og svo mikið. En um mitt árið, eða í júlímánuði, þá skuldaði ríkissjóður Seðlabankanum um 2000 millj. kr., en á fyrri hluta ársins 1970 var þetta helmingi minni upphæð, um 1000 millj. kr. Síðan var sá halli jafnaður á síðari hluta ársins, árið 1970, og þessi mikla skuld ríkissjóðs í yfirdrætti og víxlum við Seðlabankann er langt umfram þann árstíðabundna vanda, sem ríkissjóður þarf að jafnaði að horfast í augu við. Hún er langt umfram það. Ríkisstj. hefur í fyrirhyggjuleysi stofnað til of mikilla skulda við Seðlabankann, sem leiða til of mikillar eyðslu, bæði innan ríkisins sjálfs og hins opinbera og einnig á öðrum sviðum í þjóðfélaginu, því að það hefur örvandi áhrif á þensluna almennt. Hér er gálauslega stefnt, og með svona ráðstöfunum er hæstv. ríkisstj. vitandi eða óaðvitandi að ýta undir verðbólguna í landinu.

Ég sagði áðan, að það væri nú fyrirsjáanlegt útfiri í gjaldeyrisvarasjóðnum, og er það áætlað á annað þús. millj. kr. á næsta ári, eftir því sem ég bezt veit. Um erlendu skuldirnar hef ég þegar fjallað, og um þær er einnig að finna upplýsingar í þessari grg. Framkvæmdastofnunar ríkisins um þjóðarbúskapinn, og ef við lítum aðeins lauslega á það, þá er þetta náttúrlega ekki skemmtileg mynd. Árið 1970 eru opinberar skuldir taldar hafa minnkað um 378 millj. kr. og lántökur einkaaðila um 373 millj. kr. En á árinu 1971 hafa lántökur þess opinberra aukist um 1400 millj. kr. og lántökur einkaaðila um 1400 millj. kr. Erlent einkafjármagn til stutts tíma stóð í stað, það hvorki hækkaði né lækkaði á árinu 1970, en hækkaði um 1000 millj. kr. á árinu 1971.

Á öðrum stað er hægt að finna tölur um þetta fyrir árið 1972 og þær eru ekki efnilegar, en ég les þær eins og þær liggja hér fyrir. Þar er talið, að lántökur opinberra aðila verði 3350 millj. kr., en á sama tíma verði greitt af erlendum lánum 1100 millj. kr., svo að mismunurinn er 2200 millj. kr. Þetta nemi á árinu 1971, eins og ég sagði áðan, hækkun um 1400 millj. kr. Þá voru tekin lán 2195 millj. og greiddar afborganir 634 millj. kr. Á þessu yfirliti kemur einnig fram, að gjaldeyrissjóðurinn jókst um 1493 millj. kr. á árinu 1971 vegna mikilla erlendra lántaka, þrátt fyrir viðskiptahallann, en því er spáð hér, að hann muni rýrna um 1200 millj. kr. árið 1972.

Herra forseti. Ég skal nú ekki mikið lengja þessar umr., en ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel, að það hafi verið mjög mikils vert, að þessari umr. hafi farið fram með þeim hætti, sem raun ber vitni um. Ég tel, að það skipti mestu máli, að hér hefur verið bent á alvarlegar staðreyndir, og sjálfsagt eru þær allar ljósar hæstv. fjmrh. og koma honum ekki á óvart. En spurningin er þá bara, hvort ríkisstj. í heild. og hæstv. fjmrh. sem forustumaður á þessu sviði gæti þess nóg að sjá að sér við afgreiðslu fjárl. sem framundan er, ásamt afgreiðslu framkvæmdaáætlunar, og þegar að því kemur að afgreiða samhliða efnahagsmálaráðstafanir. Auðvitað á stjórnin sér enga afsökun í því að taka við stjórnartaumunum 14. júlí 1971 og gera ekkert í efnahagsmálunum og verða þess beinlínis valdandi ýmist með beinum aðgerðum eða aðgerðaleysi, að óðaverðbólga er orðin í þjóðfélaginu á eins árs valdaferli hennar. Og þá fyrst er gripið til bráðabirgðaaðgerða, verðstöðvunar, og það er sagt, að það eigi bara að fresta vandanum, svo að stjórninni gefist tóm til að athuga úrræði, raunhæf úrræði, í efnahagsmálum. Auðvitað er þetta miklu meira en nógu langt tóm, frá júlímánuði og þangað til í lok október. Því í ósköpunum er stjórnin ekki komin fram með þær till., sem hún ætlar sér að gera? Hvað er valkostanefndin að dunda, hún hlýtur að vera búin að gefa hæstv. ríkisstj. einhverja valkosti. Það sannast kannske á henni, að sá á kvölina, sem á völina, — hún veit kannske ekki, hvaða valkosti hún á að taka. En þetta er auðvitað alveg óafsakanlegt að mínum dómi. Verðsstöðvunin, sem sett var á haustið 1970, var tímasett til 1. sept. 1971, einmitt með það fyrir augum, að ríkisstj., sem tæki við eftir kosningar, sem áttu að fara fram í júnímánuði 1971, hver sem hún yrði, gæfist tóm til þess fram til haustsins að gera sínar ráðstafanir, annaðhvort til breytinga á verðstöðvuninni, framlengingar á verðstöðvunni, og þá í samráði við þingið að hafa tilbúnar efnahagsráðstafanir um áramótin. Ég get játað það alveg hér, að í mínum huga var það efst, ef við hefðum haldið áfram stjórnarsamstarfi, að framlengja verðstöðvunina, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert, og nota haustmán-

uðina, þegar þingið var komið saman, til þess að hafa tilbúna efnahagsráðstöfun í samráði við þingið, sem tæki við verðstöðvuninni, sem yrði þá úr gildi felld að einhverju eða öllu leyti um áramótin 1971—1972. Um þetta tjáir ekki að tala.

Við að sjá fjárlagafrv. og við athugun þeirra mála, sem fjárlagafrv. er grundvallað á, hefur okkur orðið ljóst, að efnahagástandið í þjóðfélaginu er geigvænlegt. Það, sem mestu máli skiptir, er þetta, að atvinnuvegirnir bera sig ekki. — Það eru kannske engir atvinnuvegir, sem almennilega bera sig núna, — og eyðslan fer fram úr öllu valdi í þjóðfélaginu. Við getum auðvitað farið að deila um það, hverjum er um að kenna, hvort einstaklingarnir eyða of miklu eða hvort ríkisstj. er of eyðslusöm og því um líkt. Við höfum ekki leitt það inn í umr. Það er bara staðreynd, að eyðsla þjóðfélagsins er miklu meiri en framleiðslan fær undir risið. Og þegar þannig er komið, sígur á ógæfuhliðina. Ég get ekki annað en vonað það, að hæstv. ríkisstj. lánist að bera fram till. til úrbóta á þessu ömurlega ástandi, þannig að við getum borið höfuðið hátt í einu því mesta góðæri, sem við höfum lifað, og þegar við búum við betri viðskiptakjör en nokkru sinni fyrr. Takist ríkisstj. það ekki, þá sé ég ekki, hvernig þessi ríkisstj. getur séð sóma sinn í því að sitja miklu lengur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv., byrjaði ræðu sína á hér í dag, að þessar umr. hafa að verulegu leyti verið málefnalegar, og ræða hans var ekkert frávik frá því, því að í henni voru góðlátlegar vangaveltur um ástandið eins og það lítur út frá hans bæjardyrum séð. Ég hef auðvitað engar aths. við það að gera, þó að hann sjái það í öðru ljósi en ég og aðrir hv. þm. Um það er aldrei að sakast, þótt menn hafi misjafnar skoðanir á málefnum, því að það skiptir mönnum í stjórnmálaflokka.

Ég ætla mér ekki að fara út í margar þær ræður, sem hér hafa verið fluttar í dag, sumu var búið að svara áður, eins og umr. milli okkar hv. 2. þm. Norðurl. e. Þó er ein ræða, sem ég sé ástæðu til að víkja nokkuð að, og vil ég vekja athygli á því, að hún var með öðrum blæ en venja er hér á hv. Alþingi. Þetta var ræða hv. 2. þm. Reykv. Það má vel vera, að það þyki góður siður í borgarstjórn Reykjavíkur að tala um, að það sé gott, þegar menn kunna að skammast sín. Það má líka vel vera, að það þyki gott á þeim bæ að tala um, að einhver hafi komið fram illvirki sínu, eða illvilji manna ráði þar för. Í þau 16 ár, sem ég hef verið á Alþingi, hafa svona orðatiltektir ekki verið notaðar og komu mér því ókunnuglega fyrir eyru. Satt að segja hélt ég, að menn notuðu ekki slíkan ræðuhátt á hv. Alþingi, en vel má vera, að hv. 2. þm. Reykv. þekki það frá sínum heimavígstöðvum, að ég nú ekki tali um þessa alkunnu setningu um aðför að Reykvíkingum eða Reykjavík.

Þau efnisatriði, sem hv. 2. þm. Reykv. vék að, og ég ætla að gera hér að umtalsefni, voru í fyrsta lagi varðandi tilganginn með skattalagabreytingunum. Hann taldi að vísu, að út af fyrir sig væri það ekki rangt, að þetta hefði haft einhvern tilgang umfram hið illa, og almannatryggingum hefði mátt breyta. Hins vegar taldi hann ekki ástæðu til að fara að breyta tekjuöflunarkerfinu vegna þess arna. Ég hef áður leitt rök að því, að ég hef litið svo á, — og hv. 2. þm. Reykv. breytti ekki þeirri skoðun minni, — að sú breyting, sem gerð var á tryggingalöggjöfinni í fyrra, hafi verið óframkvæmanleg nema breyta tekjuöflunarlöggjöfinni. Mat mitt á því er, að hvorki einstaklingarnir né sveitarfélögin hefðu þolað þá breytingu, ef tekjuöflunin hefði verið óbreytt. Ég skal ekki heldur fara langt út í umræður um viðhorf mitt á persónusköttum, ég hef litið á það sem eina stórfelldustu félagslegu umbót, sem hér hefur verið gerð á sviði skattamála. Ég held, að síðari tímar muni líta þannig á þetta og almenningur yfirleitt, ef það er skoðað í réttu ljósi. Ég álít, að það hefði verið afar erfitt fyrir unga fólkið í landinu eða foreldra þess, sem höfðu styrkt það, t. d. í sambandi við nám og annað, að greiða þá persónuskatta, sem voru. Á þessu ári hefði þetta verið um 50 þús. fyrir hjón með tvö börn, og á næsta ári einhvers staðar á milli 50 og 60 þús. eftir þeirri tekjuþörf, sem nú er og hefur aukizt hjá tryggingakerfinu. Þetta skal ég ekki fara frekar út í vegna þess, að ég hef áður gert grein fyrir því.

Það var greinilegt í ræðu þessa hv. þm., að það var tvennt sem snart hann þannig, að hann fór út í þau stóryrði, sem hann notaði í ræðu sinni, og það var í fyrsta lagi þetta, sem ég hafði áður sagt, að ég hefði talið bera brýna nauðsyn til þess að koma í veg fyrir, að skattalög viðreisnarstjórnarinnar kæmust til framkvæmda. Hv. 2. þm. Reykv. vitnaði til þess, að hér hefði nú ekki verið um stóra hluti að ræða, þar sem hlutafjáreigendur, hjón, hefðu aðeins átt að fá 60 þús. kr. skattfrjálsar af tekjum af hlutabréfum. Í upphaflega frv. áttu að vera 15 þús. fyrir hvert barn, en raunverulega var það Vinnuveitendasambandið, sem snerist gegn þessu. Meginmunur á þessu og því, sem nú hefur verið gert, er það, að þarna var ekki verið að tryggja fjármagn fyrirtækjanna, heldur var verið að tryggja fjármagn hlutafjáreigendanna. Fyrirtækið sjálft bjó ekki að eins góðum kjörum og áður, meðan það safnaði í varasjóð, en það var auðveldara fyrir hlutafjáreigendurna að ná sínum arði af hlutafénu á þennan hátt, því að það var náttúrlega ekki lítils virði að fá þessa upphæð skattfrjálsa. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þetta hefði verið sparnaður, sem hefði átt að vernda með þessum hætti og gera það sambærilegt við sparifjármyndunina. Þar er að minni hyggju reginmunur á, því að það hefur verið svo í okkar landi, að einmitt sparifé hefur verið að rýna, en eignir, sem hlutafélögin eiga, sem eru venjulegar fasteignir og fleiri slík tæki, hafa verið

að vaxa í verði. Ég vil minna á það, að í sambandi við umr. um þetta skattalagafrv. í hv. Ed. 3. apríl 1971, vék frsm. fjhn., fulltrúi Sjálfstfl. í d., prófessor Ólafur Björnsson, að þessum atriðum og gerði þá m. a. grein fyrir viðhorfum sínum varðandi þetta sparnaðarform og hvort ætti að vernda það öðrum fremur. Sagði þá þessi ræðumaður m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta, — hann var þá búinn að ræða um annað atriði, en það er skattfrelsi arðs af hlutafjáreign að vissu marki, sem mun vera algert nýmæli í okkar skattalöggjöf. Aðspurðir kváðust sérfræðingar þeir, sem ég gat um, að hefðu mætt á fundum okkar, að þeim væri ekki kunnugt um fordæmi fyrir slíku í löggjöf nágrannalandanna. Síðan heldur ræðumaður áfram og tekur þá annað sparnaðarform fyrir og segir svo: „Í sveitum landsins hefur það verið þannig um langt skeið og enn í dag, að bændur spara á þann hátt, að þeir setja á lömbin sín frekar en að slátra þeim, og það er þeirra sparnaðarform."

Þá mætti alveg eins út frá þessum hugsunarhætti segja, að arður af búfé ætti í raun og veru að vera skattfrjáls, af því að vextir af sparifé er það. Mér er ekki kunnugt um það, þó að bændur geri vissulega sínar kröfur eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins og væru sennilega flosnaðir upp af búum sínum, ef þeir gerðu það ekki, að slík krafa hafi nokkurn tíma komið fram frá bændum. Í þessu sambandi vil ég nefna það, sem oft er sagt, að áhætta fylgi því að eiga hlutabréf. Sama held ég, að gildi um búfé, og fyrir kemur, að lömbin fara ofan í pytt eða fá bráðapest, svo að búfjáreignin hefur líka sína áhættu í för með sér.

Síðar í þessari sömu ræðu sagði þessi þáv. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„En ég get að lokum ekki látið hjá líða að benda hér á annað atriði, og vil ég þá — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp fáein orð úr erindi því, sem borizt hefur varðandi þetta mál frá atvinnurekendasamtökunum. Í því segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað er vert að benda á, að eins og löggjöf um hlutafélög er nú háttað, er nánast hægt að stofna hlutafélag um hvaða smáatvinnurekstur sem vera skal. Af þessu leiðir, að smáatvinnurekendur og jafnvel einyrkjar í hvaða atvinnugrein sem er gætu í reynd valið skattalagaform hlutafélaga."

Síðar í þessari ræðu segir ræðumaður: „En eins og hlutafélagalöggjöfin er, þá er hún auðvitað mjög rúm, og það má ekki loka augum fyrir þeirri hættu, sem í því er, sem atvinnurekendur benda á, að þeir, sem hafa einhvers konar sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum, mundu í mjög stórum stíl fara þá leið að stofna hlutafélag með nánustu fjölskyldu sinni, sem þýðir það, að þeir fengju þar jafnvel nokkra tugi þús. kr. skattfrjálsa. Hér er ekki um það að ræða, að þetta sé raunverulega arður af neinu hlutafé, því að aldrei er neitt borgað inn í slík hlutafélög, heldur mundi leiðin verða sú, að það er til málamynda stofnað þarna nýtt fyrirtæki, hlutafélagið Jón Jónsson, ef um málflutningsmann væri að ræða. Síðan reiknaði Jón Jónsson sér tiltölulega lágt kaup sem starfsmaður hjá þessu hlutafélagi og fær þannig meiri eða minni hluta af sínum vinnutekjum í formi hlutabréfsarðs. Fyrir þessari hættu má ekki loka augunum."

Finnst nú hv. 2. þm. Reykv. alveg ástæðulaust, þó að núv. ríkisstj. gerði sér grein fyrir þessari hættu og gengi ekki blákalt í vatnið og yrði fyrsta ríkisstj., sem framkvæmdi þessi skattalög? (GH: En greiddi prófessor Ólafur ekki atkv. með þessum lögum?) Prófessor Ólafur varaði sinn eigin flokk einmitt við þessum lögum. (GH: En hvernig greiddi hann atkv.?) Ég hef nú ekki atkvgr. fyrir mér. Það getur vel verið, að flokksböndin hafi látið hann greiða atkv. með þeim, eftir að hann var búinn að gera slíka grein fyrir afstöðu sinni. Hv. 2. þm. Reykv. þekkir betur til á heimili Sjálfstfl. en ég.

Ég verð að benda á, að hér var ekki um neitt smámál að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði líka um flýtifyrninguna og taldi, að það væri ekki hægt að reka atvinnurekstur í landinu nema hafa hæfilega fyrningu. Ég er honum sammála um það. Í skattal. núna er líka gert ráð fyrir fyrningu. En flýtifyrningin, eins og hún var í þessari löggjöf, var ekki með neinum venjulegum hætti. Ég hef öruggar heimildir fyrir því, að hæsti skattgreiðandi landsins, Olíufélagið h/f, hefði með auðveldu móti getað gert sig skattlaust á þessu herrans ári með flýtifyrningu. Ég veit ósköp vel, að það er ekki hægt að nota flýtifyrninguna ár eftir ár. En það er einmitt hægt að nota hana, þegar útkoman er sérstaklega hagstæð. Þess vegna var þessu breytt nú, flýtifyrningin takmörkuð og afskriftirnar gerðar eðlilegri. Nauðsynlegt er að gera afskriftirnar eðlilegri, en taka þær ekki upp með slíkri flýtifyrningu eins og þarna var gert ráð fyrir.

Þá kem ég þar að, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um eignarskattinn, en þar hafði ég komið mínu illa innræti vel við. Um eignarskattinn hef ég sagt það og skal vitna þar til skýrslu, sem ég hef hér í höndunum frá Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í l. nr. 68 1971 var álagningarreglum um eignarskatt einstaklinga breytt mjög verulega frá því, sem verið hafði, en við tilkomu nýja fasteignamatsins var nauðsynlegt að breyta skattstiga eignarskatts. Samkv. lauslegri áætlun hefðu hinar nýju reglur leitt til þess, að gjaldendum eignarskatts hefði fækkað úr 32 þús. árið 1971 í 2 þús. árið 1972 og álagður eignarskattur hefði sennilega lækkað úr 121 millj. kr. 1971 í 18 millj. kr."

Finnst nú ekki hv. 2. þm. Reykv., að hér sé fullhraustlega að verið? Finnst ekki þessum hv. þm., að það hafi verið nokkur ástæða til að stinga við fótum, þegar átti að fara að framkvæma svona skattalöggjöf? Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég get ekki talið það illmennsku, þó að menn reyni að breyta svona ákvæðum. Ég er miklu meira undrandi á því, að það skuli hafa verið gengið í það að setja skattalög með þessum hætti, og mér finnst það nánast sagt merkilegt, að komið skyldi geta fyrir, að

ganga ætti svo langt í breytingu á skattal. sem gert var þarna. Allt talið um flaustrið, slæmu vinnubrögðin og allt það, sem átti að vera á skattal. í fyrrahaust og fyrravetur, er víst ekki hægt að færa undir þetta, því að vafalaust hefur þetta allt verið vel unnið. Það hefur nú samt komið fyrir hér á hv. Alþ., og ég man ekki betur en brtt., sem fylgdu þessu skattalagafrv. frá n. hv. Alþ., væru upp á hér um bil eins margar síður og frv. sjálft, þrátt fyrir það að ekki væru höfð þau vinnubrögð, sem svo mjög hafa verið fordæmd í minni hendi. Nei, ég held, að ég skilji það vel, að þessi hv. þm., sem virðist vera sérstakur talsmaður hlutafjáreigendanna, finni sárt til þessara skattalagabreytinga, og ræða hans leyndi því ekki. Ég held, að þegar betur er að gáð, muni hann einnig sjá, að hér var þörf á breytingum.

Þá kom hv. þm. að samskiptum sveitarfélaganna og tekjustofnalögunum, og las þar upp úr ályktun, sem ég því miður greip nú ekki, en ég vil minna á það, að af þessum fundi, sem fulltrúaráðið og sambandsstjórn sveitarfélaganna hélt í fyrra um skattal. og mun hafa verið í janúar, hafði ég þær fregnir, að hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, hafi beitt sér af miklum dugnaði til þess að hafa áhrif á niðurstöðu fundarins. Við því er ekkert að segja og ekki nema eðlilegt, að menn fylgi fram sínum skoðunum. Hitt var lítið skemmtilegt og vægast sagt smekkleysi í meira lagi, að ríkisskattstjóri var látinn flytja ræðu, áróðursræðu gegn þessum frv., eftir að umr. hafði verið lokið. Það voru afskaplega lítið skemmtileg vinnubrögð. Ég hef ekki haldið því máli á lofti og hef ekki sagt frá því opinberlega fyrr en hér, en þetta er staðreynd. En hverjir skyldu hafa unnið að þessu og hvernig var svo ályktunin, sem þessi fulltrúaráðsfundur gerði? Hún var m. a. svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga telur, að með frv. því til l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú liggur fyrir Alþ., séu í höfuðatriðum stigin þýðingarmikil spor í rétta átt."

Er þetta nú ekki nokkur viðurkenning á málinu að stiga í höfuðatriðum þýðingarmikil spor í rétta átt? (*Gripið fram í:* Fáum við meira að heyra?) Jú, jú, ég get lesið áfram, með leyfi forseta:

„Frv. felur í sér mikilvæga einföldun á samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Skattkerfið í heild er gert einfaldara og virkara. Tekjustofnar sveitarfélaga eru ekki eins háðir hagsveiflum og verið hefur, og ríkið tekur að mestu að sér hina félagslegu þætti skattlagningarinnar."

Þetta var nú framhaldið. Ég þarf ekki meira. Hv. 2. þm. Reykv. getur svo haldið áfram með sinn lestur síðan. Þetta nægir mér.

En ég vil minna á það, að það var ekki lítill áróðurinn í fyrravetur, og fram á vor um það, hvernig sveitarfélögin færu óskaplega illa út úr þessu. Hvað hefur verið talað um seinni partinn í sumar? Hafa sveitarfélögin farið svo óskaplega illa út úr þessari skattalagabreytingu? Ég held t. d., að vinur minn, hv. 2. þm. Vesturl., mundi ekki telja það í sinni heimabyggð. Ég tel það ekki í minni heimabyggð, og vil ég t. d. nefna stað eins og Akureyri. Hún var farin að nota álögur á álagninguna, — ég man nú ekki, hvort það var 1970 eða 1971, sem hún notaði álagninguna, — en 1970 var hún komin með 35.4% af sínum heildartekjum í fjárfestingarframkvæmdir og annað því um líkt, 66% tæp fóru í reksturinn. En 1972 fara 49.1% í fjárfestingu og uppbyggingu þarna í bæjarfélaginu. Er þetta sönnun fyrir því, að það hafi nú verið þrengt að þessu sveitarfélagi? Mér finnst það vera hið gagnstæða. Ég held því, að reynslan hafi sannað það, sem ég sagði, að þetta hafi orðið sveitarfélögunum mjög í hag.

Þá erum við komnir að höfuðborginni, aðförinni að Reykjavík og Reykvíkingum. Hver var aðförin að Reykjavík og Reykvíkingum? Hún var fólgin í því, að ríkissjóður tók að sér að greiða 380 millj. af gjöldum, sem Reykjavík hefði að öðrum kosti þurft að greiða. Hér var um að ræða, að á árinu 1971 þurfti borgarstjórnin í Reykjavík að verja 24.4% af sínum heildartekjum til þessara mála, en 8.4 í ár. Það er meiri aðförin, þetta. Er svona farið að, þegar menn eru að gera aðför að öðrum? Eru þeir þá að gera þeirra hag betri og auðveldari?

Nú kem ég að því, sem borgarstjórinn ræddi hér áðan, því, hvort þeir hefðu þurft að nota álagsheimildirnar. Þá vil ég fyrst geta þess, að á árinu 1971, meðan viðreisnarstjórn sat hér og góðir menn voru í ráðherrastólum, gat Reykjavíkurborg varið 296.9 millj. kr. til eignahreyfinga eða 19.7% af útgjöldum sínum. Svo kom desember 1971, en þá fór Reykjavíkurborg að áætla, hvernig útgjöldunum yrði hagað hjá sér á árinu 1972. Þá höfðu þeir eitthvert veður af því, að breytingar væru í lofti, en samt byggðu þeir upp sína áætlun og reiknuðu með því, að þeir gætu varið 503.5 millj. kr. í eignahreyfingu. Það var 21.8% af heildarútgjöldum þeirra. Hækkunin á þessum lið var 68%. Svo kom vorið og komið fram í marz og farið að lifna yfir öllu. Þá voru skattal. orðin til, og Reykjavík sá nýja veröld í aðförinni. Þá hækkaði Reykjavíkurborg framlagið til eignahreyfinga sinna upp í 587.9 millj. kr. eða þar með 37.8% af heildarútgjöldum sínum miðað við 21.8% frá því árið áður og hafði þá hækkað þetta á þessu eina ári um 98%. Þar er svona hraustlega að verið, eins og menn tala um, að sé hjá mér. Hún er nú af þeirri gerðinni, fyrirhyggjan þar. Þetta var gert, og var þá búið að stinga inn á ýmsa rekstrarliði rúmum 100 millj., 130 millj., til þess að búa í haginn frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir um haustið. Svona er aðförin að Reykjavíkurborg. Finnst nú hv. 2. þm. Reykv., að eitthvað vont sé að gerast, þegar þannig er á borgina snúið? Ekki sé ég, að hann sem höfuðstjórnandi þessarar borgar ætti að kvarta undan því að geta lagt nærri því 100% meira í verk til framtíðarinnar en hann gat árið áður. Hinu held ég fram eftir sem áður, að það hefði verið afskaplega auðvelt að komast hjá því að hækka fasteignaskattana og útsvörin um þær rúmlega 200 millj., sem borgarstjórnin í Reykjavík gerði. Það er afskaplega erfitt að fá mig til þess að skilja

það, að menn, sem í raun og veru hafa litið á skattheimtuna í landinu sem óþolandi og allt of mikla, hafi farið svona að. Það er líka erfitt að fá mig til þess að trúa því, að þessir hinir sömu menn, sem ganga svona hraustlega fram á sínum eigin heimavígstöðvum, séu hræddir við spennu, eftirspurn eftir vinnuafli og annað því um líkt. Eða er þetta þá leiðin til þess að vinna að því? Ég fæ ekki séð, að svo sé. En þannig mat borgarstjórnin í Reykjavík þetta. Og undan því kvartaði svo hv. 2. þm. Reykv. hér áðan, að ótætis ríkisstj. væri nú svo slæm, að hún hefði ekki einu sinni leyft þeim að gera allar þær hækkanir, sem þeir hefðu þurft og viljað gera í hitaveitu, rafmagnsveitu, strætisvögnum og ég man nú ekki, hvað það var fleira. Var nú ekki nóg komið af þessu ágæta, þótt lengra væri ekki gengið?

Hvort sem við eyðum í það lengri eða skemmri tíma að ræða um okkar ágætu skattamál, er staðreyndin sú, þegar öllu er á botninn hvolt, að ef verkaskiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga hefði ekki átt sér stað og sveitarfélögin hefðu ætlað að halda uppi því, sem þau gerðu, — áæluninni síðan í sumar, — þá hefðu þau í skattheimtu sinni orðið að fara í 55.5% frá árinu áður, þegar ríkissjóði hefði nægt 31.6%. Þetta er staðreynd, ef gamla kerfið hefði verið óbreytt.

Svo kem ég að öðru, sem hv. 2. þm. Reykv. taldi, að ég hefði sannað, að hann hefði farið rétt með þegar hann talaði um, að það væri aðför að Reykjavík, sem verið væri að gera með þessum lögum. Það hefði sannazt, þegar ég sagði, að þessi skattalagabreyting væri stórvægilegur þáttur í því að jafna aðstöðu í landinu. Ég endurtek, að það var stórkostlegur þáttur í að jafna aðstöðu í landinu, þegar ríkið tók að sér að greiða þá þætti úr rekstri sveitarfélaga, sem hvíldu jafnþungt á þeim og tryggingarnar, sjúkrasamlagið og lögreglukostnaðurinn. Það var ekki aðför að neinum nema þá að ríkissjóði, ef menn vilja hafa það svo. En þetta er gjörbreyting fyrir þessi sveitarfélög. Ég vil undirstrika og leggja áherzlu á, að það voru um 18 sveitarfélög, sem leituðu til jöfnunarsjóðs á árinu 1971, og það voru ekki allt smá sveitarfélög. Hvernig var með staði eins og Siglufjörð, Sauðárkrók o. fl.? Þessir staðir urðu að leggja á sína gjaldendur meira en almennt var lagt á í landinu og leita til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að auki. Hver er staða þessara sveitarfélaga núna? Hún er allt önnur. Það er kunnara en frá þurfi að segja, og ég veit, að hv. 2.. þm Reykv. er það vel að sér í sveitarstjórnarmálum, að honum var vel kunnugt um það, að greiðsluvandræði margra sveitarfélaga til sjúkrasamlaga, til tryggingganna, vegna hafnanna var orðin svo mikil, að til hreinna vandræða var komið. Ef til viðbótar því hefðu komið þær álögur, sem fylgdu hækkun tryggingganna, þó að ekki hefði verið gengið lengra en viðreisnarstjórnin gékk, þá hefðu sveitarfélögin átt meira en í vök að verjast. Þess vegna endurtek ég, að það er einn stórkostlegasti þátturinn í aðstöðujöfnuði hérlendis að létta þessum gjöldum af sveitarfélögunum, því að með því móti fá þau rými til uppbyggingar á heimastöðvum. Og það er algerlega vonlaust fyrir bæjar- og sveitarfélögin úti um landsbyggðina að halda fólkinu í sínum byggðarlögum, ef þau geta ekki búið sæmilega að þeim, eins og þau, sem betur eru sett. Til mín komu í dag 3 bæjarstjórnarmenn eða forsvarsmenn austan af fjörðum og voru að ræða um hugsanlegar framkvæmdir sínar í gatnagerð. Þeir sögðu: Við höldum ekki okkar byggðum áfram í uppbyggingu, ef við getum ekki breytt götunum úr for og ryki í olíumöl eða malbik. Þetta er staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við, hversu erfitt sem það verður. Það er engin aðför að Reykjavík, þó að hagur þessara sveitarfélaga sé bættur. Slíkan skilning get ég ekki tileinkað mér, og ég vil ekki heldur ætla það, að hv. 2. þm. Reykv. hugsi þannig. Þá hef ég a. m. k. reiknað skakkt um hans hugarheim. Það er því ekki um neina aðför að Reykjavík að ræða, þó að ríkið taki að sér þau útgjöld, sem voru að kaffæra þessi bæjar- og sveitarfélög. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að það var gert stórkostlegt átak til þess að aðstoða byggðirnar úti um landsbyggðina, og það mun sýna sig, að rétt var að stefnt í þeim efnum.

Þetta var nú kjarninn í því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði og ég vildi gera aths. við. Ég skal nú fara að stytta mál mitt, því að þetta er þriðja lota, sem ég tek, og sé ég ekki ástæðu til þess að bæta hér miklu við. Flest annað, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Reykv., svo og ræðu hv. 1. þm. Reykv., var mál, sem búið er að ræða hér um áður, eins og m. a. greiðslujöfnuður okkar við útlönd, sem að verulegu leyti stafar af því, að við erum í stórfelldum framkvæmdum, sem við fjármögnum með erlendum lántökum. Viðskiptalega séð stöndum við betur nú í ágústlok a. m. k. heldur en við stóðum í fyrra, svo að verulegri fjárhæð munar, og ég hygg, að það hafi verið eins í septemberlok, þó að ég hafi ekki tölurnar, ég held, að það hafi heldur batnað. Hins vegar tek ég undir það, að í slíkum viðskiptum sem öðrum verður að hafa gát á. Það skiptir höfuðmáli, hvernig þessi skuldamyndun verður til, hvort það er fyrst og fremst vegna atvinnutækja, sem eiga að skila gjaldeyri, eða atvinnutækja, sem eiga að spara gjaldeyri. Það er höfuðþáttur þess máls. Það hefur verið sagt í þessum umr., og ég skal nú ekki fara langt út í það og heldur ekki fara að vitna í fortíðina neitt í því sambandi, að botninn í málinu væri í Borgarfirði. Ef svo er, þá mun ég treysta því, að afgreiðsla málsins verði með góðum hætti, því að flest er traust og kjarngott, sem þaðan kemur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í orðræður milli hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Reykv., en hæstv. fjmrh. vék hér í sambandi við það, þegar hann var að tala um, hvað hann hefði búið vel að sveitarfélögunum með löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga, sérstaklega að Akureyri, og taldi, að

útkoman hefði verið sérstaklega góð fyrir Akureyri. Það á að heita svo, að ég sé bæjarstjórnarmaður á Akureyri og ætti því að vita eitthvað svolítið um fjármál Akureyrarkaupstaðar. Það má vel vera, að nokkuð sé til í því, sem hæstv. ráðh. sagði, en þá eru til nokkrar ástæður fyrir því. Sú fyrsta er sú, að hið mikla fyrirtæki á Akureyri, Samband ísl. samvinnufélaga, hefur aldrei borgað útsvör til Akureyrarkaupstaðar, en á þar miklar fasteignir. Það er auðvitað hagstæðara fyrir Akureyri að geta lagt fasteignaskatt á þessar eignir heldur en fá ekki útsvör fá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það er einnig svo um Akureyri, að þar vinna giftar konur mikið úti, meira en annars staðar, að því er talið er, og brúttóútsvar á tekjur þeirra kemur auðvitað þannig út, að farið er dýpra í vasa þeirra heimila, þar sem giftar konur vinna úti, heldur en áður. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. er sérstaklega hreykinn af þessu. Í síðasta lagi er það að segja um Akureyri og tekjuöflun fyrir Akureyrarkaupstað, að 600 nýir gjaldendur bættust á útsvarsskrá í þeim kaupstað á s. l. ári. Allt er það lágtekjufólk, allt er það fólk, sem ekki hefði verið á útsvarsskrá, ef lagt hefði verið á með öðrum lögum. Ég hef ekki séð ennþá hvernig innheimta þessara útsvara gengur, mig minnir, að það séu um þúsund útsvarsgjaldendur á Akureyri, sem hafa minna útsvar en 15 þús. kr. Það merkir, að þeir hafa tekjur, sem eru nálægt 150—200 þús. kr. Mér segir svo hugur um, að innheimta þessara útsvara gangi illa og niðurstöðutölur segi ekki allan sannleikann um þetta mál, enda er það svo, að innheimta bæjargjalda á Akureyri hefur aldrei gengið eins illa og á þessu ári. Um þetta get ég upplýst hæstv. ráðh. út af því, sem hann sagði hér. Það hefur heldur aldrei þurft áður að grípa til þeirra ráða á Akureyri að leggja heimilaðar álögur á alla tekjustofna bæjarfélagsins.

Þær umr., sem hér hafa orðið í Sþ. um fjárlagafrv. ríkisstj., eru nú orðnar nokkuð langar, en ég finn mig þó knúinn til þess að taka til máls við þessa umr. til þess að fá skorið úr um eitt mikilvægt atriði, sem mér er ekki kunnugt um, að enn hafi borið hér á góma við þessa umr. Það er, hvenær leggur ríkisstj. fram fyrir Alþ. heildartill. sínar um lausn vandans í efnahagsmálum? Þetta er ákaflega mikilvæg spurning, ekki sízt þegar það er haft í huga, að Alþýðusambandsþing sezt á rökstóla innan skamms. Ég hygg, að það komi saman síðari hluta nóvembermánaðar. Það er óneitanlega nokkur freisting fyrir hæstv. núv. ríkisstj. að hafa stefnu sína í efnahagsmálum opna í alla enda fram yfir Alþýðusambandsþing, þegar haft er í huga það öngþveiti, sem nú blasir við í efnahagslífinu. Ég er þó ekki með þessu að slá því föstu, að ríkisstj. hyggist gera þetta í blóra við, að hún sé að bíða eftir valkostum þeirrar n., sem á að hvísla í eyra henni, hvert hún eigi að stefna í efnahagsmálum. Ég er hér til þess að fá úrskurð um, hvort nokkur maðkur sé í mysunni og krefjast svars um, hvort heildartill. ríkisstj., — ríkisstj. hinna vinnandi stétta, eins og hún kallar sig sjálf á hátíðarstundum, — verði ekki lagðar fram það tímanlega, að launþegum í landinu verði ljós sá rauverulegi vandi, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar og til hvaða ráða ríkisstj. hyggst grípa til þess að finna lausn á honum. Ég tel það skýlausa kröfu þingheims og þjóðarinnar allrar að fá nú þegar í stað yfirlýsingu um, hvort ríkisstj. ætlar að gera þetta eða hvort hún hyggst láta þann huliðshjúp hvíla yfir þessum málum, sem hún hefur reynt að bregða yfir fjárlagafrv. og önnur þau frv., sem varða efnahagsmálin almennt. Ég hef margheyrt þau rök og bið hæstv. fjmrh. að fara ekki að þylja þau hér yfir mér og þingheimi, að bíða þurfi þess, hvernig útlit verður um afla og ástand almennt n. k. áramót. Hér er um hrein falsrök að ræða. Vandinn sýnist því miður orðinn svo mikill í efnahagsmálum þjóðarinnar, að það er nú þegar ljóst, að gera verður miklar ráðstafanir til lausnar honum, jafnvel þótt aflavonir glæddust þann tíma, sem eftir er til áramóta.

Það hefur verið sagt hérna við umr. og haft eftir hæstv. núv. fjmrh., að fjárl. séu spegilmynd af ríkisbúskapnum á hverjum tíma. Þetta er rétt. Í samræmi við þetta er kjarni þessa fjárlagafrv. fólgin í því, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar segi: Við miðum þetta frv. við óbreytta visitölu á næsta ári. Við miðum það við glæfralega tekjuáætlun, sem leiddi til þess, að innflutningur vara og þjónustu þyrfti að vera svo geigvænlegur á tveim árum, að halli yrði á viðskiptajöfnuði við útlönd um 6—8 þús. millj. kr. Við miðum líka við 1300 millj. kr. tekjuskattshækkun hjá einstaklingum. Allt kemur fyrir ekki. Samt sem áður skortir okkur ótilgreindar þús. millj. til þess að ná endum saman, þannig að sjálfar forsendur frv. standist miðað við 117 visitölustig allt árið 1973. Þar byrjar huliðhjúpurinn og ósagt er látið, að visitalan hækki óhjákvæmilega um 4—5 stig um áramót, þótt öllum niðurgreiðslum sé haldið áfram, og gæti hækkað margfalt meira, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti réttilega á í umr. áðan. Hagstofa Íslands hefur tjáð mér, að það kosti um 180—200 millj. kr. að greiða niður hvert visitölustig á ársgrundvelli. Því blasir sú spegilmynd við af ríkisbúskapnum, sem ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafa sagt með fjárlagafrv. Glæfralegasta tekjuáætlun sögunnar nægir okkur ekki, ekki heldur áframhaldandi tekjuskattspíningarstefna, til þess að ná saman hallalausum fjárl. Framkvæma verður kjaraskerðingu með einhverjum öðrum hætti einnig. Í viðbót við þetta segir hæstv. ríkisstj.: Við látum hv. þm. hins vegar alls ekki í té upplýsingar að sinni um, hve margar þús. milli. skortir nákvæmlega og skerða þarf kjörin um. Við segjumst í bili bíða eftir ráðum valkostanefndarinnar, hvernig við framkvæmum nauðsynlega kjaraskerðingu. En er það valkostanefndin, sem er beðið eftir?

Sé annað frv., sem ríkisstj. hefur lagt hér fram á hinu háa Alþ., skoðað í sambengi við fjárlagafrv., blasir önnur spegilmynd við. Samkv. frv. um breyt. á l. um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þarf að bæta við tekjur útgerðar og fiskvinnslu tæpum 90 millj. kr. á yfirstandandi ári, til þess að endar náist saman. Hér er um að ræða 1/10 hluta ársaflans. Á næsta ári þarf því um 900 millj. í þessu skyni að óbreyttum forsendum. Nú er vitað, að grunnkaup hækkar um 6% á næsta ári og ósennilegt er, að komizt verði hjá verulegum tilkostnaðarhækkunum af öðrum toga hjá

sjávarútveginum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir miklu minni hækkun á útflutningsverði einstakra fisktegunda en á yfirstandandi ári nema á loðnuafurðum. Af þessum sökum er óvarlegt að áætla, að sjávarútveginn skorti minna en 1200—1500 millj. kr. eða þar um bil, að óbreyttum aflabrögðum á næsta ári, til þess að endar nái þar saman. Þótt ekki hafi enn verið lagt fram frv. eða þskj. hér á hv. Alþ. um afkomuhorfur iðnaðarins, — sennilega af þeirri ástæðu, að hæstv. iðnrh. virðist hugsa meira um iðnbyltinguna 1980 en núv. ástand, — þá er vitað mál, að flestar iðngreinar eru að komast í þrot efnahagslega. Sú spegilmynd blasir því við, þegar skoðað er ofan í kjölinn, hvað felst í framangreindum þskj. og almennar staðreyndir um afkomu atvinnuveganna eru hafðar í huga, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar meta nú stöðuna þannig í þjóðarbúskapnum, að framkvæma þurfi kjaraskerðingu, sem vægt er áætluð 2.5—3 þús. millj kr. á ársgrundvelli, en e. t. v. er raunsærra að nefna miklu hærri tölu. Það er ómögulegt fyrir hæstv. ríkisstj. að neita þessu. Framangreind frv. eru þess órækur vottur. En ekki má segja núna, hversu mikið á að skerða kjör þjóðarinnar í heild.

Þótt þessu sé leynt við hv. þm. og Alþ. þannig óvirt, er jafnljóst, að sérfræðingar ríkisstj. vita nú nokkuð nákvæmlega, hversu mikið þarf að lækka seglin um sinn, eins og hæstv. forsrh. sagði, en leggst út á mæltu máli, hversu mikil kjaraskerðing er áformuð á næsta ári. Annars hefðu framangreind plögg aldrei verið lögð fram. Ég endurtek og vil leggja þunga áherzlu á, að framangreind ágizkun um kjaraskerðingaráform ríkisstj. er byggð á því, að ennþá verði eytt eins geigvænlega gjaldeyrisforða þjóðarinnar og verið hefur og stefnt er að með framangreindu fjárlagafrv. Ef snúa ætti við á þeirri óheillabraut, — sem aðeins hefur einn enda, — að eyða og spenna gjaldeyri, til þess að ríkissjóður fái nógu hækkaðar tekjur af innflutningi, er vandinn miklu meiri. Þetta er einhver geigvænlegasta staðreyndin um það öngþveiti, sem ríkisstj. hefur komið efnahagslífi þjóðarinnar í á aðeins rúmlega eins árs valdaferli sínum.

Herra forseti. Það endurspeglast í frv. til fjárl. fyrir 1973 og frv. til l. um breyt. á l. um verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, að það er mat ríkisstj., að framkvæma þurfi stórfellda kjaraskerðingu, sem nemur þús. millj. kr. á ársgrundvelli, til þess að unnt verði að afgreiða hallalaus fjárl. fyrir næsta ár og halda atvinulífinu gangandi Spurningin er einfaldlega sú, með hvaða hætti hyggst ríkisstj. gera þetta. Því er ósvarað, og hversu vandinn er mikill. En þar sem hér er um að ræða stórkostlegan vanda, sem varðar hag og heill alls almennings, og Alþýðusambandsþing er á næsta leyti, tel ég réttmæta kröfu allra launþega, hv. alþm. og þeirra aðila, sem þetta mál varðar, að heildartill. ríkisstj. liggi hér fyrir á hinu háa Alþ., áður en umrætt Alþýðusambandsþing kemur saman. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og vænti afdráttarlausra svara: verður þetta gert? Koma till. ríkisstj. í efnahagsmálum fyrir Alþ. fyrir 15. nóv.? Ef hæstv. fjmrh. vill ekki upplýsa þingheim um þetta, vænti ég liðsinnis hæstv. samgrh., fyrrv. forseta Alþýðusambands Íslands.

Björn Pálsson: Herra forseti. Umr. við 1. umr. fjárl. hafa nú farið hér fram með nokkrum öðrum hætti en undanfarin ár, og tel ég það vera til bóta. Sannleikurinn er sá, að þegar n. eru búnar að fjalla um þetta mál, eins og verið hefur, og aðeins eru útvarpsumr. við 1. umr., þá er ekki til neins að benda á neitt. Menn eru búnir að taka ákvörðun. Það er miklu eðlilegra, ef menn vilja á eitthvað benda, að það sé gert við 1. umr. Hér hafa yfirleitt farið fram málefnalegar umr., eðlilega ekki hlutdrægnislausar, — það er ekki þess að vænta, að stjórnarandstaðan tali algerlega hlutlaust um málið, — en hógværar og sanngjarnar.

Ég hef nú hlustað á ræður stjórnarandstöðunnar, og það hefur hvergi bólað á því, að þeir kæmu með neinar ábendingar um, hvað gera ætti. En þeir hafa málað allt svart, og má vera, að það sé ekki að öllu leyti ástæðulaust. En ég hef vandlega hlustað eftir þessu, og þeir hafa ekki bent á í einu einasta atriði, hvað gera ætti. Eðlilega geta þeir sagt, að það sé ekki í þeirra verkahring, þeim sé ekki skylt að gefa neinar leiðbeiningar.

Það hefur verið talað hér mikið um skattamál og skattbreytingarnar frá því í fyrra, og satt að segja er það mitt álit, að það hafi verið rangt að fara í þessar skattbreytingar í fyrra. Við áttum að láta gamla kerfið alveg halda sér, og vitanlega hefðu skattarnir hækkað á fólkinu, vegna þess að tekjur þess uxu, jafnvel þó að persónufrádrátturinn hefði verið aukinn, en samt hefðu skattarnir mikið hækkað. Og það var miklu hyggilegra pólitískt fyrir fjmrh. að geta sagt: Þetta er allt fyrrv. stjórn að kenna, heldur en láta alltaf vera að skamma sig fyrir þessar hækkanir, sem leiddi eðlilega af sjálfu sér, vegna þess að laun fólksins hækkuðu. Þetta var þess vegna pólitísk yfirsjón. En náttúrlega verða menn að ná tekjunum eftir einhverjum öðrum leiðum. En þetta hefði verið miklu klókara, og svo hefðum við getað gert skattbreytingar núna og verið búnir að hugsa málið vel, og þá hefði kannske ekki þurft að gefa út nein brbl. viðvíkjandi gamla fólkinu, þannig að þetta hefði verið miklu betra. Jæja, það er nú komið sem komið er.

Ég skal ekki blanda mér í deilurnar um aðstöðu kauptúnanna, að þau hefðu orðið svo voðalega illa haldin, ef þetta hefði allt verið óbreytt. Ég geri nú ekki mikið úr því, því að ríkið tók tekjustofnana og hirti þá hvað snertir tekjuskatt og eignarskatt, og ég held, að þau hafi einhvern veginn hjarað, þessi kauptún eða bæir úti á landinu, þó að ástandið hefði verið óbreytt í eitt ár. Og ef það hefði verið ákaflega óhagkvæmt fyrir þau, þá hefðu þau orðið enn þakklátari, ef eitthvað hefði verið breytt þeim til bóta á þessu ári.

Ríkisstj. gaf út málefnasamning, og það er byrjað snemma í honum að tala um kjaramál, og stytting vinnutíma var fyrsti liðurinn. Svo kom lenging orlofs. Svo kom, að leiðrétta ætti vísitöluna, og svo enduðu þeir með 20%, sem rauntekjur að þeirra áliti ættu að hækka. Skýlaust var þó loforðið ekki. Ég las þetta vand-

lega í dag, en það var álit stjórnarinnar, að rauntekjur ættu að hækka um 20%. Það þarf nokkuð mikla kauphækkun til að rauntekjur hækki um 20%. Og ég held nú, ef þessir hv. herrar hefðu verið búnir að reka atvinnufyrirtæki, frystihús eða bát eða eitthvað slíkt eða iðnfyrirtæki, þá hefðu þeir ekki kveðið alveg svona fast að orði. Þeir hefðu tekið varlegar til orða og sakzt vildu vinna að því, að rauntekjurnar hækkuðu. En það er nú svo með unga menn og röska, sem eru t. d. óvanir að fara með hesta, þegar þeir eru settir á hestbak, þá riða þeir fyrsta sprettinn e. t. v.. nokkuð hratt. Svo reka þeir sig á það, að hesturinn þarf að blása og getur ekki endalaust hlaupið. Og þannig er það náttúrlega, að það má ekki dæma það allt of hart, þegar menn komast svona í ráðherrastólana eftir að hafa lengi verið utan við stjórnina, þó að þeir taki dálítið til höndunum og fari nokkuð hratt af stað, það er ekki nema mannlegt. Ég varaði þá við þessu, eftir því sem ég náði til þeirra, að það væri síður mikilla hestamanna að fara rólega af stað, þá endist klárinn betur, þegar kæmi fram á daginn. En eðlilega, þegar menn eru komnir í svona embætti, þá hlusta þeir ekki á svona karla einsog mig. Og ég tók ekkert hart á því. En það er ekki hægt að bera það á hæstv. ríkisstj., að hún hafi svikið þessi loforð.

Svo átti að bæta kjör bænda ok yfirleitt að gera allt fyrir alla, og sést á því, að þetta eru ákaflega góðir menn í sér og vilja allt fyrir alla gera, bæta allra kjör, nema kannske manna, sem grafa fé sitt í holur. Ég skal ekki segja um það. Þetta er ríkisstj. allt búin að efna með þessi kjaramál. Það er búið að gera þetta, og rauntekjur fólks, eins og þær standa í dag, hafa sennilega hækkað. Ég veit ekki, hvort þær hafa hækkað um 20%, en á milli 10% og 20%. Það er ekki hægt að bera vanefndir á ríkisstj. fyrir það. En í ákvæðinu um vinnustyttinguna álít ég vera eina mestu vitleysu, sem ríkisstj. hefur gert, vegna þess að það var ekkert jákvætt við málið. Fólki var hreinlega engin bægð í þessu. Og ef ætti að hækka kaupið meira, — atvinnuvegirnir þola það, — þá er miklu betra að hafa 10% kauphækkun, ef ríkisstj. vildi svona vel gera, og það var náttúrlega makalaust með stjórnarandstöðuna, að hún skyldi ýmist annaðhvort vera með þessari vitleysu eða sitja hjá. Ég spurði þá held ég einhvern þeirra að því, hvernig stæði á þessu, og þá sagði hann mér, að hann vildi helzt, að ríkisstj. gerði sem mesta vitleysu. Út af fyrir sig er það engin afsökun. Ég var einnig á móti þessari endemis vitleysu og er afar stoltur af því. En nú væri þetta allt í lagi, ef þetta væri fólkinu til góðs. En þetta á ríkan þátt í því að skapa ómenningu í þjóðfélaginu. Af hverju koma föstudagsfylliríin hér nema af laugardagsfrínunum?

Þeir eru nú vitrir í ríkisstj., en ég efast um, að þeir séu vitrari en gamli Móses. Hann sagði, að það væri alveg nóg að hafa einn frídag í viku. Og ég er nú ekki einu sinni farinn að hafa það, þegar ég er heima hjá mér, og líður vel fyrir því. Þetta væri hægt að laga, og þá væri hægt að létta um það bil 10% hækkun á atvinnuvegunum. Nú hef ég talað við marga atvinnurekendur, því að ég rak nú einu sinni atvinnu og geri það svolitið enn og þekki þá marga og ræði við þá, og þeim ber nokkurn veginn saman um það, að tilkostnaður hjá fyrirtækjum sínum sé 40%; sumir halda því fram, að hann sé meira. Og svo er þjónustustarfsemin, segja mér mennirnir, sem eiga skipin, að hún hafi alveg tvöfaldazt. Og það er tvennt, sem veldur, og það er það, að úr dreifbýlinu hafa sumir beztu tæknimennirnir flutt í aðra staði og óvanari menn komið í staðinn, og í öðru lagi hefur þessi óhemju eftirspurn eftir vinnu gert það að verkum, að vinnusvik eru orðin meiri en þau voru nokkurn tíma, segja þeir mér, og voru þau þó í allsæmilegu lagi sums staðar, þegar mest var eftirspurnin eftir vinnu hér á árum viðreisnarstjórnarinnar sálugu.

Þessi mikla fjárfesting, sem hefur verið í ár, getur ekki gengið lengi. Það er ámóta hættulegt að hafa allt of mikla eftirspurn eftir vinnu eins og að hafa hana of litla. Það þarf allt að vera í hófi. Sighvatur gamli Sturluson var vítur karl, þó að honum yrði það á að fylgja sínum heimska syni þarna á Örlygsstöðum. En honum varð það að orði, þegar hann var að ræða um hann, að „fá eru óhóf alllangæ." Og annað, sem ég bið dreifbýlismenn að athuga, er, að með þessari óhemju vinnueftirspurn, sem er í þéttbýlinu, skapast straumur frá dreifbýlinu og úr sveitunum, einkum þeim, sem eru afskekktar, og til staða, þar sem vinnan er ótakmörkuð og lán til að koma sér upp íbúðum, og þetta veldur röskun í þjóðfélaginu, ef það verður varanlegt. Þetta skeði t. d. í Bretlandi, þegar iðnaðurinn var í uppsiglingu og gróði var að reka iðnfyrirtækin, að fólkið flykttist úr sveitunum og í kauptúnin. Og við finnum þetta, sem búum úti í dreifbýlinu, hve miklu erfiðara er með alla þjónustu. Það væri ógerlegt að slátra í kauptúnunum úti á landsbyggðinni, nema sveitafólkið hlypi undir bagga. Húsmæðurnar meira að segja verða að fara af heimilunum. Það verður því að stilla þessari fjárfestingu í hóf. Það er ágætt að gera mikið, en það er ekkert góðverk að ætla sér að gera allt í einu. Vinnan þarf að vera jöfn, og það er ár á eftir þessu ári, og það koma menn, þegar við hverfum, sem nú lifum. Það koma aðrir á eftir, og þeir vilja eitthvað gera. Þetta þarf að vera allt í hófi. Við þurfum að vinna á móti atvinnuleysi, en eftirspurnin eftir vinnunni þarf að vera í hófi. Þess vegna er það, að við skulum ekkert vera að blekkja okkur á því, að fjárfestingin í ár er of mikil. En það er ekki allt á vegum þess opinbera. Það hefur bara verið vaðið áfram.

Ýmsir af ræðumönnum hafa haldið því fram, að halli á viðskiptum ríkisins hafi verið 4 milljarðar s. l. ár. Þetta er út af fyrir sig rétt. En þeir láta þess alls ekki getið, að þetta er alls ekki á vegum þess opinbera allt saman. Álfélagið er t. d. með stórbyggingar. Innstreymi var um einhverja milljarða raunverulega. Og það er vörusöfnun í landi. Það safnast fyrir

vörur, bæði ál o. fl., þannig að á vegum þess opinbera hygg ég, að það hafi verið eitthvað á 2. milljarð. En þrátt fyrir þetta, þó að þetta sé ekki algerlega raunverulegt, þá er þetta of mikið. En núv. ríkisstj. verður ekki kennt um þetta að öllu leyti, því að hún tók ekki við fyrr en á miðju ári, og það er ekkert víst, að þetta hefði orðið miklu minna, þótt hinir hefðu setið. Svo er aftur árið 1972, þar er spáin eitthvað svipuð. Það er ómögulegt að fullyrða um þetta núna. Það liggur ekkert endanlega fyrir um, hver hallinn verður mikill. Vafalaust verður hann einhver, sem ekki er óeðlilegt með þessari miklu fjárfestingu, og það getur náttúrlega ekki gengið svona mikil skuldasöfnun ár eftir ár. 1973 liggur heldur ekkert endanlega fyrir. Það er ekki búið að ganga frá neinu enn. Það má vera, að það verði, en það er ekki hægt að fullyrða neitt um þetta. En þar fyrir er ekki hægt að halda þessu áfram, eins og hefur verið í ár. Það verða að koma breytingar þar á.

Það er búið að leggja fram 20 milljarða fjárlög. Það liggur á borðinu, og það er rétt fram tekið, það eru engar ráðstafanir gerðar fyrir þessari kauphækkun, sem er búið að ákveða í byrjun marz, og það er gert ráð fyrir, að vísitalan hækki. Hve mikið það er, veit ég ekki fyrir víst, en því er haldið fram, að þetta sé jafnvel 5—8%. Satt að segja finnst mér það ótrúlegt, ef ekki verður hækkun á útsöluverði landbúnaðarvara. En vera má, að það sé. Ég skal ekkert fullyrða um það. En þessu þarf að mæta. Og að mínu áliti er ekki hægt að hækka fjárl. Það þarf þá að hækka skattana. Hvað á að hækka? Á að hækka söluskattinn? Það eykur dýrtíðina í landinu? Það er ekki hægt að hækka beinu skattana. Það er eðlilegt, að það kæmu ýmsir gallar í ljós á skattakerfinu. Þessu var náttúrulega flaustrað af. Og það, sem mér finnst að, — það er, að lagður er á þessi hái skattur, 54% sameiginlega. Það er lagt á tekjur, sem eru það lágar, að þær nægja ekki fyrir nauðþurftum. Maður með þrjú börn fær 300 þús. kr. frádrátt persónulega og 80 þús., áður en hann er kominn upp í þessi 54%, og hann lifir ekki á þeim 380 þús., þannig að þetta kemur á tekjur, sem fólk þarf að nota til að lifa af. Þetta nær til fjöldans af launafólkinu, og það er annað atriði, sem er hættulega við þetta. Það er hreinlega það, að þegar fólk er farið að vinna fyrir það miklum tekjum, að 54% skatturinn kemur á þær, þá hættir það að vilja vinna. Það er ósköp eðlilegt, og við höfum orðið varir við þetta í ár. Það er eðlilegt, að menn leggji ekki á sig eftirvinnu og næturvinnu upp á það, að 54% eru tekin af því í opinber gjöld. Þess vegna verður að breyta skattakerfinu þannig, að af kaupi hins almenna manns, sem vinnur fyrir sér með sínum höndum, séu ekki tekin 54%. Það er allt of hátt. Það má ekki vera meira en svona 30%. Hinu gæti ég gengið að, að það yrði meira en 30% á mönnum, sem hafa margar millj. kr. í tekjur án þess að erfiða neitt sérstaklega mikið. Það mætti gjarnan fara upp í 70%. Og einhvern tíma á dögum Eysteins voru þetta 90% hjá hátekjumönnum. En að skattleggja þannig að taka 54% af tekjum, sem fólkið vinnur fyrir sér með eftirvinnu og næturvinnu, vökum og of miklu erfiði, það er ekkert vit í því.

Nú vil ég ekki halda með langri yfirvinnu, þó ég sé á móti því að færa vinnutíma niður í 37 klst. og 15 mín., af því að það skapar ómenningu og stórkostleg útgjöld. Ég tel hæfilegt svona 40 stundir í viku og að það sé unnið fram að hádegi á laugardögum. Hitt er svo annað mál, að núna á vertíðinni hef ég heyrt sannar sögur af því, að það var alltaf tveggja mánaða tíma í sumum verstöðvunum, að fólkið varð að vinna 16 tíma á sólarhring. Náttúrulega er ekkert vil í þessu. Og svo auk þess arna, fyrir utan alla þessa blessaða vinnustyttingu, þá er hún stórhættuleg upp á áhrifin á fólkið, sem verður að vinna þennan langa vinnutíma. Það kærir sig ekkert um að leggja þetta á sig, því að aðrir vinna ekki nema að meðaltali sem svarar 6 klst. á dag, eða 6 tíma 6 daga í viku, og fólkið leitar til þessara starfa. Nú er eftirsóknin í alls konar þjónustustörf látlaus, straumurinn verður frá fiskimönnum og bændum. Og þetta misræmi í vinnukerfinu í þjóðfélaginu nær náttúrulega engri átt, það er stórhættulegt. Unga fólkið fer úr sveitinni, það vill geta verið í sparifötunum sínum tvo daga í viku og jafnvel þrjá, og vitanlega er leikur einn að vinna þessar 37 klst. á fjórum dögum, og maður, slæpist 3 daga í vikunni og á að vinna í fjóra, hann verður ekki verkhæfur, hann er kominn úr vinnuþjálfun, hann er ekki takandi, búinn að vera í fylliríi meira og minna kannske, þannig að þetta er ein herfilegasta vitleysa, sem gerð hefur verið. Og fólkinu er ekki ein einasta þægð í þessu. Ég hef fengið þakklæti frá mörgum fyrir að vera á móti þessu og vanþakklæti frá einum einasta manni.

Að mínu áliti er hægt að lækka fjárlögin um 5 milljarða frá því, sem nú er. Ef hæstv. ríkisstj. hefur meira fjármálavit í kollinum en fyrrv. ríkisstjórn, náttúrulega. En satt að segja, þó að þeri færu nú hægar í fyrrv. ríkisstj. að hækka, þá gekk þetta nú allt saman furðanlega, svona nokkurn veginn jafnt og þétt um milljarð á ári. En eðlilega urðu nýju mennirnir að skvetta betur úr klaufunum, það er ekki hægt að neita því. Ekki er nú alveg búið að tvöfalda þessa upphæð, sem þeir tóku við, en ef fjárlögin eru tekin eins og þau eru núna og bætt við því, sem þarf að bæta við, þá getur það orðið u. þ. b. tvöfalt, og er það ekki ólaglega gert á tveimur árum. Satt að segja voru þeir komnir nokkuð vel saman, núverandi fjmrh. og fyrrverandi, þarna seinni árin, sem fyrrv. fjmrh. var með fjármálin, þannig að ég lít á núverandi fjmrh. sem eiginlega hálfgerðan lærisvein hins fyrri, nema hvað hann hefur gert þetta einhvern veginn miklu skarpar en hinn, sem eðlilegt er, því að hann var ekki eins þreyttur.

Svo vil ég með nokkrum orðum segja ykkur frá hugmyndum minum, hvernig á að fara að lækka um þessa 5 milljarða. Ég er búinn að benda ykkur á það, að með því að afnema þessa vitleysu, þessa vinnutímastyttingu, þá getið þið bætt hag eða lækkað launakostnað

frystihúsa og iðnaðarfyrirtækja um 10%, og ef atvinnufyrirtækin geta borgað þetta hærra kaup, þá er sjálfsagt, að þau geri það. Og þá gæti fólkið fengið hækkað kaup fyrir þessa vinnustyttingu sína. En þar verður reynslan náttúrlega að skera úr. Í fyrsta lagi á að afnema þessa vitlausu lífeyrissjóði, sem nú eru og þeir sömdu um, Bjarni heitinn Benediktsson og okkar ágæti félmrh., Hannibal Valdimarsson. Þessi tryggingamál eru nefnilega svo flókin, að það er ekki hægt fyrir menn, sem eru að rabba saman einhvers staðar uppi í sveit, að ákveða þau svona alveg á svipstundu. Þetta þarf rækilegrar athugunar við. Þetta sá hæstv. félmrh., og þegar ég var að deila um þessa lífeyrissjóði bænda einu sinni, þá var hann eini maðurinn, sem stóð með mér. Ég ber alltaf mikla virðingu fyrir honum síðan, gáfum hans og ágæti, og tel honum það til tekna, því að það þarf nefnilega stóra menn til að viðurkenna, að þeir hafi gert eitthvað rangt. Þingið og ríkisstjórnin gerðu sér t. d. mikið til sóma, ef þau afnæmu þessa vinnustyttingarvitleysu, sem þeir komu á í fyrra. Þjóðin mundi bera mikla virðingu fyrir stjórninni á eftir. Það á að afnema þessa sjóði. Þetta er að verða um 10% af kaupi allra landsmanna, sem er tekið og lagt í sjóðina. Þetta eru margir sjóðir og svo nokkrir menn í stjórn hjá hverjum sjóði. Þeir hafa laun, og þeir vilja helzt halda í þessa sjóði. Það eru orðin mörg hundruð manns í stjórn þessara lífeyrissjóða. Svo er farið að braska með þessa sjóði. Ríkisstj. ræður engan veginn yfir þeim. Þeir vilja ekki kaupa þessi spari-bréf, sem hún er að bjóða út, og þau ganga nú ekki út. Þeir vilja ráða yfir þessum peningum og braska með þá.

Ég vil, að við tökum upp sama tryggingakerfi og Norðmenn hafa. Út af þessari vitleysu með lífeyrissjóðina fór ég að kynna mér tryggingamál í öðrum löndum og komst að þeirri niðurstöðu, að önnur eins hringavitleysa er hvergi til í öllum heiminum eins og hér er. Kerfið er allt tvöfalt, sums staðar þrefalt og jafnvel fjórfalt. Það eru sumir, sem hafa fjórföld eftirlaun, og hafa aldrei haft jafnmikil peningaráð á ævinni heldur en þegar þeir eru hættir að geta gert nokkuð.

Norðmenn hafa tryggingakerfi sitt þannig, að launþeginn borgar 4%, atvinnurekandi 8%. Atvinnurekendur tryggja sig með 7% af nettótekjum, og þá er þeim fátækari hjálpað, þeir efnaðri borga 7%; þeir borga mörgum sinnum meira, ef þeir hafa miklar tekjur. Þeir, sem hafa litlar nettótekjur, sleppa, og launþeginn borgar 4%, og það er ekkert meira en á að borga núna í þessa blessaða lífeyrissjóði. Þetta endist Norðmönnum hér um bil alveg, og í þessar tryggingar leggur ríkis sáralítið. Ég ætlast til, að ríkið sjái um örorkubætur; ég ætlast til, að ríkið borgi hálft sjúkrasamlagsgjaldið, en einstaklingar að hálfu með sveitarfélögum, þau gætu borgað sinn helminginn hvort. Ég vil að þetta sé borgað að einhverju leyti heima og sjúkrasamlögin séu heima í héruðunum. Það verður miklu minna svindlað og miklu minni misnotkun, ef aðilarnir eru heima í héruðunum, sjúkrasamlögin sæmilega stór og eftirlitið heima. Þá væri líka ráð að taka upp, að sjúkrasamlögin borguðu tannviðgerðir að einhverju leyti, vegna þess að það eru engir launamenn í þjóðfélaginu, sem draga jafn mikið undan skatti og tannlæknar. Þeir hafa bezta aðstöðu til þess. Ríkið mundi vinna þetta alveg upp með hærri tekjuskatti. Ég ætlast ekki til, að það sé stórlækkað á mönnum, sem hafa 2—3 milljónir, þeir geta borgað háan tekjuskatt.

Ég ætlazt til þess, að almannatryggingar verði borgaðar svona, og þá yrði þetta eiginlega engin útgjaldaaukning fyrir atvinnuvegina, sem verða þegar að borga 6%. Þeir yrðu að borga 8%, ef við færum inn í norska kerfið, og þá gætum við bætt þeim eitthvað upp með þessi 2%. Það mætti t. d. lækka framlagið, sem þeir verða að borga til atvinnuleysistryggingasjóðs, það er um 360 millj., hygg ég, sem hann fær alls núna á ári, og 160 millj. í vexti. Og það er áætlað, að útgjöldin verði 80 millj. og engar líkur til þess, að þau verði það, því að það er ekkert atvinnuleysi í landinu og engar líkur til þess, að það verði. Það er því alveg nóg að bæta við vöxtunum og vera ekki alltaf að fella gengið og gera sjóðina verðlausa. Það er náttúrlega búið að fara illa með þennan sjóð með endurteknum gengislækkunum, en það er meira virði fyrir þennan sjóð, ef hann á að vaxa, dafna og þrifast, að gengið sé ekki fellt hvað eftir annað, heldur en að atvinnuvegirnir séu skattlagðir, og þá væri hægt að lækka þarna eða bæta atvinnuvegunum þetta upp. Svo væri vegur kannske að lækka launaskattinn. Það eru bara um 9—10 hundruð milljónir, sem eru borgaðar í launaskatt og atvinnuvegirnir hafa alltaf borgað.

Ég ætla nú ekki að fara að halda neinn eldhúsdag hér yfir fyrrv. ríkisstj., en satt að segja voru allar efnahagsráðstafanir þannig, að gengið var fellt og svo voru atvinnuvegirnir skattlagðir í sjóði, til þess að það væri eitthvað til að lána. En ég vil, að atvinnuvegirnir verði ekki skattlagðir svona mikið í sjóði og gengið sé tryggt, og þá skapast traust á peningana og fólkið fer að safna peningum. Gert er ráð fyrir, að til almannatrygginga fari milljarðar kr. Sjúkratryggingar yrðu þá borgaðar af einstaklingum og sveitarfélögum að hálfu leyti og ríkinu að hálfu, og ef það kæmi til viðbótar, þá væri hægt að létta þarna á ríkinu á 5. milljarð. Og ef ríkið hætti að leggja í þennan atvinnuleysistryggingasjóð, þá sparaðist þar eitthvað um 200 millj., og þá erum við komin mikið á 5. milljarð. Þetta eykur hér um bil ekkert útgjöld hjá atvinnuvegunum, af því að þeir eiga að borga í þessa lífeyrissjóði hvort sem er.

Svo er náttúrlega ótalmargt á fjárl., sem má spara. En af því að það er nú orðið áliðið, þá ætla ég ekki að fara að telja það upp allt saman. En ég gæti nefnt nokkra liði. Ég er búinn að nefna þessar tryggingar, og þá erum við komnir í svona 4.7 milljarða, hygg ég. Svo er t. d. Alþ. Við höfum verið anzi gróflega flott á að hækka launin okkar og auka ýmsan tilkostnað, láta flokkana fá aðstoðarmann, það er nú ein vitleysan. Og það er gert ráð fyrir, að þessir blessaðir aðstoðarmenn flokkanna

kosti á 4. millj. Við getum alveg strikað þetta út. Ég held, að ef við erum þeir aumingjar að geta ekki samið frv. eða aflað okkur upplýsinga, þá séum við ekki færir um að vera þm. og þetta sé bara eins og hver önnur vitleysa. Svo höfum við verið ákaflega flott á að hækka ferðakostnað við okkur. Þetta gæti nú gjarnan lækkað, og ef við gerum kröfur til annarra, þá skulum við byrja á að gera kröfur til sjálfra okkar.

Háskólinn er kominn með 256 millj. kr launagreiðslu. Ég held, að það sé búið að tvöfalda þessa prófessoratölu á eitthvað 2—3 árum. Og skólakerfið hefur þanizt út með ævintýralegum hraða. Þarna er búið að stofna tvær nýjar deildir, viðskiptadeild og þjóðfélagsfræðikennslu. Þessar deildir kosta 16 millj., bara kennslan. Þarna eru mörg hundruð manns. Þarna eru dömur að bíða eftir því að giftast, og þarna eru ungir sveinar að skipta sér af pólitík og ætla að krefjast þess núna 1. des., að þessar hræður þarna af Reykjanesinu verði reknar burt, og skamma EBE eitthvað og svoleiðis stórvirki ætla þeir að gera núna á hátíðisdeginum. Þeir gætu nú haft í öðru að snúast og kannske þarfara en því, því að það vantar alls staðar fólk, og það er ýmislegt hægt að gera annað. Ég held satt að segja, að þjóð, sem er 200 þús. manns, verði að hafa eitthvert hóf á þessum háskóladeildum. Það borgi sig þá betur, ef við eigum að láta svona 3—4 menn læra einhverja gagnfræðagrein, að styrkja þá bara til þess að læra í öðrum löndum.

Þá er t. d. blessað náttúruverndarráðið með 21 millj. Þeir ætla víst að fljúga yfir öræfin og dreifa áburði og fræi yfir grjótið, sem allt fýkur nú til. Þetta er nú einhver vitlausasta fjárfesting, sem ég gæti hugsað mér, þegar verið er að dreifa áburði uppi á öræfum, ýmist á grjótmela eða flár. Einu sinni voru þeir að dreifa frammi á Auðkúluheiði, og það sá enginn maður, hvar þeir höfðu látið áburðinn. Það var þegar askan féll. Það er ágætt að græða upp landið. Það þarf bara að gera það af einhverri skynsemi. Þessi nýi sandgræðslustjóri skrifaði grein um daginn, og það var töluvert vit í henni, og benti þar á, að þetta væri gert á skynsamlegan og skipulegan hátt. Ég álít, að það mætti spara eitthvað á þeim lið, a. m. k. ætti ekki að ausa þessu uppi á öræfin svona skipulagslaust.

Svo er blessuð sinfóníuhljómsveitin með 20 millj. Ég held, að við gætum komizt af án hennar, því að þetta sífellda garg í útvarpinu er að stórheimska fólkið í landinu.

Svo er Rannsóknastofnun landbúnaðarins með 42 millj. Ég held, að bændurnir hafi fengið litla vizku frá henni. Ýmsar sögur hef ég nú heyrt af vinnubrögðunum og vil ekki vera að hafa það eftir, en ég held, að það væri áreiðanlega skaðlaust, þó að það væri eitthvað fækkað starfsliðinu þar.

Svo er Skógræktin með 28 millj. Það er ákaflega heimskulegt að vera að rækta skóg á Íslandi, það er eitt versta skógræktarland í heimi, fyrir utan pólana, og væri ábyggilega skaðlaust að minnka þetta eitthvað. Það er hægt að láta smákvisti þrifast uppi í dalabotnum. Einu sinni var frv. hér á ferðinni um ræktun skjólbelta. En það er náttúrulega enginn gróður á Íslandi, sem þarf frekara skjól heldur en skógarnir sjálfir. Ég veit ekki til að ræktuð séu skjólbelti. Það er varið fé í þessi skjólbelti, en það bólar ekkert á því, að þau séu til, og því síður, að þau skýli öðrum gróðri.

Svo er grænfóðurverkunin. Það á að verja töluverðum upphæðum í hana. Þarna eru keyptar dýrar vélar, svo að hægt væri að þurrka með rafmagni eða oliu, og allt rekið með halla. En við erum farnir að vita það fyrir norðan a. m. k., að það er hægt að rækta bygg og annan góðan gróður, setja hann bara í vothey, breiða plast yfir. Þetta er miklu ódýrara fyrir bóndann heldur en vera að bjánast til að kaupa köggla, sem kosta miklu meira en kjarnfóðrið. Þetta tel ég ákaflega vafasama fjárfestingu.

Svo er Hafrannsóknastofnunin með 3 skip og kostar 120 millj. eftir áætlun. Hún vinnur víst mörg stórvirkin, þessi Hafrannsóknastofnun með þessi þrjú skip, en ég veit nú ekki nema það væri óhætt að fækka þarna um eitt og lækka þennan kostnað eitthvað. Þeir mundu ekki veiða miklu minna fyrir það.

Ég hef aðeins bent þarna á nokkur atriði. En það má náttúrlega spara í miklu fleiri atriðum og miklu meira. En þetta verður vitanlega ekki gert, nema það sé einhver vilji fyrir hendi og einhver kjarkur. Það er m. ö. o. ekki nokkur minnsti vandi að leysa þetta, ef notuð er einhver hagsýni og menn hafa kjark til að framkvæma það, sem þarf að framkvæma. Þessi sífelldu vandamál, sem við erum alltaf að tala um á hverju einasta þingi, voðaleg vandamál, það er ekkert nema vesalmennskuheimska, sem veldur þessu. Boðorðið er einfaldlega það að eyða ekki meiru en maður aflar. Þetta er ósköp einfalt. Það þarf enga hagfræðinga til þess, og það þarf enga viðskiptadeild uppi í háskóla.

Annars er n. núna að starfa og á að skila áliti, og stjórnin bíður nú og bíður eftir vizkunni. En það er bara miklu betra fyrir ráðh. að hafa vitið í sínum eigin kolli, heldur en vera að panta það frá einhverri n. Og ég held, að það mætti fækka mikið þessum n., þjóðinni alveg að skaðlausu, og ráðh. jafnvel líka. Það er alltaf verið að semja frv., og þau eru meira og minna vitlaus, og fer mikið af tímanum í að koma í veg fyrir, að þau verði samþ. Og svo eiga ráðh. að hafa vit á hlutunum, en ekki þurfa að fá allt vit að láni. Menn, sem hafa fjármálavit, þurfa ekki að læra neina hagfræði. Þetta eru kenningar og kjaftæði, sem þeir læra þarna, og ég álít, að það yrði mikið til bóta að setja hreinlega grein í stjórnarskrána um það, að hagfræðingar kæmu ekki nálægt fjármálum, því að ef menn hafa þessa gáfu, sem er alger sérgáfa líkt og lyktnæmi hjá tófunni, þá þurfa þeir alls ekki að læra hagfræði, hvorki hjá Ólafi Björnssyni né öðrum. Þessir hagfræðingar hafa alltaf verið að reikna, — ef verða gengisfellingar, — verið að reikna, hvað visitalan mundi hækka, og svona nokkuð, og hefur aldrei brugðizt, að þetta væri tóm hringavitleysa, sem er reiknuð. Og ég held, að menn ættu að vera búnir að fá alveg nóg af þessu. Ég hef nú verið hér í þinginu í eitthvað 13

ár, og ef komið er með einhverja sparnaðartill., sem eitthvert vit er í, einhverja ráðdeild, þá er það allt saman rifið niður og ég hef ekkert verið að basla í því. En ef einhver kemur með eyðslutill., þá er því vanalega vel tekið og manninum hælt fyrir viðsýni, félagshyggju og þroska og eitthvað svoleiðis. Ja, þvílíkt! Það er ekki á góðu von.

En þetta er nú komið svona. Við erum komnir í 20 milljarða og vantar sennilega töluvert til að nægi, ef engu er breytt, og þá er ekki nema um tvennt að tala, að láta allt rúlla áfram og fella svo gengið. Það var alltaf ráð fyrrv. ríkisstj. að fella gengið. Það er búið að skamma núv. fjmrh. óskaplega fyrir að hafa þetta ekki allt á borðinu, þessar blessaðar ráðstafanir frá þessari virðulegu n. En ég man nú eftir fyrrv. stjórn 1967, hvað hún var ráðleysisleg á svipinn, þegar ómögulegt var að ná neinu í ríkissjóðinn nema fjölga krónunum, og hvað hún varð glöð, þegar Bretar voru búnir að fella pundið, því að þá felldu þeir bara enn meir og þá fjölgaði krónunum. En þetta var engin smákjaraskerðing, sem gengislækkanirnar 1967 og 1968 ollu hjá launþegum. Krónan var, miðað við erlendan gjaldeyri, lækkuð um rúmlega 100% og kaup hér var hliðstætt og í Noregi fyrir gengislækkanirnar, en eftir þær var það nærri helmingi lægra. Og svo var haldið í að hækka launin sem minnst. En skriðan sem kom núna, voru eftirstöðvar af þessu, af kjaraskerðingunni 1967 og 1968.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um hér áðan, hvað iðnaðurinn hefði tekið mikinn fjörkipp eftir gengislækkunina 1968. Vitanlega, þegar búið er að lækka launin um helming, er ekki óeðlilegt, að það sé hagnaðarvon að framleiða einhverjar iðnaðarvörur. Það kom af sjálfu sér. Þetta hefur vitanlega bitnað á launþegunum. Og svo komu kröfurnar á eftir, og þá ganga þeir gjarnan lengra en ef þessu hefði aldrei verið hreyft, þannig að þessi þensla er ekki öll núv. ríkisstj. að kenna, því fer fjarri.

Ég ætla nú ekkert að tala um illan arf eða mikinn arf. Ég ætla ekkert að gera það, en það er rétt að viðurkenna það, sem rétt er, að kröfurnar um launahækkanir náðu alla leið, og það er að vissu leyti afleiðing af gengislækkunum 1967 og 1968. Það var furðulegt, hvað launþegar tóku því með mikilli þolinmæði þá og sýndu mikinn sparnað á árinu 1969. Við getum gert þetta enn þá. Ég er sannfærður um það, að ef nauðsynlegt reynist og þing og stjórn geri núna það, sem hægt er til þess að reka ríkisbúskapinn á sem hagkvæmastan hátt, og það sýni sig, að atvinnuvegunum er ofþyngt, þeir bera sig ekki, þá er ég sannfærður um það, ef ríkisstj. snýr sér til fólksins, að það sættir sig við það, þó að visitalan sé á einhvern hátt skert. Og því má ekki endurskoða visitöluna? Hvaða vit er í því að hafa tóbak og brennivín inni í henni? Og ef nauðsynlegt reynist, á að taka einhverja fleiri liði út úr. En ég er ekki á því, að við megum taka nauðþurftir fólks. Það verður að bæta það, ef verð hækkar á þeim, þannig að kaup hækki. En það mætti athuga um ýmsa liði aðra, sem ekki eru eins nauðsynlegir og nú eru inni í visitölunni. Og því má ekki setja löggjöf um það, á hvern hátt eigi að reikna visitöluna út? Ég sé ekki, að það sé neitt við það at athuga. Það er náttúrulega alveg ljóst, að til lengdar er ekki hægt að reka atvinnuvegina með halla. Það þýðir ekkert annað en að verðgildi peninga minnkar, og það endar með beinni eða óbeinni gengisskerðingu. Þetta hlýtur fólkið að vera farið að gera sér ljóst eftir öll þessi ár og endurteknar gengishækkanir. Þess vegna er ég alveg viss um það, að fólkið sýnir skilning, ef ríkisstj. bara rekur búskapinn á skynsamlegan hátt. Ég hef bent henni þarna á leiðir, sem geta numið 20%. Það er þetta, sem verið er að sanka í lífeyrissjóðina og vinnutímastyttingin, sem er ekkert nema tóm vitleysa. Það munar um 20%, og þá er alveg hægt að komast yfir þessa erfiðleika. Visitalan sé svo löguð, ef nauðsynlegt er og eftir því sem skynsamlegt þykir. Ef þetta dugir ekki til, þá verður fólkið bara að sætta sig við að neita sér um eitthvað. Ef hægt er að lækka skattana, þá lækka líka útgjöld fólksins.

Nú á kaupið að hækka um 6% 1. marz. Ef hægt er að lækka tekjuskattinn við hinn almenna launþega, það er ósköp auðvelt, þá á bara að segja við þá: Við skulum lækka tekjuskattinn, en þið gerið ekki kröfu til að fá þessa kauphækkun. — Til hvers er að fá kaup, ef 40% af því kannske eru tekin aftur. Það er ekki nema til ills fyrir launþegann. Hann er ekki eins aðgætinn með, hverju hann eyðir, þannig að ég held, að við verðum að stilla fjárfestingunni í hóf. Það er ekkert vit í öðru, og það verður að vera hófleg eftirspurn eftir vinnuaflinu, og við eigum að strika út þessa liði, sem óþarfir eru. Það á enginn vandi að vera að komast frá þessum erfiðleikum, sem alltaf er verið að röfla um. Við megum ekki eyða meiru en við öflum. Það er skilyrði til þess, að allt sé í lagi. Þá þarf aldrei að fella gengið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður var svo úrræðagóður, að ósjálfrátt dettur manni í hug undir ræðu hans, að núv. stjórnarflokkar ættu að skipta um fjmrh. og fela hv. síðasta ræðumanni störf fjmrh., hann væri ekki lengi að því að ráða bót á fjárvöntun ríkissjóðs. Og viss er ég um það, að hv. síðasti ræðumaður væri ekki eins hörundsár og núv. hæstv. fjmrh., sem tók allóstinnt upp nokkur ummæli, sem ég lét mér um munn fara hér í minni fyrri ræðu.

Ég get ekki að því gert, að ræða hæstv. fjmrh. hafði þau áhrif á mig, að ég gat ómögulega dregið aðra ályktun af ræðunni en mér fyndist eins og hann skammaðist sín fyrir skattal. frá s. l. vetri. Hitt vil ég ekki meina og hef aldrei sagt, að hann væri sekur um illvirki eða illvilja. Þar snýr hæstv. fjmrh. algerlega málflutningnum við. Hann sakaði borgarstjórn Reykjavíkur og meiri hluta borgarstjórnar um athæfi, sem ekki var hægt að segja annað um en væri illvilji og þá er nú skörin farin að færast upp í bekkinn, ef ég á að taka við skömmum fyrir það, sem hæstv. fjmrh. lét sér sjálfur um munn fara. Ég hef að vísu ekki setið lengi hér á hv. Alþ., en ég verð að segja það, að það eru þá meiri postulíns-

brúðurnar, sem hér hafa setið í þau 16 ár, sem hæstv. fjmrh. hefur setið, ef þetta er það alvarlegasta, sem hann hefur heyrt á þingmennskuferli sínum.

Hæstv. fjmrh. sagði eitthvað á þá leið, og endurtók það í sinni síðustu ræðu, að það hefði verið óhjákvæmilegt að taka þessa kollsteypu í skattal. og gera þær skyssur, sem gerðar voru með setningu síðustu skattal., vegna breytinga á almannatryggingunum og afnám persónuskatta. Ég vil algerlega mótmæla þessu. Það hefur verið þróun í málum almannatrygginga, að ríkissjóður hefur tekið að sér sívaxandi hluta af útgjöldum almannatrygginga. Og síðasta skrefið, afnám persónuskatta, var hægt að taka án þess að taka þá kollsteypu í skattamálum, sem raun ber vitni um, að gert hefur verið. Þótt sýna megi fram á hagsbætur ungra námsmanna í nokkrum tilvikum,kemur þar aftur á móti, að unga fólkið lendir fyrr í brúttóútsvari og fyrr í tekjuskattsgreiðslu. Þá eru þessar hagsbætur lítils virði á móti óhagræði, sem elli- og lífeyrisþegar og öryrkjar hafa haft af hinum nýju skattal., að ég tali ekki um þyngingu skattbyrða almennra skattgreiðenda, þar sem þeir m. a. borga sína persónuskatta nú í tekjuskatti til ríkissjóðs. Og gagnstætt því, sem var um persónuskattana, að hækkun þeirra fékkst bætt af hækkuðum launum vegna vísitölunnar, þá fást hækkaðir tekjuskattar hinna almennu skattgreiðenda ekki bættir með hækkuðu kaupi, vegna þess að hæstv. ríkisstj. reyndi að fela eða falsa eða fresta, — eins og hv. 1. þm. Reykv. komst hér að orði fyrr í kvöld, — vísitöluuppbótum til handa launþegum, þegar henni bauð svo við að horfa.

Það eru líka haldlaus rök, að nauðsyn nýrra skattalaga hafi verið fólgin í því, að nauðsyn hefði verið að bjarga mönnum frá ákveðnum ákvæðum skattalaga viðreisnarstjórnar. Ég skal ekki fjölyrða um skattfrelsi hlutafjár. En að því er tekur til tilvitnunar til Ólafs Björnssonar prófessors, þá leyfði ég mér nú úr sæti mínu að draga þá ályktun, að þar sem þessi hv. þm. átti sæti í Ed. — og ekki var unnt að koma fram breytingum á skattalögum á þingi, ef skortir eitt atkv. í Ed., í stjórnarliðinu þáverandi sem og nú, — þá hefði Ólafur Björnsson prófessor greitt atkv. með þessu skattalagaákvæði. Og það finnst mér heldur kaldar kveðjur til svo ágæts heimildarmanns hæstv. ráðh., að hann hefði ekki greitt atkv. samkv. sannfæringu sinni. Nei, flokksböndin áttu að hafa haldið honum. En slíkan mann, sem ekki heldur þeim þingmannsheiðri að greiða atkv. samkv. sannfæringu sinni, telur hæstv. fjmrh. þó ágætt að vitna til, þegar honum býður svo við að horfa. Annars er um það að segja, að sá annmarki, — hafi hann einhvern tíman verið á þessu ákvæði, — var afnuminn, að hægt væri að stofna lítil fjölskylduhlutafélög til að fá arð af hlutafé frádráttarbæran, af þeirri ástæðu, að þetta skattfrelsi var bundið opnum hlutafélögum, sem m. a. var gert að skyldu að vera skrásett á opnum markaði.

Að því er flýtifyrninguna snertir, þá er þess að geta, að um leið og hún var leidd í lög, þá var hin almenna fyrning lækkuð þannig, að þótt í heild væri um nokkru hagstæðari fyrningarákvæði að ræða, þá var svo um búið, að hér var aðeins um hagræði að ræða fyrir atvinnufyrirtækin að ákveða, hvenær fyrning skyldi fara fram, og það var gert með það í huga, að árferði er hér misjafnt og í góðu árferði er eðlilegt, að reynt sé að fyrna atvinnutæki, m. a. til að koma í veg fyrir þenslu í efnahagslífinu. En hitt er líka unnt, að nefna dæmi um mismunandi árferði af mannavöldum, og það e. t. v. sú hætta, sem hæstv. fjmrh. hefur átt við, að mundi hafa freistað ýmissa fyrirtækja, hafi þetta ákvæði staðið áfram í lögum í tíð núverandi stjórnar, vegna þess að atvinnufyrirtækin í landinu geta ekki undir núverandi stjórn búizt við því að hafa nokkurn afgang til þess að treysta framtíð sína og rekstur. Og það hefði jafnvel getað freistað fyrirtækja, sem stjórnarliðar hafa ítök í, eins og fyrirtækisins, sem hann nefndi, til að nota alla flýtifyrninguna á einu ári. En sé um venjulegt árferði af mannavöldum að ræða, þ. e. a. s. ekki slíkt hallærisárferði, sem núverandi hæstv. stjórn hefur komið á, þá ætti ekki að vera nein hætta á slíkri notkun flýtifyrningar.

Að því er eignarskattinn snertir, þá vildi ég segja það, að ég nefndi, að hann næmi í heild sinni við álagningu á yfirstandandi ári hér í Reykjavík 168 millj. kr., bæði eignarskattur einstaklinga og félaga. Ég dreg þess vegna í efa, að þar hefði verið um svo mikinn tekjumissi hjá ríkissjóði að ræða sem hæstv. fjmrh. tiltók eftir að hið nýja fasteignamat kom til greina.

Þá nefndi hæstv. fjmrh., að brtl., sem fluttar hafa verið hér af hálfu stjórnarandstöðunar við skattalagafrv., hefðu verið upp á eins margar síður og skattalagafrv. sjálf. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en minna á, að aðaltill. stjórnarandstöðunnar var um frávísun, að vísa frá skattalagafrumvarpi núv. stjórnar á þeim grundvelli, að það væri of illa undirbúið. Sú rökstudda frávísunartill. hefur í raun sýnt sig að hafa verið sönn og rétt, og ég býst við því, að það hefðu ýmsir gjarnan viljað hlíta nú þeim ráðum, sem í henni fólust. Til vara voru svo fluttar brbl., sem voru mjög viðamiklar, en þar var verið að reyna sníða verstu agnúana af skattalagafrumvarpi núverandi stjórnar.

Að því er afstöðu Sambands íslenzkra sveitarfélaga snertir, þá tók ég það sérstaklega fram í minni ræðu, að fulltrúaráðsfundur sambandsins hefði fagnað kerfisbreytingunni, en tekið það fram, sem hæstv. fjmrh. vildi ekki lesa upp hér úr ræðustóli, með leyfi forseta: „Hins vegar er ljóst, að mörg þéttbýl sveitarfélög verða að nýta alla tekjuöflunarmöguleika með öllum álagsheimildum, sem frv. felur í sér, eigi þau að ná sömu eða svipuðum tekjum og þau hefðu náð samkvæmt gildandi lögum. Nokkur sveitarfélög virðast ekki ná saman endum.“

Þetta var byggt á því, að frá Efnahagsstofnuninni lágu fyrir upplýsingar, þegar þessi fundur var haldinn, að fyrirhuguð skattalög og tekjustofnalög mundu, að teknu tilliti til lækkunar útgjalda sveitarfélaga, gefa þeim minni tekjur heldur en þær álagningarreglur, sem sveitarfélögin beittu árið 1971, og nam sá mismunur u. þ. b. sömu upphæð og 50% álag á fasteignaskatt á öllu landinu. Það var þess vegna ljóst mál, að það lá

fyrir þessum fundi, að sveitarfélögin í heild sinni þurftu að beita 50% álagningu á fasteignaskatta, en auðvitað kæmi þetta mismunandi niður á hin einstöku sveitarfélög. Og ef það var tekið með í reikninginn, hverjar álagningarheimildir sveitarfélaga voru samkvæmt fyrri lögum, þá hefði álagið á fasteignaskattana þurft að vera 140%, til þess að sveitarfélögin í landinu hefðu sömu skattlagningarheimildir og samkvæmt fyrri lögum. Það var þessi takmörkun á tekjustofnum sveitarfélaga, sem fulltrúaráðsfundurinn mótmælti og taldi skerðingu á sjálfstæði sveitarfélaganna og vinna á móti dreifingu valdsins í landinu. Og raunin varð sú, að af 14 kaupstöðum hafa 11 kaupstaðir notað einhverja af þessum heimildum, 50% álag á fasteignaskatt og 10% álag á útsvar, og þó flestir hvort tveggja. Þarna eru allir flokkar, sem bera ábyrgð á stjórn í sveitarfélaga.

Hæstv. ráðh. fór nokkuð út í fjárhagsáætlanir Reykjavíkurborgar og breytingu á þeim. Ég vil taka það fram, að aðalhækkunin á eignabreytingareikningi hjá Reykjavíkurborg átti sér stað, þegar lagt var fram frv. að fjárhagsáætlun í byrjun desembermánaðar, áður en skatta- og tekjustofnalög ríkisstj. sáu dagsins ljós og áður en Reykjavíkurborg vissi um, hvað þau hefðu inni að halda, því að ekki fengu fulltrúar sveitarfélaganna að fylgjast með þessum frumvörpum eða undirbúningi þeirra. Þau áttu ekki fulltrúa í þeim undirbúningi. Og þegar um það var að ræða, að við höfðum ákveðið 503 millj. kr. á eignabreytingum okkar, var gert ráð fyrir tekjum, sem við mundum fá samkvæmt fyrir tekjustofnalögum. Og þá hefðum við getað notað sömu álagningarreglur og árið 1971, 6% afslátt á útsvari, ⅔ hluta aðstöðugjalda, svo að ég nefni dæmi. Þegar svo nýju lögin komu til, þá urðum við að hækka þennan eignabreytingareikning um 85 millj. kr., sem er hluti af þeim 200 millj., sem ég gat um í minni fyrri ræðu og taldi þá upp, að hver einasti einn liður í þeirri hækkun var af völdum aðgerða núv. hæstv. ríkisstj., að undanteknum einum, það eru skuldbindingar vegna togarakaupa. Og mikill hluti af þessum útgjöldum á eignahlutabreytingareikningi var bundinn því að minnka spennuna, þ. e. a. s. auka afborganirnar til að greiða rekstrarhalla fyrirtækja og fjármagna atvinnutækjakaup eins og togara.

Nú reyndust tekjustofnalögin nýju þannig, að við þurftum að leita eftir heimild til 10% hækkunar á útsvörum. Hæstv. ríkisstj. hafði það í höndum sér að neita okkur um þá hækkun, en hún treysti sér auðvitað ekki til þess. Ég virði það, að hún sýndi sanngirni í því og réttsýni. En hefði fjármálastjórn Reykjavíkurborgar verið svo óábyrg sem hæstv. fjmrh. vildi láta í skína hér áðan úr ræðustóli, þá var það auðvitað skylda hennar að gera það. En hvernig var svo útkoman í raun fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt hinum nýju tekjustofnalögum. Við náðum ekki áætlunarupphæð útsvara, 144 millj. kr. vantaði upp á það. 10% nema 123 millj. kr. og 50% álag á fasteignaskatta nemur 130 millj. kr. Ef við hefðum átt að sleppa bæði 10% álagi á útsvar og 50% álagi á fasteignaskatta, þá hefðum við þurft að lækka eignabreytingar okkar um 397 millj. kr. Heildarupphæðin á þessum lið var 587 millj. kr. Við hefðum þá haft á eignabreytingareikningi 190 millj. kr., eða litið meira en fyrir afborgunum og framlagi til Strætisvagna Reykjavíkur. Það hefði þá ekkert verið til skólabygginga, spítalabygginga, íbúðabygginga, að ég tali ekki um til togarakaupa og atvinnumála. Það er ef til vill þessi staða, sem hæstv. fjmrh. vildi að kæmi upp í fjármálum Reykjavíkurborgar. Ég vil ekki trúa því. En þetta er ályktunin, sem verður dregin af hans eigin orðum. Þess vegna stendur það skýrt og óhaggað, að það er ríkisstj., sem hefur knúið sveitarfélögin í landinu til þess að nýta alla tekjustofna núverandi tekjustofnalaga sveitarfélaga til fullnustu, gagnstætt því er var áður. Samkvæmt fyrri lögum höfðu sveitarfélögin sjálf valfrelsi milli margra tekjustofna eftir aðstæðum á hverjum stað. Og þau voru ábyrg gagnvart umbjóðendum sínum, skattborgurunum sjálfum, hvað álagningin var há. Nú eru sveitarfélögin gerð meira og minna að peði í miðstjórnarvaldskerfi núv. hæstv. ríkisstj. Þetta kalla ég aðför ríkisstj. að Reykjavík og raunar aðför ríkisstj. að sjálfstæði sveitarfélaga.

Ég skal svo ekki elta ólar við ýmislegt annað í ræðu hæstv. fjmrh. Ég vil þó ítreka það, að ég vil styðja og efla hag strjálbýlu sveitarfélaganna, og hafi það orðið reyndin, sem ég dreg mjög í efa, að hagur þeirra hafi batnað við núverandi tekjustofnalög, þá er skýringin eingöngu sú, að skattbyrðin leggst á tekjulægra fólk, m. a. á tekjur útivinnandi húsmæðra, sem algengara er að vinni úti í dreifbýlinu en hér í Reykjavík.

Það var ekki getið um það einu orði hjá hæstv. fjmrh. hvernig á því stæði, — sem ég hygg vera óhrekjandi staðreynd, — að þegar gerður er samanburður á heildarskattheimtu á einstakling í Reykjavík 1971 og 1972, eins og hún kom fram í álagningu, þá hefur nettótekjuaukning einstaklinga í Reykjavík milli þessara ára numið 26.5%. Heildarskattbyrðin hefur aukizt um 49.24%, og meðan Reykjavíkurborg hefur aukið skattbyrði þegna sinna um 31%, þá hefur ríkið aukið skattbyrði einstaklinga í Reykjavík um 70%. Ég held, að það fari ekki á milli mála, þegar á þessar tölur er litið, hvert stefna ríkisstj. í skattamálum hefur leitt, og það er leitt til þess að vita, að þessi mikla aukning skattbyrðarinnar hefur engan veginn verið nægileg til þess að standa undir eyðslustefnu ríkisstjórnarinnar, eins og hér hefur komið fram í umræðum um fjárlagafrumvarpið. Þar vantar mörg þús. millj. kr., til þess að endar nái saman. Halli í ríkisbúskap, halli í þjóðarbúskap er yfirskrift yfir valdaferil núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 25. okt. kl. 2 miðdegis.

Tímabundnar efnahagsráðstafanir, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er til staðfest-

ingar á brbl., sem gefin voru út 11. júlí s. l. um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Þó að í formála fyrir þessum brbl. sé glögg, en að vísu stutt grg. fyrir þeim og af hvaða tilefni þau eru út gefin, þá þykir mér ástæða til þess að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum orðum.

Eftir þá kjarasamninga, sem áttu sér stað í des. s. l., og aðra þá kjarasamninga, sem fylgdu í kjölfar þeirra, mátti öllum vera ljóst, að af þeim leiddi tilkostnaðarhækkun, sem eitthvað mundi gæta í verðlagi. Enn fremur var þess að gæta, að verðstöðvunarlögin, sem svo voru köllud, höfðu verið í gildi frá því í nóv. 1970, en þau féllu úr gildi að formi til um s. l. áramót, þó að verðhækkanir væru þá eftir sem áður háðar samþykki verðlagsnefndar. En vegna þess, hve verðlag hafði lengi verið lokað inni eða fryst, ef svo mætti segja, þá var það auðsætt, að það mundi verða mikill þrýstingur á verðhækkanir, eftir að verðstöðvunarlögin höfðu þannig að formi til verið numin úr gildi. Og sú varð líka raunin á. Það komu fram ákaflega margar hækkunarbeiðnir um verðlag á vörum, sem margar hverjar voru rökstuddar. Og í því efni voru opinberar stofnanir ekki neinir eftirbátar, að því er varðaði þeirra þjónustu, né heldur sveitarfélög varðandi ýmiss konar þjónustu, sem þau láta í té. En það er alveg fyllilega óhætt að segja, að það hafi verið staðið gegn þeim verðhækkunarbeiðnum, sem fram komu á þessu tímabili, eins og frekast var kostur. En hitt var auðvitað, að það var engin leið að komast hjá því að sinna sumum þeirra beiðna, sem fyrir lágu, að einhverju leyti. En ég held, að það sé ekki ofmælt, að í langsamlega flestum tilfellum hafi ekki verið leyft nema brot af þeim hækkunarbeiðnum, sem fyrir lágu og farið var fram á. Hér í hv. d. eru áreiðanlega menn, sem geta borið vitni um það.

Það þurfti því í sjálfu sér engum að koma á óvart, þó að verðlagsþróun gengi nokkuð í hækkunarátt á þessu ári. Það var vitað og út frá því gengið, að svo mundi verða. Og um það leyti, sem kjarasamningarnir voru gerðir, eða fyrir s. l. áramót, voru gerðar spár af hafrannsóknadeild Efnahagsstofnunarinnar um það, hvernig verðlagsþróunin mundi verða, og þó alveg sérstaklega um það, hverjum breytingum kaupgjaldsvísitalan mundi taka. Auðvitað voru þessar áætlanir og spár byggðar á ákveðnum forsendum, og að sjálfsögðu er öllum ljóst, að slíkar spár má ekki taka of bókstaflega, þær eru alltaf háðar mörgum óvissum og ófyrirsjáanlegum atriðum. En það má segja, að framan af árinu og raunar fram undir mitt þetta ár hafi þessar spár staðizt. Þannig var það t. d., að spáin um vísitöluna í des. 1971 var 108.37 stig, — það er varla hægt að segja, að það hafi verið spá, af því að það lá þá fyrir og reyndist auðvitað 108.37. Spáin sagði, að kaupgjaldsvísitalan mundi 1. marz 1972 verða komin upp í 112.26 stig. Reyndin varð hins vegar sú, að 1. marz 1972 var kaupgreiðsluvísitalan aðeins komin upp í 109.29 stig, hafði þannig hækkað verulega miklu minna en gert hafði verið ráð fyrir. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að ástæðan til þess, að þróunin þarna á fyrsta stigi gekk hægar en gert hafði verið ráð fyrir af þeim efnahagssérfræðingum, sem um þetta höfðu fjallað, var sú, að það var staðið mjög fast, eins og ég sagði áðan, gegn því að taka verðhækkunarbeiðnir til greina, og gætti í því efni mikillar tregðu og auðvitað að því er sumum, sem hlut áttu að máli, fannst allt of mikillar tregðu.

1. júní 1972 hafði verið spáð, að kaupgreiðsluvísitalan mundi verða 116.57 stig, en hún varð í reyndinni 117 stig eða stóðst í raun og veru nokkurn veginn spána. En þegar komið var fram á mitt ár, höfðu hins vegar horfurnar breytzt allmjög frá því, sem reiknað hafði verið með, því að útlitið var þannig í júní, eftir þetta mjög umtalsverða stökk að vísu, sem vísitalan hafði tekið frá síðasta tímabili, hafði hækkað um 8 stig, því var spáð í júní af verðlagssérfræðingum, að ef ekkert væri að gert, yrði kaupgreiðsluvísitalan í næsta stökki eða 1. sept. 1972 komin upp í það eða því sem næst það, sem spáin hafði gert ráð fyrir, að hún yrði komin upp í 1. sept 1973. Það var sem sagt gert ráð fyrir því, að 1. sept. mundi vísitalan fara upp í 122 stig til 123 stig. Og sú spá, sem þá var gerð um áframhaldandi þróun, var allt, allt önnur og miklu alvarlegri heldur en sú spá, sem hafði verið gerð í des.

Þessar spár eru í sjálfu sér ekkert leyndarmál, og ég get vel leyft mönnum að heyra þær. En menn mega náttúrlega ekki fara að henda þeim á milli sín eins og einhverjum staðreyndum. Eins og ég undirstrikaði áðan, eru þetta allt spár og áætlanir. En spáin, sem gerð var í des., gerði sem sagt ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að 1. júní 1972 væri vísitalan í 116.57, en varð 117, hún gerði ráð fyrir því, að vísitalan 1. sept. yrði 118.92, hún gerði ráð fyrir því, að vísitalan 1. des. 1972 yrði 120.33, hún gerði ráð fyrir því, að vísitalan 1. marz 1973 yrði 120.85, 1. júní 1973 yrði hún 122.25 stig og 1. sept. 1973 yrði hún 122.75 stig, eða eins og ég tók fram áðan sem næst því sem í júní s. l. voru taldar horfur á, að hún mundi verða komin upp í 1. sept. þetta ár. Og það er ekki til að hrella menn, heldur bara til þess að fara með þessar tölur mönnum til fróðleiks, að spáin, sem gerð var svo aftur í júní, leit mjög út á aðra lund. Hún spáði því sem sagt, að ef ekkert yrði að gert, þá yrði þróun kaupgjaldsvísitölunnar þessi: 1. sept. 1972 yrði hún komin upp í 122.40 stig, 1. des. þetta ár yrði hún komin upp í 126.20 stig, 1. marz 1973 yrði hún komin upp í 128.10 stig, 1. júní 1973 yrði hún komin upp í 130.30 stig og 1. sept. næsta ár yrði hún komin upp í 132.70 stig.

Það má segja, að verðhækkanirnar hafi þannig í fyrstu á þessu ári gengið nokkru hægar en ætlað var, en svo aftur, þegar tók að líða á annan fjórðung ársins, nokkru örar, og þar komu til bæði skattbreytingar og einnig og alveg sérstaklega erlendar verðhækkanir umfram fyrri spár vegna gengisbreytinga, sem áttu sér stað í okkar viðskiptalöndum. Og eins og þær tölur sýna, sem ég hef lesið, þá horfði dæmið þannig við okkur í júní, að þá var spáð miklu frekari hækkun á síðari hluta ársins og í byrj-

un næsta árs heldur en gert hafði verið ráð fyrir.

Við þessar aðstæður var ekki um annað að ræða en grípa í taumana og stöðva þessa þróun og gera ráðstafanir, sem til þess dyggðu a. m. k. akveðið tímabil, og gæti þá gefizt ráðrúm til að skoða þessi mál betur.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að það voru sett þessi brbl. 11. júlí s. l., sem hér eru lögð fram til staðfestingar. Þau voru sem sagt sett fram til þess að freista þess að stöðva þá þróun víxlhækkana verðlags og kaupgjalds, sem þá virtist blasa við, ef ekkert væri að gert. En eins og ég hef áður rakið, þá hækkaði kaupgreiðsluvísitalan og þar með verðlagsuppbót á laun um nær 8 stig hinn 5. júní s. l. frá því 1. marz. Og samkv. líka þessu yfirliti, sem ég lauslega fór yfir áðan, þá var það svo samkv. áætlunum Hagstofu Íslands, að búast mátti við því, að kaupgreiðsluvísitaan mundi að öllu óbreyttu hækka um 5.5—6 stig hinn 1. sept. n. k. Þær kostnaðarbreytingar, sem þessu fylgdu, hefðu orðið útflutningsatvinnuvegunum þungar í skauti, enda bentu áætlanir þá til þess, að afkoma sjávarútvegsins stæði í járnum þegar við þáverandi kostnaðarlag eða kaupgjaldsvísitölu 117 stig, án þess þó að tillit væri tekið til þeirrar aflaminnkunar frá fyrra ári, sem þá virtist líklegust. Því má svo skjóta inn hér — innan sviga, að eins og allir vita nú, þá varð þróunin í því efni mun verri en menn höfðu gert sér grein fyrir eða búizt við í júlí s. l., og skal ég ekki rekja það út af fyrir sig frekar í þessu sambandi, hvernig aflinn hefur minnkað og þó sérstaklega hvernig samsetning aflans hefur orðið óhagstæð fyrir sjávarútveginn og fiskiðnaðinn sérstaklega. Það var gefið mál, að ef ekkert hefði verið að gert, þá mundu slíkar breytingar launa kalla fram frekari verðhækkunarkröfur hjá þeim atvinnugreinum, sem framleiða eða eiga sér einhvern markað innanlands, og þar með héldi áfram sá varhugaverði víxlgangur verðbólgunnar, sem fyrr eða síðar hlyti að grafa undan afkomu atvinnuveganna með vaxandi halla í viðskiptum þjóðarinnar út á við og tefla atvinnuöryggi og þar með frambúðarhagsmunum alveg í tvísýnu.

Ríkisstj. tók því á þessu stigi upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins um leiðir til lausnar á þessum reyndar gamalkunna og margslungna vanda, enda er ljóst, að án samráðs og samvinnu við þá var og er vart hægt að búast við árangri á þessu sviði. Ör vöxtur tekna og eftirspurnar hafði einkennt þróun efnahagsmála að undanförnu og má reyndar segja undanfarin missiri, og á síðustu mánuðum fyrir setningu brbl. gætti mikils þrýstings á allt verlag og framleiðslukostnað. Hér sem sagt fléttaðist margt saman: Ört vaxandi eftirspurn heima fyrir í kjölfar mikilla grunnkaupshækkana í árslok 1971, gengishækkanir í helztu viðskiptalöndum okkar í Evrópu, skattbreytingar o. fl. Öll þessi atriði hnigu til verðhækkunar, sem svo mundi magnast við núgildandi kerfi vísitölubindingar kaupgjalds. Hér er um flókið samhengi að ræða og reyndar mikil þörf á því að kanna allar aðstæður svo rækilega sem kostur er, ef leita hefði átt varanlegri úrræða en til þessa hafa fundizt. Af þeim sökum og til þess að fá svigrúm til þess, þótti ríkisstj. eftir atvikum rétt að gera þær ráðstafanir, sem gerðar voru, tímabundnar. Hugmyndirnar um þær bráðabirgðaráðstafanir, sem endanlega fengu form í brbl., höfðu verið kynntar samtökum launþega, bænda og vinnuveitenda. Þannig voru þær upphaflega kynntar fulltrúum Alþýðusambands Íslands á fundi þeirra með ríkisstj. 4. júlí. Eftir þann fund afhenti forsrh. forseta Alþýðusambands Íslands orðsendingu frá ríkisstj., þar sem rakin voru helztu atriði þeirra hugmynda, sem uppi voru og ríkisstj. hafði um bráðabirgðaráðstafanir. Þessar till. voru svo kynntar á sérstakri ráðstefnu, sem Alþýðusamband Íslands boðaði til. Og enn fremur voru þau kynnt Vinnuveitendasambandinu og Stéttasambandi bænda, áður en lögin voru sett eða gefin út.

Aðalefni þessara brbl. er tiltölulega ljóst, og má segja það fram í fáum orðum. Það er í fyrsta lagi verðstöðvun til áramóta. Það er algerari verðstöðvun en áður hefur þekkzt, vegna þess að leyfisveitingar til verðhækkana eru bundnar öðrum og frekari skilyrðum en áður var. Til verðhækkana nægði áður samþykkt meiri hl. verðlagsnefndar, en eftir þessum brbl. var það sett að skilyrði fyrir því, að nokkur verðhækkun væri leyfð, að allir verðlagsnefndarmenn greiddu atkv. með verðhækkun. Ég tel þess vegna, að í þessum brbl. felist sú algerasta verðstöðvun, sem hægt sé að framkvæma. Í öðru lagi var það binding vísitölu við 117 stig með niðurgreiðslum. Í þriðja lagi er efni laganna það, að fjár til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum var ekki aflað með nýjum álögum, heldur dregið úr áður samþykktum útgjöldum ríkissjóðs sem nam fjárhæð, sem fullvíst þótti, að nægja mundi til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum. Í fjórða lagi er það efni þessara brbl. eða ráðstafana, sem í þeim felast, að útreikningi á nýjum verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara var frestað til áramóta. Í fimmta lagi var það og er efni laganna, að launþegar falla að formi til frá 2½ kaupgjaldsvísitölustigi gegn því að fá jafnvirði þeirra með því að njóta niðurgreiðslna og fjölskyldubóta strax eða svo að segja strax frá þeim tíma, sem lögin voru sett, og með því að hækkun á launalið bónda, sem samkv. gildandi vísitölufyrirkomulagi á ekki að koma fram í útreikningi á kaupgjaldsvísitölu, yrði ekki látin koma fram í verðlagi, heldur yrði henni mætt með niðurgreiðslum.

Þetta er aðalefni þessara brbl., og það má segja, að markmið ráðstafananna hafi verið og sé í þrengri skilningi að halda kaupgreiðsluvísitölunni í um 117 stigum til næstu áramóta. Til þess að ná því marki og tryggja jafnframt hag launþega voru til viðbótar sett þessi ákvæði, sem ég aðeins nefndi stuttlega. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að rekja það miklu ýtarlegar eða fara yfir efni laganna umfram það, sem ég hef sagt.

Í 1. gr. l. felst ákvæði, sem ég nefndi fyrst, að það er ákveðið þar, að það verði ekki leyfðar í tímabilinu til n. k. áramóta neinar verðhækkanir á vöru eða þjónustu, sem háð er verðlags-

ákvæðum, nema þær séu samþykktar af öllum verðlagsnefndarmönnum. Það var gengið út frá því, að í þessu fælist það, að á þessu tímabili fengjust ekki yfirleitt viðurkenndar verðhækkanir af tilefni þeirra launahækkana, sem urðu 1. júní s. l., umfram það, sem kynni þá, þegar brbl. voru sett, að hafa verið samþ.

Annað atriðið, sem ég nefndi, er í 3. gr. Þar er sem sagt ákveðið, að ríkisstj. skuli auka niðurgreiðslu vöruverðs sem svarar 1½ stigi kaupgreiðsluvísitölu frá og með gildistöku þessara laga, þ. e. a. s. frá 11. júli 1972.

Í 2. gr. er ákveðið, að ríkissjóður leggi fram fé til hækkunar fjölskyldubóta úr 8000 kr. á hvert barn á ári upp í 10900 á hvert barn á ári. Þessi breyting var ákveðið að skyldi taka gildi frá 1. júlí. Þessi hækkun fjölskyldubóta var talið að mundi valda lækkun kaupgreiðsluvísitölu um 1.5 stig.

Í 4. gr. felst það, að ríkisstj. komi í veg fyrir, að útsöluverð landbúnaðarafurða hækki við endurskoðun verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða 1. sept. s. l., en samkvæmt áætlunum Hagstofu Íslands mátti búast við, að verðlagsgrundvöllurinn mundi að óbreyttum reglum hækka eingöngu vegna áorðinna verðbreytinga sem svaraði 1.2 kaupgjaldsvísitölustigi þann dag. Langstærstur hluti þess, eða um það bil eitt kaupgjaldsvísitölustig, var hækkun á kaupgjaldslið bóndans, og hefði sú hækkun samkvæmt gildandi reglum ekki komið fram í kaupgjaldsvísitölu.

Í 5. gr. er svo ákveðið, að til þess að standa straum af útgjöldum vegna þessara liða, sem ég hef nú rakið, afli ríkisstj. sér heimilda til þess að lækka útgjöld ríkisins, eins og þar segir, um allt að 400 millj. kr., og að sú heimild taki einnig til fjárveitingaliða, sem jafnframt séu bundnir í öðrum lögum en fjárlögum.

Það er rétt að taka það fram, að sú vísitöluskerðing að formi til, ef við megum kalla það svo, sem felst í þessu af hálfu launþega, kom því aðeins til, að reiknuð kaupgreiðsluvísitala 1. sept. og 1. des. færi ekki fram úr 119.5 stigum, en ef hún færi fram úr því, hækkaði verðlagsuppbót á laun um þann stigafjölda, sem kaupgjaldsvísitalan yrði hærri en 119.5 kaupgjaldsstig. En vegna þeirra ráðstafana, sem ég minntist á áðan, er það svo, að launþegar hafa með auðveldu móti getað fallizt á það, að verðlagsuppbætur væru reiknaðar með þessum hætti, af því að skerðing vísitölunnar er samkv. þessu aðeins að formi til, en ekki raunveruleg, því að í ráðstöfunum brbl. felast einmitt hagsbætur, eins og ég hef áður sagt, sem á þessu tímabili ætti að mega meta til jafns við þá skerðingu, sem þarna er um að tefla.

Það má auðvitað segja, að fyrsti og helzti ávinningur launþega af þessum ráðstöfunum hafi að sjálfsögðu verið sá, ef það mætti takast að nýta það svigrúm, sem þar er skapað, til þess að finna varanlegri lausnir á efnahagsvandamálum okkar og tryggja þar með atvinnu og raunteljur launþega til frambúðar. En það er framtíðarmálið. En til skamms tíma og ef maður gerir dæmið upp fram til áramóta alveg reikningslega eða fyrir það tímabil, sem brbl. er ætlað að gilda, þá hljóta hagsmunir launþega einnig að teljast vel tryggðir, þótt þeir falli þannig að formi til frá 2.5 kaupgjaldvísitölustigum, vegna þess að launþegar njóta samkvæmt þessum brbl. niðurfærsluráðstafana, sem svara 3 kaupgjaldsstigum í 7½ viku á þeim tíma, sem þeir hefðu einskis nótið samkvæmt þágildandi reglum. Þetta atriði má meta að dómi sérfræðinga, sem 1.3—1.5 kaupgjaldsvísitölustig á fjögurra mánaða tímabili, frá 1. sept. til áramóta. Með því að koma í veg fyrir hækkun landbúnaðarafurða frá 1. sept. og til áramóta er það líka að dómi sérfróðra manna ígildi rúmlega eins kaupgjaldsvísitölustigs fyrir launþega, sem þeir hefðu ekki fengið bætt skv. þágildandi reglum um greiðslu verðlagsuppbóta á laun. Af þessu tel ég augljóst, að þessar ráðstafanir séu sízt af öllu launþegum í óhag, jafnvel þótt bara sé út af fyrir sig litið á þetta kaupreikningslega og þetta dæmi gert upp með þeim hætti, sem ég hef hér gert.

Eins og ég hef sagt áður, voru hugmyndirnar að þessum brbl. lagðar fyrir ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, sem mun hafa verið haldin 9. júní s. l., og ráðstefna sú gerði ýtarlega ályktun um þetta mál. Þá ályktun ætla ég ekki að fara að lesa hér upp. Hún lýsir þar að sjálfsögðu áhyggjum sínum m. a. af þessari verðlagsþróun, eins og eðlilegt er. En ég ætla aðeins að lesa hér upp niðurlag þessarar ályktunar, sem ráðstefna Alþýðusambandsins gerði. Það er 6. liður þessarar ályktunar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu ályktar ráðstefnan, að þeir aðilar, sem að henni standa, láti umræddar aðgerðir óátaldar af sinni hálfu, en leggja hins vegar áherzlu á, að í þeirri aðstöðu felst ekkert afsal neinna þeirra réttinda eða kjarabóta, sem í gildandi kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins felast."

Ályktun þessi, þar sem því er lýst yfir sem sagt, að þessar ráðstafanir verði látnar óátaldar af hálfu Alþýðusambands Íslands, var samþykkt með öllum atkv. á ráðstefnunni.

Fulltrúum vinnuveitenda voru kynntar þessar hugmyndir á sérstökum fundi mánudaginn 10. júlí, og lýstu þeir ekki andstöðu við þær. Aðalfundur Stéttarsambands bænda fjallaði um uppkast að brbl. á fundi sínum sama dag og samþykkti shlj. að láta þau óátalin. Þannig verður að telja, að það hafi víðtæk samstaða náðst um þessar aðgerðir og að brbl. hafi þannig verið sett í fyllsta samráði við helztu aðila vinnumarkaðarins.

Ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að það þurfi ekki að verða miklar deilur um þessi brbl. út af fyrir sig. Ég leyfi mér að vænta þess, að stjórnarandstæðingar engu síður en stjórnarsinnar fallist á og viðurkenni að ráðstafanir þær, sem í þessum brbl. felast, hafi verið réttmætar og nauðsynlegar, eins og á stóð. Það hefði með öllu verið óverjandi að láta reka á reiðanum og láta fyrirsjáanlega verðlagsþróun halda áfram óhefta, og ég verð að segja það, að ég tel þannig frá þessum brbl. gengið, að það sé ekki hægt að segja með neinum rökum, að það sé sérstaklega hallað á nokkurn sérstaklega í þeim. Ég vil sem sagt vona, að þrátt fyrir það að ég geri mér ljóst, að hv. stjórnarandstæðingar hafi eitthvað

að segja um efnahagsástandið, þá fallist þeir á, að það hafi ekki verið um annað að ræða, eins og á stóð, en að gera þessar ráðstafanir og gera þær einmitt strax á þeim tíma, sem þær voru gerðar. Ef þeir fallast ekki á það, verð ég að segja, að þeir verða að svara ýmsum spurningum, þá yrðu þeir að svara því, hvort þeir hefðu ekkert viljað láta gera. Ég á ekki von á því, að þeir geri það, m. a. þvert ofan í samþykktir þeirra hagsmunahópa, sem málin voru undir borin og hér höfðu mestra hagsmuna að gæta, og þá mundu þeir líka verða að svara því, hvort þeir hefðu ekki viljað taka upp verðstöðvun, eins og á stóð, eða hvort þeir hefðu viljað hafa þá verðstöðvun, sem upp var tekin, með öðrum hætti en ákveðið var í þessum lögum. Þá yrðu þeir líka að svara því, hvort þeir hefðu ekki viljað binda vísitöluna, eins og gert er í þessum lögum, eða hvort þeir hefðu viljað hafa vísitölubindinguna með einhverjum öðrum hætti og vildu ekki jafna vísitöluskerðinguna með þeim hætti, sem gert er með þessum brbl. Ég skal ekki fara nánar út í að ræða það og skal ekki heldur vera að gera því skóna að óreyndu, að hv. stjórnarandstæðingar lýsi andstöðu við þessar ráðstafanir.

En það verð ég að segja, að með tilliti til þess, hvernig brugðizt var við þessum vanda, sem fyrir lá í sumar, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, þá tek ég nú ekki glamuryrði um stjórnleysi í efnahagsmálum allt of alvarlega og lít frekar á þau sem marklaust hjal, sem borið sé fram af einhverri imyndaðri skyldutilfinningu hjá stjórnarandstöðunni. Með brbl. tók einmitt ríkisstj. í taumana og var tekin stjórn á efnahagsmálum og þar með skapað svigrúm til þess að skoða þessi mál betur. En hitt er svo auðvitað öllum ljóst, að í þessum brbl. felst engin framtíðarlausn, þar er aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, lausn til áramóta. En einmitt með þessum brbl. skapaðist, eins og ég sagði, svigrúm til að kanna málin nánar og leita varanlegri úrræða, og það er öllum ljóst, að um áramót eða fyrir áramót verður að gera ráðstafanir, sem koma í stað þeirra ráðstafana, sem eru í þessum brbl.

Ég á ekki von á því, að það gerist neinn hv. alþm. til þess að halda því fram, að við eigum að sleppa allri verðlagsþróun eða verðbólgu ef menn vilja kalla það svo, lausri um n. k. áramót. En auðvitað hafa efnahagsmálin í víðtækri merkingu margar hliðar, og brbl. eru að segja má mestu einskorðuð við ákveðnar hliðar efnahagsmálanna, og ég mun a. m. k. að svo stöddu einskorða mig við þá hlið, en ekki fara að ræða hér efnahagsmál almennt. En hitt er öllum hv. alþm. kunnugt, að einmitt eftir að þessi brbl. voru sett, var sett n. sérfræðinga og kunnáttumanna um efnahagsmál, sérstök n., sem falið var það verkefni að kanna efnahagsvandann og benda á leiðir og valkosti, sem gætu leitt til lausnar á þessum vanda, og í þessari valkostanefnd, eins og hún hefur verið kölluð, eiga margir ágætir og þekktir menn sæti, sérlega kunnugir efnahagsmálum. Þessi n. hefur unnið og hún mun væntanlega skila áliti sínu upp úr næstu mánaðamótum, eða ég geri mér vonir um það, að álit hennar og till. geti legið fyrir byrjun næsta mánaðar. Hennar hlutverk er aðeins að benda á leiðir og þá valkosti, sem hugsanlegir séu, en hitt verður svo hlutverk hins pólitiska valds að taka ákvörðun um, hver af þeim leiðum, sem þeir benda á, verður valin.

Það er að sjálfsögðu svo, að það mætti hafa um þetta mál fleiri orð, en eins og ég sagði áðan, þá ætla ég ekki að ræða efnahagsmál almennt. En að sjálfsögðu spyrja margir: Hvað á að taka við um áramót? Ég skal ekki fara langt út í það, en ég skal þó segja um það mína persónulega skoðun, aðeins að því er varðar þau atriði, sem í þessu frv. er að finna, í þessum brbl. er um að ræða.

Ég álít, að það verði að halda verðstöðvun áfram. Ég álít, að það verði að halda verðstöðvun áfram í því formi, sem hún er í þessum brbl., að það eigi ekki að slaka á því. Mér er ljóst, að það er ekkert til, sem heitir alger verðstöðvun. Það er ómögulegt og óframkvæmanlegt að skrúfa með öllu fyrir það, að verðlag hækki, vegna þess að þar koma til svo mörg atriði, sem við getum ekki ráðið við og heilbrigð skynsemi segir að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til, en ég álít, að verðstöðvunin sé eins alger og unnt er að framkvæma hana í reynd, ef það er áskilið, að til verðhækkana þurfi samþykki allra þeirra fulltrúa, sem tilnefndir eru af mismunandi hagsmunaaðilum í verðlagsnefnd. Ef þeir leyfa hækkun, verð ég fyrir mitt leyti að álíta, að sú hækkun sé rökstudd fullum gögnum, ef þeir verða allir sammála um það. Ég fyrir mitt leyti álít líka, að það þyrfti að gera þá breytingu á í sambandi við þessi verðlagsmál, að það þyrfti að taka upp það skipulag að leyfa verðlagshækkanir aðeins tvisvar sinnum á ári, tímabilsbinda það, að þær verði leyfðar og teknar til meðferðar aðeins á 6 mánaða fresti. Það mundi að mínum dómi skapa meiri festu í þessum efnum. Ég vil enn fremur segja, að það er mín persónulega skoðun, að það fyrirkomulag, sem nú gildir um vísitöluútreikning, sé gallað og það þurfi að taka til endurskoðunar. Það er út af fyrir sig, að sá grundvöllur, sem vísitalan er byggð á, er orðinn æðigamall eða frá 1965, og það segir sig held ég nokkurn veginn sjálft, að neyzluvenjur manna hljóta að hafa breytzt á tímabili sem þessu og því sé ekki óeðlilegt, að það sé athugað, hvort samsetning neyzlunnar, eins og hún er tekin hjá þeirri vísitölufjölskyldu, sem við er miðað, eigi að vera sú sama í dag, og hún var metin 1965, hvert svo sem það út af fyrir sig leiðir. Ég held enn fremur, að við þurfum mjög að hyggja að því að gera breytingar á vísitölufyrirkomulaginu að því leyti, að við þurfum að taka nágranna okkar okkur til fyrirmyndar í því efni, og það séu vissir þættir, sem þeir hafa talið rétt að sleppa úr vísitöluútreikningi, sem við ættum líka að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt og heppilegt að leggja til hliðar.

Þetta eru mínar persónulegu skoðanir á þessu. Og áreiðanlega má segja, að það vísitölufyrirkomulag, sem nú gildir, sé engin heilög smíð, því að hér hafa gilt mismunandi reglur um vísitölu, eins og ég þarf ekki að minna hv. alþm. á. Stundum hefur vísitalan verið heimiluð, stundum hefur vísitalan verið bönnuð með lögum. Stundum hefur hún verið lögboðin beinlínis í lögum. En eins og nú er á vísitalan og útreikningur hennar algerlega að vera háð

samningum stéttarfélaganna. Þess vegna er það, að það liggur í augum uppi, að það er erfitt að gera nokkrar breytingar á því vísitölufyrirkomulagi, sem nú er, nema í fullu samráði við launþegasamtökin, stéttasamtökin.

En hvað sem er um þessi atriði, sem ég hef minnzt á varðandi vísitöluna, þá held ég, að eins og ég tel nauðsynlegt að halda áfram verðstöðvun á næsta ári, þá sé það óhjákvæmilegt af öðrum ástæðum, sem ég fer ekki inn á í þessu sambandi, af því að það snertir viðtækari efnahagsmál, að binda vísitöluna við 117 stig eða því sem næst, eða í öllu falli þannig, að vísitalan færi á næsta ári ekki fram úr þeim áætlunum, sem um hana voru gerðar í des. 1971, og helzt af öllu held ég, að sé nauðsynlegt að rígbinda sig við 117 stig. Það verður að afla fjár til þess að standa undir þeim niðurgreiðslum, sem þarf til þess, og til þess að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem hafa verið. Miðað við það, sem þarf á þessu tímabili fram að áramótum til þess að halda vísitölunni niðri, mætti sjálfsagt gera ráð fyrir því, að á ársgrundvelli þyrfti 800—1000 millj., og það er mikið fé. Það fé þarf að flytja til í þjóðfélaginu með einhverjum hætti. Ég álít, að það sé út af fyrir sig mjög vel forsvaranlegt að flytja þá fjármuni til í þjóðfélaginu, eins og fjárráð manna eru og atvinna hefur verið og efnahagsástandið yfirleitt. Ég álít hins vegar, að þannig sé komið, að beinir skattar verði ekki hækkaðir og þessa fjár verði ekki aflað með beinum sköttum. Þá er ekki til önnur leið til að afla fjárins en með óbeinum sköttum í einu eða öðru formi. Þá er sá hængur á, að hvers konar óbeinir skattar koma inn í kaupgreiðsluvísitölu, að óbreyttu því fyrirkomulagi, sem nú gildir. Þess vegna yrði það, ef ekkert frekar yrði að gert, aðeins gálgafrestur, því að það yrði komið inn í kaupgreiðsluvísitöluna innan tíðar.

Ég held, að það sé mjög óviðunandi ástand fyrir hið opinbera, fyrir löggjafarvaldið, að hafa ekkert svigrúm til þess að geta stjórnað og haft áhrif á fjármálaþróunina í landinu með óbeinum sköttum, en með því fyrirkomulagi, að þeir eigi jafnóðum að fullu og öllu að koma inn í vísitöluna, þá verður það í raun og veru af þeim tekið — og annað verra þó, að aukning þessara óbeinu skatta verður þá til þess að magna víxlþróunina og ýta einmitt undir það, sem forðast átti. Þetta sjá allir, að hlýtur að verða afleiðingin tiltölulega fljótt á eftir. Það er þess vegna að mínum dómi eitt það nauðsynlegasta, að samkomulag geti tekizt um það við aðila vinnumarkaðarins, að það verði gerð sú breyting á, að óbeinir skattar komi ekki með sama hætti og verið hefur í vísitölu, þannig að það geti skapazt raunverulegt svigrúm fyrir ríkisvaldið til þess að hafa stjórn á þessum málum.

Þetta voru aðeins mínar persónulegar skoðanir um þetta, sem ég vildi hér setja fram. Það er, eins og ég hef sagt hér áður við annað tækifæri, of snemmt að fara að slá föstum nokkrum ákvörðunum eða ráðstöfunum í þessu efni. Það er rétt að bíða þess, að valkostanefndin skili sínu áliti, þannig að myndin og vandinn, sem við er að glíma, liggi ljósar fyrir mönnum en það gerir nú og menn fái að sjá og skoða þær leiðir, sem hún bendir á. En að sjálfsögðu eru ýmsar leiðir til í þessu efni og aðrar leiðir en sú leið, sem ég benti á, — leiðir sumar hverjar, sem hafa verið farnar hér áður, og auðvitað eru til fleiri leiðir, ef samkomulag gæti orðið um þær, en ég skal ekki fara nánar út í það. Ég vil bæta hér aðeins við það, sem ég sagði um verðlagsákvörðunina, að ég teldi eðlilegt að tímabinda hana, þannig að hún færi fram á sex mánaða fresti, að mitt persónulega álit er það sama að því er varðar vísitöluútreikninginn, að ég teldi, að það væri til bóta, að útreikningur vísitölunnar ætti sér aðeins stað á sama tíma og með 6 mánaða millibili, og það væri jafnt við það, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að slík lengri tímabil á báða bóga mundu í þessum efnum geta skapað meiri festu í þessum málum en hjá okkur hefur verið. Við skulum vona, að okkur takist nú, eftir að við höfum skoðað álit valkostanefndarinnar, að komast að niðurstöðu um það, hvaða leið sé heppilegust, og ákaflega væri það æskilegt, ef menn gætu fundið einhverja varanlega lausn á þessum vanda, eins og mönnum er nú tamt að tala um. Ég fyrir mitt leyti er ákaflega hræddur um, að það verði heldur seint, sem okkur Íslendingum tekst að finna einhverja varanlega lausn í efnahagsmálum. Ég gæti öllu heldur trúað því, að það yrði varanlegt viðfangsefni fyrir hv. Alþingi og ríkisstj. á hverjum tíma að fást við það að leysa efnahagsvandamál.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til fjln. og viðskn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Við höfum hlýtt hér á langa og ég vil segja mjög eftirtektarverða og merkilega ræðu. Og ræðan er merkileg af tvennum ástæðum frá mínum bæjardyrum séð, að öðru leytinu vegna þess, að mér fannst annað veifið ég vera kominn 2 ár aftur í tímann og vera að hlýða hér á, að vísu ræður annarra manna, sem voru að tala fyrir gagnsemi svipaðra ráðstafana eins og hér er um fjallað, og hæstv. ráðh. hefur hér ýtarlega lagt áherzlu á að útskýra fyrir okkur, en hins vegar vegna þess, sem fólst í síðasta hluta ræðu hæstv. ráðh., þar sem hann að vísu tjáði okkur, sem við öll vitum, að hefur opinberlega verið tilkynnt, að sérfræðinganefnd ynni að því að finna úrræði til lausnar á efnahagsvandamálunum, sem við blasa nú við næstu áramót, en við höfum ekki fengið neina frekari skýringu á því, hvers væri að vænta í sambandi við þær till. til úrlausnar á þessum vanda. Nú síðast hefur það mjög borið á góma í umr. um fjárlagafrv., sem er miðað við, að verðstöðvunin haldi ekki áfram, eða a. m. k. öllu haldið opnu í sambandi við þær ráðstafanir, sem gera beri, og ekki séð fyrir neinu fé til áframhaldandi verðstöðvunar. En þá hlýtur það að vekja mikla athygli, að hæstv. forsrh. skuli hér hafa gefið þær yfirlýsingar,

sem hann hefur gefið í dag um það, sem gera megi ráð fyrir að gerist um áramótin. Hann lagði að visu hvað eftir annað í ræðu sinni áherzlu á, að þetta væru sínar persónulegar skoðanir, en ég held, að það hljóti hver einasti maður að leggja nokkuð mikið upp úr persónulegum skoðunum sjálfs forsrh. landsins, leiðtoga ríkisstj. á hverjum tíma, þannig að af þessum sökum var þessi hluti ræðu hans mjög eftirtektarverður og lærdómsríkur fyrir okkur á að hlýða varðandi þær hugleiðingar, sem hæstv. ráðh. hafði um möguleika þess að mæta vandanum um næstu áramót og hvernig það yrði gert. Vissulega komu þar fram ýmsar hugmyndir, sem ég mun síðar víkja að og frá mínum bæjardyrum séð, persónulega, því að það hefur ekki verið rætt í mínum flokki, eru mjög eftirtektarverðar, og ég hefði gjarnan viljað, að ýmsar þær kenningar, sem hæstv. forsrh. lagði fram, hefðu átt meiri hljómgrunn áður í sambandi við efnahagsmálin og viðbrögð við þeim vandamálum. En vissulega er það rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er ákaflega villandi að tala um að finna varanlega lausn á efnahagsmálunum, sem við því miður oft tökum okkur í munn og höfum heyrt gert á liðnum árum og áratugum. Það er engin varanleg lausn á þeim vanda til. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að það er stöðugt viðfangsefni. En það er auðvitað hægt að gera það viðfangsefni mismunandi erfitt viðfangs einmitt með hliðsjón af ýmsum lagaákvæðum eða samningum eða fyrirkomulagi í þjóðfélaginu, sem veldur því, að það skapast meiri og meiri hnútar, sem mjög torvelt er að leysa, einmitt vegna skipulagsins á þessum málum, svo sem hæstv. ráðh. vék að. En hann vék þar að veigamiklum atriðum, sem eins og ég sagði hingað til hafa ekki átt mikinn hljómgrunn og vissulega eru þess eðlis, að það er vonandi, að þær hugleiðingar hæstv. forsrh. verði teknar til alvarlegrar athugunar, og sumar hverjar eru þess eðlis, að þær eru áreiðanlega jákvæðar til úrlausnar á efnahagsvandamálum yfir höfuð og til þess að gera þann vanda léttari í meðförum.

Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir hæstv. forsrh. að hafa nokkrar áhyggjur af því, að a. m. k. af hálfu Sjálfstfl. verði reynt að setja fæturna fyrir þær ráðstafanir, sem felast í þessum brbl., og þá verðstöðvun, sem hér er um að ræða. Þess vegna held ég, að það hafi verið þarflaust að varpa fram þeim spurningum, sem hæstv. ráðherra setti fram í ræðu sinni um, hvað við yrðum að gera af okkar hálfu, ef við vildum ekki horfa á þessi vandamál í þeim anda, sem hann ræddi um í sínu máli og felst í þessu frv. Hann þarf ekkert að óttast, að á þessu máli verði tekið af okkar hálfu á svipaðan hátt og hans flokksmenn og ég held ég megi segja hæstv. núv. forsrh. sjálfur tóku á þeim vanda, sem við var að fást haustið 1970. Og við höfum áreiðanlega jafnmikinn áhuga og hæstv. ríkisstj. á því, að verðbólgan þróist ekki með þeim hætti, eins og vofði yfir að yrði, ef ekkert hefði verið að gert á þessu sumri, og við höfum sama áhuga á því og hæstv. ríkisstj., að skipan þessara mála verði með þeim hætti á næsta ári, að eðlileg efnahagsþróun geti verið í þjóðfélaginu og atvinnuvegirnir reknir með fullum þrótti og afköstum og án þess rekstrarhalla, sem talsmenn atvinnuveganna hver af öðrum hafa að undanförnu lýst yfir að blasti við og er þegar í mörgum greinum skollinn á. En ég get ekki í sambandi við þetta mál annað en horfið örlítið aftur í tímann til þess að draga upp nokkra mynd af því, hvernig þessi mál hafa þróazt, og af viðbrögðum til þess að mæta þeim vandamálum á síðustu árum, sem þetta frv. hér tekur til meðferðar. Og ég skal þá reyna að stytta mál mitt svo sem verða má.

Á erfiðleikaárunum 1967—1969 varð að framkvæma skerðingu á kjörum almennings í landinu og það töluverða skerðingu, og það verður að segja það, að þeim kjaraskerðingum var mætt af ótrúlega miklum skilningi. Þó að menn mótmæltu, þá undu samtökin, hin almennu launasamtök, betur þeim kjaraskerðingum heldur en jafnvel hefði mátt gera ráð fyrir. Því var yfirlýst af þáverandi ríkisstj., að strax og birti í lofti eftir þau geysilegu átök, sem þjóðarbúið þá varð að mæta og naumast eru umdeild, þá væri sjálfsagt, að hafin yrði aftur sókn til þess að vinna upp þessa kjaraskerðingu, og reyndar strax og tök væru á að gera betur. En á það var lögð áherzla á sama hátt og ég veit að hæstv. forsrh. muni nú gera, að kjarabæturnar verði að vera innan þeirra marka, að atvinnuvegirnir á hverjum tíma fái undir þeim risið.

Vorið 1970 varð samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um stórfellda kauphækkun. Þáv. ríkisstj. varaði við því, að þessi kauphækkun væri meiri þrátt fyrir stórbættan hag útflutningsframleiðslunnar en svo, að öruggt væri, að atvinnuvegirnir gætu undir henni risið, og enda sýnilegt, að sumir atvinnuvegir gætu ekki tekið á sig þennan kostnaðarauka án þess að fá verðbætur. En það er einn ókostur við okkar atvinnuvegi, eins og við öll þekkjum, að þeir eru ákaflega mismunandi færir til að taka á sig kauphækkanir, og sveiflurnar í því efni hafa, eins og raun ber vitni um, verið langmestar, bæði neikvæðar og jákvæðar, í sambandi við sjávarútveginn, en breytingaminni í sambandi við aðrar atvinnugreinar. Þetta er mál, sem öllum er kunnugt og ég þarf ekki að útskýra. En vegna mikilla verðhækkana í sjávarútvegi 1969—1970 á erlendum markaði gat sjávarútvegurinn tekið á sig verulega kauphækkun, og þess vegna taldi þáv. ríkisstj. nauðsynlegt, að kauphækkunin væri með þeim hætti, að það ylli ekki óeðlilegum kostnaðarauka og þar af leiðandi verðhækkunum hjá þeim atvinnugreinum, sem ekki hefðu borið það sama úr býtum og sjávarútvegurinn hafði þá gert og hefðu þess vegna minni greiðslugetu. Það var því vakið máls á þeirri hugmynd vorið 1970 að tengja þær kjarabætur, sem gerðar yrðu, saman á þann hátt að framkvæma annars vegar gengishækkun og hins vegar nokkra beina kauphækkun. Um þetta varð ekki samkomulag, og skal ég ekki fleiri orðum um það fara. Þetta er aðeins til þess að draga fram staðreyndir málsins.

Það varð ljóst þegar um haustið eftir að sú ákvörðun ríkisstj., að hér hefði verið nokkuð djarft teflt, átti við full rök að styðjast, og útreikningar nokkuð hliðstæðir því, sem hæstv. forsrh. hélt uppi til stuðnings verðstöðvunarnauðsyn nú, sýndu að þróun kaupgjaldsvisitölu yrði með þeim hætti næsta árið þar á eftir, að það mundi tefla afkomu atvinnuvega þjóðarinnar í stórfellda hættu, jafnvel þegar vorið 1971. Til þess að mæta þessum vanda var gripið til verðstöðvunar haustið 1970. Og sú verðstöðvun var að formi til og efni raunar með mjög svipuðum hætti og það frv., sem hér liggur fyrir. Það var gert ráð fyrir því að skipta þeim byrðum, ef byrðar skyldi kalla, sem af þessu leiddi, vegna þess að það var þegar sannað, eins og hæstv. forsrh. hefur þegar sannað í sambandi við verðstöðvunina nú, að með því að framkvæma þessa verðstöðvun væru í rauninni allir aðilar að, þó að þeir fórnuðu nokkru um skeið, að vinna sér til hags, þegar til lengri tíma væri litið, og ekki sízt launþegar, þar sem með þessum hætti einum væri hægt að tryggja nægilegar raunhæfar kjarabætur. Þessum ráðstöfunum var þá tekið mjög neikvætt af hálfu þáverandi stjórnarandstöðu, sem taldi, að væri verið að safna saman vandamálum, það væri verið að gera árás á gerða kjarasamninga, og raunverulega því haldið fram og reynt að fá því framgengt af ýmsum, að verkalýðssamtökin mættu með allsherjarverkföllum eða a. m. k. hatrömmum andmælum, þeim tveimur stigum, sem þá var gert ráð fyrir að gætu fallið í þeirra skaut, til viðbótar 1.3 stigum, sem leiddi af því, að verðhækkun áfengis annars vegar og hækkun á bótum iðgjalda vegna almannatrygginga hins vegar var ekki tekið inn í kaupgjaldsvísitöluna. Þetta var þá talin mikil óhæfa. En af hálfu okkar, sem vorum í þáverandi ríkisstjórn, og þáv. stjórnarflokka var á það bent með skýrum rökum, að raunverulega væri hér engu verið að fórna, heldur aðeins að tryggja kaupmátt þeirra kjarabóta, sem um hafði samizt vorið 1970, og þessar verðstöðvunarráðstafanir gerðu auk þess mögulegt að fá svigrúm til þess að vinna að könnun vandans á næsta hausti, þegar nýir kjarasamningar yrðu gerðir. Það mætti gera ráð fyrir því, eins og alltaf hefði reyndin orðið, ekki sízt vegna þeirrar þróunar, sem hefði orðið 1970, að atvinnuvegirnir, ekki sízt sjávarútvegurinn, gætu e. t. v. staðið að verulegu leyti undir þessum hækkunum, þannig að framleiðni atvinnuveganna gæti gert mögulegt haustið 1971 að taka við nokkrum hækkunum, þó að það hefði ekki verið mögulegt haustið 1970.

Af hálfu núverandi stjórnarflokka var því hins vegar haldið fram, að væri verið að safna saman vandræðum. Það var mjög flaggað með því, að einn fulltrúi stjórnarfl. þá hér í þessari hv. d. talaði um, að það blasti við hrollvekja haustið 1971, ef eitthvað sérstakt gerðist ekki. Það hefur auðvitað verið farið rangt með hans orð að því leyti til, að hann átti við, að hrollvekjan kynni að blasa við, ef þróunin yrði ekki með nógu hagstæðum hætti, en þessar ráðstafanir gerðu mögulegt að tryggja kaupmátt ráðstöfunarteknanna. Það liggur nú þegar fyrir skýrslulega sannað, að kaupmáttur ráðstöfunartekna árið 1970 óx um 14.4% frá því að hafa rýrnað 1969 um 7.3%, þannig að hér er að sjálfsögðu um geysilegt stökk að ræða. Og verðstöðvunin lagði einnig grundvöll að því, að á árinu 1971 óx kaupmátturinn enn um 15.8%, þannig að á tveimur árum hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxið um 30% rúm, sem má telja einstakt að auðið sé að framkvæma á 2 árum. Og þó að litið sé til miklu þróaðri þjóðfélaga og hinna háþróuðu iðnaðarþjóða, þá hygg ég, að þetta sé með öllu einstakt. Þessar staðreyndir liggja nú fyrir í opinberum skýrslum frá Framkvæmdastofnun ríkisins, þannig að um það verður ekki deilt, að þessum árangri hefur hvað launþega snertir verið náð á þessum tveimur árum og það ekki hvað sízt vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru haustið 1970, með verðstöðvuninni þá, til þess að tryggja, að ekki færi af stað ný verðbólguskriða vegna kauphækkana vorið 1970.

Þetta held ég, að sé nauðsynlegt að við íhugum nú einmitt í sambandi við þetta mál, eins og það liggur fyrir hér. Það þjónar auðvitað engu að vera með neinar ávítur til hv. núv. stjórnarflokka um afstöðu þeirra til þessa máls. Þeir rangmátu það, að svo miklu leyti sem þeir freistuðust ekki til að nota það að vissu leyti á þennan hátt vegna þeirra kosninga, sem framundan voru. Það var mannlegt, og við skulum láta það liggja milli hluta. En þetta eru staðreyndirnar, sem við blasa, og við sjáum það á borðinu fyrir framan okkur núna í þessu frv., sem hér er, að verðstöðvun á þann hátt, sem þar er talað um, er sannanlega ekki neitt forkastanlegt fyrirbæri undir vissum kringumstæðum og jafnvel þótt talað sé um lengri tíma en var gert ráð fyrir í þeim verðstöðvunarlögum, sem sett voru af fyrrv. ríkisstj., og var þó talið líklegt, að þau söfnuðu ærnum vanda á því tímabili, sem þau áttu að gilda.

Spurningin, sem næst þarf að íhuga, er þá þessi: Hvernig var þessum vanda mætt haustið 1971. Var hér raunverulega við hrollvekju að fást, eða hafði það verið rangmetið, og hvernig var á vandanum tekið? Því var haldið fram af hálfu talsmanna fyrrv. ríkisstj., að haustið 1971 yrði að miða kjarasamninga við það, að ekki hæfist ný verðbólgualda, og þess vegna yrði að skoða vanda verðstöðvunarinnar út frá þessu grundvallarsjónarmiði. Og því var einnig haldið fram fyrir kosningar, sem að vísu var þá litið gert úr af þáv. stjórnarandstæðingum, að vel mætti hugsa sér framlengingu verðstöðvunarinnar til áramóta, ef á þeim tíma þyrfti að halda til þess að kanna þessi vandamál nánar.

Hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum á miðju ári 1971. Ég held, að það sé ekki óhæfilegur dómur, þótt sagt sé, að hún hafi setzt í stóla sína með nokkru yfirlæti, a. m. k. á þann veg, að hún gerði viðameiri málefnasamning um stórkostlegri framkvæmdir og umbætur á öllum sviðum en ég held að áður sé þekkt, a. m. k. hérlendis og jafnvel erlendis. Um þetta er ekkert nema gott að segja, ef menn hafa gert sér grein fyrir því, að þeir geti staðið við

það, sem þeir hafa lofað. Okkur var ráðlagt og þjóðinni almennt af hæstv. forsrh. að lesa þennan málefnasamning jafnvel kvölds og morgna, — að vísu hefur það ekki verið ráðlagt núna allra síðustu mánuðina og kannske af skiljanlegum ástæðum, en ég hygg nú jafnvel, að menn hafi farið að lesa hann mun betur núna síðustu mánuðina heldur en þeir gerðu fyrst eftir að hæstv. ríkisstj. tók við völdum og það kannske af vel skiljanlegum ástæðum. Og mér er ekki grunlaust um, að kannske hefði hann ekki verið hafður núna alveg jafn ýtarlegur og raun ber vitni um af þeim, sem að honum standa, en sleppum því. Við skulu aðeins taka málið eins og það efnislega liggur fyrir.

Það verður að gera ráð fyrir því, og ég vil ekki gera ráð fyrir öðru en hæstv. ríkisstj. hafi, áður en hún setti saman þennan samning, — og skal ég hér aðeins halda mig að kjaramálunum, — gert sér grein fyrir því, hvað ófært var og hverjum óhætt var að lofa. Ég trúi ekki öðru. Og sannleikurinn er sá, að þessi málefnasamningur er auðvitað algjör afsönnun fyrri kenninga um það, að verðstöðvunin frá því haustið 1970 og það, sem gert hafði verið þá af hálfu þáv. ríkisstj., mundi leiða til neinnar hrollvekju haustið 1971, því að ef svo hefði verið, þá hefði hæstv. núv. ríkisstj. sannarlega ekki lofað verkalýðnum í landinu stórfelldum kjarabótum til viðbótar, svo sem málefnasamningurinn felur í sér. Ég þarf naumast að lesa þetta upp fyrir hæstv. ríkisstj. og raunar ekki fyrir neinum hv. þdm., það vita allir, hvað í þeim samningi fólst, beinlínis yfirlýsing um það, að þegar á haustinu 1971 yrði stefnt að stórauknum kjarabótum í þágu launþega, bæði með styttingu vinnuvikunnar, sem ríkisstj. beinlínis beitti sér fyrir með lagasetningu, með lengingu orlofs, með því að taka aftur upp 1.3 vísitölustig, sem kaup hafði verið skert um, og var náttúrulega nánast sýndarmennska sú ráðstöfun, og láta taka gildi 2 vísitölustig mánuði áður en þau áttu að taka gildi. Allt þetta sýndi auðvitað og sannaði, að það var mat ríkisstj., að hér væri engin hætta á ferðum, heldur væri hagur þjóðarbúsins svo góður, að verðstöðvunin 1970 hefði skilað fullkomlega sínum árangri, hún hefði tryggt kjarabæturnar, sem stefnt var að því að tryggja, og atvinnuvegirnir væru nú færir um að taka á sig mun meiri kvaðir heldur en þeir höfðu verið færir um haustið 1970 og þá lá sannanlega á borðinu, að blasti við að yrði á árinu 1971, ef ekkert væri að gert. Fram hjá þessari staðreynd getum við ekki komizt. Og það er ekki til nema tvennt í þessu máli: Annaðhvort mat fyrrv. ríkisstj. málið alveg rétt með verðstöðvunaraðgerðum sínum 1970, sem tryggðu launþegum 14.4% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna og 15.8% á árinu 1971, — annaðhvort höfðu þessar ráðstafanir verið rétt mat hjá fyrrverandi ríkisstjórn eða þá að hæstvirt núverandi ríkisstjórn hefur hagað sér af gersamlegu ábyrgðarleysi. Ég er ekkert að fullyrða um þetta, en það er ekki nema um tvennt að ræða.

Því var lýst yfir af hæstv. forsrh., þegar hann kom hér fyrir Alþingi í fyrsta skipti, eftir að hann settist hér í forsætisráðherrastól, og gerði grein fyrri stefnunni, að ríkisstj. hefði kannað afkomu atvinnuveganna og hún teldi fullkomlega grundvöll fyrir að lofa því, sem í stjórnarsáttmálanum er gert, sem er ekki lítið loforð, að bæta á tveimur árum kjörin til viðbótar þeim kjarabótum, sem ég hef áður vikið að, um 20% raunhæfar kjarabætur, ekki kauphækkanir, heldur raunhæfar kjarabætur. Þessu lýsti hæstv. ráðherra yfir, að óhætt væri að gera að mati ríkisstj., og að þessu var stefnt þegar af fullum krafti 1971. Og þar var sannarlega ekki þá verið að leggja að launþegasamtökunum að gera ekki kjarakröfur, síður en svo. Það má þá frekar saka fyrrv. ríkisstj. um það, að hún hafi varað við, að of hátt væri stefnt með kröfunum 1970, en það var síður en svo, að aðvörunarorð væri að finna haustið 1971 hjá núv. ríkisstj.

Í skýrslum Framkvæmdastofnunar ríkisins er tekið fram, að með kjarabótum launþega á árinu 1970 og til ársloka 1971, — þar koma að sjálfsögðu að hluta til inn kjarabæturnar, sem urðu á haustdögum 1971, — þá væri meira en búið að vinna upp rýrnun kaupmáttartekna, sem varð á erfiðleikaárunum 1967—1969, eins og það er orðrétt sagt í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, og þetta er vissulega merkilegur og eftirtektarverður árangur. Er vissulega gleðilegt, að því marki skyldi hafa verið náð á svo skömmum tíma, ef hefði verið auðið að halda áfram með sama krafti næstu 1—2 árin, eins og hæstv. núverandi ríkisstj. gerði sér vonir um í málefnasamningi sínum. En hvernig hefur þetta orðið í reynd? Nú stöndum við andspænis nýjum efnahagsráðstöfunum, að vísu bráðabirgðaráðstöfunum, en engu að síður er þar gripið til aðgerða til þess að draga úr afleiðingum kostnaðarþróunar í þjóðfélaginu, sem varð mjög fljótlega eftir að síðustu kjarasamningar voru gerðir og eftir að hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum og lýsti stefnumiði sínu, svo sem segir í málefnasamningnum og ég hef hér lítillega vikið að, og því stefnumarki sínu að stórbæta kjör launþega, eins og þar er frá sagt.

Hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir því, að þetta hafi farið nokkuð úrskeiðis, þær áætlanir sem gerðar hafa verið um kostnaðarþróunina í þjóðfélaginu, og ég hef að sjálfsögðu ekkert að athuga við þær tölur, sem hann setti fram. Ég geri ráð fyrir því, að þær séu réttar, og vissulega hefur blasað við uggvekjandi ástand nú um mitt ár, eða áður en brbl. um efnahagsráðstafanir voru sett. Með þeim lögum var talið nauðsynlegt að stöðva gildistöku 5.5 vísitölustiga fram til áramóta og raunar meira, því að síðar hafa bætzt við frekari hækkanir, sem niður hafa verið greiddar. Og það var mat ríkisstj., að ef þessi hækkun tæki gildi, þá væri framundan stórfellt vandamál, sem tefldi afkomu atvinnuveganna og fengnum kjarabótum í verulega hættu. Spurningin, sem við stöndum andspænis núna, er sú, hvort líkur eru til þess, að þessar bráðabirgðaráðstafanir nú geti leyst vandann með svipuðum hætti og

var vonazt til að gæti orðið með verðstöðvunarráðstöfunum haustið 1970, þ. e. að við gætum vonazt eftir batnandi hag útflutningsframleiðslunnar, eins og reyndin varð á árinu 1971, til þess að þola ekki aðeins þá kauphækkun, sem var frestað með þeim ráðstöfunum heldur einnig jafnvel nýjar kauphækkanir. Nú er ekki um slíkt að ræða, því að hæstv. ríkisstj. hefur náð þeim árangri, sem vissulega er ánægjulegur og hefði verið ánægjulegt, ef hefði verið hægt að ná fyrr, að semja til 2 ára við verkalýðsfélögin, þannig að aðstaða hennar að þessu leyti er óvenjuleg góð. Hins vegar verður að játa það, að mat ríkisstj. um möguleikana til þeirrar kauphækkunar, sem varð á s. l. ári, og annarra kjarabóta, sem ríkisstj. þá beinlínis beitti sér fyrir eða lagði blessun sína yfir, — þetta mat hefur ekki reynzt rétt. Það er auðvitað haldið fram ýmsum skoðunum og verður vafalaust haldið fram ýmsum skoðunum um það, hvernig standi á þessu, og hæstv. forsrh. gat um það hér áðan, að það væri vegna verðhækkunar erlendis, sem ekki hefði verið séð fyrir. Hann gat þess raunar einnig, sem er að sjálfsögðu mál ríkisstj., að það væri að vissu leyti vegna verðbr. hér innanlands, verðhækkana, sem ómögulegt hefði verið lengur að standa gegn, verðhækkana vegna áfnáms nefskatta eða skattbreytinga, sem hann gat um að hefðu verið gerðar, og að sjálfsögðu koma hér einnig til verðhækkanir, sem hann taldi ekki beinar aðgerðir ríkisstj. sjálfrar, svo og verðhækkun á þjónustu pósts og síma, sem stafaði af því, að söluskattur var lagður á þá þjónustu, og þannig mætti lengi telja ýmsa liði. Og ég hygg, að það sé ekki rangt með farið, að þegar Alþýðusambandi Íslands var gerð grein fyrir orsök verðhækkananna, þá hafi meginhluti þeirra verðhækkana, sem þá var gerð grein fyrir, beinlínis stafað af ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hafði gert. Ég er ekkert að fordæma ríkisstj. fyrir þetta. Það kann að hafa verið nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir, eins og að leggja söluskatt á póst og síma og heimila ýmsar hækkanir ríkisstofnana, um það er ég ekki að fella neinn dóm. En þetta er staðr., sem blasti við, að þessar hækkanir höfðu verið vanmetnar og verðhækkanir erlendis vafalaust einning vanmetnar. En þó var það vitað þegar á árinu 1971 og hefði mátt gera ráð fyrir því, að menn reiknuðu með slíku, að vegna mikilla kauphækkana erlendis var fyrirsjáanlegt, að verðhækkanir mundu verða mjög miklar á þessu ári á innfluttum vörum.

Ég skal ekki hér fara út í að meta hag atvinnuveganna sérstaklega. En það liggur þó fyrir, enda hefur því nú verið yfirlýst af hæstv. forsrh., að útflutningstekjur þeirra út af fyrir sig verða jafnmiklar og varð á s. l. ári, eða jafnvel meiri, og þó að aflabrestur hafi orðið, þá koma tekjurnar fram, eins og hann hefur áður skýrt frá hér á þingi, í því, að birgðaminnkun verður í landinu. Auk þess hefur orðið allmikil hækkun á erlendum markaði. En því miður stöndum við ekki andspænis því eins og á s. l. hausti að hagur aðalframleiðsluatvinnuveganna eða útflutningsatvinnuveganna, þá fyrst og fremst sjávarútvegsins, sé batnandi, heldur er hann versnandi, og þær vonir, sem fyrrv. ríkisstj. batt við batnandi hag sjávarútvegsins á árinu 1971 og reyndust raunhæfar, þær vonir getur hæstv. núv. ríkisstj. ekki borið í brjósti, — ég segi því miður, vegna þess að allt bendir til þess, að hagur sjávarútvegsins muni á þessu ári versna, og það er ekkert, sem bendir til, að hann muni batna, heldur að hann muni jafnvel versna einnig á næsta ári. Það er því ekki líkur til þess, að sjávarútvegurinn geti í náinni framtíð og atvinnuvegirnir yfir höfuð tekið á sig þann vanda, sem geymdur er með verðstöðvunaraðgerðum og mundi að sjálfsögðu aukast verulega, þessi geymdi vandi, ef á að halda verðstöðvunaraðgerðunum áfram allt næsta ár, og að því skal ég lítillega víkja.

Sá vandi, sem nú er geymdur, hygg ég að sé um 5.5 kaupgjaldsvísitölustig, og það liggur jafnframt, að ég hygg, nokkuð ljóst fyrir, þó að sleppt sé erlendum verðhækkunum, sem framundan kunna að vera og enginn veit um, að hér bætast við 4—5 stig í febrúarbyrjun, sem verður viðbótarbaggi, ef um áframhaldandi verðstöðvun í 117 vísitölustigum án frekari kjaraskerðingar á að vera að ræða. Það þarf að mæta ekki aðeins þeim vanda, sem núverandi verðstöðvun hefur í för með sér og geymdur er, heldur kannske álíka miklum vanda um n. k. áramót, sem þarf að mæta með niðurgreiðslum eða einhverjum slíkum ráðstöfunum, ef á að velja þá leið, sem hæstv. forsrh. vék að, að væri sín persónulega skoðun.

Nú veit ég ekki, hver verður skoðun verkalýðssamtakanna á þessu máli. Þau hafa að vísu tekið mjög jákvætt undir það, sem hjá fyrrv. ríkisstj. var á þeirra máli nefnt kjaraskerðing, en virðist nú ekki vera kallað það, þ. e. a. s. þær ráðstafanir um frestun vísitölu eða skerðingu vísitölu, sem gerðar voru í þeim efnahagsráðstöfunum, sem hér liggja fyrir. Um það var gefin jákvæð einróma afstaða frá verkalýðssamtökunum, en þó að vísu þannig, að mér skilst eftir ályktun þeirra, að þau afsali sér engum rétti, heldur standi ríkisstj. nú um áramótin einnig andspænis því að taka upp nýjar viðræður við þau, ef á að halda áfram þeirri skerðingu vísitölunnar gagnvart verkalýðssamtökunum, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir. Hvernig verkalýðssamtökin taka því, skal ég ekkert um segja, það er ekki mitt mál, og eru hér í þessari hv. d. menn, sem eru fróðari um afstöðu þeirra heldur en ég. Ég tel það mjög vel farið, að þau hafa tekið ábyrga afstöðu, eins og þau gerðu nú í sumar, og í ályktun þeirra er að finna mjög eftirtektarverðar yfirlýsingar um viðhorf þeirra til atvinnuvegannna, á sama hátt og við áttum erfitt með að skilja þá afstöðu, sem að hluta til var tekin af verkalýðssamtökunum 1970 um þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar. En það er liðin tíð, við skulum sleppa því. Einhver annar andi svífur þá yfir vötnum, og við skulum láta það gott heita. En það ber að fagna því, þegar menn skoða málið raunhæfar, eins og virðist hafa verið gert af þessum samtökum í sumar af einhverjum ástæðum.

En hér blasir við sem sagt allt að 10 stiga vandi um n. k. áramót, sem ríkisstj. verður með einhverjum hætti að mæta, auk þeirra hækkana,

sem ljóst er að til falla á næsta ári. Það vitum við, og ég veit, að okkur greinir ekki á um það, okkur hæstv. forsrh., að það muni koma til á því ári ýmsar hækkanir, sem muni annaðhvort valda beinni hækkun vísitölunnar eða þá leiða til nýrra niðurgreiðslna, sem torvelt er nú reyndar að sjá, hvernig á að framkvæma, og miðað við skoðanir hæstv. fjmrh. á því, þá lýsti hann því yfir í sameinuðu þingi við meðferð fjárlaga, að það væri ekki mögulegt með neinu móti að ganga lengra í niðurgreiðslum en gert væri nú. Og ég skal játa það, að ég hef mjög svipaða skoðun og hann um það, að það eru viss takmörk fyrir því varðandi niðurgreiðslur, hvað langt er hægt að ganga í þeim efnum, og ég held, að sú leið sé tæmd. En ef sú skoðun hæstv. forsrh. verður ofan á að rígbinda sig við 117 kaupgjaldsvísitölustig, eins og hann gat um, næsta ár, sem vissulega væri mjög ánægjulegt að hægt væri að gera, þá er ég hræddur um, að hér séu enn þá á allmiklir hnútar, sem þurfi að leysa, og mun ég aðeins lítillega víkja að því, sem hann sagði um það efni.

Hann kvað það rangt og þetta frv. sýndi það að saka ríkisstj. um stefnuleysi í efnahagsmálum. Ja, það er nú svo. Ég held, að þetta frv. sýni það a. m. k., að ríkisstj. hefur rangmetið, við skulum orða það svo, stöðu atvinnuveganna s. l. haust, þegar hún ákvað að beita sér fyrir þeim kjarabótum og setti fram þann loforðslista, sem hún þá setti fram. Við getum orðað þetta með þessum hætti, en þetta held ég að sé staðreynd. (Gripið fram í.) Jæja, ég veit ekki, hvort það er svo mikill eðlismunur á stefnuleysi og stjórnleysi, ég kann nú ekki að skilgreina það. (Gripið fram í.) Ja, það skyldi nú ekki vera, að hvort tveggja væri. En ég held ekki, að það verði sagt, að þá séu öfgar, þótt hæstv. ráðh. séu nú orðnir mjög viðkvæmir fyrir, ef nokkuð er sagt, sem ekki er lof og dýrð um þá, eins og sýndi sig í sameinuðu Alþingi í gær, þá held ég, að það geti varla talizt óhæfilegt, að hér hafi sannarlega komið fram, að þetta frv. til l. eða brbl. sanni það, að ríkisstj. hafi rangmetið stöðuna í efnahagsmálum. Það held ég, að séu ekki öfgar. Það hefur að vísu verið sagt af okkar hálfu, að engin stefna væri enn þá mörkuð og ríkisstj. hefði enga stefnu í efnahagsmálum. Ég skal játa, að það er nú í fyrsta skipti, sem hefur verið gerð tilraun af ríkisstj. að marka stefnu í efnahagsmálum á nokkurn raunhæfan eða a. m. k. skynsamlegan hátt, það skal játað, að það eru á því ýmsir vankantar, sem hæstv. ráðh. vék að og ég gerði sjálfur grein fyrir, en það er í fyrsta skipti, sem það heyrast nú hér hjá hæstv. forsrh. ákveðnar hugmyndir, sem að vísu eru hans persónulegu skoðanir, og ég veit ekki, hvað það merkir. Það er ýmislegt, sem erfitt er að átta sig á hjá hæstv. núv. ríkisstj. og hvað ofan á verður þar, en ég verð þó að ætla, að hæstv. forsrh., eins og ég sagði í upphafi máls míns, hafi þau áhrif þar og hans persónulegu skoðanir a. m. k. séu þess eðlis, að það beri að taka þær fullkomlega alvarlega, og það vil ég gera hér, og vil ég reyna að gera grein fyrir því, hversu framkvæmanlegar þær eru og hversu æskilegar þær eru.

Hann hefur bent á það úrræði að halda verðstöðvuninni áfram. Ég spyr þá á móti: Ef það er hugmynd hæstv. ráðh., sem raunar kom fram í ræðu hans, að rígbinda vísitöluna í 117 stigum, á það þá að gerast með niðurgreiðslum, þ. e. a. s. að greiða til viðbótar niður hóflega áætlað 4—5 kaupgjaldvísitölustig til viðbótar þeim niðurgreiðslum, sem nú eru framkvæmdar? Ef ætlunin er að greiða þetta niður, þá vantar til þess ekki aðeins 800 milljónir, sem er alveg rétt hjá hæstvirtum forsætisráðherra, að þar eru nokkuð hundruð millj., sem kostar að halda áfram núverandi verðstöðvunaraðgerðum, en ef á að halda vísitölunni í 117 stigum án kjaraskerðingar, þá er alveg ljóst, að þó að jafnvel finnist nú einhverjar leiðir til niðurgreiðslna, þá muni þær kosta aðrar 800—1000 millj. Hér stöndum við því andspænis vanda, sem er af stærðargráðunni 1600—2000 millj., til viðbótar þeim vanda, sem ég veit að hæstv. forsrh. er ljóst að þarf að mæta, og það er aðstoð við sjávarútveginn og jafnvel fleiri atvinnugreinar, a. m. k. sjávarútveginn, á næsta ári, miðað við þær horfur, sem eru um afkomu þess atvinnuvegar, þó sérstaklega frystiiðnaðarins og reyndar fleiri greina útvegsins, sem nú eru fjármagnaðar í bili með greiðslum úr verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins í algerri andstöðu við vilja manna í því efni, sem auðvitað er algerlega útilokað að halda áfram með þeim hætti. Hér er því sennilega um að ræða fjáröflun, sem getur orðið af stærðargráðunni allt að 2500 millj. kr. eða jafnvel meira, vegna þess að það er augljóst, að fjárl. taka að venju allverulegum hækkunum, — um það skulum við ekki blekkja okkur, og þá vantar þar áætlunartölur, sem er ljóst að verður að taka inn í fjárlagafrv. Vandinn við að halda áfram þessari stefnu, sem hæstv. forsrh. hefur lýst hér sem sinni persónulegu skoðun, að sé æskilegasta leiðin til þess að leysa vandann, kostar því þessa miklu fjármuni.

Mér fannst það mjög ánægjulegt, að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að ekki yrði lengra gengið í álagningu beinna skatta. Þetta held ég, að reynslan hafi nú sýnt hæstv. ríkisstj. í ár, að slíkt væri ekki gerlegt, og þykir mér vænt um, að hún hefur lært af þeirri reynslu og þeirri ólgu, sem varð út af þeim geysilegu skattahækkunum, sem framkvæmdar voru á s. l. ári. Þetta verður því að sjálfsögðu að gerast með óbeinum sköttum, ef á að greiða þetta niður að fullu, annars vegar með óbeinum sköttum og hins vegar kemur auðvitað það til álita, sem hæstv. forsrh. gat um, og það er að endurskoða vísitöluna. Það er út af fyrir sig rétt, að það má gera ráð fyrir, að eitthver breyting getur orðið á vísitölunni með nýrri athugun á samsetningi neyzlunnar. En reynslan frá 1965 í því efni gefur ekki miklar vonir um, að græðist mikið fyrir ríkissjóðinn í því sambandi eða hægt verði að brúa þetta bil að nokkru leyti með þeim hætti, enda hef ég ekki mikla trú á því, eins og afstaða verkalýðssamtakanna var þá, að hún sé breytt að því leyti, að þau mundu fallast á, að slík vísitala tæki gildi, ef hún leiddi af sér lækkun kaupgjalds. En síðasta breyting vísitölunnar olli því, eins og menn vita, að ýmislegt, sem áður hafði verið kallað munaður, svo sem bílar, svo sem áfengi og tóbak, sem áður var tekjuleið fyrir ríkissjóð-

inn, þessar tekjuleiðir báðar, — og það var eitt af því, sem átti orsökina að hækkun vísitölunnar nú í sumar og gerði þessar verðstöðvunaraðgerðir óumflýjanlegar, vegna þess að bifreiðakaupakostnaður og áfengi og tóbak eru orðinn svo stór þáttur í vísitölunni einmitt vegna endurskoðunar á neyzluvenjum almennings, — það gerir lítt mögulegt að framkvæma hækkun á þessum áðurnefndu munaðarvörum, án þess að meginhlutinn af því étist aftur í hækkaðri kaupgjaldsvísitölu. Þá kemur það auðvitað til athugunar, sem var mjög athyglisvert í ræðu hæstv. ráðherra, að breyta vísitölugrundvellinum að því leyti að taka út úr vísitölunni vissa liði, og ég held, að ég hafi ekki skilið hann það skakkt, að hann hefði þá skoðun sjálfur, að rétt væri, að óbeinir skattar væru ekki inni í vísitölunni. Hann minntist á það, sem nágrannaþjóðir gerðu í því efni, og einmitt með hliðsjón af því mun hann ekki hafa átt við þetta, vegna þess að nágrannaþjóðir okkar hafa yfirleitt ekki óbeina skatta í vísitölunni. En í sannleika sagt er málið þannig, miðað við vísitölukerfið, eins og það er í dag, að fjmrh. er á hverjum tíma í algerri gildru um fjáröflun vegna þess, að ef á að afla tekna með óbeinum sköttum eða með hækkun á munaðarvöru, þá verkar það stórlega inn á vísitöluna, þannig að þessi tekjuöflun étur sig upp aftur.

Ég skal fúslega taka undir þá skoðun hæstv. forsrh., að það er óeðlilegt, að liðir, sem eru eingöngu tekjuöflun fyrir ríkissjóð, — og þá kem ég t. d. að áfengi og tóbaki, sem hæstv. núv. ríkisstj. vildi taka aftur inn í vísitöluna, — ég álít, að það eigi ekki að vera inni í vísitölunni hækkun á þeim, nema að svo miklu leyti sem hækkun á verðlagi þeirrar vöru stafar af beinum verðhækkunum erlendis frá, en sé þessi vara hækkuð til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, þá eigi það ekki að vera í vísitölu og söluskattur eigi ekki heldur að vera eða óbeinir skattar inni í vísitölunni. Mín skoðun og hæstv. forsrh. fellur því alveg saman að þessu leyti. En ég skal taka það fram, eins og hann sagði, að þetta er mín persónulega skoðun og ég er ekki með þessu að lýsa yfir skoðun míns flokks. Það veit ég ekki um, til þess hefur ekki verið tekin afstaða, en verður sjálfsagt gert efnislega, eftir að þessar till. koma fram.

Þá vék hæstv. forsrh. að því, að það hefði áður verið skert vísitala hér, og mér fannst það vera í þeim tón, að það væri ekki alveg útilokað, að það væri hægt að hugsa sér að skerða vísitöluna. Að vísu sagi hann, að það yrði þá að gerast í samráði við stéttarsamtökin. Við þekkjum nú, hvernig hefur tekizt til með þau samráð áður. Vinstri stjórnin sáluga gerði tvær stórfelldar skerðingar á vísitölunni. Hún framkvæmdi eina skerðingu, þegar hún tók við völdum, og það gekk fyrir sig, en ætlaði að framkvæma aðra skerðingu, sem var ekki miklu stærri en þyrfti nú raunverulega að framkvæma hér, ef ætti að fara þá leiðina, og þar stöðvuðu verkalýðssamtökin og fannst sér nóg boðið, eins og hæstv. félmrh., sem þá var þar forustumaður, harla vel man eftir, og skal ég ekki fara neitt út í þá sálma. En mér finnst það nú kannske nokkuð mikil bjartsýni að gera ráð fyrir því, að stéttasamtökin fallist á skerðingu vísitölunnar til að mæta þeim vanda, sem hér er við að fást. Ég tek skýrt fram, að ég er ekki með þessum orðum mínum á neinn hátt að reyna að espa til andstöðu gegn þeirri hugmynd. Ef hún á fylgi að fagna hjá stéttasamtökunum, þá verður áreiðanlega ekki nein tilraun gerð til þess af hálfu Sjálfstfl. að spyrna fótum gegn skynsamlegum aðgerðum á því sviði né öðrum sviðum, ef það að okkar mati er líklegt til þess að leysa þennan vanda.

Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mál mitt mikið úr þessu. Ég hef ekki sérstaklega gert að umtalsefni þetta frv., sem hér liggur fyrir, að öðru leyti en því, sem ég áðan sagði, að hugsunin á bak við það er nákvæmlega sú sama og lá á bak við verðstöðvunaraðgerðir fyrrv. ríkisstj., og ég held því ekki, að hæstv. forsrh. þurfi að óttast, að Sjálfstfl. a. m. k. snúist gegn þessu frv. eða þessum brbl. Það er allt annað mál svo að meta, hvaða till. ríkisstj. hefur til heildarlausnar á þeim vanda, sem við er að fást. En ýmislegt, sem hæstv. ráðh. sagði um brbl., var kannske nokkuð hæpið, m. a. tal hans um, að það væri fullkomnari verðstöðvun heldur en áður hefði þekkzt í þjóðfélaginu. Þetta er auðvitað algerlega út í hött. Verðstöðvunin samkvæmt verðstöðvunarlögunum, sem gilti frá 1970, var alveg jafnfullkomin og þessi, og ríkisstj. hefur haft þetta í hendi sinni síðan og samkvæmt þeim lögum, sem sett voru um síðustu áramót, að áskilja sér sjálfri rétt til þess að stöðva allar verðhækkanir, hvers kyns sem væru. Hér er því ekkert nýtt á þessu sviði, og því miður fer því auðvitað víðs fjarri, að um algera verðstöðvun hafi verið að ræða. Það eru eilífar kvartanir um verðhækkanir, og við vitum, að þær hafa orðið, sumar hafa verið óumflýjanlegar og ekkert um þær að segja, en verðstöðvun hefur auðvitað ekki verið alger.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að fresta endurskoðun á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins til áramóta, og ég veit ekki, hvort ætlunin er að fresta þeirri endurskoðun áfram. Hæstv. forsrh. vék ekkert að því máli. Það, sem gerðist nú í september, var það eitt, að það var framreiknaður sá gildandi grundvöllur, en endurskoðun á honum fór ekki fram, eins og gert er ráð fyrir, að geti orðið samkv. lögum um það efni, þannig að það kynni að bætast þar við einhver vandi, ef ekki semdist sérstaklega um það við bændasamtökin. Og það atriði, að ekki sé ætlunin að mæta verðstöðvuninni að neinu leyti með nýjum álögum, það er auðvitað sagt líka alveg út í hött, vegna þess að þeir, sem hlýddu á og tóku þátt í umr. um fjárlagafrv. í Nd., hafa vafalaust heyrt það, að hæstv. fjmrh. gaf engar sennilegar skýringar á því, að sá 400 millj. kr. sparnaður til útgjalda í þessu efni, sem er gert ráð fyrir í brbl., mundi nást. Ég held, að allir þeir, sem hlustuðu á þær umr., hafi í raunninni sannfærzt um það, að sá sparnaður mundi ekki nást.

Herra forseti. Þessi brbl. þau voru rökstudd með þeim hætti, að forseti Íslands gerði kunnugt, að forsrh. hefði tjáð sér, að ef svo fer

fram sem nú horfir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, séu í vændum verulegar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, sem stefnt geti afkomu atvinnuvega og atvinnuöryggi og þar með hag allra landsmanna í hættu. Þetta er mat forsrh. á ástandinu í efnahagsmálum þjóðarinnar einu ári eftir að vinstri stjórnin hefur tekið við völdum með þeim loforðum um kjarabætur — raunhæfar kjarabætur, sem fólust í hennar málefnasamningi, og þessi afdráttalausa yfirlýsing, sem ég hygg að sé alveg hárrétt, sýnir auðvitað betur en nokkuð annað, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að fást við þann vanda, sem hún tók að sér að leysa, þegar hún tók við völdum, eins og hver ríkisstj. verður að gera, hún hafði vanmetið ástandið og hún hafði lofað meiru en mögulegt var að standa við. Ég held, að menn geti, hvað sem öllu líður, verið sammála um, að það gangi lítið að framkvæma, hvort sem það eru kauphækkanir eða einhver umbótamál önnur, ef þarf svo innan skamms tíma að taka aftur það, sem búið er að gera. Þá er betra að láta hlutina ógerða. Ég vona, að hæstv. ríkisstj. læri því af þeirri reynslu, sem hún hefur hér fengið eftir eins árs búskap sinn, og taki sjálf raunhæfa afstöðu til þess mats, sem forsrh. með þessum orðum leggur á afkomuhorfur þjóðarbúsins að lokinni eins árs vinstri stjórnar.

Umr. frestað.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. — (þskj. 16). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta var samið af velferðarnefnd aldraðra, samkv. minni ósk, og ég lagði það fram á síðasta þingi til kynningar, og nú legg ég það fram öðru sinni til meðferðar og væntanlega til afgreiðslu á skömmum tíma. Þar sem málið var lagt fram á seinasta þingi, hygg ég, að ekki sé nauðsynlegt, að ég fari að rekja efnisatriði grg. mjög nákvæmlega. Ég geri ráð fyrir, að þm. hafi í meginatriðum áttað sig á þessu máli.

Í 1. gr. er gerð grein fyrir því, hvað átt er við með dvalarheimili aldraðra, en það eru stofnanir, sem eru ætlaðar öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi, og þau geta jöfnum höndum verið ætluð til dagvistunar sem fullrar vistunar. Gert er ráð fyrir því, að íbúðir fyrir aldraða geti einnig verið hluti af dvalarheimili. Í 2., 3., 4. og 5. gr. eru ákvæði um eftirlit stjórnvalda, þ. e. a. s. heilbrn., með slíkum stofnunum til þess að tryggja það, að þær fari í einu og öllu eftir nútímahugmyndum og nútímakröfum um starfrækslu slíkra stofnana. Í 6. gr. eru ákvæði um stjórn dvalarheimila, en þar er sagt, að þau skuli lúta stjórn þriggja eða fimm manna og skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til fjögurra ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Í sambandi við þetta vil ég láta þess getið, að ef hv. alþm. eru þeirrar skoðunar, að fulltrúi vistmanna ætti að hafa fulla setu í stjórn slíkrar stofnunar með fullum réttindum, þá mundi ég vera mjög fús til þess að fallast á slíka breytingu.

Í 7. gr. eru þau ákvæði, sem ég geri ráð fyrir, að menn veiti mesta athygli, þ. e. a. s. ákvæðin um framlög ríkisins til slíkra stofnana. Þar er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður skuli greiða ⅓ hluta kostnaðar af byggingum og kaup á nauðsynlegum tækjum og búnaði, ef sveitarfélag byggir dvalarheimili eða hefur rekstur þess með höndum. En ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, þá er ríkissjóði heimilt að greiða hliðstæða upphæð. Nú geri ég ráð fyrir því, að slík fyrirgreiðsla yrði í verki tryggð báðum þessum aðilum, því að á þessu sviði hafa einkaaðilar og samtök áhugafólks unnið mjög merkilegt starf, og ég geri mér vonir um, að sú starfsemi haldi áfram.

Í 8. gr. eru ákvæði um það, að daggjaldanefnd ákveði upphæð vistgjalda og sé ég svo ekki ástæðu til að rekja hér ákvæði fleiri gr. En í sambandi við flutning þessa frv. gerði ég ráðstafanir til þess að kanna, hvernig nú væri ástatt í landinu að því er varðaði elli- og dvalarheimili, og ég hef hér undir höndum skýrslu um það, hvernig þau mál stóðu miðað við 18. okt. s. l. Ég tel rétt að greina hv. alþm. frá því, hvernig því er nú háttað með vistmenn á elli- og dvalarheimilum.

Á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík er tala rúma 374. Vistmenn eru þar 120, en hjúkrunarsjúklingar 224. Á biðlista eru um 80 manns. Elliheimilin Ás og Ásbyrgi í Hveragerði hafa 141 rúm. Það eru allt saman vistmenn í íbúðum, en á biðlista eru um 10 manns. Í Ási í Hveragerði voru tekin í notkun í sumar 4 ný hús með 8 íbúðum, en í hverri íbúð þar eru 2—4 menn. Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík hefur 453 rúm. Þar eru vistmenn 286, en hjúkrunarsjúklingar 131. Vistmenn í íbúðum eru 36 og á biðlista eru um 300 manns. Á Hrafnistu var ein deild gerð að sjúkradeild á þessu ári. 1. jan. 1971 voru 88 sjúklingar á Hrafnistu, en nú eru þeir 131. Elliheimilið Akranesi hefur 15 rúm, og þar eru 14 vistmenn. Dvalarheimilið Fellsendi í Dalasýslu hefur 15 rúm og þar eru 15 vistmenn. Elliheimilið Ísafirði hefur 21 rúm og þar er 21 vistmaður. Elliheimili Akureyrar, Akureyri, hefur 72 rúm og 72 vistmenn, en á biðlista eru um 90 manns. Á Elliheimili

Akureyrar eru um 10 manns, eða 1/7 vistmanna, yfir 90 ára að aldri. Elli- og dvalarheimilið í Skjaldarvík við Akureyri hefur 85 rúm og 85 vistmenn og þar eru á biðlista um 20 manns. Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi hefur 30 rúm og 29 vistmenn og þar eru á biðlista um 16 manns. Meðalaldur vistmanna á Dvalarheimilinu í Borgarnesi er 90 ár. Elliheimilið Skálholt í Vestmannaeyjum hefur 24 rúm og 24 vistmenn. Elliheimilið Hlévangur í Keflavík hefur 19 rúm og 20 vistmenn. Elli- og hjúkrunarheimlið Sólvangur í Hafnarfirði hefur 110 rúm og 110 hjúkrunarsjúklinga og þar er fjöldi á biðlista.

Þá koma íbúðir aldraðra í Reykjavík. Við Norðurbrún eru 60 íbúðir, 8 fyrir hjón og 52 fyrir einstaklinga. Þar er tala rúma 68 og 68 vistmenn, sem búa í íbúðum og þar er fjöldi manna á biðlista. Við Austurbrún 6 eru 35 íbúðir og um 15 þeirra eru tvímenningsíbúðir. Þar er tala rúma 50 og 50 búa í íbúðum og á biðlista eru upp undir 200 manns. Á héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi, er tala rúma 27 og vistmenn 27. Á sjúkrahúsi Siglufjarðar, Siglufirði, þ. e. a. s. ellideild þess, eru 13 rúm og 13 vistmenn. Og á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, ellideild, eru 10 rúm og 10 vistmenn.

Samtals er tala rúma þannig 1527. Vistmenn eru 736, hjúkrunarsjúklingar eru 459 og vistmenn í íbúðum eru 295. Um 700 manns eru skráðir á biðlista í þessum stofnunum, en vitað er um mikinn fjölda manna, sem er óskráður.

Eins og sjá má af þessum tölum er nú um þriðjungur þeirra, sem dveljast á elli- og dvalarheimilum hjúkrunarsjúklingar, oftast langlegusjúklingar. Þeir vistmenn ættu að búa á öðrum stofnunum, sem væru sérstaklega miðaðar við þarfir þeirra. Því má segja, að fjöldi venjulegra vistmanna sé rúmlega 1000, en það er um 8% þeirra, sem nú eru yfir sjötugsaldur á Íslandi. Til samanburðar vil ég geta þess, að í Svíþjóð dveljast um 50% fleiri hlutfallslega af þessum aldursflokki á elli- og dvalarheimilum. Með þessu er sagan þó engan veginn fullsögð. Alkunnugt er, að hluti þeirra elliheimila, sem nú eru í landinu, fullnægir engan veginn nútímakröfum um húsnæði og aðbúnað. Því er mikil nauðsyn, að gert verði myndarlegt átak á þessu sviði, og frv., sem hér liggur fyrir til umr., er ætlað að stuðla að því.

En þegar rætt er um aldrað fólk, koma til fleiri vandamál en þeirra, sem búa á dvalarheimilum. Í sambandi við þetta frv. vil ég geta þess, að ég mun á næstunni setja reglugerð um félagsmála- og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins samkv. heimild í 79. gr. l. nr. 67 frá 1971 og á deildin að annast velferðarmál aldraðra og annarra bótaþega almannatrygginga og sjá um kynningar- og upplýsingastarfsemi. Drög að þessari reglugerð hafa verið samin, og eru þau nú til umsagnar hjá tryggingaráði. Af minni hálfu er fyrirhugað, að verkefni deildarinnar verði þessi:

1. Að standa fyrir rannsóknum á þeim vandamálum, sem aldraðir og öryrkjar hafa sérstaklega við að stríða, svo sem fjárhagsafkomu þeirra, atvinnumálum, húsnæðismálum og vistunarmálum yfirleitt, hvort heldur er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða dvalarheimilum.

2. Að gera till. um lausn þeirra vandamála, er í ljós koma við athuganir deildarinnar, til Tryggingastofnunar ríkisins, viðkomandi rn., sveitarfélaga og annarra aðila, sem talið er, að gætu unnið að lausn þeirra.

3. Að örva og styðja þess konar félagsstarfsemi fyrir aldraða og öryrkja og hafa að þessu leyti samvinnu við stofnanir sveitarfélaga eða félagssamtaka, sem að þessum málum vinna.

4. Að fylgjast með þróun og nútímaviðhorfum í vandamálum aldraðra og öryrkja í nágrannalöndum og kynna þau mál heima fyrir.

5. Að annast upplýsingastarfsemi og útgáfu leiðbeiningarita fyrir bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins og aðra um bótakerfi Tryggingastofnunarinnar og rétt einstaklinganna í kerfinu.

6. Að vinna með öðrum tiltækum ráðum að lausn þeirra vandamála, sem aldraðir og öryrkjar hafa við að stríða.

Þær ráðstafanir, sem felast í frv. því, sem hér er til umr., og í þeirri nýju starfsemi, sem fyrirhuguð er á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, eru mjög mikilvægar, en að minni hyggju þó aðeins upphaf á verkefni, sem á næstu árum hlýtur að verða æ umfangsmeira, en það er að tryggja öldruðu fólki eðlileg lífsskilyrði í þjóðfélagi okkar tíma. Í því sambandi er ástæða til að minnast þess, að öldruðu fólki fjölgar í sífellu hér á landi, ekki aðeins að tölu, heldur einnig hlutfallslega. Mig langar til að nefna nokkrar tölur um þessa þróun, en þær eru miðaðar við fjölda fólks yfir 65 ára aldri.

Árið 1950 var fjöldi fólks yfir 65 ára aldri 10 865 eða 7.6% af íbúatölunni. Árið 1960 var þessi tala 14 380 eða 8.2%. Árið 1970 var hún 18 199 eða 8.9%. Spá fyrir árið 1980 gerðir ráð fyrir tölunni 22 300 eða 9.5% og spá fyrir árið 1990 gerir ráð fyrir 26 500 eða 10%, og árið 2000 á þessi tala að vera komin upp í 30 600 samkv. spánni eða upp í 10.5%. Þannig er því spáð, að fjöldi fólks yfir 65 ára aldri þrefaldist á hálfri öld, en hlutfall þessa aldurshóps aukist úr 7.6% í 10.5%. Þetta hlutfall er og verður fram yfir næstu aldamót allmiklu lægra hér en í nálægum löndum. Við erum enn og verðum um skeið með hærra hlutfall af ungu fólki en flest þjóðfélög í þessum heimshluta. Engu að síður verða þau viðfangsefni, sem tengd eru öldruðu fólki, æ víðtækari og áleitnari hér ekki síður en annars staðar.

Afstaðan til aldraðs fólks hefur verið einkennilega tvíbent á undanförnum áratugum, ekki sízt í þeim þjóðfélögum, sem kenna sig við velferð. Lögð hefur verið áherzla á að efla heilbrigðisþjónustu og bæta lífsskilyrði fólks í þeim tilgangi, að það nái sem hæstum aldri. Á því sviði hefur mikill árangur náðst í sæmilega efnuðum þjóðfélögum. Hér á landi er meðalaldur karla t. a. m. kominn yfir 70 ár og meðalaldur kvenna yfir 75 ár, og það verður æ algengara, að fólk nái 80 eða 90 ára aldri. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að fólk á þessum aldri búi við batnandi kjör. Það hefur verið gert með lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, en við höfum á einu ári framkvæmt mjög stórfellda hækkun á þeim greiðslum til fólks, sem ekki hefur aðrar tekjur. Þá hafa lífeyrissjóðir sívaxandi hlutverki að gegna og sumir þeirra eru þess nú þegar

megnugir að tryggja hópum af öldruðu fólki næsta háar árstekjur. Vafalaust renna lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóðirnir á sínum tíma saman í eina heild, og vonandi sem fyrst, og tryggja öllu öldruðu fólki sómasamlega afkomu.

En á sama tíma og þannig er unnið að því að lengja líf manna, tryggja þeim sem bezta heilsu og sæmileg lífskjör, hefur verið lögð áherzla á það, að aldrað fólk hafi engu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi. Reglur eru um það, að opinberir starfsmenn geti hætt störfum 67 ára hér á landi og verði að hætta störfum sjötugir, og á svokölluðum frjálsum vinnumarkaði hefur verið sívaxandi áherzla lögð á það að bægja mönnum frá störfum, þegar þeir eru orðnir sjötugir. Jafnhliða þessu hafa á síðustu áratugum orðið miklar breytingar á gerð fjölskyldna. Áður var það almenn regla, að þrír eða fjórir ættliðir byggju saman á heimili, en nú verða fjölskyldurnar æ smærri, venjulega tveir ættliðir, meðan börnin eru ung, en síðan aðeins einn. Afleiðingin er sú, að aldrað fólk býr í sívaxandi mæli á heimilum eitt út af fyrir sig. Því hefur verið bægt af vinnustöðum sínum og það tekur æ minni þátt í almennum athöfnum samfélagsins. Það er áhorfendur, en ekki þátttakendur, eins konar utangarðsfólk. Og það er almennt viðhorf, að þetta sé eðlilegt og óhjákvæmilegt. Sem dæmi um það get ég nefnt viðhorf okkar stjórnmálamannanna. Það er mjög algengt fyrir kosningar, að flokkar hælist um yfir því, að þeir hafi svo og svo marga unga menn í kjöri, og telji það líklegt til kjörfylgis. Ég minnist þess hins vegar ekki að hafa séð stjórnmálaflokka hælast um yfir því, að þeir hafi í kjöri fulltrúa hinna öldruðu, og eru þeir þó nú þegar hátt í 20% kjósendahópsins og það hlutfall fer vaxandi.

Aldrað fólk hefur tekið þessari þróun af miklu langlundargeði og látið það yfir sig ganga að verða smátt og smátt að eins konar utangarðsfólki í þjóðfélaginu. Stundum er auðmýkt aldraða fólksins með hreinum ólíkindum. Ég rak mig m. a. á það í vor eftir þinglokin. Ég mætti þá á nokkrum fundum á Austfjörðum og Norðurlandi og ég hafði það fyrir reglu að spyrjast fyrir um það, hvar sem ég kom, hvort aldrað fólk og öryrkjar, sem rétt átti, væri búið að fá þá tekjutryggingu, sem kom til framkvæmda um síðustu áramót. Það kom í ljós, að ekki einn einasti maður á þessum svæðum hafði fengið þessar greiðslur og fjöldamargir höfðu enga hugmynd um, að þeir ættu rétt á þeim. Hér var að sjálfsögðu um að ræða ósæmilega og óafsakanlega vanrækslu hjá þeim embættismönnum, sem áttu að koma greiðslunum til skila. En það vakti ekki síður athygli mína, að ekki einn einasti maður hafði kvartað undan því að hafa ekki fengið lögákveðnar greiðslur, hvað þá gert ráðstafanir til þess að innheimta þær.

Mér er sem ég sjái okkur hin, hvernig við hefðum brugðizt við, ef við hefðum ekki fengið kaupið okkar greitt á réttum tíma. En aldrað fólk og öryrkjar, sem ekki hafði aðrar tekjur, það fólk, sem bjó við erfiðust kjör í þjóðfélaginu, sætti sig við það að vera dregið á kaupinu sínu mánuðum saman. Og ég veit ekki til þess, að neinn hafi borið fram þá eðlilegu kröfu að fá vexti af fé sínu þann tíma, sem embættismenn héldu því. Enn er það sjónarmið ríkjandi hér á landi, að lífeyrisgreiðslur af þessu tagi séu ekki réttur, heldur náð og miskunn og jafnvel góðgerðarstarfsemi einstakra stjórnmálamanna. Er raunar ekki laust við það, að a. m. k. einn stjórnmálaflokkur hér á landi hafi mjög reynt að halda þeim sjónarmiðum að fólki.

Ég minnist á þetta vegna þess, að ég tel slík viðhorf og slík vinnubrögð fráleit með öllu, en einnig vegna þess að ég er sannfærður um það, að þetta viðhorf á eftir að breytast mjög ört á næstunni, sem betur fer. Ég minntist á það áðan, að efnahagur aldraðs fólks mundi fara batnandi á næstunni, þegar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og greiðslur úr lífeyrissjóðum fara að falla saman í einn farveg. Og jafnhliða er ég sannfærður um það, að aldrað fólk gerir kröfur til aukins jafnréttis og aukinna áhrifa í þjóðfélaginu.

Við lifum á tímum, þegar kröfur um aukið lýðræði, jafnrétti og þátttöku í ákvörðunum, t. a. m. á vinnustöðum, fara sívaxandi. Æ fleiri hópar bera fram slíkar réttlætiskröfur. Við þekkjum til að mynda baráttu ungs fólks fyrir jafnrétti til menntunar, baráttu kvenna fyrir raunverulegu jafnrétti þegnanna án tillits til kynferðis, og ég er sannfærður um það, að við eigum eftir að kynnast hliðstæðri baráttu aldraðs fólks fyrir réttindum sínum. Við eigum eftir að sjá aldrað fólk mynda hagsmunasamtök, fara í kröfugöngur og mæta hér á þingpöllunum til þess að knýja alþm. til þess að veita vandamálum þess athygli og ljá kröfum þess eyra. Þess vegna held ég, að það sé mjög brýnt, að menn fari að gera sér skýrari grein en verið hefur fyrir vandamálum aldraðra og stöðu þeirra í nútímaþjóðfélögum. Í því sambandi langar mig að minnast á nokkrar grundvallarreglur, sem viða eru nú til umr. og ég tel, að taka verði mið af, þegar fjallað er um þessi mál.

Fyrsta meginreglan er réttur hvers einstaklings til að lifa eðlilegu lífi. Í því felst það, að hver einstaklingur verði að fá aðstöðu til að lifa og athafna sig í eins eðlilegu umhverfi og við eins eðlileg lífsskilyrði og kostur er á, þótt til þurfi að koma aðstoð í mynd heimilisþjónustu og annarrar umönnunar.

Önnur meginreglan er réttur hvers einstaklings til sjálfsákvörðunar. Rétturinn til að taka sjálfur ákvarðanir um eigin hagi er hverjum einstaklingi lífsnauðsyn. Sé gengið of nálægt þeim rétti, er hætta á, að einstaklingurinn glati sérkennum sínum og sjálfsvirðingu. Það verður að koma til móts við þarfir aldraðs fólks um öryggi og eðlilegt líf, án þess að gengið sé um of á sjálfstæði einstaklingsins og rétt hans til þess að taka ákvarðanir um eigin hagi. Það er ævinlega hætta á því, að ekki sé tekið tillit til þessara grundvallarréttinda manna á opinberum stofnunum. Einmitt þess vegna finnst mörgum heimilisaðstoð geðfelldari og réttari.

Þriðja meginreglan er réttur hvers einstaklings til áhrifa og þátttöku. Aldrað fólk hefur eins og allir aðrir þörf á og vilja til að hafa áhrif á umhverfi sitt og þjóðfélagið í heild. Þetta

er ein af grundvallarþörfum manna, löngunin til þátttöku og ábyrgðar. Í þessu sambandi ber að minnast þess, að aldrað fólk er sá þjóðfélagshópur, sem hefur persónulega raunhæfa reynslu af því, hvernig það er að eldast í þjóðfélagi okkar. Þetta er eini þjóðfélagshópurinn, sem hefur þessa reynslu. Aðrir hafa hana ekki, en mega flestir eiga von á henni síðar. Þessi reynsla er dýrmæt og hún hefur almennt gildi fyrir þjóðina alla, ekki sízt þegar þess er gætt, að aldrað fólk verður senn 1/10 hluti af íbúatölunni hér á Íslandi, eins og ég gat um áðan. Af þessum ástæðum tel ég það miklu máli skipta, ekki aðeins fyrir aldrað fólk, heldur einnig fyrir þjóðfélagið, að þessi þjóðfélagshópur bindist samtökum og beiti áhrifum sínum.

Fjórða atriðið, sem mig langar til að minnast á, er, að komið sé til móts við athafnaþrá aldraðs fólks. Við vitum það af reynslunni, að eigi einstaklingur að halda lifsþrótti sínum, þurfa þeir að geta fullnægt athafnaþrá sinni í eðlilegu, félagslegu umhverfi. Ég tel, að það sé allt of einhliða og neikvæð aðstaða, að fólk verði að hætta störfum, þegar það hefur náð vissum aldri. Jafnhliða slíkri reglu verður að opna möguleika á því, að aldrað fólk geti fengið nýjan starfsvettvang, ef það hefur þrek og löngun til þess. Hér held ég, að sé um stórmál að ræða, sem gefa verði sívaxandi gaum, ef við viljum tryggja þegnum þjóðfélagsins eðlilegt líf allt frá vöggu til grafar.

Ég hef minnzt á þessi almennu atriði hér, vegna þess að ég tel þau vera mjög veigamikil og eins til þess að setja þetta frv. um dvalarheimili aldraðra í rétt samhengi. Þótt ég telji ákvæði þessa frv. mjög til bóta, ef að lögum verða, vil ég um leið leggja áherzlu á hitt, að þau leysa aðeins lítinn hluta af vanda, sem verður æ stórfelldari og brýnni á ókomnum árum. Þótt við samþykkjum þetta frv., sem ég vona, að gerist á skömmum tíma, fáum við ekkert tilefni til sjálfsánægju, heldur þyrfti það að vera okkur hvatning til mun röggsamlegri athafna.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til heilbr.- og trn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er hér fram komið, og raunar yfir öðrum þeim aðgerðum hæstv. ríkisstj. í málefnum aldraðra, sem boðaðar hafa verið og að nokkru var getið í ítarlegri ræðu hæstv. ráðh. hérna áðan.

Á tveimur þingum á fyrra kjörtímabili flutt um við þrír þm. Austf., auk mín hv. 1. þm. kjördæmisins og núv. hæstv. sjútvrh., frv., sem gekk í sömu átt og þetta, um beina þátttöku ríkisins í byggingarkostnaði dvalarheimila aldraðra. Þessi frv. fengu engan hljómgrunn hjá þáv. þingmeirihl. Þau voru í bæði skiptin söltuð og lögð til hliðar. Við bentum á það, að þrátt fyrir mjög myndarlegar aðgerðir, einkum á nokkrum þéttbýlisstöðum, í málefnum aldraðra, þá væri enn þá mjög mikið óleyst á þessu sviði. Og við bentum á það, að alveg sérstaklega í dreifbýlinu, — þar sem menn höfðu ekki eins góða aðstöðu til að beita mætti félagssamtaka eða þá einkaframtaki, eins og við þekkjum af þessum vettvangi, — alveg sérstaklega á þeim slóðum væri margt ógert í þessum efnum. Þrátt fyrir þetta, — og raunar mótmælti enginn þessu, þegar við flutt um fram okkar rök, — var frv. saltað.

Það er áreiðanlega fyllilega tímabært að taka þessi mál nú föstum tökum. Þessi mál, einmitt þetta, að ríkið styddi byggingu dvalarheimila aldraðra, voru tekin upp í stjórnarsáttmálann. Það mun tafarlaust hafa verið hafinn undirbúningur að þessu og málið var raunar flutt á fyrsta þingi til þess að kynna það, svo að mönnum gæfist kostur á að hafa það til meðferðar í sumar, og nú er það endurflutt. Án þess að ég ætli nokkuð að fara að ræða almennt um þessi mál, þá vil ég alveg sérstaklega taka undir þau ummæli hæstv. ráðh., sem lutu að því, hversu mjög er áfátt í þeim efnum, að aldraðir geri sér grein fyrir þeim rétti, sem þeir þó eiga í ýmsum tilvikum og alveg sérstaklega í sambandi við almannatryggingar, og fái notið hans. Það er áreiðanlega brýn þörf á því að ganga betur til verks en gert hefur verið hvað það snertir að kynna þennan rétt fyrir öldruðum og greiða fyrir því, að þeir fái notið hans, eða almennt að kynna þann rétt, sem þeir eiga í þjóðfélaginu, og ekki sízt hinn tryggingalega. Ég kannast við alveg nákvæmlega sömu viðhorfin í þessum efnum — og á líkum slóðum raunar — og hæstv. ráðh. vék að hérna áðan. Þetta ætti í rauninni ekki að þurfa að vera svona, því að í tryggingalöggjöfinni hafa verið og eru e. t. v. enn skýrari ákvæði nú en áður um það, að starfsmenn Tryggingastofnunarinnar beri skylda til þess að kynna þessi atriði fyrir þeim, sem hlut eiga að máli.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. að öðru leyti en því, að ég vildi beina einni fsp. til hæstv. ráðh., spyrjast fyrir um það, hver verði staða þeirra dvalarheimila, sem nú eru í byggingu, samkv. frv. þessu, ef að lögum verður. Mér virðist það kannske ekki koma fyllilega fram í því. Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst þetta nú, en meðan þetta liggur kannske ekki alveg ljóst fyrir, þá sýnist mér, að það hljóti að verða að athugast í viðkomandi þn., því að vitanlega er nauðsynlegt, að það fari ekkert á milli mála í þeim efnum, hver sé staða þeirra dvalarheimila, sem nú eru í byggingu, varðandi þann stuðning, sem frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður veiti við byggingu dvalarheimila aldraðra.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv., sem hér er til umr. og tel það vel farið, ef það næði fram að ganga. Í öðru lagi langar mig að taka undir orð hæstv. ráðh. varðandi það að koma betra horfi á vinnuskilyrði eða vinnumöguleika aldraðs fólks. Þetta hygg ég, að sé, eins og hann réttilega tók fram, eitt af þeim málum, sem mestu skiptir aldrað fólk nú til dags.

Annars langaði mig að gera þessi mál ofurlítið almennt að umræðuefni, þó að ég skuli

reyna að vera eins stuttorður og ég framast get.

Það hefur komið í minn hlut að skipta mér nokkuð af málefnum aldraðra, sérstaklega í sambandi við elliheimili norður á Akureyri, og mér hefur orðið æ ljósara, að það þarf að vinna að þessum málum á margan hátt: Í fyrsta lagi það, sem ráðh. nefndi hér áðan, aðstoð á heimilunum og óvíða er gert að nokkru ráði nema helzt hér á höfuðborgarsvæðinu, eftir því sem ég veit bezt. Í öðru lagi væri mikil nauðsyn á, að það væru til svokölluð dagvistarheimili fyrir aldrað fólk, því að í æ ríkara mæli háttar nú þannig til, að þó að hægt sé að búa öldruðu fólki góða vist á heimilum, þá dvelur það aleitt yfir daginn, vegna þess að allir, sem annars eru heimilismenn, eru úti í starfi. Þetta hefur orðið í æ ríkara mæli, eftir því sem húsmóðirin á hverju heimili vinnur meira og meira úti.

Í þriðja lagi þarf svo að bæta skilyrði þeirra elliheimila eða dvalarheimila, sem fólkið býr á allan sólarhringinn, og skilyrðin þar þarf að bæta frá því, sem nú er, og auðvelda sveitarfélögum að koma þeim upp, og einmitt í þá áttina gengur þetta frv.

En í fjórða lagi kemur svo alltaf að því, þegar fólk hefur komið inn á slík dvalarheimili, að rekur að því innan tíðar, að gamla fólkið þarf þaðan og á sjúkraheimili, sem er þó allt of dýrt, ef um er að ræða beinlínis sjúkrahús, eins og algengast er í dag. Það vantar sem sagt mjög tilfinnanlega heimili fyrir gamalt fólk, sem ekki þjáist af neinu sérstöku, en þarf hjúkrunar- og læknisumönnunar við daglega. Á Akureyri eru mikil þrengsli við sjúkrahúsið, svokallað Fjórðungssjúkrahús, og hefur orðið að taka þar, má ég segja, svo til alveg eina hæðina undir gamalt fólk, sem þar dvelur og ekki þarf sérstakra lækninga við, en þarf alltaf að vera undir hjúkrun og læknishendi. Ríkið og sjúkrasamlög verða þarna að greiða há daggjöld, af því að þetta er viðurkennt sjúkrahús, en vafalaust gæti þjóðfélagið komizt af með ódýrara vistrúm fyrir þetta fólk og jafngott, ef allar aðstæður væru athugaðar út frá þessu sjónarmiði. Sama gildir um Kristneshælið. Þar er að verða mjög áskipað af öldruðum hjúkrunarsjúklingum, sem þurfa hjúkrunar og umönnunar við, og má segja, að þeir taki upp vistrúm, dýrt vistrúm, fyrir fólki, sem annars gæti notið þess og þyrfti frekar á því að halda vegna timabundinnar læknisumsjár.

En ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var ekki sízt þetta, sem ráðh. var að benda á. Það er þetta, að þjóðfélag eins og okkar, þar sem brýn þörf er á svo til hverri vinnandi hönd, má alls ekki við því að dæma svo stóran hóp þjóðfélagsþegnanna úr leik eins og við í raun og veru erum að gera með því fyrirkomulagi, sem er í dag, þegar við segjum: Gerðu svo vel, þú ert orðinn 67 ára eða kannske sjötugur. Við höfum ekki verkefni fyrir þig. — Margt af þessu fólki er í fullu fjöri og þjáist svo árum skiptir af því að fá ekki að vinna. Þetta er atriði, sem þjóðfélagið þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég styð heils hugar þetta frv., sem hér liggur fyrir og er til 1. umr., og ég get jafnframt tekið undir flest eða allt það, sem hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu. Ég var mjög ánægður með að heyra, hvaða skoðanir hann hefur á þessum málum. Það er enginn vafi á því, að það þarf að verða gagnger breyting í þessu þjóðfélagi á afstöðunni til aldraða fólksins. Og við verðum mjög fljótlega, að ég hygg, að gera einhverjar breytingar á því fyrirkomulagi, sem nú er, að við vikjum fólki frá störfum á vissum degi, þegar það hefur náð vissu aldurstakmarki. Þá er því kastað eins og ónýtum hlut út á sorphaug. Þetta getum við ekki leyft okkur til lengdar. Við verðum að leyfa þeim, sem fulla starfskrafta hafa og góða heilsu, að halda áfram störfum.

Það er ekki lengra síðan en í morgun, að ég hitti hér á götunni aldraðan mann, kunningja minn á áttræðisaldri, beinan og sterkan í hreyfingum, og hann sagði: Ég varð að hætta minum störfum fyrir 5 árum. En ég var svo gæfusamur, að mér tókst að fá atvinnu, þar sem ég get haft samband við fólk og starfað með fullum afköstum. Og ég er sannfærður um það, sagði hann, að ef ég hefði ekki orðið fyrir þessu happi, þá væri ég ekki svona beinn og stæltur í dag. — Og ég er sammála því. Ég er sannfærður um það, að fjöldi manna, ég tala nú ekki um embættismenn, eru margir hverjir fljótir að missa alla starfsgetu, eftir að þeir hafa verið settir út úr sínum embættum. En sumir eru svo heppnir núna, að þeir komast í störf, t. d. eins og aldraðir læknar. Ég þekki dæmi um það, að læknar, sem hafa orðið að hætta 70 ára að aldri í fullu fjöri, hafa fengið sér læknisstörf einhvers staðar úti á landi. Ég þekki einn slíkan persónulega. Ég get líka sagt, að þjóðkunnur klerkur, sem er hættur störfum nýlega, er nú búinn að fá sér nýtt prestakall til þess að geta haldið áfram störfum og notið krafta sinna og látið aðra njóta þeirra með sér. Við hljótum að verða að taka tillit til þessa, að það eru orðin skilyrði til þess að vernda heilsuna og starfsþrekið miklu lengur nú heldur en áður var. Þar koma til bæði læknavísindin og bættur hagur manna og meiri velliðan en áður var. Þessum skoðunum minum vildi ég koma að í sambandi við þetta frv. og taka undir það, sem hæstv. heilbrh. sagði um þessi mál.

Ég verð að segja það, að mín skoðun er sú, að það sé mjög hæpið að hrúga saman mjög mörgum tugum eða hundruðum manna á gamalmennahælum, og það sé miklu skynsamlegra að reyna að byggja þessi hæli víðar um landið og þau séu ekki setin af hundruðum manna. Ég hef nokkrum sinnum heimsótt aldrað fólk, sem býr á slíkum hælum og ég verð að segja það, að það hefur ekki orðið til þess að auka álit mitt á þessu fyrirkomulagi. Ég held, að lífið lengist jafnvel og þrekið endist betur með því, að aldrað fólk fái sem allra lengst að taka þátt í störfunum, eins og ég sagði áðan, og starfa með yngra fólki.

Eitt af því, sem ég hef lengi haft áhuga fyrir, er það, að eitthvað yrði greitt fyrir því, að

aldrað fólk úti í sveitunum gæti sem lengst verið kyrrt á sínum heimilum þar. Og fyrir mörgum árum flutti ég þáltill. um það efni hér á hinu háa Alþ., sem var samþ., en ég hef ekki séð, að það bólaði neitt á framkvæmdum í þessu efni. Ég skal viðurkenna, að það er erfitt að leysa þau mál, þannig að að verulegu gagni komi, og allra sízt er hægt að búast við, að það verði gert í flýti. En mér fyndist, að það mætti fara að gera tilraunir með það, reyna að koma upp einhverri aðstöðu í sem flestum sveitarfélögum, þar sem gamalt fólk, sem hefði enn þá starfsþrek, gæti átt heimili nálægt sínu fyrra heimili og komið þar til starfa, þegar eitthvað lægi við, eða jafnvel væri daglega hægt að flytja það á milli, svo að það gæti þar eitthvað starfað. Samgöngur eru nú orðnar víðast það góðar, a. m. k. meginhluta ársins, að þetta ætti að vera mögulegt. Og það mundi muna mikið um þessa starfskrafta fyrir dreifbýlið og það mundi létta á þeim gamalmennahælum og elliheimilum, sem hafa verið byggð, ef eitthvað í þessa átt væri gert.

Þá vildi ég koma aðeins að því atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á í sambandi við réttindi aldraðra til ýmiss konar bóta, að ég veit og er vel kunnugt um, að það er fjöldi aldraðra, sem ekki hefur vitað um þau réttindi, sem þeir hafa til bóta frá almannatryggingunum. Og sama er að segja raunar um fjöldamargt annað fólk. Það þarf ekki aldraða til. Nýlega hafa verið gerðar breytingar á almannatryggingal., t. d. í sambandi við rétt húsmæðra til sjúkradagpeninga o. fl., og mér er kunnugt um það, að fjöldi húsmæðra hefur ekki haft hugmynd um þessi réttindi. Ég hef sjálfur komizt í það núna á síðasta misseri að leiðbeina þó nokkrum slíkum konum um sinn rétt, sem þær höfðu ekki hugmynd um. Og viðkomandi sjúkrahús eða læknir, sem þær höfðu haft samband við og leitað til, höfðu ekki leiðbeint þeim á þessu sviði. Mér finnst sannarlega, að það þyrfti að gera læknum það að skyldu, að þeir settu sig vel inn í þessi mál og leiðbeindu sjúklingum sínum um það, hvaða réttindi þeir hafi eða eigi að njóta, svo að þeir gætu leitað þeirra. Ég vildi leggja áherzlu á þetta einmitt nú í sambandi við umr. um þetta málefni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. ræddi hér vítt og breitt um málefni aldraðra og gaf tilefni til þess, að hv. dm. tækju hér þátt í umr. um þau efni. Mér fannst rétt að gera það í framhaldi af því, sem hæstv. ráðh. sagði.

Ég get tekið undir margt af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér um aldraða í þjóðfélaginu og um fyrirkomulag á fyrirgreiðslu við aldraða fólkið. Þegar hæstv. ráðh. var að tala um athafnaþrá einstaklinga og sjálfsákvörðunarrétt þeirra, þá talaði hann eins og út úr mínu hjarta. Ég tek mjög undir þann kafla í ræðu hæstv. ráðh., þegar hann var að ræða þau málefni.

Ég vil vekja athygli á einu í sambandi við þetta mál, að aðdragandi þess er nokkuð lengri en kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Á sínum tíma var sett á laggir n., sem Eggert G. Þorsteinsson skipaði, og hún fjallaði um þetta mál, en í n. var bætt mönnum, sem hæstv. núv. ráðh. setti þar inn, og n. þannig skipuð hefur undirbúið þetta frv., að því er mér er tjáð. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram, þannig að hér kæmi það sanna í ljós, hvernig þetta mál ber að hér í hv. Alþ.

Ég verð á hinn bóginn að lýsa undrun minni yfir því, þegar hæstv. ráðh. lætur hér að því liggja, að það sé til stjórnmálaflokkur hér á Íslandi, sem líti svo á, að það sé nánast ölmusa, þegar aldrað fólk fær bætur úr almannatryggingum. Ég veit ekkert, hvaðan hæstv. ráðh. hefur slíkar hugleiðingar. Ég vænti þess, að hann reyni að færa þeim orðum sínum nánar stað. Eins verð ég að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. ráðh. talar um ósæmilega framkomu embættismanna í sambandi við greiðslur á bótum almannatryggingga til aldraðra og öryrkja. Það er a. m. k. afar undanlegur háttur, að ráðh. ákveðins málefnaflokks talar um, að embættismenn, sem vinna undir hans stjórn, komi ósæmilega fram við fólk. Það finnst mér ákaflega undarleg fullyrðing af hálfu ráðh. Ég er honum sammála um það, að embættismennirnir gætu gengið betur fram í því að kynna fólki, hvaða rétt það hefur. Ég er honum algerlega sammála í þeim efnum. En það þarf þá líka að vera skýrt frá hálfu þeirra, sem stjórna landinu, hvernig embættismennirnir eiga að haga sér og hverju þeir eiga að skýra fólki frá. Í því sambandi vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort það hafi legið strax fyrir, þegar síðustu lög um almannatryggingar voru samþ. hér á Alþ. og gengu í gildi, hvernig framfylgja skyldi t. d. tekjutryggingarákvæðinu. Mér er ekki grunlaust um það, að embættismenn, a. m. k. víða úti um land, — ég hef af því persónuleg kynni, — vissu alls ekki, hvernig bæri að framfylgja þessu ákvæði, og sögðust ekki hafa um það nægilega skýr fyrirmæli frá Tryggingastofnuninni og rn. hæstv. ráðh.

Annars, eins og ég sagði áðan, get ég tekið undir margt af því, sem hér hefur komið fram í þessu efni, og ég veit, að það er góður vilji, sem er á bak við að flytja þetta frv., enda hefur það verið vel undirbúið, og ég vænti þess, að því verði vel tekið hér í þingsölum.

En fyrst ég er kominn hér í ræðustól, þá vil ég aðeins minna á eitt atriði, sem mér hefur verið hugleikið, og það er framkvæmd tekjutryggingarákvæðisins. Mér hefur virzt, og hæstv. ráðh. hefur tekið undir þá skoðun hér í þingsölum, að þetta ákvæði sé nokkuð gallað, m. a. með tilliti til þess, að það skerðir bætur viðkomandi aðila í almannatryggingakerfinu, ef hann leggur fram vinnuframlag sitt til þjóðfélagsins. Þarna er um að ræða galla, sem e. t. v. er erfitt að sníða af, en ég held, að ég megi fullyrða, að við séum sammála um það, hæstv. ráðh. og ég, að hér sé um galla að ræða, og hann viðhafði þau orð einhvern tíma á síðasta þingi, að hann mundi beita sér fyrir því að leita að lausn á þessu vandamáli. Nú vildi ég gjarnan spyrja hann, hvort þetta hefur verið nánar athugað og hvort hægt sé að vænta þess, að till. um þetta liggi fyrir innan skamms.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér hefur margt skynsamlegt verið sagt um málefni aldraðs fólks. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. En þannig vill til, að núna fyrir fáeinum mínútum fékk ég boð um það að koma og tala við kunningja minn aldraðan vestan af Snæfellsnesi. Maður þessi er að verða 65 ára gamall, en illa farinn eftir langan vinnudag, heilsufarslega séð, og læknirinn hefur bannað honum að vinna nema 4 tíma á dag. Það gæti hann nú sennilega, ef honum stæði til boða „eðlileg vinna", eins og hann segir. En það, sem honum stendur til boða, er að vinna við skelina þarna fyrir vestan og þar er um að ræða akkorð, eins og víða er orðið í sambandi við fiskverkun, þar er komið akkorðs- og bónuskerfi. Þetta er eitt af því, sem kemur hart niður á öldruðu fólki og er einn þáttur þjóðlífsins, þar sem ómannúðlegt viðhorf þjóðfélagsins í keppninni um peninga bitnar æðihart á gömlu fólki ekki hvað sízt og einnig því fólki, sem er lasburða. Ég vek aðeins máls á þessu hér, vegna þess að þetta snertir málefni gamla fólksins, og ég álít, að þetta kerfi, þetta keppniskerfi á vinnumarkaðinum, þar sem hinn ungi og friski hlýtur alltaf að koma út með mestar tekjurnar, en hinn lasni og aldraði ber skarðan hlut frá borði, ef hann þá getur yfirleitt tekið þátt í keppninni, — þetta kerfi verður að takast til athugunar og breytast til mannúðlegra hátta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls mins lýsa eindregnum stuðningi við það frv., sem hér er til umr., og ég get í flestum tilfellum tekið undir orð hæstv. heilbrh., sem hann hafði hér í framsögu fyrir þessu máli. Ég vildi þó aðeins vekja athygli á því, að það er mín skoðun, að dvalarheimili fyrir aldraða ættu að rísa sem víðast og þá smærri, því að það er stórt átak fyrir gamalt fólk að rífa sig upp frá sínum heimahögum og fara á aðra staði. Það er ekki síður stórt átak heldur en hitt að verða að hverfa af vinnumarkaðinum. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri.

Í sambandi við það, sem hér hefur verið rætt um, að það væri misbrestur á því, að embættismenn kæmu á framfæri þeim upplýsingum, sem þeir ættu að gera varðandi þessa bótaþega og rétt þeirra, þá held ég persónulega, að það sé æðimikill misbrestur á, að þetta sé gert. Ég veit dæmi þess, þó að ég nefni það ekki hér, en ég er hræddur um, að það sé æðimikill misbrestur á því, að bótaþegar almennt, ekki bara gamalt fólk, heldur almennt, viti raunverulega, hver réttur þeirra er í þjóðfélaginu til tryggingabóta. Með lögum, sem afgreidd voru hér frá Alþ. á síðasta þingi um breytingu á tryggingalöggjöfinni, almannatryggingal., þá var sett skýrt ákvæði í lög um, að það væri skýlaust, að embættismenn ættu að upplýsa viðkomandi aðila um rétt hans til bóta. Ég veit ekki, hvort eða á hvern hátt hægt er að fylgjast með framkvæmdum á þessu. En ég vildi gjarnan beina því til hæstv. ráðh., hvort hann gæti upplýst eitthvað um það, hvort eftirlit sé haft með slíku og hvort þetta hafi þá batnað með tilkomu þeirrar breytingar, sem þarna var gerð, ef hann gæti eitthvað um það sagt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. liggur nú hér fyrir til umr. og menn lýsa hver af öðrum stuðningi við það. Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni yfir þeim almennu stefnuorðum, sem komu fram í ræðu hæstv. trmrh. um málefni aldraðs fólks. Þau voru eins og lesin upp úr kosningaræðu sjálfstæðismanns. En hvað skeður fyrir næstu kosningar, hvort hann kemst undireins í aðra eins aðstöðu hjá okkur eins og hann er í núna hjá sínum flokki, það er ég kannske ekki alveg viss um. Maður veit þó aldrei, ef dugnaðarmenn eru einlægir í sínum hugsjónamálum.

Framan af ræðu hæstv. ráðh. saknaði ég þess nokkuð, að rætt væri um, að lausn á vandamálum aldraðra væri fólgin í öðru en svokölluðum vistunarmálum. Ég hugsaði einmitt: Skyldi ekki hæstv. ráðh. koma að því, hve mismunandi hið aldraða fólk er, rétt eins og við hin? Það er margt aldrað fólk, sem vill helzt ekki, — með allri virðingu fyrir þeim góðu stofnunum, dvalarheimilum aldraðra, — búa innan um aldrað fólk. Því finnst einfaldlega miklu skemmtilegra að vera með yngra fólki og vill fá að stunda sín störf svo lengi sem það getur. Þetta aldraða fólk auðgar líka anda okkar, sem yngri erum, og barnanna með því að flytja alveg frá fyrstu hendi reynslu og þekkingu liðinna kynslóða til okkar hinna. Og þetta er einmitt það, sem hið breytta heimilisform hefur í för með sér og kalla má, að sakna megi frá fyrri tíð. Ég held einmitt, að ýmsar ráðstafanir hins opinbera til þess að gera öldruðu fólki kleift að vera sem lengst heima hjá sér geti fært okkur aftur það, sem saknað verður núna af þessu tagi.

Í þessu sambandi ræddi hv. 2. þm. Sunnl. um hugleiðingar sínar og till. frá fyrri tíð um það, að gera þyrfti ráðstafanir til að gera öldruðu fólki fært að vera heima hjá sér í eðlilegu umhverfi sem lengst. Kvaðst hann ekki hafa orðið var við, að neitt hefði verið aðhafzt í þessa átt, neitt gerzt, sem frekar gerði öldruðu fólki úti um sveitir fært að lifa þesháttar lífi í ellinni. Ég vil vekja athygli hv. þm. á lögum um heimilishjálp í viðlögum, sem sett voru árið 1952, og breytt var með lögum frá 22. apríl 1963, þar sem segir, að samkv. lögum þessum megi starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þar um. Það kann að vera, að ýmsum sveitarsjóðum vaxi í augum umbrot við að koma slíkri heimilishjálp á, en tekið er fram í þessum lögum, að sveitarstjórn geti í umdæmi sínu falið sérstakri n. eða félagi eða einhverjum öðrum aðila að annast slíka heimilishjálp. Lög þessi kveða á um, að ríkissjóður endurgreiði ⅓ af hallanum, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af þessari starfsemi. Á það má einnig benda, að í tryggingal. er ákvæði, eins og kunnugt er, um uppbót vegna mikils kostnaðar elli- eða örorkulífeyrisþega, sem dvelst í heimahúsum, t. d. vegna heimilishjálpar eða hjúkrunar á heimili, þannig að ég sé ekki betur en ef verulegur vilji er fyrir hendi, þá megi starfrækja slíka heimilishjálp allt að því án kostnaðar fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Á undanförnum árum hafa ýmsir undrazt það, af hverju slík heimilishjálp hefur ekki verið starfrækt miklu víðar um land heldur en raun er á. Eins og við vitum, hefur verið unnið mikið átak á þessu sviði í Reykjavík og hefur gert ómetanlegt gagn öldruðu fólki hér í borg. Svo þyrfti sannarlega að vera víðar um landið. N. um velferðarmál aldraðra, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan og skipuð var af fyrrv. félmrh., Eggert G. Þorsteinssyni, gerði sérstaka athugun á þessu máli. Hún skrifaði öllum sveitarstjórnum á landinu og spurðist fyrir um það, að hve miklu leyti þessi lagaheimild væri notuð til að starfrækja heimilishjálp, og ef hún væri ekki notuð, þá hvers vegna. Og það undarlega kom í ljós, að fjölmörgum sveitarstjórnum á landinu var ekki kunnugt um þetta lagaákvæði. Nú veit ég ekki, hvort reynt hefur verið víða að fara út í að framkvæma þessi ákvæði til hjálpar öldruðu fólki, sem dvelst í heimahúsum, eftir þetta, en eitthvað mun hafa verið um það. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á þessu og sérstaklega utanbæjarþingmanna, því að ég tel fullkomna ástæðu til að láta berast til sem flestra sveitarstjórna, að þetta lagaákvæði getur gert stórmikið gagn, ef það er notað.

Loks vildi ég fara örfáum orðum um upplýsingadeild Tryggingastofnunar, sem hæstv. ráðh. nefndi hér áðan. Ég mun ekki tjá mig sérstaklega um það í einstökum atriðum, þar sem það mál er til meðferðar hjá tryggingaráði, en ég vildi aðeins taka undir þau orð, sem hér komu fram áðan, að það er ekki vítaverð embættisvanræksla hjá umboðsmönnum trygginganna úti á landi, þó að eitthvað hafi dregizt að greiða tekjutryggingu þá, sem kveðið var á um í lögum hér um s. l. áramót og raunar einnig í lögum, sem samþ. voru seinast á valdaferli viðreisnarstjórnarinnar. Reglugerð um þetta atriði var tilbúin síðari hluta janúarmánaðar, og þótt hún væri tilbúin, þá var eftir ýmislegt annað. Á starfsmönnum trygginganna hvíldi sú skylda að afla upplýsinga um efnahag lífeyrisþeganna. Afla þurfti skattskýrslna frá skattstofum, og sinn tíma tók að fá þær afgreiddar. Ég tek ekki að mér að verja að öllu leyti þann drátt, sem víða varð á þessu, en að einhverju leyti má skrifa sök þessa á reikning annarra en umboðsmannanna sjálfra.

Þá vek ég einnig athygli á því, að svo ágætt sem það er, að sem mest upplýsingastarfsemi um rétt bótaþeganna fari fram innan Tryggingastofnunarinnar sjálfrar, e. t. v. með stofnun sérstakrar deildar, er hitt skýrt og ótvírætt í lögum, að sú skylda hvílir á starfsmönnum trygginganna að upplýsa fólk um bótarétt þess. Ég skal láta ósagt um það, hvort það þarf að vera sérstök deild eða sérstakur starfsmaður til stjórnar á upplýsingastarfi. Skiljanlega getur það verið tafsamt í fjölmennu umdæmi eins og t. d. hér í Reykjavík, ef kanna á nákvæmlega hag hvers og eins, um leið og hann kemur að afgreiðsluborðinu. En til eru fleiri form heldur en það að afgreiða þessar upplýsingar svona einfaldlega yfir borðið, um leið og bæturnar eru sóttar. Ég vil sérstaklega benda á og hvetja til, að gefnir verði út bæklingar, sem sendir verði heim til þeirra hópa fólks, sem bótarétt eiga á þessu og þessu sviði trygginganna. Sérstaklega er þetta einfalt, má segja, varðandi þá, sem komast á ellilífeyrisaldur. Ég hef séð í öðru landi slíkan bækling, sem fólk fékk 67 ára gamalt. Lífeyrisaldurinn, var bókarheitið og undirtitill: Hvaða rétt á ég? Í þessum litla bæklingi fólust mjög einfaldar og glöggar upplýsingar um, hvaða úrræði voru fyrir hendi fyrir þann, sem komst á elli aldur, bæði á sviði trygginganna og af hálfu hins opinbera yfirleitt. Á þetta mikilvæga atriði í þessu sambandi vildi ég benda, þegar hugleitt er að stofna slíka upplýsingadeild eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. gerði hér ítarlega grein fyrir frv. til l. um dvalarheimili aldraðra, flutti ítarlega og ágæta ræðu um það efni, og get ég tekið undir mjög margt og flest af því, sem hann sagði. Margt af því, sem hann sagði, hefur að vísu margoft verið sagt áður, en er eigi að síður gott og rétt. Þar af leiðandi get ég lýst stuðningi mínum við þetta frv. Ef þetta verður samþ., verður auðveldara en áður að reisa dvalarheimili, þó að það hafi verið gert, áður en slík hreyfing komst á þetta mál.

En í ræðu sinni vék hæstv. ráðh. nokkuð að umboðsmönnum trygginganna, sem ég get ekki látið ósvarað eða látið hjá líða að gera nokkrar aths. við. Ég hef nú verið umboðsmaður trygginganna í 17 ár, svo að ég ætti að vera dálítið kunnugur þessum málum, a. m. k. í mínum umdæmum. Ég hef ekki orðið var við annað en allan þann tíma hafi verið reynt að dreifa upplýsingum til almennings, og sem betur fer get ég lýst því yfir með góðri samvizku, að mér hefur fundizt ríkja gagnkvæmt traust bæði milli umboðsmanns trygginganna og bótaþega og einnig og ekki síður milli umboðsmanna og Tryggingastofnunar ríkisins. Það hefur ríkt mjög gott og traust og náið samstarf á milli þessara aðila, að ég held. En í máli sínu greindi hæstv. ráðh. frá ferð sinni norður og austur í maí s. l. og ræddi þar um óafsakanlega og ósæmilega framkomu nokkurra embættismanna, sem væntanlega eru umboðsmenn trygginganna á þessu svæði, og brá þeim í raun og veru um fjárdrátt eða að halda fé, sem þeir ættu að vera búnir að greiða til bótaþega. Enda þótt ég sé ekki kunnugur á Norður- og Austurlandi að þessu leyti, þá finnst mér þetta nokkuð mikið tekið upp í sig, að löðrunga hóp fjarverandi manna svona í einu lagi. Mér finnst því fara vel á því, að svo vill til, að aðalfundur Dómarafélags Íslands verður haldinn snemma í næsta mánuði. Þá verður þessum umboðsmönnum að sjálfsögðu skýrt frá þessum ummælum hæstv. ráðh., svo að þeir fái þá tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér og fjalla að öðru leyti um þessi mál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, fyrir mjög jákvæðar undirtektir við það frv., sem ég hef mælt hér fyrir, og raunar undirtektir

við ýmsar þær meginhugmyndir, sem ég gerði grein fyrir að því er varðar stöðu aldraðs fólks í þjóðfélaginu. Samt þótti mér heldur miður, að nokkrir hv. þm. gátu ekki um þetta mál fjallað frekar en vandamál geðsjúklinga í gær án þess að blanda inn í það næsta lágkúrulegum flokkspólitískum sjónarmiðum. Ég taldi ekki rétt að víkja að þeim málum í gær, en þegar þetta gerist dag eftir dag, verður ekki hjá því komizt.

Því var haldið fram í gær, að í málefnum geðsjúklinga væri núv. ríkisstj. ekkert annað að gera en það, sem fyrrv. ríkisstj. hefði unnið að og gert samþykktir um endalaust. Vitnað var í það, hvað sagt hefði verið 1967 og ég man ekki hvenær og hvenær. En staðreyndin er sú í sambandi við málefni geðsjúklinga, að það gerðist sama og ekki neitt í þeim málum í tíð fyrrv. ríkisstj. Það er ósköp auðvelt að hafa uppi falleg orð, en það verður að dæma menn á verkum þeirra, ekki sízt menn, sem komust í þá ákjósanlegu aðstöðu að vera í valdastólum í meira en áratug og áttu því að hafa möguleika á því að framkvæma það, sem þeir töluðu um fögrum orðum. Ég minnist þess ákaflega vel, að ég flutti á tveimur þingum, áður en núv. ríkisstj. var mynduð, till. um breytingu á fjárlagafrv. þess efnis, að lagt yrði fram fé til að hefja undirbúning að byggingu geðdeildar við Landsspítalann í Reykjavík. En þessar till. voru strádrepnar af þm. Sjálfstfl. og Alþfl. Í því birtust þeirra verk. Það er ekki fyrr en núv. ríkisstj. kemur, að farið er að hreyfa við þessum málum, að farið er að framkvæma þessa hluti. Og þá kann ég dálítið illa við, að þessir menn, sem hafa í verki staðið öndverðir í meira en áratug, komi hér upp og þykist vera að reka á eftir framkvæmdum. Mér þykir líka dálítið undarlegt að heyra það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um dvalarheimili aldraðra, sé einhver afleiðing af því, sem fyrrv. ríkisstj. hafi gert eða einhver n., sem fyrrv. félmrh., Eggert G. Þorsteinsson, hafi skipað. Það hafa verið flutt fjölmörg frv. hér á þingi um ríkisframlög til dvalarheimila aldraðra, en þau hafa jafnharðan verið felld af þm. Sjálfstfl. og Alþfl. Það er ekki fyrr en nú, að það liggur fyrir stjfrv. um það, að ríkið leggi fram fé til slíkra framkvæmda. Þetta er munurinn á orðum og athöfnum. Og eftir verkunum verða menn dæmdir, en ekki því, þótt þeir kunni að hafa komið saman einhverjum fallegum orðum einhvern tíma.

Það var sagt, að ég hefði farið rangt með, hvernig þetta frv. hefði orðið til. Það gerði ég ekki. (**Gripið fram í:** Það var ekki sagt.) Hv. þm. Lárus Jónsson sagði, að hann vildi, að hið sanna kæmi í ljós, eins og það hefði ekki verið gert í mínum orðum. Þessi n., velferðarnefnd aldraðra, var starfandi, þegar ég tók við sem ráðh., og ég sá ekki ástæðu til þess að skipa neina nýja n. til að semja þetta frv. En það var ég, sem fól n. að semja frv. um dvalarstofnanir aldraðra. Það hafði ekki verið gert áður.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði, að ræðan, sem ég flutti hér áðan, hefði verið eins og lesin upp úr kosningaræðum sjálfstæðismanna, og hv. þm. Lárus Jónsson talaði um, að hann væri ákaflega ánægður yfir því, sem ég hefði sagt hér um framtak og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins (**LárJ:** Athafnaþrá.) og athafnaþrá. Nú er það svo, að ég hef ákaflega mikið aðrar hugmyndir en hv. þm. Lárus Jónsson og aðrir forustumenn Sjálfstfl. um framtak og athafnaþrá og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Þegar ráðamenn Sjálfstfl. tala um framtak einstaklingsins, þá vita allir, hvað í því felst. Það er rétturinn til þess að græða, til þess að stofna fyrirtæki, til þess að safna arði á vinnu annarra. Það er þetta, sem alltaf felst í orðum þeirra um framtak einstaklingssins, og þegar komið er með félagsleg sjónarmið, þá er alltaf sagt: Það er verið að skerða framtak einstaklingsins. En þessi tegund af framtaki eykur ekki almennt frelsi þegnanna. Hún eykur frelsi forréttindamanna á kostnað alls almennings. Ég er á móti slíku framtaki. Ég tel, að athafnaþrá einstaklingsins eigi að vera réttur allra manna, og það er einmitt á þeim forsendum, sem ég var með bollaleggingar mínar um það, hvernig við ættum að skipa þessu þjóðfélagi þannig, að aldrað fólk nyti þar sama réttar og aðrir. Það verður ekki gert á neinum gróðaforsendum. Og ég vil minna á það, að það var einmitt fyrir tilstilli ágætra manna úr Sjálfstfl., að unnið hefur verið að því að koma hér upp á Íslandi mjög stórum heimilum fyrir aldrað fólk. Ég er ekki að segja, að það hafi verið gert af illum vilja, síður en svo. Það hefur áreiðanlega verið gert af góðum vilja. En engu að síður er ég þeirrar skoðunar, að stór heimili af þessu tagi séu alger fásinna og þau hafi svipuð áhrif og „gettó" á stöðu aldraðs fólks í samfélaginu. Við verðum að minnast þess í allri okkar stefnu að virða rétt þessara öldruðu einstaklinga hvers um sig til þess að taka ákvarðanir um eigin hagi eins lengi og þeir geta. Þetta lít ég á sem algert grundvallaratriði.

Menn hafa orðið móðgaðir hér vegna þess, að ég sagði í ræðu minni hér áðan, að ég teldi, að embættismenn hefðu sýnt ósæmilega framkomu með því að draga mánuðum saman að koma á framfæri við aldrað fólk greiðslum, sem það ætti rétt á. Ég greindi frá reynslu minni um þessi efni, og þessar ferðir, sem ég talaði um, voru í maímánuði í vor. Þá hafði þetta fólk átt rétt á þessum greiðslum í 4 mánuði, og ég spyr enn: Mundu hv. alþm. telja það eðlilega framkomu við sig, að þannig væri dregið að greiða þeim peninga, sem þeir ættu rétt á? Það hefur ekki staðið á því, að fyrir lægju reglugerðir og reglur um þetta atriði. Ég vil minna menn á það, að ákvæðin um tekjutryggingu tóku fyrst gildi í ágúst í fyrra, og þá var sett reglugerð af heilbrn. Þá þegar kom stofn af fólki, sem átti þennan rétt, þannig að sá stofn var tiltækur þessum embættismönnum úti um allt land. Það þurfti ekki að framkvæma neina nýja rannsókn vegna þess. Það var hægt að nota þennan stofn í sambandi við vinnubrögðin á þessu sviði. Þessi reglugerð var síðan endurnýjuð, þegar lögunum var breytt um síðustu áramót, og gerðar á henni minni háttar breytingar, aðeins minni háttar breyt-

ingar. Hún var gefin út í jan., þannig að það var sannarlega nægur tími til þess að greiða öldruðu fólki þetta fé. Ég vík ekki frá því sjónarmiði mínu, að ég tel, að hér sé um vítaverða vanrækslu að ræða. En hins vegar tel ég ekki, að vanrækslan stafi af því, að þessir sýslumenn séu eitthvað lakara fólk en við hinir. Ástæðan er sannarlega ekki sú. Ástæðan er þetta almenna viðhorf, sem ég var að lýsa, að aldrað fólk ætti ekki sama rétt og aðrir í þjóðfélaginu og það þyrfti ekki að koma fram við aldrað fólk eins og aðra. Ég er sannfærður um, að engum þessum sýslumanni hefði dottið í hug að draga jafnlengi að greiða öðrum, sem rétt áttu, slíka fjármuni. Ég fagna því sannarlega, að þetta verði rætt á dómarafundi, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að. Ég hef ekkert farið dult með það við sýslumenn, sem ég hef hitt, að ég teldi þessi vinnubrögð ekki ná nokkurri átt, og margir þeirra hafa sagt mér, að þeir væru algerlega sammála mér um þetta efni.

Það hefur verið um það spurt, hvort eitthvað hafi verið gert til þess að framkvæma þau fyrirmæli laga að kynna fólki rétt sinn. Samkv. ósk minni sendi Tryggingastofnunin bréf til allra þeirra manna, sem rétt áttu á tekjutryggingu. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að ástandið á þessu sviði sé enn mjög lélegt og það vanti mjög mikið á, að haldið sé uppi þeirri kynningu, sem er sjálfsögð og nauðsynleg. Einmitt þess vegna greindi ég áðan frá því, að ég hafi í hyggju að setja upp sérstaka félagsmála- og upplýsingadeild í Tryggingastofnuninni, sem ætti að hafa þessi verkefni. Hún ætti að fjalla um málefni aldraðra og annarra bótaþega, eins og ég rakti hér áðan, en einn þátturinn í störfum hennar ætti að vera sá að annast upplýsingastarfsemi og útgáfu leiðbeiningarita fyrir bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins og aðra um bótakerfi Tryggingastofnunarinnar og rétt einstaklinganna í kerfinu. Ég tel, að hér sé um ákaflega veigamikið atriði að ræða, og þetta verkefni er rækt mjög myndarlega t. d. annars staðar á Norðurlöndum. Þar eru sendir út mjög vandaðir bæklingar um þetta efni. Ég hef meira að segja lesið auglýsingar í blöðum, þar sem slíkar stofnanir auglýsa þjónustu sína á alveg sama hátt og nútímaverzlanir gera. Auðvitað eru þetta ekki annað en þjónustustofnanir í þágu þessara hópa þegnanna. Og Tryggingastofnuninni ber að starfa á þennan hátt. Ég vona, að þegar þessi nýja deild, sem ég bind miklar vonir við, tekur til starfa, komist þessi mál í annað og betra horf.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson beindi til mín þeirri fsp., hvernig ætti að framkvæma þetta frv. í sambandi við dvalarheimili aldraðra, sem nú væru í byggingu. Það er alveg rétt hjá hv. þm., þetta er atriði, sem þarf að skera úr um. En persónulega er ég þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að miða við það að meta, á hvaða stigi þessar byggingar eru, þegar lögin taka gildi, og síðan komi til framkvæmda þetta greiðsluhlutfall, sem rætt er um í lögunum, gagnvart þeim hluta, sem eftir er. Ég tel, að lög sem þessi geti ekki náð aftur fyrir sig. Ég held, að við mundum lenda í hreinni ófæru, ef við stæðum þannig að verki. En hitt fyndist mér sjálfsagt um húsnæði stofnunar af þessu tagi, sem er í byggingu, að hlutur ríkissjóðs komi til framkvæmda gagnvart þeim hluta verksins, sem óunninn er, frá þeim tíma, sem lögin taka gildi.

Hv. þm. Lárus Jónsson virtist eitthvað hafa misskilið ummæli, sem ég var með í ræðu minni áðan um, að einhver flokkur teldi, að greiðslur til aldraðs fólks og öryrkja séu ölmusa. Ég skal lesa fyrir hv. þm. það, sem ég sagði. Ég var að tala um almennt viðhorf í þjóðfélaginu, um það skilningsleysi, sem væri ríkjandi í þjóðfélaginu yfirleitt, og rétt þessa fólks, og í sambandi við það sagði ég:

„Enn er það sjónarmið ríkjandi hér á landi, að lífeyrisgreiðslur af þessu tagi séu ekki réttur, heldur náð og miskunn og jafnvel góðgerðastarfsemi einstakra stjórnmálamanna. Er raunar ekki laust við það, að a. m. k. einn stjórnmálaflokkur hér á landi hafi mjög reynt að halda þeim sjónarmiðum að fólki."

Ég hygg, að allir þm. skilji, hvað ég á við.

Hv. þm. Lárus Jónsson vék einnig að því, að í sambandi við tekjutryggingarákvæðið, kæmu upp viss jaðarvandamál, eins og ég hef viðurkennt hér á þingi. Það koma upp jaðarvandamál, þegar maður fer að aðstoða hóp fólks, sem ekki hefur haft neinar aðrar tekjur um greiðslur almannatrygginga. En hitt tel ég ákaflega fráleitt sjónarmið, sem fram hefur komið hjá ýmsum, að með því að aðstoða þetta fólk, sem var verst sett af öllum, þá sé verið að ganga á rétt annarra, sem voru betur settir. Hugarfar af þessu tagi á engan rétt á sér. Það er ekki gengið á rétt nokkurs manns, sem hefur haft einhverjar tekjur, þó að það fólk, sem ekki hafði neinar tekjur aðrar en bætur almannatrygginga, fái lágmarksupphæð. Á hitt get ég fallizt, að það er sjálfsagt að kanna þetta jaðarvandamál eins og önnur. Það koma ævinlega upp slík jaðarvandamál, þegar verið er að framkvæma einhverjar félagslegar umbætur, og um þetta verður fjallað af þeirri n., sem heldur áfram að endurskoða tryggingakerfið í heild. Fljótlega mun koma fram frv. frá þessari n. um enn frekari breytingu á lögum um almannatryggingar, ekki sízt þær breytingar, sem stafa af þeim breytingum, sem orðið hafa á sjúkratryggingunum. En þessi n. mun síðan halda áfram að starfa, vegna þess að þessi þáttur í ríkiskerfinu er orðinn svo óhemjulega veigamikill og er mikið hagsmunamál fyrir ákaflega stóran hóp þegnanna og er þar að auki viðkvæmur þáttur, vegna þess að þetta kostar ákaflega mikið fé. Því tel ég alveg nauðsynlegt, að þetta verði kannað áfram til þess að tryggja það, að þeir fjármunir, sem þarna eru lagðir fram, komi að sem allra beztum notum því fólki, sem þarf á þessum bótum að halda.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til hv. þm. fyrir góðar undirtektir við frv. sjálft.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég gat ekki hlustað á allar umr. um þetta mál, en öðru hverju heyrði ég til hv. ræðumanna hér í pont-

unni. Mér fannst allir vera sammála og taka þessu frv., sem hér er um að ræða, alveg prýðilega. En hæstv. ráðh. virtist eigi að síður vera eitthvað óánægður með hvernig umr. höfðu farið fram. Allir ræðumenn töluðu um, að þetta mál væri gott, og sumir meira að segja hrósuðu hæstv. ráðh. fyrir góða ræðu. Það má vel vera, að þessi frumræða hæstv. ráðh. hafi verið sérstaklega góð, en látum það vera. En ég vil segja, að málið sé gott. Ég held, að það sé alveg óþarfi að vera að gera einum þm. eða öðrum upp einhvern sérstakan verri hugsunarhátt, í sambandi við málið.

En það er oft, þegar hæstv. heilbmrh. tekur *til máls hér í hv. þingi*, að hann er með getsakir til einstakra þm., hvernig þeir hugsi. Hann talar um sjálfstæðismenn alveg sérstaklega, að þeir séu sérhagsmunamenn og sérstaklega eigingjarnir. Þeir hugsi aðeins um það að græða og þá náttúrlega á annarra kostnað með því að kúga alþýðuna. Hér er um alveg dæmalausa hræsni og ósvífni að ræða, sem oft kemur fram hjá þessum hæstv. ráðh. og jafnvel stundum hjá sumum flokksbræðrum hans. Það er verið að draga menn í dilka með því að tala eins og hæstv. heilbrmrh.: Þessi maður er sjálfstæðismaður, hann er sérhagsmunamaður og hugsar helzt um sjálfan sig, og að græða sjálfur. En ég eða við vinstri menn erum ekki sérhagsmunamenn. Við hugsum ekki um okkar hag. Við erum alltaf að hugsa um aðra, alltaf að hugsa um almenning. — En eru svokallaðir vinstri menn ekkert eigingjarnir. Það er mikið, að þeir skuli þiggja laun úr ríkissjóði, að þeir skuli ekki afsala sér drjúgum parti af launum sínum og gefa fátækum, vera miskunnsami Samverjinn og fórna sér fyrir aðra. En hvernig kemur þetta fram í hinu daglega lífi? Eru vinstri menn í raun og veru hjálpfúsari eða betri menn en hinir, sem hafa gengizt undir stefnu Sjálfstfl.? Ég hugsa, að *það verði dálitið erfitt að meta, hvort* hæstv. heilbrmrh. væri fljótari til þess að hlaupa til hjálpar, ef einhver ætti bágt, heldur en sjálfstæðismaður. Ég efast um, að *hæstv. heilbrmrh.* væri fúsari til þess að opna budduna og gefa af eigin fé en einhver sjálfstæðismaður. Ég segi þetta ekki vegna þess, að hæstv. heilbrmrh. sé í eðli sínu eigingjarnari eða nízkari en menn gerast. Ég segi það vegna þess, að hæstv. ráðh. og flokksbræður hans og vinstri menn eru ekkert síður eigingjarnir en þeir, sem eru í Sjálfstfl. og hafa aðhyllzt stefnu Sjálfstfl., stefnu frjáls framtaks og athafna í íslenzku þjóðfélagi. Athafnaþráin þarf ekki að byggjast á eigingirni. Athafnaþráin kemur af heilbrigðri lífsskoðun, vegna þess að það er lífið að starfa — starfa á frjálsan hátt, sem frjáls maður. Það er eðli Íslendinga og heilbrigðra manna að vera sjálfs sín ráðandi og starfandi.

Hér á Íslandi eru margs konar form í atvinnurekstri. Við sjálfstæðismenn teljum það heilbrigt, að það sé til einkarekstur og einkaframtak sem fái að njóta sín. Við teljum það einnig heilbrigt, að það sé til félagsrekstur, samvinnufélög og hlutafélög. Og við teljum, að það geti einnig verið heilbrigt, að það sé til bæjarrekstur, að sveitarfélögin reki fyrirtæki. Undir mörgum kringumstæðum teljum við það eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið hafi með höndum margs konar atvinnurekstur, eftir því sem við á. En það væri mikil afturför í þjóðfélaginu, ef allur einkarekstur væri strikaður út og athafnaþrá einstaklingsins hyrfi með öllu. Skyldi það ekki oft vera tvöfaldur vinnudagur, sem þeir leggja fram, sem eru með einkarekstur? Hve miklu lengri vinnudag leggja þeir fram fyrir það, að þeir eru í einkarekstri, heldur en ef þeir eru á launum hjá ríki eða bæ? Hver nýtur þess, þegar einstaklingurinn leggur þannig mikið á sig? Nýtur hann þess alltaf eingöngu sjálfur? Við skulum trúa því, að einstaklingurinn njóti þess að einhverju leyti sjálfur, að hann fái eitthvað meira fyrir það að vinna fleiri stundir á dag en annar, sem er við hliðina á honum. En ef þessi *einstaklingur, sem rekur einkafyrirtæki*, gerir það vel og af dugnaði, þá nýtur starfsfólkið, sem vinnur hjá honum, þess einnig, og ríkissjóður hefur haft lag á því að fá tekjur sérstaklega af slíkum rekstri.

Í öllum þjóðfélögum vestan járntjalds þykir það sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa heilbrigðan einkarekstur í hávegum, vegna þess að ríkið fær mestar tekjur af slíkum rekstri. Þegar sósíaldemókratar komust til valda á Norðurlöndum, var reiknað með því, að þeir mundu breyta þjóðskipulaginu að því leyti, að einkarekstur myndi eiga erfitt uppdráttar þar. En valdhafar voru svo skynsamir, að þeir vildu ekki leggja einkarekstur*inn* í rúst, heldur miklu frekar stuðla að því, að hann hefði starfsgrundvöll til þess að geta áfram fengið tekjur í ríkissjóð af þessum rekstri. Fyrir dugnað margra manna, sem stjórnuðu þessum atvinnurekstri, var mikil og vel borguð atvinna veitt alþýðu manna í þessum löndum.

Nú er það svo, að þrátt fyrir tal eins og hæstv. heilbrmrh. var með hér áðan að fordæma hlutafélög og einstaklingsrekstur, þá er það nú svo, *að margir flokksbræður hans eru gjarnan í* hlutafélögum og hafa á þann hátt þessa eiginhagsmuni í sigti. Það væri hægt að nefna mörg *slík dæmi. Hæstv. ráðh. ætti þess vegna* að hætta því að vera með getsakir eins og þessar, sem hann var með hér áðan. Ég tel það hreinan ábyrgðarhluta, ef einn ráðh. hefur það hugarfar að vilja í raun og veru fordæma allan einstaklingsrekstur, einstaklingsframtak, hvort sem það er einkarekstur eða í hlutafélagsformi, þar sem hann telur í rauninni, að enginn stofni til slíks atvinnurekstrar nema hafa óheilbrigt sjónarmið.

Ég vildi aðeins vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, minna á það, að þegar bæði hann, hæstv. ráðh., og ýmsir vinstri menn eru að tala annars vegar um eiginhagsmunamenn, gróðahyggjumenn og sérhagsmunamenn og hins vegar félagshyggjumenn og menn, sem eingöngu vilja vinna fyrir aðra, en hugsa ekkert um sjálfa sig. Hér er um hreina hræsni að ræða, vegna þess að þessir menn, þó að þeir þykist sigla undir vinstra merki og vera hinn miskunnsami Samverji, eru ekki á neinn hátt betri, eða hjálpfúsari en hinir, þegar til lengdar lætur.

Um þetta frv., sem hér liggur frammi, er ekkert nema gott að segja. Það er 7. gr., sem breytir mestu í frv. *frá gildandi lögum*, þar sem lagt er

til, að ríkissjóður leggi fram ⅓ af kostnaði af byggingu og búnaði. Þetta er náttúrlega nokkurs virði, og enginn vafi er á því, að ef þetta verður lögfest og ríkissjóður hefur fjármagn til þess að setja á fjárlög nægilega upphæð til þess að standa straum af þessari löggjöf, er hægara að koma upp dvalarheimilum fyrir aldraða en verið hefur.

Hæstv. ráðh. fann að því, að einhverjir ræðumenn höfðu verið að tala um, að þetta væri framhald af því, sem áður hefði verið gert. Mér finnst það í sjálfu sér hreint aukaatriði, og mér finnst hæstv. ráðh. mega eiga það, ef hann telur það vera eitthvert blóm í hnappagatið, að hafa átt hugmyndina að því að skipa velferðarnefndinni að semja þetta frv. Ekki skal ég reyna að taka það af honum. En hitt er alveg víst, að í hvert sinn sem við erum að samþykkja lög hér í hv. Alþ. og samþykkja aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þá erum við í rauninni að skrifa tölur á töfluna, sem við vitum ekki, hvað kunna að gilda. Ég vil taka undir það, að þetta að koma upp dvalarheimilum fyrir aldraða er eitt af því nauðsynlegasta. En hér í gær var verið að tala um fjárl. fyrir næsta ár. Þetta dæmalausa frv., sem lagt hefur verið fram til fjárl. fyrir næsta ár, er algerlega botnlaust. Ég veit, að hæstv. trmrh. er alveg sammála mér um það, að þetta fjárlagafrv. er alveg dæmalaust. Ég veit, að hæstv. trmrh. er mér sammála um það, að í þetta frv. vantar milljarða, til þess að endarnir nái saman. Ég bendi aðeins á það, ekki vegna þess að ég sé að draga úr, að þetta frv. verði samþ., heldur það, að á öllum tímum, bæði hjá fyrrv. ríkisstj. og öllum ríkisstj., hefur alltaf staðið á því að láta tekjur mæta gjöldunum. Verkefnin eru alls staðar fyrir hendi. Það er svo margt, sem við sjáum, að er ógert, en nauðsynlegt er að gera, og það hefur núv. hæstv. ríkisstj. átakanlega komizt að raun um, að fjármagn vantar.

Ég vænti þess, að eftir þær umr., sem fóru fram bæði í gær og í fyrradag, hafi hv. stjórnarstuðningsmenn gert sér grein fyrir því, hvernig fjármála- og efnahagsástandið er í þjóðfélaginu, að það skuli vera lagt fram fjárlagafrv., sem vantar milljarða á í tekjur, til þess að nokkurt vit sé í því. Ég er alveg sannfærður um, að hæstv. trmrh. er það töluglöggur, að hann hefur gert sér grein fyrir þessu. Hins vegar er ég dálítið undrandi á því, hvað hæstv. ráðh. virðast vera rólegir yfir því ástandi, sem skapazt hefur, því að það er eins og þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því enn þá, að botninn er suður í Borgarfirði, eins og sagt var, og að fjárhagsástandið í íslenzku þjóðfélagi í dag er í algeru öngþveiti.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs vegna óeðlilegra ummæla hæstv. trmrh., sem ég vænti, að hann reyni að venja sig af að viðhafa, eftir að hann er kominn í ráðherrastól. Það er algerlega ósæmandi að tala í þeim tón, sem hann gerði, með aðdróttunum og dylgjum til annarra manna, ætla sér að reyna að stimpla sjálfstæðismenn sem eitthvað verri menn en aðra Íslendinga og þykjast sjálfur og þeir, sem eru í hans flokki, undir hans merki, vera hinn miskunsami Samverji, sem sé fús til þess að dreifa út eignum sínum á meðal fátækra, á meðan hinir vilji helzt ekkert gera og enga samúð hafa með meðbræðrunum. Það er þetta, sem hæstv. ráðh. ætti að venja sig alveg af. En vaninn er nokkuð ríkur. Enn er hæstv. ráðh. ekki orðinn það gamall, að hann ætti að geta lært eitthvað í þessu efni.

Ég get svo endurtekið það, að ég er fylgjandi þessu frv., enda þótt það geti bakað ríkissjóði stórútgjöld, vegna þess að þetta er eitt að því þarfasta, sem þarf að vinna að, það er að hugsa um gamla fólkið.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég held, að þessi ræða hv. þm. Ingólfs Jónssonar sé sú einkennilegasta, sem ég hef heyrt hér á þingi, og er þá nokkuð mikið sagt, enda viðurkenndi hann það í upphafi máls síns, að hann hefði ekki fylgzt með þessum umr. nema að mjög takmörkuðu leyti, þannig að hann vissi auðheyrilega ekkert, um hvað hann var að tala. Ég ætla þó ekki að fara að elta uppi þennan einkennilega hugsanaferil, sem kom fram hjá honum, annars vegar staðhæfingar um það, að ég hefði lýst því yfir, líklega núna eða einhvern tíma, að ég væri á móti öllum einkarekstri og öllum hlutafélögum, sem ég kannast alls ekki við, að ég hafi gert, og yfir í það að fara hér út í almennar umræður um fjárlög í áframhaldi af fjárlagaumr., sem hér hafa staðið í marga daga.

En þrátt fyrir það, að ræðan væri svona afar einkennileg, þá kom fram í henni grundvallarmunur á viðhorfum mínum og þessa hv. þm. Hann sagði, að ég héldi því fram, að sjálfstæðismenn væru verri menn en við í Alþb. Það hefur mér aldrei til hugar komið, en þau dæmi, sem þessi hv. þm. tók í því sambandi, varpa ákaflega skýru ljósi á ágreininginn. Hann spurði, hversu fús ég væri til að opna budduna. Hann spurði, hversu fús ég væri til að gefa gjafir. Það er þetta sjónarmið, sem enn þá er uppi hjá þessum hv. þm., að félagsleg starfsemi í þjóðfélaginu sé ölmusa, hún sé gjafir. Það er þessi afstaða, sem ég mótmæli, vegna þess að ég lít svo á, að félagsleg þjónusta í þjóðfélaginu sé réttur þess fólks, sem nýtur hennar, en engar gjafir og reyni hvorki á hjartagæzku mína né þessa hv. þm. Þessi aths. hv. þm. segir miklu meira en margar langar ræður. Opna budduna, gefa gjafir, það er það, sem hann heldur, að félagsleg starfsemi sé í nútímaþjóðfélagi.

Hitt er ástæða til að minna á, að það eru til lönd, þar sem starfræksla dvalarheimila aldraðra er góðastarfsemi, þar sem slík heimili eru rekin til þess að hagnast á þeim. Þangað komast aðeins inn þeir, sem eru mjög auðugir. Þeir fá þar góða þjónustu. Þetta tíðkast m. a. í Bandaríkjunum. En þegar uppi eru raddir um það þar, að það þurfi að koma þessari þjónustu á félagslegan grundvöll, hvert er þá svarið? Þetta er árás á framtak einstaklingsins. Þeir menn, sem heimta félagslega starfsemi á þessu sviði, eru að ráðast á hið heilaga framtak einstaklingsins til að græða líka á gömlu fólki. Það er í þessu, sem ágreiningurinn felst, hvort þetta á að vera félagslegur réttur fólksins í þjóðfélaginu eða

hvort það á að vera góðgerðastarfsemi, og þess vegna sé ég ástæðu til þess að þakka þessum hv. þm. fyrir að hafa skýrt þetta mál ákaflega vel út.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það var einhvern tíma endur fyrir löngu einvaldskonungur í Frakklandi, mig minnir, að það hafi verið Loðvík XIV. Það var a. m. k. ekki Karlamagnús, sem stundum hefur verið kallaður Magnús mikli, sem sagði þessi orð: „Ríkið, það er ég." Það er sennilega eitthvað í ætt við þennan hugsunarhátt einvaldskóngsins, það sem blað hæstv. heilbrmrh., sem hér hefur verið að tala, skrifaði um á s. l. vetri, að það yrði ekki látið viðgangast til lengdar, að það, sem trmrh. og heilbrmrh. færði fólkinu, — það átti þá sennilega að skiljast sem gjafir frá honum eða það mátti a. m. k. skiljast sem slíkt, — yrði tekið af fólkinu af skattamrh., fjmrh. Ég er því miður hræddur um, að það hendi mjög oft þessa félagshyggjumenn, sem svo kalla sig, að vilja láta fólkið halda, að þeir séu að færa því eitthvað, þegar fólkið er að njóta tryggingabóta samkv. lögum, sem sett hafa verið af Alþ., og ýmist hefur verið greitt af fólkinu sjálfu ásamt sveitarfélögum og ríkinu eða ríkinu eingöngu í heild.

Það er ómögulegt að neita því, að það hefur stundum verið og verður ævinlega blettur á sérhverri félagsmálalöggjöf, þegar hún er framkvæmd þannig, að þeir, sem í það og það skiptið fara með framkvæmd hennar, leggja sig eftir því eða vilja láta líta svo út, að þeir séu að umbuna fólkinu: „Ég hef talað, og ég hef gert." Það mátti vel heyra raustina í þessum hæstv. ráðh. „Hvað eru þm. að koma svo upp í pontuna og tala um, að einhvern tíma áður hafi verið til ráðh. á Íslandi, sem einmitt hafi talað og eitthvað hafi gert? Það er ég, sem hef talað, og það er ég, sem hef gert þetta, og ég ætla að setja reglugerð."

Sannleikurinn er sá, að þessi hæstv. ráðh. er orðinn nokkuð kunnur af því á stuttum valdaferli að leggja mikið upp úr auglýsingastarfsemi fyrir sjálfan sig. Hann verður að eiga það, og ég skal láta það liggja milli hluta. En þegar hæstv. ráðh. talaði hér með þjósti um það, að þm. hefðu bæði nú og í gær vitnað til þess, að eitthvað hefði áður verið gert á sviði þeirra mála, sem hann var að tala um, þá má það heita næsta furðulegt. Það er ekkert last fyrir þennan hæstv. ráðh., þó að það hafi verið búið að ákveða fyrir nokkrum árum, að næsta bygging á landsspítalalóðinni yrði geðdeild í tengslum við Landsspítalann. Það er ekkert last fyrir hann, þó að sagt sé frá því. Það er heldur ekkert last fyrir hann, þó að minnst sé á það, að sérfræðingar, landlæknir, læknar Kleppsspítalans og borgarlæknir í Reykjavík, hafi verið skipaðir af fyrrverandi heilbrmrh. í n. til þess að gera athuganir og till. um byggingu geðdeildar á landsspítalalóðinni og í tengslum við Landsspítalann. Ef hæstv. ráðh. hefur ekkert vitað um þetta, skaðar það hann heldur ekki neitt, þó að hann sé upplýstur um þetta, — ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég held, að það hafi verið á árinu 1966, sem þessir sérfræðingar, sem ég nefndi, fengu það verkefni að gera till. um byggingar fyrir geðsjúklinga í landinu, og álit þeirra var, að það væri rétt að byggja geðdeild við Landsspítalann, jafnframt því sem rétt væri að tryggja lóð fyrir framtíðarsjúkrahús, spítala, sem tæki við af gamla spítalanum á Kleppi. Síðan voru þessi mál í athugun fyrst í stað, eins og oft vill verða og tekur nokkurn tíma. Landsspítalalóðin var of þröng. Reynt var að hola þessari fyrirhuguðu geðdeild við Landsspítalann niður á lóðinni, en það kom í ljós, að það fór ekki vel og gat naumast orðið. Þá stóð einnig fyrir dyrum endurskipulagning á landsspítalalóðinni, og ákvörðun um staðarval á landsspítalalóðinni gat í raun og veru ekki farið endanlega fram, fyrr en skipulag landsspítalalóðarinnar var ákveðið. Það var svo í desembermánuði 1969, að gengið var frá samningi milli Reykjavíkurborgar og þess ráðherra, sem þá fór með heilbrigðismál, um landsspítalalóðina, um stórkostlega stækkun á landsspítalalóðinni, sem kannske er eitt veigamesta atriðið fyrir alla þróun heilbrigðismála í tengslum við Landsspítalann, sem gert hefur verið á síðari árum. Ef þessi samningur hefði ekki verið gerður, hefði orðið að flytja Landsspítalann eða það, sem byggt yrði í framtíðinni, á annan stað í borginni eða utan borgarinnar. Það, sem fólst í þessum samningi, var það, að Landsspítalinn fær alla landsspilduna, sem nú er fyrir neðan landsspítalalóðina, þar sem nú er Miklabrautin, sem er mikið landssvæði, og einnig stórt landssvæði fyrir neðan Miklubrautina eða fyrir sunnan í mýrinni, sem þar er. Miklabrautin verður færð með þeim árangri og afleiðingum, að það verður ekki eins mikill hávaði frá umferðinni á Landsspítalanum og nú er. Á móti þessu lét svo ríkið ýmsar lóðir til bæjarins, bæði á Arnarhóli og við Hverfisgötuna. Þegar þetta lá fyrir skapaðist möguleiki fyrir staðsetningu fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar á landsspítalalóðinni og fyrir geðdeildina. Það var þá tekið fram í fréttatilkynningu frá dómsmrn., sem fór með heilbrigðismál, að þar með væri sköpuð aðstaða fyrir þessar deildir, og sérstaklega tekið fram um geðdeildina við Landsspítalann, að með því móti yrði gott rúm fyrir hana, en hún hefði verið fyrirhuguð sem næsta bygging á landsspítalalóðinni á eftir kvensjúkdómadeildinni og fæðingardeildinni. Þarna skapaðist um leið starfsaðstaða fyrir læknadeild háskólans og möguleiki til bygginga fyrir læknadeildina og margháttaðar rannsóknarstofnanir á hinni nýju landsspítalalóð fyrir sunnan Hringbrautina. Það er þess vegna upp úr þessu, sem aðstaða skapast til þess að ákveða framkvæmdir, þegar fé og annað er fyrir hendi til byggingar geðdeildarinnar á landsspítalalóðinni.

Ég fagna því, að það hefur ekki verið horfið frá þeim ákvörðunum, sem þarna voru teknar og mjög auðvelt var að framkvæma, þegar aðstaða var til, vegna hins nýja skipulags á landsspítalalóðinni.

Ég sé ekki, að það þurfi neitt að hlaupa í skapið á hæstv. ráðh., þó að þm. leyfi sér stundum að rekja nokkuð aftur í tímann sögu mála. Það á ekki að þurfa að draga neitt úr miklum verkum og afrekum þessa ráðherra. Mér er alveg

ljóst, að hæstv. heilbr.- og trmrh. er á mörgum sviðum mjög afkastamikill, við höfum orðið vör við það hér í þinginu. Hann kom því til leiðar, að sérstakur ráðgjafi var sendur á vegum heilbrmrn. til Sameinuðu þjóðanna, og ég efast um, að margir leiki þetta eftir hæstv. ráðh.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ég hef sjaldan orðið eins undrandi á þeim stutta ferli, sem ég á hér á Alþingi, og yfir þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti, eftir að hann hafði flutt sína framsögu og við nokkrir hv. þdm. höfðum talað. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig, þegar fram í ræðuna kom, að hann hefði reiðzt því, að ég rifjaði upp, að n. hefði unnið í þessu máli og eitthvað hefði verið í því gert, áður en hann kom í ráðherrastól. Ég gat engan veginn komið því heim og saman, að hann reiddist svo af öðru, sem ég sagði, en þessu. Samt sem áður staðfesti ráðh. það í ræðu sinni, að þetta væri rétt, satt og rétt, þessi n. hefði undirbúið málið. Hann taldi, að ég hefði látið að því liggja, að hann hefði farið með ósannindi. Ég sagði það ekki, en ég komst þannig að orði, — það mátti skilja það þannig, — að hann hefði látið satt kyrrt liggja, og það er dálitið annað mál. Hann lét satt kyrrt liggja og viðurkenndi það sjálfur. Ég skil varla, hvaða hvatir liggja til þess að reiðast því. Það hefur verið bent á, að menn láti stundum satt kyrrt liggja. Kannske er það af því, að menn vilja einir mikla sig af því, sem aðrir hafa lagt hönd á plóginn með.

Ég vil minna á mál, sem er keimlíkt þessu. Hæstv. ráðh. kom fram í sjónvarpi fyrir nokkru og skýrði frá því, að nú stæði fyrir dyrum iðnbylting á Íslandi, ekkert minna, iðnbylting á Íslandi, og hann hefði komið því til leiðar. Ekki sá hæstv. ráðh. ástæðu til að geta þess, að þetta mál hefði verið í undirbúningi í mörg ár og þáv. hæstv. iðnrh. sagt Iðnþróunarstofnuninni að gera þessa áætlun. Samt lét hæstv. ráðh. þetta kyrrt liggja.

Hæstv. ráðherra tók það hér að sér að skilgreina fyrir okkur frjálsræðis- og framtakshugtak sjálfstæðismanna. Nú gæti ég tekið mér það fyrir hendur að skilgreina meginstefnu Alþb. og staðhæft, að Alþb. vildi berja niður alla frjálsa hugsun, eins og vinir þeirra í austri, fangelsa menn og senda þá á geðveikrahæli, sem vildu segja eitthvað, og banna alla aðra stjórnmálaflokka á Íslandi. Þetta gæti ég sagt. En ég er ekki nærri nógu ósvífinn til þess, og þarna skilur á milli mín og hæstv. ráðh. Ég ætla ekki að segja honum, hver er stefna Alþb., og hann á að láta það ógert að vera að segja okkur, hver sé stefna Sjálfstfl. Hann hefur öðrum hnöppum að hneppa.

Ég taldi mig sneiða hjá þeim efnum í ræðu minni, sem gætu orðið til einhvers pólitísks karps við umr., m. a. með því að minnast ekki á þátt núv. hæstv. ríkisstj. í málefnum aldraðra, sem frægur er að endemum. Ráðh. sagði hér: Menn verða metnir af verkum sínum. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur sent öldruðum í landinu ákveðnar kveðjur. Hún sýndi hug sinn til þeirra í verki, þrátt fyrir það að á Alþingi og annars staðar var búið að vara við þessu, búið að vara við skattaráni ríkisstj. í garð gamla fólksins hvað eftir annað. Hæstv. sjútvrh. kom í þennan ræðustól og hæddist sérstaklega að mér persónulega fyrir að gera þetta. Ég skora á hann að gera það aftur. Ég ætla svo að lokum aðeins að segja það, að ég vænti þess, að framvegis hagi hæstv. trmrh. máli sínu á annan veg, þannig að umr. hér á Alþingi geti orðið málefnalegri en þessar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég sé nú ekki hæstv. heilbrmrh., en líklega má hann heyra mál mitt eigi að síður. En það var aðeins örlítið, sem ég vildi segja. Hæstv. ráðh. talaði um, að ræða mín hefði verið skrýtin, ég hefði m. a. farið að tala um fjárl. En það er ekkert skrýtið að minnast á fjárlögin, um leið og verið er að hugsa um að lögfesta útgjaldalið, allháan, enda þótt hann sé vegna góðs málefnis. Þá er eðlilegt, að á þau sé minnzt. En mér þótti vænt um, að hæstv. ráðh. vildi ekki viðurkenna, að hann hefði sagt beinlínis eða óbeinlínis, að sjálfstæðismenn væru eigingjarnir eða verri menn en aðrir. Hann vill ekki viðurkenna, að hann hafi sagt þetta. En það segir til sín á segulbandinu, hvað hann hefur sagt. Hann sagði, að sjálfstæðismenn væru gróðahyggjumenn og athafnir þeirra miðuðust við það eitt að græða. Af því leiðir, að þeir séu sérstaklega eigingjarnir. Það er þess vegna, sem ég mótmælti og taldi þessi orð hæstv. ráðh. óviðeigandi og mælt af hræsni. Jafnvel hann sjálfur virðist bera á sér skikkju hræsninnar og þykist alls ekki hugsa um sjálfan sig, heldur aðeins um aðra. Vitanlega eru allir meira og minna eigingjarnir, það er mannlegt eðli. Við erum allir eigingjarnir meira og minna. En úr því að hæstv. ráðh. vill nú ekki viðurkenna að hafa sagt þetta, þá legg ég til, að hann athugi það við skrifstofustjóra Alþingis, hvort hann geti ekki losnað út úr þessu með því að strika þessi orð út úr ræðunni. Þá koma þau ekki fram í þingtíðindunum og verða ekki hæstv. ráðherra til skammar í framtíðinni. Þá getur þetta alveg fallið niður. Ég er reiðubúinn til þess að láta sem þessi orð ráðh. hafi aldrei verið töluð. En mér er ekki kunnugt um, hvort þm. er leyfilegt að strika það, sem þeir hafa sagt, út úr ræðum. Bezt gæti ég trúað því, að hann fengi í þessu tilfelli leyfi hjá skrifstofustjóra Alþingis til þess að strika þetta út, vegna þess að það yrði annars alla tíð mikil óprýði á þingtíðindunum og vondur vitnisburður fyrir hæstv. ráðh., sem mundi fylgja honum alla tíð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta, en ég er feginn því, að hæstv. ráðh. vill ekki kannast við þau ljótu orð, sem hann viðhafði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 8. fundur.

Fimmtudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í gær gerðist mjög óvenjulegur atburður á Alþingi, og bergmál af honum heyrðist í kvöldfréttum ríkisútvarpsins í gærkvöld. Hæstv. forsrh. lýsti í þingræðu persónulegum skoðunum sínum á því, hvernig kæmi til greina að leysa og sumpart hvernig bæri að leysa aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég trúi því ekki, að hæstv. forsrh. tali eins og hann talaði, án þess að málið hafi áður verið rætt í hæstv. ríkisstj. Hér er um mjög óvenjuleg vinnubrögð að ræða. Í viðkvæmum vandamálum hefur það ekki tíðkazt hér og tíðkazt ekki annars staðar, að forsrh. fliki persónulegum skoðunum sínum, nema um annað af tvennu sé að ræða: hann sé að boða það, sem koma skal og samkomulag er í reynd orðið um í aðalatriðum, en hann vilji gjarnan fá viðbrögð við, t. d. frá aðilum vinnumarkaðsins og stjórnarandstöðu, áður en till. eru birtar formlega, en hitt er einnig mögulegt, að slík vinnuaðferð boði, að um ágreining sé að ræða í hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. hafi talið rétt að skýra þjóðinni frá því, hver sé sín persónulega skoðun. Alþm. og þjóðin öll hljóta að láta sig það miklu skipta, um hvort af þessum tveim tilvikum er að ræða. Þess vegna leyfi ég mér að beina þeirri fsp. til einhvers af hæstv. viðstöddum ráðh., hvernig þessu sé varið. Spurningar mínar eru þessar:

1. Eru ummæli hæstv. forsrh. í gær frásögn af viðræðum í ríkisstj., og eru aðrir hæstv. ráðh. reiðubúnir til þess nú að taka afstöðu til þeirra úrræða, sem hann nefndi?

2. Eða bera persónuleg ummæli hæstv. forsrh. e. t. v. vott um ágreining í ríkisstj.? Í þessu sambandi ítreka ég spurninguna um, hvort aðrir ráðh. séu nú reiðubúnir til þess að taka afstöðu til ummæla hæstv. forsrh.?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég skal svara fyrir mitt leyti þessum sérkennilegu fsp., sem hér eru bornar fram. Spurt var um það, hvort ummæli þau, sem hæstv. forsrh. hafi látið falla í umr. hér á Alþ., væru frásögn af viðræðum í ríkisstj. Ég átti að vísu ekki kost á því að hlýða á hæstv. forsrh., en hef heyrt lauslega fréttir af því, hvað sagt hafi verið, og ég svara því hiklaust til, að hér er ekki um neina frásögn að ræða af viðræðum á ríkisstjórnarfundum.

Þá er spurt, hvort það, sem forsrh. sagði, beri vott um ágreining í ríkisstj. Því svara ég neitandi, algerlega neitandi. Ég sé ekkert samhengi þar á milli. Það, sem hér er um að ræða, er, að hæstv. forsrh. tók fram, skv. því, sem frá hefur verið skýrt, að það væri persónulegt álit hans, að gripa þyrfti til tiltekinna ráðstafana í efnahagsmálum, eins og þeirra að stöðva verðlagshækkanir á næsta ári að mestu leyti. Fleira kom þar fram, og var ekkert við því að segja, þó að hann hagaði orðum sínum á þessa lund. Það liggur hins vegar alveg skýrt fyrir samkv. yfirlýsingum hæstv. forsrh., að ríkisstj. hefur ekki enn tekið endanlega ákvörðun um það, hvaða till. hún gerir til lausnar þeim efnahagsvanda, sem við er að glíma. En að sjálfsögðu hafa margvísleg efnahagsleg vandamál verið rædd í ríkisstj. að undanförnu, og eflaust hafa allir ráðh., — eins og ég geri ráð fyrir reyndar flestir þm. líka, — sínar persónulegu skoðanir á ýmsum þeim vandamálum, sem um er að ræða, eða til hvaða ráðstafana komi helzt til greina að grípa.

Ég hef sem sagt, fyrir mitt leyti svarað þeim spurningum, sem var beint til okkar, en sé hins vegar enga minnstu ástæðu til þessara sérkennilegu fsp., sem hér komu fram frá hv. 7. þm. Reykv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og hæstv. forseti greindi í ummælum sínum áðan, þegar hann setti þennan fund, hefur hæstv. forsrh. fjarvistarleyfi í dag. Ég tel því eðlilegast, að hv. 7. þm. Reykv. biði með að spyrjast nánar fyrir um það, hvað ummæli forsrh. þýði, þangað til forsrh. getur sjálfur svarað því.

Forseti (EystJ): Orðið er að sjálsögðu frjálst, en ég vil taka undir það, að mér finnst í allan máta eðlilegra, að umr. um ummæli hæstv. forsrh. og vinnuaðferðir hans í því sambandi fari fram að honum viðstöddum, en ekki þegar fyrir liggur að hann hafi fjarvistarleyfi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að beina neinni fsp. til hæstv. forsrh., en að gefnu tilefni, þar sem hæstv. sjútvrh. tjáði sig með þeim hætti, sem hann gerði, — hann sagði sem svo, að það væri ekkert við því að segja, hvernig forsrh. tjáði sig um þessi mál, sem verið var að ræða í Ed. í gær, þ. e. um lausn eða aðgerðir í efnahagsmálunum, og svaraði síðan út í hött spurningum, sem til hans var beint, — þá vil ég spyrja einnar spurningar og beini henni til hæstv. sjútvrh., og hún er óskop einföld: Er hann sammála persónulegum skoðunum forsrh. um aðgerðir í efnahagsmálunum eða ekki?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég hefði svarað hér út í hött þeim fsp., sem bornar hefðu verið fram. Ég svaraði spurningunum nákvæmlega. Ég var spurður, hvort það, sem hæstv. forsrh. sagði, væri frásögn af því, sem gerzt hefði á ríkisstjórnarfundum. Ég svarðaði því neitandi. Er það svar út í hött?

Þá var ég spurður, hvort það, sem hæstv. forsrh. sagði, bæri vott um ágreining í ríkisstj. Ég svaraði því neitandi. Þetta voru þær tvær fsp., sem bornar voru fram. Svo kemur hér hv. 1. þm. Reykv. og segir, að þessum spurningum hafi verið svarað út í hött. En hann spyr mig svo, hvort ég hafi verið sammála því, sem hæstv. forsrh. sagði, rétt eftir að ég hafði skýrt hér frá því, að ég hefði ekki haft tækifæri til þess að hlusta á, hvað hann sagði. Hann ætlast sýnilega til mjög mikils af mér, að ég geti svarað því

án þess að hafa fyrir fram heyrt orð hæstv. forsrh. Ég hafði heyrt um það, að hann hafði m. a. minnzt á, að það gæti verið nauðsynlegt að halda verðlagi stöðugu á næsta ári með einhverjum litlum frávikum. Ég er honum gersamlega sammála um þetta. En ég veit ekki til þess, að á milli mín og hæstv. forsrh. sé nokkur minnsti ágreiningur varðandi þessi mál. Ég hef ekki orðið var við hann, og á ekki von á því, að neitt það hafi komið fram hjá hæstv. forsrh., sem geri það að verkum, að það skilji eitthvað á milli okkar leiða.

En hitt hef ég sagt og get endurtekið hér, að ég er ekki tilbúinn til þess að svara því á þessari stundu, hvað eigi að gera til lausnar á þeim efnahagsvandamálum, sem við er að fást, m. a. vegna þess, að það liggur ekki enn ljóst fyrir, af hvaða stærðargráðu þessi vandamál eru. Ég treysti mér t. d. ekki til þess að segja til um það á þessari stundu frekar en forsvarsmenn útgerðarinnar í landinu, hvað muni þurfa að styðja útgerðarreksturinn mikið á næsta ári. Á meðan þeir hafa ekki treyst sér til þess að setja fram sínar kröfur og ekki hefur heldur verið þingað um þær á venjulegan hátt, þá er ég ekki við því búinn að svara því, hvað þarna þarf mikið að gera. Eins og ég hef sagt hér áður, þá er mér ljóst, að inn í það dæmi koma bæði stórir plúsar og mínusar, og það þarf að gera það dæmi upp í heild. Svipað má segja um ýmislegt annað, sem inn í þetta mál kemur. En ég ætla ekki að fara að ræða það á þessari stundu, því að það liggur ekki fyrir að ræða hér utan dagskrár og við þetta tækifæri, hvaða leiðir á að fara til lausnar á okkar efnahagsvandamálum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég er alveg sammála því, að ekki er rétt að ræða efnisinnihald ummæla hæstv. forsrh. í gær að honum fjarstöddum. Ég vissi það ekki fyrr en í þingfundarbyrjun, að hann mundi ekki verða hér viðstaddur í dag, og þess vegna beindi ég engri fsp. til hans. Mínar fsp. voru til þeirra samráðh. hans, sem hér væru viðstaddir, um það, hvort þeim hefði verið kunnugt um, að von væri á þessari yfirlýsingu, og þó sérstaklega, hvort þeir væru þeirri stefnumótun, sem í ummælum hans fólst, sammála eða ekki.

Hæstv. viðskrh. fór því miður ekki rétt með það, hvaða spurningum ég beindi til hans. Aldrei þessu vant hafði ég nú orð mín skrifuð, það gerði ég viljandi til þess að vera öruggur um, að ég gæti orðið sem allra stuttorðastur, — ég spurði: Eru ummæli hæstv. forsrh. í gær frásögn af umr. í ríkisstj.? Þessu svaraði hæstv. ráðh. neitandi, og met ég það. Enn fremur spurði ég: Eða bera persónuleg ummæli hans vott um ágreining í ríkisstj? Því svaraði hann einnig neitandi, og þakka ég það líka. En ég spurði þriðju spurningarinnar, sem hann lét ósvarað eða segja má um, að hann hafi svarað út í hött. Ég spurði, eins og handrit mitt segir til um: Eru hæstv. ráðh. nú reiðubúnir til þess að taka afstöðu til þeirra úrræða, sem hann nefndi, og í framhaldi af seinni spurningunni sagði ég: Í þessu sambandi itreka ég spurninguna um, hvort aðrir hæstv. ráðh. séu reiðubúnir til þess að taka afstöðu til ummæla hæstv. forsrh.? Þessari spurningu svaraði hæstv. viðskrh. ekki. Hann sagði í seinni ræðu sinni, að enginn ágreiningur væri milli sín, að því er hann vissi til, og hæstv. forsrh. Af þessu vil ég af fyllstu velvild til hæstv. viðskrh. draga þá ályktun, að hann hafi hvorki heyrt ræðu hans í gær, eins og hann raunar sagði áðan, né hlustað á útvarpið í gærkvöldi eða lesið frásagnir af ummælum hans í dagblöðum í morgun.

Ég skal ekki efna hér til neinna efnisumr. að forsrh. fjarverandi, hvað þessi ummæli þýði. Ég bendi aðeins á það, að hann boðaði t. d. breytingu á grundvelli visitölunnar, sagði sem sína persónulegu skoðun, að breyta bæri reikningsaðferð við útreikning kaupgjaldsvísitölu. Og hann taldi nauðsynlegt að leggja á óbeina skatta, sem ekki yrði tekið tillit til við útreikning kaupgjaldsvisitölunnar. Þetta sagði hæstv. forsrh. sem sína skoðun. Ég vil ekki trúa því og skal ekki herma það upp á hæstv. viðskrh., að hann sé sammála þessu eða enginn ágreiningur sé á milli hans og hæstv. forsrh. um úrræði í efnahagsmálum. Ég vil heldur túlka það þannig, að hæstv. viðskrh. hafi ekki verið fullkomlega ljóst, hvað hæstv. forsrh. raunverulega sagði hér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér eru hafnar umr. utan dagskrár um það, sem hæstv. forsrh. á að hafa sagt í hv. Ed. í gær. Ég átti þess kost að hlýða á mál forsrh. í gær. En mér er kunnugt um, að hv. 7. þm. Reykv. átti þess ekki kost og var þar ekki og byggir því allar sínar fsp. á einhverjum milliliðum mér ókunnugum. Ég held, að það hefði verið meiri varfærni af honum að fá örugga vitneskju um það, um hvað mál forsrh. snerist.

Það var til umr. frv. um brbl. um verðstöðvun, og út frá því ræddi forsrh. sínar persónulegu skoðanir og tók fram, að það væru hans persónulegu skoðanir. Ég hygg, að það geti enginn véfengt það, að forsrh. hlýtur auðvitað að vera farinn að hugleiða þau efnahagslegu vandamál, sem fram undan eru, og er frjáls að því hvenær sem er að skýra frá sínum persónulegu skoðunum. Hverjum dettur annað í hug? Ég held því, að það hafi verið alveg sjálfsagt og ekkert til þess að hneysklast á, að forsrh. skýrði frá sínum persónulegu skoðunum um þessi vandamál. Hann skýrði frá því, að það hefðu oft gilt hér á landi ýmiss konar reglur um útreikninga visitölu, stundum afnumin, stundum bönnuð, stundum lögfest og stundum breytt grundvellinum, og hann var að velta fyrir sér öllum þessum möguleikum í sambandi við hugsanlegar lausnir á efnahagsvandamálunum. Hins vegar, þegar spurt er um það, hvort þetta beri vott um ágreining í ríkisstj., þá svara ég því auðvitað neitandi. Þetta er ekki frásögn af ríkisstjórnarfundi. Þetta hvort tveggja hefur verið upplýst hér. Við höfum auðvitað, allir ráðh., persónulegar skoðanir um, hvernig eigi að snúast við vandamálum efnahagsmálanna í landinu. Og vitanlega hefur fyrrv. ríkisstj. haft oft og tíðum þungar áhyggjur af efnahagsmálunum og

þróuninni, og ráðh. hafa auðvitað allir haft sínar persónulegu skoðanir. Ég hygg, að það sé enginn hér innan veggja, sem ekki hefur myndað sér einhverjar persónulegar um vanda efnahagsmálanna, sem fram undan er. Það væri undarlegt, og ég mundi hneykslast á því, ef einhver væri hér innan veggja, sem ekki hefði myndað sér einhverjar persónulegar skoðanir um þessi mál.

Ég held, að það sé alveg ótímabært að taka afstöðu til persónulegra skoðana forsrh. eða annarra manna, sem tjá sína persónulegu afstöðu til máls. Hins vegar er öllum kunnugt, að það er sérfræðinganefnd á vegum ríkisstj., sem er að kanna öll rök í efnahagsmálunum, og það var m. a. upplýst af forsætisrh. í gær, að niðurstöður þeirrar sérfræðingaathugunar í efnahagsmálum væru væntanlegar upp úr næstu mánaðarmótum, ekki síðar heldur en viku af nóv. Þetta var eitt af því, sem hann upplýsti, og málið kæmi þannig fyrir Alþ. upp úr því. Það er meira bráðlætið hjá mönnum, ef þeir geta ekki beðið eftir þessu og þykir eitthvert undur hafa skeð, þótt forsrh. landsins láti í ljós sínar persónulegu skoðanir á vandamálum, sem fram undan eru, en blasa við í ákveðinni skýrri mynd fyrir öllum þingheimi eftir nokkra daga. Ég sé ekkert undarlegt við þetta. Þá fyrst mun ég og aðrir þm. telja okkur í aðstöðu til þess að taka afstöðu til vandamálanna, þegar sérfræðinganefndin hefur lagt málið fyrir í heild.

Forseti (EystJ): Ég vil beina því til manna, að ég tel þessar umr. fram og aftur um það, sem hæstv. forsrh. sagði, óviðeigandi að honum fjarstöddum. Ég mun veita hv. 1. þm. Reykv. orðið, hann hefur beðið um það, en eftir að hann hefur lokið máli sínu er umr. lokið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal verða við því, sem hæstv. forseti ætlast til, að ræða ekki efnislega ummæli hæstv. forsrh. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að taka það fram, að mér finnst brýn nauðsyn til þess, að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir eðli og innihaldi stjórnskipunar landsins og stjórnarfars okkar Íslendinga. Samkv. okkar stjórnskipun og stjórnskipunarrétti er ekki nein hemja í því og það er algerlega gengið á snið við eðli málsins, að hæstv. forsrh. einnar ríkisstj. tali í sölum Alþ., í sjónvarpi og í hljóðvarpi og lýsi sínum persónulegu skoðunum, eins og hann orðar það, á viðkvæmustu vandamálum, sem uppi eru í þjóðfélaginu og snerta alla þegna þjóðfélagsins, allan almenning og allar atvinnustéttir. Í slíkum málum hefur fólkið vanizt því fram til þessa, og það er samkv. okkar eigin stjórnskipun, að forsrh. tali fyrir hönd ríkisstj. Þetta er eðli málsins. Hitt er algerlega út í hött hjá hæstv. félmrh., hvort þm. eða aðrir hér innan sala myndi sér persónulegar skoðanir á þessum og öðrum málum. Það kemur ekki málinu við. En hæstv. forsrh. á annaðhvort að tala fyrir hönd ríkisstj. í slíkum málum eða þegja ella.

Forseti (EystJ): Þetta er að mínum dómi með öllu óþinglegt hjá hv. þm., sem hann sagði nú síðast að forsrh. fjarverandi. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel það með öllu óþinglegt að deila þannig á hann að honum fjarverandi. — Umr. er slitið.

Útbreiðsla sjónvarps, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og flestum landsmönnum mun vera ljóst, eru ýmis byggðarlög, sem hafa ekki ennþá möguleika á að sjá sjónvarp, og víða eru sjónvarpsskilyrði misjöfn, og þó að menn hafi af því einhver not, þá er ástandið alveg óviðunandi. Þannig er það t. d. víða í Norðurl. e. Þar eru heil sveitarfélög, sem hafa enga möguleika á því að sjá sjónvarp. Í Grímsey voru t. d. einhver skilyrði fyrst á árum sjónvarpsins, en nú eru þau sama og engin, a. m. k. venjulega. Það var áætlað að gera eitthvað í þessu á s. l. sumri, en því miður féll það niður. Í Öxnadalshreppi er þetta alveg eins. Þar sést ekki sjónvarp, og fremst á Þelamörk eru skilyrðin annaðhvort engin eða mjög slæm. Þarna eru um eða yfir 20 bæir í einni röð, ef svo má segja, þar sem fólk sér ekki sjónvarp. Sama má segja um Bárðardal. Þar er það aðeins á fremstu bæjunum, sem eru einhver mjög léleg skilyrði til sjónvarpsviðtöku, en annars staðar eru þau mjög léleg eða engin. Svona er þetta víða annars staðar, t. d. í kringum Laugar, á Yztafellsbæjunum í Köldukinn, og þannig mætti lengi telja. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra landsmanna?

2. Liggur fyrir kostnaðaráætlun til að ná því marki?

3. Á hvaða stöðum er talin þörf á að byggja sjónvarpsstöðvar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og hvenær er ráðgert, að það verði gert?"

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. menntmrh. hef ég verið beðinn að flytja svör við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. En spurningar hans varða eingöngu Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur, eins og fram kom af hans máli rétt núna, og svörin miðast að sjálfsögðu við það.

1. liður spurningarinnar var þessi: „Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til allra landsmanna?" Og 2. liðurinn: „Liggur fyrir kostnaðaráætlun til að ná því marki?" Svarið er þetta:

Að því er varðar 1. og 2. tölul. fsp., þá er þess að geta, að um 99% landsmanna hafa nú möguleika á að hagnýta sér sjónvarp, en um 1% eða samtals 471 sveitabýli búa við slæm eða ónothæf skilyrði til viðtöku sjónvarps. Sums staðar er um að ræða nokkra bæi, sem gætu notað sömu sjónvarpsstöð, og er stærsta svæðið með 17 býlum. Radíódeild Landsímans telur, að þurfa muni a. m. k. 150 stöðvar í viðbót við þær, sem fyrir eru, til þess að skapa öllum landsmönnum tæknileg skilyrði til sjónvarpsnota. Á síðustu áætlun Landsímans um þessi efni er lægsta kostnaðaráætlun fyrir litlar stöðvar uppsettar

um 1.5 millj. kr. Hér er þó ekki um endanlega kostnaðaráætlun að ræða, heldur aðeins mjög lauslega. Það er því fyrst og fremst fjárhagsatriði, hvenær sjónvarp nær einnig til 471 sveitabæjar, sem nú eru án viðhlítandi skilyrða til viðtöku sjónvarps. Eins og nú hagar til um fjárhag og tekjumöguleika Ríkisútvarpsins, er ekki rétt að gera ráð fyrir, að á þessu verði nein skjót lausn.

3. liður spurningarinnar var á þessa leið: „Á hvaða stöðum er talin þörf á að byggja sjónvarpsstöðvar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og hvenær er ráðgert, að það verði gert?" Við þessum lið fsp. er svarið þetta:

Varðandi 3. lið fsp. er rétt að geta þess, að fullgerðar eru sjónvarpsstöðvar á Vaðlaheiði, Hálsi, Hóli hjá Dalvík, Svarfaðardal, Ólafsfirði og hjá Goðafossi. Enn fremur eru fullgerðar stöðvar á Fljótsheiði og í Axarfirði að öðru leyti en því, að þar á að setja sterkari magnara, sem munu hafa í för með sér minni háttar úrbót á styrkleika stöðvanna. Á Heiðarfjalli átti að setja upp 5 watta magnara 1. sept. 1972, en vegna mistaka hjá framleiðanda varð að endursenda hluta magnarans til lagfæringa, og hefur framkvæmdin tafizt af þessum sökum. Ráðgert er að reisa stöð á Húsavíkurfjalli, en Ríkisútvarpið segir, að ekki hafi reynzt unnt að fá byggingameistara fram að þessu, en væntanlega hefjast framkvæmdir á næsta sumri. Þessi stöð mun veita Tjörnesingum þjónustu og bæta einnig skilyrði til viðtöku sjónvarps í Grímsey. Af þeim stöðum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, sem ekki njóta sjónvarps, má nefna hluta af Öxnadal og Hörgárdal, hluta af Bárðardal, enn fremur nokkur svæði með allt að 5 bæjum, sem ekki njóta sjónvarps, í Sölvadal og Torfufellsdal í Eyjafirði, í Fnjóskadal, Köldukinn og framarlega í Reykjadal, Laxárdal og á Tjörnesi (Mánárbakki). Í framkvæmdaáætlun Landsímans fyrir árið 1972 er gert ráð fyrir 15 nýjum sjónvarpsstöðvum í landinu, sem mundu þá þjóna frá 17 og niður í 8 bæjum hver um sig. Í þeirri áætlun eru m. a. Hörgárdalur og Öxnadalur, en vegna fjárhagsörðugleika Ríkisútvarpsins hefur ekki reynzt unnt að hrinda þessum fyrirætlunum í framkvæmd.

Þetta er svarið. En vitanlega er það svo, að í flestum héruðum landsins, ekki sízt á Austfjörðum og Vestfjörðum, er svipaða sögu að segja og hér, að þar eru allmörg sveitabýli, sem annaðhvort hafa mjög slæma eða alls ófullnægjandi aðstöðu til þess að geta notið sjónvarps. Þar er ýmist um einstaka sveitabæi að ræða eða nokkra, og væri hægt að leysa vanda þeirra með útvarpsstöð, en þetta er vitanlega mjög kostnaðarsamt viðfangsefni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en ég verð að segja það, að af þeim upplýsingum, sem Ríkisútvarpið og Landsíminn hafa lagt honum í hendur, er sýnilegt, að þar er um allmikla ónákvæmni að ræða. Ég gat um það í minni fyrri ræðu, að t. d. í Öxnadal og Þelamörk væru um eða yfir 20 býli á sama svæði, sem ekki hafa sjónvarp, en ég veit náttúrlega ekki, hvað tæknimenn Landsímans telja viðunandi skilyrði. Ég kom t. d. á einn af þessum bæjum og þar var talið, að það væru viðunandi skilyrði. En ég er vanur sæmilegum skilyrðum, og ég hefði ekki sætt mig við þau skilyrði. Ég veit t. d., að í Öxnadal og Hörgárdal eru þetta einhvers staðar nær 30 en 20 býlum, sem má segja, að séu samfelld byggð. Alveg sama er í Bárðardal. Það má heita, að þar séu engin skilyrði í öllum þeim dal, a. m. k. ekki viðunanleg skilyrði. Og ég harma, að það skuli ekki koma fram í þessum svörum, að það sé gert ráð fyrir því, að sú byggð fái betri skilyrði, t. d. á næsta ári, vegna þess að á bæjum t. d. í Bárðardal eru til sjónvarpstæki að ég held á hverjum einasta bæ eða svo til. Og ég held, að það verði að stefna að því og raunar gera kröfu til þess að koma sjónvarpinu, eftir því sem það er hægt, í þessar byggðir. Ég skil, að það er ekki hægt að gera allt í einu. En það verður að athuga, hvernig á að leysa þennan vanda, því að einmitt þessum afskekktu byggðum er hvað mest nauðsyn á því að hafa sjónvarpið, miklu meir en þéttbýlinu, og þess vegna þyrfti að vinna að því. Mér var t. d. kunnugt um það, að á áætlun Landsímans fyrir s. l. ár var þessi stöð að Ytri-Bægisá í Hörgárdal, og fólkið varð því mjög óánægt, þegar það kom í ljós, að af framkvæmdum gat ekki orðið nú. En ég verð að treysta því, að þetta mál verði skoðað af fjárveitingavaldinu og Ríkisútvarpinu og það verði gerð áætlun um það, hvernig á að leysa þetta mál, því að ég er sannfærður um, að hæstv. félmrh. er mér sammála um, að það þurfi eins fljótt og hægt er að koma sjónvarpinu á þá staði, sem það er mögulegt.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 26. okt., að loknum 8. fundi.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn með 32 shlj. atkv.

Nýting orkulinda til raforkuframleiðslu, þáltill. (þskj. 37). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlagaáætlanir, þáltill. (þskj. 39). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskveiðar og fiskvinnsla í Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 17). — Fyrri umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till., sem er kannske dálítið nýstárleg, en hún felur í sér í sem fæstum orðum, að í Norðurl. v. verði stofnað sameignarfélag allra þeirra aðila í þessu kjördæmi, sem stunda fiskveiðar á stærri skipum eða vinna úr afla í landi, og að ríkissjóði eða Framkvæmda-

stofnun ríkisins sé heimilt að eiga í þessu sameignarfélagi verulegan hluta, en þó ekki meiri hluta. Ástæðan til þess, að ég hef leyft mér að flytja þessa till., er fyrst og fremst sú, að þeir sem þarna koma af og til, sjá það býsna vel, hvað þetta kjördæmi er í raun og veru á eftir öðrum landshlutum að ýmsu leyti. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé í raun og veru fátækasta kjördæmi landsins. Þess vegna finnst mér vel réttlætanlegt að taka atvinnumál þess alveg sérstaklega til meðferðar. Og þá vaknar spurningin um það, með hvaða hætti er hyggilegast að byggja upp eða endurskipuleggja atvinnumál þessa kjördæmis.

Eins og annars staðar eru náttúrlega fiskveiðar og fiskvinnsla höfuðatvinnuvegur í kaupstöðunum og kauptúnum þarna, og staðreyndin er sú, að þessar einingar, eins og þær eru nú, eru flestar ákaflega smáar og vanmáttugar. Og þá er spurningin, hvort það er ekki hyggilegt að reyna að koma á samvinnu allra þeirra aðila, sem að þessum málum vinna. Hér er um að ræða kaupfélög í einstaka tilvikum og svo einstaklinga og hlutafélög. Á svæðinu eru allmörg frystihús og nokkur önnur aðstaða, nokkur skip, en engu að síður er staðreyndin sú, að stóran hluta úr árinu er svo slæmt atvinnuástand á ýmsum stöðum, að til hreinnar skammar er í raun og veru fyrir þjóðfélagið á þeim tímum, sem nú eru. Þetta hefur eitthvað batnað nú að undanförnu. En árangurinn af slíkri samvinnu hlyti að verða sá, að það mundi verða miklu betra fyrir slíkt fyrirtæki að koma fram og reyna að fá samþykkta verulega stærri áfanga í atvinnumálum kjördæmisins. Ég er sannfærður um, að slík samvinna mundi auka stórlega skilning á milli staða og samvinnu á milli staða, en við vitum það áreiðanlega allir hér, að á því er engin vanþörf í þessu landi, að staðir, sem liggja mjög nærri hver öðrum, fari að vinna meira saman að verkefnunum, eins og þau liggja við hverju sinni. Það eimir enn talsvert af þessari gömlu hreppapólitík, ef svo mætti segja, þar sem ekki má gera eitthvað á þessum stað, án þess að vekja öfund á öðrum stað. Ég held, að það þyrfti að vera heildarskipulag á þessu öllu, og ég held, að þetta hljóti ekki að vera eina landssvæðið, þar sem þetta væri heppilegt, heldur gæti verið um önnur landssvæði að ræða, þar sem samvinna gæti orðið veruleg.

Ég er alveg sannfærður um, að fjárfestingarsjóðir, bankar og aðrir aðilar, sem leggja fjármagn til atvinnulífsins, mundu miklu frekar hlusta á rödd slíks félags eða fyrirtækis, sem væri af þessari stærðargráðu, heldur en þegar hver er að hlaupa fyrir sig. Svo koma fulltrúar staðanna einn eftir annan til þm. og biðja um, að eitthvað sé gert fyrir þá, og þetta þekkja allir. Þetta er allt saman hálfgerð smáskammtalækning, finnst mér. Ég legg til, að ríkissjóði eða Framkvæmdastofnun væri heimilt að taka verulega þátt í þessu fyrirtæki. Mér finnst það eðlilegt, þegar um svona viðfangsefni er að ræða, að þá komi opinberir aðilar til, og ég get ekki meint annað en tilgangur Framkvæmdastofnunar eða Byggðasjóðs sé einmitt sá að vera aðili að slíku stóru verkefni.

Nú er það svo, að ríkisstj. hefur þegar tekið ákvörðun um það að vera mjög verulegur aðili að uppbyggingu atvinnulífs á Siglufirði, og það er þakkarvert. Þar eru þegar í pöntun tveir togarar og meiningin að koma upp stóru fiskiðjuveri. En mér finnst, að þessi viðleitni, sem þarna á sér stað, ætti einnig að ná til annarra nálægra staða, sem þurfa vissulega einnig á uppbyggingu atvinnulífsins að halda. Ég held, að samræmd vinna Siglufj., Hofsóss, Sauðárkróks og Skagastrandar mundi verða til mikils gagns fyrir alla þessa staði og fyrir kjördæmið í heild. Það er nú svo, að það eru komnir allgóðir vegir á milli staðanna. Það er þess vegna ekki neitt óskaplegt vandamál að flytja afla á milli. Ég veit líka, að þetta hefur verið reynt, en mistekizt. En það segir mér alls ekki, að það þurfi að mistakast að nýju. Ég hef enn fremur lagt til, að aðilar heima fyrir eigi meiri hlutann í þessu félagi, en hins vegar komi ríkið að verulegu leyti til aðstoðar. Það mætti gera tilraun í þessa átt,en kannske fæst þetta heldur aldrei samþykkt.

Ég tel, að svona aðgerð yrði allmyndarlegt átak í atvinnumálum eins kjördæmis. Það viðurkenna allir hv. þm., að þarna þarf einhverra aðgerða við, og það er alltaf verið að reyna að gera eitthvað smávegis. En mér finnst ekki hafa verið gert samræmt heildarátak í þessum efnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. atvmn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. taldi hana vera nýstárlega. Ég vildi nú öllu frekar segja, að hún væri kyndug, einkennileg, og hún er vægast sagt einkennileg af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi tel ég, að stefna sú, sem í henni felst, sé alröng. Raunverulega er um að ræða þjóðnýtingarstefnu, en hitt er þó kannske enn þá einkennilegra, að samkv. henni á að taka eignarráð af eigendum allra helztu atvinnufyrirtækja í einu kjördæmi landsins án minnsta samráðs við heimamenn og í andstöðu við vilja stjórnenda og eigenda þessara fyrirtækja, ég hygg allra. Mér skilst, að hugmynd flm. sé sú, að 13 fyrirtæki í Norðurl. v. verði aðilar að stórfyrirtæki því, sem hann ætlast til, að verði stofnað, þ. e. a. s. 3 fyrirtæki á Skagaströnd, 3 á Sauðárkróki, 2 á Hofsósi og 5 í Siglufirði. Mér er ekki kunnugt um, að neitt þessara fyrirtækja hafi samþykkt þessa ráðabreytni, og ég hygg raunar, að ekkert samband hafi verið haft við helztu ráðamenn þessara fyrirtækja. Ég veit ekki, hvaða orð hv. þm. vilja velja slíkum tillöguflutningi án alls samráðs við eigendur þessara fyrirtækja, en ég get varla komizt vægara að orði en svo að telja það frekju, eða eigum við kannske að segja framhleypni. Og raunar birtist í þessum tillöguflutningi sá gamli ofstjórnarhugsunarháttur, að pólitiskir spekúlantar eigi að ráða, en ekki vilji fólksins sjálfs, og þar að auki oftrúin á ríkisforsjána í atvinnumálum, aðalsmerki sósialismans, jafnvel og sú stefna hefur nú gefizt, þar sem hún hefur verið reynd í framkvæmd. Flm. segir þó í lítillæti sínu í grg.: „Þó tel ég ekki rétt, að meirihlutavaldið sé

tekið úr höndum heimamanna." Ja, mikið var. Hann virðist sem sagt ætlast til þess, að ríkið eigi tæpan helming í þessu stórfyrirtæki, sem hann boðar, en hinn helmingurinn skiptist á milli þessara 13 fyrirtækja, sem ég nefndi, og þau yrðu þá hvert um sig eigandi að hlut í þessu stórfyrirtæki, sem svaraði til um 4% að meðaltali. Þá þyrftu raunar aðdáendur ríkisrekstrarins ekki annað en ná yfirráðum í einu þessara fyrirtækja til að geta ráðskazt með stórfyrirtæki flm. eins og þá lystir.

Annars er raunar í till. talað um, að þetta skuli vera sameignarfélag, og það er alveg óljóst, hvernig flm. hugsar sér valdskiptingu í félaginu eða hvort allir eigendurnir eiga að bera fulla, ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Það virðist hafa verið lítið hugsað, eins og raunar málið í heild. En fyrirtæki þau, sem nú starfa að fiskvinnslu og útgerð í Norðurl. v., hafa flest verið stofnuð á allra síðustu árum af geysilegum dugnaði heimamanna, en með eðlilegri og sjálfsagðri aðstoð af ríkisvaldsins hálfu. Í sumum byggðarlögunum er svo til hver einasta fjölskylda þátttakandi í þessum atvinnurekstri, og má þar t. d. nefna Austur-Skagfirðinga og Skagstrendinga. En fólkið í þessum byggðum hefur gert sér grein fyrir því, að því aðeins er atvinnulífi heimabyggða þess borgið og héruðunum í heild, ef það binzt samtökum um að hrinda verkefnum á atvinnusviðinu í framkvæmd.

Það er rétt, að þessi fyrirtæki hafa átt við mikla erfiðleika að etja, en fram úr þeim hefur verið greitt með samhjálp heimamanna og stofnana á vegum ríkisins, og mörg þessara fyrirtækja eiga nú þegar verulegar eignir, þótt skortur sé rekstrarfjár, eins og svo títt er í íslenzkum atvinnurekstri. En nú er boðað, að þetta framtak eigi að brjóta á bak aftur til að ryðja braut einhverju ríkisbákni, sem sjálfsagt yrði mikill glæsibragur á fyrst í stað, meðan verið væri að sólunda tugum eða hundruðum millj. kr. En sannfærður er ég um, að fljótt færi glansinn af, og raunar vita menn það í þessu kjördæmi, ekki sízt í Siglufirði, hvernig fer, þegar eingöngu á að treysta á forsjá ríkisvaldsins.

Nei, stefna frjálsrar atvinnuuppbyggingar í eigu alþýðu hefur verið að ryðja sér til rúms á Íslandi á undanförnum árum og ekki sízt í Norðurl. v. Þessi stefna hefur þegar borið verulegan árangur, þótt ung sé að árum, og hún á áreiðanlega eftir að áorka mjög miklu, þótt að henni sé vegið, bæði með tillöguflutningi á borð við þann, sem hér er rætt um, og eins með þeirri fávíslegu ráðabreytni að nema brott úr lögum smávægileg skattfríðindi til þeirra, sem fé verja til atvinnurekstrar, eins og vinstri stjórnin hefur gert. En það ákvæði var, eins og kunnugt er, sett í lög til að vega nokkuð upp á móti skattfrelsi sparifjár. Og í mínum huga er enginn efi á því, að innan skamms muni verða tekin upp ný ákvæði til þess að auðvelda mönnum þátttöku í atvinnurekstri.

Það getur auðvitað verið skynsamlegt, eins og hv. flm. gat um, fyrir útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki að hafa samvinnu sín á milli, t. d. skipta afla, þegar mikið berst að á einum stað, en lítið eða ekkert á öðrum, og raunar er það gert og hefur verið gert um allt land. En að sjálfsögðu á það að byggjast á frjálsri samvinnu þessara fyrirtækja og frjálsum samningum þeirra á milli. Það á ekkert skylt við valdboð af ríkisins hálfu. Það hlýtur að verða gert með frjálsu samkomulagi atvinnufyrirtækjanna, en ekki samkv. forskrift að sunnan.

Flm. gat þess, að á Siglufirði væri verið að undirbúa byggingu fiskiðjuvers, og í grg. segir hann: „Þar hefur ríkissjóður haft forustu um þessa uppbyggingu." Sannleikur þess máls er þó sá, að það voru heimamenn, sem forustuna höfðu í tíð fyrrv. stjórnar. Þeir unnu að því að sameina öfl heima fyrir um nýtt atvinnufyrirtæki, líkt og gert hafði verið bæði á Hofsósi og Skagaströnd, svo að dæmi séu nefnd, og þeir höfðu fengið fyrirheit ráðamanna viðreisnarstjórnarinnar um öflugan stuðning við þetta framtak. Málið var þannig vel á veg komið, þegar stjórnarskipti urðu, en þá var breytt um stefnu, það er rétt. Það var breytt um stefnu að sinni, og ríkið hefur nú tögl og hagldir í fyrirtækinu Þormóði ramma, en þó er það í hlutafélagsformi og ráðgert að bjóða út hlutafé á meðal almennings og verður vonandi gert, áður en langt líður. En þegar það hlutafjárútboð fer fram, þá ber einmitt brýna nauðsyn til þess að búa þannig um hnútana, að það verða heimamenn, sem fyrirtækinu ráða, en hvorki pólitískir spekúlantar né embættismenn.

Flm. nefnir það sérstaklega, að á Hofsósi og Skagaströnd séu engir aðilar, sem geti varið verulegu fjármagni til atvinnuuppbyggingar. Það er rétt, að fólkið í þessum héruðum er engir auðmenn. En hitt er líka staðreynd, að þrátt fyrir það, að þessir peningar væru ekki til, þá voru fyrirtækin stofnuð. Fólkið lagði gífurlega hart að sér, það lyfti Grettistaki. Það safnaði fé hjá hverri einustu fjölskyldu, og það gerði mögulegt að hrinda þessum fyrirtækjum úr vör. Og þrátt fyrir ótrúlega erfiðleika, þá hafa þeir verið yfirstignir hver af öðrum á undanförnum árum og mánuðum. Og ég get sagt, að það er ekkert uppgjafarhljóð í fólkinu á þessum stöðum. Það má t. d. nefna það, að nú nýverið var stofnað hlutafélag um fiskvinnslu, rækjuvinnslu á Skagaströnd með um 2 millj. kr. hlutafé frá heimamönnum.

Að visu er rétt, að það hefur syrt í álinn fyrir allan atvinnurekstur vegna þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið. En fólkið fyrir norðan veit það, eins og fólkið annars staðar, að það koma betri tímar og það koma betri stjórnvöld, og þá verður hægt að efla atvinnurekstur á ný og skapa heilbrigðan grundvöll undir hann, og þess vegna hyggst fólkið ekki gefast upp. Það heldur áfram að reka sín fyrirtæki, og það mun áreiðanlega afþakka þjóðnýtingarfyrirtæki hv. flm. En hann hefur lagt til, skilst mér, að till. hans verði að lokinni umr. vísað til n. og 2. umr. Sízt harma ég það. Ég vildi gjarnan, að málið yrði rætt þrisvar eða fjórum sinnum, svo að það færi ekki framhjá neinum.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Á ýmsu átti ég nú von, en ekki þessu. Finnst hv. 5. þm. Norðurl. v. eiginlega allt í bezta lagi í kjördæminu okkar? Hefur hann ekkert orðið var við á undanförnum áratug, hvernig atvinnuleysið hefur þjáð þar fjölda fólks? Hann kallar þetta frekju og framhleypni í mér. Mér er nokkurn veginn sama um það. Það eina, sem ég er að reyna að leggja hér til, er, að reynt verði að byggja þar upp atvinnulíf á dálítið myndarlegan máta, en ekki sé alltaf verið að ausa peningum í smáfyrirtæki, sem svo venjulega, þrátt fyrir þetta indæla frjálsa framtak, eru í ofboðslegum vandræðum daginn eftir. Það hjálpar lítið atvinnulífinu þarna, þó að fyrirtæki einkaframtaksins sé á stöðunum, ef það er ekkert að gera þar. Mér finnst nefnilega, að atvinnumálin í þessu kjördæmi séu allt of stórt mál til þess, að þm. úr kjördæminu fari svo að bera öðrum á brýn, að þeir séu með frekju og framhleypni, þegar þeir eru að reyna að gera till. um, hvernig eigi að ráða fram úr málunum. Við skulum þá fá aðrar till. Ég hef aðeins borið þetta fram til umhugsunar fyrir þm. Náttúrlega er ekki nein forskrift í þessari till. um, hvernig þetta eigi að vera. Auðvitað ætlast ég ekki til, að þetta sé gert, ef fyrirtækin heima fyrir vilja ekki, að það sé gert. Ef þau vilja heldur búa við þann kost, sem hefur verið og er, þá auðvitað gera þau það. En það þýðir þá líka, að það verður að krefjast þess, að það sé full atvinna á stöðunum.

Mér fannst hv. þm. vera að gera hálflítið úr því, sem gert var fyrir fyrirtækið Þormóð ramma á Siglufirði. Ég vil ekki gera það. Ég álít, að stjórnvöld hafi tekið þarna mjög myndarlega á mjög erfiðu viðfangsefni, og ég efast auðvitað ekki um, að fyrrv. stjórn hefði gert það líka. En aðalatriðið er það, að ég vildi þá lýsa eftir till. frá hv. þm., og það getur vel verið, að við komumst að samkomulagi um einhvern annan hátt á þessu. En það dugir ekki fyrir þm. þessa kjördæmis eða annarra að horfa á atvinnuleysi, fátækt og eymd í sínu kjördæmi og segja svo bara, þegar till. koma fram: Þetta er frekja.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það gerist skammt stórra högga á milli í þjóðnýtingaráformum hv. flm. þessarar þáltill., sem hér er til umr. Ég var nú að líta á þskj. og sá þá, að hann leggur einnig til að þjóðnýta alla tryggingastarfsemi í landinu. Þetta er kannske smámál, sem við ræðum hér, miðað við það. Það á sem sagt að byrja, að hans dómi, mjög víðtæka þjóðnýtingarstarfsemi á Íslandi, og raunar getur hann þess í sambandi við þá þáltill., sem hér er til umr., að rétt kynni að vera að gera svipaðar ráðstafanir í öðrum landshlutum, það sé ekki bara hugmyndin að þjóðnýta útgerð og fiskvinnslu í Norðurl. v., heldur ættu önnur kjördæmi að huga að því, hvað þetta sé stórfengleg hugmynd.

Ég gleðst raunar yfir því, að flm. sagði hér áðan, að hann hyggist ekki knýja þetta fram gegn vilja heimamanna. Auðvitað mundi ég ekki vilja það, sagði hann eða eitthvað í þá áttina. En þáltill. hljóðar þannig, að Alþ. ályktí „að fela ríkisstj. að hlutast til um, að stofnað verði....“ Hvernig getur maður skilið þetta öðruvísi en þetta eiga að gera, og raunar kom fram í frumræðu flm., þegar hann sagði, að stjórnvöld mundu greiða fyrir slíku fyrirtæki miklu frekar en þeim litlu, þá kom það auðvitað í ljós, að stjórnvöld hafa það í hendi sér að knýja heimamenn til þessarar sameiningar, ef þau ætla sér það, einmitt með þessu ráði, sem hv. flm. benti á, með því að ráða yfir fjármagninu og segja: Herrar mínir, ef þið fallizt ekki á till., sem sjálft Alþ. er búið að samþykkja, þjóðnýtingartill., fáið þið enga fyrirgreiðslu. Við ætlum að láta féð í stórfyrirtækið. Hann kann ráðin. Hann þekkir svolítið inn á stórfyrirtæki, þar sem fjármagn hins opinbera er notað.

Að um frekju og framhleypni væri að ræða? Hvað er það annað en frekja og framhleypni að flytja till. um, að öll fyrirtæki heils kjördæmis séu þjóðnýtt, án þess svo mikið sem að tala um málið við einn einasta forráðamann fyrirtækjanna? Ég get ekki kallað það annað. Ég held, að allir séu mér sammála um það. Auðvitað má flm. hafa sína skoðun á málunum, en það er lágmarkskurteisi að tala við fólkið heima fyrir, jafnvel þó að það hefði verið andvígt hans till. Ég hefði þá ekki kallað það neina frekju, ef hann hefði flutt hana engu að síður. Hann má hafa sínar skoðanir. En hann hlaut að verða að tala við forráðamenn fyrirtækjanna, áður en hann fer með þetta mál inn á Alþ. Ég sný ekki aftur með, að það er hvort tveggja í senn frekja og framhleypni.

En hvort allt sé í bezta lagi í okkar kjördæmi, því miður er mjög langt frá því. Það þarf mjög að efla atvinnulífið þar. En ég sagði, að mjög hefði þó miðað í áttina á undanförnum árum með stofnsetningu þeirra fyrirtækja, sem komin eru á fót, og ég álít, að það sé sá vísir að atvinnurekstri, sem á að geta stóreflzt í þessu kjördæmi.

Hann spurði: Hvaða till. eru aðrar? Það er einfalt mál. Þær till. eru að efla þau fyrirtæki, sem fyrir eru, safna auknu fé til þeirra, stofna ný í eigu fólksins sjálfs og halda áfram þeirri stefnu, sem fólkið hefur markað sér og það ætlar sér að fylgja. Auðvitað eru erfiðleikar núna vegna rangrar stjórnarstefnu, og það er kannske ekki tímabært að gera þetta á þessum vikum. En það getur verið skemmra en menn halda í dag, þangað til brúkleg stjórn verður í þessu landi, og þá skulum við sameinast um að styrkja fyrirtækin heima fyrir.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Olíuverzlun, þáltill. (þskj. 19). — Fyrri umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ef síðasta mál á þessari dagskrá hefur verið nóg til þess að koma í gang umr. um grundvallarstefnur í atvinnumálum, býst ég við, að sú till., sem ég

mæli fyrir, geti ekki síður orðið til þess, enda þótt hún sé gamall kunningi í sölum Alþ., sem ekki verður sagt um hugmyndirnar um Norðurl. v.

Á þskj. 19, 19. mál, er till. frá þm. Alþfl. um endurskipulagningu olíuverzlunar í landinu. Till. er þannig að þessu sinni:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna n. til að gera till. um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra í landinu í því augnamiði að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara innanlands, svo að þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda."

Alþfl. hefur oft á umliðnum árum flutt eða stutt svipaðar till. og haft það á stefnuskrá sinni, sem ítrekað var síðast á sunnudaginn var, að olíuverzlun, olíuinnflutningur og olíudreifing á Íslandi eigi að vera í höndum ríkisins. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til þess að lýsa því, hvernig olíuverzlun Íslendinga er nú háttað. Innflutningurinn á mestöllum olíuvörum, sem hér er notaður, er í höndum ríkisvaldsins og annast það hann að verulegu leyti. Hins vegar er dreifingin á þessum vörum í höndum þriggja stórfyrirtækja hér innanlands. Árangur af því hefur orðið sá, að um landið allt, bæði í stórum byggðum og smáum, er víðast hvar þrefalt olíudreifingarkerfi, og hefur verið harla erfitt að sannfæra allan þorra landsmanna um, að þetta þrefalda kerfi væri hagkvæmt og leiddi til annars en aukins kostnaðar á þessum nauðsynlegu vörum. Hið sama má segja um dreifingu á olíu til húshitunar og raunar hvaða hluta olíudreifingar sem litið er á. Þá má einnig minna á staðsetningu stórra olíubirgðageyma. Eru þess dæmi, að geymar frá tveimur mismunandi félögum standi hlið við hlið, en væntanlega með tvöfalt starfslið til þess að gæta þeirra og vinna við þá.

Þessi till. okkar hljóðar, þrátt fyrir yfirlýsta stefnu okkar, ekki beinlínis um að fyrirskipa þjóðnýtingu á olíuverzluninni. Vegna reynslu undanfarinna ára og þeirrar tregðu, sem ávallt hefur reynzt vera á því að fá þetta mál kannað til botns, leggjum við til, að málið verði athugað og dregnar fram allar upplýsingar um það, en að þeirri athugun lokinni megi íhuga, hvers konar fyrirkomulag væri bezt að hafa á olíuverzluninni. Það er hægt að hugsa sér marga möguleika, t. d. þann, að innflutningurinn væri algerlega þjóðnýttur, en smásöludreifing gæti verið í höndum einstaklinga, samvinnufélaga og jafnvel annarra aðila, hugsanlega sveitarfélaga. Það er hægt að hugsa sér, að öll olíuverzlun og dreifing innanlands verði í höndum eins eða fleiri opinberra fyrirtækja, og um fleiri möguleika getur vissulega verið að ræða.

Ríkisstj. sú, sem sat á undan núv. ríkisstj., lét gera allmiklar rannsóknir á vissum þáttum þessara mála, og kann að vera, að þær rannsóknir geti auðveldað störf þeirrar n., sem við leggjum nú til, að verði sett í málið, og efast ég raunar ekki um, að þau gögn, sem þegar hefur verið aflað, muni létta störf n. Engu að síður er nauðsynlegt að ljúka þessum athugunum, leggja þær fram og gera sér grein fyrir því eftir einhverju öðru en einstrengingslegum pólitískum skoðunum, hvort menn telja hentugast fyrir Íslendinga, að olíuverzlunin sé að einhverju, nokkru eða öllu leyti í höndum ríkisins.

Herra forseti. Ég legg svo til, að till. verði vísað til atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og atvmn. með 31 shlj. atkv.

Samkeppnisaðstaða skipasmíðaiðnaðar, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þeim hv. 1. þm. Reykn., 2. þm. Vesturl. og 11. landsk. þm. að flytja á þskj. 12 till. til ál. um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan. Till. þessi var flutt seint á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu. Hún er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan, einkum í þeim löndum, sem nú eða náinni framtíð smíða fiskiskip fyrir Íslendinga. Könnunin skal einkum taka til samanburðar á beinni og óbeinni fyrirgreiðslu viðkomandi ríkisstj. til skipasmíðaiðnaðarins, samanburði á skattlagningu hans, mismunandi vinnulaunum, vinnutíma, svo og þeim þáttum, sem valda mestu um misjafnan beinan og óbeinan launakostnað skipasmíðastöðvanna í hinum ýmsu löndum, og enn fremur skal samanburðurinn ná til misjafnrar aðstöðu til innkaupa á vélum, tækjum og efni til smíðanna. Niðurstaða könnunarinnar verði til leiðbeiningar stefnu Alþ. og stjórnvalda um nauðsynlega fyrirgreiðslu við íslenzkan skipasmíðaiðnað."

Í grg. till. segir m. a.: „Vitað er, að skipasmíðaiðnaðurinn er sú iðngrein í veröldinni, sem ríkisstj. viðkomandi landa hafa einna mest afskipti að á einn eða annan hátt. Þá er óhætt að fullyrða, að þau kjör, sem verkafólk hefur á Spáni og í Póllandi, svo að dæmi séu tekin, eru ólíkt lakari en hér á Íslandi, sem auðvitað kemur niður á samkeppnisaðstöðu skipasmíðaiðnaðarins, þar sem sú samkeppni á sér stað án tollmúra á skráðu gengi viðkomandi gjaldmiðils."

Enn fremur segir: Ljóst er, að þegar ráðizt er í eins mikil skipakaup og nú er gert, er nauðugur sá kostur að smíða verulegan hluta þeirra erlendis, þar sem afkastageta íslenzka skipasmíðaiðnaðarins er minni en svo, að hann geti afkastað því verkefni einn. Á hinn bóginn verður að gera þá kröfu til stjórnvalda, að þau afli sér sem gleggstra upplýsinga um samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við þær erlendu stöðvar, sem smíða nú þessi skip fyrir Íslendinga, og geri jafnframt ráðstafanir til þess, að sú samkeppni leiði ekki til þess í framtíðinni, að veruleg atvinnustarfsemi flytjist burt úr landinu vegna ójafns aðbúnaðar og fyrirgreiðslu íslenzkra stjórnvalda við íslenzkan skipasmíðaiðnað miðað við það, sem gerist í aðalsamkeppnislöndunum."

Það hefur komið fram í fjölmiðlum og einnig í svonefndri stefnuræðu hæstv. forsrh., að

hæstv. ríkisstj. hyggist beita sér fyrir raðsmíði skuttogara innanlands. Því miður hefur aldrei mér vitanlega komið fram, með hvaða hætti þetta ætti að framkvæma. Það er mála sannast, að hefði slík könnun nú legið fyrir, væri miklu auðveldara fyrir hæstv. ríkisstj. að grípa til raunhæfra ráða til þess að sýna í verki þennan vilja sinn. Ég vil með einföldu dæmi leitast við að lýsa því, um hversu óeðlilega samkeppni getur verið að ræða milli erlends skipasmíðaiðnaðar og innlends. Mér hefur verið tjáð af mönnum, sem ættu að þekkja til, að ríkisstyrkir á hvern togara, sem samið var um smíði á suður á Spáni fyrir nokkrum árum á föstu verði, um það bil 150 millj. kr., nemi 45 millj. kr. á skip. Þetta merkir, að upphaflegt tilboð spönsku skipasmíðastöðvanna væri í raun 195 millj. kr. í hvert skip á föstu verði. Nú herma fregnir, að þrátt fyrir þetta tapi stöðvarnar um 20 millj. kr. á hverju skipi og séu fyrir þær sakir að komast í rekstrarþrot. Þetta merkir, að raunverulegt kostnaðarverð hvers skips fyrir Spánverja er 215 millj. kr. Þau tilboð, sem Slippstöðin h/f gerði í svipuð skip á sínum tíma og þóttu ekki samkeppnishæf, hefðu samkv. lauslegri athugun nú numið nálægt 200 millj. kr. á skip, og er þá reiknað með allri hækkun vinnulauna. Það er augljóst mál, að það borgar sig fyrir okkur Íslendinga, svo fremi sem gæði skipanna verði eins og til stóð og þau verði afhent, að kaupa skip af Spánverjum fyrir 150 millj., sem kosta þá 215 millj. og hefðu kostað okkur hér heima smíðuð um 200 millj. En kjarni málsins er sá, hvort slík viðskipti borga sig, þegar til lengdar lætur.

Spurningin er, hvort hægt sé að hugsa sér, að íslenzkur skipasmíðaiðnaður geti raðsmíðað skuttogara, þegar slíkir samkeppnishættir ríkja, við þann aðbúnað, sem honum er nú búinn frá hálfu stjórnvalda. Í fyrsta lagi sýnist mér það útilokað, og í öðru lagi virðist mér einsýnt, að það sé forsenda heilbrigðrar stefnu Alþ. og ríkisstj., að fram fari úttekt á því, hvort mikil brögð séu að viðlíka samkeppnisháttum og ég hef hér lýst. Vera má, að svo sé ekki og hér sé málum eitthvað blandað. Fyrr en könnun eins og sú, sem hér hefur verið lagt til, að gerð verði, hefur farið fram, vitum við ekkert til eða frá um þetta mikilvæga mál, sem á er að byggja. Það sýnir m. a. þá brýnu nauðsyn, sem er á að gera þessa athugun.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Forseti (GTh): Ég vil benda hv. þm. á það ákvæði í þingsköpum eftir breytinguna, sem gerð var á síðasta þingi, þ. e. við 15. gr., þegar ákvæðið var að stofna atvmn. í Sþ., að í þingsköpum segir, að til atvmn. skuli vísa þeim málum í deildum, sem landbn., sjútvn. og iðnn. mundu fjalla um, ef borin væru fram í frumvarpsformi. Mér virðist því eðlilegt, að þetta mál fari til atvmn. hér í Sþ. og geri það að till. í samráði við flm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vistheimili fyrir vangefna, þáltill. (þskj. 20). — *Ein umr.*

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. sú um vistheimili fyrir vangefna, sem hér liggur nú fyrir til umr., var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Tillgr. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú."

Ég vil í flestu styðjast við framsögu mína um mál þetta frá því í fyrra, enda er um óbreyttar aðstæður að ræða að langmestu leyti, en stytta þó mál mitt eins og kostur er.

Í grg. með till. okkar er rakið að nokkru leyti, hvernig staða þessara mála er í dag og ástæðurnar fyrir tillöguflutningnum. Við gerum okkur fullljóst, að hér eru og verða á margir erfiðleikar, og að sumum víkjum við í grg. Eins mætti spyrja að því, hvers vegna vangefnir eru teknir sérstaklega fyrir og stofnana óskað fyrir þá úti í landsfjórðungunum, en ekki fyrir einhverja aðra, sem hart verða úti í samfélaginu, ef ekki er beitt öllum tiltækum ráðum? Satt er það að vísu, að víða er þörf á úrbótum, en tvennt veldur tillöguflutningnum öðru fremur. Annars vegar mundu fleiri njóta nauðsynlegrar umönnunar, því að á því leikur enginn vafi, að foreldrar senda börn sín hiklaust frekar á slík heimili heima í fjórðungnum en t. d. hingað suður. Hin ástæðan er sú fullvissa okkar, að hin nauðsynlegu tengsl milli vistfólks og aðstandenda þeirra verði betur tryggð með vistheimilum í fjórðungunum og leyfum okkur að vitna til reynslu Norðlendinga af sínu ágæta heimili, Sólborg á Akureyri, en þar er að miklu leyti um þeirra eigið framtak að ræða. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu skilningur manna á þessum málum hefur aukizt á síðustu árum, og margt hefur í raun og veru verið gert til þess að gera þessu fólki lífið bærilegra.

Í framsögu á síðasta þingi rakti ég nákvæmlega flest það, sem unnið hefur verið á undanförnum áratugum til hjálpar hinum vangefnu, og ég læt nægja að vísa til þess, sem þá var sagt. Ég minni hins vegar á það, að vistmannafjöldi heimilanna í dag mun vera nálægt 320 og vantar þar af leiðandi töluvert mikið á það, að allt það fólk, sem talið er þurfa á slíkri aðstoð að halda, geti átt kost á hælisvist. Varðandi hin einstöku heimili, þá vil ég taka það fram sem mína skoðun, án þess að um hið minnsta vantraust sé að ræða eða á nokkurn hallað, að ríkið þarf hér að hafa sterka yfirumsjón, og móta í samráði við Styrktarfélag vangefinna starfsemi allra vistheimilanna, svo að tryggt sé, að þau búi við sem jafnasta aðstöðu og geti veitt vistfólkinu sem fullkomnasta aðstoð. Þó að hér geti framtak einstakra aðila komið að liði, þá þurfa menntamála- og heilbrigðisyfirvöld að vera hér hinn ráðandi aðili, enda stefnir öll þróun í þá átt.

Við flm. teljum ótvírætt, að frekari dreifing og uppbygging vistheimila verði hér til að koma. Það er sérstaklega vistheimilið Sólborg

á Akureyri, sem opnað hefur augu manna fyrir þörfinni í öðrum landshlutum, þar sem engin slík heimili eru, og ennfremur fyrir réttmæti þess að reisa þessi heimili einnig þar. Sólborgarheimilið hefur, að því er ég bezt veit, haft ágætum starfskröftum á að skipa, og það hefur stöðugt verið fullskipað vistfólki úr fjórðungnum og reynt eftir megni að leysa einnig annarra vandkvæði.

Helztu mótbárurnar, sem fram koma gegn þeirri hugmynd, sem hér er hreyft, lúta einmitt að þessu tvennu, annars vegar að nægilega gott starfslið fengist ekki og hins vegar væri tæplega um að ræða þann fjölda vistfólks í þessum fjórðungum, að mögulegt væri að reka heimili þessi af fullri reisn. Allir þekkja þær öflugu mótbárur, sem heyrast í sífellu hverju sinni, sem einhverja stofnun á að færa út á landsbyggðina. Við flm. till. viljum hiklaust andmæla öllum mótbárum gegn þessu. Við teljum, að það eigi að vera skylda ríkisins að dreifa stofnunum út um landsbyggðina. Það er eins sjálfsagt og dreifing verðmætasköpunarinnar, sem okkar þjóðfélag byggist á.

Ég vitnaði bæði í fyrra og eins nú til Sólborgar á Akureyri, og því sárara þótti mér að heyra það nú í sumar, að starfsfólk Sólborgar hefði talið frekari dreifingu vistheimila óraunhæfa. Það var talið nær að efla enn frekar stofnunina á Akureyri, og ekki skal ég úr því draga. Þetta er aðeins sönnun þess, að það vill oft verða svo, að um leið og einhverra vandi er leystur, þá gleymist hinum sömu vandi annarra. Einnig hér syðra hef ég rekizt á sams konar vantrú hjá einstaka forsvarsmanni þessara mála. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að ekkert starfsfólk mundi fást til slíkrar stofnunar úti á landsbyggðinni, á sama tíma og ekki er hægt að veita líkt því öllum námsaðstöðu við þroskaþjálfaskólann, sem um það sækja. Mér þykir hins vegar meira um vert, hve ágætar undirtektir þetta mál hefur fengið hjá þeim, sem kunna glögg skil á vandanum, m. a. hv. þm. Oddi Ólafssyni, sem studdi þetta mál drengilega í ræðu á síðasta þingi.

Ég ætla mér ekki að fara að víkja að vandamálum hinna vangefnu yfirleitt, en vil aðeins benda á það, að samkv. því, sem sálfræðingar og aðrir fróðir menn í þessum efnum telja, þá mun um 1% af fólki teljast vangefið að einhverju leyti. Af þeim fjölda, þ. e. rúmlega 2 þús. miðað við okkar íbúatölu, þá er talið, að um helmingur eða um 1 þús. þurfi aldrei á verulegri séraðstoð að halda, heldur aðeins á sérstakri hjálp, t. d. við allt nám. Hinn helmingurinn er svo talinn þurfa á ýmiss konar félagslegri aðstoð að halda, og þar af þurfi helmingur þess fólks að dveljast á einhvers konar hælum, eða um 500. Þetta eru að vísu að miklu leyti ágizkunartölur, en þetta eru háar tölur, einkanlega þegar þær eru skoðaðar í ljósi þess, hver vistmannafjöldi allra slíkra stofnana er í dag, sem mun vera, eins og ég sagði áðan, nálægt 320. Mismunurinn er svo augljós, að þessar tölur ættu ekki að vera til hindrunar á því, að till. okkar yrði rækilega athuguð og þörfin á þessum heimilum fullkönnuð.

Ég ætla heldur ekki að ræða ýtarlega um það, hver nauðsyn er talin á eðlilegum tengslum aðstanda við vistfólk, einkanlega fyrstu mánuðina. Það hygg ég að teljist nokkuð auðskilið mál.

Það er spurning, sem margir þeir, er um þessi mál hafa fjallað, hafa reynt að svara, hvort hin vangefnu börn eigi að vera heima eða ekki, þ. e. þau, sem aðeins teljast vanvitar. Við þessu virðast engin algild svör, en það er ljóst, að mikill fjöldi þeirra þarf af ýmsum ástæðum á séraðstoð að halda. Ég held, að það hljóti að verða framtíðarskipulag þessara mála, að út frá slíkum vistheimilum þróist alls konar hjálp og leiðbeiningar og sérfræðileg aðstoð við skóla og einstök heimili. Með því eykst gildi þeirra og þýðing enn frekar. Ég þekki vel til þeirrar tilfinningar, sem skólamaður um tveggja áratuga skeið, að hafa staðið vanmegna í viðleitninni til að hjálpa því fólki, sem erfiðast hefur átt. Og sú ósk er ekki ný í mínum huga, að þetta fólk ætti kost betri umönnunar, aukinnar þjálfunar hugar og handar, í stuttu máli sagt, þeirrar hælisvistar, sem hér er fram á farið, að veitt verði í landsfjórðungunum, eða þá sérstakrar aðstoðar annarrar, ef þörf krefði. Ég veit það, að það muni ekki standa á samtökum fólks heima fyrir að vinna ötullega að þessum málum, ef á þau kæmist hreyfing af hálfu ríkisvaldsins. Á þann stuðning og það frumkvæði er treyst, og í þá veru hnígur þessi tillögugerð. Auðvitað hlýtur það að verða kannað rækilega, hverjir möguleikar eru á rekstri slíkra heimila og hver þörfin er í heild sinni. Við flm. erum þess hins vegar fullvissir, að einmitt rækileg könnun þessara mála leiði bezt í ljós réttmæti þessa tillöguflutnings, og því skal þá treysta, að till. fái jákvæða afgreiðslu hér á Alþ. og farsæl framkvæmd fylgi á eftir.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leggja til, að máli þessu verði vísað til allshn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég kem hingað aðeins til þess að lýsa fyllsta stuðningi mínum við þessa till. Ég álít, að það að byggja vistheimili fyrir vangefna sé eitt af þeim verkefnum, sem ríkisvaldið verði að láta ganga nokkuð á undan ýmsum öðrum verkefnum. Ég er ekki viss um, að þetta verkefni sé gífurlega stórt, en það þarf fyrst og fremst að gera það. Það er til vansa fyrir okkar þjóðfélag að vita af því, að þessi þörf er fyrir hendi í ýmsum landshlutum og nákvæmlega ekkert sé gert til að bæta þar um. Ég tek þess vegna mjög sterklega undir það, að það eigi að gera átak til þess að koma þessum heimilum upp sem víðast um landið og sem næst aðstandendum þeirra, sem þarna þurfa að vera. Ég tel, að raunar hefði átt að vera búið að þessu, en vil fastlega skora á hv. þm. að láta það ekki bregðast, að þessi till., sem var flutt fyrir ári, komist nú áfram og henni verði fylgt eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um orlof þarf ekki langrar framsögu. Efnisatriði þess eru þrjú.

Það er í fyrsta lagi að fella niður 3. mgr. í 7. gr. gildandi orlofsl. Þessa mgr.: „Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega." Eins og menn muna, var alger samvinna milli vinnuveitendasamtakanna og Alþýðusambandsins um samningu laga um orlof, einnig um þetta atriði, en skömmu eftir að lögin tóku gildi fékk ég vitneskju um það frá sjómannasamtökunum, að þau töldu, að þessi mgr. skerti þann rétt, sem sjómenn hefðu áður notið, og vildu fara fram á, að sett væru brbl. um að nema þetta ákvæði úr gildi. Ég vildi ekki verða við þeim tilmælum sjómannasamtakanna og taldi, að það yrði að bíða aðgerða Alþingis. Þess vegna er þetta frv. fram borið. Með þessu frv. er þá orðið við ósk sjómannasamtakanna um að fella þessa mgr., 3. mgr. í 7. gr. l. um orlof, niður. Ýmsir útgerðarmenn hafa nú sagt mér, að þeir hafi ekki talið taka því að breyta framkvæmdinni frá því, sem áður var, þar sem sjómenn nutu orlofsfjár af skattskyldum tekjum, því að þeir höfðu ekki fengið út úr því annað en óánægju hjá sínum mönnum, og höfðu því framkvæmt þetta með sama hætti og áður en þessi setning komst inn í lögin. Ég hygg því, að í reynd hafi þetta ekki mikla breytingu í för með sér, nema sá réttur, sem sjómenn og sjómannasamtökin höfðu áður, verður viðurkenndur í lögum áfram, þegar þessi setning hefur verið felld í burtu úr gildandi orlofslöggjöf. Það má raunar segja, að þetta sé meginefni frv.

Annað efnisatriði er svo það, að vangreitt orlofsfé megi taka lögtaki og auðvelda þannig innheimtu á gjaldföllnu orlofsfé. Í sambandi við þetta er rétt að skýra frá því, að hvort eð var hefði burft að bera fram breytingu á orlofslöggjöfinni nú, vegna þess að með setningu orlofslaganna á s. l. ári var fastlega ráð fyrir því gert, að sú breyting yrði á framkvæmd orlofslöggjafarinnar, að orlofsmerki og orlofsbækur skyldu hverfa úr sögunni og nýtt kerfi tekið upp. Þetta kerfi var nokkurn veginn fullmótað á liðinu ári, en það þótti sjálfsagt, að það tæki ekki gildi fyrr en á næsta orlofsári, þ. e. a. s. 1. maí 1973. Hér verður um verulega breytingu á framkvæmd orlofslaganna að ræða, og ég vona, að sú breyting verði mjög til bóta, verði til þess að draga úr allmiklu skriffinnskukerfi, sem fylgdi orlofsbókunum og orlofsmerkjaútgáfunni, og þar að auki verði hið nýja kerfi til þess, að lagaákvæðin um orlof verði virkari en áður, því að vissulega er það á flestra vitorði, að þæði atvinnurekendur og verkafólk brutu lögin að þessu leyti. Það voru ekki alltaf gefin út orlofsmerki fyrir orlofsfénu, heldur orlofsféð borgað út í peningum ásamt vinnulaunum og þannig ekki tryggt, að þeim tilgangi laganna væri náð, að menn fengju orlofsféð þá fyrst í hendur, er fólk ætlaði sér að fara í orlof og hefði vottorð um, að það væri fastráðið, að það færi í orlof. Núna verður þetta þannig í nýrri framkvæmd, að í hvert skipti sem laun eru greidd skal launagreiðandi afhenda launþega launaseðil, sem sýni fjárhæð launa og orlofsfjár, og félmrn. lætur gera eyðublað fyrir launaseðil til þæginda fyrir aðila. Innan þriggja virkra daga frá útborgun vinnulauna skulu launagreiðendur svo greiða gjaldfallið orlofsfé til næstu póststöðvar samkv. nánari fyrirmælum póst- og símamálastjórnar. Orlof sjómanna á fiskiskipum má þó inna af hendi þrisvar á ári, þar sem ákvæði er í kjarasamningum um kauptryggingu og kauptryggingartímabil eftir 15. maí, eftir 15. sept. og í árslok. Greiðslunni skal fylgja skilagrein á þar til gerðu eyðublaði, sem rn. lætur gera í samráði við póst- og símamálastjórnina, eða á öðru því eyðublaði, sem samþ. væri af henni. Eyðublöð þau, sem ég hef hér rætt um, fá launagreiðendur afhent á póststöðvum. Póststöðvarnar eiga að gera grein fyrir innborguðu orlofsfé ásamt nánari reglum Pósts og síma ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þar sem kannske mestu máli skiptir um, að þetta geti ekki brugðizt, skal Póstur og sími sjá um nauðsynlega úrvinnslu þeirra gagna, sem berast frá póststöðvunum. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar annast skýrsluvélavinnslu eftir nánari ákvörðunum póst- og símamálastjórnar. Á þriggja mánaði fresti skal svo Póstur og sími senda launþegum reikningsyfirlit, sem sýni fjárhæð móttekins orlofsfjár, frá hvaða launagreiðendum það er og fyrir hvaða tímabil. Auk þess getur svo launþegi fengið slíkt yfirlit hvenær sem er gegn því að greiða sérstakt gjald. Þegar launþegi hefur fengið reikningsyfirlit Pósts og síma, skal hann með samanburði við launaseðla sína ganga úr skugga um það, að orlofsfé hafi verið greitt hans vegna, svo sem fyrir er mælt. Ef launþeginn telur, að misbrestur hafi orðið á skilvísri greiðslu orlofsfjár, ber honum að tilkynna það næstu póststöð og leggja fram launaseðla og reikningsyfirlit eða myndrit af launaseðlunum máli sínu til stuðnings. Skal þá póststöð gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna vanskilanna, og kemur þá til framkvæmda annað efnisatriðið frv., sem sé, að vangreitt orlofsfé megi taka lögtaki.

Það er og sett að skilyrði til öryggis í þessum efnum, að hlutaðeigandi stéttarfélag og vinnuveitendafélag fær skýrslur um greiðslu orlofsfjár. Verða þannig bæði samtökin þess einnig vör strax, ef um vanskil á orlofsfé er að ræða, svo að það er ekki eingöngu byggt á því, að launþeginn sé svo vakandi um sinn hag, að hann beri saman launaseðla sína og orlofsmerkjagreiðsluna samkv. uppgjörinu frá póst- og símamálastjórninni. Þetta ætti því að vera undir eftirliti þriggja aðila, allra þeirra aðila, sem málið varðar. Þetta er orðið umsamið mál, öll framkvæmdin. Reglugerð hefur verið gefin út um framkvæmdina, og hún hefur verið sett í samráði við bæði Vinnuveitendasamband og Alþýðusamband Íslands. Allir þessir aðilar eru sam-

mála um að nota póstgírókerfið til þess að framkvæma þetta og láta framkvæmdina ganga þá leið í staðinn fyrir með orlofsmerkjaútgáfu og orlofsbókum, sem hingað til hafa verið í gildi og eru í gildi til 1. maí n. k.

Þriðja efnisatriðið í frv. er svo breytingin við 11. gr. í gildandi orlofsl., þ. e. a. s. það er engu breytt, sem í þeirri gr. stendur, en viðbót á að koma, sem er á þessa leið: „Kostnaður við framkvæmd gr. þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.“ Ríkissjóður hefur borið kostnaðinn af framkvæmdinni, eins og hún hefur verið og er, þ. e. a. s. við merkjaútgáfuna og útgáfu orlofsbókanna, en sá kostnaður fellur nú niður. Vissulega verður kostnaður við fyrirgreiðslu þá, sem Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar koma til með að annast, en það er talið, að rétt sé að halda þessu ákvæði í lögum, að ríkissjóður beri kostnaðinn, sem af þessu kann að leiða. Hins vegar er talið víst, að vaxtatekjur þær, sem koma af geymdu orlofsfé hjá Pósti og síma, muni að öllum líkindum nægja og e. t. v. gera betur en að standa undir þessum kostnaði, svo að væntanlega ætti ekki að koma til þess, að ríkið þyrfti að bera af þessu ákvæði neina byrði.

Þessi þrjú efnisatriði eru í frv. og önnur ekki. Eru þau vegna breytts fyrirkomulags á tilhögun orlofsfjár og innheimtu þess og til leiðbeiningar samkv. ósk sjómannasamtakanna, að því er varðar niðurfellingu á mgr. í 7. gr., og í þriðja lagi til þess að gera innheimtu orlofsfjárins auðveldari með því að heimila lögtaksrétt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv.félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj 29). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég ásamt hv. þm. Páli Þorsteinssyni og Jóni Helgasyni fram frv. til l. um sama efni og það, sem nú birtist á 29. þskj. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Frv. fór til sjútvn. og var sent út til umsagnar. Umsagnir bárust nokkuð seint, en þær voru allar jákvæðar. Mælt var þó með nokkrum breytingum á upprunalegu frv. Við flm. féllumst á að gera þær breytingar, og var málið þannig afgreitt frá hv. sjútvn. til hv. d. í lok þings. En það fékk ekki framgang vegna tímaleysis.

Nú leggjum við fram þetta sama frv., eins og það breyttist í meðferð hv. sjútvn., og gerum okkur þá jafnframt vonir um, að það fái fljóta afgreiðslu. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég hef áður flutt það mál hér í hv. d. Ég vil aðeins leggja áherzlu á það, að ég hygg, að mönnum sé nú jafnvel enn augljósari en áður nauðsyn þess, að þjónusta sú, sem hér um ræðir, flytjist út í dreifbýlið, í landshlutana. Mönnum er vel kunnugt um þær miklu kröfur, sem gerðar eru til sjávarútvegsins og þær stórkostlegu endurbætur, sem fram munu fara á frystihúsum á næstunni. Menn þekkja einnig þær kröfur, sem verða gerðar um hollustuhætti og eftirlit með þeirri mikilvægu framleiðslu, sem þar á sér stað. Það er vafalaust og hygg ég, að enginn hreyfi þar mótmælum, að til þess að vel megi takast, verður eftirlit með þessari framleiðslu að aukast og ekki síður leiðbeiningastarfsemi og þjónusta hvers konar við þá, sem í þessari framleiðslu eiga.

Á einum stað á landinu hefur brautin verið rudd með samkomulagi fiskframleiðenda og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir hönd ríkisvaldsins. Það er í Vestmannaeyjum. Eins og frá hefur verið skýrt í fjölmiðlum hefur þegar verið sett á fót þar rannsóknarstofa með samvinnu þessara aðila. Hygg ég, að fiskiðnaðurinn hafi greitt stofnkostnaðinn, en hið opinbera greiði rekstrarkostnað. Stöðin er rekin af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og sérfræðingar, sem þar starfa, eru henni tengdir.

Mér sýnist þarna um svo athyglisverða framkvæmd að ræða, að ástæða sé til þess, að löggjafarvaldið lýsti yfir þeim vilja sínum, að svipað sé gert á fleiri stöðum í þessu landi.

Í upprunalegu frv. höfðum við flm. gert ráð fyrir því, að tilgreindir yrðu ákveðnir staðir, þar sem slíkar stöðvar skyldu settar á fót í fyrstu atrennu. Í umsögnum, sem bárust, var talið, að slíkt þyrfti nánari athugunar við og væri eðlilegra, að það væri á valdi sjútvrh. Á þetta höfum við fallizt, en ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel lágmark, að ein slík stöð komi upp í landsfjórðungunum, e. t. v. á Vesturlandi, þó að þeir hafi nú betri aðgang en aðrir að Reykjavík, en örugglega á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

Ég vil einnig vekja athygli á þeirri staðreynd, að svipaðar kröfur um hollustuhætti eru og munu vera vaxandi í ýmsum öðrum matvælaiðnaði. Svo er í sambandi við sláturhúsin, sem eru nú óðum endurbyggð. Svo er einnig í sambandi við mjólkurvinnslustöðvar og yfirleitt allan annan matvælaiðnað. Ég tel vafalaust, að meiri þjónusta við þessar atvinnugreinar verði nauðsynleg í náinni framtíð. Því er í frv. jafnframt vakin athygli á því, og raunar lögð á það áherzla, að stöðvar þessar veiti einnig öðrum matvælaiðnaði þjónustu eins og þær geta og þörf krefur.

Loks vil ég geta þess, sem raunar ætti að vera augljóst, að jafnvel lítill þáttur, sem þessi, með einum til tveimur sérfræðingum og lítilli rannsóknarstofu getur haft hin mikilvægustu áhrif í átt til góðrar byggðaþróunar á litlum stöðum úti um land. Það er oft ótrúlegt, hve slíkur jafnvel lítill kjarni getur skapað í kringum sig.

Á Ísafirði er nú kominn menntaskóli, sem vex og dafnar vel. Stofa sem þessi ætti að mínu viti að vera í tengslum við þennan skóla. Sérfræðingar gætu veitt þar kennslu og nemendur fengið nokkra þjálfun. Á slíkri rannsóknarstofu gætu þeir kynnzt gæðaeftirliti, þessum mikilvæga þætti nútíma atvinnuvegar.

Ég hef með frv. í þessari d. hreyft þeirri hugmynd, að fiskvinnsluskóli yrði stofnaður á Ísa-

firði. Það er ljóst, að þegar slík rannsóknarstofa er komin, er aðstaða öll til slíkrar kennslu stórum betri. Þannig getur þetta þróazt stig af stigi og orðið ekki lítill þáttur í heilbrigðri byggðaþróun. M. a. af þessari ástæðu leyfi ég mér að vona, að mál þetta fái góða og skjóta afgreiðslu í hv. d., og leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Tímabundnar efnahagsráðstafanir, frv. (þskj. 24). — Frh. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að ræða þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., sérstaklega við þessa 1. umr., en vegna vissra ummæla, sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann mælti fyrir því frv. hér í hv. d. á dögunum, þótti mér rétt að segja hér nokkur orð um það, og er þá að nokkru leyti um efnisþætti frv. sjálfs og að öðru leyti vegna ummæla, sem féllu í ræðu hæstv. ráðh. hér, eins og ég áður sagði.

Ef ég hef tekið rétt eftir máli hæstv. ráðh., þá sagði hann eitthvað á þá leið, að við það hefði verið miðað, þegar þessi brbl. voru sett, að ekki væri hallað á neinn sérstaklega. Það má vel vera, að það hafi tekizt að koma þessum málum þannig fyrir, að það væri ekki, en ég dreg það þó mjög í efa. Og mér er það sérstaklega ljóst, að varðandi þá atvinnustétt, sem ég þekki bezt, bændurna í landinu, hefur þetta ekki tekizt að mínum dómi. Ég vil einnig ætla, að bændur og bændasamtökin hafi ekki reiknað með því, að þannig yrði að staðið af þeirri stjórn, sem nú situr í landinu, að hallað væri á þá sérstaklega, þegar kæmi að einhverjum efnahagsráðstöfunum í hennar tíð. Byggi ég það á því, að í málefnasamningnum, sem stjórnin mun starfa eftir, standa þessi orð: „Miða skal jafnan við það, að kjör bænda verði sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta.“ Eftir því sem ég kemst næst og hef punktað hjá mér, viðhafði hæstv. forsrh. ummæli í sambandi við verðlagingu landbúnaðarafurða í ræðu sinni hér á dögunum á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. kom í veg fyrir hækkun á verðlagi á landbúnaðarvörum, sem talið var að að óbreyttum lögum mundi nema um 2.2 vísitölustigum, og munaði þar mest um laun bóndans sjálfs, um eitt vísitölustig.“

Ég hygg, að ég hafi tekið þetta rétt upp. Mér hefur ekki heppnazt að ná þessum ummælum, því að með þeim aðferðum, sem nú er beitt við útgáfu umr. í þinginu, þá hef ég ekki getað rekið mig á ræðuna hér í málefnamöppunum, sem við höfðum áður aðgang að. En séu þessar upplýsingar réttar, sem ég efast ekkert um og ætla ekki að rengja, þá verður það náttúrlega alltaf í sjálfu sér matsatriði, hvenær launahækkanir teljast eðlilegar miðað við aðra eða ekki. Ég skal ekki fella um það neinn sérstakan dóm. Þó vil ég benda á það, að launahækkanir bóndans koma jafnan eftir á. Þær koma eftir á vegna annarra launahækkana. Og því er það, að sá, sem enn verður að bíða, stendur verr að vígi en sá, sem þegar hefur fengið hækkun.

Í öðru lagi tel ég rétt að líta til þess, að það, sem ekki er vegna launa bóndans sjálfs, sem í þessu tilfelli mundi vera 1.2 vísitölustig, til hækkunar. Það er vegna kostnaðar, sem bóndinn er búinn að leggja fram í sínum atvinnurekstri áður. Það eru ýmis hlutir, sem hafa hækkað frá því að síðast var saminn og reiknaður út verðlagsgrundvöllur, hækkanir, sem orðið hafa, og ég ætla ekki að benda á neitt sérstaklega í þeim efnum, en þó hygg ég, að einna stærsti liðurinn í því muni vera áburðarkostnaður frá s. l. vori, sem hækkaði verulega. Ég vil því halda því fram, að þessar aðgerðir hafi orðið til þess að þrengja mjög hag bænda á þessum tíma, sem þessar tímabundnu efnahagsráðstafanir taka til eða verðstöðvunin, — þær verði til þess að þrengja mjög hag bænda frá því, sem áður var, og ég tel það mjög óeðlilegt, að þannig skyldi að málunum staðið, því að það er oft búið að halda því fram, og ég hygg, að oft hafi mátt gera það með rétti, að bændur væru ein tekjulægsta stétt í þjóðfélaginu. Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði.

En það er annað í þessu efni, sem ég vildi gjarnan taka til meðferðar vegna þeirra ummæla, sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. og þeirra almennu aths. og fullyrðinga, sem hann fór hér með í ræðu sinni, um úrbætur í þessum málum. Ég ætla ekki að ræða það, hvaða hugmyndir hann var með í þessu efni. En hann taldi, að það mundi ekki líða langur tími, þangað til n. sú, sem skipuð hefur verið ríkisstj. til ráðuneytis um þessi efni og kölluð hefur verið valkostan., mundi koma fram með sínar till. Ég hefði talið, að það væri eðlilegt, að þær færu að koma, svo mjög sem þetta málefni varðar miklu fyrir alla landsmenn. Það eina, sem ég hef séð frá þessari valkostan., er það, að einn nefndarmanna hefur komið fram með vissar hugleiðingar um þessi efni á sama hátt og hæstv. forsrh. hefur gert, þó að þær hugleiðingar gangi hreint ekki í sömu átt. Ég tel, að það sé á engan hátt eðlilegt að viðhafa þessi vinnubrögð af þeim aðilum, sem eru í ábyrgum stöðum um þessi efni. Það hefði verið eðlilegra, að sjónarmið þeirra hefðu verið samræmd, áður en þær komu fram fyrir alþjóð. Það, sem ég á við, er ræða eða útdráttur úr ræðu eftir Þröst Ólafsson hagfræðing, sem birt er í Þjóðviljanum 24. okt. Þessar hugleiðingar Þrastar Ólafssonar bera í blaðinu yfirskriftina: „Kerfið hagnýtir ekki auðlindirnar, heldur sóar þeim.“ Nú er mér ekki alveg ljóst, hvaða kerfi þetta er. Hann minnist að vísu í þessu máli á 2—3 kerfi, sem eru samræmd um aðgerðir, og að mér skilst hefur það þessar verkanir í för með sér, að sóa auðlindunum. Ég ætla ekki að ræða þetta neitt ítarlega, en ég vil aðeins minna á það, sem hagfræðingurinn segir um eitt af kerfunum í kerfinu. Hann segir hér: „Athugum vísitölukerfið. Vísitölukerfið átti í eina tíð að

vernda launafólk, einkum þá lægst launuðu, gegn verðþenslu. Í dag hindrar það, að hægt sé að bæta lífskjör þeirra, því að vísitalan mælir jöfnum höndum nauðsynjar fólks, munaðarvörur og hagstjórnartæki ríkisins. En bætt lífskjör fást tæplega lengur með hærri einkaneyzlu, heldur í stóraukinni samfélagslegri þjónustu. Núv. vísitölukerfi kemur í veg fyrir það. En það er augljóst mál, að vísitölunni verður að breyta, án þess verða engar efnahagsaðgerðir framkvæmdar." Mér finnst þarna kveða við algerlega nýjan tón frá Þresti Ólafssyni hagfræðingi, svo að ég gat ekki neitað mér um að benda hv. þd. á þessi ummæli sérstaklega, og það því fremur, þegar þarna virðast geta runnið saman skoðanir hæstv. forsrh. og hagfræðingsins, þar sem báðir virðast telja líklegasta úrræðið að breyta vísitölunni. Á hvern hátt, er erfitt fyrir okkur að fullyrða, en ég hygg, að það sé ekki ég einn, sem tel, að það sé nýmæli, þegar það kemur úr hópi þeirra manna, sem telja sig fyrst og fremst vera forsvarar launþeganna, að vísitölunni þurfi að breyta og að hún sé eins hættuleg og hún er.

Það er fleira, sem hagfræðingurinn kemur fram með í þessari grein sinni, eða útdrætti úr ræðu og mér þykir eðlilegt að benda hér einnig á og eru ugglaust hans persónulegu skoðanir. Meðal annars segir hann um verðlagsþróunina og kaupmáttinn: „Meðal-árleg verðlagshækkun á árabilinu 1950—1971 er um 11%, en meðalárleg gengisfelling nemur á sama tíma 9.6%. Þessi verðhækkun var nokkuð minni á fyrri áratugnum, eða 9.8% milli 1950 og 1960, en 12.6% á árabilinu 1960—1971. Vonandi eru þetta engin álög, sem þjóðin getur ekki losnað úr. En sennilegra er þó, að óbreyttur grundvöllur efnahagslífsins bjóði ekki upp á annan valkost, hvort sem okkur líkar betur eða verr." Þetta segir hagfræðingurinn. Þetta þykir mér afar athyglisvert, að hann skuli halda því fram, að naumast verði um aðra valkosti að ræða en fella gengið. Ég get ekki heldur látið hjá líða, að undirstrika þetta og benda á, að mér sýnist þetta ganga í allt aðra átt en stjórnarsamningurinn segir til um, þar sem það er greinilega tekið fram, að ríkisstj. muni ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum.

Nú það eru fleiri úrræði, sem hagfræðingurinn telur að mögulegt sé að beita í þessum efnum, sem ég sé ekki ástæðu til að taka sérstaklega til athugunar, en þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á það, sem hann segir nærri lokum sinna hugleiðinga: „Ég er þeirrar skoðunar," segir hagfræðingurinn, „að hækka beri vexti verulega, ef ekki verði hægt að halda verðlagi í skefjum".

Ég ætla ekki að rekja þetta efni frekar og ekki að lengja þessar umr. meir, en ég verð að segja það, að ég tel, að þegar hæstv. forsrh. og einn af nefndarmönnum valkostan. eru að tjá almenningi sínar persónulegu skoðanir á þessum mikilvægu og viðkvæmu málum, sem efnahagsmálin óneitanlega eru, hljótum við alþm. að krefjast þess, að óvissa um endanlegar ákvarðanir ríkisstj. standi ekki lengur en orðið er. Vegna þessara skoðana minna, kvaddi ég mér hljóðs og kom fram með þær aths., sem ég hef hér flutt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að óska eftir því hreinskilnigslega sagt, að hæstv. forsrh. svari nokkuð þeim fsp., sem til hans var beint hér í hv. d. af hv. 2. þm. Norðurl. e. Mér finnst það lágmark, að við þm. fáum upplýsingar frá hæstv. forsrh. um ýmis þau atriði, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. vakti athygli á. Sannleikurinn er sá, að það vakti töluverða athygli, þegar hæstv. forsrh. ræddi hér nokkuð um frv. til l. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, að hann sagði í öðru hverju orði, að það væri sín persónulega skoðun. Nú er það út af fyrir sig fróðlegt að vita persónulegar skoðanir hæstv. forsrh., en það er nauðsynlegt að undirstrika, að hæstv. forsrh. ber stjórnskipulega ábyrgð á verkum og skoðunum ríkisstj. í heild. Það er því krafa þm. almennt, að fram komi skoðun ríkisstj. sem slíkrar, fram komi sú stefnumótun af hálfu hæstv. ríkisstj., sem boðuð hefur verið, en lítið hefur sézt bóla á nema að því er snertir persónulegar skoðanir hæstv. forsrh.

Það var vakin athygli á því í umr. hér um þetta mál í fyrri viku, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði haft mörg og stór orð um þann vanda, sem stæði fyrir dyrum við lok verðstöðvunar þeirrar, er sett var í nóv. 1970. Það bar mjög á góma í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 1971, hvaða úrræði væru til staðar til úrlausnar þeim vanda, er biði við lok þeirrar verðstöðvunar. Það var held ég ekki ofmælt, að það væri loforð núverandi stjórnarflokka að sjá svo um, að þeirri hrollvekju, sem þá mundi koma, yrði bægt frá dyrum Íslendinga.

Nú vildi ég gjarnan spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða ráðstafanir hefur núv. stjórn gert í þeim efnum? Við höfum ekki orðið vör neinna sérstakra ráðstafana að þessu leyti. Og sannleikurinn er sá, að núv. stjórnarliðar kenna verðstöðvuninni 1970 eða lokum hennar um verðhækkanir, sem síðan hafa orðið. Það var að vísu svo, að hv. 2. þm. Norðurl. e. fór nokkuð inn á þessi efni, og þess vegna er ekki ástæða fyrir mig að endurtaka mjög mikið af því í þessum umr. En ég vil þó taka það skýrt fram, að sé það rétt hjá hæstv. forsrh. og stjórnarliðum, að þær verðhækkanir, sem orðið hafa í tíð núv. stjórnar séu fyrrv. stjórn að kenna, þá er það þó alveg ljóst, að núverandi stjórn hefur mistekizt að bægja hrollvekjunni frá dyrum Íslendinga, mistekizt að efna það loforð sitt.

Nú vil ég halda því fram, að lok verðstöðvunarinnar frá 1970 hefðu ekki þurft að vera neitt vandamál í sjálfu sér, nema til hefði komið málefnasamningur núv. hæstv. ríkisstj., sem að vísu hefur verið kallaður Ólafskver, en má miklu fremur kalla „óðinn til verðbólgunnar". Þar er í flestum atriðum um að ræða þá loforðaskrá, sem gerir það að verkum, að eyðslan er aukin, útgjöld atvinnuveganna eru hækkuð og í kjölfar og samhliða fer hækkandi verðlag í landinu. Þetta hefur og orðið orð að sönnu í þeirri reynslu, sem við höfum vitnisburð um á liðnum mánuðum.

Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh., hvað valdi því, að hann telji nú nauðsynlegt að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, þegar hann ræðir um væntanlegar efnahagsráðstafanir, en var á móti því, að svo litlu leyti sem verðstöðvunarl. frá nóv. 1970 gerðu ráð fyrir slíku. Þau gerðu ráð fyrir því, að frestað yrði greiðslu tveggja vísitölustiga til loka verðstöðvunar þá, 1. sept. 1971. Hæstv. forsrh. beitti sér gegn því. Þá hafði hann engan skilning á nauðsyn þessa. Í verðstöðvunarl. frá 1970 var gert ráð fyrir því, að tiltekin ein hækkun á áfengi og tóbaki kæmi ekki fram í kaupgreiðsluvísitölunni. Nú hefur hæstv. forsrh. sagt bæði í blaðaviðtali í Morgunblaðinu og túlka má orð hans í hv. þd. í síðustu viku á sömu lund, að það sé óheilbrigt, að verðhækkanir á áfengi og tóbaki komi fram í kaupgreiðsluvísitölunni. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvað valdi skoðanaskiptum hans.

Það hefur verið sagt hér á þingi, bæði í Sþ. og hv. þd., að allir mögulegir mátar hafi verið nýttir um útreikning á kaupgreiðsluvísitölu og tengslum hennar við framfærsluvísitölu, það hafi ýmist verið boðað, að kaup skyldi greitt samkv. kaupgreiðsluvísitölu eða það hafi verið lagt á vald aðila vinnumarkaðarins að semja um grunnkaup með tilliti til þess framfærslukostnaðar, sem verið hefur á hverjum tíma, og allt þar á milli. Gott og vel. Það er sjálfsagt alveg rétt, að margar leiðir hafa verið reyndar í þessum efnum. En ég hygg, að við sjálfstæðismenn höfum ávallt verið sjálfum okkur samkvæmir og gert okkur grein fyrir því, að ekki væri unnt að haga svo kostnaði atvinnuveganna í landinu, að þeir stöðvuðust. Og við höfum viljað horfast í augu við vandann og gera þær samræmdu ráðstafanir, sem dygðu til þess, að fjármagnið leitaði til atvinnuveganna og atvinnuvegirnir blómstruðu, gætu umfram allt veitt trygga og örugga atvinnu, sem ein væri grundvöllur batnandi lífskjara í landinu. Þegar því hefur verið að skipta og nauðsyn hefur krafið, eins og talið var, þegar verðstöðvunarl. 1970 voru sett, þá var horfzt í augu við það, að ekki var unnt að greiða laun samkv. kaupgreiðsluvísitölunni að fullu. Það var frestað tveim vísitölustigum um nokkurra mánaða skeið, og það var tekin tiltekin hækkun á áfengi og tóbaki út úr vísitölunni. En núverandi hæstv. ríkisstj. fer hins vegar aftan að launþegunum og reynir að blekkja launþegana, kemur ekki beint framan að þeim og segir, hvað er nauðsynlegt í hverju tilviki. Þegar t. d. hæstv. forsrh. segir, að það kosti 1000 millj. kr. að halda vísitölunni í 117 kaupgreiðsluvísitölustigum, þá er þar ekki nema hálfsögð sagan. Það kostar e. t. v. þessa upphæð að því tilskildu, að fjárheimtan, hækkun söluskatts eða innflutningsgjald, sé ekki reiknað með í framfærsluvísitölunni eða kaupgreiðsluvísitölunni. Ef það ætti að afla fjár, sem nægilegt væri til þess að bera uppi þetta án þess að slíta þessi tengsl milli framfærslukostnaðar og vísitölunnar, þyrfti meira en tvöfalda þessa upphæð eða e. t. v. á 3. þús. millj. kr. Það er þess vegna ljóst, að það hefur ekki verið komið beint framan að mönnum, að það, sem hæstv. forsrh. meinar, er, að þarna geti komið til þess að fresta greiðslu eða fella niður — réttara sagt — greiðslu á um það 10 vísitölustigum, og það er í raun og veru það erindi, sem hann mun eiga við væntanlegt Alþýðusambandsþing. Það voru einu sinni borin fram slík tilmæli, og ég efast um, að þau tilmæli hafi í sjálfu sér haft í för með sér tilslökun af hálfu Alþýðusambandsþings. Þeim var hafnað. Ég skal engu spá um, hverjar móttökur málaleitan hæstv. forsrh. fær nú. Ég er ekki heldur að leggja neinn dóm á það, hvort hér sé um nauðsyn að ræða eða ekki. Ég hygg, að gögn málsins hafi alls ekki verið lögð fram í heild sinni og það sé nauðsynlegt, að svo sé gert. Það hefur t. d. verið nefnt til viðbótar þessum mismun á fjárþörf, sem um er að ræða eftir því, hvort taka á kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi eða ekki, og nemur þarna 1000—1500 millj., þá hefur hæstv. forsrh. ekki gefið neinar upplýsingar um, hvað ætlunin sé að gera varðandi þær niðurgreiðslur, sem þegar eru hafnar í sambandi við 15% hækkun fiskverðs núna 5. okt. s. l. og kosta ríkissjóð allt að 1000 millj. kr. á ársgrundvelli. Það er að vísu hugsanlegt, að hæstv. forsrh. ætli verðjöfnunarsjóði sjávarafurða að standa undir þessum greiðslum, en þá mun hann líka vera uppurinn. Þar byggir hann vonir sínar á skynsamlegri sjóðsmyndan fyrrv. hæstv. ríkisstj. Það má líka draga það í efa, að hæstv. forsrh. hafi af hreinskilni sagt, hve vandinn væri stór hér í hv. þd. í s. l. viku, þegar hann taldi ekki fram að mínu viti nægilega vel, að auðvitað er að lokinni þeirri verðstöðvun, sem nú stendur, eftir hækkunarþörf ýmissa þjónustugreina og atvinnuvega, sem selja vörur sínar og þjónustu á innlendum markaði og verða að fá þá hækkunarþörf uppi borna, ef sú þjónusta og þeir atvinnuvegir eiga ekki að því leyti að stöðvast. Og það var ekki heldur greint frá fjárþörf útflutningsatvinnuveganna og iðnaðar. Allt þetta gerir það að verkum, að við á þessu stigi fáum ekki upplýsingar frá opinberum aðila um það, hve vandinn er stór, og það að taka einn hluta vandans út af fyrir sig, eins og hæstv. forsrh. gerði, er auðvitað að taka vandamálin vettlingatökum. Hæstv. forsrh. gat um, að ýmsir opinberir aðilar, eins og sveitarfélög, hefðu viljað fá hækkanir á vörum sínum og þjónustu við lok verðstöðvunarinnar frá nóv. 1970, sem núv. ríkisstj. framlengdi frá 1. sept. fyrst til áramóta og síðan í raun fram til þessa.

Það er út af fyrir sig auðvelt verk að samþykkja verðstöðvun. Hitt er annað mál, að slíkt hefur í för með sér, að eðlilegar verðlagsbreytingar þróast ekki, og verðlagsbreytingar geta orðið einnig til lækkunar. Það er svo, að frjáls verðlagsmyndun er æskilegust, en skilyrði frjálsrar verðlagsmyndunar er jafnvægi í þjóðarbúskap og jafnvægi í ríkisbúskap, að framboð og eftirspurn standist á. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur gætt þess vandlega að stofna til misvægis, hefur gætt þess vandlega að útbúa og framkvæma svo fjárlög, að um halla á ríkisbúskap er að ræða. Okkur er öllum kunnugt um, að þau þrjú ár, sem ferill og fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. taka til, þ. e. seinni hluta árs-

ins 1971, árið 1972 og 1973, að því er gerð fjárlagafrv. snertir, byggist hún á því, að ríkisstj. ætlar viðskiptahalla upp á mörg þús. millj. kr. að ríkja hvert þessara ára. Að hluta til er þessi halli kominn fram, að öðru leyti er hann fyrirhugaður. Það er vitað mál, að í slíku árferði og við slíka stjórnarhætti er ekki frjáls verðlagsmyndun til staðar, og þá nýtum við ekki kosti frjálsrar verðlagsmyndunar, vegna þess að frjáls verðlagsmyndun ein er til þess fallin að sjá svo um, að allir framleiðsluþættir þjóðarinnar séu nýttir á sem beztan hátt; þ. e. a. s. að vinnu, vélum og fjármagni sé einbeitt í þeim atvinnugreinum, sem gefa mestan og beztan arðinn og geta þess vegna til langs tíma greitt launþegum hæsta kaupið.

Það er þess vegna ekki eðlilegt ástand að kveða á um verðstöðvun til langs tíma. Verðstöðvun getur verið góð og gild um stuttan tíma, meðan verið er að aðlaga snöggar breytingar langtímaþróun. Þetta var tilgangur verðstöðvunarinnar í nóv. 1970, vegna þess að talið var, að kostnaðarhækkanirnar gætu jafnvel orðið til þess að stefna afkomu atvinnuvega landsmanna í hættu. Í þeirri von, að afurðaverð á erlendum markaði færi hækkandi, var dregið úr kostnaðarhækkunum eða hraða þeirra. Þetta tókst. Hvort tveggja átti sér stað. Úr þessum hraða var dregið með verðstöðvuninni, og hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum gerði atvinnuvegunum mögulegt að starfa með fullum afköstum.

Það var þess vegna lítill vandi á höndum við lok verðstöðvunarinnar, sem stofnað var til í nóv. 1970 og átti að standa til 1. sept. 1971. Þeim vanda átti núv. stjórn að vera viðbúin að mæta, og hún sannaði það með fyrstu aðgerðum sínum, að hún gerði ekkert úr þeim vanda. Hún flýtti, eins og kunnugt er, um einn mánuð greiðslu þessara tveggja vísitölustiga, og hún stofnaði til aukinna útgjalda atvinnuvegunum til handa, sem út af fyrir sig má segja, að hefðu verið góð og gild fyrir þá, sem þeirra nutu, ef atvinnuvegirnir hefðu haft efni á þeim: styttingu vinnutíma, lengingu orlofs, og síðan lofar hún 20% kaupmáttaraukningu. En þótt fyrri verðstöðvun ætti að gilda til 1. sept. 1971 með tilliti til þess, að sú ríkisstj., er tæki við að loknum alþingiskosningunum það vor, hefði ráðrúm til þess að marka sína eigin efnahagsstefnu, og þrátt fyrir það, að núv. stjórnarliðar töluðu margt og mikið um nauðsyn slíkrar stefnumótunar, þá var ekki um neina slíka stefnumótun að ræða, nema að því er varðaði málefnasamning ríkisstj., sem er samnefndur „óður til verðbólgunnar", eins og ég gat um áðan. Ríkisstj. frestaði þessu til áramóta síðustu, kom þá með hæstu fjárlög, sem um getur, sem juku enn á spennuna. Ríkisstj. gerði ekkert um mitt þetta ár annað en samþykkja þessi brbl. um tímabundnar ráðstafanir, sem áttu ekki að standa nema til ársloka, og fól ákveðnum mönnum gerð valkosta. Enn hefur ekki bólað á þeirri álitsgerð, enn höfum við ekki séð nema að hluta til og á mjög ófullkominn hátt, hvað fyrir ríkisstj. vakir, ef dæma má persónulegar skoðanir hæstv. forsrh.

Nú liggur í augum uppi, að þessara úrræða er þörf. Um það er ekki deilt. Spurningin er þá: Er ætlun hæstv. ríkisstj. að koma fram með þessi úrræði til umr. á Alþ. nú næstu daga eða allra næstu vikur? Eða ætlar hæstv. ríkisstj. að reyna að fresta úrræðum, humma málið fram af sér, þar til síðustu daga þings fyrir jól, og afgreiða þá einhverjar þær ráðstafanir, sem gripa ekki á vandamálunum nema að litlu leyti og leyna þjóðina að öllu eða flestu leyti þeim vanda, sem hún stendur frammi fyrir af völdum núv. hæstv. ríkisstj.? Þær verðhækkanir, sem eftir eiga að koma og óhjákvæmilegar eru, eru af völdum núv. hæstv. ríkisstj., það má öllum vera ljóst. Þess vegna er það svo, að ríkisstj. er, þegar hún er að ræða þennan vanda og gera till. um lausn hans, að kveða niður sinn eigin draug. Ég vonast til þess, að hún hafi manndóm til slíks og henni takist það, en vinnubrögðin eru ekki efnileg.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér virðist hafa komið fram í þessum umr., að menn gera ekki beinar aths. við þau brbl., sem hér liggja frammi til umr. og staðfestingar. Það tel ég bera því vitni, að menn fallist á þau út af fyrir sig og fallist á, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru um mitt s. l. sumar, hafi verið, eins og á stóð, réttmætar og nauðsynlegar. Þetta er auðvitað höfuðatriðið og þess vegna þarf ég í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð hér um þetta atriði, vegna þess að það er þetta frv., sem hér er til umr. og er fjallað um.

Ég skal að vísu ekki segja, hvort ummæli hv. þm. Steinþórs Gestssonar hafa átt að skoðast sem einhver aths. við lögin eða ekki, þar sem hann vildi halda því fram, að mér skildist, að það hafi verið hallað eitthvað á bændur í því sambandi. Ég held, ef sú hefur verið meining hans, þá hljóti það að vera á misskilningi byggt. Ég hef ekki orðið þess var, að fyrirsvarsmenn bænda hafi litið þannig á.

Hins vegar er eðlilegt og ekkert við því að segja, að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi í sambandi við þetta frv. og þau orð, sem ég lét hér falla í minni framsögurræðu, reynt að koma á framfæri sínum sjónarmiðum varðandi efnahagsmál og stjórnarstefnu, og þá er eins og gengur, að skoðanirnar fara ekki alveg saman. Þeir líta öðruvísi á ýmsa hluti í því sambandi heldur en við, og hef ég auðvitað ekkert við það að athuga. Ég verð þó að segja það, að mér fannst, eins og reyndar búast mátti við, hv. 2. þm. Norðurl. e. tala mjög skynsamlega um þau málefni, og mér virtist af máli hans, að skoðanir hans væru að mörgu leyti ekkert fjarri þeim hugmyndum, sem ég drap á sem mína persónulegu skoðun. En ég verð líklega að setja það innan gæsalappa: „persónulega skoðun", kem kannske aðeins að því á eftir. Ég vil aðeins taka það fram og undirstrika, sem ég sagði í minni frumræðu, að ég var ekki þar að lýsa efnahagsvandamálinu í heild. Ég var aðeins að gera grein fyrir því eða leitast við að svara þeirri spurningu, sem ég bjóst við, að kæmi fram einmitt í sambandi við þetta frv., hvað tæki við, þegar því sleppti.

Þess vegna ræddi ég aðeins um þau atriði, sem þetta frv. fjallar um, og gerði grein fyrir mínum persónulegu skoðunum í því sambandi. Þess vegna var það, að sú tala, sem ég nefndi, 800—1000 millj. kr., var miðuð við staðreyndir og það þekkta, miðuð við þær niðurgreiðslur, sem nú eiga sér stað, og miðuð við það, hvað þyrfti á ársgrundvelli til þess að halda þeim áfram. Þetta hélt ég, að hefði komið skýrt fram í ræðu minni. Ég fór ekkert inn á það, hverra meiri tilkostnaðarhækkana mætti vænta á næsta ári og e. t. v. þyrfti að snúast við. Þegar út í það er komið, þá er komið út í ágizkanir og þá geta menn gizkað á þá tölu, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi, en þær eru ekki byggðar á neinum þekktum staðreyndum, sem nú liggja fyrir. Þetta vildi ég aðeins taka fram til að fyrirbyggja þann misskilning, að ég hafi verið að gera eitthvert heildaruppgjör á efnahagsvandanum með þeim tölum, sem ég nefndi. Það var ekki.

Hv. 2. þm. Reykv. vék að því áðan, að ríkisstj. væri að koma aftan að verkalýðs- eða launþegasamtökum og fólkinu í landinu með ráðstöfunum sínum, ef ég skyldi hann rétt. Ég held, að þau ummæli séu á æðimiklum misskilningi byggð. Það er t. d. talsverður munur á þeirri verðstöðvun, sem felst í þessum tímabundnu efnahagsráðstöfunum og þeirri verðstöðvun, sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir á sínum tíma. Það eru a. m. k., að ég hygg, fjögur atriði, sem skilja þar á milli.

Í fyrsta lagi og höfuðatriðið er það, að þessi brbl. voru sett að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, en því var gagnstætt farið um þá verðstöðvun, sem stjórn hv. þm. beitti sér fyrir. Hún var ekki gerð í neinu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ég hygg þvert á móti, að það væri ekkert ofmælt um hana, að þar hafi verið komið aftan að aðilum vinnumarkaðarins, vegna þess, *að hún kom ofan í nýgerða samninga og* með henni voru tekin aftur vísitölustig og launþegar látnir taka þau á sig án þess að fá nokkrar bætur fyrir. Þannig var beinlínis stofnað til breytinga á kaupgjaldssamningum.

En þar skilur í öðru lagi á milli þessarar verðstöðvunar og þeirrar, sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir, að þau vísitölustig, sem tekin eru eða yrðu hugsanlega tekin með þessum lögum að formi til, eru að fullu bætt. Og það liggur fyrir tölulega nú með þeim ráðstöfunum, sem í þessum brbl. felast.

Það skilur enn fremur á milli þessarar verðstöðvunar og hinnar fyrri, að þetta er mun meiri verðstöðvun, þar sem áður þurfti aðeins meirihluti verðlagsnefndar að samþykkja breytingar á verðlagi, en eftir þessum lögum verða allir verðlagsnefndarmenn að samþykkja breytingarnar, og fulltrúum neytenda er þar með fengið í hendur algert neitunarvald gagnvart verðhækkunum. Ég fæ ekki séð, að það sé hægt að tryggja með virkara hætti, að staðið sé á móti öllum verðhækkunum eins og unnt er.

Það, sem í fjórða lagi skilur svo á milli þessarar verðstöðvunar og þeirrar fyrri, er það, að ekki var farið í neina nýja fjáröflun til þess að mæta þeim niðurgreiðslum, sem þurfi til þess að halda verðlaginu niðri, heldur dregið úr útgjöldum á móti. Það getur vel verið, að hv. 2. þm. Reykv. vilji hreykja sér af því að kalla það, að með þessum vinnubrögðum sé komið aftan að launþegasamtökunum. En ég tek ekki undir þá skoðun. Ég hygg, að verkalýðssamtökin og aðilar vinnumarkaðarins yfirleitt taki ekki undir þau ummæli.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að ræða um almenn slagorð eins og það, að málefnasamning ríkisstj. og framkvæmdir hennar mætti kalla „óðinn til verðbólgunnar". Ég held, að það væri þá ástæða til þess, að þeir, sem vilja bera sér þau orð í munn, geri nánari grein fyrir því, hvaða atriði það eru í stefnuskrá eða málefnasamningi ríkisstj. og í framkvæmd hennar, sem þeir hefðu viljað láta ógerð. Hv. þm. lét að vísu í það skína. Hann nefndi einn málefnaflokk. Hann nefndi, að kaupgjaldshækkanir s. l. haust hefðu verið, að mér skildist, ásamt vinnutímastyttingu og orlofslengingu hreint óhóf og þar með — (GH: Hvaða skoðun hafði ráðh. á þessu?) Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður, að þær hafi verið hóflegar miðað við það ástand, sem þá var, og þær hefðu staðizt, ef efnahagsþróunin hefði orðið með þeim hætti, sem þá mátti gera ráð fyrir að yrði. *Hins vegar hljóta allir* kaupgjaldssamningar, — ekki sízt, þegar þeir eru gerðir til langs tíma, sem við erum, að ég held, allir sammála um, að sé kostur við þá kaupgjaldssamninga, sem gerðir voru í des. s. l., — þeir hljóta að vera byggðir á ákveðnum forsendum, og á löngu tímabili geta þær forsendur brostið. Það þýðir auðvitað ekkert að loka augunum fyrir því, að forsendur hafa breytzt, frá því að þessir kaupgjaldssamningar voru gerðir, þar sem stórkostleg aflarýrnun hefur átt sér stað miðað við það, sem gert var ráð fyrir og búizt var við, og enn fremur, að tilkostnaðarhækkanir hafa orðið mun meiri vegna þeirra gengisbreytinga, sem átt hafa sér stað í okkar helztu viðskiptalöndum eða þeim löndum, sem við flytjum inn vörur frá. Fyrir þessu þýðir ekkert að loka augunum. Og auðvitað er við vandamál að glíma núna, vegna þess að aðstæður hafa þannig breytzt, og við þeim breyttu aðstæðum verðum við auðvitað að reyna að snúast eins og menn og með skynsamlegum ráðum. Í því efni ættu að fara saman, ef rétt er á litið, hagsmunir bæði atvinnurekenda og launþega. Ég skal ekki vera að orðlengja um þetta atriði. Það hefur hver sína skoðun á því. En mér *virtist, að hv. þm. vildi vera að telja það eftir,* að kaupið hefði verið hækkað með þeim hætti, sem gert var. En ég tel það ekki eftir. Ég tel, að þeir kaupgjaldssamningar, sem gerðir voru s. l. vetur, hafi verið einir þeir skynsamlegustu kaupgjaldssamningar, sem hér hafa verið gerðir, bæði vegna þess, að þeir voru gerðir til lengri tíma en áður, og kaupgjaldshækkanirnar áttu að koma í áföngum. Að því leyti til var mörkuð ný stefna í kaupgjaldssamningum, sem ég vona, að geti orðið til eftirbreytni.

Hv. 2. þm. Reykv. þótti við spenna bogann heldur hátt með því að gera ráð fyrir, að kaupmáttur þeirra lægra launuðu í þjóðfélaginu hækkaði um 20% á tveimur árum. Ég held, að það verði ekki litið svo á. Hitt er annað mál, að

það hefur gerzt, sem við höfum ekki sagt í okkar málefnasamningi, að þær breytingar á kaupgjaldi, sem gerðar voru í þessum samningum, hafa, ef svo má segja, gengið í gegnum allt kerfið og þeir hæst launuðu hafa einnig notið hliðstæðra hækkana. En það var aldrei meining stjórnarsáttmálans. Það var ekkert fyrirheit í honum um það.

Menn eru að deila um, hvort kaupmátturinn hafi aukizt eða ekki, og slá því stundum fram, að þessar kaupgjaldshækkanir hafi verið teknar allar aftur í reyndinni. Ég held, að eftir því sem ég get bezt vitað og eftir þeim upplýsingum, sem ég held að verði réttastar fengnar um þetta, þá sé það svo, að á árinu muni meðaltímakauptaxtar verkafólks og iðnaðarmanna væntanlega hækka um 26% frá ársmeðaltali 1971. En þar koma þá áhrif vinnustyttingarinnar að fullu fram. Það getur að vísu verið álitamál, hvernig á að reikna það og hvort það á að reikna inn í eða ekki. Kaupmáttur þessara kauptaxta á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar hækkar því um 15%. Kauptaxtar opinberra starfsmanna hækka um 25% af ársmeðaltali 1972 og kaupmáttur þeirra á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar um 14%. Þessar tölur hygg ég, að séu réttar. Og ég hygg, að þær sýni, að þetta fólk, sem við höfum fyrst og fremst í huga, hafi fengið raunverulega og verulega kjarabót á þessum tíma.

En „Óðurinn til verðbólgunnar" er kannske ekki fólgin í þessum kauphækkunum. Hann er kannske fólginn í framkvæmdum, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Það er rétt, að verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins voru stórauknar á þessu ári. Það má vel vera, að við höfum tekið þar helzt til djúpt í árinni og að það hefði verið skynsamlegra að fara örlítið hægar. En það er oft auðveldara að vera vitur eftir á, og einhvers staðar hefði það orðið að koma niður, ef átt hefði að draga úr þessum framkvæmdum á vegum ríkisins, vegaframkvæmdum, skólabyggingum, sjúkrahúsbyggingum, íbúðarhúsbyggingum o. s. frv. Hverjir hefðu viljað bíða?

En ef þetta á að kalla „Óðinn til verðbólgunnar", þá er það áreiðanlegt, að þann óð hafa sungið fleiri en ríkisstj. og ríkisvaldið. Þá á það ekki síður við um aðra opinbera aðila, bæjar- og sveitarfélög. Þau hafa ekki haldið að sér hendinni á þessu ári. Það má fara um landið og sjá, hvað er verið að framkvæma á því sviði. Ég er ekki að telja það eftir. Það er áreiðanlega flest af mikilli nauðsyn gert. Og höfuðborgin sjálf hefur í þessu efni ekki verið eftirbátur annarra. Það er rétt að viðurkenna það, að hér í Reykjavík hafa verið miklar framkvæmdir á þessu ári. Ég efast um, að hv. 2. þm. Reykv., borgarstjórinn í Reykjavík, telji þær framkvæmdir hafa verið of miklar. En ef framkvæmdir ríkisins hafa ýtt undir verðbólgu, þá er áreiðanlegt, að þessar framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar hafa líka átt sinn þátt í því að auka spennu, að auka umframeftirspurn. Þess vegna hygg ég, að það gæti verið skynsamlegt, fyrir suma a. m. k., að hafa heldur færri en fleiri orð um þessi mál. Það er sannleikurinn, að við Íslendingar erum bjartsýnir og viljum gera mikið og viljum gera mikið í einu, kannske of mikið í einu. Ég held, að það sé ekki við neinn sérstakan að sakast í því efni.

Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv., að ég hafi boðað það í minni framsögurræðu, að kaupgjaldsvísitölunni yrði kippt úr sambandi. Það hef ég aldrei sagt, ekki einu sinni sem mína persónulegu skoðun.

Ég held, að það sé ekki rétt, að ég fari að karpa frekar um þessi atriði, sem komu fram hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Það er, eins og ég sagði, ekkert óeðlilegt við það, þó að þeir noti tækifæri sem þetta til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í sambandi við þetta mál, og það gefast sjálfsagt tækifæri til þess síðar að ræða þau frá ýmsum hliðum og með almennara hætti en í sambandi við þetta mál. Ég man það t. d., að hv. 2. þm. Norðurl. e. var að tala um gengishækkun, sem þeir hefðu viljað gera 1970, og lét að því liggja, að þá hefði stjórnarandstaðan ekki tekið líklega undir það mál. Ég minnist þess nú ekki, að ég hafi látið uppi neitt álit um það efni, enda komst það víst aldrei á það stig, að það kæmi til kasta stjórnmálaflokka. Hitt mun hafa verið rétt, að aðilar vinnumarkaðarins höfðu ekki mikla trú á þessu úrræði.

Ég held, að það geti verið ákaflega hættulegt að fordæma einhver úrræði í eitt skipti fyrir öll. Þó að það hafi tekizt þannig til, að menn hafi í huga eitt ákveðið fordæmi í sambandi við gengishækkun, sem ekki tókst sem skyldi, þá held ég fyrir mitt leyti, að það sé mjög vafasamt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að aðstæður geti ekki verið þannig, að hún geti komið til greina. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar, að það sé mjög veigamikið undirstöðuatriði í efnahagslífi landsins að hafa sem tryggast gengi, þá getur vel verið, að í okkar landi, sem er svo ákaflega háð sveiflum, að það gæti verið hugsanlegt að hafa einhvern ramma, svigrúm, þar sem gengið væri látið hreyfast innan einhverra ákveðinna takmarka, upp eða niður eftir aðstæðum, innan mjög þröngra takmarka. En ég ætla að vona, að mér leyfist að láta þetta í ljós sem hugleiðingu, án þess að það verði farið að herma það upp á ríkisstj., að hún verði að bera ábyrgð á þessum umr. (MJ: Er þetta persónuleg skoðun?) Þetta er persónuleg skoðun.

Þá er líklega bezt, að ég ljúki ræðu minni með því að minnast aðeins á mína persónulegu skoðun. Mér finnst það hart og skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef því er haldið fram, að ég sé að brjóta stjórnarskrána eða stjórnskipunarlög með því að láta í ljós mína persónulegu skoðun. Ég þekki ekki nema eitt stjórnarskrárákvæði, sem að því lýtur. Það mun vera í 48. gr., ef ég man rétt, þar sem segir, að þm. séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að þm., hver og einn einstakur, hafi einhverja sannfæringu, og þá sjálfsagt gert ráð fyrir því, að þeir láti hana í ljós, og þeim tryggður sérstaklega stjórnarskrárvarinn réttur til þess að láta hana í ljós. Og ég held, að það sé ekkert ákvæði í stjórnarskránni, sem undanskilur forsrh. þessum réttindum.

Ég veit að sjálfsögðu ekkert um hvað hefur verið samið í fyrrv. stjórn og hvort þar hefur

verið svo um samið, að forsrh. mætti ekki láta í ljós neinar persónulegar skoðanir. En hvort sem svo hefur verið eða ekki, þá mótmæli ég því eindregið, að með því hafi skapazt nokkur hefð, sem geti bundið aðra fram í tímann. Og það skal tekið fram, að í núv. ríkisstj. hefur sérhver ráðh. fullan rétt til þess að hafa sína persónulegu skoðun og lýsa henni. Enda hefur mér fundizt, að það hafi borið dálítið á því, að blöð stjórnarandstöðunnar hafi þótzt verða vör við það, að einstakir ráðh. hefðu sínar persónulegu skoðanir á sumum atriðum og létu þær uppi við ýmis tækifæri. Og það hefur þá stunndum ekki verið talin nein goðgá. Ég get ekki séð, að ég hafi gerzt sekur um neitt vítavert athæfi, þó að ég lýsti mínum persónulegu skoðunum á því, hvað við ætti eða ég gæti helzt eygt, að tekið gæti við á þessu takmarkaða sviði, sem þessi brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir fjalla um. Ég held þvert á móti, að það sé fullkomlega heiðarlegt af minni hálfu að láta í ljós þær skoðanir og þær liggi t. d. fyrir aðilum vinnumarkaðarins, þegar þeir fara að fjalla um þessi mál á sínum vettvangi. Það er auðvitað engan veginn víst, að þeir fallist á þau sjónarmið, sem ég hef sett fram. Þeir meta það auðvitað og kanna og athuga á sinn sjálfstæða hátt. En ég get ekki séð, að það sé lakara fyrir þá eða að það sé verið að koma aftan að þeim með því, að ég lýsi mínum skoðunum að þessu leyti til skýrt og skorinort, áður en þeir fara að fjalla um þessi mál. Ég held þvert á móti, að það hefði frekar verið hægt að saka mig og aðra um það að koma aftan að mönnum, ef ég hefði ekki látið í ljós þær skoðanir, sem ég hreyfði hér, fyrr en eftir að t. d. Alþýðusambandið hefur haldið sitt þing, þar sem auðvitað hlýtur að verða fjallað um þessi mál. Að sjálfsögðu myndar Alþýðusambandsþing sér sjálfstæða skoðun í þessum efnum. Og eins og ég sagði áðan, þá þurfa þær auðvitað ekki að falla saman við þær skoðanir, sem ég hef á þessum efnum. En þá gera þeir auðvitað sínar till. um það, hvernig þeir telja, að eigi að leysa vandann. Það er ekki víst, að ég eða ríkisstj. teljum, að þeir hafi fundið einu réttu leiðina. En þá er sjálfsagt að taka það til athugunar, og þá mun verða sezt niður og reynt að kanna, hvort ekki er hægt að samræma þau sjónarmið, sem fram koma.

Ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún vilji hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega verkalýðssamtökin, um lausn þessara mála. Þær skoðanir, sem ég setti hér fram, voru mínar persónulegu skoðanir um, að það bæri að halda verðstöðvun áfram á næsta ári og það væri æskilegt, að það gæti náðst samkomulag um það, ekki að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi, heldur taka viss atriði út úr útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar. (GH: Hver er munurinn?) Hvort hún er tekin alveg úr samband eða viss atriði tekin út úr? (Gripið fram í.) Ég held, að það sé mikill munur, þegar á heildina er litið. Ég gat ekki betur heyrt en hv. 2. þm. Norðurl. e. tæki undir það hjá mér, að hann teldi þetta út af fyrir sig skynsamlega leið. Og hvort sem hún er skynsamleg eða ekki, mér dettur auðvitað ekki í hug að halda því fram, að ég sé sá spámaður, að ég geti bent á einu réttu leiðina í þessu, — þá er hitt víst, að menn í okkar nágrannalöndum, sem við getum margt lært af, hafa farið þessa leið.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, og skal reyna að neita mér um það að koma hér aftur upp í pontuna, nema það komi eitthvað alveg sérstakt fram.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi komizt svo að orði við upphaf þessarar umr., að ég hafi hlustað með athygli á ræðu hæstv. forsrh. og þótt hún að ýmsu leyti merkileg, og ég skal játa, að ég hef hlustað líka með mikilli athygli á þessa ræðu hans hér, vegna þess að hún er vissulega einnig eftirtektarverð, en þó dálítið á annan veg heldur en fyrri ræðan. Mér hugkvæmist ekki að halda því fram og gerði það heldur ekki við 1. umr. þessa máls, að hæstv. forsrh. hafi ekki leyfi til þess, eins og hver annar þm., að hafa persónulega skoðun og láta hana í ljós. Mitt mat er ekki það, að það brjóti á neinn hátt í bága við stjórnarskrá. Hitt er annað mál, sem ég leyfði mér þá að segja og fleiri hafa bent á, að það er auðvitað alls ekki sama, hver maðurinn er, sem lýsir sinni persónulegu skoðun. Og það hlýtur auðvitað að verða litið allt öðrum augum á það, sem maður, sem er oddviti ríkisstj., segir sem sína persónulegu skoðun, heldur en hver og einn okkar hv. þm. eða aðrir borgarar í þjóðfélaginu, þegar þeir taka til máls. Það hefur enda komið í ljós, að þetta hefur verið tekið sem meira en almenn persónuleg skoðun og talið í rauninni viss stefnumörkun, m. a. í blaði hæstv. forsrh. Mig undrar það ekki neitt, þó að það sé gert, því að það liggur algerlega í augum uppi og það er það, sem hefur verið gagnrýnt hér á Alþ., en ekki það, að hæstv. ráðh. megi ekki hafa sína skoðun, heldur hefur það verið gagnrýnt, hvernig hann hefur borið hana fram, og það hefur verið talið og ég tel einnig, að það sé mjög varhugavert og þurfi a.-m. k. að íhugast vel hjá oddvita ríkisstj., hvenær hann má opinberlega lýsa sinni persónulegu skoðun og hvort það getur ekki frekar aukið vandann heldur en dregið úr honum. Og ekki hvað sízt skiptir það máli fyrir hann persónulega. Það er auðvitað hans mál, má segja, hvað hann leggur upp úr því, ef það kemur á daginn við endanlega lausn mála, að hans persónulega skoðun hefur algerlega verið fyrir borð borin eða orðið undir. Ég veit ekki, hvað hæstv. núv. forsrh. telur viðunandi fyrir mann, sem fer með forsæti í ríkissj., að sætta sig við mikið frávik frá sinni skoðun, þegar endanleg tillögugerð fer fram, hvort hann telur það mögulegt fyrir sig t. d. að sitja áfram sem oddviti ríkisstj. ef það kemur á daginn, að ekkert af því eða harla lítið, sem hann hefur talið vera sín stefnumið og sína skoðun á heppilegustu úrlausn mála, nær fram að ganga. Þetta held ég, að hljóti öllum að vera ljóst og hæstv. ráðh. einnig. Og það er nákvæmlega þetta, sem menn hafa verið undrandi yfir, að hæstv. ráðh. skuli

lýsa hér opinberlega á Alþ. yfir ákveðinni skoðun á lausn mesta vandamáls, sem ríkisstj. hefur nú við að glíma, áður en fyrir liggja endanlegar till. og meðan enn er verið að kanna málið, eins og hann sjálfur lýsti yfir í frumræðu sinni, að væri verið að gera.

Það hefur enda komið skýrt í ljós, að aðrir hæstv. ráðh. og aðrir, sem rætt hefur verið við í stjórnarliðinu og á opinberum vettvangi, hafa talað af mikilli varúð um þetta mál, ekki viljað tjá sig um sínar persónulegu skoðanir eða skoðanir sínar á persónulegum skoðunum forsrh., og held ég, að afstaða þessara manna hafi í rauninni verið allmiklu hyggilegri. Og ég sé ekki, hvernig það má verða til þess að greiða fyrir lausn vanda eins og þessa að varpa fram slíkum skoðunum, til þess að menn fari að fjalla um þær, eins og hæstv. ráðh. sagði, á almennum vettvangi sem alvarlegar till., sem ekki var annað skilja en hann ætti við, þegar hann ræddi um, að þetta gæti orðið til leiðbeiningar fyrir aðila vinnumarkaðarins. Hvernig getur það farið saman, að hann ætlast til, að það sé aðeins tekið sem persónuleg skoðun sín, sem hann er að segja, en telur þó rétt, að aðilar vinnumarkaðarins fari að ræða þessa stefnumörkun hans, þessa persónulegu stefnumörkun, enda þótt ekkert sé vitað um það, hvort niðurstaðan verður sú, að hæstv. ríkisstj. í heild telji þetta vera rétta stefnumörkun eða ekki?

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það hefur verið mikið frjálslyndi í ríkisstj. með skoðanaskipti á opinberum vettvangi. En það var a. m. k. kenning fyrrv. ríkisstj. og starfshættir hennar að ræða sínar persónulegu skoðanir fyrst og fremst innan ríkisstj. og reyna síðan að koma fram sem heild út á við með ákveðna stjórnarstefnu. Þetta held ég, að sé rétta formið í sambandi við starfshætti ráðh. Það dettur engum annað í hug en þeir eigi að hafa sínar perónulegu skoðanir og vinna þeim fylgi, en að halda, að það séu heppileg vinnubrögð og verði til að skapa traust á stjórnarstefnu, að ráðh. séu í orrahríð hver við annan á opinberum vettvangi, það held ég, að sé ekki giftusamlegt. Ég er hissa á því og tel það raunar ákaflega ólíklegt, að jafngætinn maður og hæstv. forsrh. sé þeirrar skoðunar, að þessi vinnubrögð séu heppileg, heldur sé réttara að kanna til þrautar, hvort menn ná ekki samkomulagi innan ríkisstj., og þá eftir atvikum taka því með stjórnskipulegum hætti, ef ríkisstj. getur ekki orðið sammála um úrlausn mála. Og það gerist að sjálfsögðu ekki með nema einum hætti, annaðhvort fari einstakir ráðh. úr ríkisstj. eða ríkisstj. biðji sjálf lausnar, nema því aðeins að menn geri ekkert mark með sínar persónulegu skoðanir og láti það lönd og leið, hvort þær verða undir eða ekki. En ég vil a. m. k. ekki trúa, að hæstv. núv. forsrh. sé þeirrar manngerðar, þá þekki ég hann illa, sem sé algerlega sama um það, hvort hans persónulegu skoðanir sem oddvita í ríkisstj. verði undir eða ekki, og hann geti svo komið fram fyrir þjóðina og barizt af jafnmikilli sannfæringu fyrir allt öðrum skoðunum en hann hefur lýst, að væru sínar. Þá fer nú að höggva nokkuð nærri því stjórnarskrárákvæði, sem hann vék hér að áðan, að menn séu aðeins bundnir af sannfæringu sinni, því að þá er auðvitað ætlazt til þess um leið, að þeir fari eftir sannfæringu sinni. Ég held, að hann komist í dálítið mikinn hnút með málið, ef svo skyldu fara leikar að lokum.

En það, sem vakti sérstaka athygli mína við þessa ræðu hæstv. ráðh. og kemur mér ákaflega á óvart og ég fæ satt að segja ekki skilið með nokkrum hætti, það er, þegar hann fer að halda því fram, að hann með orðum sínum hér um daginn, — sem ég skal játa, að ég tók alvarlega, eins og hann sagði, og reyndi að ræða á málefnalegum grundvelli, — að með þeim orðum hafi hann aðeins átt við framhald á núverandi verðstöðvun til lausnar á efnahagsvandanum. Drottinn minn dýri! Ég skil ekki, að nokkur maður, hvorki í þessari hv. þd. né yfirleitt nokkur borgari í landinu hafi tekið orð ráðh. á þennan hátt, því að þá var þetta auðvitað allt saman marklaust, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Hann sagði í sinni ræðu eitthvað á þá leið, að það væri að visu enn þá verið að kanna þessi vandamál, en hann hefði ákveðnar, persónulegar skoðanir á því, á hvaða grundvelli ætti að leysa vandann. Og málgagn hans hefur hvað eftir annað — og það í feitletruðum leiðara — talað um þetta sem ábendingu um úrlausn efnahagsvandans. Nú hefur hæstv. ráðh. dregið svo hagkvæmlega í land, — kannske vegna þess, að það var alveg ljóst, eins og ég benti á við upphafsumr. málsins, að þær 800 millj., sem hann nefndi í sinni tölu, væru auðvitað gersamlega út í hött, — þá hefur hann dregið svo í land, að hann segir: Ég átti ekki við neitt annað en það að halda áfram núverandi verðstöðvun. En að öðru leyti skildist mér á ræðu hæstv. ráðh. nú, að hann vildi ekkert um efnahagsvandann fjalla í sinni fyrri ræðu. Hver í þessari hv. þd. skildi ræðu hæstv. forsrh. á þennan veg? Ég gerði það ekki, og mér þætti fróðlegt að vita, hvort nokkur hafi skilið hana á þennan veg, m. a. vegna þess, að þá hefði verið algerlega ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að vera með ýmsar þær bollaleggingar, sem hann var með um breytingar á vísitölu og annað af slíku tagi, vegna þess að þá þurfti hann ekki að fara að ræða þau atriði. Ef hann átti aðeins við að framlengja með niðurgreiðslu, eins og gert hefur verið til þessa, stöðvun þeirra vísitölustiga, sem stöðvuð hafa verið með verðstöðvunarl., sem við erum hér að fjalla um staðfestingu á, þá fæ ég með engu móti það dæmi til að ganga upp, af hverju hæstv. ráðh. var þá um leið að fjalla um þessar hugleiðingar sínar varðandi breytingu á útreikningi vísitölu, sem allar hnigu í þá átt að draga úr hækkun vísitölunnar. Og ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að vandanum verður ekki skipt með þessum hætti, þá eru allar þessar hugleiðingar hæstv. ráðh. í upphafi þessara umr. hrein markleysa. Það getur vel verið, að það sé út af fyrir sig hægt að taka aðstoðina til atvinnuveganna út úr dæminu, en þó verður það auðvitað ekki gert nema með þeim hætti, að afla annaðhvort sérstaklega fjár til þeirrar aðstoðar, sem ég skal ekki á þessu stigi segja um, hvað er mikil, eða þá að það megi með einhverjum aðgerðum öðrum draga svo úr tilkostnaði útflutningsframleiðslunnar, e. t. v. með breytingu á vísitölu,

að þess fjár gerist ekki þörf að afla. Þennan vanda er út af fyrir sig hægt að taka út úr dæminu. En það er alveg ljóst, og það held ég, að hæstv. forsrh. hljóti að vera jafnljóst sjálfum, að ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir um næstu áramót í sambandi við verðlagsmálin, þá kemur vísitalan til með að hækka um 4—5 stig, þ. e. a. s. eitthvað nærri þeirri kaupgjaldsvísitölustigatölu, sem haldið er í skefjum með núverandi verðstöðvunarákvörðun. Og á þá að gefa út ný verðstöðvunarlög til þess að mæta þessum vanda? Eða hvað á að gera?

Eins og ég ræddi um í upphafi þessa máls, er það spurning út af fyrir sig, hvort menn eru sammála eða ekki hugleiðingum hæstv. ráðh. um lausn efnahagsvandans. En ef á að taka alvarlega það, sem hæstv. ráðh. sagði núna, að hann hefði ekkert átt við nema stöðvun þessara tilteknu stiga, sem eru í þessu dæmi hér, þá sé ég ekki annað en málið allt sé orðið svo gersamlega ruglað, að þá hefði verið betra, að hæstv. ráðh. hefði aldrei sagt sína persónulegu skoðun, vegna þess að þá er málið gersamlega botnlaust. Og það þarf enginn mér að segja, að hæstv. ráðh. meini þetta í raun og veru. Það er eitthvað, sem veldur því, að hann dregur nú í land frá þeim kenningum, sem hann var með í upphafi þessara umr. og ég taldi áðan, eins og hann réttilega vitnaði til mín um, að væri sjálfsagt að taka til alvarlegrar íhugunar, en þá er ómögulegt að taka það til alvarlegrar íhugunar, vegna þess að það er botnlaust. (**Forsrh.**: Ég nefndi 800 þús. kr. til að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem nú eiga sér stað). Já, en það er bara ekki dæmið. (Gripið fram í). Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. Af hverju var hann þá að bollaleggja um lækkun vísitölunnar með sérstökum aðgerðum? Þá er þetta orðið allt eintómt rugl. Ég vildi taka hæstv. ráðh. alvarlega, að hann væri hér að ræða um lausn vandamálsins í heild. Það hefur enga þýðingu og ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. láti sér til hugar koma, að það eigi að framlengja verðstöðvun í sambandi við 5 vísitölustig. Hvað á að gera við hin 5 stigin, sem koma um áramótin? Á að láta þau svífa í lausu lofti? Á að setja ný verðstöðvunarlög, og hvað eiga þau lög að innihalda? Þetta er til að rugla málið svo gersamlega, að menn skilja hvorki upp né niður í því. Annaðhvort eru menn að tala um vandann og annaðhvort hefur hæstv. forsrh. einhverja skoðun á vandanum, sem við er að glíma, eða hann hefur ekki á honum skoðun. En að við framleigjum þessi lög, sem hér liggja fyrir, eftir áramót, það hef ég ekki nokkra minnstu trú á, að hæstv. ríkisstj. muni leggja til. Það hljóta að verða ráðstafanir af allt öðrum toga spunnar. Það getur vel verið, að þær muni felast í því að greiða að einhverju leyti niður og skerða vísitöluna að einhverju leyti, eins og hæstv. ráðh. sagði í upphafsræðu sinni. Ég benti á, að *það mundi kosta um 2500 millj. kr. Ég hygg*, að sú tala sé of lág, ef vandamál útflutningsatvinnuveganna eru íhuguð ofan í kjölinn. Mér hefur verið á það bent og það m. a. af flokksmönnum hæstv. ráðh., sem hafa unnið að athugun þess máls, að það muni vera nær, að heildarvandinn sé 3000 millj. heldur en 2500 millj., þannig að ég nefndi þar sannarlega ekki neina öfgatölu. En ef okkur vantar 3000 millj. kr., tel ég það ekki ómaksins vert af forsrh. að fara að ræða um það sem eitthvert þjóðráð, hvernig eigi að mæta 800 millj. af þeim vanda. Ég trúi þessu ekki. Mér finnst satt að segja, að ekki sé hægt, — og það þykir mér mjög miður, — að taka hæstv. forsrh. alvarlega, ef hann ræðir málið á þessum grundvelli. Og eins og ég sagði áðan, þá hef ég misskilið hann gersamlega og ekki aðeins ég, heldur hans eigið málgagn og *allir þeir, sem um þetta mál hafa talað síðan* og tjáð sig um það, — að svo miklu leyti sem þeir vilja gera það, — hvað hæstv. forsrh. átti við í fyrri ræðu sinni, því að það hafa allir skilið það svo, að hann hafi verið að orða hugleiðingar um það, sem var góðra gjalda vert, hvernig ætti í stórum dráttum að leysa þann efnahagsvanda, sem við glímum við. En að leysa 800 millj. af vandanum og skilja 2200 millj. eftir einhvers staðar í lausu lofti, það auðvitað er *engin lausn, og ég vil bæði vegna hæstv. forsrh.* og þjóðarinnar allrar vonast til, að þetta sé alls ekki það, sem hæstv. ráðh. meinar, vegna þess að þá, eins og ég sagði áðan, hefur þessi kenning, sem hann varpar hér fram og vakið hefur jafnmikla athygli og hún hefur gert, aðeins orðið til þess að skapa hreina ringulreið á skoðunum manna um það, hvaða skoðanir hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. hæstv. forsrh. hafi á eðli þess vanda, sem við er að glíma. Og þá *er í rauninni ekki hægt* að ræða þessar hugleiðingar af alvöru.

Þessum vanda, sem við er að glíma, verður ekki deilt í marga hluti. Og það er ekki mörg úrræði, sem eru til þess að mæta honum. Hæstv. forsrh. hefur sagt, að honum yrði ekki mætt með gengislækkun, á meðan núv. hæstv. ríkisstj. situr. Þá vitum við það. Nú veit ég ekki, hvort það merkir, að hún ætli þá að fara. Það er önnur saga, en sleppum því. Það liggur fyrir. Og *það liggur enn annað fyrir frá hæstv. forsrh.*, sem hann sagði hér við umr. um daginn og styður þá skoðun mína, að hann hafi átt við vandann í heild, þegar hann var með hugleiðingu sína þá, vegna þess að hann sagði, að það yrði að ríghalda í, að vísitalan hækkaði ekki upp úr 117 vísitölustigum. Ef hann er hér aðeins að tala um verðstöðvunina núna og ef hann samtímis heldur því fram, að það verði að ríghalda í 117 vísitölustig, þá fæ ég alls ekki séð, hvernig *hann ætlar að samrýma sínar eigin kenningar*, ef hann ætlar að hörfa til baka nú, draga í land og segja, að hann hafi aldrei í rauninni meint það, sem allir álitu, að hann ætti við. Hér er þó aðeins eitt úrlausnarefni eftir. Ef á að ríghalda vísitölunni í 117 stigum, þá hljóta að koma til stórfelldar niðurgreiðslur á þessum vísitölustigum, sem hljóta þá að bætast inn í þessa verðstöðvun, sem hér er talað um, þannig að ég sé ekki, að hæstv. forsrh. komist með *nokkrum hætti undan þessu heildardæmi, hvernig* sem hann ætlar að snúa þessu fyrir sér. Og ég held í rauninni, að þjóðin eigi harla mikla kröfu á því að fá að vita, hvað hæstv. ráðh. raunverulega á við, þegar hann er að tala hér í hv. þd. um þessi mál. Það hefði í rauninni verið betra, að hann hefði aldrei byrjað á því, því að eins og dæmið liggur fyrir, þá á að halda

vísitölunni í 117 stigum, það á aðeins að nota niðurgreiðslur, sem nægja til þess að halda henni í því horfi, sem hún er nú, en látið liggja á milli hluta, hvað verði um 5 vísitölustig um áramót. Það á ekki að láta hana hækka, en það á þó ekki að skerða hana. Það á ekki að lækka gengið til þess að jafna vanda útflutningsframleiðslunnar. Á þá að stórauka skatta til þess að mæta þessum 2500—3000 millj.?

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. En mér finnst, að persónuleg skoðun hæstv. forsrh. sé orðin svo þokukennd, að það hefði verið heppilegast, bæði fyrir hann og alla, að hann hefði aldrei látið hana í ljós. Ekki það, að hann stjórnskipulega geti ekki gert það, því dettur mér ekki í hug að halda fram, heldur vegna þess, að honum hefur þó lánazt með þessari síðari ræðu sinni hér að gera þetta mál svo flókið, að það er gersamlega útilokað að botna í því, hvað er í rauninni verið að fjalla um. Það hlýtur að vera eitthvað af persónulegum skoðunum eftir í pokahorninu hjá hæstv. ráðh., því að ég trúi því ekki, að hann viti ekki, hvað vandinn er stór. Og þó að það geti verið gott og blessað að treysta á, að einhverjir spekingar finni einhver lausnarorð, þá vitum við allir, að þær úrlausnir eru ekki margar, sem koma til álita. Og eins og ég sagði við fjárlagaumr., held ég, að það sé ákaflega mikill barnaskapur, ef hæstv. ríkisstj. heldur, að það geti gerzt, þó að það gerist í ævintýrunum, að menn finni einhvers staðar gullkistu um áramótin, sem geri mögulegt að leysa vandann, án þess að það komi við nokkurn mann. Það held ég, að sé ekki raunhæft.

Ég vildi í upphafi taka alvarlega hugleiðingar hæstv. forsrh. um hans persónulegu skoðun á þessum mikla vanda, sem þjóðin óneitanlega stendur andspænis. Við getum látið liggja á milli hluta, eins og hann sagði, hverjum þessi vandi er að kenna og af hverju hann stafar. Ég skal ekki fara út í þá sálma. Við erum vafalaust ekki sammála um það, við hæstv. forsrh., en það finnst mér ekki kjarni málsins, heldur hitt, að til þess að leysa vandann, hver sem hann er, þá verða menn þó að skilja eðli hans og umfram allt verður sá maður, sem ætlar að leiða þjóðina, að skilja eðli þess vanda, sem hann á við að glíma. Hamingjan hjálpi þjóðinni, ef sá maður skilur hann ekki. Hvernig er þá hægt að búast við, að nokkur annar þjóðfélagsborgari skilji hann?

Hæstv. forsrh. hefur með þessari ræðu sinni hér og með því að draga í land með sínar persónulegu skoðanir að ⅔ a. m. k., ef ekki ¾, tekizt að hylja sig í þeim reykmekki, sem hann reyndi að blása upp hér síðast í ræðu sinni áðan. Þetta mál hefur komizt inn á enn þá óljósari brautir og ég verð að segja ekki sérlega gagnlegar fyrir þá aðila í þjóðfélaginu, hvort sem það eru verkalýðssamtök, vinnuveitendur eða aðrir, sem eiga að reyna að gera sér grein fyrir því og hljóta þá auðvitað að hlusta á það, sem ráðamenn þjóðarinnar láta í ljós sem skoðun sína á eðli vandans.

Það var svo fróðlegt út af fyrir sig að heyra það hjá hæstv. forsrh., að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Reykv., að hans mat væri það, að launahækkanirnar s. l. haust hefðu verið hóflegar og þær væru ekki orsök í þessum vanda. Ég sagði í ræðu minni, að annaðhvort væri allt það markleysa, sem hæstv. núv. ríkisstj. og talsmenn hennar hafa sagt áður um þá hrollvekju, sem mundi bíða, þegar verðstöðvun fyrrv. ríkisstj. lyki, eða þá að kauphækkanirnar s. l. haust hefðu verði allt of miklar og vandinn, sem við var að glíma, hefði verið vanmetinn. Hæstv. ráðh. hefur nú lýst því yfir hér, að kauphækkanirnar hafi ekki verið óhóflegar, það hefði undir eðlilegum kringumstæðum verið hægt að risa undir þeim geysilegu kauphækkunum ásamt vinnutímastyttingu, sem varð á s. l. hausti. En þá er líka í eitt skipti fyrir öll, ef á að trúa þessari skoðun hæstv. ráðh., kveðinn niður sá áróður hv. núv. stjórnarflokka, að það hafi verið safnað í sarpinn einhverjum stórfelldum vandamálum með fyrri verðstöðvun. Þau gátu ekki verið til staðar, úr því að hægt var að hefja nýja kjarasókn fram á við.

Við vorum satt að segja aldrei það bjartsýnir, að við álitum, að það væri hægt að framkvæma mjög stórfelldar kauphækkanir á s. l. hausti eftir þær miklu kjarabætur, sem höfðu orðið árið áður. Við lögðum á það áherzlu, að reynt yrði að meta vandann efnislega, þegar nýir kjarasamningar yrðu gerðir. En með yfirlýsingu hæstv. forsrh. hefur hann sannarlega gefið fyrrv. ríkisstj. fullkomna syndakvittun fyrir það, sem hún hafði gert, því að hún hafði þá engum vanda safnað, heldur beinlínis lagt grundvöll að því, að hægt væri að bæta kjör fólksins í landinu þegar á s. l. hausti svo geysilega sem hæstv. ráðh. var hér að lýsa með þeim tölum, sem hann las hér upp. Þetta sannar bezt, hvernig allt talið um slæman viðskilnað fyrrv. ríkisstj. hefur verið gersamlega út í hött.

Ég skal ekki fara að ræða það, sem ég er auðvitað ekki sammála hæstv. ráðh. um, hvernig standi á því að þessi vandi hafi komið upp, sem orsakaði verðstöðvunaraðgerðir á miðju ári. Það getum við látið liggja á milli hluta. En vitanlega gerðist ekkert stórkostlegt í þeim efnum varðandi aflarýrnun og annað, sem hefur leitt til þess vanda, sem nú er við að glíma. Það a. m. k. er aflarýrnun, sem er svo lítil móts við það, sem þekktist á erfiðleikaárunum, — þá var okkur sagt, að 50% samdráttur á útflutningsverðmæti væri ekkert til að tala um, en nú er rætt um, að 7% séu alveg óskaplegar ófarir, enda þótt samtímis verði 7% verðhækkun eða meiri á útfluttum vörum. Það virðist ekki vera sama, hver á heldur, og þetta stafar þá kannske af því, að menn telja, að það sé hægt að ætlast til mismunandi af þeim sem með völdin fara í landinu, þegar 50% er talið lítið sem ekkert, en 7%, sem mætt er fyllilega með verðhækkun, eru talin ófarir. Á þessu ári hefur ekki orðið nein tekjurýrnun að neinu leyti til varðandi útflutningsframleiðsluna, því hefur verið mætt með því að ganga á vörubirgðir, en það auðvitað verður ekki gert ár eftir ár. En við skulum láta þetta liggja á milli hluta.

Ég lýk máli mínu með því að harma það, að það sýnist ekki mögulegt að halda áfram að ræða þetta mál á þann hátt, sem gert var í upphafi þessara umr., vegna þess að annað hvort hafa skoðanir hæstv. forsrh. gersamlega breytzt þessa daga yfir helgina eða þá hann lítur vandann allt öðrum augum nú en þá, ef marka má ræðu hans. Það gerir það að verkum, að raunverulega er ekki hægt að ræða alvarlega þær hugleiðingar, sem hann setti fram í sinni fyrri ræðu og ég vildi ræða efnislega, eins og hann vék að í sínu máli, því að þetta, sem hans skoðanir lýsa nú, er ekki lengur nein lausn á vandanum, þannig að hann er jafnóleystur eftir sem áður, þó að farið sé eftir þeim hugmyndum, sem hann hefur varpað fram. Ég harma það mjög, að hann skuli þá ekki hafa talað a. m. k. svo ljóst, að menn gerðu sér grein fyrir, hvað hann átti við, og fólk því haldið, að hér væri verið af hálfu forsrh. landsins að ræða alvarlega um lausn vanda, sem við er að glíma. En svo kemur á daginn, að hér er alls ekki verið að ræða um lausn á neinum vanda. Hér er aðeins verið að taka út úr brot af vandanum, sem aldrei verður hægt, heldur hlýtur að verða að taka vandann í heild föstum tökum. Það verður því að stokka spilin upp að nýju, og við getum þá hætt í rauninni að ræða um persónulegar skoðanir forsrh., vegna þess að þær virðast ekki vera til staðar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs að nýju vegna þess að hæstv. forsrh. virtist ekki vera það ljóst, hvort ummæli mín hér fyrr á fundinum ættu að teljast andmæli gegn því frv., sem hér er rætt, eða ekki. Ég verð að segja, að það má honum vera nokkur vorkunn, þó að hann eigi erfitt með að átta sig á því, þar sem hann var ekki viðstaddur, þegar ég flutti mína ræðu. En ég mun hafa sagt í upphafi máls míns, að ég hefði ekki ætlað mér að ræða efnisþætti þessa frv., ég hefði ekki ætlað mér að beita mér gegn því, en vegna sérstakra ummæla hæstv. forsrh. í ræðu hans vildi ég gera nokkrar aths., m. a. vegna þeirrar staðhæfingar hans, að með því væri ekki hallað á neinn sérstaklega. Leiddi ég að því nokkur rök, að hvað bændur varðaði væri þessi lagasetning nokkuð erfið.

Ég held, að ég sé ekki einn um þessa skoðun. Og til þess að undirstrika það, vildi ég hér kynna þá samþykkt, sem aðalfundur Stéttarsambands bænda gerði um þetta málefni, þar sem þeim tilmælum var beint til fundarins, að hann tæki afstöðu til þessa hugsanlega frv. eða þessarar hugsanlegu ráðstafana, sem ríkisstj. hefði í hyggju að gera til verðstöðvunar. En sú till., sem aðalfundur Stéttarsambands bænda samþykkti, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna tilmæla ríkisstj. um frestun á gerð verðlagsgrundvallar vill aðalfundur Stéttarsambands bænda 10. júlí 1972 taka fram eftirfarandi:

Í stjórnarsáttmálanum var því heitið, að kjör bænda yrðu sambærileg við launakjör annarra vinnandi stétta. Þótt nokkuð hafi miðað í rétta átt, skortir verulega á, að fullu jafnrétti sé náð. En með tilliti til þeirrar nauðsynjar, sem talin er vera á því að stöðva kapphlaupið á milli kaupgjalds og verðlags, lætur aðalfundurinn óátalið, þótt gerð nýs verðlagsgrundvallar sé frestað fram til næstu áramóta, enda verði bændum tryggt það verðlag, sem felst í framreiknuðum verðlagsgrundvelli samkv. gildandi reglum miðað við 1. sept. n. k. Fundurinn áskilur bændum allan rétt til að krefjast leiðréttingar á grundvellinum um næstu áramót."

Það var þessi skoðun aðalfundarins, sem fellur saman við skoðun mína, að þessi ráðstöfun, sem að vísu er ekki ætlað að gilda nema um 4 mánuði, sé það alvarleg fyrir hag bændastéttarinnar í landinu, að það sé eðlilegt, að á hana sé bent, því að svona verka þessi lög á hag bændanna. Og ég vil með því að hafa yfir þessa ályktun benda sérstaklega á og undirstrika niðurlag ályktunarinnar um það, að bændur hafi ekki afsalað sér neinum rétti í þessu sambandi um næstu áramót.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður, þar sem þeir flokksbræður mínir, sem á undan mér hafa talað, hafa tekið þau atriði til meðferðar, sem sjálfsagt var að gera eftir ræðu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. vildi meina, að það væru fleiri en ríkið, sem hefðu stuðlað að þeirri þenslu, sem væri hér á Íslandi, þeirri eyðslustefnu, sem hér ríkti og ég gerði að umtalsefni, að væri til staðar af hálfu ríkisstj., og nefndi hann þar til sveitarfélögin. Hvað sem þessari staðhæfingu hæstv. forsrh. líður, vil ég vekja athygli á því, að allar fjárhagsáætlanir sveitarfélaga í landinu nema líklega innan við fjórðung eða jafnvel nær fimmtung af fjárl. ríkisins. Ég bendi á, að stefna ríkisvaldsins í fjármálum ríkisbúskaparins hefur þess vegna úrslitaáhrif, að því er ofþenslu- og eyðslustefnu snertir. Ég hygg, að sveitarfélögin í landinu, hvorki höfuðborgin né önnur, hafi ekki gengið of langt og það sé hlutfallslega minna um hækkanir að ræða hjá þeim en hjá ríkisvaldinu.

Það voru hinir 4 punktar hæstv. forsrh., er snertu muninn á hinni tímabundnu verðstöðvun hæstv. ríkisstj., sem hér er til umr., og verðstöðvuninni frá því í nóv. 1970, sem mig langaði að fara örfáum orðum um. Í fyrsta lagi taldi hann, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, sem fyrrv. ríkisstj. hefði ekki haft. Fyrrv. ríkisstj. hafði vissulega samráð við aðila vinnumarkaðarins um verðstöðvunina. Það voru fundarhöld vikum saman, þótt ríkisstj. og launþegasamtökin bæru ekki gæfu til að verða sammála. En það eru ekki sterkari orð, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa um þessa tímabundnu verðstöðvun núv. hæstv. ríkisstj., en við máttum heyra af ræðu hv. síðasta ræðumanns, og ég held, að fulltrúar Alþýðusambandsins hafi sagt eitthvað á þá leið, að þeir létu þessar ráðstafanir óátaldar eftir atvikum.

Þá var það annar punkturinn, sem hæstv. forsrh. nefndi, að þau 2.5 visitölustig, sem tekin væru af formi til skv. þessari tímabundnu

verðstöðvun, væru að fullu bætt, og þá býst ég við, að hann eigi við fjölskyldubæturnar. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég minnist þess að hafa heyrt hæstv. forseta þessarar d., sem er forseti Alþýðusambands Íslands, — og ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki rétt, — segja eitthvað á þá leið, að hér væri vísitöluskerðingin e. t. v. ekki meiri en eitt stig. En það var vísitöluskerðing engu að síður, og þá er auðvitað við það miðað, að þessi vísitöluskerðing standi ekki nema til áramóta. En standi hún fram yfir áramót, er um fulla vísitöluskerðingu að ræða, 2.5 stig a. m. k., sambærilegt við það, sem áður var um 2 stigin í verðstöðvuninni frá nóv. 1970, og var þá talið, að sú staðreynd, að þær verðhækkanir kæmu til framkvæmda, hefði í för með sér, að launþegarnir yrðu fyrir kjararýrnun, vegna þess að þeir fengju verðlagsuppbætur seinna en verðhækkanir eiga sér stað, vegna þess, hvernig útreikningur vísitölunnar er framkvæmdur.

Í þriðja lagi var svo sagt, að það væri mun meiri verðstöðvun samkv. ákvæðum þessara laga. Þau standa ekki nema tiltölulega skamman tíma, og reynslan á eftir að sýna, hvor verður í reynd meiri verðstöðvun. Ég skal ekkert fullyrða um það. En hitt hygg ég vera sanni nær, að það sé ekki mælikvarði á verðstöðvun eða gildi hennar, hve miklar verðhækkanir eiga sér stað á tímabilinu, heldur verður að taka með í reikninginn, hvað gerist, eftir að verðstöðvun lýkur, hve mikið kemur þá út í verðlagið. Mér er nær að halda, að þær verðhækkanir, sem eiga eftir að koma út í verðlagið að lokinni þessari tímabundnu verðstöðvun, verði æríð miklu meiri heldur en hæstv. forsrh. vill vera láta og muni skapa langtum meiri vanda en hann vill gera sér grein fyrir, eins og síðasti ræðumaður benti einnig á.

Í fjórða lagi nefndi hæstv. forsrh. með töluverðu mikillæti, að það væri engin ný fjáröflun samfara þessari tímabundnu verðstöðvun gagnstætt hinni frá nóv. 1970. Það er svo, að einmitt í þessu er fólgin blekking. Einmitt í þessu er sönnun um það, að núv. hæstv. ríkisstj. vill ekki horfast í augu við vandann og leysa hann. Fjáröflunin skv. hinni tímabundnu verðstöðvun átti að eiga sér stað með því að draga úr opinberum framkvæmdum allt að 400 millj. kr., jafnvel þó að kostnaður við þessa verðstöðvun væri ekki áætlaður svo hár. En hvernig er útkoman? Hæstv. fjmrh. var gagngert spurður við 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir næsta ár, hvernig þessi niðurskurður verklegra framkvæmda hefði verið framkvæmdur. Hann nefndi nokkrar tölur, sem þetta rn. eða hitt rn. ætti að lækka framkvæmdir sínar um. En þegar hann var beðinn að greina frá, hvaða ákveðnu framkvæmdum væri frestað eða dregnar saman, þá voru engin svör fáanleg. Hér er ekki heldur um það að ræða, að við fáum nokkrar frekari upplýsingar um þetta hjá hæstv. forsrh. Þótt fjárlög yfirstandandi árs séu í orði kveðnu afgreidd greiðsluhallalaus, liggja fyrir upplýsingar um, að fyrirsjáanlegur greiðsluhalli sé á ríkisbúskapnum á yfirstandandi ári. Nefndar eru tölur eins og 300 eða 500 millj. kr., þ. e. a. s. þessi tímabundna verðstöðvun er fjármögnuð með halla á ríkisbúskapnum. En halli á ríkisbúskapnum er einmitt til þess fallinn að gera vanda verðbólgunnar enn stærri, þegar til lengdar lætur.

Ég vil vonast til þess, að sú 14—15% kaupmáttarhækkun, sem hæstv. forsrh. gat um, að yrði á þessu ári miðað við árið á undan, væri á rökum byggð, og tölulega skal ég út af fyrir sig ekki draga það í efa, en nefni, að í þessari kaupmáttarhækkun er ekki tekin með í reikning aukning skattbyrðarinnar á yfirstandandi ári, þ. á m. ekki sú skerðing kaupmáttarins, sem hlýtur að vera í því fólgin að hækka beina skatta og fella niður persónuskatta. Við þá aðgerð var ekki, að ég held, haft fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins eða launþegana í landinu. En það er auðvitað mál, að það er hægt að sýna fram á kaupmáttaraukningu á einhverju ákveðnu tímabili, eins og hæstv. forsrh. gat um, þegar verið er að eyða sjóðum eða þegar þjóðarbúskapurinn er rekinn með halla, eins og viðskiptahallinn við útlönd ber vitni um, eða þegar ríkissjóður er rekinn með halla, eins og hallinn á ríkisbúskapnum er mikill. Meðan þannig háttar málum, er út af fyrir sig ekki hægt að sýna fram á kaupmáttarhækkun.

En nú vil ég spyrja og vænti þess að fá svar, — ef ekki núna, þá a. m. k. þegar þessi mál eru í heild sinni rædd, en mikil þörf er á því, eins og síðasti ræðumaður gat um, — hvað minnkar kaupmátturinn, ef sú leið er farin, sem hæstv. forsrh. kvað vera persónulega skoðun sína, að taka óbeina skatta út úr kaupgreiðsluvísitölunni? Þá er ljóst mál, að kaupmátturinn lækkar. Og mér er spurn, er það þá svo, þegar þær ráðstafanir hafa verið gerðar, að kaupmáttur hafi e. t. v. ekkert hækkað á valdatíma núverandi hæstv. ríkisstj.? Þá fer lítið fyrir loforði hennar um 20% kaupmáttaraukningu innan tveggja ára.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að hæstv. forsrh. hefur aðeins komið við jaðar vandamálsins, og þótt hann telji það hrósvert af sér að setja fram sínar persónulegu skoðanir fyrir frekar en eftir Alþýðusambandsþing, þá er það ekki hrósvert, nema hann leggi vandamálið í heild sinni fram hér á hv. Alþ. til umr. og úrskurðar fyrir Alþýðusambandsþing eða gefi alþm. svo rúman tíma við meðferð málsins, að ekki verði um fljótaskrift að ræða á afgreiðslu þess, þegar þar að kemur. Sjálfstfl. gerði þá kröfu, þegar þessi brbl. voru sett, að Alþ. yrði kvatt saman og vandamálið lagt fram til umræðu á þingi og hæstv. ríkisstj. gerði till. um úrlausn þess. Hæstv. ríkisstj. varð ekki við þeim áskorunum. Hún bíður enn, að því er sagt er, eftir ráðum sérfræðinga sinna. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. hafi manndóm í sér til þess að leggja þá grg. fyrir Alþ. hið allra fyrsta og jafnhliða sínar eigin till. til úrlausnar vandanum, ef hún hefur þá nokkrar slíkar handbærar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér fannst áðan í orðum hæstv. forsrh. eins og hann gerði því skóna fyrirfram, að allir væru alveg afdráttarlaust sammála þessari lausn. Ég hef ekki fengið enn þá það fram, að ég skrifi undir það fyrirfram, m. a. eins og hv. síðasti ræðumaður

kom inn á, varðandi þessar 400 millj. Ég vil byrja ræðu mína á því að óska eftir því aftur hér í þessari hv. d., að þær verði sundurliðaðar nákvæmlega. Ég bað um það í umr. um fjárlög og var ekki virtur svars þar, svo að ég ítreka þá spurningu mína að fá það nú rækilega tekið fram alveg lið fyrir lið, hvaðan þessar 400 millj. kr. koma og skiptast á framkvæmdir. Auðvitað er í því viss blekking að taka 400 millj. kr. núna, sem Alþ. hafði tekið frá á sínum tíma og reiknað með öflun á. Það er viss blekking að taka það til annarrar ráðstöfunar, því að fyrr eða síðar kemur að því, að við verðum að afla þessara 400 millj., og kannske að það þurfi þá meira en 400 millj. í sömu framkvæmdir vegna verðhækkana, bæði innanlands og erlendis, þannig lagað að það skiptir máli, hvernig þetta skiptist, og við sjáum nákvæmlega, í hvaða þarfir þessar 400 millj. áttu að fara, áður en þær voru teknar og settar í niðurgreiðslur.

Efnahagslegur vandi varðandi verðbólgu hér á Íslandi er ekkert nýtt fyrirbrigði og hefur verið hér mjög oft áður, og menn hafa deilt um leiðir. Það eru gamalkunnar leiðir, það eru leiðir niðurfærslu, styrkjastefnu og gengisfellingar og kannske eitthvað þar á milli. Hvað verður nú gert, veit raunar enginn, vegna þess að á stofn var sett ný n., nefnd vitringa eða spekinga, sem eiga að gefa ríkisstj. holl ráð, og ríkisstj. bíður og þjóðin bíður eftir því, hvað þeir leggja til. Þó hefur komið fram, — það skildist mér áðan af orðum hæstv. forsrh., — að það kynni að vera, að ríkisstj. hoppi ekki inn á einhverja eina leið. Að sjálfsögðu tekur hún eitthvað úr þessu, hún metur, hvað er gott og hvað er slæmt, einnig þarf að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, sem er mikilvægt atriði. Þannig getur þetta allt tekið nokkurn tíma. En þjóðin veit þó eitt, að það þarf að afla mikilla tekna til þess að mæta því, sem fram undan er. Áhrifin, sem þessar vangaveltur hafa haft í för með sér, eru örugglega þau, það heyrir maður víða utan að sér, að fólk keppist nú mjög við að koma peningum í lóg með einu eða öðru móti. Þetta hefur þess vegna skapað aukna eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Þó hefur því oft verið lýst yfir hér á hv. Alþ. af sjálfum forsrh., að nóg væri að gert í þessu efni og spennan mikil og eitt höfuðviðfangsefni hæstv. ríkisstj. væri að draga úr þessari spennu og koma á jafnvægi milli eftirspurnar og framboðs og kaupgetu almennings.

Þó að það sé frjálst hverjum manni hér á hv. Alþ. að lýsa yfir sínum persónulegu skoðunum, þá skiptir auðvitað mjög miklu máli, hver gerir það, eins og hér hefur verið undirstrikað úr ræðustóli í dag. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli, hvort það er ég eða sjálfur forsrh., sem lýsir því yfir, að þetta þurfi að gera og þetta komi til greina að gera. Það segir sig sjálft.

Á sínum tíma, ef ég man rétt, samkv. hinu margumtalaða júnísamkomulagi 1964 var sett í lög að koma með nýja vísitölu framfærslukostnaðar. Þá voru fengnar til þess um 300 fjölskyldur að gera neyzlureikning, og niðurstaðan varð sú, að um 100 fjölskyldur skiluðu þessum neyzlureikningi með góðu móti, og nærri 400 manns áttu hér hlut að máli. Frá því í janúarbyrjun 1968 höfum við notað þessa vísitölu, vísitölu framfærslukostnaðar, sem verðmæli í þjóðfélaginu. Laun hafa verið greidd og tekin um það ákvæði í kjarasamninga að hafa þetta sem viðmiðun. Inn í þessari vísitölu eru vín og tóbak. Hin „vonda“ viðreisnarstjórn hækkaði vín og tóbak á sínum tíma fyrir rúmlega tveimur árum, sem olli miklum úlfaþyt í þjóðfélaginu. Þó varð sú hækkun aðeins með því móti, að það átti að fresta ákvörðun þeirrar hækkunar í vísitölukerfinu, en ekki afnema það með öllu. Þá hafði núv. forseti þessarar deildar hér mörg og stór orð um léleg og slæm vinnubrögð í því efni, og væri nú fróðlegt að heyra aths. hans varðandi slíkar vangaveltur í dag að taka nú áhrif frá víni og tóbaki fullkomlega burt úr vísitölunni. E. t. v. eru menn með vangaveltur um, að þetta skipti ekki svo mjög miklu máli, ef sama tala er aftur sett í niðurgreiðslur og henni jafnað til baka í hinn vasann. En um þetta þarf að nást víðtækt samkomulag, ella tel ég hiklaust, að forsenda kjarasamninganna sé brostin. Menn bíða því mjög spenntir eftir því, hvernig hans flokkur og ASÍ-þingið afgreiði eða hvaða afstöðu þau taki til slíkra hugmynda. Eigum við að byggja áfram á þeirri vísitölu, sem var fundin með þeim neyzlurannsóknum, sem ég nefndi áðan? Hún er rétt, sú staðhæfing, að neyzluvenjur breytast. Þær breytast með tímanum og þær breytast með betri efnahag almennings. Það er því eðlilegt, að vísitala eða neyzlusamsetning vísitölu sé athuguð reglulega, og það er sennilega orðið vel tímabært að fá aftur 100—200 fjölskyldur til þess að halda búreikning og sýna nú á komandi ári, hvernig sú samsetning á sér stað, og bera hana saman við það, sem átti sér stað á árinu 1965 eða 1966, þegar þessi rannsókn fór fram. En kjarasamningar eru í gildi og þeir samningar eru miðaðir við þessa samsetningu, og það skiptir því mjög miklu máli að breyta þessari samsetningu skyndilega. Um það eru menn ekki sammála, hvort hægt sé að gera slíkt öðruvísi en líta á forsendur þessara kjarasamninga brostna.

Einnig þarf að velta mjög vöngum yfir því, hvaða liði á þá að greiða niður, og ef það á að vera takmarkið, sem út af fyrir sig getur verið æskilegt, að halda vísitölunni í 117 stigum, þá skiptir það mjög miklu máli, hvaða liðir eru greiddir niður. Það er hagkvæmast fyrir ríkissjóð að fara í fjölskyldubæturnar. En nú eru ekki allir þegnar þjóðfélagsins fjölskyldumenn, og þá þarf að fara að velta vöngum yfir því, hvað á að greiða annað niður, nýmjólk, smjör, kjöt o. s. frv. eða fisk, og þegar við erum með upphæðir, sem örugglega eru mikið á 3. milljarð, ekki 800—1000 millj. til að leysa aðsteðjandi vanda, heldur vandann fyrir árið 1973, þá skiptir mjög miklu máli, hvernig við verjum þessu væntanlega fjármagni í niðurgreiðslum, þannig að byrðarnar komi ekki afar misjafnlega niður á einstaklingana. Um þetta hefur verið lítið fjallað hér og verður áreiðanlega ekki sagt fyrirfram við stjórnarandstöðuna. En vegna þess að hæstv. forseti þessarar d. á sæti í launþegasamtökunum og skipar þann sess, sem mjög er mikilvægur, þá vænti ég þess af honum, að hann

fylgist líka með því, að sá þáttur verði athugaður mjög gaumgæfilega, hvernig þessi dreifing á sér stað á niðurgreiðslunni, því að margt gamalt fólk kann að fara illa út úr þessu, ef ekki er hugleidd mjög eðlileg dreifing á vissar matvörur í þessu sambandi.

Það er gefið mál miðað við skrif í Þjóðviljanum núna, að það á að hreyfa vísitöluna, af því að þessi undarlega setning kemur í leiðara blaðsins fyrir skömmu: „vísitalan er ekki heilög kýr". Ja, öðruvísi mér áður brá. Það var annað hljóð í blaðinu áður. Þegar við stuðningsmenn fyrrv. ríkisstj. vildum gera vissa frestun hér, þá ætlaði allt um koll að keyra, þó að aðeins væri á litlu sviði. Það kom einnig fram í fyrri ræðu hæstv. forsrh., að hann telur, sem auðvitað er rétt staðhæfing út af fyrir sig, að þessi vísitala sé ekki þannig, að það megi ekki breyta henni. Það var ég að segja áðan að væri vegna breyttra aðstæðna og breyttrar venju í neyzlu. En allt þetta þýðir það, að menn reikna með því, að komið verði á sköttum í einu eða öðru formi til þess að afla þess fjármagns, sem um er talað og hlýtur að vera nokkuð á 3. milljarð til þess að leysa þann heildarvanda, sem fyrir er, vegna þess að um áramót koma um 5 vísitölustig inn í dæmið og síðar skv. kjarasamningi 1. marz, ef ég man rétt, um 6 vísitölustig. Það er óhjákvæmilegt, að þessi tala hlýtur að liggja mjög nálægt þremur milljörðum, ef takmarkið er að halda vísitölunni í 117 stigum. Auk þess vitum við fyrirfram, að við megum búast við nokkrum verðhækkunum erlendis frá á vissa liði í vísitölunni. Það er því alveg gefið, að heildardæmið er langtum, langtum meira í tölum talið heldur en hér hefur verið gefið í skyn. Auðvitað er hæstv. forsrh. frjálst að vera með vangaveltur og tala um, að það séu sínar persónulegu skoðanir. Um það verður sennilega atkvgr. í hæstv. ríkisstj., því að maður hefur heyrt, að sá háttur sé upp tekinn nú, að þar fari fram handauppréttingar. En undarlegt er það, ef hæstv. forsrh. lendir þar nú í minnihluta með sínar einkaskoðanir, og tel ég þá hæpið, að seta þar geti verið rökrétt á eftir.

Umr. um þetta hafa nú verið mjög langar og aðalerindi mitt hér var að fara þess eindregið á leit, að við fengjum hér nákvæma grg. um það, hvaðan þessar 400 millj. eru teknar og í hvaða framkvæmdir þær áttu að fara, því að það skiptir miklu máli varðandi afstöðu mína gagnvart frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár, er þessi:

Útvarpið okkar og sjónvarpið fluttu í gær frétt eina frá Bretlandi, sem var þess eðlis, að miklu skiptir, að við Íslendingar gefum henni gaum og réttir aðilar bregði við skjótt af okkar hálfu að gera við hana aths., svo að um munar. Það var haft eftir talsmanni togaramanna í Grímsby, að við Íslendingar hefðum borið ábyrgðina, ef slys hefði orðið í óveðri því, sem núna fyrir helgina gekk yfir brezka togaraflotann út af Vestfjörðum. Ég kynnti mér í morgun, hvernig þessi frétt var tilkomin, og fékk að vita það, að útvarpið okkar hafði fengið hana frá Manchesterskrifstofu brezka stórblaðsins Daily Mail. Fréttin birtist í Daily Mail í morgun, og núna áðan hafði ég samband við blaðið og einn af ritstjórum þess las hana fyrir mig. Hér er um að ræða yfirlýsingu frá félagi yfirmanna á togurum í Grímsby, en yfirmenn þessir eru um 250 talsins og leiðtogi þeirra, eins og hann er nefndur í fréttinni, Jack Evans að nafni, segir orðrétt:

„Ef skipin hefðu sokkið og menn farizt með þeim, hefði það verið helbert morð („plain murder"). Um það hefði ekki verið hægt að viðhafa neitt annað orð. Það hefði verið við Íslendinga að sakast og þá eina."

Ritstjóri sá, sem ég ræddi við, sagði, að yfirlýsing þessi mundi hafa verið send öllum helztu blöðum Bretlands og víðar um heim og væri eflaust nú þegar á síðum þeirra margra.

Tilgangurinn með þessu er augljós: að telja fólki trú um, að við Íslendingar mundum láta okkur einu gilda, þó að vetrarveðrin hér norður frá yrðu brezkum togarasjómönnum að fjörtjóni. Svo mikið sé hatur okkar í þeirra garð vegna landhelgisdeilunnar. Þannig á að hafa af okkur æruna í augum brezks almennings og almennings víðar um heim og blása að sama skapi að glóðum haturs í okkar garð. En alvarlegast af öllu er það, að þarna er reynt að varpa fyrirfram sökinni á okkur Íslendinga vegna þeirra slysa, sem í framtíðinni kunna að henda brezka togara hér norður frá. Það er verið að plægja hatursakurinn. Það er verið að undirbúa jarðveginn, svo hægt verði að snúa til áfellis og fordæmingar okkur Íslendingum hverju því óhappi eða slysi, sem kann að henda brezka togara á miðum okkar og við strendur landsins. Þetta er fyrirboði þess, sem ætlunin er að segja, ef slys ber að höndum. Og ætlunin er að segja: Þetta skip hefði ekki sokkið, þessir menn hefðu ekki drukknað, ef Íslendingar hefðu ekki gerzt svo ósvífnir að færa út landhelgi sína. — Og það verður talað um morðingja.

Hér er ekkert hégómamál á ferðinni. Við verðum, Íslendingar, tafarlaust að reka aftur þessar svívirðulegu ásakanir. Það ríður á, að þeir, sem standa í forsvari fyrir okkur gagnvart umheiminum, fordæmi þær og sýni fram á þau augljósu sannindi, að ef brezkir togaramenn stofna sér í óþarfa háska hér við land, þá er ástæðan einfaldlega sú, að þeir og stjórnvöld þeirra neita að virða lög þeirrar þjóðar, sem byggir landið. Hver brezkur togaraskipstjóri ber sjálfur ábyrgð á sinni áhöfn, og ef hann veigrar sér við að leita hér vars, vegna þess að hann hefur brotið lög okkar, þá á hann við engan að sakast nema sjálfan sig og stjórnvöld lands síns, sem með þrjózku sinni við að viðurkenna sjálfsagðan rétt okkar Íslendinga og með ýmsum öðrum hætti fremur hvetja en letja brezka

togaraskipstjóra til að fara fram með sem mestum glæfraskap á miðum okkar. Og það má gjarnan fylgja með, að okkur Íslendingum finnst það koma úr hörðustu átt, þegar brezkir togaramenn saka okkur um ábyrgðarleysi og tillitsleysi gagnvart lífi þeirra. Eða hefur reynsla brezkra togarasjómanna verið sú? Ætli hitt sé ekki líklegra, að ótrúlega víða á hinum brezka togaraflota megi finna menn, sem ekki mundu draga lífsanda í dag, ef ekki hefði komið til þrek íslenzkra manna og óbugandi vilji þeirra til að bjarga mönnum, brezkum jafnt sem öðrum, úr sjávarháska. Og einnig mætti minna á það, að margir hinna íslenzku varðskipsmanna, sem brezkir togarasjómenn leggja nú meiri fæð á heldur en nokkra menn aðra, hafa hlotið heiðursmerki fyrir það einmitt að bjarga brezkum togaramönnum úr sjávarháska og hætt til þess lífi sínu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get tekið undir þessi orð, sem hv. 5. þm. Vesturl. mælti hér, og þar sem hæstv. utanrrh. er nú ekki hér staddur, skal ég hlutast til um það, að utanrrn. geri ráðstafanir til að koma þeim ábendingum á framfæri, sem hv. þm. benti á, ef það hefur þá ekki þegar verið gert.

Það er auðvitað laukrétt hjá honum, að þeir, sem bera ábyrgð á því, ef hér verður slys, erum ekki við Íslendingar, heldur eru það fyrst og fremst þeir togaraeigendur í Bretlandi, sem senda skipin hingað, enda þótt við höfum margtekið fram við þá og fyrirsvarsmenn Bretlands, hvílík hætta fylgdi því að ætla að senda slík skip sem þessi brezku skip á Íslandsmið að vetrarlagi, án þess að þau hafi möguleika til þess að leita hafnar. Ef á að tala um morð eða morðtilraun í þessu sambandi, þá á að stimpla þetta sem morðtilraunir af hálfu brezkra togaraeigenda. Auðvitað geta þessi skip leitað hafnar hér, hvenær sem vera skal, og á móti þeim verður tekið og þeim veitt aðstoð. En þau skip, sem hafa brotið íslenzk lög, verða að sæta þeirri ábyrgð, sem því fylgir, eða réttara sagt skipstjórar þeirra skipa. Það liggur í hlutarins eðli, að öðruvísi getur það ekki verið og verður ekki í framkvæmdinni. En ef við höfum hingað til talað fyrir daufum eyrum, þá gæti skeð, að þessi vindhviða, sem kom í fyrradag, hafi gefið hlutaðeigendum forsmekkinn að því, sem við má búast, og e. t. v. gætu þeir eitthvað af því lært. Og e. t. v. fer það svo, að brezkir togarasjómenn almennt verða ekki fúsir til þess að láta etja sér til vetrarferða á Íslandsmið. A. m. k. væri það skynsamlegt af þeim að gera þá kröfu, að togaraeigendurnir, útgerðarmennirnir sjálfir, færu með í svo sem eina eða tvær ferðir á Íslandsmið.

Í þessu tilfelli leituðu nokkrir togarar landvars, en aðstæður voru þær, að það var ekki hægt í því veðri, sem þá var, að taka togarana. Að sjálfsögðu verður það gert, ef færi gefst.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en skal, eins og ég sagði, koma þessari ábendingu hv. þm. áleiðis til utanrrn. og sjá til þess, að þessu ámæli, sem þarna hefur verið birt í garð okkar Íslendinga, verði mótmælt. Og ég vil undirstrika, að það var gefið leyfi beinlínis til þess að flytja slasaðan mann yfir í eftirlitsskip í landvari, og eins var togara leyft að koma inn, þegar talið var eftir þeim upplýsingum, sem gefnar voru, að mannslíf væri í háska.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af upplýsingum hv. 5. þm. Vesturl. og síðan ræðu hæstv. forsrh. ætla ég að víkja aðeins að ágalla á opinberri fréttaþjónustu af störfum Landhelgisgæzlunnar, sem fram kom í fréttum útvarps og sjónvarps í gærkvöld og síðan í dag í fréttaskeytum Associated Press, fréttaskeytum Reuters og fréttaskeytum United Press af atburðunum við Ísafjarðardjúp núna óveðursdagana.

Í gærkvöld var sagt frá því í fréttatíma útvarps og sjónvarps eftir Landhelgisgæzlunni, að varðskip hefði í gær skotið púðurskotum að brezkum togurum, sem leitað hefðu vars undan Grænuhlíð í hafróti. Haft var eftir forstöðumönnum Landhelgisgæzlunnar, að tilgangurinn með púðurskotunum hefði verð sá að reka togarana út aftur, en það hefði ekki tekizt. Þetta var síðan haft eftir forstöðumönnum íslenzku landhelgisgæzlunnar í erlendum fréttastofufregnum í dag, að varðskip okkar hefðu skotið púðurskotum að brezku togurunum, sem lágu í landvari undan Grænuhlíð í hafróti í gær, til þess að stugga þeim út aftur. Þessi frétt Landhelgisgæzlunnar var síðan leiðrétt í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í dag. Þar var frá því sagt, að gerð hefði verið tilraun til þess að koma varðskipsmönnum á gúmbáti um borð í breskan togara, hinir togararnir, sem þarna lágu, hefðu þyrpzt umhverfis þann, sem taka átti, og komið í veg fyrir, að hægt væri að setja menn um borð í hann, og þá hefði verið skotið púðurskotum. Ég er ekki alveg viss um, að menn geri sér nógu ljósa þýðingu þess, að erlendar fréttastofur fái glöggar og skjótar fréttir af athöfnum íslenzku landhelgisgæzlunnar til þess að koma þeim á framfæri, áður en þær neyðast til þess að nota þær heimildir, sem þeim eru fengnar í hendur úti í brezku togarabæjunum. Og nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvernig á því standi, að íslenzkum fréttamönnum blaða og útvarps og fréttamönnum nokkurra valinna erlendra fréttastofa er ekki leyft að fylgjast með störfum Landhelgisgæzlunnar um borð í varðskipunum?

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel rétt að þakka, að hæstv. forsrh. ætlar að koma því til utanrrn., að leiðrétta þá grein, sem hér er til umr., ef það hefur ekki verið þegar gert. En ég vil benda á, að kjarninn í ræðu hv. 5. þm. Vesturl. var í sjálfu sér ekki það, sem gerðist nú um helgina, heldur aðvörun um, hvað felst í viðbrögðum Breta. Ef eitthvað kemur fyrir, þá er sýnilega ætlunin að sjá svo til með öllum mætti brezkra fjölmiðla, að okkur verði kennt um. Það er ekki nóg að leiðrétta þetta eina atriði, heldur ber okkur að haga gagnkynningu og gagnáróðri okkar eftir þessu.

Ég vil vekja máls á því, hvort upplýsingastarfsemi okkar, sérstaklega í Bretlandi sjálfu, sé í

nógu góðu lagi. Við höfum að vísu ráðið upplýsingaskrifstofu, en ég hef séð ákaflega litlar upplýsingar um það, hver hún er eða hvað hún hefur gert, þó að ég hafi heyrt hæstv. ráðh. eða fulltrúa ráðh. fullyrða, að hún vinni vel. Hitt vitum við, að mótaðili okkar, brezki fiskiðnaðurinn, hefur ráð á að eyða 300 þús. sterlingspundum í að fá einhverja illræmdustu áróðursskrifstofu, sem til er í veröldinni, í Sviss, til þess að vinna gegn okkur og grafa undan okkur. Og ég óttast því miður, að í þessum hluta átakanna förum við á ýmsum sviðum halloka. Ég óttast t. d. mjög alvarlega, að þessari skrifstofu í Genf takist að breiða út þann áróður, að okkur Íslendingum sé ekki trúandi fyrir neins konar vernd á fiskistofnum. Þetta er eitt af því, sem þeir hafa lagt mikla áherzlu á.

Ég vil leggja mjög ríka áherzlu á, að það verði litið á þetta ekki aðeins sem eitt atvik, heldur verði könnuð aðstaða okkar í upplýsinga- og áróðursstríðinu, sem er einn hluti af landhelgisdeilunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í þessu máli, sem mig langar til að leggja áherzlu á. Ég held, að sumt af því, sem hefur komið fram, ekki hérna í þessum umr., heldur annars staðar um helgina, hafi orðið til þess, að ýmsir misskilji dálítið, hvernig í þessu máli liggur, og ef sá misskilningur nær að festa rætur utan Íslands, getur hann orðið okkur nokkuð hættulegur. Það liggur við, að sumt af því, sem hefur komið fram í fréttum, beri með sér, að það þurfi leyfi til þess að leita vars í ofviðri, Bretar þurfi leyfi til þess. En auðvitað er mjög þýðingarmikið, og það er undirstaða alls þessa máls, að allur heimurinn viti, að þeim er frjálst að leita hér vars. Það er algerlega skipstjórans að ákveða það, hvort hann leitar vars, utan hafnar eða innan. En hitt er annað mál, að það leysir engan undan brotum á íslenzkum lögum, þótt hann leiti vars. Þetta sýnist mér vera meginkjarni þessara mála, að hér er um að ræða atriði, sem skipstjórinn ákveður algerlega sjálfur. Honum er frjálst að leita vars, og hann verður svo að meta það sjálfur, hvort hann metur líf manna sinna og sjálfs sín svo lítils, að hann vilji ekki leita vars og eiga það á hættu að fá skynsamlegan og réttlátan dóm fyrir það, sem hann kann að hafa brotið af sér. Ég hygg, að meginatriðið í þessu máli sé, að það komi strax fram nógu skýrt, að það er öllum frjálst, Bretum jafnt sem öðrum, að leita vars, og kemur ekki til mála, að nokkurt leyfi þurfi til þess. En það leysir menn ekki undan lögbrotum, þó að þeir verði að leita vars. Líf skipshafnanna er þess vegna undir slíkum kringumstæðum algerlega á valdi skipstjóranna, að svo miklu leyti sem það er undir ákvörðun af þessu tagi komið, en ekki að neinu leyti á valdi íslenzkra yfirvalda. Ég tel, að það væri mjög nauðsynlegt, að þetta yrði undirstrikað sérstaklega í fréttum, sem kæmu sem víðast, ekki sízt til þess að mæta þeim áróðri, sem hv. 5. þm. Vesturl. benti á, að nú væri í uppsiglingu. Það á að mínu viti fyrst og fremst að mæta honum með þessu, með því að leggja ábyrgðina á þá, sem ábyrgðina bera, og það eru þá þeir, sem ekki leita vars, ef nauðsyn krefur, þó að þeir eigi þess kost.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er auðvitað rétt, sem hv. 1. þm. Austfj. sagði um þetta. En það, sem þeir hafa verið að fara fram á af Bretlands hálfu, er, að það verði gefin einhver yfirlýsing um það, að þeir verði alveg látnir í friði, þegar þeir leita landvars. Slíka yfirlýsingu er auðvitað ekki hægt að gefa gagnvart sökudólgum.

Út af því, sem hv. þm. Stefán Jónsson minntist á, vil ég segja það, að það var tekin ákvörðun um það, að blaðamenn og fréttamenn yrðu ekki um borð í varðskipunum, og það er skoðun mín, að það sé ekki heppilegt, að varðskipsmenn vinni störf sín undir eins konar smásjá af hálfu fréttamanna. Í öðru lagi er erfitt að koma því við að taka marga fréttamenn um borð í þessi skip. En ef það hefði átt að taka fréttamenn um borð, hefði að mínum dómi ekki verið hægt að binda það aðeins við fréttamenn t. d. sjónvarps eða útvarps, heldur hefði þá orðið að gefa blaðamönnum kost á því að vera með einnig, og þá hefði það getað orðið talsverður hópur, sem þannig hefði átt að vera með varðskipunum. Aðstaða til slíks er nú ekki fyrir hendi í varðskipunum. Auk þess er það svo, að varðskipin verða að fara með leynd og það er beinlínis bannað að gefa upplýsingar um ferðir þeirra. Það gefur auga leið, að það væri ekki hægt fyrir varðskipin, t. d. þessi tvö, sem við höfðum til að byrja með, að fara að haga sínum ferðum með tilliti til einhverra fréttamanna, sem þau hafa um borð, fara t. d. að skjóta þeim á land þarna og þarna, þar sem þeir teldu, að þörf væri á. Slíkt er ekki hægt.

Hins vegar var sá háttur tekinn upp, að landhelgisgæzlan hefði sérstakan blaðafulltrúa, sem fréttamiðlar og fréttamenn gætu haft samband við. Ég veit ekki annað en þeim hafi staðið til boða hvenær sem er að hafa samband við þennan aðila. En það getur vel verið, að þeir hafi ekki notfært sér þá þjónustu, sem þeim hefur staðið þar til boða, eins og skyldi. A. m. k. virðist mér, að í fréttum útvarps t. d. hafi borið eins mikið á þeim fréttum, sem komið hafa erlendis frá, eins og á þeim fréttum, sem þeir hefðu getað aflað sér hjá þessum talsmanni landhelgisgæzlunnar. Hins vegar hefur blaðamönnum verið boðið og þeir hafa haft tækifæri til þess að fara í flug með eftirlitsflugvél landhelgisgæzlunnar. Þar gegnir auðvitað allt öðru máli. Það er tiltölulega auðvelt að koma því við, að þeir geti fengið að fara í slíkar ferðir með flugvélinni, þegar hún fer í eftirlitsferðir, og ég held, að þeir hafi notað sér það eitthvað.

Það er vafalaust rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að við stöndum æðihöllum fæti í þeirri áróðursherferð, sem höfð er uppi erlendis um þessar mundir gegn okkur. Og það er sjálfsagt að taka það til athugunar, með hverjum hætti þar er hægt um að bæta. En því miður er þar við sterka aðila að eiga

og e. t. v. erfitt að hamla þar alveg til jafns á móti. En hitt ætti að vera eðlileg krafa til íslenzkra fjölmiðla, að þeir styddust ekki meira en góðu hófi gegnir við erlendar fréttir heldur öfluðu sér þeirra beztu heimilda, sem völ er á hér innanlands, og létu þær fréttir, sem á þeim væru byggðar, jafnvel fljóta með þeim erlendum fréttum, sem þeir flyttu um þetta efni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir upplýsingarnar varðandi ástæðurnar fyrir því, að fréttamenn hafa ekki fengið tækifæri til þess að fylgjast með framgagni gæzlunnar eftir útfærsluna 1. sept. Það kann vissulega að vera álitamál, hvort heppilegt sé, að starfsmenn Landhelgisgæzlunnar vinni störf sín undir smáspá fréttamanna. En ég trúi því ekki, að þeir, skipherrarnir á varðskipunum okkar, séu það ístöðulitlir, að þeir létu framavonina, í fyrirsögnum dagblaða, glepja fyrir sér við skyldustörfin. Ég vil minna á, að þegar landhelgin var færð út í 12 sjómílur 1958, þá fékk fréttamaður útvarps að fara með einu varðskipanna. Það var ekki talið álitamál þá, þegar um var að ræða pláss fyrir fáa eða jafnvel einn, að Ríkisútvarpið, sá fjölmiðill —, ef maður má nota það leiðinlega orð, — sem nær til flestra, ætti að sitja þarna í fyrirrúmi. Reynslan varð þá sú, að Ríkisútvarpið flutti þá 8—9 daga, sem fréttamaðurinn var um borð í Þór, daglegar fréttir frá honum af því, sem var að gerast við Austurlandið, og heimsfréttastofurnar notuðu þá heimild í túlkun þess, sem var að gerast. Víst er kveðið svo á, að ferðir varðskipanna eigi að vera með leynd. En ég fæ ekki séð, hvernig vera blaðamanns eða fréttamanns um borð í varðskipunum mundu rjúfa þá leynd, fremur en þær upplýsingar, sem fara á milli brezku eftirlitsskipanna og brezku togaranna hér við land, sem fylgjast með varðskipunum.

Síðan 1958 hefur sjónvarpið komið til sögunnar á Íslandi, og ég er persónulega viss um það, að áhöfnum varðskipanna er vernd í því, að kvikmyndavél sé í gangi um borð, þegar kastast í kekki milli varðskipsmanna og áhafna brezku togaranna og eftirlitsskipanna. Sé kvikmyndavél í gangi um borð í íslenzku varðskipunum í höndum manns, sem kann að nota hana, — sé þar ábyrgur fréttamaður, — þá verður engu logið í heimspressunni um það, sem er að gerast á Íslandsmiðum. Fram að þessu hafa erlendu fréttastofurnar fyrst og fremst fengið sínar upplýsingar frá brezku togaraeigendunum. Ég hef fylgzt talsvert með tilraunum fréttamanna útvarpsins til þess að segja ítarlegar og glöggar fréttir af því, sem gerist við landhelgisgæzluna á miðunum, og ég staðhæfi, að ekki hafi staðið á þeim að inna eftir upplýsingum hjá fréttafulltrúa Landhelgisgæzlunnar. Það var hann, sem sagði frá því í gær, að brezku togaraskipstjórarnir, eða skipstjórar eftirlitsskipanna, hefðu verið að leita heimildar fyrir brezku togarana til að leita landvars, að slíkri heimild hefði verið synjað í einu tilfelli. Og það var hann, sem sagði fréttamönnum útvarps og sjónvarps frá því í gærkvöld, að púðurskotum hefði verið skotið að togurunum til þess að reka þá úr landvari. Starf blaðafulltrúa við Landhelgisgæzluna, hversu ágætur sem hann kynni að vera, getur aldrei komið í stað þess að hafa fréttamenn með á miðunum, og ég fæ ekki séð, hvers vegna ekki er hægt að veita blaðamönnum takmarkað leyfi til þess að vera um borð í varðskipunum og fylgjast með því, sem er að gerast á miðunum nú, eins og það var hægt 1958. Sjálfur hef ég innt yfirmenn á varðskipunum eftir því, hvort þeir teldu, að nærvera fréttamanna um borð yrði til trafala, eða hvort þeim yrði stoð í nærveru þeirra þar, og þeir menn, sem ég hef rætt þetta mál við hafa látið í ljós þá skoðun sína, að ef í harðbakkann slægi, gæti verið mjög gott að hafa fréttamenn þarna um borð með kvikmyndatökuvélar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. forsrh. fyrir það, hve röggsamlega hann tók undir orð mín hér áðan. Og ég get tekið heils hugar undir allt það, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni hér áðan, sérstaklega þá uppástungu hans, að togaraeigendur kynni sér, hvað í húfi er hér á Íslandsmiðum að vetrarlagi, með því að skreppa svo sem eina ferð á togara hingað á mið okkar. Ég þekki suma þessa menn persónulega og veit, að þeir voru fyrrum togaramenn sjálfir. En þeir, sem fara fram með mestum ofsa af þeirra hálfu hafa hins vegar, mér vitanlega, aldrei á sjó komið. Það gildir t. d. um hinn margfræga Mr. Austin Laing. Ég held, að hann mætti gjarnan skreppa sem svaraði svo sem einni veiðiferð út úr hlýjunni á skrifstofu sinni hingað norður á Íslandsmið að kynna sér, hvað það er að stunda hér veiðar að vetrarlagi.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 25). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Tæknistofnun sjávarútvegsins, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. shlj. því, sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi, en það náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu hér á Alþingi. Mér hefur þótt rétt að freista þess á nýjan leik að fá þetta frv. samþ., þar sem hér er um allþýðingarmikið mál að ræða.

Meginefni þessa frv. er það, að komið verði á fót sérstakri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, sem hafi með höndum rannsóknir og tilraunir á ýmsu því, sem varðar sérstaklega tækniframfarir í sjávarútvegsmálum. Það er gert ráð fyrir því, að þessi stofnun verði undir stjórn samtaka útvegsmanna og sjómanna og það verði þeir, sem beri því mestan veg og vanda af rekstri þessarar stofnunar. Hér er ekki gert ráð fyrir því að byggja upp í upphafi stóra eða dýra stofnun. Lagt er til, að tiltekinn hluti af tekjum

fiskimálasjóðs renni til þess að reka þessa stofnun, en einnig komi til nokkur föst fjárveiting á fjárl. Búast mætti við, að tekjur þessarar stofnunar af þessum tveimur tekjustofnum yrðu í kringum 6—7 millj. kr. á ári, eins og nú standa sakir. En nokkrar viðbótartekjur gæti stofnunin haft fyrir tiltekin verk, sem hún tæki að sér og fengi greiðslur fyrir.

Eins og kunnugt er, þá eru nú nokkrir aðilar, sem gefa sig að þessum málum að meira eða minna leyti. Þannig hefur það verið um nokkra hríð, að Fiskifélag Íslands hefur skipt sér af þessum málum, þótt lítið sé, hefur haft stundum í sinni þjónustu tæknifræðing eða tæknifróða menn, sem unnið hafa að nokkrum leiðbeiningarstörfum, en þó hefur þessi starfsemi aldrei náð nema mjög skammt. Tvær aðrar stofnanir, sem kostaðar eru af ríkinu, hafa líka sinnt þessum málum hvor á sínu sviði, en að mjög litlu leyti, og þar á ég við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunina. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur nokkuð kynnt sér ýmis tæknimál, sem snerta sérstaklega fiskvinnsluna og fiskiðnaðinn, þótt sú stofnun helgi sig fyrst og fremst þeim störfum, sem snúa að fiskiðnaðarmálum, en ekki sérstaklega að vinnubrögðum í sambandi við þá starfsemi. Þá hefur Hafrannsóknastofnunin, sem hefur auðvitað fyrst og fremst með höndum fiskifræðilegar rannsóknir og athuganir ýmsar, einnig nokkuð fengizt við athuganir á veiðarfærum og gert nokkrar veiðitilraunir. Og síðast en ekki sízt hefur svo verið um það að ræða, að Fiskimálasjóður, sem hefur nokkrar tekjur, hefur veitt styrki eða lán til ýmissa aðila, sem hafa verið að fást við tæknilegar nýjungar eða tækniframfarir í þágu sjávarútvegsins.

Reynslan er sú, að þessi dreifing á þessum verkefnum er mjög óhagkvæm og skilar tiltölulega litlum árangri, og það er mjög hætt við því að jafnvel sé ár eftir ár verið að fást við sömu verkefnin af fleiri en einum aðila, og veldur það vitanlega alveg óþörfum kostnaði.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að komið verði á fót sérstakri stofnun, sem hafi með þessi málefni að gera og yfirtaki þau, eftir því sem tök eru á. Þó hefur ekki þótt ástæða til að banna það, að þær stofnanir, sem unnið hafa á vegum sjávarútvegsins og nokkuð fengizt við þessi mál fram til þessa, létu sig þessi mál að einhverju leyti skipta áfram og þar yrði þá einkum um þá þætti málanna að ræða, sem sérstaklega tengjast eðlilegum störfum þessara stofnana. En það er lagt til í frv., að hin nýja stofnun hafi náið samstarf um þessi vinnubrögð við þessar tilteknu stofnanir. Það gefur auðvitað auga leið, að það er þýðingarmikið, að vel sé staðið að málum á þessu sviði fyrir sjávarútvegsinn í landinu, svo þýðingarmikill sem hann er fyrir okkar þjóðarbúskap. Við vitum, að það eru sífellt að koma upp ýmsar tækninýjungar, sem miða að framförum í vinnubrögðum og geta oft stórsparað rekstrarkostnað á ýmsum sviðum, og það eru jafnan uppi ýmsar hugmyndir um nýjungar, og það þarf að reyna að fullreyna þær hugmyndir. Ég skal nefna hér eitt dæmi, sem mér finnst vera þýsna lýsandi um það, hvernig ástatt er um þessi mál hjá okkur nú, en það varðar framleiðslu á sérstakri beitingarvél í sambandi við línuútgerð. Það hafa margsinnis á undanförnum árum komið fram þýsna athyglisverðar hugmyndir hjá ýmsum Íslendingum um það, hvernig mætti leysa þetta verkefni, hvernig mætti framleiða hagkvæma vél, sem gæti sparað útgerðinni talsverðan vinnukraft. Og það er hvað eftir annað búið, einkum á vegum Fiskimálasjóðs, að veita í þessu skyni styrki til ýmissa aðila. Það hefur jafnan farið þannig, að þær athyglisverðu hugmyndir, sem hafa komið fram um gerð á svona vél, hafa ekki reynzt fyllilega svo góðar, að hægt væri að byggja á þeim framleiðslu á góðum vélum af þessu tagi. Við vitum, að það hefur einnig verið unnið að framleiðslu á svona vélum í nálægum löndum, bæði í Noregi, Færeyjum og víðar.

Nú er svo ástatt hjá okkur, að Fiskimálasjóður hefur veitt einstaklingi um 3 millj. kr. í styrk til þess að framleiða vél, sem á að leysa þetta verkefni. Það er enginn vafi á því, að sá aðili, sem á hér hlut að máli, hefur verið með margar mjög athyglisverðar hugmyndir í sambandi við þetta verkefni. En hann hefur hins vegar ekki mikla aðstöðu til þess að leysa verkefnið af hendi til fullnustu. Til þess að leysa slíkt verkefni af hendi þarf að hafa við höndina verkfróða menn, verkstæði og góða aðstöðu til þess að vinna að gerð véla, sem eru nokkuð samanslungnar eða gerðar úr mörgum þáttum. Ég skal ekki segja um það, hvort þessi tiltölulega ríflegi styrkur, sem nú hefur verið ákveðinn í þessu skyni, skilar fullum árangri og þessi vél kemur einhvern tíma á markað og leysir þennan vanda, sem hér er keppt að lausn á, eða hvort það fer enn eins og áður hefur farið, að við veitum þarna styrk, sem ekki nægir til þess að leysa verkefnið. Við höfum þegar byrjað á að flytja inn vélar, eða höfum flutt inn eina vél til reynslu frá Noregi, sem á að leysa þetta verkefni, og uppi eru óskir um það, að kaupa jafnvel einnig færeyska vél, sem framleidd hefur verið og á að vinna þetta verk.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um, að það er óheppilegt að vinna að þýðingarmiklum úrlausnarefnum á þennan hátt, sem við höfum unnið. Það er sjálfsagt að taka til gaumgæfilegrar athugunar hugmyndir, sem fram koma og stefna að því að leysa viss vandamál. Þau eru fjölmörg, sem við er að fást og eytt er talsverðum fjármunum í að reyna að leysa, en þetta verður aldrei gert, svo að vel fari, án þess að við eigum sérstaka stofnun, sem vinnur að þessum verkefnum. Það þurfa að sjálfsögðu að veljast að þessari stofnun góðir menn, sem verða að geta haft verkstæði eða nokkra aðstöðu til þess að gera þær tilraunir, sem nauðsynlegt er að gera.

Þær aths. komu fram í sambandi við þetta mál á síðasta þingi, að hér væri ekki gengið nægilega langt í því að ákveða jafnframt að taka þessi verkefni af ýmsum öðrum stofnunum, sem hafa skv. lögum heimild til að fjalla um þessi mál. Slíkar aðfinnslur finnast mér ekki á neinn hátt fullnægjandi til þess, að það eigi að hverfa frá þessu frv. Ef rétt þykir að taka verkefnið fullkomlega af þessum

stofnunum og færa það yfir á þessa stofnun, þá er aðeins að breyta frv. í þá átt. Ég fyrir mitt leyti efast um, að rétt sé að gera það til að byrja með, vegna þess að vissir þættir, sem þessar stofnanir hafa fengizt við, mega gjarnan vera í þeirra höndum áfram í beinu samráði við þessa nýju stofnun. En rétt er að gera sér grein fyrir því, að það kemur upp þetta gamla vandamál, sem við ættum allir að þekkja. Þegar lagt er til, að ein sérstök stofnun fái verkefni eins og þau, sem hér er um að ræða, rísa gjarnan upp framámenn í öllum hinum stofnununum, sem hafa eitthvað haft með þessi mál að gera, og segja: Það er ég, sem á að hafa með þetta að gera, það ætti að taka það af öllum hinum, og það á alls ekki að setja upp nýja stofnun. — Þessar raddir heyrast frá forstöðumönnum þeirra stofnana, sem samkvæmt eðli málsins eiga að sinna allt öðrum verkefnum, sem þeir komast jafnvel engan veginn yfir að leysa.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. við 1. umr., nema sérstakt tilefni gefist til. Ég hef rætt frv. hér áður. Ég vil vænta þess, að hv. sjútvn., sem fær málið til meðferðar kynni sér það og hún greiði fyrir afgreiðslu þess, því að enginn vafi leikur á því, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, mál, sem hefði átt að vera búið að leysa fyrir löngu. Ég hef veitt því athygli, að fram hefur komið brtt. við frv., um staðsetningu á þessari stofnun, þar sem lagt er til, að hún verði t. d. staðsett á Akranesi. Ég hef áður sagt, eða þegar umr. fóru fram um málið á síðasta þingi, að ég hef ekkert við það að athuga, að þessi stofnun verði byggð upp á Akranesi eða í einhverju öðru sjávarbyggðarlagi á hentugum stað. Aðalatriðið er að koma þessari stofnun á fót. Hvort hún verður staðsett hér í Reykjavík, á Akranesi, í Hvalfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum eða enn öðrum stað, það er ekki höfuðatriði frá mínu sjónarmiði séð, og ég er því alveg reiðubúinn til umr. um það atriði.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og láta í ljós eindregna von um, að það verði afgr. sem lög frá þessu þingi.

Augljóst er, að Íslendingar verða ávallt að ráða yfir fullkomnustu tækni við fiskveiðar og fiskvinnslu. Þjóðin hefur sýnt það og sannað á undanförnum áratugum, að hún getur gert mikilvægar uppgötvanir á þessu sviði og hún getur fullkomnað góð tæki, sem hún hefur fengið frá öðrum. Ýmsir styrkir hafa verið veittir til þessara hluta, og ber að minnast bæði þess, sem hið opinbera og einstaklingar hafa lagt þarna af mörkum. En eins og hæstv. sjútvrh. hefur lýst, er rík áherzla til þess að gera meira á þessu sviði, og gera það skipulegar en við höfum gert til þessa. Ég tel því vera rétta stefnu, að stofnuð verði sérstök tæknistofnun sjávarútvegsins, en það getur beðið betri tíma, þegar reynsla hefur fengizt á, hvers konar verkaskipting er eðlileg milli þeirrar stofnunar og annarra, sem hafa komið við þetta svið áður, og er þá lítill vandi að gera breytingar á þeirri skipan, ef ástæða þykir til síðar meir.

Eins og hæstv. ráðh. minntist á í framsöguræðu sinni, hef ég nú eins og á síðasta þingi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 33, sem er þess efnis, að þessi nýja ríkisstofnun verði staðsett á Akranesi. Til að rökstyðja það, að sá staður sé hentugur fyrir slíka stofnun, vil ég í fyrsta lagi benda á, að þar er mjög fjölbreytt útgerð, þar eru gerð út fiskiskip, allt frá trillum upp í togara. Í öðru lagi er þar mjög fjölbreyttur fiskiðnaður. Í þriðja lagi eru þar stórar skipasmíðastöðvar, vélsmiðjur, margvísleg slík tæknileg aðstaða og verulegur hópur af vel þjálfuðum iðnaðarmönnum á þessum sviðum. Og í fjórða lagi nefni ég, að frá Akranesi er mjög auðvelt að ná á skömmum tíma til margvíslegra sérfræðinga og stofnana annars staðar, sem kynni að þurfa að hafa samband við, og á ég þar sérstaklega við Reykjavíkursvæðið. Ég tel því, að færa megi allsterk rök fyrir því, að staðsetning Tæknistofnunar sjávarútvegsins á Akranesi væri mjög skynsamleg, enda þótt ég vilji með því á engan hátt draga úr ágætum annarra hugsanlegra staða. Það er yfirlýst stefna núverandi ríkisstj., sem hún leggur á mikla áherzlu, að styrkja jafnvægi í byggð landsins með því að dreifa opinberum fyrirtækjum. Ég vil raunar taka fram, að ég hef ekki heyrt nein andmæli gegn þessari stefnu frá stjórnarandstöðuflokkunum, og hygg, að þeir fylgi henni jafnt og stjórnarflokkarnir.

Þetta mál er nú mjög á dagskrá, og vil ég minna á, að í stefnuræðu sinni í upphafi þessa þings ræddi hæstv. forsrh. einmitt um það. Hann sagði þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ennfremur þarf að athuga, hvort þörf sé á að binda opinberar stofnanir svo mjög við höfuðborgina, sem raun ber vitni um, enda segir í stjórnarsáttmálanum, að stefnt skuli að því, að ríkisstofnunum skuli valinn staður úti um land meira en nú er gert. Vinnur nú stjórnskipuð n. að könnun á því verkefni. Geri ég mér góða von um árangur af starfi hennar."

Þetta voru orð og vonir hæstv. forsrh. En við vitum af eigin reynslu og margir okkar hafa frétt það af störfum þessarar n., að það virðist ótrúlega miklum erfiðleikum bundið, ef flytja á stofnun, sem þegar er til, af einum stað á annan. Ég hygg því, að við ættum ekki að sleppa tækifærinu til að framkvæma þessa stefnu um að dreifa opinberum fyrirtækjum um landið utan höfuðborgarsvæðisins, þegar sett er á fót ný stofnun, þar að auki stofnun, sem eðlis síns vegna getur mjög hæglega verið á öðrum stöðum en hér. Ég vil því vænta þess, að hæstv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, taki einnig til vinsamlegrar íhugunar þá brtt., sem ég hef flutt við frv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil við 1. umr. um þetta mál segja fáein orð. — Það eru nú ein 6 eða 7 ár, að ég hygg, síðan ég flutti hér á hinu háa Alþingi þáltill., þar sem svo var fyrir mælt, að ríkisstj. skyldi undirbúa löggjöf um tæknistofnun fyrir sjávarútveginn. Ég held, að ég hafi flutt slíka þáltill.

á tveimur eða þremur þingum, auk þess sem ég flutti á sínum tíma brtt. við lög um Hafrannsóknastofnunina í sama augnamiði. Það fer ekki á milli mála, að þörfin fyrir slíka stofnun hefur lengi verið brýn, en skilningurinn á þeirri nauðsyn því miður ekki verið nægilega mikill. Svo fór a. m. k., þegar ég flutti þetta mál hér á Alþingi, að skilningurinn var ekki nægur til þess, að till. næði fram að ganga, og því síður til þess, að neitt væri gert í málinu. Eins og hæstv. ráðh. lýsti, hafa að vísu nokkrar stofanir fengizt við ákveðin atriði í sambandi við þau verkefni, sem hljóta að verða verkefni slíkrar tæknistofnunar, en það hefur því miður ekki verið á neinn þann hátt, að viðhlítandi væri.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenzkur landbúnaður nýtur, og hefur um langt skeið notið, margvíslegrar aðstoðar sérfróðra manna um hina ýmsu þætti landbúnaðarmála. Þar er um að ræða, að því er ég hygg, býsna vel skipulagt starf, sem sérfræðingar og ráðunautar vinna á hinum ýmsu sviðum, og er það vissulega vel. En að því er varðar annan höfuðatvinnuveg okkar, þann mesta, sjávarútveginn, hefur þessu verið á allt annan veg farið. Útvegsmenn og sjómenn hafa ekki átt þess kost í neitt nándar nærri eins ríkum milli og til að mynda bændur að leita ráðneytis og tækniaðstoðar aðila, sem sérstaklega væru til þess hæfir og hefðu það hlutverk að veita slíka aðstoð. Það er því vissulega meira en mál til komið, að þessi mikilvægu mál verði tekin föstum tökum og sérstök stofnun, eins og hér er lagt til, verði sett á fót. Það, sem mér þykir helzt skorta á það frv., sem hér liggur fyrir, er, að mér finnst skrefið of skammt stigið. Hér þarf vissulega miklu meira fjármagn til að koma heldur en gert er ráð fyrir að afla skv. þessu frv., og þarf ekki að rökstyðja það í löngu máli.

Meðal þeirra verkefna, sem hljóta að bíða slíkrar tæknistofnunar sjávarútvegsins, er að fara út á fiskimiðin, hafa umráð yfir skipi um lengri eða skemmri tíma og kanna ýmsar gerðir veiðarfæra og annan útbúnað skipa. Þetta kostar að sjálfsögðu mikið fé og er ljóst, að þeir fjármunir, sem tæknistofnuninni eru í upphafi ætlaðir, hrökkva skammt til slíkra meiri háttar starfa. En það er þó betra að byrja, þótt í smáum stíl sé, heldur en láta reka á reiðanum í þessu efni, því að það hefur vissulega orðið okkur dýrt og verður dýrt. Ég er ekki í neinum vafa um það, að vel búin tæknistofnun sjávarútvegsins gæti sparað verulegt fé á hverju ári, jafnvel stórfé. Auk þess, sem hæstv. ráðh. hefur bent á um verkefni slíkrar stofnunar, vil ég aðeins undirstrika, að könnun veiðarfæra er e. t. v. brýnni en margt annað nú, m. a. og e. t. v. ekki sízt könnun á því, hvort ekki er hægt í sambandi við hin ýmsu veiðarfæri okkar, sem notuð eru, að draga með breytingu á tæknibúnaði úr því háskalega drápi á fiskseiðum og ungfiski, sem hefur a. m. k. á sumum tímum og með sumum veiðarfærum átt sér stað í allt of ríkum mæli. Kunnugir útvegsmenn og skipstjórnarmenn telja, að þetta sé hægt. Það hafa verið gerðar nokkrar tilraunir í þessu skyni, bæði í sambandi við vörpu og í sambandi við rækjutroll, en þær hafa að mestu verið á vegum einstaklinga, sem ekki hafa haft bolmagn til að fullkomna þær. Þetta er eitt af hinum stóru og allra brýnustu verkefnum, sem að mínu viti liggja fyrir tæknistofnun, þegar hún verður komin á fót. Að sjálfsögðu yrði slík tæknistofnun að hafa náið og gott samstarf við aðra opinbera aðila, svo sem Hafrannsóknastofnun og fleiri, en út í það er óþarfi að fara.

Ég vil aðeins með þessum orðum leggja áherzlu á, að hér er um stórmál að ræða, og sú n., sem fær það til meðferðar, ætti að mínum dómi að taka það mjög til athugunar, hvort ekki sé ástæða til að efla þetta frv. að því leyti að afla hinni væntanlegu tæknistofnun aukins fjármagns, því að þess mun vissulega þörf.

Að því er varðar brtt. þá, sem hv. 8. landsk. þm. hefur flutt og mælt fyrir, um, að Tæknistofnun sjávarútvegsins verði staðsett á Akranesi, vil ég aðeins segja það, að ég tel sjálfsagt, að n. taki það til athugunar, hvort ekki geti verið hentugt og skynsamlegt að hafa slíka stofnun í öflugu sjávarplássi, svo sem eins og Akranesi eða öðru, sem hentugt þætti. Ég sé ekki nauðsyn þess, að hún þurfi endilega að vera hér í Reykjavík, þó að eitt og annað þurfi sjálfsagt hingað að sækja, en vil að vísu í þessu sambandi benda á það, að hér suður á Reykjanesi eru þrír af öflugustu útgerðarstöðum á landinu á þéttu svæði, þar sem eru Grindavík, Keflavík og Sandgerði. Ég vil aðeins undirstrika í þessu sambandi, að ég tel ástæðu til að kanna, hvort slík stofnun sem þessi ætti ekki að vera í útgerðarbæ utan Reykjavíkur.

Að svo mæltu vil ég endurtaka það, að ég tel, að þetta sé stórt mál og geti orðið íslenzkum sjávarútvegi lyftistöng, ef vel tekst til um stofnun og rekstur slíkrar tæknistofnunar, því að hennar hefur lengi verið þörf.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að Alþingi þyrfti að skoða það vel, þegar lagt er til, að stofnuð verði ný ríkisstofnun, ef það hefur í för með sér útþenslu ríkisbáknsins. Hins vegar tel ég, að hér sé á ferðinni mál, sem mjög brýn nauðsyn sé á að koma í framkvæmd, og vil ég vissulega vetia því stuðning minn hér í þessu hv. deild.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að hann teldi það ekkert höfuðskilyrði, að þessi stofnun væri í Reykjavík, og tilgreindi ýmsa útgerðarstaði, sem hún eins gæti verið á, og þ. á m. Vestmannaeyjar. Ég er honum fyllilega sammála og er það í samræmi við þá skoðun, sem ég hef áður látið hér í ljós, að þær stofnanir, sem með eðlilegum hætti geti verið utan Reykjavíkur, beri að staðsetja úti í dreifbýlinu, því að slíkt er ævinlega til að lyfta upp þeim byggðarlögum, sem slíkar stofnanir eru í.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega geta þess og láta það koma hér fram, að hjá bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum hefur í 2—3 ár verið til umr. hugmynd, sem þar kom fram, að þar

yrði stofnaður, eins og við köllum heima í héraði, skóli sjávarútvegsins. Þetta byggist á því, að við erum komnir þar með skóla og fræðslustarfsemi í flestum greinum í sambandi við sjávarútveginn og útveg almennt, en þetta er hlutað niður í 3—4 stofnanir, og teljum við miklu hagkvæmara rekstrarlega séð og að það mundi gera fyrirtækið sterkara, ef þetta væri allt staðsett í einni stofnun. Ég vil benda á, að nú er í Vestmannaeyjum starfandi og búinn að vera þar starfandi í 8—9 ár stýrimannaskóli, þar sem aðsókn fer árlega vaxandi, og nýtur orðið mikils trausts út á við, og tel ég, að mjög vaxandi nemendasókn úr dreifbýlinu til þessa skóla í Vestmannaeyjum sanni þetta. Við höfum einnig verið með þar í nokkur ár vélstjóraskóla, 1. og 2. stigs, og hefur aðsókn að honum verið mjög góð. Þá hefur undanfarin ár einnig verið rekin þar matsveinaskóli í sambandi við matsveinaskólann hér í höfuðstaðnum, og hefur rekstur þess skóla reynzt mjög hagkvæmur fyrir útgerðina, bæði í Eyjum og annars staðar, því að þennan skóla hafa einnig sótt aðilar úr dreifbýlinu. Við treystum því fastlega, að framkvæmd verði sú samþykkt Alþ., sem er að finna í lögum um fiskvinnsluskóla, að næsti skóli, sem efnt verður til, verði staðsettur í Vestmannaeyjum, því að svo mælir 6. gr. þessara laga beinlínis fyrir.

Ég tel, að það mundi fara mjög vel á því, að tæknistofnun, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, væri staðsett við hliðina á slíkri stofnun, sem ég hef hér greint frá, og gæti það orðið til styrktar bæði þeirri stofnun, sem þar um ræðir, og eins hinni fyrirhuguðu tæknistofnun. Ég ætla ekki að fara að koma fram með nein sérstök rök fyrir því, að hún skuli staðsett í Vestmannaeyjum frekar en annars staðar. Ég vil aðeins benda á, að alla þá aðstöðu, sem hv. 8. landsk. þm. taldi sem rök fyrir staðsetningu á Akranesi, er einnig að finna í Vestmannaeyjum, og það í enn ríkara mæli, — og sennilega í mörgum fleiri sjávarplássum, — þannig að það ætti ekki að geta orðið til hindrunar, að stofnunin yrði staðsett þar. Þá vil ég einnig geta þess, að í Vestmannaeyjum hefur þegar verið stofnuð og er tekin til starfa rannsóknarstofnun, sem starfar í nánu samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík, það hefur verið haft algert samráð við þá stofnun um tækjakaup og uppbyggingu þessarar rannsóknarstofnunar, og sá aðili, sem veitir henni forstöðu, er sendur beint af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík, og ég hygg, að hann sé einnig launaður af þeirri stofnun, a. m. k. að nokkru leyti. En fiskiðnaðurinn í Vestmannaeyjum hefur sjálfur byggt upp þessa rannsóknarstofnun og lagt alls af mörkum, að mér er tjáð, um 6 millj. kr. til að koma henni á fót. Ég tel, að það beri einnig að líta til þessa, þegar ákveðið verður um stofnun þessarar tæknistofnunar.

Ég hef ekki flutt brtt. við frv., því að ég reiknaði með, að því yrði vísað til þeirrar n., sjútvn., sem ég á sæti í, og hef ég þar aðstöðu til að koma að rökum um, að tæknistofnunin verði í fyrsta lagi staðsett utan Reykjavíkur, og ég mun að sjálfsögðu, ef ekki koma nein sérstök rök á móti því, halda því fram, að hún skuli ekki síður, heldur jafnvel enn frekar staðsett í Vestmannaeyjum en í öðrum útgerðarplássum hér við Faxaflóa eða á Akranesi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég kem ekki hér upp í stólinn til þess að mæla með því, að þessi stofnun, þegar hún kemst á laggirnar, skuli endilega rísa í Keflavík, eins og sumir kunna að búast við, heldur er ástæðan önnur. Mig langar til þess þegar við 1. umr. að vekja athygli og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh., sem mælti hér fyrir þessu frv., á hugmynd, sem ég held að gæti átt erindi inn í frv. Þetta frv. kemur, eins og hér hefur verið lagt til, væntanlega til hv. sjútvn., þar sem ég á sæti, og get ég að vísu reifað þá hugmynd þar, en ég vildi gjarnan, áður en málið er flutt héðan eftir 1. umr. til n., fá að heyra álit hæstv. ráðh. á einu atriði, sem ég skal nú víkja að.

Ég dreg ekki í efa, að stofnun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, getur orðið að miklu gagni í okkar þjóðarbúskap, ef vel tekst til um uppbyggingu hennar og til hennar ráðast hæfir menn. Í 6. gr. frv. er getið þeirra verkefna, sem stofnun þessi á að vinna að. Á þessari stundu er ég ekki reiðubúinn að lýsa því yfir, að mér finnist þessum málum endilega bezt komið með því að flytja til þessarar nýju stofnunar öll þau verkefni, sem í 6. gr. er tiltekið, að hverfa skuli til hennar, — hvort það sé réttasta og bezta leiðin. Ég dreg t. d. í efa, að hagkvæmara sé, að sumar tegundir veiðitilrauna verði færðar frá Hafrannsóknastofnuninni til þessarar væntanlegu tæknistofnunar, en ég mun að sjálfsögðu reyna að setja mig meira inn í það, þegar málið kemur til n. En það atriði, sem mig langar sérstaklega að víkja að og varpa fram til hæstv. ráðh., er spurningin um það, hvort ekki þætti gjörlegt og hagkvæmt að auka vissum verkefnum við verksvið þessarar stofnunar. Þá á ég fyrst og fremst við það, hvort ekki væri eðlilegt að fela henni það verkefni að athuga og gera till. og upplýsa menn um, hvaða skipategundir er hagkvæmast hverju sinni að byggja hér og kaupa erlendis frá. Því nefni ég þetta, að ég var fyrir nokkrum dögum að lesa í norska blaðinu „Fiskaren" niðurstöður á athugunum, sem fara fram árlega á vegum norska sjávarútvegsráðuneytisins um afkomu hinna einstöku skipategunda í Noregi. Þar eru útreikningar gerðir á vegum norska sjávarútvegsráðuneytisins um afkomu hinna einstöku skipategunda. Og þess er mjög vel gætt af hálfu stjórnvalda að láta niðurstöður þeirra athugana ekki liggja niðri í einhverri skrifborðsskúffu, heldur er mikið gert að því að gefa þessar niðurstöður út, svo að þær geti komið fyrir augu alls almennings og þá fyrst og fremst þeirra, sem starfa að sjávarútvegi. Þessi niðurstaða, sem ég var að vitna til, að ég hefði lesið fyrir nokkrum dögum, tók til ársins 1970 og fylgdi í meginatriðum nákvæmlega þeirri niðurstöðu, sem sama stofnun hafði fengið við athugun á rekstrarafkomu norskra fiskiskipa árið 1969. En sérstaka athygli mína vöktu niðurstöður útreikninga, sem gerðir höfðu verið á afkomu hinna einstöku tegunda togara, sem gerðir

eru út frá Noregi, og ætla ég að leyfa mér að víkja að þeim nokkrum orðum til athugunar fyrir hv. þdm. og ekki sízt fyrir hæstv. ráðh. sem ber þetta frv. fram, þótt ég þykist raunar vita, að hann þekki þessar niðurstöður.

Athugunin fyrir árið 1970 tók til 19 togara. Þar af voru 7 síðutogarar, 4 skuttogarar og 8 verksmiðjutogarar. Meðalstærð þessara togara var um 660 brúttósmálestir og meðaláhöfn þeirra var um 24 menn. Árið 1970 var meðalaflamagn síðutogaranna, og meðalaflaverðmæti þeirra var verðmæti við löndun, áður en var farið að vinna aflann í landi, um tæpar 15 millj. ísl. kr. Meðalaflamagn skuttogaranna fjögurra var á sama tíma 1976 smálestir, eða nærri því helmingi meira en síðutogaranna, og meðalaflaverðmæti þeirra var um 34.7 millj. kr. Meðalaflaverðmæti verksmiðjutogaranna átta var 3880 tonn á skip, sem gerði af flökum, — fiskurinn var að sjálfsögðu unninn um borð í togurunum, — 1613 tonn, en verðmæti þeirra við löndun var 80.6 millj. kr. Meðaláhafnahlutur hvers skipverja á síðutogurum þetta árið var 370 500 kr., á skuttogurunum 579 800 kr. og á verksmiðjutogurunum 639 600 kr. Afkoma útgerðarinnar varð sú, að útgerð hvers síðutogara tapaði á árinu að meðaltali um 1.1 millj., rekstrarafgangur af útgerð hvers skuttogara var rúmar 5 millj. kr. að meðaltali og rekstrarafgangur af útgerð hvers verksmiðjutogara var að meðaltali 20 millj. og 900 þús, eða tæp 21 millj. kr. Þessar tölur vöktu talsvert mikla athygli hjá mér, og koma þær í meginatriðum heim og saman við niðurstöður, sem ég las um að fengizt hefðu fyrir árið 1969, þ. e. a. s. að afkoma verksmiðjutogaranna var langsamlega bezt, ekki einungis fyrir áhafnir þeirra, heldur og fyrir útgerðina og þá væntanlega fyrir þjóðarbúið. Nú hefur uppbygging okkar íslenzka skipastóls verið æði brokkgeng á undanförnum árum, ef svo mætti segja. Það hafa komið fyrir mörg ár í röð, þar sem ekki hefur verið byggt eitt einasta skip af vissum tegundum, en hins vegar smíðaðir tugir skipa af öðrum tegundum. Og eftir því sem ég bezt fæ séð, hafa engar sérstakar rannsóknir verið framkvæmdar, áður en ráðizt hefur verið í byggingu skipa af þessum vissu flokkum. Ég minni á, að fyrir nokkrum árum voru ekki smíðuð hér nema frekar stór skip, sem átti að gera út á síldveiðar. Þá var síldveiði mikil við landið, og allir hugðu að því, en aðrir hlutar fiskiskipaflota okkar voru ekki endurnýjaðir nema að mjög óverulegu leyti. T. d. var mjög lítið um endurnýjun íslenzka togaraflotans á öllum síðasta áratugnum, vafalaust til mikils tjóns fyrir okkur. En nú stöndum við í því að byggja upp togaraflota í svo miklum mæli og með svo miklum hraða, að ég dreg mjög í efa, að skynsamlega sé þar að farið. Þá á ég fyrst og fremst við það, að ég efast mjög um, að fiskistofnar okkar, — miðað við það ástand, sem er í dag, og flestir eru sammála um að sé heldur lélegt, — séu þess megnugir að taka við því aukna veiðiálagi af okkar hálfu, sem hin nýju skip hljóta að skapa.

Ég get ekki annað, með þessa norsku reynslu í huga, en leyft mér að segja, að við Íslendingar hljótum að vera nokkrum hundruðum milljóna fátækari, og sérstaklega þeir, sem í sjávarútvegi starfa, fyrir það, að við höfum oft á tíðum byggt fiskiskipastól okkar upp meira af kappi en forsjá á undanförnum árum. Með því að upplýsa þetta hér er ég ekki að gera till. um það, að rokið verði til að byggja verksmiðjutogara fyrir Íslendinga, af því að ég óttast, eins og ég sagði áðan, að ástand fiskistofnanna sé slíkt, að ekki sé miklu bætandi við íslenzkan fiskiflota næstu árin. Ég get þó ekki varizt þeirri hugsun, að fyrir nokkrum árum var m. a. leitað aðstoðar Alþingis af nokkrum áhugamönnum, sem mikinn áhuga höfðu á að kaupa eða byggja einn verksmiðjutogara og gera hann út. Og ég verð að segja það, eftir því sem ég bezt veit, að menn sýndu, bæði hér á hv. Alþ. og víða í stofnunum þessa lands, sem málið var borið undir, ákaflega lítinn áhuga á að gera þessum aðilum þetta mögulegt. Ég hygg því, að þegar fram í sækir, hljótum við að gefa því meiri gaum en verið hefur til þessa, hvort rétt sé, að okkar fiskiskipafloti skuli vera þannig saman settur, að í honum sé ekki eitt einasta skip hliðstætt þeim, sem beztan árangur gefa hjá frændum okkar Norðmönnum. Ég fæ ekki séð, að aðstæður þar og hér séu svo ósambærilegar, að reynsla okkar Íslendinga af rekstri og útgerð verksmiðjutogara kæmi mjög öðruvísi út en hún hefur gert hjá Norðmönnum. En ég hef getið um, hver þeirra reynsla var.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum koma að mínum aths. í sambandi við þetta frv. við 1. umr. þessa máls hér í hv. d.

Eins og hér hefur verið tekið fram af hæstv. sjútvrh. var þetta mál til meðferðar á síðasta þingi og til meðferðar í sjútvn., sem ég átti sæti í. Það er vafalaust rétt, sem hér hefur verið sagt af fleiri en einum ræðumanni, að sjávarútvegur væri alls góðs verðugur og þess væri kannske fyllilega þörf að koma á fót slíkri stofnun sem hér um ræðir. Ég var þeirrar skoðunar, þegar þetta mál var til meðferðar í sjútvn. á síðasta þingi, að það væri vafi á því, hvort slík stofnun sem þessi, ef reist yrði, þjónaði þeim tilgangi, sem raunverulega væri til ætlazt, meðan starfandi eru í landinu a. m. k. fjórar, ef ekki fimm stofnanir, sem fjalla um einhverja þætti þess máls, sem þessi stofnun ætti að fjalla um. Ef það er meiningin, að allir þessir aðilar haldi áfram eftir sem áður að fjalla um einhverja þætti þessara mála, þrátt fyrir tilkomu þessarar stofnunar, þá tel ég, að það sé vafasamt um ágæti hennar. Ég er hræddur um, að ef af slíku yrði, þá væri aðeins verið að auka á yfirbyggingu í þessu atriði, sem kæmi kannske að vafasömu gagni. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að með þessum orðum mínum er ég ekki að mæla á móti því, að slík stofnun yrði sett á fót. En ég held, að með tilkomu slíkrar stofnunar sé það augljóst mál, að hægt væri að fækka a. m. k. einhverjum af þeim stofnunum, sem um þessi mál hafa fjallað á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að orðlengja miklu meira um þetta á þessu stigi málsins. Ég fæ tækifæri til þess að koma með mínar aths. í þeirri n., sem um þetta frv. kemur til með að fjalla. Menn hafa sumir hverjir, a. m. k. bent á ýmsa staði,

sem til greina kæmu, þegar velja ætti þessari stofnun stað. Ég vil þá minna hv. þm. á þann stað, sem ég teldi vel fallinn undir slíka stofnun, sem er elzta verstöð á Íslandi, og ég hygg, að allir hv. þm. viti, hver hún er, en það er Bolungarvík.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. í tilefni af því, sem hér hefur komið fram í umr. um málið. Ég þakka góðar undirtektir, sem fram hafa komið hjá öllum, sem rætt hafa um málið. Menn viðurkenna, að þörf sé á því að koma upp slíkri stofnun, sem hér er gert ráð fyrir, þó að ýmislegt komi að sjálfsögðu upp í hugann, þegar mál eins og þetta er rætt.

Það er ofurskiljanlegt, að upp komi ýmsar ábendingar um það, hvar stofnun af þessu tagi mætti gjarnan vera. Ég vek athygli á því, að í frv. segir ekkert um það, hvar stofnunin á að vera, svo að það er gersamlega opið. Það var fjarri því, að það vekti fyrir mér, að þessi stofnun þyrfti endilega að vera í Reykjavík. En ég veit, að það er býsna algengt, — ekki sízt þegar um er að ræða að velja stofnunum stað úti á landi, að menn komi með ótalmargar till. Það er beinlínis hægt að drepa mál á því að togast á um það, hvar stofnunin á að vera. Ég vona nú, að til þess komi ekki í þessu tilfelli, því að það eru margir staðir, eins og ég sagði, sem eru vel til þess fallnir að hafa stofnun af þessu tagi. Ég skal fyrir mitt leyti gjarnan taka undir það með hv. 3. þm. Sunnl., að ég tel Vestmannaeyjar að mörgu leyti mjög vel til þess fallnar að hafa stofnun af þessu tagi. Það er vissulega gaman að koma stofnun af þessu tagi þar upp. En ýmsir staðir hér við Faxaflóa koma að sjálfsögðu einnig til greina, og reyndar víðar á landinu. En það verður væntanlega athugað nánar í n., hvort samstaða getur orðið um að velja ákveðinn stað fyrir þessa stofnun, ef samkomulag getur orðið um, að samþykkja frv.

Hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, beindi því hér til mín, hvort ekki væri rétt að fela þessari stofnun nýtt viðbótarverkefni við þau, sem upp eru talin í 6. gr. frv. Ég vek athygli á því, að það, sem upp er talið í 6. gr. frv., er auðvitað engan veginn fullnaðarupptalning á verkum n., því að þar segir, að verkefnin skuli m. a. vera — og síðan kemur upptalningin. Það kemur að sjálfsögðu margt annað til greina. En hann beindi þeirri spurningu til mín, hvort ekki kæmi til mála að fela þessari stofnun að gera sérstaka athugun á því, hvaða skipagerð hæfði okkur bezt og ætti að leggja mesta áherzlu á í sambandi við uppbyggingu okkar fiskiskipaflota, og t. d. hvaða skipagerð skilaði raunverulega mestum arði, þegar á allt væri litið. Hann nefndi í þessu sambandi athuganir, sem fram hafa farið um þetta efni í Noregi, og birtar hafa verið. Jú, það getur að mínum dómi vissulega komið til mála að fela þessari stofnun þetta verkefni. Ég tel, að hún ætti að sjálfsögðu að hafa það verkefni með höndum að athuga nokkuð um skipagerð, um útbúnað skipa og annað þess háttar, því að það fellur eðlilega að hinum tæknilegu athugunum, sem hún á að hafa með höndum. En varðandi hitt atriðið, hvort þessi stofnun, á einnig að hafa með útreikninga að gera varðandi hagkvæmni í rekstri, sem sagt að rannsaka vel rekstrarafkomuna hjá hinum ýmsu tegundum skipa, þá má segja, að hún væri komin út fyrir það almenna verksvið, sem henni hafði verið ætlað. En það getur vel komið til greina, að tengja þetta einnig við þessa stofnun, því að við höfum nú ekki neina stofnun, sem á sérstaklega að hafa þetta verkefni með höndum. Okkar útgerð, almennt séð, hefur verið rekin á vegum einstaklinga eða hlutafélaga að langmestu leyti, og það eru þeir aðilar, sem hafa hver um sig reynt að gera þær athuganir á þessum málum, sem taldar hafa verið nauðsynlegar. Það eru þeir, sem hafa gert það upp við sig á hverjum tíma, hvaða skipagerð hentaði þeim bezt.

Annars vil ég segja það um þessar fróðlegu tölur, sem hv. 2. þm. Reykn. tilgreindi hér frá rannsókn Norðmanna, að þær gefa til kynna tiltekna útkomu þar í landi á alveg ákveðnu ári, á árinu 1970. Við þessa rannsókn eru lögð til grundvallar tiltölulega mjög fá skip. Það er enginn vafi á því, að árið 1970 var verksmiðjutogurum Norðmanna mjög hagstætt ár. Þeir sóttu þá meginhlutann af afla sínum á fjarlæg mið, ekki á norsku miðin, þó þeir stunduðu þau nokkuð, en yfirgnæfandi meirihluta af sínum afla tóku þessi verksmiðjuskip á fjarlægum miðum. En hin skipin voru auðvitað gerð út á norsku miðin, svo til eingöngu. Þegar nefndir eru 7 síðutogarar þar, sem veitt hafa að meðaltali 1006 tonn, þá mundum við segja, að það væri lítill afli og það færi ekki rétt vel fyrir þeim hér hjá okkur, sem ekki hefði meiri afla en það. En hér er auðvitað um það að ræða hjá þeim, að þessir síðutogarar eru jöfnum höndum mjög gömul skip, eða þá að hér er um miklu minni skip að ræða en við teljum venjulega til togara, því að þessi afli er auðvitað langt fyrir neðan það, sem við eigum að venjast í þeim efnum. Ég vil aðeins nefna það til samanburðar við þetta, að ég hef nýlega fengið upplýsingar um einn togara hjá okkur, af minnstu gerð okkar, um 350 lestir, en hann er búinn að veiða rétt um 3000 tonn, það sem af er árinu. En gömlu togararnir okkar munu yfirleitt hafa veitt, það sem af er árinu, frá 2100 og upp í 3000 tonn, og þykir allt of lítill afli, enda eru þeir almennt reknir með tapi.

Afla þeirra skuttogara, þar sem reikningar eru sýndir yfir 4 skip og reiknað er með lönduðum afla 1976 tonnum, mundum við líka telja heldur lítinn afla, ef um sæmilega fullkomna skuttogara er að ræða. Ég mundi ekki fyrir mitt leyti vilja draga af þessum upplýsingum þá ályktun, að hagkvæmasta skipastærðin t. d. fyrir Norðmenn væri verksmiðjuskip. Það liggja fyrir upplýsingar um það, að verksmiðjuskip þeirra eiga í sérstökum vanda á þessu ári vegna aflaleysis. Þeir hafa sem sé mætt þeim vanda eins og fleiri, að þau mið, sem þeir stunduðu einkum áður, hafa nú brugðizt. Þeir hafa orðið að leita á sín heimamið og afli þeirra hrunið niður. Þá er afkoman fljót að segja til sín, þegar aflinn verður lítill á jafndýrum skipum. Ég býst við því, að það sé eins hjá þeim og okkur, að þetta er breytilegt jafnvel frá ári til árs, hvaða skipa-

tegund reynist affarasælust, og það getur líka verið breytilegt frá landshluta til landshluta, svo að það má ekki slá þarna allt of miklu föstu um eina tiltekna útkomu eftir eina athugun. En eigi að síður er hér, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn., auðvitað um mjög mikilvægt málefni að ræða, — málefni, sem við þurfum að gefa gaum miklu meira en við höfum gert, þ. e. að rannsaka vel hagkvæmni hinna einstöku skipategunda og arðsemi þeirra og reyna að hafa áhrif á það, að við notfærum okkur allar beztu upplýsingar í þessum efnum og t. d. endurnýjum okkar skipastól með tilliti til þess, sem við vitum bezt og ekki aðeins finnum á okkur, heldur líka þess, sem við höfum vissar staðreyndir út frá að ganga. Það er skoðun mín, að sú endurnýjun, sem nú fer fram á íslenzka togaraflotanum sérstaklega, sé eftir atvikum þannig, að hún sé miðuð við það, sem við þekkjum og vitum bezt. Ég er þar enn á nákvæmlega sömu skoðun og ég var fyrir 2—3 árum. Ég mundi enn vilja velja mér skip nokkuð í samræmi við það, sem gert hefur verið. Þó get ég sagt það, að ég hef líka enn þá sömu skoðun og ég hafði fyrir 3 árum, að það hafi verið nokkuð vafasamt að fara í að kaupa stærstu tegundina, sem þá var ákveðið að kaupa af togurum til landsins, af því að ég dreg það nokkuð í efa, að okkar skilyrði kalli í rauninni á þessa allra stærstu tegund. En þó má vera, að það ástand komi upp, að þau geti líka haft sína kosti. Þetta atriði, sem hv. 2. þm. Reykn. benti hér á um hugsanlegt viðbótarverkefni handa þessari stofnun, af því að það vantar hér hjá okkur einhvern aðila til þess að sinna þessu, er sjálfsagt, að tekið verði til athugunar. Ég væri hv. sjútvn. þakklátur, ef hún vildi athuga, hvort þetta þætti rétt að gera.

Hv. 7. landsk. þm., hygg ég, Karvel Pálmason, minntist á það, að hann hefði á síðasta þingi dregið það nokkuð í efa og gerði það jafnvel enn, að það fengist, sem ætlað væri að fá með því að koma á fót slíkri stofnun og hér um ræðir, ef ýmsar stofnanir, sem hafa nokkuð fengizt við þessi málefni, fengju áfram aðstöðu til þess að fást við þetta. En eins og ég sagði áðan, er það auðvitað afskaplega einfalt að breyta frv. og taka þessi verkefni hreinlega af þessum stofnunum, ef menn vilja draga þarna skýrt strik á milli, sem ég fyrir mitt leyti tel ekki þörf á. Þar að auki er mjög auðvelt, að láta þessar stofnanir ekki hafa fjárveitingu frá Alþ. til að sinna þessum verkefnum. Fiskifélagið sinnir ekki þessum verkefnum, nema það fái fjárveitingu frá Alþingi til þess, og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sinnar ekki heldur þessum verkefnum, nema hún fái fjárveitingu til þess. Sama er að segja um Hafrannsóknastofnunina. Það liggur auðvitað beint í valdsviði Alþ. að ákveða, hvort það vill, — eftir að slík stofnun væri komin á fót, — láta þessar stofnanir hafa fjármuni áfram til þess að sinna þessum verkefnum. Þær hafa allar haft nokkurt fé í þessu skyni, þó að það hafi verið mjög lítið, enda störf þeirra af skornum skammti varðandi þessi mál. Um Fiskimálasjóð er það að segja, að það er beinlínis lagt til í frv., að nokkur hluti af tekjum hans verði tekinn í þessu skyni. Ætti þá að vera nokkurn veginn tryggt, að sá sjóður væri ekki á sama tíma að vinna að sömu verkefnum og þessi stofnun hefur með að gera. Eftir standa auðvitað margvísleg verkefni fyrir Fiskimálasjóð til að snúa sér að, og verður hann auðvitað að hafa alveg opnar heimildir til þess.

Ég held, að ef menn sannfærast um það, að hér sé um að ræða stofnun, sem okkur vantar, okkur vanti að samræma þær rannsóknir og tilraunir, sem gerðar eru á þessu sviði, þá þurfi að koma upp stofnun eins og þessari og ekki að setja það fyrir sig, þó að ýmsar stofnanir hafi út úr neyð verið, svo að segja, að fikta við þessi mál án þess að geta gefið sig að þeim. Það má vitanlega ekki verða til þess, þó að svo hafi verið, að einhver dráttur verði á því að koma þessum málum í skaplegt horf.

Ég skal svo láta máli mínu lokið, en þakka fyrir góðar undirtektir og vænti þess, að hv. sjútvn. greiði fyrir afgreiðslu málsins, eftir því sem tök eru á.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem mig langaði að bæta við það, sem ég hef áður sagt um þetta, og í tilefni af þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. hélt hér áðan. — Ég vil byrja á því að þakka honum fyrir undirtektir hans undir þá hugmynd, sem ég varpaði hér fram áðan í sambandi við breyt. eða viðauka á þeim verkefnum, sem væntanlegri stofnun yrði falið að annast. Hæstv. ráðh. sagði þó, að það væri kannske lítið að marka þessa norsku niðurstöðu, sem ég vék að áðan, af því að hún næði aðeins til eins árs. Þó að ég geti fallizt á það út af fyrir sig, vil ég ítreka það, sem ég sagði raunar í fyrri ræðu minni, og ég þóttist muna það rétt, að niðurstöður ársins 1969 hefðu í öllum aðalatriðum verið þær sömu og árið 1970. Það er þá a. m. k. um meira en eitt ár að ræða, sem gefur ástæðu til þess að athuga betur í framtíðinni, — ég tel það ekki tímabært nú, — hvort við eigum ekki að bæta við okkar fiskiflota a. m. k. einum verksmiðjutogara á réttum tíma.

Hæstv. ráðh. gat þess líka, að verksmiðjutogaranir hefðu ekki veitt á heimamiðum, heldur á fjarlægum miðum. Út af fyrir sig væri það ágætt fyrir okkur, ef við gætum með árangri gert okkar eigin skip út á önnur mið, en þau sem eru hér umhverfis landið, því að vafalaust verður mikil örtröð á þeim næstu árin. Ég hef því miður ekki tölur um, hvað mikið af aflamagni þessara 19 togara, sem ég nefndi, er fengið á heimamiðum og annars staðar. En ég hef heildartölu um afla þessara 19 skipa, hvað mikill hluti hans er fenginn á miðunum við Noreg og þá fyrst og fremst út af Finnmörku, en um 63% af heildaraflamagni þessara 19 togara árið 1970 voru fengin fyrir ströndum Noregs. Ég tel það því augljóst mál, að talsvert af afla verksmiðjutogaranna hefur fengizt þar líka, þó að mér þyki sennilegt, að þeir hafi veitt nokkuð stóran hluta af heildaraflamagni sínu á öðrum miðum.

Ég gat um það áðan, að ég teldi vafasamt að færa veiðarfæratilraunir undir þessa nýju stofn-

un og þá frá Hafrannsóknastofnuninni. Þessi efi minn byggist á því, að við framkvæmum talsvert mikið af veiðarfæratilraunum á okkar nýju, dýru og mjög svo fullkomnu rannsóknarskipum. Þau eru rekin á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, og ljóst er, að þau þarf að reka í nánu samráði og samvinnu við fiskifræðinga okkar. Fiskifræðingarnir þurfa að vera um borð í þessum skipum, þegar veiðarfæratilraunir eru framkvæmdar. Það er af þeirri ástæðu, sem ég áskil mér rétt til þess að athuga það betur, hvort veiðarfæratilraunum er betur komið hjá þessari nýju stofnun en á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, a. m. k. meðan okkar rannsóknarskipum er stjórnað af henni.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð um þetta mál. Við fengum tækifæri til þess að fjalla um þetta í sjútvn. í fyrra og fáum annað tækifæri núna. Með þeim athugunum tvö þing í röð ætti kannske að vera möguleiki að koma málinu áfram. En það er tvennt aðallega, sem hefur vakið furðu mína í sambandi við alla meðferð þessa máls. Það er í fyrsta lagi, að þegar koma á slíkri stofnun á fót til stuðnings undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, þá virðast allir fyllast efa og rísa jafnvel upp á afturfæturna, þegar rætt er um svo mikilsvert mál sem þetta. Þetta á sér ekki stað, þegar talað er um viðamikla aðstoð, sem aðrir atvinnuvegir fá, og þar á ég einkum við landbúnaðinn, alla ráðunautana og rannsóknarstofnanir á vegum hans. Það er skilyrðislaust nauðsynlegt að koma á fót stofnun til stuðnings sjávarútveginum.

Annað atriði, sem ég var dálítið undrandi á, var, að hér komu ýmsir menn fram með hugmyndir um það, hvar skyldi staðsetja þessa stofnun utan Reykjavíkur. En enginn kom með hugmynd um að flytja hana til Akureyrar, og það er í fyrsta skipti, sem maður hefur orðið var við, að ekki skyldi flytja strax einhverja nýja stofnun beint þangað.

Þegar hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, rölti hér í áttina að stólnum, átti ég auðvitað strax von á því, að hann ætlaði að fara að tala um að flytja stofnunina út á land og þá sennilega í Kópavog eða Hafnarfjörð, eins og hann talaði um Landhelgisgæzluna um daginn. Það fer vist ekkert á milli mála, að þeir, sem hlusta á þetta, eru nú strax búnir að hugsa sér, hvaða stað ég mundi fyrst og fremst velja, og ég ætla nú að fara að dæmi hv. þm. Karvels Pálmasonar að nefna ekki staðinn með nafni. (KP: Ég gerði það). Var það, já? En það er stærsta verstöð landsins, sem mér finnst nú aðeins af þeirri ástæðu vera líklegust til þess að taka við slíkri stofnun. En ég vil taka það strax fram, að mér kemur ekki til hugar að tefja framgang þessa máls með einhverju pexi um það, hvar stofnunin skuli vera nákvæmlega sett niður.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði áðan um veiðarfæratilraunir, sem væru dýrar og viðamiklar og framkvæmdar af Hafrannsóknastofnuninni. Það er fleira, sem þarf að gera í sambandi við veiðarfærin en bara að prófa að kasta þeim og athuga, hvernig þau „fungera". Það er allur undirbúningurinn. Það þarf að teikna veiðarfærið, setja það saman og fylgjast með breytingum á veiðarfærum hjá öðrum fiskveiðiþjóðum. Við höfum vissulega lært ýmislegt af öðrum í því sambandi, bæði Norðmönnum, Þjóðverjum og fleirum. Ég get skotið því hér að, áður en ég lýk máli minu að slíkar athuganir með veiðarfæri hafa farið fram heima í minu byggðarlagi á vegum veiðarfæragerða þar. Síðan hafa þessir netameistarar beðið skipstjórana að prófa þetta og þeir hafa yfirleitt tekið ákaflega vel í það. En það sér hver maður, að það er ákaflega hæpið að treysta á, að ein útgerð geti tekið áhættu af mjög tímafrekum tilraunum með slíkt. Ég get líka skotið hér inn í sambandi við það, þegar verið var að lýsa ágæti Akraness til þess að taka við þessari stofnun, að heima hjá okkur í Eyjum er sá staður, sem ég held að flestar vélar, nýjar vélar og nýjar uppfinningar, hafi komið fram í sambandi við fiskvinnslu, eins og t. d. humarflokkunarvélar og alls kyns þess konar „apparöt", meira að segja flóknar flökunarvélar, eins og til þess að flaka steinbít og annað þess konar, sem ekki eru til annars staðar. Að öllu samanlögðu hygg ég, að það komi mjög til álita að setja þessa stofnun niður í Vestmannaeyjum. En fyrir alla muni, ætla ég að biðja menn að hætta þessum efasemdum og úrtölum, þegar kemur að því að styðja íslenzkan sjávarútveg.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 10. fundur.

Þriðjudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Fangelsismál, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessar fsp. skýra sig sjálfar og þeim er hægt að svara í mjög stuttu máli. Spurt er um það, hvað rúm sé fyrir marga fanga í íslenzkum fangelsum og til hve margra daga fangelsisvistar menn hafi verið dæmdir á ári s. l. 3 ár. Enn fremur, hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga. Og í síðasta lagi, hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafi brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn.

Í örfáum setningum skal ég skýra, hvers vegna þessi fsp. er fram borin. Mér hefur verið tjáð, án þess að ég hafi fengið um það nákvæmar tölur, sem ég nú spyrzt fyrir um, að ekki sé hægt að framfylgja öllum þeim fangelsisdómum, sem dæmdir hafi verið á undanförnum árum, vegna skorts á húsrými. Og þá er eðlilegt, að það sé upplýst, hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma vegna skorts á fangelsishúsnæði, og þá í hversu marga daga. Enn fremur hefur mér verið tjáð, að fyrir hafi komið, að menn hafi endurbrotið af sér á þeim tíma, þegar ekki hefur verið hægt að láta þá afplána

dóm vegna skorts á fangelsishúsnæði. Ef þetta er rétt, er það að sjálfsögðu mjög alvarlegt ástand að menn, sem hafa dóm á sér, skuli ekki vera látnir afplána hann, en halda áfram afbrotaferli sínum. Frekari skýringar þarf ég ekki að gefa á fsp. og vænti þess að fá svar hjá hæstv. dómsmrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti.

1. fsp. er svo hljóðandi: „Hvað er rúm fyrir marga fanga í íslenzkum fangelsum?" Svar: Á Litla-Hrauni 52 rúm, á Kvíabryggju 15 rúm, í Hegningarhúsinu 27 rúm. Síðumúli verður svo væntanlega til um áramót, og er þar rúm fyrir 12.

2. fsp.: „Til hversu margra daga fangelsisvistar hafa menn verið dæmdir á ári s. l. 3 ár?" Svar: 1969: í Reykjavík 27925 daga, annars staðar á landinu í 5850 daga. 1970: í Reykjavík 21285 daga, annars staðar á landinu 5025 daga. 1971: í Reykjavík 26085 daga, annars staðar á landinu í 3150 daga. Samtals á þessum árum: í Reykjavík í 75295 daga og annars staðar á landinu í 14025 daga. Samtals 89320 dagar, eða 248 fangelsisár, eða 82.7 fangelsisár að meðaltali á ári 1969—1971.

3. fsp.: „Hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga?" Svar: Um s. l. áramót áttu 237 menn óafplánuð 136 ár og 324 daga. Varðhaldsdómar eru ekki meðtaldir.

4. fsp.: „Hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafa brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn?" Svar: Engar upplýsingar eru tiltækar um þetta atriði.

Í tilefni af þessari fsp. vil ég geta þess, að ég vonast til að geta lagt fyrir hv. Alþ. á næstu dögum frv. um fangelsismál og vona, að í því geti verið fólgnar ýmsar endurbætur á þessum málum.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. og dómsmrh. glögg svör, þó að ekki hafi verið til staðar upplýsingar við 4. lið fsp. Ég ræði að sjálfsögðu ekki efnisatriði svaranna, það mun verða gert á öðrum vettvangi, en ég vona, að bæði þingheimur og þjóðin öll sjái af svörunum, að ekki hefur þessi fsp. verið að ástæðulausu fram borin, þegar í svarinu felst m. a., að um s. l. áramót áttu 237 fangar óafplánuð 136 fangelsisár. Hér er um að ræða enn þá alvarlegra ástand heldur en ég hafði gert mér grein fyrir eftir þeim upplýsingum, sem mér höfðu borizt, og er full ástæða til þess að ræða þessar upplýsingar á öðrum vettvangi en í fsp.-tíma.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að notfæra mér þær tvær mínútur, sem við höfum þm., til þess að skjóta inn aths. í sambandi við fsp. Ég læt í fyrsta lagi í ljós undrun mína yfir því, að þær upplýsingar, sem hér komu fram, skuli hafa komið hv. fyrirspyrjanda svo á óvart. Einhverja grein hlýtur hann þó að hafa gert sér fyrir þessu þau 12 ár, sem hann sat í ríkisstj.

En það eru ýmis atriði, sem mætti kippa í lag í fangelsismálum okkar með lítilli fyrirhöfn, og satt að segja kannske fullt eins mikil þörf á að bæta þar aðbúnaðinn og að auka fangarýmið. Ég ætla að nefna hér eitt atriði.

Það er það, að fangaverðir í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg sjá sjálfir um alla matseld handa föngum þar. Ég skrapp þangað upp eftir í morgun, og þá stóð sjálfur yfirfangavörðurinn í eldhúsinu og var að skera laukinn í saltkjötið og baunirnar, sem eru hinn fasti þriðjudagsréttur í því húsi. Ég spyr þess vegna: Hvers vegna í ósköpunum er ekki ráðinn matsveinn eða matreiðslukona til þess að sjá um þetta og taka þetta aukastarf af fangavörðunum í Hegningarhúsinu.

Annað atriði er það, að gæzlufangar svokallaðir fá ekki að hlusta á útvarp og ekki að lesa blöð. En þetta ákvæði bitnar líka á svokölluðum úttektarföngum eða þeim, sem eru að afplána dóm sinn þarna, því að það er svo hljóðbært á milli klefanna, að ef hlustað er á útvarp, þá kunna ýmsar „hættulegar" upplýsingar að berast gæzluföngunum. Ég vil beina þeirri ábendingu til hæstv. dómsmrh., að það mundi ekki vera mjög kostnaðarsamt að hljóðeinangra klefana sæmilega, ekki einungis til þess að vitneskja berist ekki á milli, heldur til þess að menn hafi sæmilegan frið og ró í klefum sínum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tók eftir því, að því miður gat hæstv. ráðh. ekki upplýst, hversu margir af þeim mönnum, sem bíða eftir því að afplána dóma, hafi á þeim tíma brotið af sér aftur. Ég get vel skilið, að það sé erfitt að afla þessara upplýsinga, en ég vil benda sérstaklega á, að þetta er eitt af alerfiðustu málunum. Menn, sem hafa verið dæmdir, brjóta af sér aftur og aftur, og mér hafa tjáð lögreglumenn, að sömu mennirnir komi aftur og aftur í hendur þeirra og virðist halda áfram afbrotaferli sínum í trausti þess, að þeir þurfi ekki að afplána dómana fyrr en seint og síðar meir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil geta þess, að af þessum óafplánuðu fangelsisárum, sem ég gat um, kemur væntanlega aldrei til afplánunar nema u. þ. b. helmingur, vegna þess að sumir dómarnir eru orðnir það gamlir, að það væri óeðlilegt að fara að láta fullnægja þeim nú. Það kæmi óeðlilega hart við mennina, margir þeirra þá orðnir nýtir þjóðfélagsborgarar og komnir í sátt við þjóðfélagið, og þá væri engum greiði gerður með því að fara að loka þá inni í fangelsi. Það hefur dregizt að láta afplána þessa fangelsisdóma fyrst og fremst af húsnæðisskorti. Í öðru lagi geta komið til ýmsar persónulegar ástæður, t. d. veikindi eða aðrar persónulegar ástæður, þannig að það þykir ekki réttlætanlega að taka manninn fastan og setja hann í fangelsi. Ég hef kannske minni áhuga en margir aðrir á því að fara að setja menn í fangelsi, ef hægt er að komast hjá því.

Ástæðan til þess, að ekki hefur miðað betur í þá átt að láta menn afplána, — ef menn vilja harma það, — er, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst húsnæðisskortur. Og húsnæðisskorturinn stafar af því, að lög um fangelsi frá 1961 hafa orðið dauður bókstafur, og ákaflega hefði það verið æskilegt, að áhugi hv. fyrirspyrjanda hefði komið fram á öllum þeim árum, sem hann sat í ríkisstj., og hann stuðlað að því, að fé hefði verið veitt til þess að byggja fangelsi, eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Ef það hefði verið gert, hefði ekki verið sá blettur á íslenzku þjóðfélagi, sem því miður er í dag, að þurfa að nota Hegningarhúsið við Skólavörðustíg til þeirra hluta, sem það er notað, bæði sem gæzluvarðhaldsfangelsi og afplánunarfangelsi. En það eru engin mannsæmandi skilyrði í því fangelsi til þess að láta gæzluvarðhaldsfanga vera þar, og það er ósæmandi af íslenzka ríkinu, ef það bregður ekki fljótt við og framkvæmdir þær aðgerðir, sem nú er verið að undirbúa, og lætur teikna og byggja sérstakt fangelsi fyrir gæzluvarðhaldsfanga, kvennadeild og móttökufangelsi. Það er gert ráð fyrir því, að slíkt fangelsi geti fengið stað hér innan við Reykjavík eða innarlega í Reykjavík. Og það er, eins og ég sagði, verið að vinna að teikningum að því húsi.

Ég vil endurtaka, að einmitt vegna þess, hvernig húsið við Skólavörðustíg er, hefur kannske, — ég segi kannske, — verið minna gert en skyldi að því, að leggja í kostnað við það. Það er öllum ljóst, sem um þessi mál fjalla, að það fangahús getur ekki verið til frambúðar. En eins og ég sagði, ætla ég á næstu dögum að leggja frv. fyrir þetta þing um fangelsismál, og þá ætla ég að láta hv. alþm. standa frammi fyrir því, að það er ekki nóg að tala fagurlega um þessi mál, heldur verða þeir að vera reiðubúnir að leggja eitthvað af mörkum til þeirra, ef þeim er nokkur alvara með því, sem þeir eru að segja um þessi málefni. Ég tel, að fangelsi verði að byggja og þessum málum verði að koma í betra horf. En það er ekki nóg að byggja fangelsi, heldur verður aðstaðan að vera þannig, að vistin þar geti a. m. k. verið á þá lund, að hún spilli ekki föngum, sé mannbætandi frekar en hitt. Eins og þessi mál eru nú, er ekki hægt að koma við neinni deildaskiptingu í fangelsum, og það er ófremdarástand.

Ég vænti, að þótt hv. fyrirspyrjandi hafi ekki séð ástæðu til þess að ýta í samráðh. sína og vekja athygli þeirra á þessu máli á undangengnum 10 árum, muni hann verða röskur við að veita lið því máli, sem ég mun flytja hér innan skamms um þessi efni.

Dómsmál, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Lögmenn í Reykjavík, sem kunnugir eru meðferð sakamála fyrir Sakadómi Reykjavíkur, telja margir hverjir a. m. k., að óeðlilega mörg þeirra mála, sem borizt hafa Sakadómi Reykjavíkur, hafi ekki hlotið þar endanlega afgreiðslu af einhverjum ástæðum. Mér hefur jafnvel verið sagt, að það hafi gerzt, að kæra hafi fyrnzt, beinlínis fyrnzt, vegna þess að hún hafi ekki verið tekin til endanlegrar meðferðar fyrir sakadómi. Ef þetta er rétt, þá er það mjög alvarlegur hlutur. Ef það er rétt, að kærur séu ekki teknar fyrir hjá sakadómara eða við sakadómaraembættið árum saman og það hafi meira að segja dregizt svo lengi, að kæruefni hafi fyrnzt, þá er þar um mjög slælega embættisfærslu að ræða. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það, hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur s. l. 5 ár, hversu margar þeirra hafi hlotið endanlega afgreiðslu og hvort það hafi gerzt, að kæra hafi fyrnzt, vegna þess að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar.

Varðandi þessa fsp. og hina fyrri, sem hæstv. dómsmrh. svaraði, vil ég taka fram, að það getur ekki verið vettvangur þessa umræðusviðs að deila um fortíðina í þessum málum, og læt ég í ljós mikla undrun mína yfir því, að hæstv. ráðh., flokksbróðir hæstv. forseta, sem leggur sérstaka áherzlu á, að umr. séu hér stuttar og málefnalegar og fjalli um fsp. eingöngu og svar við henni, að hann skuli blanda atriðum sem þessum inn í umr. Ég er ekkert feiminn að ræða við hæstv. dómsmrh. síðar á öðrum vettvangi og réttum vettvangi um það, hver ber ábyrgð í þessum efnum og hver ekki, — ekki hið allra minnsta. En frýjunarorðum um það, að gera það ekki hér, tek ég ekki alveg þegjandi. (**Forseti:** Það er bara spurning um tíma.) Ég ber þessa fsp., hina fyrri og aftur þessa fram vegna áhuga á því að fá upplýsingar um málið, sem geti orðið til stuðnings við frambúðarlausn þess. Ég skal heita hæstv. forsrh. því, að beri hann fram skynsamlegt frv. um fangelsismál, þá á það vísan stuðning minn og míns flokks. Það á vísan stuðning míns flokks, ef það er skynsamlegt og horfir til umbóta í þessum málum, eins og ég raunar efast ekki um, að komi til með að eiga sér stað. Komi hann málinu ekki fram, sem ég þó vona að hann geri, þá mun það áreiðanlega ekki stranda á þm. Alþfl.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er heldur ekkert feiminn að ræða þessi mál við hv. fyrirspyrjanda, hvenær sem er. Ég svaraði fsp. algerlega vafninga- og málalengingalaust, en það var hv. fyrirspyrjandi, sem gaf mér tilefni til þess í sinni seinni ræðu að bæta nokkrum orðum við.

Þessi fsp. hljóðar svo: „1. Hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur s. l. 5 ár? 2. Hversu margar þeirra hafa hlotið endanlega afgreiðslu? Hefur það gerzt, að kæra hafi fyrnzt, vegna þess að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar?"

Yfirsakadómari hefur svarað ofangreindum fsp. þannig:

„A. Árin 1967—1971, að báðum meðtöldum, fékk Sakadómur Reykjavíkur til meðferðar eftirtaldar kærur, þ. e. málshöfðanir saksóknara ríkisins, og eru málalok þeirra, sem hér segir: Ár 1967: 564 ákærur, lokið 564, ekkert ódæmt. 1968: 584 ákærur, lokið 583, eitt mál ódæmt. 1969: 489, dæmd eða lokið 485, 4 ódæmd. 1970: 446 ákærur, 430 lokið, 16 mál ódæmd. 1971:

ákærur 503, lokið 465, 38 mál ódæmd. Um flest elztu málin, sem ólokið er, er það að segja, að dómur hefur ekki verið kveðinn upp sakir þess, að ákærður hefur flutzt til útlanda og lagaskilyrði eru eigi til þess að dæma málið að honum fjarstöddum. Fáein mál hafa fyrnzt af þessum sökum.

B. Á hverju ári berst sakadóminum og rannsóknarlögreglunni urmull af skýrslum og tilkynningum um hin margvíslegustu atvik í þjóðfélaginu, þ. á m. um alls konar slys og ófarir. Er oft óljóst, hvort kalla má erindi þessi kæru eða ekki. Skýrslur þessar leiða oft til þess, að sakadómurinn lýkur máli með sekt samkv. dómssátt, ýmist að eigin frumkvæði eða að kröfu saksóknara ríkisins. Árið 1971 voru í sakadóminum sektir og áminnigar samkv. dómssátt, sem hér segir: Sektir fyrir brot gegn almennum hegningarlögum 223. Sektir og áminningar fyrir brot gegn öðrum lögum 1060. Oft voru mörg brot eins og sama manns afgreidd með einni sektarfjárhæð."

Við þetta svar frá yfirsakadómara hef ég persónulega engu að bæta.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil aftur nota tækifærið, en mun þó sennilega ekki nota fullar 2 mínútur núna.

Ég læt í ljós ánægju mína með það, að hæstv. núv. dómsmrh. ætlar að láta hendur standa fram úr ermum og heitir okkur frv. varðandi þessi mál, — frv. til endurbóta, — og ég er feginn því að heyra hann brýna okkur alþm. til dáða í því sambandi.

Ég benti á atriði, sem kippa mætti í lag með litilli fyrirhöfn. Það þyrfti ekki neitt frv. til þess að laga þetta t. d. með matreiðsluna í Hegningarhúsinu og útvarpið. Og ég læt í ljós þá von mína, að jafnágætur maður og hæstv. dómsmrh. sjái til þess, að á morgun verði búið að ráða annahvort matsvein eða matreiðslukonu í Hegningarhúsið eftir þessi næstum 100 ár, sem það hefur nú verið notað, og einnig að fangar þar fái að hlusta á útvarp.

Ég vildi svo aðeins leyfa mér að beina fsp. til fyrirspyrjanda. Eins og ég minntist á áðan, er ekki langt síðan lauk 15 ára setu hans í ráðherrastóli. Hann hefur hér heldur en ekki látið vandlætingu sína út af þessum málum bitna á núv. hæstv. dómsmrh. Ég vil spyrja þennan hv. þm: Hversu oft á þessu 15 ára tímabili lét hann vandlætingu sína bitna á þáv. hæstv. dómsmrh.? Það hlýtur að hafa verið oft, eftir þeirri vandlætingu að dæma, sem hann lætur nú í ljós. Og ég verð að láta í ljós undrun mína, að þáv. hæstv. dómsmrh. skuli hafa setið undir slíku án þess að gera nokkuð til þess að reka af sér slyðruorðið.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður virðist ekki hafa áttað sig á því, til hvers fsp.- tímar eru ætlaðir. Þeir eru til þess að spyrja ráðh., en ekki fyrir þm. til að spyrja þm. Hann hefur nóg önnur tækifæri til þess að gera slíkt, og þá skal ég með ánægju svara honum. Ég segi það ekki síður við hann en hæstv. ráðh., ég er alveg óhræddur við að mæta honum í þessum ræðustól og hvar sem er annars staðar. Satt að segja hlakka ég til þess, þegar tækifæri gefst til þeirra hluta. Ég segi það alveg eins og er.

Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir glögg og góð svör hans við spurningunum og ræði þau auðvitað ekki frekar efnislega. Ég bendi bara á, að það er staðfest, að kærur hafi fyrnzt fyrir sakadómi, og það er auðvitað alvarlegt mál. Ég sakna þess, að í svörum hans var ekki tilgreint, hvað afgreiðsla á skýrslum og tilkynningum sé mikill hluti af þeim álitaefnum, sem upp komu. En ég býst við, að það sé á þessu sviði, sem lögmenn telja, að óeðlilega mikill fjöldi mála fyrir sakadómi hljóti ekki afgreiðslu. En um það mun ég væntanlega fá leyfi til að afla mér nánari upplýsinga, með leyfi hæstv. dómsmrh., sem ég efast ekki um, að fáist hjá sakadómaranum sjálfum.

Ölvun á almannafæri, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er altalað hér í Reykjavík og raunar kunnugt vegfarendum öllum, sérstaklega í miðbænum, að á götum þar eru vanheilir menn, sem komast hvað eftir annað í kast við lögregluna, eða lögreglan sér sig tilneydda til þess að handtaka, þó að hún hafi lítil skilyrði til þess að verða þeim til hjálpar, því miður. En menn, sem hafa afskipti og náinn kunnugleika af málefnum ofdrykkjumanna, telja, að það tíðkist óeðlilega mikið, að menn séu handteknir, haldið skamma stund í varðhaldi og síðan sleppt aftur lausum, síðan séu þeir handteknir aftur, jafnvel næsta dag, kannske eftir viku, kannske eftir 10 daga, þannig að það gerist, að maður sé handtekinn oft í sama mánuðinum, alla vega mjög oft á sama árinu. Ef þetta er svo, þá hygg ég, að það væri gott fyrir þá, sem vilja þessu vanheila fólki vel, að fá staðfest, að svo sé, vegna þess að það mundi vekja almennari áhuga en nú virðist fyrir hendi, á því að rétta þessu fólki þá hjálparhönd, sem það á skilið og mundi eflaust hafa mjög gott af.

Þessi fsp. er eingöngu borin fram til þess að fá það opinberlega staðfest, hvort það sé rétt, að sömu sjúklingarnir séu hvað eftir annað fangelsaðir, oft á ári, oft á mánuði, jafnvel oft í viku, án þess að hægt sé að rétta þeim nokkra varanlega hjálparhönd. Ég ætlast einungis til staðfestingar á þessu eða að fram komi, að þetta sé ekki staðreynd, og vona síðan, ef það kemur í ljós, að þessi fsp. á við rök að styðjast, að það verði til þess að hvetja bæði löggjafa og yfirvöld til þess að rétta því fólki, sem hér er um að ræða, betri hjálparhönd en nú á sér stað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. er: „Hversu margir hafa verið handteknir vegna ölvunar á almannafæri í Reykjavík oftar en 12 sinnum á ári s. l. 3 ár?" Svarið er 1969 38, 1970 53 og 1971 62.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka upplýsingarnar. Ég tel þær staðfesta, að í þessu máli er þörf brýnna aðgerða.

Eiturlyfjamál, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við hlið áfengisvandamálsins hefur eiturlyfjavandamálið orðið æ erfiðara viðfangs á undanförnum árum. Spurningin er, hvort nægilega margir menn á vegum lögreglunnar eða annars aðila hafi fengið tækifæri til að starfa að þessum málum og verða til þeirrar hjálpar, sem brýn nauðsyn er á. Þá veit ég, að meðal þeirra, sem um þessi mál fjalla, hefur verið sýndur áhugi á því að fá fræðslu um áhrif eiturlyfja á fólk og rétt viðbrögð við fólki undir áhrifum þeirra, vegna þess að oft reynist örðugt að greina á milli áfengisáhrifa og eiturlyfjaáhrifa og viss sérþekking er nauðsynleg til þess að geta brugðizt rétt við þeim vanda, sem í því hlýtur að felast að fást við eiturlyfjasjúkling. Þessi spurning er einungis fram borin til þess að fá upplýst, hvort hér er þörf á meiri aðgerðum en nú eiga sér stað.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. 1 hljóðar svo: „Hve margir starfa við eiturlyfjamál á vegum lögreglunnar?" Svar: Hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík starfa 3 menn með þennan málaflokk sem aðalstarf. Hjá öðrum embættum eru ekki starfandi lögreglumenn að þessu sem aðalstarfi.

2. fsp. er: „Hefur lögreglumönnum verið veitt fræðsla til að gera þeim kleift að þekkja áhrif eiturlyfja á fólk og rétt viðbrögð við fólki undir áhrifum þeirra? „Svar: Tveir starfsmenn lögreglustjóraembættisins í Reykjavík hafa sótt námskeið í Bandaríkjunum, þar sem þeim var m. a. veitt fræðsla á þessu sviði. Eftir heimkomuna héldu þeir fyrirlestra fyrir lögregluliið Reykjavíkur, þar sem m. a. var fjallað um áhrif fíkniefna á fólk og viðbrögð við fólki undir áhrifum þeirra.

Ég get bætt því við, að nýskipan þessara mála er í athugun.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. og dómsmrh. fyrir svörin. Ég tel þau staðfesta, að þörf er á aukinni árvekni í þessum efnum, og þess vegna fagna ég þeim síðustu ummælum hans, að sérstakar ráðstafanir séu á döfinni í þessum efnum.

Áfengismál, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason:) Herra forseti. Svo sem kunnugt er, var það nýmæli tekið í löggjöf um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra árið 1964, að meðhöndla skuli ölvaða menn sem sjúklinga og færa þá til sjúkrahúsvistar. Mér hefur verið tjáð, að þessi lagaákvæði hafi ekki komið til framkvæmda, en það var róttækt nýmæli á sínum tíma að hætta að skoða ölvaða menn og áfengissjúklinga sem brotamenn, heldur líta á þá sem sjúklinga. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja um, hvort þessi ákvæði hafi komið til framkvæmda eða ekki, og hafi þau komið til framkvæmda, þá í hversu mörgum tilfellum þeim hafi verið beitt. Þetta er gert til þess að vekja athygli á því ákvæði, sem er í gildandi lögum, að skoða þá, sem verða áfengi að bráð, sem sjúklinga, en ekki brotamenn, láta þá fá læknismeðferð. — spítalameðferð — en ekki fangelsismeðferð. Með því að vekja athygli á þessu, vil ég líka láta í ljós þá skoðun, að þeim mun fyrr sem þessi ákvæði koma til framkvæmda, þeim mun betra væri það til lausnar á þeim ógnarvanda, sem hér er á ferðinni. Hafi hins vegar ekki reynzt rúm á sjúkrahúsum fyrir slíka sjúklinga, þá er eðlilegt að fá það upplýst, fyrir hversu marga drykkjusjúklinga sé rúm á þeim gæzluvistarhælum, sem ríkið rekur. Ég hygg, að það komi í ljós, að það sé rúm fyrir allt of fáa drykkjusjúklinga í þessum hælum, þannig að brýna nauðsyn beri til þess að bæta þar úr og ekki síður til að bæta aðstöðu á gæzluvistarhælum heldur en að auka fangelsisrými.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson). Herra forseti. Ég vil fagna alveg sérstaklega þeim mikla áhuga, sem fram kemur hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni fyrir margháttuðum þjóðfélagsmeinum. Mér finnst það bera vott um eins konar endurfæðingu eftir 15 ára hlé, meðan hann dvaldist í ráðherrastóli, og ég vil sannarlega vona, að þessi áhugi haldi áfram og haldi einnig áfram að birtast hér í fsp., því að mér virðist þetta vera á góðri leið með að verða eins konar úttekt á því ástandi, sem núv. ríkisstj. tók við af viðreisnarstefnunni á hinum fjölbreytilegustu sviðum.

Fyrri spurningin frá hv. þm. er: „Hvað er rúm fyrir marga drykkjusjúklinga á gæzluvistarhælum?" Á gæzluvistarhælum er rúm fyrir 70 menn: 40 í Gunnarsholti, sem er ríkisstofnun, og 30 í Víðinesi, sem er sjálfseignarstofnun.

Síðari spurningin er: „Hversu margir drykkjusjúklingar hafa verið fluttir í sjúkrahús á ári s. l. 3 ár, sbr. 1. gr l. nr. 39 frá 1964?" Einu tölurnar, sem tiltækar eru um innlagningu drykkjusjúklinga á spítala, eru tölur Kleppsspítalans, en það er sá spítali, sem tekur á móti flestum þeim, sem lagðir eru inn á sjúkrahús vegna drykkjusýki. S. l. 5 ár var fjöldi þessara sjúklinga sem hér greinir: Árið 1967 333 eða 50% af öllum sjúklingum, sem lagðir voru inn á Kleppsspítalann, árið 1968 271 eða 39% af tölu þeirra sjúklinga, sem lagðir voru á spítalann, árið 1969 362 eða 43%, árið 1970 325 eða 41% og árið 1971 275 eða 39%. Þess ber að geta, að hér er um að ræða alla drykkjusjúklinga, og kann að vera hér um að ræða tvítalningu eða margtalningu, því að í skýrslum spítalans er ekki sérstaklega frá því greint, hvort sjúklingur hefur verið fluttur þangað eftir ítrekaðar handtökur eða komið á annan hátt.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á þeim hlutfallstölum, sem ég nefndi áðan. Hlutfall drykkjusjúklinga af öllum sjúklingum,

sem lagðir eru á Kleppsspítalann, er frá 39—50% á þessu árabili, og það gefur til kynna, hversu geigvænlegt þetta vandamál er.

Það hefur tíðkazt hér mjög mikið að tala af mikilli alvöru um eiturlyfjavandamál, og sízt vil ég draga úr því, að um það sé fjallað af fullri alvöru. Hitt er engu síður staðreynd, að drykkjuskaparvandamálið er miklu víðtækari og alvarlegri þjóðfélagsmeinsemd. En hættan er bara sú, að menn eru farnir að venjast henni og taka hana sem sjálfsagðan hlut. Menn kunna ekki orðið að hneykslast á því alvarlega ástandi, sem þar er um að ræða.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það var gerð sú breyting á lögum, að farið var að líta á drykkjumenn sem sjúklinga 1964. En vegna þess, hversu þröngur húsakostur er á Kleppi, hefur ekki verið gerlegt að taka að nokkru gagni upp þá þjónustu, sem lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra gera ráð fyrir. Á þessu verður hins vegar veruleg bót ráðin með tilkomu fyrirhugaðrar geðdeildar við Landsspítalann. Mikið vantar einnig á, að rými sé tiltækt á gæzluvistarhælum fyrir þá, sem þarfnast dvalar á slíkum stofnunum. Framlög til gæzluvistarsjóðs, sem á að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, hafa allt fram á síðasta ár verið allt of lág, til þess að hægt hafi verið að hefjast handa um uppbyggingu stofnana vegna drykkjusjúkra. Og viljinn til framkvæmda uppbyggingarinnar var ekki meiri en svo, að peningar sjóðsins voru notaðir til þess að greiða fyrir dvöl sjúklinga í Gunnarsholti allt fram til ársins 1970, þrátt fyrir ákvæði laga frá 1964, þar sem segir, að gæzluvistarsjóður hafi fyrst og fremst það hlutverk að auka og reisa stofnanir fyrir drykkjusjúka. Í lögum frá 1964 var ákveðið, að greiða skyldi 7.5 millj. árlega af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins í gæzluvistarsjóð. Þessi upphæð var síðan látin standa í stað til ársins 1970 þrátt fyrir óðaverðbólgu á öllu þessu tímabili. Árið 1970 var hún hækkuð smávægilega eða upp í 8 millj. Árið eftir fékk sjóðurinn svo 12 millj. eftir æðihörð átök hér á Alþ. Ég minnist þess, að hæstv. núv. utanrrh. beitti sér af mikilli hörku fyrir því, að sú fjárveiting væri hækkuð, og tókst að ná verulegum árangri. Í samræmi við það ákvæði stjórnarsáttmálans, að bæta skyldi úr ófremdarástandi í málum drykkjusjúkra, var framlag til framkvæmda á vegum gæzluvistarsjóðs svo hækkað í 20 millj. á þessu ári.

Stærsta verkefnið, sem nú er unnið að, er bygging hælis fyrir erfiða drykkjusjúklinga. Undirbúningsnefnd var skipuð í fyrra, og hefur hún gert áætlun um byggingu hælis fyrir 23 menn. Hælinu hefur verið valinn staður í landi Vífilsstaða og gert ráð fyrir, að síðar verði hægt að bæta við allt að þremur jafnstórum einingum, ef þörf krefur. Öllum tæknilegum undirbúningi er að verða lokið, og verður bygging hússins boðin út í næsta mánuði.

Önnur verkefni sjóðsins á árinu hafa verið þessi: 1. Sjálfseignarstofnun Bláa bandsins í Viðinesi áformar að byggja þar elliheimili fyrir 36 drykkjusjúk gamalmenni. Í fyrsta áfanga byggingarinnar verður rúm fyrir 12 vistmenn og aðstaða fyrir læknisþjónustu á staðnum. Til þess að flýta fyrir þessari uppbyggingu ákvað heilbrn. að greiða aukaframlag úr gæzluvistarsjóði á þessu ári, þannig að Bláa bandið fengi 1.2 millj. til framkvæmda sinna á árinu í stað 600 þús., eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þetta aukaframlag á að geta orðið til þess, að fyrsta áfanga byggingarinnar verði lokið seint á næsta ári.

Í öðru lagi hefur verið veitt fé til byggingar starfsmannaíbúða í Gunnarsholti, en aðstöðuleysi starfsmanna þar hefur verið mjög bagalegt.

Í þriðja lagi hefur gæzluvistarsjóður á árinu staðið straum af byggingarframkvæmdum við Kleppsspítalann, en þar hefur þjónustuaðstaða verið stórbætt, en drykkjusjúklingar eru, eins og ég minntist á áðan, milli 39 og 50% af öllum sjúklingum þar.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1973 er aftur gert ráð fyrir 20 millj. kr. framlagi til gæzluvistarsjóðs, þannig að hægt verður að vinna að fullum krafti að meginverkefni þess árs, sem verður bygging hælisins við Vífilsstaði, jafnhliða því sem framkvæmdir í Gunnarsholti eða Viðinesi verða styrktar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú alltaf vafasamt, hvort það borgar sig að kveðja sér hljóðs, þegar ekki eru nema 2 mínútur til umráða til þess að ræða um þau mál, sem á dagskrá eru, og verður varla mikið sagt. En hæstv. heilbrh. talaði um, að þessar fsp. hefðu verið eins konar úttekt, gæfu tilefni til úttektar á gerðum fyrrv. ríkisstj. En ég held, að ég verði að segja það, að við erum tilbúnir hvenær sem er að ræða á jafnréttisgrundvelli um gerðir fyrrv. ríkisstj., bæði í fangahúsamálum og öðrum mannréttindamálum. Það er vitanlega mikið atriði, hvernig búið er að drykkjusjúklingum, og sumir bera réttlætið alveg utan á sér og líður illa, ef þeir vita til þess, að öllum hefur ekki verið refsað, sem hafa verið dæmdir. En ég held, að þetta sé svo mikið vandamál, að við höfum sem sagt öll hér í hv. Alþ. áhyggjur af því, hvernig það skuli leysa á sem heppilegastan hátt. Enginn vafi er á því, að fyrrv. ríkisstj. gerði mikið í þessum málum, bæði hvað drykkjusjúklinga snerti og eins fangahús. Fangahús voru byggð, Síðumúli og Litla-Hraun, og það ber ekki vott um mikil þrengsli í fangahúsunum, að það skuli hafa verið 10 klefar auðir í nýju byggingunni á Litla-Hrauni. Hæstv. dómsmrh. þarf ekki að svara því, en hver er ástæðan? Og svo er talað um, að það vanti ríkisfangahús og að öll vandamál væru leyst, ef það væri fyrir hendi. Sumir lifa í þeirri trú, að þjóðfélagsþegnarnir fari batnandi og það verði minni þörf á því í framtíðinni að loka hundruð manna eða þúsundir innan dyra, hvort það sé ekki hægt að finna eitthvert annað ráð, sem kemur að meira gagni en það að loka menn inni. (**Forseti:** Hv. þm. hefur talað í tvær mínútur.) Já, ég veit það hæstv. forseti, og ég skal ekki niðast á því, annars hefði verið ástæða til þess að segja svolítið meira.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Í þeim kemur greinilega fram, að það er þörf á auknu húsnæði á gæzluvistarhælum og brýn þörf á því að auka skilyrði almennra spítala, auk Kleppsspítala, til þess að veita drykkjumönnum þá móttöku og þann aðbúnað, sem gildandi lög gera ráð fyrir, að þeir hljóti. Að öðru leyti ræði ég ekki svör hæstv. ráðh.

En vegna þess að hann lét í ljós ánægju, mér til mikillar ánægju, yfir því, að ég skyldi nú sýna ýmsum mannúðarmálum sérstakan áhuga, þá skal ég með ánægju gera honum þá ánægju einhvern tíma á næstunni að gera grein fyrir þeim málum, sem Alþfl. hefur beitt sér fyrir á sviði mannréttindamála og annarra félagsmála á þeim 15 árum, sem hann var í ríkisstj. Ég vona, að það komi til með að gleðja hann, þegar hann sér, hvað þau mál eru mörg og hve mikill árangur hefur náðst í þeim efnum, sem Alþfl. beitti sér sérstaklega fyrir á 15 ára stjórnarferli sínum. Annars má hæstv. ráðh. ekki tala eins og við einir, sem nú erum í stjórnarandstöðu, eigum einhverja fortíð hér í þessu þingi. Hann á sannarlega sína fortíð líka og allir þeir, sem nú sitja í ráðherrastólum og styðja hæstv. ríkisstj. Þeir fluttu ekkert smáræði af umbótatill. í þau 12 ár, sem þeir voru í stjórnarandstöðu. Nú er þeim ekkert gert verra en að minna á þessar till. Það má gjarnan gera það við tækifæri. Ég gerði það að gamni mínu, algerlega að gamni mínu, við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra að flytja nokkrar till., sem þeir höfðu flutt við fjárlagafrv. árið þar áður. Þeir stóðust ekki reiðari, þeir urðu óðir og uppvægir, hrópuðu fram í fyrir mér, þegar ég var að mæla fyrir till., og höfðu alls konar skrípalæti í frammi. Þeir máttu ekki sjá sínar eigin till. Þeim ofbauð það óskaplega. Og auðvitað voru þær stráfelldar. Ég gerði þetta aðeins til að sýna þeim framan í sjálfa sig, sýna þeim ofboðlitla spegilmynd af sjálfum sér, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Ég sé, að það er þýðingarlaust, þeir kunna ekki að skammast sín.

Stjórnir, nefndir og ráð, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Fyrir skömmu kom út skrá, er nefnist Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins. Þessi skrá er mjög fróðleg, í henni kennir ýmissa grasa og við lesturinn vakna ýmsar spurningar. Þessar spurningar, sem vaknað hafa hjá mér, birtast að nokkru leyti í þeim spurningum, sem nú eru bornar fram til hæstv. fjmrh. um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins á þskj. 42. Ég vil leyfa mér að lesa þessar fsp.:

„1. Er æskilegt, að fastir starfsmenn í rn. sitji í allt að 16 nefndum, stjórnum og ráðum?

2. Með hliðsjón af því, að vitað er, að meginhluti starfsins í langflestum nefndum hvílir á einum eða tveimur nm. eða jafnvel ritara n. einum, er spurt, hvort nauðsyn nefndarskipunar sé könnuð hverju sinni eða unnt sé að fela verkefnið ákveðnum ríkisstarfsmanni án nefndarskipunar.

3. Er þess gætt, að eðlilegt hlutfall sé á milli tölu nm. og umfangs þess verkefnis, sem þeim er ætlað að vinna?

4. Með hliðsjón af því, að sumir starfsmenn rn. þiggja fjórðung millj. kr. eða meira í þóknun fyrir nefndarstörf, er spurt, hvaða reglum sé fylgt við ákvörðun þóknunar fyrir slík störf, sem vitað er, að hljóta að vera unnin að miklu eða öllu leyti í vinnutíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður tekur föst laun fyrir. Hvað er gert til að tryggja, að slíkum reglum sé fylgt, séu þær fyrir hendi?

5. Er ástæða til að launa ríkisstarfsmenn fyrir nefndarstörf, þegar þau falla undir þau verksvið, sem þeim er ætlað að vinna? Hvaða reglur gilda um þetta efni?

6. Ákveður hlutaðeigandi rn. eitt, hvaða þóknun skuli greidd fyrir störf í nefndum, stjórnum og ráðum, eða koma til aðrir aðilar og þá hverjir? Hvað er gert til að tryggja það, að eðlilegt samræmi sé á milli vinnu nm. og þóknunar til þeirra?"

Um þetta hef ég ekki fleiri orð.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 42 eru fsp. þær, sem hv. 3. landsk. þm. gerði grein fyrir áðan. Áður en ég vík að því, má ég til með að gleðja hv. 7. þm. Reykv., sem hefur haldið hér uppi þó nokkurri skemmtun. Nú verður það mitt hlutskipti að hæla fyrrv. stjórn fyrir afrekin, því að ég skýrði frá því í fjárlagaræðunni um daginn, að af 100% kostnaði við nefndir, sem voru skipaðar af menntmrh. á árinu 1971, hefði kostnaðurinn vegna þeirra nefnda, sem hann skipaði, verið 98.4%, 1.6% kom á eftirmann hans. Sama var þetta eða svipað í fjmrn. Þar voru 97.5% kostnaður vegna skipana fyrirrennara míns, um 2.5% mín megin, svo að nokkuð hafa vinir vorir fyrrverandi afrekað í þeim efnum, ekki hefur allt gleymzt, eins og hér kom fram áðan.

En út af fsp., sem hér er á dagskrá, tel ég ástæðu til að vekja athygli á því í upphafi máls míns, að þrir fyrstu töluliðir fsp. eiga alls ekki frekar erindi til fjmrh. en annarra ráðh. Ég tel hann ekki sekari, ef um sekt er að ræða í þeim efnum en aðra ráðherra, nema síður sé. Öllum fsp. skal ég samt sem áður svara, eftir því sem föng eru á. Að auki vil ég nota tækifærið til þess að koma á framfæri hugmynd til úrbóta um fastari skipan þessara mála en nú er.

1. fsp. er um það, hvort æskilegt sé, að fastir starfsmenn í rn. sitji í allt að 16 n. og ráðum. Henni svara ég neitandi, að svo miklu leyti sem hægt er að svara henni. Hinu vil ég vekja athygli á, að tala nefnda á ekki saman nema nafnið eitt. 16 nefndir þurfa ekki að leggja verulegar kvaðir á þann, sem í þeim situr, ef eðli þeirra og vinnubrögð eru þannig. Ein n. getur, ef svo ber undir, verið meiri kvöð og tímafrekari. Það skal fúslega viðurkennt, að á öllum tímum hefur það verið hneigð hjá ráðh. að hlaða óhæfilegum störfum á þá af starfsmönnum rn. og aðra embættismenn, sem þeir hafa reynslu af að treysta má fyrir vandasömum verkum. Í mörgum tilfellum eru þessir menn nánustu samstarfsmenn ráðh. í embættiskerfinu, þekkja stefnuviðhorf

ráðh. mjög vel og hafa að auki þekkingu á viðkomandi málum, þar eð þeir gegna líkum störfum á þeim sviðum, sem um er fjallað. Þessi aðferð hefur því vissa kosti, en hún hefur einnig mjög slæma galla, sem þessir embættismenn gjarnan hafa bent á sjálfir. Með þessum hætti getur embættismaðurinn ekki verið ráðh. sú gagnrýnandi aðstoð við meðferð málsins í sjálfu rn., sem hann ella væri.

Þótt verulega hafi fjölgað starfsfólki í stjórnarráðinu síðari árin eftir fjölgun rn. 1969, þá er nú færra fólk í 22. launaflokki og þar ofar í eftirtöldum rn. en sem svarar fjölda þm. Það eru forsrn., dómsmrn., félmrn., heilbrmrn., iðnrn., landbrn., samgrn., sjúvrn. og viðskrn., sem hér er átt við.

2. tölul. spurningarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta: „Með hliðsjón af því, sem vitað er, að meginhluti starfsins í langflestum nefndum hvílir á einum eða tveimur nm." o. s. frv., og 3: „Er þess gætt, að eðlilegt hlutfall sé á milli tölu nm. og umfangs þess verkefnis, sem þeim er ætlað að vinna?" Þessum tveimur töluliðum ætla ég að svara samtímis. Það er misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, sem virðist mega ráða af þessum tveimur spurningum, ef hann heldur, að nefndaskipan eigi sér stað til þess, að brotamikið verk gangi betur, þegar margir vinna að því. Ég hygg, að málinu sé sjaldan þannig háttað. Oftast er nefndarskipun ætlað að tryggja, að við meðferð þeirra mála, sem n. á að fást við, komist tryggilega að sjónarmið sem flestra þeirra aðila, sem málið getur varðað. Þess vegna er ekkert hlutfall eðlilegt milli tölu nm. og umfangs þess verkefnis, sem þeir eiga að vinna.

Að því er varðar fyrri spurninguna er nauðsynlegt, að hv. alþm. og öllum almenningi sé ljóst, að nefndarskipun er undantekning við úrlausn mála í stjórnsýslunni, en alls ekki hin venjulega aðferð. Flest verk eru einmitt leyst, eins og fyrirspyrjandi bendir á, með þeim hætti, að einstökum ríkisstarfsmanni er falið verkefni og hann leysir það í samráði við þá aðila, sem þörf krefur, án nokkurrar nefndarskipunar. Nefndarskipun er hins vegar einn þáttur lýðræðis og þingræðis til að tryggja sjónarmið fólks við undirbúning mála.

Þá vil ég nú breyta hér út af og snúa mér að 6. spurningunni, en kem að hinum síðar, en hún er: „Ákveður hlutaðeigandi rn. eitt, hvaða þóknun skuli greidd fyrir störf í nefndum, stjórnum og ráðum" o. s. frv. Því svara ég svo hljóðandi: Í tíð fyrrv. ríkisstj. var tekin upp föst skipan á mat þóknana fyrir ýmis störf, þannig að tveir trúnaðarmenn, hagsýslustjóri og deildarstjóri launadeildar fjmrn., gerðu till. til hlutaðeigandi rn. á grundvelli gagna, sem fram voru lögð um störf nefndanna. Þessari skipan hefur verið haldið, en formlega ákveðið til viðbótar, að fulltrúi hlutaðeigandi rn. taki þátt í afgreiðslu hvers máls. Rétt er að benda á, að í nefndaskýrslu þeirri, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, eru sérstaklega merktar með x þær þóknanir, sem trúnaðarmenn þessir hafa ákveðið.

Spurt er, hvað gert sé til að tryggja sanngjarna niðurstöðu. Í matsmálum er e. t. v. aldrei hægt að tryggja eða treysta dómgreind matsmanna. En oftast nær mun mat þeirra vera talið í neðri mörkum hjá þeim, sem eiga að njóta. Það skal þá upplýst, að allar hæstu þóknanir, sem nú eru greiddar, voru ákveðnar löngu áður en núverandi starfsmenn komu þar til starfa. Þær hafa með ákveðnum hætti breytzt með vísitölu, en ekki almennt annars. Þar nefni ég t. d. bankaráð og fleiri slíkar stjórnir.

Þá er það 4. liður fsp.: „Með hliðsjón af því, að sumir starfsmenn ráðuneytanna þiggja fjórðung milljónar" o. s. frv. og er svarið þetta:

Í fsp. í fjórða lið er rætt um nefndarstörf ráðuneytismanna sem „störf, sem vitað er að hljóta að vera unnin að miklu eða öllu leyti í vinnutíma, sem hlutaðeigandi starfsmaður tekur föst laun fyrir". Ég vil að gefnu tilefni upplýsa fyrirspyrjanda, hv. alþm., um það, að af þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum málum, er þessi fullyrðing byggð á verulegum misskilningi. Fundir í launuðum n., sem stjórnarráðsmenn starfa í, eru að vísu stundum haldnir á venjulegum vinnutíma. En þar sem ég þekki til, gerir sá tími oft betur en að skila sér í störfum, sem þessir starfsmenn verða að vinna í aðalstarfi sínu þess vegna utan venjulegs vinnutíma. Ég get með góðri samvizku vottað það, að ég hef orðið að fá starfsmenn í þeim rn., sem ég stjórna, til þess að vinna kvöld eftir kvöld og helgi eftir helgi. Þess ber að gæta, að þeir menn, sem um er talað, hafa að jafnaði ekki fengið aðrar greiðslur fyrir yfirvinnu en þær, sem felast í greiðslum fyrir nefndarstörf.

5. liður fsp.: „Er ástæða til að launa ríkisstarfsmenn fyrir nefndarstörf"? Því vil ég svara neitandi. Ekki er ástæða til þess að greiða laun fyrir slík nefndarstörf, sem í fsp. er fjallað um, nema nefndarskipunin leiði til vinnu umfram þá vinnuskyldu, sem svarar til fastra launa. Almennt hefur verið litið svo á, að formlegri skipan n. fylgi slík yfirvinna. Hins vegar er algengt, að við ákvörðun þóknunar sé tekið tillit til þessara atriða til lækkunar. (**Forseti:** Hæstv. ráð.h hefur talað í 10 mínútur.) Já, en fsp. er svo löng, að það er ómögulegt. (**Forseti:** Það kemur þessu máli ekki við.) Þá er ekki hægt að leyfa svona fsp. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. getur bætt við í síðari ræðutíma.) Ég á nú eftir nokkuð til að svara. (**Forseti:** Við verðum að halda okkur við þingsköpin að þessu leyti.) Ég skal þá gera það, en þá verður fsp. að vera með öðrum hætti. (**Forseti:** Já, svörin þá líka.)

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör, og sannast sagna hefði verið æskilegt að ræða þau nokkru nánar. Hér er stuttur tími til umráða, og það er margt, sem ég hjó eftir í svari fjmrh., sem full ástæða væri til að ræða miklu nánar. Ég veit ekki, hvar ég á að grípa niður, en ég vil þó benda á í sambandi við 6. liðinn, um þóknunarnefndina svokölluðu, að þar sitja tveir menn í n., að ég hygg, og þeir ákveða þóknun til n., en bara til sumra n. eftir bókinni. Þá er spurningin, sem ég vildi fá svar við: Hverjir ákveða þá þóknanir til þeirra n., sem þessi hin sama n. ákveður ekki þóknun til? Það er eitt líka, sem hefur vakið athygli mína, það er það,

að þóknun virðist mjög bundin við menn, sumir einstaklingar fá hærri þóknun en aðrir og viss málefni eru sett skör hærra en önnur. Þeir menn, sem sitja í n., þar sem sjóðir eru eða fjallað er um efnahagsmál, fá meira en þeir, sem sýsla yfirleitt við félags- eða menningarmál. Ég tel, að í skýrslunni speglist dálítið úrelt viðhorf. Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta, en ég ætla að segja það, að þarna er mjög margt, sem vert væri að taka til umræðu. Tilgangur minn með þessu er fyrst og fremst að vekja athygli á því, að allir stjórnmálaflokkarnir bera það fram fyrir þjóðina, að þeir vilji draga úr embættismannabákninu og þeirri fyrirferð, sem því fylgir. Þess vegna er full ástæða fyrir allar ríkisstj. að reyna að fara að nefndarskipunum með gát og hafa reglur um þær, þótt vitanlega sé okkur öllum ljóst, að nefndarskipanirnar eru í mörgum tilfellum nauðsynlegar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er útilokað, að ég geti lokið við að svara því, sem ég ætlaði mér að koma að í sambandi við þessa fsp., en ég vil segja hv. fyrirspyrjanda það út af mismun í launum, að n. sú, sem fjallar um laun nefndarmanna, hefur ekki ákveðið um skipan allra launa. Hefur það yfirleitt verið svo, að hún hefur ákveðið um skipan launa þeirra n., sem hafa verið settar á stofn, eftir að hún tók til starfa. Hins vegar hefur verið gert út um t. d. bankaráð, útvarpsráð o. fl. alveg utan við hana. En ég vil nota þennan litla tíma til að drepa á þau atriði, sem fram komu í ábendingum frá starfsmönnum fjmrn., ráðuneytisstjóra og deildarstjóra launamáladeildarinnar, ef mér gæfist tími til þess. Það eru till., sem þeir hafa lagt fyrir mig og enn þá hafa ekki verið teknar ákvarðanir um. Þær eru:

1. Gefin verði út almenn fyrirmæli um, að fundir launaðra n., stjórna og ráða, sem ríkisstarfsmenn eiga sæti í, verði alltaf haldnir utan dagvinnutíma.

2. Starfsmenn ríkisins, sem skipaðir eru í n., sem fjalla á um mál innan verksviðs hlutaðeigandi starfsmanns, eða sitja í slíkum n. lögum samkvæmt stöðu sinnar vegna, taki ekki nefndarþóknun fyrir það starf.

3. Starfsmenn, sem eru forstöðumenn stofnana eða forstöðumenn deilda án þess að vera háðir daglegri umsjá eða verkstjórn yfirmanns, geti gert kröfu til greiðslu vegna óhjákvæmilegrar vinnu, sem unnin hefur verið í samráði við yfirmann umfram 40 stunda vinnuviku. Slík krafa skal gerð til hlutaðeigandi rn. — fyrir milligöngu yfirstjórnar stofnunarinnar, ef við á. Kröfur miðist við 3 mánuði í senn. Krafan skal rökstudd með yfirliti um stimplaða veru á vinnustað, eða dagbók ásamt greinargerð um viðfangsefni, þörf fyrir yfirvinnu og orsakir hennar. Kröfur af þessu tagi ásamt umsögn senda hlutaðeigandi rn. til fjmrn.

4. Þeim starfsmönnum, sem um ræðir í 3. lið, verði gefinn kostur á að gera kröfu með sama hætti og þar greinir, eftir því sem tök eru á, vegna yfirvinnu árin 1971 og 1972. Ætlazt er til, að þeirri kröfu komi til frádráttar hver sú greiðsla úr ríkissjóði eða frá ríkisstofnun, sem telja má fyrir störf þess eðlis, sem um ræðir í 2. lið hér að framan.

5. Fjmrn. sendir ráðh. einu sinni til tvisvar á ári yfirlit um greiðslur í samráði við framanritað, sem þeim er kunnugt um.

6. Yfirmenn, sem hafa daglega eða algilda umsjón með störfum opinberra starfsmanna, hafa umboð til þess að staðfesta reikninga fyrir óhjákvæmilega yfirvinnu, sem þeir hafa sérstaklega beðið um, svo framarlega sem fjárveiting er fyrir hendi. Þeir teljast persónulega ábyrgir fyrir því, ef þetta umboð er misnotað til greiðslu reikninga fyrir yfirvinnu að óþörfu, fyrir yfirvinnu, sem ekki er unnin, eða yfirvinnuskipan, sem beinlínis er ætluð að breyta kjörum starfsmanna.

7. Það er almenn stefna að takmarka störf starfsmanna ríkisins sem mest við umsamda 40 stunda vinnuviku. Ef við getur átt, er talið æskilegt, að frí sé gefið í staðinn fyrir yfirvinnutíma að því marki, sem þess er kostur.

Þessar hugmyndir að till. ætlaði ég mér að kynna hér á hv. Alþingi vegna þess, að það verður ekki komizt hjá því að krefja yfirmenn í hæstu launaflokkum eða fara fram á það við þá, að þeir leggi á sig yfirvinnu í sínu starfi. Það mun hvorki mér né öðrum ráðh. takast, og það verður að koma þessum málum fyrir á sómasamlegan hátt, því að það er ekki hægt að biðja þá frekar en aðra menn að leggja fram vinnu, án þess að einhver greiðsla komi fyrir.

Veðtrygging iðnrekstrarlána, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um framkvæmd laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána: „Hvenær má gera ráð fyrir, að til framkvæmda komi l. nr. 47/1972, um veðtrygggingu iðnrekstrarlána, þ. e. að lánað verði út á hráefni til iðnaðar, iðnaðarvörur í vinnslu og fullunnar iðnaðarvörur“?

Hinn 13. maí s. l. voru samþykkt lög hér á hv. Alþ. um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Í 1. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnfyrirtækjum er heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn“.

Nú er mér kunnugt um, að ýmsir iðnrekendur eru farnir að bíða nokkuð eftir því, hvort settar verða sérstakar reglur samkvæmt þessum lögum. Sérstaklega finnst mér ástæða til að minna á þetta nú, þar sem í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. mun hafa verið rætt um stóraukna aðstoð við iðnaðinn. Ég var þessum lögum samþykktur á sínum tíma, og ég álít, að þessi lög, ef framkvæmd verða, séu einhver hin mesta aðstoð og kannske einhver sú alþýðingarmesta, sem hægt er að gera fyrir iðnaðinn nú. Þess vegna tel ég réttmætt að beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hvort og hvenær þessar reglur muni koma og með hvaða hætti.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvenær megi gera ráð fyrir, að til framkvæmda komi l. nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, en þau lög voru samþykkt hér á síðasta þingi.

Það hefur verið unnið að því undanfarið í Seðlabankanum að setja reglur um endurkaup Seðlabankans á framleiðslulánum iðnaðarins. Drög hafa verið samin í þessum efnum og þau hafa verið borin undir iðnrn. og forsvarsmenn iðnaðarins í landinu, sem fallast á þessi drög í öllum meginatriðum. Þeir telja rétt, að þetta verði fyrsta skrefið og síðan verði reynslan að skera úr um það, hvaða breytingar þurfi á þessu að gera í framkvæmd, en hér er um býsna samanslungin og flókin mál að ræða. Nú er unnið að því þessa daga af hálfu Seðlabankans að ná samkomulagi við viðskiptabankana um framkvæmd þessa máls. Það er sem sé búizt við því, að framkvæmd samkvæmt þessum lögum geti hafizt nú næstu daga. Það eru þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá Seðlabankanum, sem hefur haft með málið að gera.

Það er enginn vafi á því, að það er rétt, sem hv. þm. sagði hér, að þau lög, sem voru sett á síðasta Alþingi varðandi þetta mál, geta haft mikla þýðingu fyrir íslenzkan iðnað, eftir því að sjálfsögðu, hvernig tekst til með framkvæmd þeirra. Það er nú gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að iðnaðurinn búi við jafnréttisaðstöðu við aðra atvinnuvegi varðandi lán út á sína framleiðslu, þar sem t. d. enginn vafi leiki á því, að öll sú framleiðsla, sem gengur til útflutnings, falli undir nákvæmlega sams konar lánareglur og þar með endurkaupareglur og á sér stað hjá sjávarútveginum. En auk þess komi svo einnig lán eftir þar til settum reglum út á aðra framleiðslu iðnaðarins. — Þess er sem sé að vænta, að framkvæmd í þessum efnum geti hafizt nú innan skamms.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar, sem eru nánast þær, að unnið sé að reglum, drög samin og búast megi við framkvæmdum næstu daga. Þetta er allt gott og blessað. Það er nú ekki búið að taka nema 5—6 mánuði að koma þessu saman. Hæstv. ráðh. nefndi, að auðvitað yrði nú unnið að jafnréttisaðstöðu við aðra atvinnuvegi. Þetta er einmitt kjarni málsins. Ég ræddi þetta nokkrum sinnum á hv. þingi í fyrra, og mér finnst satt að segja ekki bera allt of mikið á því enn þá, að þessi jafnréttisaðstaða sé fyrir hendi, að iðnaðurinn njóti sömu aðstöðu og landbúnaðar og sjávarútvegur, að því er lánamál varðar. Ég vil að það sé alger jafnréttisaðstaða, ekkert minna en það, og ég mun halda áfram að ræða þetta hér á hv. þingi, þangað til þessi jafnréttisaðstaða er fengin.

Síldarverksmiðjur ríkisins, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

(Fyrirspyrjandi Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um starfsemi Síldarverksmiðja ríkisins, þ. e. líklega starfsemi verksmiðjunnar á næsta ári. Fyrirspurnin beinist reyndar fyrst og fremst að verksmiðjum SR á Austurlandi og þá einkum verksmiðjunnar á Reyðarfirði, þar sem beðið er eftir því með óþreyju að vita, hvort loðnuvertíðin muni enn einu sinni fara fram hjá þeim stað eða hvort einhver bót verði þar á ráðin.

Undanfarin ár hefur verksmiðja SR á Reyðarfirði staðið tilbúin til móttöku loðnu og það verið auglýst, en nær engin loðna borizt til vinnslu, og það jafnvel á sama tíma og loðnu hefur verið ekið út um tún og haga í næsta nágrenni vegna þess, hve mikið barst þar að. Ekki skal ég fara út í þær orsakir, sem þarna liggja til, en eitthvað óhreint mun þar leynast, og víst er um það, að ekki eigi Síldarverksmiðjur ríkisins neina sök á því.

Nú er spáð betri loðnuvertíð en nokkru sinni, og því er að vonum, að menn eystra hafi af því áhyggjur, ef saga síðustu ára endurtekur sig. Sömu söguna hygg ég að muni vera hægt að segja frá verksmiðju SR á Seyðisfirði, en sá munur er þar á, að önnur verksmiðja er þar á staðnum og hún hefur fengið loðnu.

Það vandræðaástand, sem nú ríkir í málum Síldarverksmiðja ríkisins yfirleitt, og á sér eðlilegar orsakir síldarleysisins, sem allir þekkja, er áreiðanlega nógu alvarlegt, þótt allt sé gert, sem hægt er, til þess að nýta þau tækifæri, sem gefast til þess að hressa eitthvað upp á rekstur, þótt ekki væri nema einnar verksmiðju.

Nú hefur verið lagt fram hér á Alþingi frv. um loðnulöndun, og hygg ég, að sú skipan mála, sem þar er lögð til, geti haft einhver áhrif til leiðréttingar á því ástandi, sem ríkt hefur í málefnum Síldarverksmiðja ríkisins á Austurlandi. Mér er þó ekki fulljóst, hversu afgerandi þau áhrif verða, og væri gott að heyra álit hæstv. ráðherra þar að lútandi. En einhlítt til bóta telst þetta varla, hvað snertir Síldarverksmiðjur ríkisins, þótt að lögum yrði.

Seinni hluti fsp. lýtur að öðrum möguleika á starfrækslu verksmiðja SR, þar sem er veiði á kolmunna til vinnslu. S. l. sumar var tilraun gerð til kolmunnaveiða úti fyrir Austfjörðum, og var aflanum landað í verksmiðju SR á Reyðarfirði. Nú er mér ekki fullkunnugt um það, hvernig veiðar þessar gáfust í heild eða hver útkoman varð á vinnslu aflans, en hitt fór ekki milli mála, að hér var um mikla atvinnubót að ræða á þessum tiltekna stað, sem staðið hefur nokkuð tæpt atvinnulega séð nú undanfarið. Ég vildi því einnig gjarnan frá upplýst, hvaða líkur séu á því, að veiðar á kolmunna verði stundaðar næsta sumar, þótt ekki yrði um annað að ræða en frekari tilraunaveiði svipaða þeirri, sem fram fór s. l. sumar. Það hlýtur að teljast brýnt verkefni að kanna alla möguleika á því, að verksmiðjur SR geti fengið ný verkefni að fást við. Með tilliti til þess og sömuleiðis þarfa míns sveitarfélags sérstaklega spyr ég: Hvaða horfur eru á því, að Síldarverksmiðjur ríkisins verði starfræktar í fyrsta lagi á komandi loðnuvertíð og í öðru

lagi næsta sumar með tilliti til kolmunnaveiða?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins eða framkvæmdastjóra Síldarverksmiðja ríkisins varðandi þessa fsp.:

„Vegna fsp. yðar í bréfi hinn 26. þ. m. skal upplýst, að vér höfum áformað að taka á móti loðnu í verksmiðjum vorum á komandi vertíð. Í því sambandi höfum við m. a. tryggt oss viðskipti við eigendur 700 tonna skips, sem nýlega hefur verið keypt í Noregi og er sérstaklega byggt til veiða á bræðslufiski. Á s. l. sumri tókum vér á móti rúmlega 600 tonnum af kolmunna í verksmiðju vorri á Reyðarfirði frá m/s. Eldborgu, sem styrkt var til kolmunnaveiða. Gaf vinnsla kolmunnans það góða raun, að ástæða er til að halda, að veiði á kolmunna geti orðið arðbær, einkum með tilliti til þess, að stærri skip og betur búin eru væntanleg til landsins."

Svar mitt við þessari fsp., sem hér liggur fyrir, er því í aðalatriðum byggt á þessum upplýsingum frá forstjóra Síldarverksmiðja ríkisins. Verksmiðjurnar hafa nú gert sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að tryggja sér viðskipti við loðnuskip á komandi vertíð, m. a. gert samning við eitt stórt og væntanlega afkastamikið skip. Ráðgert er, að það landi meginhlutanum af veiði sinni væntanlega í verksmiðjunni á Reyðarfirði eða í verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins. Það verður áfram unnið að því að gera tilraunir með kolmunnaveiði á næsta sumri. Aðstæður allar eru betri nú en þær voru á s. l. sumri, þar sem verð á fiskimjöli hefur hækkað stórlega. Ég tel því, að það megi heita tryggt, að einhver starfsemi verði í Síldarverksmiðjum ríkisins í sambandi við slíka veiði á komandi sumri. Ætti m. a. þetta nýja skip, sem verksmiðjurnar hafa gert samning við, að geta lagt þarna upp nokkurt hráefni.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og hið jákvæða, sem greinilega er að gerast í þessum málum, og ætla að vona, að verksmiðja SR á Reyðarfirði standi ekki auð og tóm næsta vetur, á meðan verksmiðjur þar í nágrenninu mala fólkinu gull.

Húsakostur sjúkrahúss á Akureyri, fsp. (þskj. 44). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Það er löngu svo komið, að byggingar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri svara ekki kröfum tímans, þótt verulegar þættu og ágætar nýreistar. Þrengslin eru orðin ofboðsleg og vinnuskilyrði mjög erfið og úrelt, búnaður ófullkominn. Sjúkrahúsið þarf þó að sinna lækningaþörfum um a. m. k. 30 þús. íbúa eða á svæði vestan frá Húnaþingi og allt austur á Austfirði. Fram að þessu og enn verður að telja, að sjúkrahúsið hafi búið og búi við mjög góðan læknakost og hjúkrunarlið, en verði ekki hið bráðasta bætt úr húsakosti og búnaði, hljóta þeir kostir að bresta. Ungur og þrautmenntaður yfirlæknir skurðdeildar varð í sumar að leggja nótt með degi til að anna kröfum til deildarinnar, því að meðlæknir hans taldi sig ekki geta starfað þar við gildandi aðstæður, þrengsli og vanbúnað. Ágætur barnalæknir og vonandi tveir innan tíðar hafa aðeins ráð á einni til tveimur stofum við sjúkrahúsið fyrir sína mörgu litlu umsjársjúklinga. Tveir augnlæknar af 6 í landinu, sem skera upp við auknsjúkdómum, eru nú búsettir góðu heilli á Akureyri, en uppskurðaraðstaða þeirra á Fjórðungssjúkrahúsinu er slík, að 60 manns eru nú á aðgerðarbiðlista þeirra. Geðdeild er engin, rannsóknaraðstaða mjög ófullkomin. Lyflækningadeildin er sennilega næst því að anna sinu hlutverki.

Sem betur fer hafa heilbrigðisyfirvöld alltaf sýnt góðan skilning á nauðsyn þess að auka húsakost og búnað Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og raunar gert það að stefnumiði, að það beri að gera sambærilegt sjúkrahúsum eins og Landspítalanum eða Borgarspítalanum, m. a. út frá því sjónarmiði, að skynsamlegt væri að hafa eitt fullbúið sjúkrahús utan þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa, — sjúkrahús, sem gæti annað óvæntum neyðartilfellum, sem þar kynnu að koma upp, svo sem vegna landskjálfta, loftárása eða einhvers slíks. 1968—1969 voru teikningar viðbyggingar við Fjórðungssjúkrahúsið í gangi. Áætlun var í mótun, að nýr húsakostur kæmist í gagnið árin 1973—1976. Seinna kom sú skoðun upp og vafalaust með réttu, að betur þyrfti að búa en þar var í fyrstu ætlað, og nýjar athuganir hófust, nýjar áætlanir, nýjar teikningar. Sá kvittur gengur manna á meðal norðan fjalla, að ríkisvaldinu ægi svo það byggingar- og búnaðarátak, sem gera þurfi vegna sjúkrah. á Akureyri, að því séu að fallast hendur og vilji skjóta málinu á frest, sem væri nánast rothögg á annars þá góðu læknisþjónustu, sem enn er völ á á þessu svæði. Þessu vil ég ekki trúa að óreyndu, og svo mun um ótal fleiri. Því leyfi ég mér að bera eftirfarandi spurningu fram til heilbr.- og trmrh.: „Hvar er undirbúningur að auknum húsakosti sjúkrahússins á Akureyri á vegi staddur, og hvenær má vænta þess, að byggingarframkvæmdir hefjist?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við undirbúning nýrrar sjúkrahúsbyggingar við sjúkrahúsið á Akureyri hefur á ýmsan hátt verið beitt öðrum vinnubrögðum en tíðkazt hafa til skamms tíma við aðdraganda að sjúkrahúsbyggingum. Þannig hefur verið lögð meiri áherzla en tíðt er á athugun á þjónustuhlutverki sjúkrahússins á Akureyri í framtíðinni, áður en til ákvörðunar um endanlega gerð þess og teikningu kæmi. Jafnframt hefur verið gerð allýtarleg athugun á heppilegu fyrirkomulagi hinna ýmsu deilda sjúkrahússins. Þessi forvinna er unnin í tvíþættum tilgangi. Annars vegar er ætlunin að auðvelda með þessum hætti starf arkitektanna og flýta því, og

hins vegar er hugmyndin að tryggja með þessu móti betur en ella, að sú bygging, sem rís, verði í samræmi við þær kröfur, sem gera verður til sjúkrahúsa á Akureyri á komandi áratugum. Ýmislegt af því starfi, sem þannig hefur verið unnið, hefur væntanlega gildi fyrir aðrar sjúkrahúsbyggingar í landinu í framtíðinni, og hluta af þessu starfi má skoða sem lið í heildaráætlun um sjúkrahúsbyggingar í landinu öllu.

Sjúkrahúsið á Akureyri á að vera almennt sjúkrahús fyrir Akureyri og nærsveitir og sérfræðisjúkrahús fyrir Norðurland og hluta Austurlands. Gert er ráð fyrir því, að sjúkrahúsið verði þannig búið tækjakosti og sérmenntuðu starfsliði, að það geti leyst af hendi flest þau verkefni, sem nú eru unnin á sjúkrahúsum hér á landi. Sjúkrahúsið á að vera aðalvarasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins með tilliti til almannavarna. Við áætlanagerð um uppbyggingu sjúkrahússins er stefnt að því, að fullbyggt geti það séð fyrir áætluðum þörfum 1990, en uppbygging gerist í áföngum. Samkv. þessum áætlunum þarf að sjá fyrir eftirfarandi vistunarrými á Akureyri árið 1990: Á sjúkrahúsi fyrir bráða líkamssjúkdóma 180 rúm, á sjúkrahúsi fyrir geðsjúka 80 rúm, á hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum 125 rúm og á fávitahælum 80 rúm. Núverandi vistunarrými er hins vegar svofellt: Á sjúkrahúsum fyrir bráða líkamssjúkdóma 120 rúm, á geðsjúkrahúsum ekkert rúm, á hjúkrunarheimilum 70 rúm, og á fávitahælum 50 rúm. Þarf þannig að sjá 40 manns fyrir nýju vistunarrými fyrir bráða líkamssjúkdóma og geðsjúka til þess að mæta áætlaðri þörf 1990.

Samkv. þeim áætlunum, sem fyrir liggja, er áformað að reisa í tengslum við það sjúkrahús, sem nú er starfandi, nýtt sjúkrahús fyrir bráða líkamssjúkdóm. Ætti þetta sjúkrahús að sjá fyllilega fyrir þörfunum á þessu svíði og hafa vistunarrými fyrir 180 sjúklinga. Á hinn bóginn er áformað, að núverandi sjúkrahúsbygging verði í áföngum að geðsjúkrahúsi og hjúkrunarheimili fyrir geðsjúka. Fyrir öðrum þörfum vistunarrýmis er ætlunin, að séð verði utan þessarar stofnunar, þ. e. a. s. hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum og fávitahælum, er risu utan sjúkrahússvæðisins.

Í samræmi við það markmið, að sjúkrahúsið geti leyst af hendi flest þau verkefni, sem nú eru unnin á sjúkrahúsum hér á landi, og sé aðalvarasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins, er áformað, að reistar verði mjög fullkomnar röntgenrannsókna- og gjörgæzlud. við sjúkrahúsið og skurðdeild verði þar vel búin. Þá er áætlað, að í sjúkrahúsinu geti verið heilsuverndarstöð og göngudeild, en skipulagi verður hagað svo, að síðar megi reisa þar fullkomna heilsugæzlustöð með viðtækri sérfræðiþjónustu. Þróunin í öðrum löndum með hliðstæð skilyrði og hér á Íslandi er sú, að þessi þáttur læknisþjónustunnar fari mjög vaxandi, og því er sjálfsagt að taka mið af þeim við áform okkar nú. Læt ég þetta nægja um hlutverk sjúkrahússins og almenna skipan.

Til undirbúnings teikningu sjúkrahússins hefur verið unnin forsögn um gerð þess og einstakra deilda innan þess. Í þessari forsögn er tiltekið allýtarlega, hvaða vistarverur skuli vera á hverri deild, hvernig þær skuli búnar, hversu stórar og hver starfsemistengsl þeirra séu við aðrar vistarverur innan deildarinnar. Jafnframt er gerð grein fyrir tengslum milli deilda og kröfum, sem þau gera til skipulags. Þessar forsagnir eru byggðar á uppplýsingum, sem aflað hefur verið frá ýmsum aðilum með sérþekkingu hverjum á sínu sviði, og er þar bæði um að ræða innlenda og erlenda aðila. Varðandi öll þessi atriði hefur verið haft samráð við starfsfólk sjúkrahússins, lækna og forsvarsmenn hjúkrunarliðsins. Segja má því, að í byggingarforsögninni liggi fyrir lýsing á því sjúkrahúsi, sem byggja á.

Byggingarforsögnin verður þannig handbók arkitektanna við teikningu hússins. Í henni felst skilgreining á því, hvers konar verkefni þeir skulu leysa af hendi í starfi sínu. Þau vinnubrögð að semja byggingarforsögn af því tagi, sem ég hef lýst, hafa lítt verið tíðkuð hér áður. Arkitektar hafa fengið meira og minna óljósar upplýsingar um það, til hvers væri ætlazt af þeim og hvaða kröfur væru gerðar til þeirra vistarvera, sem þeim væri ætlað að teikna. Þetta hefur tafið störf þeira og þrátt fyrir það, að við höfum mörgum snjöllum arkitektum á að skipa, hafa þessi viðtæku vinnubrögð borið í sér vissa hættu á því, að ekki tækist svo vel til sem kostur kynni að vera á. Það hefur stundum verið haft á orði, að auðveldara væri að nota strokleður en loftpressu við breytingu á byggingum. Þetta hefur verið sagt vegna þess, að oft hefur viljað við brenna, að breyta þyrfti ýmsu í byggingum, jafnvel meðan á framkvæmdum stóð. Þessar breytingar hafa auðvitað getað stafað af því, að menn vissu ekki betur, þegar teikningar voru gerðar. Sumpart hefur upplýsinganna ekki verið aflað, sumpart hefur arkitektunum ekki verið ætlaður nægilegur tími til starfs síns.

Markmiðið með þeirri undirbúningsvinnu, sem ég hef lýst, hefur verið að leitast við að minnka, svo sem kostur er, hættur á því, að breytingar þurfi að gera á byggingarstigi og fá arkitektunum sem beztar upplýsingar í hendur, áður en þeir hefja teiknistarf sitt. Auðvitað hefur þetta undirbúningsstarf kostað nokkurn tíma. En talið er, að það muni tæpast tefja verkið í heild, því að starf arkitektanna verði fljótunnara, og vonir eru við það bundnar, að sú bygging, sem rís, þjóni betur hlutverki sínu en ella hefði orðið. Byggingarforsögnin er fyrir nokkru komin í hendur húsameistara ríkisins og starfsmanna hans, en þar fer teiknivinna fram. Hefur húsameistaraembættið unnið að teikningunum að heildarskipulaginu undanfarið, og bráðlega verður hafizt handa um teikningu þeirra deilda, sem fyrstar eiga að rísa.

Skal þá vikið að framkvæmdaáformum. Í framhaldi af þeirri undirbúningsvinnu, sem ég hef rakið hér, hefur verið gerð framkvæmdaáætlun fyrir sjúkrahúsbygginguna. Samkv. henni skiptist verkið í nokkra áfanga. Meginháfangar eru tveir. Í hinum fyrri eru ýmsar þjónustu- og rannsóknardeildir, svo sem röntgendeild, rannsóknarstofur, skurðstofur og eldhús, en auk þess vistunarrými fyrir um það bil 70 sjúk-

linga. Í hinum síðari eru fyrst og fremst aukin sjúkrarými. Fyrri áfanganum er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum yrðu hinar læknislegu þjónustudeildir. Yrði sá byggingarhluti 9 þús. rúmmetrar. Er áætlað, að útboð vegna hans geti farið fram næsta sumar og framkvæmdir þá hafizt, en byggingin yrði fullbúin í des. 1974. Í öðrum hluta yrðu einkum sjúkradeildir og ættu framkvæmdir við hana að hefjast vorið 1974, en ljúka um áramótin 1975—1976. Í þriðja hlutanum yrði elhús, borðstofa og þess háttar. Ætti sú framkvæmd að hefjast haustið 1974, en ljúka í byrjun árs 1976. Ef annar áfangi yrði reistur í beinu framhaldi af hinum fyrri, gæti honum verið lokið haustið 1978, og rn. hefur af sinni hálfu gert ráð fyrir, að framkvæmdum lyki ekki síðar en 1980.

Ef áréttað er svar við meginefni fsp., má draga það saman á svofelldan hátt:

1. Fyrir liggur svonefnd byggingarforsögn, sem er allýtarleg lýsing á því, hvernig byggingin skuli úr garði gerð. Felst í henni nokkur nýjung um vinnubrögð.
2. Teiknivinna er að nokkru hafin hjá húsameistara ríkisins.
3. Gerð hefur verið framkvæmdaáætlun um verkið, en samkv. henni er gert ráð fyrir, að framkvæmdir geti hafizt í ágústmánuði næsta sumar.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrh. fyrir upplýsingarnar og legg áherzlu á það, að öll undirbúningsvinna er að sjálfsögðu ágæt, en hún má ekki taka svo langan tíma, að biðtíminn eftir hinu væntanlega sjúkrahúsi verði allt of langur. Á það legg ég sérstaka áherzlu hér, og ég veit, að við gerum það öll, sem búum þar norður frá.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja hér neinar umr., en ég vil láta í ljós mikla ánægju með þær upplýsingar, sem fram komu í orðum hæstv. heilbrh. Ég vil leggja áherzlu á það, að bygging slíks deildarskipts sjúkrahúss, sem þarna er um að ræða, er nú eitt af því brýnasta, sem gera þarf á sviði heilbrigðismála á næstu árum. Ég fagna því, að þetta mál er svo langt komið, að hægt er að fara að bjóða verkið út og hefja framkvæmdir á næsta sumri. Ég efa ekki, að þegar svo er komið, muni rösklega verða tekið til við það starf og verkinu lokið á ekki skemmri tíma en hæstv. ráðh. nefndi hér, að gæti orðið. Það er alveg augljóst, að eftir þessu er beðið og við höfum beðið kannske of lengi. Eins og fyrirspyrjandi sagði réttilega, er viss hætta á því, að okkur haldist ekki á læknum á Akureyri og á Norðurlandi, ef ekki verður mjög bráðlega bætt úr sjúkrahússkortinum.

Efri deild, 8. fundur.

Þriðjudaginn 31. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tímabundnar efnahagsráðstafanir, frv. (þskj. 24). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GeirG, HFS, OÓ, PÞ, StH, SteinG, ÞK, BGuðbj, BJ.

EggÞ, JÁH greiddu ekki atkv.

8 þm. (BFB, GH, JónÁ, MJ, MÓ, RA, AuA, ÁB) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Námulög, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. er nú lagt fyrir hið háa Alþingi þriðja sinni. Það var upphaflega samið fyrir forgöngu fyrirrennara míns í starfi, iðnaðarráðh., Jóhann Hafsteins, og lagt fyrir þingið veturinn 1970—1971. Ég kynnti mér þá þetta frv. og var samþykkur því í meginatriðum, þannig að ég taldi mig geta lagt það fram á nýjan leik á síðasta hausti án nokkurrar meiri háttar breytingar, og það var lagt fyrir Nd. allsnemma á síðasta þingi. Því miður tókst svo til, að hv. iðnn. Nd. sinnti þessu frv. ekki um æðilangt skeið, og því dróst það furðu lengi, að það kæmi þar frá n. Engu að síður var málið afgreitt frá hv. Nd., án þess að nokkur umtalsverður ágreiningur yrði um það, og hér í Ed. fór fram 1. umr. um málið og hv. iðnn. þessarar deildar fjallaði, að ég hygg, allýtarlega um málið, þótt ekki tækist að ljúka afgreiðslu þess á síðasta þingi.

Vegna þess að þetta mál hefur verið tvívegis fyrir þinginu áður, sé ég ekki ástæðu til að tefja tíma hv. d. með því að fara að fjalla hér um þá stefnu, sem þar er mörkuð, eða um efnisatriði einstakra greina. Ég vil aðeins skýra frá því, að frv. er lagt fram með þeim breyt., sem Nd. gerði á því í fyrra. Hún breytti 3. gr. frv. Það er gerð grein fyrir því í aths. Ég legg málið fram, eins og það barst Ed. í fyrra, að því viðbættu, að það er bætt inn í 14. gr. einni málsgr., svo hljóðandi:

„Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur, að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu."

Þarna er sem sagt lagt á vald iðnrh. að meta það út frá hagsmunum iðnaðarins í landinu hvort leyfa eigi útflutnig á tilteknu hráefni eða ekki. Það er með þessu verið að leggja á það áherzlu, að það eigi að vera mat iðnaðarins, sem þar ráði úrslitum, en ekki viðskiptamat, sem kann að byggjast á öðrum forsendum.

Ég vil að öðru leyti aðeins láta nægja að bera fram þá ósk til hv. d. og hv. iðnn., að vel verði að þessu máli unnið. Ég hygg, að það

sé búið að ræða þetta mál það ítarlega, að ekki þurfi að leggja mjög mikla vinnu í að kanna það frekar, og ég teldi það mjög miklu máli skipta, að þetta frv., sem er nú þegar veigamikið og á áreiðanlega eftir að verða enn veigameira, verði samþ. fljótlega á þessu þingi.

Ég legg svo til herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði, að þetta mál kom til iðnn. Ed. á síðasta þingi, en það var ekki rétt, að það hefði verið ítarlega athugað í n. Ég geri auðvitað ráð fyrir, að þetta sé sagt af ókunnugleik hjá hæstv. ráðh. Ég man ekki betur en málið kæmi aðeins einu sinni fyrir n. á síðustu dögum þingsins og það væri lítillega rætt. En í n. komu upp hugmyndir um það, að ef það væri ætlunin að afgreiða málið á því þingi, þyrfti að leita umsagnar tiltekinna aðila.

Ég hef ekki hugsað mér við þessa umr. að fara að ræða þetta frv. í heild eða einstök atriði þess. En ég hef kvatt mér hér hljóðs til þess að vekja athygli á því, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða. Hér er um að ræða mál, sem hefur grundvallaráhrif í þjóðfélaginu. Þetta er frv., sem hefur mikla þýðingu í sambandi við eignarréttinn að landinu.

Í núgildandi námul. frá 1909 er einungis fjallað um land í opinberri eign og almenninga, en það er ekki fjallað um land í einkaeign, svo sem gert er í þessu frv. Hér er um mjög mikinn grundvallarmismun að ræða. Ég er ekki viss um, að allir hafi gert sér þetta ljóst vegna þess, að í umsögn um 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Höfundar frv. þetta telja rétt að halda uppi hinni fornu og nýju réttarhefð um rétt landeigenda til hvers konar jarðeigna í landi sínu". Ef þetta væri svona ótvírætt, væri ekki um neinn grundvallarmismun að ræða frá þeirri stefnu, sem mörkuð var með námul. frá 1909. En ég tel, — og á það vil ég leggja áherzlu nú þegar við þessa umr., — að frá þessari grundvallarreglu eru í þessu frv. svo veigamiklar undantekningar, að það er naumast hægt að orða það svo, að í frv. sé haldið uppi hinni fornu og nýju réttarhefð, sem hefur gilt í þessu landi um rétt landeigenda.

Ég sagði, að ég mundi ekki ræða einstök atriði frv. við þessa umr. En ég vil þó aðeins benda á eitt atriði nú til stuðnings þeirri fullyrðingu minni, að hér sé um veigamikla breyt. að ræða á grundvallaratriði. Ég vil vekja athygli á því, að samkvæmt frv. er ríkisvaldinu veitt víðtæk heimild til þess að leita að jarðefnum í landi í einkaeign og taka jafnvel til vinnslu, ekki aðeins fyrir ríkið sjálft, heldur og fyrir aðra aðila, sem ríkið mundi veita heimild til vinnslu. Það er augljóst, einungis með tilliti til þessa ákvæðis, að hér er í mjög veigamiklu atriði vikið frá ákvæðum núgildandi laga. Það má benda á fleiri atriði í frv., sem hníga í svipaða átt. En ég hafði ekki hugsað mér að vera langorður í þetta sinn.

Ég vil líka benda á, að það eru, að því er virðist, nokkrir gallar á þessu frv., m. a. að í frv. sjálfu er hvergi skilgreining á því, hvað er jarðefni. Mér virðist mjög þýðingarmikið, að það sé skilgreint. Það kann að vera, að þegar námul. voru sett 1909, hafi ekki verið bein þörf á slíkri skilgreiningu, en ég held, að eins og málin horfa nú við, sé hennar full þörf. Ekkert stendur í þessu frv. um það, hvað skuli gilda t. d. um verðmæt efni í vatni eða hveravatni og jarðgufu. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, hversu þýðingarmikið er, að hér sé skilgreint jarðefni og við hvað er átt samkvæmt lögum, ef frv. þetta verður samþykkt.

Ég held, að þetta frv. þurfi miklu ítarlegri athugun en farið hefur fram. Og þá er einkum eitt atriði, sem ég vil leggja áherzlu á, að það sé leitað álits þeirra aðila í landinu, sem þetta hlýtur óhjákvæmilega að snerta ákaflega mikið, og þá á ég við landeigendur. Nú er það svo í okkar landi, að það eru bændur, sem eru að langmestum hluta eigendur lands í einkaeign. Þetta mál skiptir bændastéttina því ákaflega miklu. Nú þykir mér með tilliti til þessa alveg sjálfsagt og eðlilegt, að það verði leitað umsagnar bændasamtakanna um frv., það verði leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Og ég held, að þar sem hér er um óvenjumikilvægt mál að ræða fyrir bændastéttina, sé eðlilegt að beita í þessu sambandi þeirri venju, sem hefur komizt á, að vísa til Búnaðarþings málum, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir bændastéttina. Ég vona, að hæstv. ráðh. finnist þessi afgreiðsla málsins ekki óeðlileg. Ég vil taka fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég er ekki með þessu að leitast við að koma þessu máli fyrir kattarnef. Ég tel, að það sé engu spillt, þó að þessi málsmeðferð sé höfð. Búnaðarþing kemur saman á hverju ári, venjulega í febrúar, og stendur 2—3 vikur. Það ætti að vera hægur vandi að leggja þetta mál fyrir samtök landbúnaðarins, þannig að Búnaðarþing gefist færi á að fjalla um þetta þýðingarmikla mál.

Ég sagði, að ég væri ekki með þessu að leitast við að vinna gegn framgangi þessa máls. Ég tel, að það sé ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að setja ný námulög, en ég legg hins vegar áherzlu á, að ég tel, að það þurfi að breyta þessu frv. meira í meðförum þingsins heldur en gert var í hv. Nd. á síðasta þingi. Ég tel, að það þurfi að tryggja betur, að haldið verði uppi hinni fornu og nýju hefð um rétt landeigenda. Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. vilji beita áhrifum sínum til þess, að þetta mál fái umsögn bændastéttarinnar á þann veg, er ég greindi frá áðan, áður en málið fær fullnaðarafgreiðslu í þessari deild.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér kemur það dálítið á óvart að heyra jafnmiklar efasemdir um þetta frv. og fram komu í máli hv. þm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar. Því að það er nú svo einkennilegt um þetta frv., — og það er ekki þannig ástatt um mörg frv., — að það var fyrst flutt af hæstv. fyrrv. ríkisstj., viðreisnarríkisstj. Það var samið af þremur kunnum mönn-

um: Árna Snævarr, ráðuneytisstjóra; Gizuri Bergsteinssyni fyrrv. hæstaréttardómara og Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara. Ég tel víst, að fyrrv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., hafi fjallað gaumgæfilega um málið innan sinna raða, áður en það var lagt fram sem stjórnarfrv. af fyrrv. ríkisstj. Ég dreg ekki í efa, að jafnmikill valdamaður í Sjálfstfl. og Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur fengið að fjalla um þetta mál og verið sammála því, að það yrði lagt fram af þáverandi ríkisstj. Þess vegna á ég erfitt með að skilja, hvernig þessar efasemdir koma upp, þegar núv. ríkisstj. tekur málið upp, fellst á stefnu þess í meginatriðum og gerir málið að sínu. Mér finnst það í sjálfu sér vera afar ánægjulegt, að ríkisstj., sem hafa mjög andstæð sjónarmið, geti engu að síður staðið á sama hátt að tilteknum málum, og ég hafði satt að segja ímyndað mér, að um það gæti tekizt mjög víðtæk samstaða að afgreiða þetta mál hér á þingi.

Að sjálfsögðu hef ég ekkert við það að athuga, að frv. verði gaumgæfilega athugað af hv. iðnn. Ed., og að þar verði þau atriði, sem hv. þm. vék að, t. d. að það ætti að skilgreina orðið jarðefni, að það þyrfti að fjalla um efni í vatni og hverum o. s. frv. Á hitt vil ég leggja áherzlu, sem ég gerði og áðan, að ég tel, að það sé ekki vansalaust fyrir Alþ., ef það getur ekki afgreitt frv. eins og þetta, þegar búið er að leggja það fyrir 2 þing áður. Ég er hræddur um, að það gefi ekki skemmtilega mynd af vinnubrögðum okkar hv. alþm., ef við getum ekki komið því í verk að fjalla um mál af þessu tagi á þremur þingum og koma því í framkvæmd. Hvað snertir þessi atriði, sem hv. þm. vék að, hefði honum að sjálfsögðu verið í lófa lagið að afla sér vitneskju um þau og hafa á þeim tilteknar skoðanir sjálfur nú á þessu þingi, því að hann vissi það gjörla á síðasta þingi, að þetta mál mundi koma fram.

Að öðru leyti skal ég ekki gera við þetta frekari aths., en ég legg á það áherzlu, að óhjákvæmilegt er, að sett verði ný námulög og það verði gert á þessu þingi og verði ekki tafið enn þá einu sinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði, að sér hefðu komið á óvart þær efasemdir, sem ég hefði látið í ljós um frv. það, sem hér er til umr., vegna þess að viðreisnarstjórnin hefði staðið að því. Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að það er ekki óeðlilegt, þegar rætt er um eitthvað, sem hefur komið frá viðreisnarstjórnninni, að fyrstu viðbrögð séu þau, að það hljóti að vera eitthvað gott. En ég verð að segja það, þótt ég hafi talið mig góðan viðreisnarmann, að ég get ekki fallizt á það með hæstv. iðnrh., að ekki megi betrumbæta það í einstaka tilfellum. Og það er einmitt það, sem ég tel að þurfi að gera.

Hæstv. ráðh. taldi, að það, að frv. hefði verið stjórnarfrv., tilbúið í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og það hefði átt að þýða það, að allir þm., sem studdu viðreisnarstjórnina, eins og t. d. ég, ættu að vera fylgjandi frv. umsvifalaust í öllum atriðum. En hér held ég, að komi fram hjá hæstv. ráðh. grundvallarmisskilningur á eðli Alþingis, þeirrar stofnunar, sem við störfum í. Alþingi á ekki að vera afgreiðslustofnun fyrir eina eða neina ríkisstj. Þm. ber skylda til að athuga málin gaumgæfilega, hvaðan sem þau koma, og það er ekki annað en gaumgæfileg athugun, sem ég hef farið fram á.

Hæstv. ráðh. hafði áhyggjur af töf málsins. Ég get ekki fundið hjá mér neina sök á því, að málið hefur ekki verið afgreitt. Ég átti ekki sök á því, að málið kom ekki til iðnn. Ed. fyrr en á síðustu dögum síðasta þings. Og þegar málið kom þar fyrir á þeim eina fundi, sem málið var tekið þar fyrir, lá ljóst fyrir, að málið yrði ekki afgreitt á því þingi.

Hæstv. ráðherra hefur viðurkennt það þegar, að það geti verið ýmislegt, sem þarf að breyta í frv. Ég vil því ekki láta mér til hugar koma, að hæstv. ráðh. haldi að málinu sé stefnt í voða, þótt nú fari fram athugun á þann veg, sem ég nefndi. Ég get ekki skilið, að það skipti neinu verulegu máli, hvort þetta frv. er afgreitt tveim eða þrem mánuðum fyrr eða síðar. Ég vek líka athygli á því, að enda þótt hæstv. ráðh. hafi ekki beinlínis tekið undir óskir mínar um það, að málið fái ítarlega athugun hjá samtökum bændastéttarinnar á þann veg, sem ég greindi, þá mótmælti hæstv. ráðh. ekki þeirri hugmynd. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að það geti orðið af þeirri framkvæmd, eins og ég hef lagt til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atvk.

Neðri deild, 8. fundur.

Þriðjudaginn 31. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Málflytjendur, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Gildandi lög um málflytjendur eru frá árinu 1942. Var þá í fyrsta sinn sett almenn löggjöf um starfsemi málflutningsmanna, en áður höfðu meginreglur um störf þeirra verið í lögum um hæstarétt frá 1935 og í lögum um meðferð einkamála í héraði frá 1936. Engar verulegar breytingar hafa verið gerðar á lögunum á þessu 30 ára timabili frá 1942. En stjórn Lögmannafélags Íslands hefur um nokkurt skeið talið æskilegt, að lögin yrðu endurskoðuð. Er og sízt að undra, að einhverra breytinga sé þörf, þar sem miklar breytingar hafa orðið á aðstöðu á þessum 30 árum. Lögmönnum hefur fjölgað og störf stjórnar Lögmannafélagsins orðið vandasamari og umfangsmeiri.

Ég mun nú ekki fara að rekja efni þessa frv. lið fyrir lið, en vil leyfa mér að benda á, að breytingarnar frá gildandi lögum, sem ráðgerðar eru í þessu lagafrv., eru sérstaklega tvær, sem ég vil benda á.

Í fyrsta lagi er sú breyting gerð á meðferð agavalds stéttarfélags lögmanna, að í stað þess,

að stjórn Lögmannafélagsins fer nú með agavaldið, þá er með frv. sérstakri stofnun, svokölluðum lögmannsdómi, falið að fara með úrskurðarvald um ágreining um endurgjald fyrir málflutningsstarf lögmanns, og fer hann með sektarvaldið. Hins vegar er stjórn félagsins áfram falið að hafa almennt eftirlit með starfsháttum félagsmanna. Um þennan lögmannsdóm eru fyrirmæli í 10. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að hann sé skipaður þremur mönnum, tveimur frá málflutningsmönnunum sjálfum eða lögmönnunum, en auk þess formanni, sem skipaður á að vera af Hæstarétti til þriggja ára í senn, og varaformanni til sama tíma. Bæði formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir í fast dómaraembætti. Ég tel þetta ákvæði út af fyrir sig allveigamikið.

Í öðru lagi er í frv. lagt til, að felld verði niður málflutningsprófraun héraðsdómslögmanna, en svo sem nánar er lýst í grg. frv., hefur prófraunin ekki haft þá þýðingu í reynd að vera staðfesting á staðgóðri starfsreynslu próftaka, því að þess eru mörg dæmi, að röskir lögfræðingar hafa lokið prófraun örfáum mánuðum eftir háskólapróf. Er því ráðgert í frv., að tveggja ára starfsreynsla a. m. k. komi í stað prófraunar. Er talið, að með þessu móti verði betur tryggt, að lögfræðingur hafi öðlazt næga reynslu til að geta starfað sjálfstætt, er hann hlýtur lögmannsréttindin. Engin breyting er hins vegar gerð á reglunum um prófraun til þess að öðlast leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, að því undanskildu, að samkv. gildandi l. má þreyta raun þrisvar, en samkv. ákvæði frv. aðeins tvisvar. Ráðgert er að fella niður sérstaka heimild um, að héraðsdómslögmenn megi flytja mál fyrir Hæstarétti, en þeir, sem öðlazt hafa þann rétt, skulu þó halda honum.

Það er auk þessa, sem ég hef drepið á, rétt að geta til viðbótar tveggja ráðgerðra breytinga annarra. Samkv. ákvæðum frv. er lögð skylda á héraðsdómslögmenn um að hafa opna skrifstofu, en sú skylda hvílir nú aðeins á hæstaréttarlögmönnum. Þá er skylda lögð á lögmenn um að tilkynna stjórn Lögmannafélagsins, er þeir ráða fulltrúa eða aðra lögmenn í þjónustu sína, svo og þegar þeirri ráðningu lýkur. Samsvarandi skylda er lögð á stofnanir eða félög, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í þjónustu sinni og hyggjast notfæra sér heimild til að láta þá fara með mál fyrir héraðsdómi.

Ég vil ekki lengja þessar umr. með því að fara að rekja nánar efni frv. Það er að öllu verulegu byggt á þeim l. um málflytjendur, sem ég vísaði til, en þó gerðar þessar talsvert veigamiklu breytingar, sem ég hef drepið á, og auk þess ýmsar minni háttar breytingar.

Ég vil geta þess, að frv. þetta er samið af Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara, en hann hefur langa reynslu bæði sem dómari og málflutningsmaður.

Það hefur stundum borið við, að kastað hefur verið steinum að lögmannastéttinni á undanförnum árum. Ég hygg, að þar hafi stéttin fremur goldið einstakra einstaklinga, en að stéttin í heild eigi skilið þau áfellisorð, sem stundum hefur verið að henni beint. En hvað um það, þá er það svo með þessa stétt, að almenningur hefur og þarf mikið saman við hana að sælda, og það er mjög æskilegt og nauðsynlegt, að hún njóti trausts og að henni sé sem bezt búið að því leyti til, að það komist ekki að óeðlileg tortryggni í garð stéttarinnar. Ég tel, að frv. og sérstaklega ákvæðin um lögmannsdóm miði í þá átt.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 14. sept. s. l., um heimild fyrir ríkisstj. til að taka leigunámi tvö hvalveiðiskip h/f Hvals.

Þegar sýnt var á s. l. sumri, að ekki mundi fást viðurkenning fyrir hinni stækkuðu fiskveiðilandhelgi og koma mundi til árekstra við einstakar þjóðir í því sambandi, þótti augljóst, að skipakostur sá, sem Landhelgisgæzlan hafði þá yfir að ráða, mundi ekki nægja til vörzlu þessa svæðis, þar sem hún hafði þá aðeins tvö af stærri skipum sínum, því að það þriðja var í viðgerð. Að vísu má ekki gleyma minni skipunum, þó að menn hafi ekki getið þeirra sem vert væri, því að vitaskuld sinna þau sínum verkefnum og vinna mikið starf, og er sízt af öllu ástæða til að vanmeta það eða gleyma því, þó að þau séu ekki fær til að sinna gæzlustörfum á hinu stækkaða svæði.

Þegar svona var komið, var farið að svipast um eftir leiguskipum, og kom fljótt fram það álit forráðamanna Landhelgisgæzlunar, að heppilegustu veiðiskipin, sem hér væri völ á innanlands, væru skip Hvals h/f. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar átti nokkrum sinnum viðtal við forstjóra þess útgerðarfélags, en þeim tókst ekki að komast að samkomulagi. Síðan kvaddi ég forstjórann á minn fund og átti viðtal við hann að viðstöddum forstjóra Landhelgisgæzlunnar og ráðuneytisstjóra í dómsmrn. Á þeim fundi varð ljóst, að það mundi ekki nást samkomulag um frjálsan leigusamning á skipunum, þar sem forstjórinn kaus heldur að leitað væri leigunámsheimildar í lögum. Það var síðan gert og þessi brbl. gefin út, og þó að þar sé samþykkt heimild til þess að taka tvö skip leigunámi, þá var horfið að því að taka eitt skip, eins og mönnum er kunnugt, stærsta skipið, Hval 9. Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um þetta, tókst samkomulag um afhendingu skipsins og um þær breytingar, sem gerðar voru á því, svo og gjald og leigutíma, þannig að það hefur í rauninni ekki komið til ágreinings við útgerðina, eftir að þessi formlega ákvörðun lá fyrir.

Eins og menn vita, er þetta skip þegar komið til gæzlustarfa. Það var deilt um það nokkuð, áður en skipið lét í haf, hversu heppilegt það væri til gæzlustarfanna. Ég skal ekkert fara út í það.

Ég held, að í því sambandi hafi ógætileg orð verið látin falla, sem betur hefðu verið látin ósögð. En ég veit, að eftir að skipið er komið til þessara starfa, fylgja því góðar óskir allra. Og það má segja, að á þeim stutta tíma, sem liðinn er, hefur fengizt góð reynsla af þessu skipi og skipstjórinn, sem með það er, er ánægður. Að vísu er þetta stutt reynsla, og lengri reynsla verður auðvitað að skera úr, hversu heppilegt skipið er.

Eins og ég hef, held ég, sagt einhvern tíma áður, þarf auðvitað ekki að gera ráð fyrir því, að skip, sem smíðað er til að gegna öðru hlutverki en gæzlustörfum, geti að öllu leyti hentað. Það verða alltaf einhverjir vankantar á því. Þess vegna er þetta út af fyrir sig ekki nein frambúðarlausn í þessu efni, og þess vegna hefur líka verið lögð fram þáltill., sem væntanlega verður tekin hér fyrir innan skamms, þar sem stjórnin mun leita eftir heimild til þess að láta hefja undirbúning að smíði eða kaupum á gæzluskipi af stærstu og fullkomnustu gerð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gera hér grein fyrir leigusamningnum eða ákvæðum þeim, sem í honum eru, en að sjálfsögðu getur sú n., sem fær málið til meðferðar, fengið hann til skoðunar, ef hún kýs það. Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki hefja neinar deilur um þetta mál, en þær urðu nokkrar, þegar brbl. um leigunám hvalveiðiskipanna voru gefin út. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er fyrst og fremst sú, að það er alltaf alvarlegt og viðamikið mál, þegar löggjöf er sett um leigunám eða eignarnám, þ. e. a. s. þegar stjórnvöld landsins þurfa að beita löggjafarvaldinu til þess að taka eignir af mönnum eða leigja eignir af mönnum, enda þótt fullt verð komi fyrir, eins og segir til um í lögum okkar um framkvæmd eignarnáms. Og það má segja, að það sé þeim mun viðurhlutameira, þegar ríkisstj. telur sig knúna til þess að gefa út brbl. um jafnviðkvæmt mál og hér er um að ræða.

Spurningin er um það, hvort í raun og veru hafi verið þörf á því að gefa út þessi brbl., og ég hef nokkra ástæðu til þess að ætla, að það væri fyrst og fremst meðan á vertíð skipanna stæði, sem eigandinn vildi ekki leigja þau. Viðræður munu hafa farið fram við hann með þeim hætti, sem hæstv. forsrh. lýsti, að samkomulag tókst ekki, ég hygg, að það hafi verið 4. sept. Lögin eru svo sett 14. sept. Þá er mjög liðið á vertíðina, kannske tvær vikur eftir til vertíðarloka, enda kom þá ekki til, að útgerð skipsins á hvalveiðivertíðinni yrði trufluð.

Þetta, sem ég nú hef sagt, er aðeins til þess að vekja athygli á því, hversu viðurhlutamikið það er á hverjum tíma að mínum dómi að þurfa að beita heimildum til eignarnáms og leigunáms. Nú kemur það í ljós samkv. upplýsingum hæstv. forsrh., að þessum brbl. hefur ekki verið beitt eða heimild þeirra ekki notuð, heldur hefur verið gert frjálst samkomulag við eiganda skipsins. Þetta tel ég, að hafi farið vel og það rennir að vísu stoðum undir það, að e. t. v. hafi ekki verið þörf á neinni lagasetningu um þetta, en ég hafði einmitt hugsað mér að spyrjast fyrir um, með hverjum hætti leigan hefði fram farið, og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, að það hafi verið gert með frjálsu samkomulagi. Það er alveg eðlilegt, finnst mér, að hann telji ekki ástæðu til þess að reifa þessa samningsgerð hér, en það megi gera í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, grein fyrir henni. Það tel ég eðlilegan gang.

Ég vil sem sagt láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel, að það hafi farið vel, að frjálst samkomulag hafi orðið um þetta mál, þannig að ekki hafi þurft að beita heimild brbl.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má segja, að heimild brbl. hafi verið beitt, þ. e. a. s. það var tekin ákvörðun samkv. þeim um að taka þetta eina skip leigunámi. En þegar sú ákvörðun lá formlega fyrir, náðust frjálsir samningar. Ég vil aðeins taka þetta fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á síðustu vetrarvertíð eða öllu heldur á loðnuvertíðinni síðustu komu upp allmikil og erfið vandamál í sambandi við löndunarmöguleika loðnuveiðiskipanna. Það barst að svo mikil loðna, einkum að löndunarhöfnunum hér á Suðvesturlandi, að það var ekki unnt að taka við öllum þeim afla, sem að landi barst, og skipin urðu að stöðva veiðar og bíða eftir löndun. Í sambandi við þetta urðu ýmiss konar óþægilegir árekstrar, og það var almennt álit þeirra, sem þarna áttu hlut að máli, að reynslan í fyrra hafi sýnt, að það yrði að koma annarri skipan á þessi mál en verið hefur, ef ekki ætti illa að fara. Við yrðum að reyna að nýta betur þá möguleika, sem við eigum, til þess að veiðiskipin geti haldið áfram veiði og til þess að þær verksmiðjur, sem fyrir hendi eru, geti haldið áfram að starfa.

Í framhaldi af þessu var því beint til sjútvrn., að það hefði forgöngu um, að málið yrði kannað og till. yrði gerðar um skipulag á loðnulöndun. Rn. skipaði síðan 5 manna n., sem átti að fjalla um málið. Í n. voru aðilar þeir, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, fulltrúar frá verksmiðjunum og fulltrúar frá útgerðinni, sjómönnum og útvegsmönnum. Og einnig var svo í n. fulltrúi frá sjútvrn. Það frv., sem hér liggur fyrir, er það samkomulag, sem varð í þessari n. og lagt var fyrir í nál. til rn. Hér er því um að ræða samkomulag, sem þessir aðilar gera tillögu um, þ. e. a. s. fulltrúar frá Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu og Alþýðusambandinu.

Þær reglur, sem þessir aðilar leggja til, að settar verði, eru í aðalatriðum þær, að sú regla skuli almennt gilda um afgreiðslu loðnuveiðiskipa, að þau skuli fá löndun í hverri höfn í þeirri röð, sem þau koma inn í höfnina. Þetta

er meginreglan, og ég hygg, að allir, sem þekkja til þessara mála, séu ásáttir um þessa reglu og telji hana til bóta, og allar aðrar reglur um meira og minna misjafnan forgangsrétt eins aðila til löndunar fram yfir annan eigi að víkja fyrir þessari meginreglu.

Í öðru lagi er svo lagt til, að sérstök þriggja manna n. eigi að fara með yfirstjórn á framkvæmd þessara mála og geti hún haft allmikið vald í vissum tilvikum. Um það atriði er sérstaklega fjallað í 2. gr. frv. Í grg., sem fylgir frv., segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginregla frv. um löndunarröð kemur fram í 1. gr. þess. Skipulag það og tilhögun, er lýst er í 2. gr. frv., kemur því aðeins til, að um svo mikinn afla sé að ræða, að hætta sé á vandræðum vegna óhóflegrar samkeppni og/eða hagkvæmt sé að jafna loðnumagni milli verksmiðja til að tryggja þeim verkefni".

Það er enginn vafi á því, að þegar komið er að því atriði málsins, að slík n., sem þarna er gert ráð fyrir, fái það vald, sem þarna er á minnzt, þá eru ekki allir á einu máli. Ég fyrir mitt leyti teldi æskilegt, að 2. gr. frv. yrði breytt nokkuð frá því, sem þar segir nú, og það yrði sérstaklega undirstrikað í gr., sem segir í grg. frv. og ég var nú að lesa, þ. e. að nefndin skuli yfirleitt ekki geta beitt valdi sínu til þess að loka ákveðnu svæði fyrir áframhaldandi löndun á einhverju tímabili eða snúið skipum inn á annað löndunarsvæði, nema upp hafi komið slíkir erfiðleikar, að um löndunarstöðvun sé að ræða og í rauninni hálfgert neyðarástand, en þá hafi n. þetta vald. Ég fellst fullkomlega á, að þá þurfi á slíku valdi að halda, en að öðru leyti eigi n. ekki að hafa vald til þess að fyrirskipa skipum, hvert þau eigi að fara með farm sinn. Það er skoðun mín m. ö. o., að ég vil hafa reglurnar um löndun sem frjálsastar, þannig að skipstjórar og skipshafnir geti valið á milli löndunarstaða, eftir því sem þeim þykir hentugt, þó þannig, að þeir verði ávallt að sæta þeirri reglu að fá löndun í réttri röð við það, sem skipin koma í höfn. En ef til þess kemur, að um löndunarstöðvun er að ræða á tilteknu landssvæði, — sem n. yrði þá að ákveða nánar, hvernig yrði markað, — þá geti n. stöðvað um nokkurn tíma alla löndun á því svæði, þar til skaplegt rúm myndaðist fyrir veiðiflotann á nýjan leik, og snúið flotanum til annars landshluta eða þangað, sem möguleikar eru til eðlilegrar löndunar.

Ég er ekki í neinum vafa um, að það er rétt, að á síðustu loðnuvertíð hefði verið öllum mjög hagkvæmt, ef svona skipulag hefði verið fyrir hendi. Þá hefði, eftir að svo var komið, að ekki var hægt að taka á móti meiri loðnuafla í Vestmannaeyjum og eftir að fullt var hér í öllum höfnum við Faxaflóa, verið fyrirskipað að loka þessu svæði um viku eða 10 daga tímabil fyrir öllum flotanum og honum þar með snúið til annarra svæða, þar sem möguleikar voru eðlilegir til löndunar. En slíkt skipulag var þá ekki til staðar, og útkoman varð sú, að flotinn hélt sig allur hér á miðunum og menn svo að segja flugust á um hvert smáskot, sem losnaði í höfnunum hvern daginn. Þetta þýddi auðvitað í framkvæmd, að flotinn var hálfaðgerðarlaus, lítill afli barst á land og miklir erfiðleikar sköpuðust einnig hjá þeim verksmiðjum, sem hlut áttu að máli á þessu svæði, að standa undir eðlilegri vinnslu með þessu fyrirkomulagi.

Ég legg áherzlu á, að reynt verði að koma sér saman um reglur varðandi þessi mál, áður en næsta loðnuvertíð hefst, og það er tvímælalaust vilji þeirra aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, að það verði gert. Það er sjálfsagt að taka mikið tillit til þess samkomulags, sem aðilarnir hafa gert í þessum efnum, en þó er það mín afstaða, eins og ég hef sagt, að ég vil gera þar á nokkrar breytingar, sérstaklega í þá átt að taka af öll tvímæli í lögunum sjálfum um það, hvað þar er átt við, til samræmis við það, sem tekið er fram í grg. frv. og vakað hefur fyrir samningsaðilum.

Af því að hér er liðið nokkuð fram yfir reglulegan fundartíma, skal ég svo ekki hafa fleiri orð um málið að þessu sinni. Ég tel miklu máli skipta að koma málinu sem fyrst til n., sem fái aðstöðu til þess að fjalla um það og bera sig saman við aðila. Að lokum óska ég eftir því, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er vissulega að sumu leyti nýmæli í fiskveiðimálum Íslendinga, þar sem nú á að fela þriggja manna n. með tilheyrandi skrifstofubákni í Reykjavík að stjórna einum þætti þeirra, þ. e. loðnuveiðunum á komandi vetri. Á ég hér aðallega við 2. og 3. gr. frv. Þeir, sem fylgzt hafa með útgerð hér á landi þekkja án efa nokkur undantekningardæmi, þar sem útgerðarmaður hefur ætlað sér þá dul að stjórna veiði skipa sinna úr landi. Þetta hefur aldrei heppnazt, en ávallt skapað ágreining og leiðindi milli sjómanna og útgerðarmanna og orðið báðum aðilum til tjóns og ama. Reynslan hefur örugglega fært útgerðarmönnum heim sanninn um það, að hagkvæmast er að láta sjómenn sjálfa ákveða veiðarnar óhindrað og án afskipta aðila úr landi. Og ég er alveg sannfærður um, að skrifstofubákn í Reykjavík, sem á að hafa yfirstjórn þessara mála, verður mjög illa liðið af sjómönnum, auk þess sem slík ráðstöfun og frv. gerir ráð fyrir gæti í vissum tilfellum beinlínis orðið til þess að stofna lífi sjómanna í hættu alveg að óþörfu, og ættu stjórnvöld sannarlega ekki að gera sér leik að slíku. Mun ég víkja nánar að þessu atriði síðar.

Ég skal viðurkenna, að ekkert er óeðlilegt við það, þó að ákvæði 1. gr. frv. séu fest í lög eða reglugerð, en hún mælir svo fyrir, að fiskimjölsverksmiðjum, sé skylt að taka við afla skipa í þeirri röð, sem þau koma til hafnar. Þessu ákvæði frv. er vel hægt að una og sýnist ekkert óeðlilegt, því að vitað er, að sumar verksmiðjur, sérstaklega þær, sem gera út skip til loðnu- og síldveiða, hafa gefið eigin skipum og þeim skipum öðrum, sem þær telja sig hafa einhverra hagsmuna að gæta hjá, nokkurn forgang um löndun, og hefur þetta af eðlilegum ástæðum valdið óánægju hjá útgerðarmönnum

og sjómönnum þeirra skipa, sem sett hafa verið til hliðar. En einmitt það ákvæði 1. gr., að röð skipa skuli ráða losun á afla þeirra, er gert óvirkt með ákvæðum 3. mgr. 2. gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef fleiri fiskiskip æskja löndunar í verksmiðju en móttökugeta hennar leyfir, skal n. ákveða hvaða fiskiskip hafi heimild til löndunar í verksmiðjunni og um löndunarröð þeirra, þrátt fyrir ákvæði 1. gr.“.

Þetta þýðir, að ef 10 skip leggjast að bryggju hjá einhverri verksmiðju og hún getur ekki tekið á móti afla nema 5 skipa, getur n. ákveðið, að 10. skipið, en ekki skip nr. 1 skuli fá löndun. Er vandséð, til hvers verið er að lögfesta ákvæði 1. gr. frv., ef n. á svo að hafa frjálsar hendur með að brjóta þá reglu, sem þar er ákveðin, ef henni sýnist svo. Ákvæði 1. gr. munu vera til komin vegna þess, að á því hefur borið undanfarnar vertíðir, sérstaklega hjá verksmiðjunum hér við Faxaflóa, að þær hafi viljað ráða því, úr hvaða skipum þær tækju afla, ef farið hefur verið að þrengjast um móttökurými. Mér er tjáð, að nokkuð hafi einnig borið á þessu hjá verksmiðjum á Austurlandi, en þó mun minna. Aftur á móti tóku fiskimjölsverksmiðjurnar í Vestmannaeyjum upp þá reglu á s. l. loðnuvertíð að taka við afla skipanna í þeirri röð, sem þau komu að landi, og höfðu heimabátar þar engan forgang, sem óneitanlega olli nokkurri óánægju hjá þeim, alveg sérstaklega þegar þeir ráku sig á það síðari hluta vertíðar, eftir að loðnuveiðarnar færðust vestur með landi og vestur fyrir Reykjanes, að þá voru Vestmannaeyjabátar settir hjá við löndun. Ég endurtek, að ég tel ákvæði 1. gr. frv. eðlilegt að fenginni reynslu undanfarinna ára og ekki eigi að brjóta það niður með ákvæðum 3. mgr. 2. gr., og beri að fella það ákvæði niður jafnt og önnur ákvæði 2. og 3. gr.

Ég sagði áðan, að ég mundi víkja nánar að aðstöðu sjómanna í sambandi við þá heimild, sem 2. gr. frv. gefur hinni fyrirhuguðu n. til þess að ákveða að senda skip milli hafna. Ég tel þetta ákv. frv. vægast sagt mjög hæpið og ég er næsta undrandi yfir og tel það mikinn ábyrgðarhluta að setja nokkra n. í þá aðstöðu að ætla henni að ákveða, að þetta eða hitt skipið skuli færa sig milli hafna, en aftur annað skip, sem kannske síðar hefur komið inn í röð til löndunar hjá einhverri verksmiðju, skuli frekar fá löndun. Við getum vel ímyndað okkur, hvernig því yrði tekið af sjómönnum, ef þeir fengju fyrirmæli um það frá einhverri skrifstofu í Reykjavík, að þeir ættu að flytja sig, t. d. frá Þorlákshöfn eða Vestmannaeyjum, og sigla skipinu fyrir Reykjanes til Faxaflóahafna, alveg burtséð frá því, hvernig ástatt væri fyrir skipinu eða hversu hlaðið það væri kannske í misjöfnu veðri. Og ég spyr: Vill nokkur n. taka á sig þá ábyrgð að gefa skipstjóra fyrirmæli um að sigla fyrir Reykjanes, einhverja verstu sjóleið við Ísland, í misjöfnu veðri með drekkhlaðið skip, og hvernig færi og á samvizku hvers hvildi það, ef sú ógæfa henti, að skip, sem vegna fyrirmæla frá skrifstofunni í Reykjavík, yrði að færa sig milli hafna og hlekktist eitthvað á á þeirri leið eða týndist? Það má mikið vera, ef nokkur n. væri þess umkomin að hafa slíkt á samvizku sinni. Ég held, að í slíkum tilfellum verði það að vera á valdi skipstjóra að meta allar aðstæður og ákveða sjálfur, hvort hann vill bíða eftir löndun eða sigla skipi sínu áfram til annarra hafna, þar sem löndun er möguleg, og gera þá að sjálfsögðu þær ráðstafanir, sem hann telur sjálfur nauðsynlegar, en stjórnskipuð n. í Reykjavík gefi honum ekki fyrirmæli.

Loðnuveiðar verða án efa stundaðar af kappi á næstu vertíð eins og áður, og ef skipum hefur verið tryggt, að þau öðlist rétt til löndunar í þeirri röð, sem þau koma í höfn, á ekki að neinu leyti að binda hendur skipstjóra þeirra, hvað þeir vilja gera eða hvert þeir vilja sigla, ef aðstæður eru ekki fyrir hendi í þeirri höfn, sem næst þeim er. Þeir einir hafa aðstöðu til að dæma um það, hvað bezt og skynsamlegast er að gera undir slíkum kringumstæðum. Af þessum ástæðum tel ég ákvæði 2. gr. frv. óþörf.

Í 3. gr. er að finna ákvæði um, að sjómenn skuli að sínum hluta eins og útgerðarmenn og fiskkaupendur greiða kostnað af n. og þeirri skrifstofu, sem hún kann að setja upp. Það er ekki nóg með, að taka eigi ákvörðunarrétt af skipshöfninni um það, hvert hún undir vissum kringumstæðum siglir skipi sínu, heldur á hún líka að greiða stjórnunarkostnaðinn af kaupi sínu. Ég tel annað útilokað en allur kostnaður við fyrirhugaða n., ef hún verður sett á stofn, og skrifstofu hennar verði greiddur úr ríkissjóði. Ég tel þó eðlilegast, að ákvæði 3. gr. frv. verði felld burt jafnt og ákvæði 2. gr.

Ef lesnar eru aths., sem frv. fylgja, kemur enn betur í ljós en sjá má af sjálfum gr. frv., hver hinn raunverulegi tilgangur með framlagningu frv. er. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hafa skapazt vandræði í sambandi við löndun á loðnu til bræðslu, sérstaklega þó síðustu loðnuvertíð. Er það hagsmunamál bæði fiskseljenda og kaupenda, að til slíkra árekstra komi ekki.“ Og við þetta er bætt: „Þá ber að líta til þess, að þjóðhagslega getur verið hagkvæmt að stöðva löndun og beina fiskiskipum til annarra löndunarhafna“.

Hið fyrra atriði, varðandi löndunina sjálfa, leysist fullkomlega með ákvæðum 1. gr. frv., og þarf raunverulega engu þar við að bæta.

Hið síðara atriði, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að stöðva löndun á einum stað og senda skipið til annarra hafna, skýrir raunverulega, hvað fyrir n. þeirri vakir, sem samið hefur frv. Hún vill sjáanlega gefa n. þeirri, sem skipuleggja á löndunina, vald til þess að senda skip til fjarlægari löndunarhafna, þó að löndunaraðstaða sé í námunda við eða nær veiðisvæði skipanna. Þetta þýðir, að t. d. á meðan loðnuveiðar fara fram á austursvæðinu, er ætlazt til, að n. hafi heimild til þess að ákveða, ekki einasta á hvaða höfn á Austurlandi skipið landi afla sínum, heldur einnig, að skipin skuli send t. d. til Vestmannaeyja eða Þorlákshafnar, alveg burtséð frá því, hvort löndunaraðstaða er hjá nærliggjandi verk-

smiðju austanlands. Nákvæmlega sama gildir, þegar veiðarnar fara fram miðsvæðis. Einnig þá vill n. fá heimild til þess samkv. skýringum í grg. að senda skipin fram hjá Vestmannaeyjum eða Þorlákshöfn og til hafnar við Faxaflóa, þó að löndunaraðstaða sé enn fyrir hendi á hinum tveimur fyrrgreindu stöðum. Ég tel það alllangsótt, að slíkar ráðstafanir geti talizt þjóðhagslega hagkvæmar. Hagkvæmast hlýtur að vera fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að skipin landi hverju sinni sem næst veiðisvæðinu. Það liggur í augum uppi, að slíkt hlýtur að gefa meiri heildarafla og sjómönnum meiri tekjur. Og áfram segir í grg. frv. með leyfi hæstv. forseta:

„Skipulag það og tilhögun, er lýst er í 2. gr. frv., kemur því aðeins til, að um svo mikinn afla sé að ræða, að hætta sé á vandræðum vegna óhóflegrar samkeppni og/eða hagkvæmt sé að jafna loðnumagni milli verksmiðja til að tryggja þeim verkefni."

Ég endurtek síðasta málsliðinn: „eða hagkvæmt sé að jafna loðnumagni milli verksmiðja til að tryggja þeim verkefni." Þetta segir sína sögu og segir raunverulega tilgang 2. gr. frv. N. á sem sé að fá heimild til að senda skipin fram hjá nærliggjandi löndunarstað, þó að löndunarmöguleikar séu þar, til fjarlægari hafna til að jafna loðnumagninu milli verksmiðja til að tryggja verksmiðjum nokkurn veginn jafnt hráefni. Það má vel vera, að þetta sé hagsmunamál verksmiðjanna, en það stangast örugglega á við hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna og er þjóðhagslega séð óhagkvæmt að mínu mati.

Það er enn eitt atriði, sem kemur fram í grg. frv., en ekki frv. sjálfu, en í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta: „N. ber ekki ábyrgð á greiðslugetu einstakra fiskkaupenda, þótt fiskseljandi verði að hlíta tilhögun laganna og stjórn n." Ég verð að segja, að það hljóta að teljast allharðir kostir, ef með lögum á að skylda seljendur til að selja vöru sína til ákveðins aðila, sem þeir kannske vantreysta að geti greitt fyrir hana, án þess að stjórnvöld, sem fyrirskipunina gefa, beri nokkra ábyrgð þar á. Og ég segi: Erum við ekki farin að nálgast einokunartímabilið gamla, ef menn eiga ekki lengur að vera frjálsir með, til hvaða aðila þeir beina viðskiptum sínum í þessu tilfelli? Ég vil að endingu segja þetta: Ég tel eðlilegt að setja reglugerð eða lögfesta, ef með þarf, ákvæði 1. gr. frv. um, að skip skuli eiga jafnan rétt á að landa afla sínum í þeirri röð, sem þau koma til hafnar. Ég tel þetta ákvæði nægja til að koma í veg fyrir þau vandkvæði, sem fram komu við löndun loðnuaflans á síðustu vertíð, annað þurfi þar ekki að koma til, og því séu ákvæði 2. og 3. gr. óþörf, a. m. k. sé ástæða til að láta reynsluna í vetur skera úr um, hvort svo sé ekki.

Að lokum vil ég geta þess, af því að það kemur ekki fram í grg. frv. og kom ekki heldur fram í framsögur. hæstv. sjútvrh. að það er langt í frá, að samstaða sé innbyrðis hjá þeim aðilum, sem um mál þetta hafa fjallað. Hjá stjórn Landsambands ísl. útvegsmanna var málið afgreitt þannig, að af 14 stjórnarmönnum, sem mættir voru á fundinum, greiddu 5 atkv. með málinu, tveir voru á móti, en 7 greiddu ekki atkv. Þetta segir einnig sína sögu um álit útvegsmanna á þessu atriði. Mér er einnig kunnugt um, að bein og ákveðin andstaða er hjá sumum félögum skipstjórnarmanna og sjómanna gegn málinu, og kæmi mér ekki á óvart, þótt sjómannasamtökin í heild tækju upp andstöðu við málið, þegar þau hafa áttað sig á tilganginum með flutningi frv. og þeim heimildum, sem fyrirhuguð n. á að hafa til þess að grípa inn í störf þeirra við veiðarnar, sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að vera eðlilegast og hagkvæmast, að sé óskert í þeirra höndum. Ég vil geta þess, að þm. Suðurl. barst í dag bréf frá Skipstjóra- og stýrimannafél. Verðanda í Vestm.eyjum, og þykir mér hlýða að lesa það hér upp, eins og það er, með leyfi hæstv. forseta, en bréfið hljóðar þannig:

„Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi mótmælir harðlega fram komnu frv. til l. um loðnulandanir. Eins og allir vita, sem þessar veiðar hafa stundað, þá er loðna einn sá alhættulegasti farmur, sem fiskiskip flytja að landi, og þarf fyllstu aðgæzlu til. Með nefndu frv. eru ráðin um löndunarstað algerlega tekin af skipstjórum loðnubátanna og fengin í hendur 3 manna n., sem á að hafa aðsetur í landi. Með þessum ráðstöfunum álítum við, að upp sé kominn gífurleg slysahætta, þar sem þessi n. getur aldrei fylgzt eins vel með veðri og öðrum aðstæðum eins og skipstjórarnir gera. Þar að auki kemur ekki fram í ofangreindu frv., hvort nm. þurfi að hafa nokkurt vit á þessum málum. Teljum við fullnægjandi, að gefin sé út reglugerð, sem kveði á um, að landa skuli úr loðnubátum í verksmiðjurnar á hverjum stað í þeirri röð, sem þeir komi til hafnar.

Þá lýsir félagið undrun sinni yfir vali manna þeirra, er sömdu þetta frv., þar sem enginn maður var valinn í hana frá Vestmannaeyjum, þar sem nær helmingi loðnuaflans hefur verið landað undanfarin 3 ár, og bendir það óneitanlega til þess, að frv. þetta hefur ekki átt að greiða fyrir loðnubátum, heldur verksmiðjum þeim, sem lítið loðnumagn hafa fengið undanfarin ár."

Ég skal geta þess til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég hef ekki haft samband við þetta stéttarfélag og bréfið er ekki nein pöntun frá mér, heldur er það sent að eigin frumkvæði eftir þeirra fundarsamþykkt.

Ég vil enn á ný að allra síðustu vekja athygli hv. alþm. á þeirri hættu, sem af því getur stafað, og þeirri ábyrgð, sem stjórnvöld taka á sig, ef einhverri skrifstofu hér í Reykjavík er gefin heimild til þess að taka raunverulega ráðin af skipstjórnarmönnum með því að veita tiltekinni n. vald til að gefa þeim bein fyrirmæli um, að viðlögðum sektum í ríkissjóð, að þeir skuli, e. t. v. á móti vilja sínum, færa kannske yfirhlaðin skip sín á milli hafna, og það jafnvel á hinum hættulegustu siglingaleiðum við strendur landsins. Ég held, að það sé bezt fyrir hv. Alþingi að þurfa ekki að gefa neitt slíkt umboð og að affarasælast sé, að allar ákvarðanir um siglingar skipanna séu í höndum skipstjórnarmannanna sjálfra. Þeir þekkja skip sín bezt og vita, hvað þeir mega bjóða þeim, og eru dómbærastir um að meta allar aðstæður.

Hæstv. sjútvrh. vildi í framsögu sinni áðan draga nokkuð úr því valdi, sem hann telur að frv. veiti þeirri n., sem frv. kveður á um að eigi raunverulega að stjórna löndun skipanna, og ákvæði 2. gr. verði því aðeins virkt, að ekki séu möguleikar á móttöku hjá þeim verksmiðjum, sem næst eru skipunum, þegar þau sigla til lands til löndunar á afla sínum. Ég tel, að ef lesin er grg. frv., komi það greinilega fram, þar sem talað er um, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að jafna aflanum á milli hinna einstöku verksmiðja, hvað n., sem samdi frv., hefur í huga. Ég tel, að þetta komi alveg ótvírætt í ljós, ef talað er við einstaka nm., eins og ég hef átt kost á að gera. Þeir fara ekkert dult með það, að 2. gr. frv. er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að jafna loðnuaflanum á milli verksmiðjanna þannig, að verksmiðjurnar geti sem flestar farið í gang nokkurn veginn samtímis. Og ég segi, — ef þetta er rétt, eins og ég tel að grg. frv. gefi ákveðna bendingu um, og þeir menn hafa látið í ljós sem sína skoðun, er sömdu frv., — að þá erum við komnir hér inn á allhættulega braut gagnvart sjómannastéttinni. Ef það á eftir að gerast, að hægt verði að gefa skipum, sem eru fyrir Suðausturlandi eða miðsvæðis fyrir Suðurlandi, fyrirmæli um að sigla fram hjá löndunarstöðum, sem gætu tekið á móti afla þeirra, og til hafna við Faxaflóa, þá hygg ég, að það sé bezt fyrir Alþingi að hafa aldrei veitt neinni n. umboð til að gera slíkar ráðstafanir. Og ég endurtek, að 1. gr. muni leysa úr þeim vanda, sem skapast kann á næstu vertíð og hefur reyndar skapazt áður, og að ákvæði 2. gr. og 3. gr. séu gersamlega óþörf.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þar sem nokkuð er nú komið yfir venjulegan fundatíma þessarar hv. d., skal ég ekki vera mjög langorður að þessu sinni, en ég tel rétt strax við 1. umr. þessa máls hér í d. að koma á framfæri þeim aths., sem ég hef við þetta frv. að gera.

Það er sjálfsagt alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það hafa ýmsir örðugleikar komið upp í sambandi við loðnulöndun hér á Suðurlandssvæðinu á síðustu loðnuvertíð, og mér finnst ekkert óeðlilegt við það, þó að reynt sé að koma á hana skipulagi, sem er framkvæmanlegt innan skynsamlegs ramma.

Meginatriði þessa frv. er, að sett verði á fót n., sem sjái um skipulag á þessum þætti, og ég get sagt það strax, að ég tel það eðlilegt og æskilegt og hef ekkert við það að athuga, þótt slík n. væri sett á stofn til þess að sjá um, að verksmiðjur, sem tækju á móti loðnu til bræðslu, afgreiddu skipin eftir þeirri röð, sem þau kæmu til hafnar. En það, sem fyrst og fremst stingur mig í augu í þessu frv. eru þau skýlausu ákvæði, sem ég tel, að það feli í sér, að þessi n. fái vald til þess að skikka skip til þess að sigla milli hafna, kannske landshorna á milli, ef henni býður svo við að horfa. Ég hygg, að það sé öllum ljóst, að þarna er um að ræða farm, sem er hvað hættulegast að sigla með. Einnig kemur það til, að þarna er um að ræða árstíma, sem flestra veðra er von. Ég vil því ekki á þessu stigi máls taka á mig þá ábyrgð, sem í því fælist að veita slíkri 3 manna nefnd í landi, — þó svo að hún væri skipuð hinum valinkunnustu mönnum, — veita henni vald til þess að ákveða slíkt einhliða, auk þess sem þarna er verið að skerða ákvörðunarvald viðkomandi skipstjóra. Að mínu mati getur með þessu verið stofnað til stórkostlegrar slysahættu.

Þetta er það meginatriði, sem ég tel að þurfi að nema burt úr frv. Ég heyrði það á hæstv. ráðh. hér áðan, að hann er ekki alls kostar ánægður með frv., eins og það er, og hann orðaði það svo, að hann teldi æskilegt að breyta 2. gr. og gera þessar reglur sem frjálsastar. Ég er út af fyrir sig ánægður með það.

Auk þessa meginatriðis, sem ég er andvígur, að fela 3 manna n. í landi algjört ákvörðunarvald undir vissum tilfellum til að skikka skip til að sigla á milli hafna, þá er í öðru lagi það ákvæði frv., sem ég tel óeðlilegt, ef slíkt skipulag yrði tekið upp og slík n. sett á laggirnar, sem hefði þetta vald og skikkaði skip til þess að fara á ákveðna löndunarhöfn, en engin bæri ábyrgð á því, að viðkomandi aðilar fengju greiðslur fyrir aflann. Ef ríkisvaldið tekur sér það vald í hendur að skikka menn til þess að landa á ákveðnum höfnum gegn vilja þeirra kannske, þá tel ég, að það sé lágmarkskrafa á hendur ríkisvaldinu, að það standi ábyrgt fyrir greiðslu aflans. Það horfir allt öðruvísi við, ef skipstjórarnir sjálfir ákveða kannske í samráði við útgerð, að þeir skuli fara á þessa höfn, en svo geti viðkomandi aðili ekki staðið við greiðslu. Þarna er verið að taka þetta vald af viðkomandi aðilum, ríkisvaldið gerir það, og þá á það að mínu viti að taka á sig þær skuldbindingar, sem af því getur leitt, m. a. þessar.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar að þessu sinni. Ég á sæti í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv., en ég vil að síðustu ítreka, að ég tel það mjög varhugavert, og trúi því vart, að ríkisvaldið og þm. almennt vilji taka á sig þá ábyrgð, sem af því getur leitt, ef slík n. yrði sett á laggirnar með því valdi, sem þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, gerir ráð fyrir. Ég vil ekki gera það, og ég tel mjög vafasamt, að þm. almennt vilji taka þá ábyrgð á sínar herðar, sem því getur fylgt að gera slíkt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður gerði þessu máli góð skil og flutti mál sitt hátt og snjallt, svo að menn hafa heyrt hér í öllu húsinu. Ég ætla aðeins að segja hér örfá orð vegna þess, að ég hef heyrt ýmsar raddir hjá sjómönnum, útgerðarmönnum og öðrum um þetta mál. Þeir eru ekki alls kostar ánægðir með, hvernig frv. lítur út í heild.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að afkastageta flotans hafi ekki nýtzt sem skyldi á síðustu loðnuvertíð, vegna þess að ekki voru til neinar reglur um loðnulöndun. Slíkt er auðvitað óhæfa. Þessu frv. er sjálfsagt ætlað

að koma veg fyrir slíkt á næstu vertíðum. Það er út af fyrir sig göfugur tilgangur. En ég hygg, að sá tilgangur geti ekki helgað þetta frv. óbreytt sem meðal við þessum vanda.

Ég er sammála um, að 1. gr. frv. sé sjálfsögð meginregla, þar sem sagt er, að verksmiðjur skuli taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í höfn. En það hefur borið á því, að bátum hefur verið mismunað og það gróflega í sambandi við löndun á loðnu. En hins vegar eru setningar í 2. gr. frv., sem varla er hægt að sætta sig við. Það er sérstaklega síðasta setningin í 2. málsgr. 2. gr., sem er um það, að fiskiskipum sé skylt að hlíta fyrirmælum n. um ákveðna löndunarhöfn. Það koma auðvitað til ástæður, sem gera þetta ekki mögulegt. Á þessum árstíma er veðurfar oft mjög slæmt, farmurinn ákaflega hættulegur og ströndin, þar sem veitt er undan, má heita hafnlaus frá Höfn í Hornafirði, — sem auðvitað er ekki alltaf hægt að komast inn, — og til Vestmannaeyja. Ég hef sjálfur siglt hlöðnu skipi margsinnis að vetrarlagi þessa leið frá Ingólfshöfða til Vestmannaeyja, og í sumum tilvikum hefðum við ekki viljað fá bein fyrirmæli um að fara austur á firði eða vestur fyrir Reykjanes. Það eru auðvitað tilvik, sem koma upp vegna slæms veðurs og mikillar hleðsu. Þessi áðurnefnd fyrirmæli er auðvitað ekki hægt að gefa þannig, að þau eigi að gilda fortakslaust. Þar verða ástæður að ráða.

Þar sem þetta mál fer væntanlega til sjútvn., þeirrar n., sem ég á sæti í, þá mun ég ekki fjölyrða um það að þessu sinni, heldur kjósa að leggja fram brtt, í málinu, eftir að n. hefur fengið málið til meðferðar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð, af því að það er svo langt liðið á tímann.

Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því, þó að hér komi fram ýmsar aths. hjá hv. þm. við einstök ákvæði í þessu frv. Eins og ég lýsti í framsögu fyrir frv., er ég ekki ánægður með það og vil gera á því vissar breytingar. En ég vil hins vegar vara við því að taka svo létt á þessu máli, að menn haldi, að þeir leysi einhvern mikinn vanda með því að samþykkja aðeins 1. gr. frv., þ. e. a. s. að tryggð verði afgreiðsla skipanna í réttri röð við það, sem þau koma í höfn. Þó að frá þessari meginreglu hafi verið vikið í vissum tilvikum á undanförnum árum og þeir menn kvartað undan því, sem hafa orðið fyrir slíku, þá hefur þessari reglu verið haldið að mestu, og það verður því ekki nein stórbreyting á, þótt þetta yrði samþykkt, en það gerði málið ljósara. En það leysir ekki þann vanda, sem hér er um að ræða. Og það er mesti misskilningur, eins og menn vilja helzt af öllu tala um, að hér sé að koma hið illa ríkisvald og ætli að taka eitthvert feiknarlegt vald í sínar hendur og beita sjómenn og útgerðarmenn ofbeldi, jafnvel stefna þeim í beinan lífsháska.

Málið er þannig vaxið, að það voru samtök sjómanna og skipstjóra í landinu, sem byrjuðu á því að snúa sér til ríkisvaldsins og biðja um vernd fyrir sig varðandi þetta mál. Það eru þau, sem skrifa rn., og það eru þau, sem æskja eftir nefnd, og það eru þau, sem fá meirihlutaaðstöðu í n., sem semur frv. Og þeir aðilar, sem hér eiga allir hlut að máli, koma sér saman, svo að menn mega ekki setja þetta mál þannig upp að segja, að nú komi ein ill ríkisstofnun upp með embættismenn í Reykjavík og þeir ætli að setja þá út í beinan voða. Það er ekki gert ráð fyrir öðru en því, að meiri hlutinn í þessari voðalegu n., eigi að vera fulltrúar þessara aðila, sem málið varðar.

Það er vitanlega hægt að afgreiða málið með því að neita samtökum sjómanna um að leysa þetta vandamál og láta það eiga sig. Það væri auðvitað minnstur vandi fyrir ríkisvaldið. En hér er um vanda að ræða, sem þarf að leysa. Það er vitanlega óæskilegt, að slíkt ástand komi upp, eins og hér kom upp á síðustu vetrarvertíð, að flotinn hópist allur saman, eins og ég sagði, og menn fljúgist á um það, hver eigi að fá rétt til þess að landa smáskammti hvern daginn, og verði beinlínis af þeim ástæðum að stefna lífi sjómanna í hættu vegna skipulagsleysis, þar sem jafnvel minnstu skipin verða að taka á sig ferðalög á milli landshluta, eins og átti sér þá stað.

Menn hafa hér sérstaklega verið að minnast á ákvæði í 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að þessi stjórnunarnefnd hafi leyfi til þess að víkja frá því meginákvæði, að skip skuli afgreidd í þeirri röð, sem þau koma í höfn, og það er afskaplega athyglisvert að heyra hér undirtektir manna varðanda þetta atriði og hlýða svo aftur á mál þeirra, sem sömdu þetta frv. Það fór fyrir mér ekkert ósvipað og þessum hv. þm., að ég minntist strax á það við þá, hvernig stæði á þessu. Skýringin kom auðvitað ákaflega fljótlega fram. Ef til þess kemur, að það þarf að beina skipum til fjarlægra staða, getur komið til þess og hefur komið til þess, að það þurfi gjarnan að vera einhver aðili, sem hefur leyfi til þess að heimila afgreiðslu á tilteknum skipum, sem ekki eru fær um það að taka á sig þann vanda að sigla langa leið, og þá verður að segja við stóru skipin eða þau, sem eru betur útbúin til þess, að þau verði að taka á sig vandann, þótt þau hafi átt röð á undan hinum. Ég hef hins vegar ekkert á móti því, síður en svo, að það séu tekin af öll tvímæli um það, hvað vald þessarar n. nái langt, þannig að vald n. sé tvímælalaust takmarkað við það, að hún geti grpið inn í í vissum neyðartilfellum.

Ég skal svo ekki vera að fara hér út í fleiri atriði, þótt ýmislegt kæmi hér fram hjá hv. þm., en ég aðeins minni á það, að málið er tekið upp samkvæmt eindregnum óskum í bréfum frá Farmannasambandinu. Það reið fyrst á vaðið, það voru skipstjórarnir og yfirmennirnir á skipunum. Síðan komu beiðnir frá Sjómannasambandinu og Alþýðusambandinu, sem vildu ekki una þessu ástandi áfram, og svo frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem lagði feiknalega áherzlu á, að settar verði reglur um þetta, og gerði samþykktir um málið. Rn. varð við óskum þessara aðila um að setja n., þar sem þeir sjálfir höfðu öll völd, og þeir gerðu till. um lausn á málinu. Og þó að ég væri ekki full-

komlega ánægður með þessar till., sem fram komu, þá þótti mér rétt að leggja till. fram í þeim búningi, sem þær komu til rn., en lýsa heldur yfir skoðun minni hér á þingi um það, að hvaða leyti ég vildi gera hér á breytingar.

Ég vænti þess svo, að það, sem hér hefur komið fram í þessum umr., verði allt saman tekið til athugunar í n. og málið þá rætt nánar og það athugað gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að gera þannig breytingar á vissum ákvæðum í frv., að ekki þurfi að vera nein óeðlileg tortryggni um það, hvað vaki fyrir þeim eða hvað vald þeirra á að ná langt, sem eiga að hafa þessa yfirstjórn með höndum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15, n. 52). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 30. ágúst s. l. Með reglugerðinni um stækkun fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur, sem út var gefin 14. júlí, þótti þurfa að kveða nokkru skýrar á um ákvæði, sem voru í gildi varðandi það mál, sem sem þetta frv. snertir. Meginefni þessara laga er að taka af allan vafa um, að þau lagaákvæði, sem áður giltu um 12 mílna svæðið, skuli nú gilda um hina nýju fiskveiðilögsögu, þ. e. a. s. um 50 mílna svæðið allt, og þær veiðar, sem áður voru háðar leyfum eða verða yfirleitt ekki stundaðar í fiskveiðilandhelginni nema með leyfum, verði einnig háðar leyfum áfram á öllu 50 mílna svæðinu. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að veiðiheimildir óbreyttra skipa verði óbreyttar fram til ársloka 1972, en sú breyting var, sem kunnugt er, samþ. með lögum, er samþ. voru 18. des. s. l. á Alþ., enda er gert ráð fyrir því, að nýjar lagaheimildir um þetta efni verði komnar í gildi um áramótin, eins og kunnugt er. Frv. er sem sagt til þess að gera þau ákvæði, sem áður voru um þetta, skýrari og ótvíræðari, þannig að ekki valdi misskilningi.

Sjútvn. ræddi frv. á fundi sínum 25. okt. s. l. Brbl. þessi hafa verið í gildi nú um tveggja mánaða skeið, og engar aths., svo að vitað sé, hafa komið fram. N. leggur samhljóða til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 34). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Flm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér frv. á þskj. 36 um breyt. á l. við almannatryggingar, sem ég flutti á síðasta þingi. Þá var afgreiðsla þessa máls með þeim hætti, að heilbr.- og félmn. skilaði séráliti, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af því, að n., sem vinnur að endurskoðun tryggingalaganna, hefur óskað þess að fá málið til athugunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna, leggur heilbr.- og félmn. til, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að það fái jákvæða afgreiðslu í endurskoðunarnefndinni."

Nú veit ég ekki, hvar þetta mál stendur eða hvernig endurskoðunarnefndinni gengur að koma saman þessari endurskoðun. En mér sýnist þetta mál vera þannig vaxið, að þurfi ekki endilega að bíða eftir allsherjarendurskoðun tryggingalaganna. Mér finnst þetta vera sjálfstætt mál, sem hægt væri að afgreiða, ef hv. Alþ. sýndist svo.

Það er nú ekki eins og það sé verið að flytja þetta mál í fyrsta skipti nú eða í fyrra. Þetta hefur verið flutt árum saman af hæstv. utanrrh., Alfreð Gíslasyni lækni og kannske einhverjum fleirum, en þá í því formi, að allar tannlækningar skyldu falla undir tryggingalöggjöfina. Það er auðvitað endamarkið. En ég hef valið þá leið að leggja til, að þetta verði gert í áföngum, þ. e. a. s. að viðgerðir tanna yrðu á vegum sjúkrasamlaga til 20 ára aldurs, að svo miklu leyti sem það er ekki nú á vegum sveitarsjóða og ríkissjóðs. En það er langt frá því, að sú aðstoð, sem nú er veitt í skólum, nái til nema hluta fólks, sem hér kæmi undir.

Ég heyrði það í fyrra á hv. þm., að þeir höfðu mjög margir mikinn áhuga á þessu máli og töldu, eins og rétt er, að tannlækningar eigi að flokkast með öðrum sjúkdómum. Á þessu er vitaskuld ekki minnsti vafi. Það er jafnnauðsynlegt, að gert sé við tennur í börnum og unglingum, eins og hver önnur heilsugæzla. Og við verðum líka að muna það, að ýmsir sjúkdómar verða bókstaflega til vegna skemmdra tanna, að því er fróðir menn telja. Við þetta bætist svo það, að hópur fólks í þessu landi hefur bókstaflega ekki efni á því að láta gera við tennur í börnum sínum eða unglingum, því að þetta eru ekki sérlega ódýrar aðgerðir.

Ég hef nokkuð rætt við tannlækna í sambandi við þetta mál, og ég finn, að þeir hafa í raun og veru áhuga á því, að að þessu máli sé unnið, ýmsir hverjir a. m. k. Ég er ekki viss um, að

það séu allir, en þeir, sem ég hef rætt við, hafa látið að því liggja, að þetta hljóti að koma og sé alveg sjálfsagt mál.

Í ýmsum löndum eru allar tannlækningar, — aðrar en gullaðgerðir, — greiddar af opinberum aðilum, og þannig þarf það auðvitað að verða hér. En það er kannske heldur langt farið í einu stökki.

Ég vil meta undirtektir hv. þm. í fyrra þannig, að þeir telji það í raun og veru eðlilegt, að tannviðgerðir komi undir tryggingalöggjöfina eða sjúkrasamlögin. Ef það er skoðun hv. þm., þá finnst mér, að það eigi að taka á þessu máli í einhverri veru strax. Ég sé ekki, að það þurfi endilega að bíða eftir þessari endurskoðunarnefnd, sem við vitum ekki, hvenær skilar sínu áliti, heldur taka þennan þátt hreinlega út og vita, hvort ekki er hægt að viðurkenna það, að tannsjúkdómar eru rétt eins alvarlegir og aðrir sjúkdómar og þurfa þess vegna einnig aðstoðar við.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 49). — 1. umr.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til 1. umr. um breyt. á l. um iðnlánasjóð er flutt í framhaldi af sams konar frv. til l., sem lá fyrir síðasta Alþ., þ. e. a. s. að auka framlögin til iðnlánasjóðs úr ríkissjóði. Þá var gert ráð fyrir, að árlegt framlag yrði hækkað úr 15 millj. í 25 millj., og var þá gerð grein fyrir því í frv., að sú hækkun væri til samræmis við verðbreytingar, sem orðið hefðu á almennum verkamannakauptöxtum í Reykjavík, en iðnlánasjóðsgjaldið hafði gjarnan fylgt þeirri breytingu. Var hugsunin með því sú, að ef þetta yrði hækkað úr 15 í 25 millj. kr., þá rýrnaði ekki verðgildi ríkissjóðsframlagsins, sem ella mundi verða. Nú er lagt til, að þetta framlag sé hækkað í 30 millj. kr., og er þá höfð hliðsjón af verðbreytingum, sem orðið hafa síðan þetta frv. var undirbúið á haustinu 1971, og svo einnig hinu, að frv. náði ekki fram að ganga og missti því iðnlánasjóður af þeirri eðlilegu hækkun framlagsins á þessu ári, sem gert var ráð fyrir í till. okkar á s. l. ári.

Um leið og ég mæli nú fyrir þessu frv., vil ég fara nokkrum orðum almennt um þýðingu stofnlánasjóðsins og iðnlánasjóðs og annarra stofnlánasjóða og lánveitinga til iðnaðarins, sem iðnþróunin í landinu hlýtur að grundvallast á, ekki sízt vegna þess, að iðnþróun hefur verið gerð nokkuð að umtalsefni af talsmönnum hæstv. ríkisstj. að undanförnu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. var gert ráð fyrir að semja iðnþróunaráætlun, og voru það ein af áformum þessarar ríkisstj. Í því fólst að sjálfsögðu engin stefnumótun ríkisstj. Það hafði þá verið undirbúið um langan tíma að semja iðnþróunaráætlun, og iðnþróunaráform höfðu verið gefin út í iðnrn. í maímánuði 1971. Þá hafði einnig, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, verið samið við fulltrúastofnanir Sameinuðu þjóðanna, iðnþróunarstofnun og viðskiptastofnun Sameinuðu þjóðanna, að vinna áfram að áætlunargerð um iðnþróun hér á landi, en samningar um þetta hófust um þetta atriði á árinu 1969. Það fólst þess vegna að sjálfsögðu ekki nein stefnumótun — engin ný a. m. k. — í þessu ákvæði stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Menn verða einnig að hafa í huga, að samning sérfræðinga á iðnþróunaráætlunum eða iðnþróunaráformum út af fyrir sig segir ekki til um það, að viðkomandi ríkisstj. eða stjórnvöld á hverjum tíma ætli að fylgja þessari áætlun. Það er ekki fyrr en iðnþróunaráætlun sérfræðinganna um hugsanlega valkosti og möguleika liggur fyrir, sem þau stjórnvöld, sem þá eru við völd, taka ákvörðun um, að hve miklu leyti slík iðnþróunaráætlun eða önnur áform skuli vera stýritæki og stefnumótandi um opinberar aðgerðir bæði stjórnvalda og löggjafarvalds. Þess vegna er það auðvitað hlálegt, þegar látin er út ganga mikil auglýsing um það frá hæstv. iðnrh. ekki alls fyrir löngu, að nú standi fyrir dyrum iðnbylting á Íslandi, af því að erlendir sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna eru hér samkv. eldri samningum, sem gerðir voru áður en ríkisstj. tók við völdum, í samráði við innlenda sérfræðinga að gera iðnþróunaráætlun um áratuginn fram til 1980. Það er ekki fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur fengið þessa áætlun í hendur og tekið afstöðu til þess, hversu mikla eða litla áherzlu hún vill leggja á þær fræðilegu hugmyndir, sem þar koma fram, sem hægt er að tala um einhverja stefnumótun viðkomandi ríkisstj. Fyrr verður náttúrlega ekki talað um iðnbyltingu..

Ég vil leggja áherzlu á, að hv. þm. geri sér rétta grein fyrir slíkri áætlunargerð, bæði á sviði iðnaðar og öðrum sviðum, þar sem sérfræðingar vinna verkin. Hin pólitísku stjórnvöld taka síðan ákvarðanir um það, að hve miklu eða litlu leyti þær upplýsingar, sem í áætluninni felast, eru notaðar sem pólitiskt stýritæki.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru gerðar meiri kannanir á sviði iðnaðarins og iðnþróunar hér á landi en áður hafði tíðkazt. Þar voru gefnar út tvær mjög ítarlegar álitsgerðir um íslenzkan iðnað og EFTA, eða Fríverzlunarsamtök Evrópu, þróun íslenzks iðnaðar frá 1960, ástand og horfur, einkum með tilliti til aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Þessu var lokið 1969, en dr. Guðmundur Magnúss. próf. vann á vegum iðnrn. að þessari skýrslugerð, ítarlegri úttekt á iðnaðinum, í samráði við samtök iðnaðarins og einstök iðnfyrirtæki, eins og nánar kemur fram í þessari grg. Í framhaldi af henni og meðan verið var að undirbúa samningagerð við fulltrúa Sameinuðu þjóðanna um frekari áætlanagerð var unnið að iðnþróunaráformum fyrir áratuginn 1970—1980. Lá sú skýrslugerð fyrir í maímánuði 1971, og báðar þessar skýrslur, sem ég hef vitnað til, hljóta að verulegu leyti að vera grundvallarundirstaða þeirrar áætlunargerðar, sem aðrir sérfræðingar eru nú að vinna að. En iðnþróunaráætlun sérfræðinga mót-

ast að verulegu leyti af því sama og iðnþróunaráform rn. frá 1971. Ég gerði grein fyrir því í inngangi þeirrar skýrslu, að það bæri að líta á hana til leiðbeiningar um ákvarðanir og úrlausnir á sviði iðnaðar á næstu árum. Ég sagði enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hefði að vísu óskað, að frá rn. kæmi meira ákveðin stefnumörkun, en þá mundi hafa ráðið meira hinn pólitíski vilji. Sennilega fer bezt á því, að lagt sé fram fræðilegt rit, eins og hér er á ferðinni, sem vissulega eru sérhverju stjórnvaldi mikill fengur við ákvörðun mála."

Slík áætlun stefnir eðli sínu samkv. ekki, eins og ég hef gert grein fyrir, að flokkspólitískum áhrifum, en hlutlausum upplýsingum til þess að auðvelda stefnumörkun þeim, sem um þessi mikilvægu vandamál eiga að fjalla á næstunni. Og ekkert síður hefur það mikla þýðingu fyrir hæstv. núv. ríkisstj., sem tók við völdum 1971, heldur en hverja aðra ríkisstj., sem tekið hefði við völdum að kosningum loknum.

Í upphafi þessarar skýrslu er skilgreining á verkefnum í skýrslunni og hvað iðnþróunaráform eru, og með leyfi hæstv. forseta vil ég mega taka hér upp nokkrar setningar úr því, en þar segir svo m. a.:

„Með mótun iðnþróunaráforma má annars vegar áætla, hvers sé að vænta af tilteknum framkvæmdum, og hins vegar fá hugmynd um, hvernig ná megi ákveðnu markmiði eftir tilgreindum leiðum. Megintilgangur þessarar ritsmíðar er: að huga að framvindu meginþátta iðnaðarins og þjóðarbúsins á undanförnum árum og stöðu iðnaðarins í þjóðhagslegu samhengi, að áætla vaxtarmöguleika íslenzks iðnaðar 1971—1974 og í útlínum fram til 1980, að áætla, hvert líklegt sé að stefni að öllu óbreyttu, að gera spá um framboð vinnuafls, fjármagns og orku, að fá fram samanburð við önnur lönd, þar sem ástæða þykir til, að athuga, hvaða tækifæri eru fyrir hendi til útflutningsaukningar og sveiflujöfnunar á útflutningi og hvernig ná megi tilteknum markmiðum í þessum efnum. Að fengnum þeim upplýsingum, sem að framan greinir, fæst betri yfirsýn yfir, hverju þarf að beita sér fyrir við skýringu á hagkerfinu. Með þessu móti er einnig fyllt í þekkingareyður, veikleikar á kerfinu og misræmi í tímaferli einstakra þátta koma betur í ljós".

Þetta segir þar m. a. En um helztu rökin fyrir eflingu iðnaðar á Íslandi er m. a. svo til orða tekið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ritgerð þessari er litið á hagvöxt sem aðalmarkmið, þar sem jafnframt sé tekið tillit til tekju- og atvinnuöryggis. Aukin fjölhæfni útflutningsframleiðslunnar er leið að þessu markmiði. Með því að beina fjármagninu í sjávarútveg fengist væntanlega talsverð verðmætisaukning. En hætta er á, að sveiflurnar kringum meðaltalið yrðu verulegar, einkum vegna eftirtalinna atriða: Óvissa ríkir um sjálfan fiskistofninn, magn hans og gæði. Óvissa ríkir um verð sjávarvara á erlendum mörkuðum. Óvissa ríkir um viðbrögð núverandi keppinauta jafnt sem nýrra. Frekari vinnsla hráefnis veldur þrepaáhættu, þ. e. ef hráefnið bregzt, leggst vinnsla niður. Á móti þessu vegur, að með meiri fullvinnslu fæst stöðugra og hærra verð á hluta framleiðslunnar. Fullvinnslu eru hins vegar takmörk sett vegna þjónustuskyldu á slíkum mörkuðum".

Þetta er einnig um það, hver séu rökin fyrir eflingu iðnaðar á Íslandi. Nú hef ég margsinnis heyrt það tuggið upp aftur og aftur í blöðum stjórnarflokkanna og þá náttúrlega ekki sízt í blaði því, sem styður hæstv. iðnrh., að í þeirri iðnþróunaráætlun, sem nú sé verið að gera, sé brotið blað og þar sé stefnt að allt öðru en verið hafi í tíð fyrrv. stjórnar. Fyrrv. stjórn hafi ekkert séð nema erlent fjármagn og viljað byggja allan iðnað upp á erlendu fjármagni o. s. frv. Allt er þetta eintómur þvættingur, sem fær ekki staðizt, bæði vegna þess, að auðvitað verður iðnþróunaráætlun, sem unnið er að, ekki stefna ríkisstj. fyrr en ríkisstj. í heild er búin að taka afstöðu til einstakra þátta þeirrar áætlunar, þegar hún liggur fyrir. Enn fremur er hitt alger rangtúlkun á stefnu fyrrv. ríkisstj. Að þessu öllu er nánar vikið í þessum iðnþróunaráformum, en aðalatriðið er það, að fyrrv. ríkisstj. hafði ákveðna stefnumótun, sem ég skal gera nánar grein fyrir, áður en þessi iðnþróunaráform voru fram sett, sem sennilega hefði í öllum aðalatriðum gilt eftir það, en með þeim breytingum, sem iðnþróunaráformin gáfu tilefni til að gera. En það var einmitt að leggja aðaláherzlu á tvennt: létta iðnaðinn, hinn almenna iðnað í landinu, og hins vegar stóriðju — og svo að meta stóriðju annars vegar og aðrar atvinnugreinar hins vegar. Þess vegna var í öllum hugleiðingum og stefnumörkunum aðgreining á stóriðju og smáiðju. Með stóriðju er þá einkum átt við orkufrekan iðnað til útflutnings og með smáiðju allan léttan iðnað. En mörkin hljóta að sjálfsögðu að vera óskýr, eins og var margtekið fram. Ef reyna átti að ákveða kjörskiptingu fjármagns milli stóriðju annars vegar og smáiðju hins vegar, út frá okkar þróunarstigi og óskum um aukinn hagvöxt, stöðugri og hærri útflutningstekjur, samfara því, að allar fúsar hendur hefðu þarft verk að vinna, hlaut niðurstaðan að verða sú, að sækja bæri fram á sviði smáiðju og stóriðju samtímis. Þetta var ævinlega grundvallaratriðið í stefnumótun fyrrv. ríkisstj. Okkur var ljóst, að í þjóðfélaginu hefur verið, var og er enn auðvitað tregða til tilfærslu í atvinnulífinu og erlent fjármagn t. d. hefur tilhneigingu til þess að fara troðnar slóðir. Í raun og veru voru möguleikarnar til að skipta fjármagninu milli stóriðju og smáiðju og milli iðnaðarins og sjávarútvegsins ákaflega takmarkaðir. En við gerðum okkur grein fyrir því í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., að spurningin var ekki „annaðhvort eða", annaðhvort landbúnaður, sjávarútvegur eða iðnaður, heldur „bæði og". Efla yrði jafnhliða þær atvinnugreinar, sem fyrir eru í landinu, og iðnaðinn, smáiðju og stóriðju, eftir því sem bætti hentast á hverjum tíma og miðað við þær rannsóknir, sem gerðar væru í það og það skiptið.

Nú er það fjölmargt, sem stuðlar að þeirri iðnþróun, sem verður óhjákvæmilega á næstu árum. Hvort sem núv. hæstv. ríkisstj. er það

ljúft eða leitt, hlýtur hún óhjákvæmilega eðli málsins samkv. að grundvalla aðgerðir sínar að verulegu leyti á því, sem fyrir liggur í löggjöf um þessi atriði frá tíð fyrrv. ríkisstj. Þá voru t. d. sett lögin um útflutningslánasjóð og útflutnings- og samkeppnislán.

Þegar við erum að tala um iðnlánasjóðinn og eflingu hans, hefur einnig verið talað hér í d. um nauðsyn á auknum rekstrarlánum og veðtryggingu rekstrarlána. Það er út af fyrir sig mjög þörf löggjöf, sem sett var hér á síðasta þingi um veðtryggingu rekstrarlána. En menn mega ekki láta sér gleymast, að það var sannarlega búið að gera ýmsar aðgerðir til þess að auka rekstrarlán iðnaðarins á undanförnum árum, þegar menn eru að ræða mál eins og þessi. Tvisvar sinnum hafði lausaskuldum iðnaðarins, sem myndazt höfðu fyrst og fremst vegna lélegrar lánsfjáraðstöðu, og þá ekki sízt rekstrarlána, verið breytt í föst lán, löng lán. Var það 1964 í fyrra skiptið og 1968 í síðara skiptið. Heimildin til að breyta lausaskuldum í föst lán og löng lán nam 40 millj., sem hækkaðar voru um 20 millj. Allt það fjármagn var notað til þess að breyta lausaskuldum ósamningsbundnum í föst og lengri lán, og þetta var mjög hagkvæmt fyrir iðnaðinn.

Þegar gengisbreytingin varð 1968, var hún iðnaðinum ákaflega hagkvæm. Í umr. um efnahagsráðstafanir, sem þáv. ríkisstj. átti við stjórnarandstöðuflokka á því hausti, komu aðallega tvær leiðir til greina, svokölluð uppbótaleið eða uppbótakerfi eða gengisbreyting. Eins og menn muna, varð niðurstaðan sú, að samkomulag varð ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu um leiðir þær, sem fara bæri. En öllum var ljóst, að ef uppbótaleiðin var farin, þurfti að fara uppbótaleið fyrir iðnaðinn líka ekkert síður en sjávarútveginn vegna skekkjunnar á gengi krónunnar, sem hlaut beinlínis að draga algerlega úr öllum vexti iðnþróunar í landinu. Iðnaðurinn gat ekki á innlenda markaðnum staðizt samkeppni við erlendar vörur, sem fluttar yrðu inn með svo skekktri gengisskráningu sem þá hefði orðið, né heldur var nokkur möguleiki fyrir íslenzkan iðnað að ryðja sér braut á erlendum markaði með skakkt gengi. Gengisskráningin var miðuð við þarfir sjávarútvegsins, og það er rétt að viðurkenna það, að hefði hún aðeins verið miðuð við þarfir iðnaðarins, hefði hún ekki verið jafnmikil. Þess vegna var hún iðnaðinum alveg sérstaklega hagkvæm. En það komu fram vissir erfiðleikar hjá iðnaðinum í sambandi við fjármagn og rekstrarlán upp úr gengisbreytingunni. Þá var það, að í samningum við Seðlabankann gekkst ríkisstj. fyrir því, að aðstoðað var með aukningu rekstrarlána, allt að 150 millj. kr., sem gert var ráð fyrir, að iðnaðinum yrði aukalega séð fyrir á næsta ári eftir gengisbreytinguna. Annars háttar löggjöf var líka sett: um útflutningslánasjóðinn og tryggingu á útflutningslánum, tvenns konar löggjöf, og þá stofnaður útfl.lánasjóður upp á 150 millj. kr. til þess að veita iðnaðinum lán til útflutningsframleiðslu og jafnframt samkeppnislán til þess að keppa við erlendan iðnað hér á markaðnum. Vélar voru lánaðar til landsins með greiðslufresti. Til þess að íslenzkur iðnaður gæti framleitt sams konar vélar, þurfti hann að geta boðið sams konar greiðslufrest, og samkeppnislánunum var ætlað það hlutverk. Þannig var á mörgum sviðum ýtt undir iðnaðinn og ekki sízt með setningu laga um útflutningsmiðstöð iðnaðarins, en á undan hafði verið veitt fé á fjárl. til útflutningsskrifstofu iðnaðarins. Allt þetta hefur orðið til þess, að iðnaðurinn í útflutningsverðmæti hefur margfaldazt á liðnum árum, ekki sízt vegna aðildar okkar að Efnahagsbandalaginu og áhrifa, sem það hefur haft á aukningu útflutnings til annarra landa vegna þessarar löggjafar, sem ég hef vikið að.

En ég vil aðeins benda á, að það getur auðvitað verið mikið matsatriði sérfræðinga, þegar verið er að gera áætlanir um það, hvar á að setja mörkin, þegar verið er að áætla fram í tímann. Í iðnþróunaráformum, sem dr. Guðmundur Magnússon vann að, var m. a. áætlun um útflutning í atvinnuvegunum, bæði sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum atvinnuvegum, — og iðnaði fyrst fram til ársins 1974, þá verða tollabreytingar, eins og kunnugt er, í sambandi við samninginn við Fríverzlunarsamtökin, og einnig fram til ársins 1980.

Nú hefur verið lögð mikil áherzla á það af hæstv. iðnrh., að árið 1980 muni útflutningsverðmæti okkar að 60% vera iðnaðarvara, og þá verður sjávarútvegurinn orðinn litli bróðirinn í þeim leik. Ekki veit ég, hvort þetta er stefnumörkun, — þ. e. a. s. ég veit, að þetta er ekki stefnumörkun ríkisstj., því að hún hefur ekki tekið afstöðu til þess. Menn þurfa náttúrlega að vera spámannlega vaxnir til þess að gera slík atriði að stefnumörkun. Hins vegar getur verið, að ríkisstj., þessi eða önnur, vilji reyna að ná þessu marki, nota fjármagn og beita fjármagni og skiptingu fjármagns milli atvinnuvega að því, að þessu marki verði náð. Sérfræðingum getur nokkuð sýnzt sitt hvað um þetta. Er gert ráð fyrir því hjá Guðmundi Magnússyni prófessor, að árið 1980 verði sjávarvörurnar 56% útflutningsins og ál og önnur orkufrek framleiðsla 32% og annar iðnaður, kísilgúr meðtalinn, 10%. Landbúnaðarvörur og aðrar vörur nema 2% af heildarútflutningnum. Þetta þýðir það, að þarna er gert ráð fyrir í spá fram til ársins 1980, að það kunni að verða 42% af útflutningnum iðnaðarvarningur og þar á meðal stóriðjuvarningur og hann langmesti hlutinn, þ. e. ál og önnur orkufrek framleiðsla. En sjávarútvegurinn verður samt sem áður stærsti útflytjandinn eða 56% á þessu tímabili. Það kemur greinilega fram í þessari grg. Guðmundar Magnússonar, að hér er afskaplega erfitt að spá og mikil óvissa, sem þessu er samfara. Hann gerir grein fyrir því, að ef þessi markmið eigi að nást, þurfi að koma til annar orkufrekur iðnaður, eins og ég sagði, og það er talað um ýmsa hluti. Það er talað um sjóefnaiðnað, saltframleiðslu, magnesíum o. fl., sem unnið hefur verið að og málmbræðslu, álsteypu og álbræðslu. Síðan koma ýmis önnur atriði til álita, sem eru fjarlægari og flokkuð í aðra flokka, eins og olíuhreinsun, lítil stóð eða stór stóð, þungavatnsframleiðsla í sambandi við heita vatnið og svo ýmislegt annað,

sem ekki er komið í gagnið að neinu verulegu leyti. Það eru leirmunir, þaraþurrkstöð, niðursuða, hveitimylla, spónverksmiðja, stálbræðsla, perlusteinsvinna o. s. frv. frv. Þetta eru möguleikar í smærri eða stærri stíl, sem geta komið til álita. En óvissan er náttúrlega verulega mikil, þegar spáð er fram í tímann um svona langt skeið.

Á sínum tíma var hv. þm. send þessi iðnþróunaráform, sem ég tel, að skipti miklu máli, að hv. þm. kynni sér rækilega, því að nú er það svo, að þegar maður spyr eftir iðnþróunaráætluninni nýju í stjórnarráðinu, þá er hún ekki sögð vera til, engin iðnþróunaráætlun til. Mér er sagt, að hún sé aðeins til í slitróttu formi á erlendri tungu í frumdrögum, sem búið er að tína saman, og það sé ekki gert ráð fyrir, að hún verði tilbúin úr höndum sérfræðinganna fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Þá á hæstv. ríkisstj. eftir að fjalla um málið, og hvaða áhrif hefur hún þá á stjórnarstefnuna? Það er auðvitað greinilegt, að þessi iðnþróunaráætlun, sem nú er verið að vinna að í framhaldi af fyrri ráðagerðum með fulltrúum Sameinuðu þjóðanna og erlendum aðilum, hefur engin áhrif haft á fjárlög þessa árs og hlutfallaskiptingu milli atvinnuveganna í opinberum fjárveitingum til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Við vorum ekki alls fyrir löngu á sýningu eða kynningu um íslenzkan útflutningsiðnað, og þar kemur í ljós, að framlög af opinberu fé útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og útflutningsmiðstöðvar íslenzkra iðnrekenda fara lækkandi í þessum fjárl. frá því, sem verið hefur. Voru þau komin upp í tæp 0.4‰ af fjárl. 1971, en eru núna í fjárlagafrv. 1973 aðeins 0.2‰. Það er að vísu rétt að gera sér grein fyrir því, að 25 millj. eru, held ég, í fjárl., en það geta verið aðrar tekjur, sem ætlaðar eru til Sölustofnunar lagmetisiðnaðar. Verð ég að segja, að mér finnst algerlega röng hlutfallaskipting í því, sem þeirri einu stofnun er ætlað miðað við útflutningsmiðstöðina, sem hefur það heildarverkefni að stuðla að auknum útflutningsiðnaði á Íslandi. Fram að þessu og sennilega í nánustu framtíð, a. m. k. alveg órugglega á þessu ári og kannske næsta ári líka, mundi slík stofnun gera lítið fram yfir það, sem aðrar stofnanir hefðu getað gert, sem unnu að lagmetisiðnaði og seldu hann út, eins og síldarverksmiðjurnar, Siglósíld o. s. frv. Hins vegar er þetta góðra gjalda vert, og það er vitað, að mikið fé þarf til þess að brjóta sér markaði erlendis fyrir útflutningsframleiðslu og ekki sízt á iðnvarningi, þar sem við erum í samkeppni við háiðnþróaðar þjóðir. Framlög til iðnaðarins í fjárl. eru ekki nema um 1% í fjárlagafrv. og fjárl. þessa árs. Það má segja, að það sé ekki ýkjamikill munur á sjávarútveginum, þó er framlagið þar helmingi meira, 2% og líðlega það. Það er fyrst, þegar kemur að landbúnaðinum, sem munurinn verður áberandi, en til hans eru á einn eða annan hátt veitt 13, 14 og upp í 16% af fjárl.

Nú hef ég alltaf lagt áherzlu á það, að menn væru ekki að metast um atvinnugreinarnar. Þetta háa hlutfall landbúnaðarins á sínar skiljanlegu orsakir. Ég tel, að það væri mjög hæpið að framkvæma breytingar á þessu með því að skera þær niður, því að það mundi valda slíkri truflun á þeirri þróun, sem á sér stað á sviði þess atvinnurekstrar. Hitt er eðlilegt, að sækja í auknum mæli upp og fram með hlutdeild iðnaðarins í fjárveitingum hins opinbera, bæði fjárfestingarsjóða, lánum banka og öðru slíku, og einnig á fjárl., enda væri alveg vonlaust að ætla sér einhverja iðnbyltingu eða eitthvað í líkingu við það hér á landi, ef það fylgdi ekki með.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. voru meginatriði mótuð í iðnaðarstefnunni oftar en einu sinni. Kom það m. a. fram á árinu 1966, á fundi Félags ísl. iðnrekenda, þegar þáv. iðnrh. gerði grein fyrir stefnunni í samráði við starfsfélaga sína. Þar var m. a. rætt um stefnuna í stóriðjumálum, sem var auðvitað allt önnur en menn vilja nú vera láta, þar sem menn eru að tala um, að fyrrv. ríkisstj. og fulltrúar hennar hafi ekkert séð nema erlent fjármagn. Sú stefna var ákaflega skýr, og ég get varla ímyndað mér, að núv. hæstv. ríkisstj. komi til með að fylgja mikið annarri stefnu en þeirri, eftir því sem við höfum heyrt boðað. En hún er sú, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnt er að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra orkuvera, sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölþættrar iðnvæðingar í landinu. Orkuver landsins séu eign Íslendinga. En til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántöku verði risið, á sem hagkvæmastan hátt, er tryggi ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna," — það hefur heyrzt líka nú nýverið, að það væri verið að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf landsmanna, — „til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna verði erlendu áhættufjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þykir samkv. mati hverju sinni og landsmenn brestur fjárhagslegt bolmagn eða aðstöðu til framkvæmdanna."

Það var alltaf gert ráð fyrir því, að ef um fjármagn í stórum stíl væri um að ræða, kæmu ákvarðanir til álita þingsins hverju sinni. Það var síður en svo, að það þætti neitt sjálfsagt, að erlendir aðilar ættu meiri hluta í þeim orkufreku iðnfyrirtækjum, sem kynni að verða samið um að hefja mundu starfsemi hér á landi. Í sambandi við kísiliðjuna í Mývatnssveit á ríkið meira en helminginn í þeirri iðju, og sveitarfélögum á Norðurlandi var boðin miklu meiri þátttaka en þau kusu að velja sér. En minni hlutann á svo bandarískt fyrirtæki.

Um álbræðsluna hef ég margsinnis sagt, að þar stóð sérstaklega á, og það var mat okkar, að við slíka framleiðslu margra greina, allt frá því að báxítið er unnið úr jörðu, súrálið unnið, álið framleitt og loks framleiðslan og salan á erlendum markaði, þar væri um slíka framleiðslu og framleiðni að ræða, að það væri ákaflega erfitt að vera aðili að bara einni grein þessarar framleiðslukeðju, eins og framleiðslu hráálsins. Þess vegna var niðurstaða okkar sú, eftir mjög ýtarlega athugun, að heppilegast væri, að erlendir aðilar ættu algerlega hlutaféð í álbræðslu, sem hér væri reist, og við miðuðum okkar hagnað við sölu raforku og framleiðslu-

gjald. Framleiðslugjaldið er miðað við framleiðslumagnið á hverjum tima, tiltekið magn á tonn. Eins og nú háttar og hefur háttað að undanförnu, fáum við Íslendingar verulega miklu meira í okkar hlut fyrir raforku frá þessari álbræðslu hér og framleiðslugjaldi, ef við miðum við tonn, heldur en hliðstæð verksmiðja, sem reist var í Húsnesi í Noregi og Alusuisse er aðili að, en á ekki nema meiri hl. í og Norðmenn voru aðilar að vissu leyti sem minni hluti. Ég hef þess vegna alltaf lagt áherzlu á það, að menn verði að líta á, hvaða hag við höfum af erlendri stóriðju í mynd orkufreks iðnaðar, líta á í heild, hvað fæst fyrir raforku og í skatta og gjöld að öðru leyti.

Hæstv. iðnrh. kom frá Sviss í haust, eftir að hafa rætt við fyrirsvarsmenn Alusuisse um hugsanlega stækkun álbræðslu hér og byggingu nýrra álbræðslna. Stækkunin liggur náttúrlega í augum uppi, því að nýi keraskálinn er nokkrum metrum styttri en sá gamli, sem var lengdur. Hugsunin var alltaf að lengja þennan nýja keraskála, sem nú er tekinn í notkun, en vegna erfiðleika á markaðinum að undanförnu sýndist þeim ekki ráðlegt að gera það fyrr en síðar meir. Ég gæti vel hugsað mér, að það hljóti að verða mjög fljótlega, sem þeir hafa hug á því að lengja þennan keraskála, því að þetta er auðveld framkvæmd hjá þeim og ódýr, en samsvarar því að auka afköstin um 10 þús. tonn á ári, og verður þá hægt að selja þeim um 20 megawött af raforku.

Ég hef heyrt sagt, að ráðh. hafi haft fyrirvara um, að þeim verði ekki seld raforkan á hinu lága verði viðreisnarstjórnarinnar. Þarna erum við hæstv. ráðh. algerlega sammála, því að þeim var auðvitað sagt það, síðast þegar rætt var við þá af minni hálfu, að það gæti ekki komið til álita að selja þeim við þessa lengingu, þegar að henni kæmi, raforkuna við sama verði og samkv. raforkusamningnum. Þá var raforkuverðið miðað við það, að við fengjum töluvert miklu meira en kostnaðarverð rafm. Kostnaðarverðið á framleiðslu var þá talið vera um 20 aurar eða innan við 20 aura á kwst., en við seldum það fyrst á 26 aura og síðan á 22 aura eftir 6 ár. Þá breyttist einnig framleiðslugjaldið, en framleiðslugjaldið var lægra, meðan 26 aura verðið er greitt, en það var vegna óska Landsvirkjunar, að hún fengi hærra raforkuverð fyrst vegna erfiðleika á byrjunarstiginu. Fyrirsvarsmenn Landsvirkjunar lögðu mjög mikla áherzlu á, að af stækkuninni gæti orðið, þegar hún varð á fyrri keraskálanum, vegna þess að Landsvirkjun mundi á þessum fyrstu árum verða mjög mikið hagræði að því að geta selt þar 20 megawött í viðbót og með því verði, sem þá hafði áður verið samið um, því að annars væri það rafmagn fyrir hendi, en fengist ekkert fyrir það. Nú hefur hæstv. iðnrh. sagt, að hann hafi boðið erlendum fyrirtækjum raforkuna á 35 aura kwst., en samtímis hefur hann sagt, að áætlað framleiðslukostnaðarverð á rafmagninu frá Sigölduvirkjun, sem þá var verið að tala um, sé 35 aurar. Þá er raforkan boðin á framleiðslukostnaðarverði, og það er minna en fyrrv. ríkisstj. bauð raforkuna frá Búrfellsvirkjun. Ég sé á einum stað að vísu, að ráðh. gerir þar að auki ráð fyrir því að hafa eitthvað meira en framleiðslukostnaðarverðið, og þá er það alveg það sama, sem okkur fannst að við þyrftum að fá og teljum að hafi verið mjög hagkvæmt. Það mætti líka færa viss rök fyrir því, að þegar maður getur ekki notað raforkuna neitt, þá geti verið hagkvæmt að selja raforku, sem er fyrir hendi, en ekki er notuð, á framleiðslukostnaðarverði. Það er alveg rétt. En betra er auðvitað, ef það er meira en framleiðslukostnaðarverð, og hvað sem það er meira.

Þetta var stefnan í stóriðjumálunum, og mér sýnist, að henni sé fylgt alveg út í æsar, eftir þeim yfirlýsingum, sem gefnar eru. En ég vil aðvara um það að bjóða ekki raforkuna úr Sigölduvirkjun, áður en fullvíst er, hvert kostnaðarverðið er, ef svo skyldi nú tiltakast, að það yrði meira en áætlað hefur verið, og hafa vaðið fyrir neðan sig um að hafa það eitthvað meira en kostnaðarverð, ef hægt er að ná samningum um það.

Í þessari stefnumótun var einnig lögð áherzla á jafnrétti milli aðalatvinnuvega landsmanna. Þá var varðandi iðnaðinn sérstaklega haft í huga að létta tollum af vélum og hráefnum iðnaðarins, eins og gert hefur verið, og haldið yrði áfram að efla iðnlánasjóð, og um það fjallar þetta frv., sem við leggjum hér fram. Síðan var lögð áherzla á að hefja nýjar iðngreinar í landinu, sem horfur væru á, að gætu staðizt erlenda samkeppni. Það er þjóðhagslega mikilvægt, að slíkar atvinnugreinar eflist, svo sem innlend skipasmíði, sem varð til hér á landi á s. l. áratug, — stálskipasmíðin, á ég við, — samfara eflingu úreltra dráttarbrauta og eflingu fiskiðnaðar, m. a. niðursuðu og niðurlagningar síldar til útflutnings. Það var einnig sett merk löggjöf í tíð fyrrv. ríkisstj. um rannsóknir í þágu iðnaðarins, bæði byggingariðnaðarins og iðnaðarins almennt. Nú eiga þessar tvær greinar iðnaðarins mjög góð og fullkomin rannsóknarhús uppi á Keldnaholti, hvor stofnunin um sig, og með því móti hefur skapazt alveg ný aðstaða fyrir þessar iðngreinar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum að þessu sinni um iðnþróunarvandamál okkar og hlutverk, eðli iðnþróunaráætlana og iðnþróunaráforma. En ég fullyrði, að einmitt með þeirri úttekt, sem gerð hefur verið á íslenzkum iðnaði, og með þeirri þróun, sem þar hefur átt sér stað, hafi í tíð fyrrv. ríkisstj. verið búið mjög í haginn fyrir áframhaldandi iðnþróun. Þess vegna er það von mín, að þegar iðnþróunaráætlunin sem talað hefur verið um og gerð er í samráði við fulltrúa Sameinuðu þjóðanna, verður fullbúin, sé aðstaða í landinu til þess að nota hana sem stýritæki til eflingar, verulegrar eflingar, íslenzkum iðnaði. Þar kemur til álita einn merkasti þátturinn, hversu mikið aukið atvinnuöryggi er hægt að skapa með aukinni almennri iðnþróun í landinu, hvort sem er í stóriðju eða léttaiðnaði. Þó að við aukum fiskveiðarnar hjá okkur, er ekki talið líklegt, að miklu meiri mannafla þurfi á fiskiskipin, þó að bætt sé við nýjum skipum, því að menn af eldri skipum, sem ganga úr sér,

koma til, og það er auðvitað stefnt að því að geta haft á nýju skipunum færri menn og meiri sjálfvirkni en fram til þessa. Hið sama gildir einnig á sviði landbúnaðarins. Þó að framleiðsluaukning sé þar, er líklegt, að fólkinu fjölgi ekki mikið í landbúnaðinum og að aukin framleiðniaukning þýði, að þó að framleiðslan aukizt, sé ekki veruleg eftirspurn eftir auknu vinnuafli. Hin aukna eftirspurn eftir vinnuafli mundi þess vegna í mjög ríkum mæli byggjast á iðnþróun í landinu og aukinni þörf fyrir mannafla í þjónustugreinum. Þannig hefur þróunin verið í hinum iðnþróuðu löndum, eftir því sem við bezt þekkjum til.

Að lokum vil ég segja það, að við megum ekki láta það henda okkur að efla ekki iðnlánasjóðinn, okkar gamla iðnlánasjóð, sem var veikur kvistur, en hefur verið að eflast á undanförnum árum, þó að iðnþróunarsjóðurinn norræni hafi komið til sögunnar. En um hann var samið og hann stofnaður, þegar við gerðumst aðilar að Friverzlunarsamtökunum 1970. Hann er auðvitað mjög mikilvægur fyrir okkur, en hann var fyrst og fremst ætlaður umfram iðnlánasjóðinn til þess að vera stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn og til þess að hjálpa okkur að brúa þá vissu erfiðleika, sem við hlutum óhjákvæmilega að lenda í í samkeppni okkar við iðnvarning iðnþróaðra þjóða, bæði á innlendum og erlendum markaði. Það væri smán fyrir okkur, ef við létum okkur nægja að láta iðnlánasjóðinn hjakka í sama farinu og segðum sem svo: Iðnaðurinn hefur aukin stofnlán og fjárfestingarlán vegna norræna iðnþróunarsjóðsins. Það megum við ekki gera. Hitt er svo annað mál, að það getur vel verið, að menn hafi aðrar hugmyndir um fjáröflun til iðnlánasjóðsins, en við höfum ekki séð neinar aðrar hugmyndir fram til þessa.

Eins og núna er, þá er tekjuöflunin tvíþætt. Hún er fyrst og fremst framlag ríkissjóðs, sem var fyrr á árum ekki nema lítið, og svo iðnlánasjóðsgjaldið, en það borgar iðnaðurinn sjálfur. Það er orðið um 40 millj. kr. á ári, og hann er að þessu leyti verulega byggður upp á framlögum iðnaðarins sjálfs, svipað og fiskveiðasjóðurinn var byggður upp af útflutningsgjaldi frá sjávarútveginum að langmestu leyti. En allt hefur þetta sína þýðingu. Við erum nú reynslunni ríkari um það, að það hefur stórkostlega þýðingu fyrir þessa sjóði að fá vissar og árlegar tekjur og þær verða þá auðvitað að fylgja verðlaginu og gildi krónunnar, ef við erum að stefna að auknum vexti atvinnugreinanna. Það má segja, að það sé hægt að fara fleiri leiðir til þess. Það mætti ákveða að leggja í iðnlánasjóðinn gullkrónur, svo og svo margar á ári, eins og sektirnar fyrir brot á fiskveiðilöggjöfinni eru. Þær eru ákveðnar í gullkrónum, og það mætti hafa ákvæði um, að framlagið skyldi vera gengistryggt og fylgja einhverju ákveðnu gengi, gullgengi, sem er hið sama, eða þá að hækka framlagið stig frá stigi eftir möguleikunum hverju sinni. Með slíku móti einu er hægt að tryggja það, að þessi sjóður eins og aðrir fái af framlögum ríkissjóðs tilsvarandi verðmæti og hann hefur áður fengið, þar sem við búum við verðbólgu og minnkandi verðgildi krónunnar í okkar þjóðfélagi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil árétta það, hversu mikilvægt það er fyrir iðnaðinn í landinu, að iðnlánasjóðurinn eflist, og ég get aðeins lokið máli mínu með því að árétta það, að beiðni um lán úr iðnlánasjóði hafa verið miklu meiri en hann hefur getað sinnt á undanförnum árum. Þó hefur iðnþróunarsjóðurinn hjálpað honum verulega með beinum lánveitingum, fyrst 50 millj., síðar 20 millj., ef ég man rétt, sem iðnlánasjóðurinn mátti svo veita af iðnþróunarláninu. Hygg ég, að iðnþróunarsjóðurinn sjálfur sé farinn að lána, eða stjórn hans, í ríkara mæli smærri lán en hann gerði áður. Allt hjálpar þetta iðnaðinum og bætir úr þörfinni, en það dregur síður en svo úr því, að þörf sé að auka jafnt og þétt styrkleika iðnlánasjóðsins, sem fyrst og fremst er fjárfestingarsjóður iðnaðarins, enda þótt hann sinni ýmsum öðrum greinum og vissar deildir séu í iðnlánasjóði, eins og hagræðingardeild, lán til hagræðingarlána og veiðarfæraiðnaðarins, sem hefur haldið lífinu í þeim veiðarfæraiðnaði, sem hér er í landinu. En þegar allt kemur til alls er verkefni sjóðsins almennt svo mikið, að Alþ. má ekki skera við nögl sér að auka ríkisframlögin.

Ég vil svo mega leggja til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég varð því miður fyrir óhjákvæmilegum töfum í upphafi þingfundar og gat þess vegna ekki heyrt upphafið að ræðu hv. þm. Jóhanns Hafsteins og veit ekki, hvað hann kann að hafa sagt í fyrri hluta ræðu sinnar. Sá hluti ræðunnar, sem ég heyrði, mótaðist hins vegar ákaflega mikið af fyrirbæri, sem ég og væntanlega margir aðrir hafa veitt athygli að undanförnu. Það er eins og þessi hv. þm. eigi ákaflega erfitt með að þola það, að ég sé með almennar hugleiðingar um iðnað eða ég greini frá því, hvað verið sé að vinna á sviði iðnaðar, án þess að telja, að ég sé að ræna einhverju frá honum, og án þess að halda sjálfur fram eða láta blað sitt halda því fram, að ég sé ekkert að gera annað en það, sem hann ætlaði sér að gera, ef hann hefði verið áfram í þessum sama stól. Um þetta þarf svo sem ekki að hafa mörg orð.

En þessi langa ræða, sem hv. þm. flutti hér áðan, verkaði á mig eins og eins konar eftirmælaræða eftir alllanga setu í ríkisstj., og þó að það sé að vísu óvenjulegt, að menn semji slíkar eftirmælaræður um sjálfa sig, má segja, að sjálfs sé höndin hollust á því sviði, og ég ætla mér ekki að fara að skerða neitt þessa hugljúfu sjálfslýsingu hv. þm. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hann hafi ekki átt frumkvæði að mörgum gagnlegum málum í þágu iðnaðarins. Ég hef engan áhuga á því að ræna frá honum þeim heiðri, sem honum ber í því sambandi. Ég viðurkenni fúslega, að hann hófst handa um margvísleg verkefni, sem síðan hefur lent á mér að láta vinna að áfram, og mér kemur ekki til hugar að neita því, að þar hafi hann

hafizt handa í upphafi. Engu að síður held ég, að það sé staðreynd, að það hefur orðið mjög veruleg stefnubreyting á afstöðu ríkisstj. til iðnaðarins, þ. e. a. s. núv. stjórnar, miðað við það, sem var í tíð fyrrv. stjórnar. Því miður var það svo, þrátt fyrir góðan vilja, að framtak fyrrv. ríkisstj. og þessa hv. alþm. í þágu iðnaðar mótaðist ákaflega mikið af því að reyna að bjarga iðnaðinum fram úr hvers konar erfiðleikum, sem hann átti í. Ég man eftir því, að þessi hv. þm. sagði einu sinni hér á þingi, þegar verið var að ræða um vandamál í iðnaði, að hans tími hefði oft farið í það að vera eins og útspýtt hundskinn fyrir tiltekin fyrirtæki til þess að verða þeim úti um fjármagn og fyrirgreiðslu. Og ég efast ekki um, að þetta er alveg rétt. En þetta stafaði auðvitað af því, að iðnaðinum voru ekki búin þau starfsskilyrði, sem hann þurfti á að halda í landinu, og ekki jafngóð starfsskilyrði og öðrum atvinnugreinum. T. d. kom þetta ákaflega ljóst fram í sambandi við rekstrarlán til iðnaðarins, sem hv. þm. vék að hér áðan. Hann greindi frá því, hvernig hann hefði unnið að því að bjarga vandamálum iðnaðarins aftur og aftur með skammtímaaðgerðum með aðstoð Seðlabankans, og vissulega var þetta góðra gjalda vert á sínum tíma. En það, sem skipti máli, var að tryggja iðnaðinum, að hann hefði sama rétt og það, sem kallað er aðrar meginatvinnugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður. Um þetta flutti þessi hv. þm. engar till. allan þann tíma, sem hann var ráðh. Það var ekki fyrr en í tíð núv. ríkisstj., að iðnaðurinn fékk þennan lögverndaða rétt. Það var gert á síðasta þingi. Og nú er unnið að því að tryggja framkvæmd þessa réttar. Það mun vafalaust taka sinn tíma. En engu að síður tel ég, að þetta sé einhver mikilvægasti lagaréttur, sem iðnaðurinn hefur fengið.

Það stendur hér í upphafi að grg. fyrir frv. um breyt. á l. um iðnlánasjóð: „Íslenzkur iðnaður hefur á síðari árum haslað sér völl meðal höfuðatvinnuvega þjóðarinnar." Í þessu kemur fram sjónarmið, sem mig langar til þess að vekja athygli á. Það tíðkast ákaflega mikið í umr. um atvinnuvegi hér á Íslandi, að reynt sé að hólfa atvinnugreinarnar í sundur: landbúnaður sér, sjávarútvegur sér, iðnaður sér. Og svo skiptast menn í flokka. Einn segist vera með landbúnaði og segir e. t. v. nágranna sinn vera á móti landbúnaði. Og sama er að segja um sjávarútveg og um iðnað. En þetta er fyrir löngu orðinn alger barnaskapur. Það er staðreynd, að iðnaður er og hefur lengi verið höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, einmitt vegna þess, að öll framþróun í sjávarútvegi er í því fólgin að auka úrvinnslu sjávarafurða og flytja hráefnið unnið til útlanda. Starf hraðfrystihúsanna okkar er háþróaður úrvinnsluiðnaður og ekkert annað, og auðvitað eigum við að viðurkenna þessa staðreynd, en ekki tala um þennan iðnað sem einhverja andstæðu annars iðnaðar í landinu. Nákvæmlega hið sama er í landbúnaði. Það er einmitt þróun iðnaðar á sviði landbúnaðar, sem hefur verið landbúnaðinum einna mest lyftistöng að undanförnu. Þess vegna þurfum við að brjóta okkur úr þessum viðjum úrelts og gamals hugsunarháttar og viðurkenna þá einföldu staðreynd, að iðnaðurinn er nú þegar langsamlega öflugasta atvinnugrein landsmanna og sú atvinnugrein, þar sem vaxtarbroddurinn er og þar sem allar hugmyndir okkar um framþróun íslenzkra atvinnuvega eru. Þær hugmyndir hljóta að vera bundnar við iðnaðinn, iðnaðarvörur unnar úr okkar eigin hráefnum, sem við öflum, bæði á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar, hráefnum, sem finnast í landi okkar, með þeirri orku, sem finnst í fallvötnum okkar og hverum og því hugviti, sem Íslendingar geta lagt til.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að eitt meginatriðið í léttum iðnaði er, að farið verði að flytja út verkmenningu. Það eru til fjölmargar þjóðir í heiminum, sem hvorki hafa hráefni né orku, en eru samt miklar iðnaðarútflutningsþjóðir. Þær eru að flytja út verkmenningu, og að þessu marki verðum við einnig að stefna.

Sú sundurgreining, sem þessi hv. þm. gerði sig sekan um í upphafi grg., kom einnig fram í ræðu hans, þegar hann var að tala um nauðsyn þess að efla iðnað, vegna þess að sjávarútvegurinn væri svo valtur, og reyna að búa til einhverjar andstæður þarna á milli. Slíkar kenningar eru ekki atvinnulífi okkar til framdráttar. Þær eru til þess fallnar, að menn misskilji þau viðfangsefni, sem hér er við að eiga. Við þurfum ekki að efla iðnað á kostnað sjávarútvegs eða á kostnað landbúnaðar, heldur eflum við iðnað í þágu þessara atvinnugreina, sem fyrir eru, auk þess sem við bætum nýjum við.

Hv. þm. vék að því, að iðnaðurinn hefði þróazt allvel í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Einnig þetta er rétt. En ég vil minna á, hvernig þróun iðnaðarins var háttað á þessu tímabili. Á þeim árum, þegar verulega reyndi á þáv. ríkisstj., árunum 1964—1967, — var hreinlega samdráttur í íslenzkum iðnaði. Framleiðslumagnið dróst saman í mjög mikilvægum þáttum iðnaðarins, og fólki hreinlega fækkaði í iðnfyrirtækjum. Breytingin varð svo með gengislækkuninni 1967, eins og þessi hv. þm. vék að. En eins og hann sagði réttilega, þá var sú gengislækkun reiknuð út með hag sjávarútvegsins fyrir augum. Það var ekki gert í þágu iðnaðarins. Hins vegar var staða hans slík, að honum nýttist þetta ákaflega vel, eins og hv. þm. vék réttilega að. En þetta var ekki framtak fyrrv. ríkisstj. í þágu iðnaðarins. Þetta var gengislækkun, sem stafaði af þeirri óðaverðbólguþróun, sem þá var og gerði það óhjákvæmilegt að rétta hlut útflutningsiðnaðarins, og það var sjávarútvegurinn, sem þarna var verið að bjarga, eins og það er orðað.

Það hefur einnig orðið gerbreyting á afstöðunni til orkufreks iðnaðar á Íslandi. Það kvað við talsvert annan tón í orðum hv. þm. hér áðan heldur en við heyrðum hér á Íslandi fyrir 3—4 og 5 árum. Þá voru samningarnir, sem gerðir voru við svissneska álhringinn, talin sönn fyrirmynd um iðnþróun á Íslandi. Á þennan hátt ættum við að halda áfram. Við ættum að byggja raforkuver og eiga þau, en við áttum að útvega okkur erlenda aðila sem kaupendur að raforkunni til þess að tryggja það, að við gætum ráðizt í stórar virkjanir. Um þetta gæti ég tínt til endalausar tilvitnanir. Hér situr nú m. a. á þinginu hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem

fagnaði því sérstaklega í sjónvarpsviðtali, sem við áttum saman, að það væri ánægjulegt til þess að hugsa, að hér mundu senn rísa 20 erlendar álbræðslur. Þetta var viðhorfið, þetta var hugarfarið. Við áttum að framleiða orkuna, við áttum að eiga orkuna, en erlendir aðilar áttu að fá orkuna í fyrirtæki, sem þeir ættu. Með þessu var að því stefnt að koma Íslandi á stig hálf-nýlendu. Við áttum að sætta okkur við hlutskipti, sem er alveg hliðstætt því að flytja út hráefni, en vera ekki menn til að vinna úr því sjálfir. Raunar átti þetta sama að gerast á sviði létts iðnaðar.

Í sambandi við inngönguna í EFTA voru einnig haldnar margar ræður, bæði hér á þingi og utan þings. Ein af röksemdunum fyrir því, hvað það væri hagstætt fyrir Íslendinga að ganga í EFTA, var sú, að það mundi laða erlenda aðila til þess að stofna fyrirtæki á Íslandi í léttum iðnaði. M. a. var á það bent, að bandarísk fyrirtæki í léttum iðnaði kynnu að telja hagkvæmt fyrir sig að setja upp fyrirtæki hér á landi, því að þá væru þau komin inn fyrir EFTA-múrana og gætu flutt sínar EFTA-vörur til annarra EFTA-landa frá Íslandi. Þetta var ákaflega sterk röksemdafærsla hjá viðreisnarstjórninni og þeim mönnum, sem að henni stóðu.

Frá þessari stefnu hefur verið gersamlega horfið af núv. ríkisstj. Henni hefur verið hafnað algerlega, og það eru staðlausir stafir, þegar hv. þm. Jóhann Hafstein segir, að ég hafi boðið erlendum fyrirtækjum raforku fyrir eitthvað tiltekið verð. Ég hef ekki boðið einu einasta erlendu fyrirtæki raforku fyrir nokkurt verð. Ég hef hins vegar verið að kanna, hvort erlend fyrirtæki væru tilbúin til samvinnu við okkur á þeim forsendum, að Íslendingar ættu meiri hluta í slíkum fyrirtækjum, sem lytu íslenzkum lögum í einu og öllu. Og það hefur komið í ljós í þessu sambandi, að það er mjög víðtækur áhugi á samvinnu af þessu tagi. Það kemur í ljós, að okkur Íslendingum bjóðast ákaflega margir valkostir á þessu sviði, ef við kærum okkur um að fara inn á þessa braut. En þarna er ekki um það að ræða að selja erlendum aðilum raforku. Þarna er um það að ræða, að Íslendingar sjálfir hefji iðnþróun, sem verður að meiri hluta til í eigu þeirra. Þetta er þveröfug stefna á við þá, sem framfylgt var í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Þetta er alger stefnubreyting. Hins vegar fagna ég því, að þessi hv. þm. og aðrir flokksbræður hans segjast nú vera stuðningsmenn þessarar stefnu og vilja taka þátt í að framkvæma hana. Ég vil sannarlega, að Íslendingar vinni sem bezt saman um framþróun á þessu sviði. En af hálfu núv. ríkisstj. verður þetta ekki gert nema á þeim forsendum, að þarna verði um að ræða fyrirtæki, sem starfa samkv. íslenzkum lögum, eru að meiri hluta til íslenzk og lúta íslenzkum fyrirmælum í einu og öllu.

Það var ákaflega margt í þessari endurminningarræðu hv. þm., sem hægt hefði verið að víkja að, en við höfum svo oft deilt um þessi mál hér á þingi, ég og hv. þm., að ég held, að við endurtökum okkur anzi mikið, ef við förum að kafa niður í þá hluti. Við eru t. d. búnir að ræða ákaflega oft hér á þingi um raforkuverðið og þann samning, sem gerður var við álbræðsluna. Hann minntist á það hér áðan. Ég held, að ég fari ekki að endurtaka það, sem ég hef áður sagt. Ég held, að reynslan hafi staðfest það í einu og öllu, að það var rétt, sem þar var haldið fram, því að nú veit öll þjóðin, að á sama tíma og erlent fyrirtæki situr að raforku, sem kostar 22 aura kwst., framleiðir næsta raforkufyrirtæki, sem ráðizt verður í, orku, sem kostar 35 aura á kwst., þannig að við Íslendingar og okkar fyrirtæki verðum að sætta okkur við að greiða fyrir raforkuna miklu hærra verð en þessi erlendi aðili, sem samið var við. Og ég reiknaði þetta dæmi einhvern tíma út hvernig það hefði komið út á samningstímabilinu, ef samið hefði verið um, að álbræðslan borgaði þá þegar það verð, sem nú er talið alveg eðlilegt í heiminum, 4 mill. Nú tala allir um það sem hreint lágmarksverð. Ef samið hefði verið um slíkt verð, þá hefði það fært okkur Íslendingum, ef ég man rétt, um 5 milljarða kr. Það er ámóta mikið og Sigölduvirkjun kemur til með að kosta. Það er dýrt að gera lélega samninga.

Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um iðnlánasjóð, þá er ég sammála hv. þm. um, að það verður að tryggja iðnlánasjóði talsvert aukið fjármagn frá því, sem nú er, og á vegum iðnrn. hefur verið að því unnið að bera fram till. um það efni, og ég geri mér vonir um, að slíkar till. verði lagðar fyrir þetta þing. Ég hygg, að það sé skynsamlegt að hafa annan hátt á en þann að tiltaka ákveðna upphæð í lögum. Það vill oft verða svo, að slíkar upphæðir standa fulllengi og verða þá minni og minni að raunverulegu verðmæti, og auk þess er oft erfitt að fá nauðsynlegar hækkanir á upphæðum, sem reynt er að leggja til á fjárl., t. d. þegar erfiðleikar eru á að ná endum saman í sambandi við fjárlög, eins og oft vill verða. Ég tel því, að það þurfi að leysa þetta mál út frá öðrum forsendum. En sem sagt, ég er sammála hv. þm. um, að það þarf óhjákvæmilega að efla iðnlánasjóðinn og ekki sízt í sambandi við þau iðnþróunaráform, sem nú eru framundan.

Hv. þm. vék að því, að ég hefði greint frá því nýlega, að verið væri að vinna á vegum iðnrn. að iðnþróunaráætlun fram til ársins 1980 með aðstoð sérfræðinga frá Sameinuðu þjóðunum. Og hann kvartaði undan því, að ég hefði verið að tala um þetta, án þess að í þessu fælist stefnumörkun af hálfu núv. ríkisstj. Það er alveg rétt. Málið er ekki komið á það stig, að hægt sé að tala um stefnumörkun í þessu sambandi. En það eru dálítið harðir kostir, ef við ráðh. megum ekki ræða um okkar málaflokka og gera grein fyrir hugmyndum okkar um þróun þeirra og þau verkefni, sem verið er að vinna að, án þess að það þurfi að vera einhver stimpluð stefnumörkun. Ég er hræddur um, að við yrðum þá æðioft að láta það vera að taka þátt í umr. hér á Alþ.

En í sambandi við þetta frv. til l. um breyt. á l. um iðnlánasjóð, rak ég augun í atriði, sem vakti undrun mína, Á bls. 2 er fskj., sem nefnt er fskj. I. Iðnlánasjóður, greiðsluyfirlit 1970—1973, og þar er birt áætlun fyrir árið 1973. Nú er mér kunnugt um það, að stjórn iðnlánasjóðs hefur ekki gert neina slíka áætlun og engin slík áætlun hefur verið lögð fyrir iðnrn., þannig að mér er ekki ljóst, hvaðan hv. þm. hefur

þessar tölur. Það má vel vera, að hann hafi reiknað þetta út sjálfur, og það er ekkert við það að athuga. Það er ágætt, að menn sitji hver í sínu horni og reikni út. En ég kann ekki almennilega við það, að þetta sé birt hér sem fskj. I eins og þetta sé eitthvert opinbert plagg, því að slíkt plagg um þetta efni er hreinlega ekki til. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður að sjálfsögðu kannað af hv. þm. eins og þær till., sem ég geri mér vonir um að leggja fram síðar á þessu þingi.

Pétur Pétursson: Herra forseti: Ég kom aðeins til þess að lýsa stuðningi mínum við það frv., sem hér liggur fyrir, um eflingu iðnlánasjóðs. Mér fannst koma fram hjá hæstv. iðnrh., að hann teldi kannske ekki rétt að hafa þennan hátt á, heldur að fjáröflun yrði hagað á annan hátt. Ég skal ekki neitt fullyrða um það, að sá annar máti sé ekki eins góður og þessi. En kjarni málsins er sá, að mér fannst hæstv. iðnrh. vera sammála því, að það þyrfti að efla iðnlánasjóð verulega, eins og hér er lagt til, hvort sem það er gert á þennan hátt eða annan. Þetta er kjarni málsins. Og það er ekki bara iðnlánasjóður, heldur fjármögnun iðnaðarins yfirleitt.

Ég skal ekki blanda mér á nokkurn hátt inn í þær umr., sem hér hafa orðið um stefnumörkun fyrrv. ríkisstj. eða iðnbyltingu núv. ríkisstj., en mér hefur fundizt stundum nú upp á síðkastið, að það sé samt svo enn þá, að iðnaðurinn sé flokkaður sem einhvers konar annars flokks atvinnuvegur. Og það er þetta, sem ég kann ómögulega við. Hæstv. iðnrh. sagði, að iðnaðurinn væri höfuðatvinnugrein landsmanna. Þetta er náttúrlega alveg rétt. En enn eru nú ekki komin þau loforð, sem ágæt lög frá síðasta þingi gerðu ráð fyrir. (Gripið fram í: Loforðin eru komin.) Loforðin eru komin, framkvæmdirnar hafa ekki komið. Það er búið að taka mánuði að koma einhverjum reglugerðum á varðandi þetta og virðist vera býsna þung þraut. Ég tel ekki, að það sé hægt að flokka iðnaðinn sem sams konar atvinnuveg og fiskveiðar og landbúnað, fyrr en hann er í nákvæmlega sömu tröppu, að því er varðar afurðalán til sinnar framleiðslu.

Ef ég mætti bara nefna eitt lítið dæmi um áhugann fyrir útflutningi iðnaðarins, þá sé ég í frv. til fjárl. nú, að gert er ráð fyrir, að Útflutningsmiðstöðin, sem að mínu mati hefur unnið ágætt starf, á að fá sömu upphæð og hún fékk í fyrra og hittiðfyrra. Og þetta getur náttúrlega ekki með nokkru móti gengið. Það þarf enginn að segja mér, að iðnaðurinn eflist að neinu ráði, fyrr en útflutningur á honum getur orðið verulegur. Það var tekið mjög myndarlega á útflutningsmálum lagmetisiðnaðarins á síðasta þingi, og alveg það sama þyrfti að gerast í sambandi við almennan iðnað. Það er ekki nóg að tala fallega um þetta og gera till. um iðnbyltingu, ef allir þættir þessara mála eru ekki látnir fylgjast að. Og markaðsmálin eru sannarlega þáttur, sem þarf að taka myndarlega á. Ég held nefnilega, að iðnaðurinn mundi aukast og vaxa ótrúlega mikið, ef hann hefði sæmilegt fjármagn í iðnlánasjóði og ef hann fengi afurðalán, rekstrarlán á svipaðan hátt og aðrir atvinnuvegir fá. Ég held m. ö. o., að af fjármagnsvöntun hafi stafað mestu erfiðleikarnir á undanförnum árum. Nú er það að vísu svo, að það er farið að þrengja dálítið að hjá iðnaðinum eins og sjálfsagt öðrum atvinnuvegum, og það verður kannske dálítið erfitt að reka ýmis iðnaðarfyrirtæki nú á næstu missirum. En hvað sem því líður, ef lánakerfi iðnaðarins kæmist í það horf, sem þarf og hefur verið lofað að verði, þá álít ég, að mörg vandamál iðnaðarins mundu leysast og iðnaðurinn mundi dafna á ótrúlega skömmum tíma.

Þessi útflutningsmál iðnaðarins eru að mínu mati ekki nærri nógu mikið í sviðsljósinu. Ef við ætlum að efla léttan iðnað, sem við og ætlum, þá verðum við að vinna skipulegt starf í sambandi við markaðsmálin í heild. Það er verið að gera þetta í sambandi við lagmetisiðnaðinn, og ég geri mér miklar vonir um, að þar geti orðið verulegur árangur. En iðnfyrirtækin geta hvorki þetta né neitt annað, ef þau fá ekki þá fyrirgreiðslu, sem þau eiga að fá og þeim ber, og ég vil leggja áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. taki nú verulega til endurskoðunar, hvort það er ekki rétt að hækka dálítið framlagið til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru fáein atriði, sem ég þarf að víkja hér að í þessari ræðu.

Í fyrsta lagi er það, að hæstv. iðnrh. hafði við það aths. að gera, að hér er fskj. með þessu frv., þar sem getið er áætlunar um greiðsluyfirlit 1973 og einnig 1972, og honum fannst það vera nokkuð frekt, ef ég má nota það orðatiltæki, að það væri verið að birta hér í þskj. áætlun fyrir 1973, áður en nokkur áætlun hefði verið gerð um það í iðnrn. eða hann hefði fengið að sjá hana. Nú vil ég minna hæstv. iðnrh. á það, að hér eru nú í þinginu reknar skrifstofur allra þingflokka á kostnað þess opinbera til þess að veita þingflokkunum sérfræðilega aðstoð. Og þessar skrifstofur hafa miklu greiðari aðgang en menn höfðu áður að opinberum skrifstofum, sem eru að vinna að rannsóknum og áætlanagerð í málum, og þar er þess vegna engin leynd yfir atriðum, sem kannske var erfitt að toga út úr mönnum áður. Hvernig má gera ráð fyrir, að greiðsluyfirlit hjá sjóði eins og iðnlánasjóði verði á næsta ári. Hvað verða tekjurnar miklar? Hvað er líklegt, að tekjurnar verði miklar? Og hvað er líklegt, að hægt sé að veita mikil lán o. s. frv.? Hver er kostnaðurinn af rekstrinum? Þetta eru auðvitað ekki leyndardómar. Og ef það er einhver synd hjá þm. að grafast eftir þessum atriðum, — hvort sem það er gert beint hjá viðkomandi stofnun af þm. sjálfum eða fyrir tilstilli þessara skrifstofa, sem launaðar eru af opinberu fé til þess að afla upplýsinga og veita sérfræðilega aðstoð, afla upplýsinga hjá opinberum skrifstofum ríkisins, eins og Framkvæmdastofnuninni og ýmsum sjóðum, þá held ég, að það væri vissara fyrir hæstv. iðnrh. að vera ekki að fara með neinar tölur eða iðnþróunaráætlun, sem ekki er til. (Gripið fram í.) Nei, ég er að tala um iðnþróunaráætlunina. (**Iðnrh.:** Já, ég

er að tala um þessa áætlun hérna.) Jú, þetta er greiðsluyfirlit sjóðsins, og hæstv. iðnrh. hlýtur *að gera sér grein fyrir hvert greiðsluyfirlit sjóðsins er.* Það er áætlun um þær tekjur, sem koma inn í sjóðinn, og hverju sé hægt að ráðstafa úr sjóðnum. Það er engin leynd yfir því. En ef það er talin dauðasynd að reyna að verða sér úti um upplýsingar um greiðsluyfirlit opinberra sjóða eins og iðnlánasjóðs, þá sagði ég það og endurtek, að þá finnst mér, að hæstv. iðnrh. ætti að fara varlega í að birta í útvarpi og sjónvarpi og annars staðar upplýsingar úr iðnþróunaráætlun, sem ekki er til. (**Iðnrh.**: Ég tel það ekki neina dauðasynd.) Það er engin dauðasynd, nei. Þá erum við kannske kvittir.

Varðandi það, sem hæstv. iðnrh. sagði, að iðnaðurinn hefði dregizt saman á árunum 1964—1967, þá er þetta misskilningur hjá hæstv. iðnrh., og ég verð að leiðrétta það. Hann hefur ekki gert sér nægjanlega grein fyrir því, hvernig þróunin hefur verið í iðnaðinum. Það getur verið, að samdráttur hafi orðið í einstökum iðngreinum á þessu tímabili. En í heild var framleiðsluaukning í iðnaðinum. Og ég hef hér fyrir framan mig úr skýrslu iðnrn. um íslenzka iðnaðinn og EFTA töflu um magnvísitölur iðnaðarframleiðslunnar frá 1960—1967, og þá lítur dæmið þannig út, ef miðað er við 1965 og iðnaðarframleiðslan þá sett 100, að iðnaðarframleiðslan, magnframleiðslan 1960 er 78.7 og 1961 79.4, 1962 87.8, 1963 93.8, 1964 97.7, 1965 100, 1966 103.4. Það er aukning öll þessi ár í iðnaðarframleiðslunni, en ekki samdráttur, en hann er dálitið mismunandi í greinum og sums staðar er hann talsvert miklu meiri og sums staðar minni. En í heild er niðurstaðan þessi.

Hæstv. iðnrh. *segir*: Nú er iðnaðurinn höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar. — Hann hefur nú ekki orðið það á þessu hálfu öðru ári, sem núv. ríkisstj. hefur setið við völd, og þetta er ágætur vitnisburður. Hann er líka í samræmi við það, sem kemur fram í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar. Hún hefur nú verið birt eða send okkur þm., og þar er beinlínis tekið fram, — ég hef ekki skýrsluna fyrir mér, svo að ég get ekki lesið orðrétt upp úr henni, — að framþróun í framleiðsluaukningu og framleiðniaukningu í iðnaði hefur verið stórkostleg á árunum 1969, 1970 og fram á árið 1971 og meiri aukning og meira blómaskeið iðnaðarins en nokkru sinni áður frá því árið 1960. Og það er þessi framþróun, sem núv. hæstv. ríkisstj. kemur til að reyna að halda áfram, og ég óska henni alls góðs á því sviði. En eigi framþróunin að halda áfram, verður að ganga betur hér en á ýmsum öðrum sviðum hjá hæstv. ríkisstj., og vona ég vissulega, að svo verði.

Hæstv. ráðh. er að tala um stefnubreytinguna, sem orðið hefur. Þetta er hann oft að tala um. Það eru *sennilega fleiri en ég, sem eiga erfitt* með að skilja þetta, því að hann gefur sér forsendur, sem eru rangar, er alltaf að gefa sér þær forsendur, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekkert viljað nema erlendan iðnað, þar sem erlendu fyrirtækin ættu meirihluta í fyrirtækjunum eða öll fyrirtækin. Þetta er algjörlega rangt, Ég las m. a. upp stefnumótun fyrrv. ríkisstj. frá 1966. Ég vitnaði til þess, að Kísiliðjan hefði verið reist hér, sem er eitt af stærstu iðnfyrirtækjunum, að meiri hluta eign ríkisins. Sett voru lög um olíuhreinsun, þar sem í löggjöfinni er gert ráð fyrir meirihlutaeign ríkisins (**Iðnrh.**: Samkv. till. frá mér.) Jú, jú, en það hins vegar hefði ekki farið í gegn, ef ríkisstj. hefði ekki viljað hafa frv. þannig. Þetta er ekkert nýtt. En það þýðir ekki að vera að tala við menn, sem gefa sér rangar forsendur, þó að það sé margbúið að benda mönnum á það. Og ég hef sagt frá því, að það hefur verið rætt við önnur iðnfyrirtæki um margvíslega aðild Íslendinga að erlendum orkufrekum iðnaði, þannig að útlendingarnir ættu minni hl. eins og reyndin er á sumum sviðum, að þeir ættu fyrirtækið allt, eins og er um álbræðsluna vegna sérstakra ástæðna, að þeir ættu meiri hlutann fyrst, en um það væri samið, að á tilteknu árabili, 5—10 ára bili, eignuðust Íslendingar meiri hlutann, og loks man ég eftir þeirri hugsanlegu aðferð í þessu efni, að erlendir aðilar reistu fyrirtæki og afhentu það Íslendingum eftir 15 ár. Þeir, sem við áttum þá viðræður við, sögðu sem svo: Við erum búnir að afskrifa fyrirtækið á þessum tíma, og það getur þess vegna orðið eign ykkar eftir þann tíma. *Fleira kemur að sjálfsögðu til. Fleiri atriði* koma til álita í þessu sambandi, og það kom m. a. til álita það form á álbræðslu, að við reistum álbræðslu í samvinnu við vissa aðila, erlenda aðila, þannig að við reistum álbræðsluna einir, ættum hana einir, þeir legðu til allt fjármagnið í hana og við borguðum fjármagnið til baka með framleiðslu fyrirtækisins, eftir því sem samningar yrðu gerðir þar um. Þetta er eitt formið enn, sem um var rætt. Þess vegna hefur aldrei verið neitt skilyrði eða nein stefna fyrrv. ríkisstj., hvorki að formi til né í reynd, að erlendir aðilar ættu meiri hl. í fyrirtækjunum eða Íslendingar ættu ekki meiri hl. Þetta er algerlega rangt. Mér þykir leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skuli alltaf þurfa að vera að staglast á þessu sama og telja það svo stefnubreytingu hjá sér, þegar hann *vill leggja áherzlu á, að Íslendingar* eigi nú meiri hl. í fyrirtækjunum. Og Kísiliðjan er t. d. fyrir hendi, þar sem við eigum meiri hl. Þetta er auðvitað engin stefnubreyting.

Hann talaði um, að við vildum selja raforkuna erlendum fyrirtækjum. Er það ekki það, sem hann hefur sjálfur verið að tala um, að hann vildi gera? Hann kom heim frá Svisslandi og það var viðal við hann í Þjóðviljanum. Í því blaði er hægt að finna það, að þá segir hann, að hann hafi rætt um 35 aura á kwst. sem kostnaðarverð raforkunnar. Og hann segir líka í Þjóðviljanum í sept. 1971, þegar blaðaviðtal var við hann, að hann hafi orðað 35 aura sem hugsanlegt verð við marga aðila erlenda, sem hann hafi rætt við eða iðnrh. hafi átt viðræður við, og þeim ofbjóði það ekkert. Hann hefur *boðið í þessum báðum tilfellum samkv. eigin* sögn, — ég hef hans eigin orð fyrir því, — erlendum aðilum eða orðað við þá að selja raforkuna á kostnaðarverði, því að í sömu greinum er talað um 35 aura sem kostnaðarverð. Og ég benti á það, að í einmitt einu af þessu viðtali bætir hann við: Og eitthvað þyrfti að verða umfram kostnaðarverðið. Þetta líkaði mér vel, og þetta er einmitt það, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj.

gerði. En svo er hægt að búa til ævintýrasögur um það, að ef svissneska álfyrirtækinu hefði verið seld raforka á 35 aura kwst., væri hægt að byggja Sigölduvirkjun fyrir það, sem Íslendingar hefðu hagnazt á þeirri sölu, frá því að byrjað var að selja raforkuna til álbræðslunnar. Það hefði engin álbræðsla orðið til með 35 aura verði á kwst., þegar samið var við Íslenzka álfélagið. Þetta er auðvitað alveg út í bláinn. Verðgildi peninganna breytist, og verðgildi raforkunnar breytist o. s. frv., og það er auðvitað mikilvægt, að á þessum tíma, sem nú er liðinn, hefði raforkan, sem Íslendingar sjálfir hefðu fengið frá þessari virkjun, Búrfellsvirkjun, orðið allt upp í fimmfalt dýrari án álbræðslu heldur en með álbræðslu. Það liggja fyrir skýlausar áætlanir sérfræðinga um það efni. Þær eru allar langt fram í tímann. Ég held, að ég muni það rétt, að 1980 mundi orkuverðið hafa verið frá álbræðslunni fyrir Íslendinga sjálfa um 60—70% hærra, ef virkjað hefði verið án álbræðslu heldur en með álbræðslu, svo að okkur hefur orðið stórkostlegur hagur af raforkusölusamningnum við Svisslendingana. Þetta er öllum ljóst, og ég veit, að hæstv. iðnrh. er það alveg fullkomlega ljóst. Hann er það glöggur maður, töluglöggur líka, eins og sagt er. En hann heldur sjálfsagt áfram að segja ýmislegt, sem hann sagði áður og vildi kannske hafa látið ósagt.

Það er gaman að telja sér sjálfum trú um, að það hafi verið gersamlega horfið frá stefnu fyrrv. ríkisstj. og tekin upp þveröfug stefna. Og svo er ráðh. sjálfur á þeytingi við að semja við erlenda aðila um stórfyrirtæki og kemur heim og segir, að það þurfi að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf Íslendinga, — maður kannast bara við orðalagið: að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið. Það er orðalag upp úr ýmsum ágætum ræðum, sem fluttar hafa verið í sambandi við stóriðju hér, þegar þessi hæstv. ráðh. var ekkert umhugað um stórvirkjanir eða stóriðju. Þegar við vorum að samþykkja hér frv. til l. um Sigölduvirkjun og Hrauneyjarfoss, vildi hæstv. ráðh. láta það bíða síns tíma, en virkja 30 megawatta virkjun annars staðar á Suðurlandi. En hinar virkjanirnar, sem um var að ræða, voru 150—170 megawatta virkjanir hvor um sig, virkjun Sigöldu og Hrauneyjarfoss. En það er alveg rétt, og það hef ég viðurkennt á opinberum vettvangi, að það er öfug stefna hjá hæstv. núv. iðnrh. frá því, sem áður var, að því leyti til, að hann vill byggja raforkuverin án þess að hafa nokkra hugmynd um, hvort hann getur selt raforkuna. Og það telur hann vera mestu búhyggingdin.

Við litum á það á sínum tíma sem mjög mikilvægt, að hægt væri að hefja stóriðju hér á landi með byggingu stórvirkjunar í Þjórsá, stærsta vatnsfallinu, við Búrafell, og við, sem þá stóðum að þessum málum, töldum, að við værum í verulegu kapphlaupi við tímann. Eftir því sem við gætum hraðað okkur meira, værum við betur stæðir, vegna þess að engin orka, sem við þekkjum í dag, getur keppt við afskrifaðar vatnsaflsvirkjanir. Við höfum verið heppnir Íslendingar að því leyti, og það er heppni fyrir okkur, að þróunin í raforkuframleiðslu með kjarnorku hefur ekki gegnið eins hratt og sumir héldu og orkuverðið er alls ekki eins lágt og menn höfðu búizt við.

Ég skal svo ekki eyða meiri tíma í umr. eins og þessar hér. Ég legg auðvitað áherzlu á, að iðnlánasjóður verði efldur, og ég vil mælast til samstöðu við hæstv. iðnrh. um það á þinginu, annaðhvort með þessu móti eða öðru. Ég get sagt það, að mér finnst það ekki skipta máli, ef iðnaðurinn, — eins og hæstv. ráðh. vék aðeins að, — ef iðnlánasjóði væru tryggð einhver önnur tekjuefni í einhverju öðru formi. Aðalatriðið er að hann eflist sem iðnlánasjóður. En annað það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., finnst mér ekki ástæða til að ræða frekar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er það, að hæstv. iðnrh. fór hér með margþvæld ósannindi úr ræðustól á Alþingi varðandi þau ummæli, sem ég á að hafa haft í sjónvarpsþætti, þar sem við áttumst við fyrir einum tveimur árum eða kannske rúmlega það. Skömmu eftir að sá sjónvarpsþáttur var sýndur, — ég held nokkrum vikum eða mánuðum, — þá fann Þjóðviljinn það út, að ég hefði haldið því fram, að við Íslendingar ættum að byggja hvorki meira né minna en 20 álbræðslur. Það, sem ég sagði í þessum þætti, var að við ættum ónotaða fallvatnsorku, hagkvæma orku, sem svaraði til notkunar 20 verksmiðja á borð við álbræðsluna. Það var tilefni þessara ósanninda.

Sannleikurinn er sá, að auðvitað hefur hvorki mér né neinum manni öðrum dottið í hug, að við Íslendingar ættum að byggja álverksmiðjur, sem framleiddu ál, sem svaraði nokkurn veginn til allrar heimsframleiðslunnar. Auðvitað eigum við að hafa iðnvæðingu okkar á fleiri en einu sviði. Og raunar er það svo, að ég efast um, að það sé rétt stefna, sem hæstv. iðnrh. boðaði, þegar hann kom úr veizluhöldunum hjá vinum sínum í Alusuisse, að byggja ætti aðra álbræðslu í samvinnu við þá. Hann vildi byggja bræðslu nr. 2 nú á næstu árum, ef ég hef skilið orð hans rétt. Ég tel, að við eigum að leggja megináherzlu á að byggja iðnað á öðru sviði en álframleiðslu á næstunni, þó að sjálfsagt sé að athuga það að byggja aðra álbræðslu síðar meir, t. d. í tengslum við Austfjarðavirkjun, sem við öll hljótum að vona, að byggð verði, áður en mjög mörg ár líða. Ég held, að heppilegra væri núna að einbeita sér að sjóefnaverksmiðju og málmblendiverksmiðju, en fylgja ekki ráðum hæstv. iðnrh. um að leggja meginkapp á að byggja aðra álbræðslu. Hann virðist ekkert sjá annað en ál nú orðið, þó að öðruvísi brygði manni áður við.

Annars talaði hæstv. iðnrh. um, að það kvæði við annan tón hjá hv. 1. þm. Reykv. en áður hefði verið. Ekki varð ég þess nú var. Hv. 1. þm. Reykv. hefur alla þá tíð, sem ég hef þekkt hann, talað um iðnað og stóriðju og viljað iðnvæða þetta land. Hins vegar minnist ég þess ekki, að þegar talað var um stóriðju hér áður, þá hafi hæstv. núv. iðnrh. verið sérstakur talsmaður þeirrar stefnu. Hann fann henni þá allt til foráttu. Hann hélt því fram, að aldrei yrði

hægt að nota nema takmarðaða orku í Þjórsá, vegna þess að þar mundi allt saman farast í ís að vetrarlagi. Þetta var ein af hans röksemdafærslum. Hann hélt því fram, að við Íslendingar yrðum hálfnýlenda, ef við færum að hafa samstarf við fjármagnseigendur um byggingu stóriðju á Íslandi, og annað var í þeim dúr.

Honum varð það á hér áðan að tala um EFTA. Ég man ekki betur en þessi maður hafi allra manna harðast barizt gegn inngöngu okkar í EFTA. Við gengum þó í EFTA, og nú nýlega gerði vinstri stjórnin samning við Efnahagsbandalag Evrópu, til þess að unnt væri að iðnvæða Ísland og til þess að það yrði sannmæli héðan í frá eins og hingað til, að iðnaðurinn væri einn af höfuðatvinnuvegunum, eins og hæstv. ráðh. komst að orði, vegna þess að okkur er knýjandi nauðsyn að flytja út iðnaðarvörur, ef við ætlum að vera verulegt iðnaðarframleiðsluland. En hann barðist sem sagt hatramlegast allra manna gegn því, að við gengjum í EFTA, og samningar við slíka ógnarstofnun sem Efnahagsbandalag Evrópu komu auðvitað ekki til mála, meðan hann var ekki í ríkisstj., þó að allt sé það gott og blessað núna.

Að því er raforkuverðið varðar, þá nefndi nú hæstv. iðnrh. sjálfur þessa 35 aura hér í ræðupúltinu. Hann sagði, að heimsmarkaðsverð á raforku nú væri 4 mill, það eru nákvæmlega 35 aurar. Ég vil halda því fram, að í samningum þeim, sem nú er verið að reyna að gera við Alusuisse að forlagi hæstv. iðnrh., — sendimenn hans voru erlendis núna fyrir nokkrum dögum, og farið er alllaumulega með þessa samninga, — ég vil halda því fram, að 35 aura verð nú sé sízt hagstæðara en það verð, sem samið var um á sínum tíma. Ber þar margt til. Í fyrsta lagi er virkjunarkostnaður mjög miklu hærri nú en þá var. Í öðru lagi er þetta verð miðað við Bandaríkjadollar, sem mjög hefur fallið í verði, eins og menn vita. Þar að auki hefur heimsmarkaðsverð hækkað á raforku gagnstætt því, sem við ætluðum. Það er rétt, við héldum, að kjarnorkuraforka yrði fyrr samkeppnisfær við vatnsaflsorkuna en raun hefur á orðið, en heimsmarkaðsverðið er, eins og hæstv. ráðh. réttilega gat um, a. m. k. 4 mill nú í dag, og er það auðvitað mjög ánægjulegt. En með hliðsjón af því hljótum við líka að verða að fá hærra verð en áður, því þetta markaðsverð hefur farið hækkandi, en ekki lækkandi.

Hæstv. ráðh. talaði um stefnubreytinku, hv. 1. þm. Reykv. hefur reyndar fjallað um það. En þess má gjarnan minnast, að það var ekki eingöngu í löggjöfinni um olíuhreinsunarstöð, sem talað var um, að Íslendingar ættu meiri hluta. Það var í öllum viðræðum við útlendingana frá upphafi rætt um, að Íslendingar ættu 55% og þeir 45%, og þeir voru fúsir til að starfa á þeim grundvelli. Ég minnist þess, að þá var dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð nánast talað um mig og aðra þá, sem að þessum málum unnu, í blaði, sem hæstv. iðnrh. var ritstjóri fyrir, sem landráðamenn.

Menn hafa haft á því orð, að ræður hæstv. iðnrh. væru fengnar að láni. Fyrir nokkrum dögum var talað hér um aldraða, og hæstv. iðnrh. flutti þá einhverja beztu ræðu, sem ég hef heyrt og þá langbeztu, sem hann hefur nokkurn tíma flutt. En hún var stolin kosningaræða sjálfstæðismanns, eins og einn af þm. gat hér um. Það var mjög ánægjulegt að hlýða á þá ræðu, og margir sjálfstæðismenn, sem gjarnan vildu eigna sér hana, sögðu, að þeir hefðu samið þetta hér fyrr á árum. En hæstv. iðnrh. sagðist algerlega hafa hafnað þeirri stefnu í iðnaðarmálum, sem fyrrv. ríkisstj. fylgdi, og hann talaði um, að ef hann og hv. 1. þm. Reykv. færu hér að flytja gömlu ræðurnar sínar, þá yrði um mikla og leiðinglega endurtekningu að ræða. Það er nú svo, að ég býst við því, að hv. 1. þm. Reykv. mundi endurflytja sínar ræður nokkurn veginn, hann hefur ekki breytt um skoðun. En umr. yrðu raunar enn þá — við skulum segja leiðigjarnari en hæstv. iðnrh. gat um, vegna þess að hann mundi líka flytja ræður hv. 1. þm. Reykv. eða okkar, sem börðust fyrir stóriðju. Hann er búinn að taka upp flest það, sem við börðumst fyrir, og ég er honum mjög þakklátur fyrir það, innilega þakklátur. Þessi vinstri stjórn, — eitt af því góða við hana, það er ekki mjög margt, — en eitt af því góða við hana er, að í framtíðinni verður mun auðveldara að vinna fylgi fyrir stóriðju á Íslandi, vegna þess að stjórnarsinnar hafa látið af öllum árásum á þá stefnu og reynt að gera hana að sinni. Og fyrir það er ég mjög þakklátur og vona, að hæstv. iðnrh. breyti ekki um skoðun aftur.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég held, að það verði nú naumast sagt, að hv. síðasti ræðumaður hafi lyft þessum umr. á hærra stig, og ég nenni nú eiginlega ekki að pexa við hann á þann hátt, sem hann viðhafði í sinni ræðu.

Því var haldið fram, bæði af hv. 1. þm. Reykv., Jóhanni Hafstein, og honum, að ég hefði rangfært fyrri ummæli þeirra. Að málflutningi, tóni og viðhorfum hv. þm. Jóhanns Hafsteins eru nú hér á hinu háa Alþ. ákaflega mörg vitni, og ég er sannfærður um, að þessi vitni geyma í huga sínum minningarnar um stefnu þessa hv. þm., og að ummælum hv. þm. Eyjólfs Konráðs hafa vafalaust verið vitni, sem skiptu nokkrum tugum þúsunda í landinu, og ég held, að það sé ákaflega erfitt að má út þá persónulegu endurminningu verulegs hluta landsmanna með neinum orðum, sem þessi hv. þm. segir hér núna. Þá tók öll þjóðin eftir því, hvað hann var að boða og það tók öll þjóðin eftir því, hvert var stefnt af fyrrv. ríkisstj. Ég er alveg sannfærður um, að það var einmitt þessi stefna, þessi ótrú á getu okkar Íslendinga til að byggja upp atvinnuvegi, sem við ættum sjálfir og réðum yfir sjálfir, sem var meginástæðan fyrir því, að viðreisnarflokkarnir töpuðu meiri hluta sínum í síðustu kosningum. Ég er alveg sannfærður um, að þetta var meginástæðan. Hitt má vel vera, að þessir menn læri af reynslunni, og vissulega bæri að fagna því.

Ég vil leiðrétta nokkur ummæli, sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni. Hann sagði, að ég hefði boðað, að næst ætti að byggja ál-

bræðslu á Íslandi í samvinnu við Alusuisse. Þetta hef ég aldrei boðað. Ég átti viðræður við forustumenn álhringsins, m. a. um það, að ég hefði með reglugerð sett þau fyrirmæli, að koma ætti upp hreinsitækjum í álbræðslunni í Straumsvík. Það er eina álbræðsla Alusuisse í heiminum, sem þeir starfrækja án þess, að lágmarksþrifnaðar sé gætt. Þessi reglugerð hefur verið sett, og ég átti þessar viðræður við forustumenn Alusuisse, m. a. til að leggja á það þunga áherzlu, að þetta fyrirtæki yrði að hlíta þessari reglugerð eins og önnur fyrirtæki á Íslandi. Einnig í þessu birtist ákaflega greinilega munurinn á stefnu núv. ríkisstj. og þeirrar fyrrv., því að í samningum við álhringinn voru sannarlega gerðir margir aðrir hlutir en þeir að fallast á raforkuverð, sem sannanlega nær ekki tilkostnaðarverði. Það var einnig samið um þetta atriði með hreinsitækin, og það var samið um, að ágreiningsefni milli íslenzkra stjórnarvalda og þessa fyrirtækis skyldu útkljáð, ekki af íslenzkum dómstólum, eins og öll önnur fyrirtæki á Íslandi verða að sjálfsögðu að una, heldur af alþjóðlegum gerðardómi, og það er ekki hægt að hugsa sér meiri lítillækkun en þáv. ríkisstj. gerði sig seka um með því að semja um atriði eins og þetta. Ég gerði einnig Alusuisse grein fyrir því, að núv. ríkisstjórn. hefði tekið upp þá stefnumörkun, að fyrirtæki, sem kynni að verða komið upp í orkufrekum iðnaði, yrðu að vera í eigu Íslendinga að meiri hluta til og lúta íslenzkum lögum í einu og öllu. Og þá kom það í ljós, að þeir sögðust vera reiðubúnir til þess að ræða við okkur á þeim forsendum. Þeir sögðust vera reiðubúnir til þess að ræða það við okkur, hvort við teldum hagkvæmt, að byggð yrði önnur álbræðsla með þessari skipan, sem Íslendingar ættu að meiri hluta til. Þetta var þeirra hugmynd. Þetta var ekki mitt tilboð. Og ég hef ekki gert neinum aðila tilboð í þessu sambandi.

Hins vegar hef ég unnið að því að afla sem gleggstrar vitneskju um þá valkosti, sem okkur kunna að bjóðast á þessu sviði, og það kemur í ljós, að þessir valkostir eru ákaflega margir. Það verður að vinna að því á næstunni að vega og meta, hvaða valkostir okkur kunna að henta bezt út frá okkar eigin hagsmunum. Eftir því sem ég lít á, þá sýnist mér ég vera sammála hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni um, að það, sem virðist vera einna álitlegast nú, er málmblendiverksmiðja, sem gæti verið í eigu Íslendinga algerlega, og svo að sjálfsögðu sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi. Mér sýnist, eins og nú standa sakir, þessar líkur vera nærtækastar, en auðvitað verður að kanna þetta mál miklu betur, áður en hægt er að taka einhverjar ákvarðanir í því, en engu að síður verður að gera upp hug sinn um þetta efni innan ekki allt of langs tíma. Á þessum vetri, mundi ég ætla.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði hér rétt einu sinni, að ég hefði haldið því fram hér á þingi, að Búrfellsvirkjun mundi drukkna í ísvandamálum. Ég gerði grein fyrir því hér á þingi, að það væru ekki reiknaðar inn í tilkostnað Búrfellsvirkjunar óhjákvæmilegar aðgerðir til þess að afstýra mjög alvarlegum ísvandamálum við þessa virkjun. Ég benti á, að það yrði að leysa þennan vanda, og það hefur verið unnið að því að leysa hann síðan. Það hefur verið gert með sérstökum skolunarútbúnaði, sem ekki var reiknað með í upphafi, og það hefur sérstaklega verið gert með hinum miklu miðlunarframkvæmdum í Þórisvatni núna. En ég benti á, að tilkostnaðinn við þetta yrði að reikna inn í dæmið, þegar verið væri að reikna út kostnaðarverð á raforku frá Búrfellsvirkjun, og með því að reikna þennan tilkostnað inn í dæmið, þá kæmi í ljós, að þeir 22 aurar, sem álbræðslan borgar, eru undir kostnaðarverði.

Hv. þm. minntist einnig á afstöðu mína til EFTA. Ég vil gjarnan skora á hv. þm. að lesa þær ræður, sem ég flutti um aðildina að EFTA. Uggur minn í því sambandi var allur bundinn við þau áform fyrrv. ríkisstj. að hagnýta EFTA-samninginn til þess að laða hingað erlend fyrirtæki. Á þetta lagði ég megináherzlu í öllum mínum ræðum, að þarna teldi ég stóru hættuna vera. Þetta er ekkert, sem við neyðumst til þess að gera, en íslenzk stjórnvöld gátu gert þetta, og viðreisnarstjórnin hefði gert þetta, ef hún hefði verið áfram við völd.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði, að ég hefði sagt, að heimsmarkaðsverð á raforku væru 35 aurar. Það hef ég aldrei sagt. Ég sagði, að útreiknað verð á raforku frá Sigölduvirkjun væru 4 millj., en frá stórum kjarnorkuverum, sem nú er verið að byggja og verða meginuppspretta raforku, þar er verðið hvorki meira né minna en 7—8 mill. Þessir ágætu viðreisnarherrar héldu langar ræður um það, að við værum að missa af strætisvagninum, við yrðum að hagnýta orku fallvatna okkar sem allra, allra fyrst, því að annars stæðum við uppi með orku, sem við gætum ekki notað. Ég hélt því þá fram, að þetta væru algerlega rangar kenningar, og reynslan hefur staðfest þetta. (**Gripið fram í:**) Ekki man ég nú eftir því). Nei, en ég get ákaflega vel bent hv. þm. á það, að ég vék margsinnis að þessu. Ég vék t. d. að þessu, man ég var, á umræðufundi, sem ég átti með hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni á Hótel Borg á vegum Stúdentafélags Reykjavíkur. Þar ræddum við nákvæmlega þetta atriði, og ég vefengdi mjög þessar kenningar, enda hefur reynslan sannað, að þær eru alrangar. Verðlag á raforku og orku í heiminum hefur hækkað mjög stórlega að undanförnu, og það eru engar líkur til þess á næstunni, að raforkuverð frá kjarnorkuverum komist í námunda með að verða jafnódýrt og það er frá vatnsaflsverum, og raunar engar líkur á því, að það gerist, fyrr en leiðir finnast til þess að beizla vetnisorkuna. En þegar það gerist, þá er að vísu orkuvandamál veraldarinnar leyst til frambúðar, en það gerist ekki næstu árin.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði líka, að það væri laumulega verið að semja við álhringinn. Það er ekkert verið að semja við álhringinn. Það er verið að afla vitneskju, og leyndin er ekki meiri en svo, að ég átti viðtal við það blað, sem þessi hv. þm. ritstýrir, og skýrði blaðinu frá þessu í óspurðum fréttum, fyrir svo sem viku. Það er ekki leynd yfir nokkrum sköpuðum hlut í þessu sambandi. Það er verið að afla vitneskju, afla valkosta, til þess

að við getum síðan tekið ákvarðanir í samræmi við okkar eigin hagsmuni.

Hv. þm. Jóhanni Hafstein fundust það léleg búhyggindi, eins og hann sagði, að ákveða að ráðast í stórvirkjun án þess að hafa raforkukaupanda. Það var einmitt þetta, sem viðreisnarstjórnin ætlaði sér. Hún ætlaði sér að semja við einhvern erlendan aðila um, að hann keypti svo og svo mikið af orkunni frá Sigölduvirkjun, á svipaðan hátt og samið var við Alusuisse. Þetta var stefna fyrrv. ríkisstj., og þessari stefnu lýsti hv. þm. Jóhann Hafstein raunar í ræðu hér á Alþ. fyrir síðustu þingkosningar, að hann teldi ekki fært að taka ákvörðun um Sigölduvirkjun, án þess að slíkt lægi fyrir. En ég tel það algerlega ranga stefnu að framleiða raforku í því skyni að selja hana sem hráorku. Við eigum að líta á raforkuna eins og hráefni, og við eigum að keppa að því að fullvinna hana í landinu og selja hana síðan í sem allra dýrastri mynd, fullunna vöru. Þess vegna er okkar vandi sá að koma upp í tengslum við Sigölduvirkjun orkufrekum iðnaði, sem tryggir nákvæmlega þetta, sem gerir þessa raforku eins hagkvæma fyrir okkur og arðsama fyrir okkur og hægt er. Og þetta er sannarlega ekkert óyfirstíganlegt vandamál. Það blasir við, eins og ég sagði áðan, að þarna höfum við marga, álitlega valkosti, — valkosti, sem fela það í sér, að þarna er um að ræða fyrirtæki, sem eru hluti af íslenzku atvinnulífi og eiga að verða íslenzkri iðnþróun mikil lyftistöng.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék hér að olíuhreinsunarstöð og umr. um hana. Sú lagasetning, sem hér var minnzt á, var aðeins um það, að stofnað yrði hér undirbúningsfélag, sem kannaði, hvort hagkvæmt væri að ráðast í byggingu slíkrar stöðvar. Ég flutti tvær brtt. við það frv. á sínum tíma, aðra um það, að ríkið ætti þarna meiri hluta, og hin var um það, að sett yrði n. þriggja sérfræðinga um mengun, sem könnuðu þá hlið málsins jafnhliða. Á þessar till. mínar var fallizt af fyrrv. ríkisstj., og var ég að sjálfsögðu mjög ánægður með það. Þetta fyrirtæki, sem þarna var stofnað, bar það undir mig snemma á þessu ári, hvort ekki væri rétt að ráða brezkt fyrirtæki í að gera eins konar hagkvæmnisáætlun um byggingu slíkrar stöðvar á Íslandi. Þetta var gert, og niðurstöður þessa fyrirtækis eru komnar fyrir nokkru. Það voru kannaðir þar þrír mismunandi valkostir og niðurstöður þessa brezka fyrirtækis voru þýsna neikvæðar, þannig að ég geri ráð fyrir því, að þeir menn, sem teiknuðu upp glæsilegastar skýjaborgir um framtíð olíuhreinsunarstöðvar á Íslandi, muni telja mörg önnur verkefni nærtækari, a. m. k. á næstu árum.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðallega tvær aths. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. nú, að hann hefði rætt um það við fyrirsvarsmenn Alusuisse, svissneska álfyrirtækisins, að hugsanlegt væri, að það byggði álbræðslu á Íslandi í félagi við Íslendinga, þannig að Íslendingar ættu meiri hlutann. Þetta er ekkert nýtt. Það var gert ráð fyrir þessu í samningnum við Alusuisse, þegar þeir voru gerðir á sínum tíma, að það væru athugaðir möguleikar á að byggja álbræðslu á Norðurlandi, og það var sett n. á laggirnar í því sambandi og það var alltaf frá öndverðu hugsað um, að þeir væru aðilar og ekki nema minni hluta aðilar að þeirri álbræðslu.

Hann átaldi það, að í samningunum væri gert ráð fyrir úrskurði alþjóðlegs gerðardóms, — sem er hlutlaus gerðardómur, eins og hann er skipaður, — ef ágreiningur kæmi upp um aðalsamninginn milli Svisslendinga og okkar, og sagði, að núv. ríkisstj. vildi láta þá hlíta dómum hérlendra dómstóla, eins og öll önnur fyrirtæki verða að sætta sig við. Hæstv. ráðh. er þarna vankunnandi um verulegt atriði, að olíufélögin hér verða að sæta því, ef ágreiningur verður í sambandi við viðskiptin við Sovétríkin, að sá ágreiningur verði lagður undir sovézkan dómstól, gerðardóm, sem við eigum ekki fulltrúa í. Það var fyrst samið um þetta í tíð fyrrv. vinstri stjórnar á árunum 1956—1958, held ég, og hefur síðan verið endurtekið í tíð viðreisnarstjórnarinnar og er enn endurtekið í samningum, sem sú ríkisstj., sem hæstv. ráðh. á sæti í, hefur gert.

Ég skal ekki hafa þetta fleira, þar sem forseti vill stytta umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki umr. — Hæstv. iðnrh. gat þess hér í síðari ræðu sinni, að það hefði ekki verið sín hugmynd að ráðast í byggingu annarrar álbræðslu nú á næstunni. Það var ekki mitt tilboð, sagði hann, það var þeirra hugmynd. Og þegar hann talar um þá þessa, þegar hann talar um þeirra hugmynd, það eru mennirnir, sem stefndu honum utan til viðræðna í Sviss. Þeir buðu honum að koma þangað og gista hjá sér nokkra daga, ferðast þar um og sitja miklar og veglegar veizlur, og þeir greiddu fyrir hann fargjaldið alla leið frá Íslandi til Sviss og aftur heim. Þeir gerðu mjög vel við ráðh., enda kom hann glaður og reifur heim og talaði fjálglega um þessa álbræðslu nr. 2, en hann upplýsir nú, að það hafi ekki verið sín hugmynd, þeir hafi komið hugmyndinni inn hjá honum, þessir svissnesku. Og við skulum segja, að hún sé jafngóð, hvaðan sem hún kemur, en ég legg nú áherzlu á það, eins og hann reyndar gerði nú í sinni seinni ræðu, að við snúum okkur frekar að sjóefnaverksmiðjunni og málmblendiverksmiðjunni á næstunni. Hitt er alveg rétt, og ég er sammála hæstv. ráðh. um, að sjálfsagt er að stækka álbræðsluna í Straumsvík, ef við fáum hagstæða orkusamninga.

Ég skildi það nú svo, að hann hefði verið að tala um heimsmarkaðsverðið, þegar hann nefndi 4 milla verð. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, hvorki hér á Alþ. né hér innanlands yfirleitt, að um virkjunarframkvæmdir á Íslandi væri talað í millum. Hann segir, að hann hafi átt við Sigölduvirkjun, hún kostaði 4 mill. Er maðurinn farinn að tala á þessu alþjóðlega máli, eftir að hann kom frá Sviss, um íslenzkar virkjanir? Hingað til höfum við notazt við krón-

urnar og auranna, en þegar um var að ræða samninga við erlenda aðila, þá kom þessi alþjóðlega viðmiðun. Og ég held, að ég hafi ekki misskilið hann, en ef ég hef gert það, þá bið ég innilega afsökunar á því.

Annars hafði ég dálítið gaman af því að heyra hann gera ósköp lítið úr því, að hann hefði talað um ísvandamál, og hann hefði nú eiginlega ekkert verið á móti EFTA. Það væri bara svona smáótti við, að erlendir menn mundu hingað koma. Það var það eina, sem hann sagði þá. Hann sagði kannske heldur aldrei um virkjun Búrfells, að við ættum að geyma vatnsorkuna handa komandi kynslóðum. (Gripið fram í) Hæstv. ráðh. kannast kannske ekki heldur við það. Það er hægt að rifja öll þessi ummæli upp, ef hæstv. ráðh. vill það.

Varðandi ósannindin um 20 álbræðslurnar, þá endurtók hann þau hér einu sinni enn. Hann hafði það snillilega lag á þessu að koma með þetta í Þjóðviljanum allmörgum vikum eftir að þátturinn var, og menn minntust þess jú, að ég hefði nefnt töluna 20. Það gerði ég, eins og ég gerði grein fyrir hér áðan. Einhver hafði þá orð á því, að hann ætlaði að hefna þess í héraði, sem hallaðist á Alþ., en nú virðist hann sem sagt ætla að hefna þess á Alþ., sem hallast á í héraði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Fimmtudaginn 2. nóv., kl. 2. miðdegis.

Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins um ályktanir sveitarstjórna, þáltill. (þskj. 43). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vátryggingastarfsemi, þáltill. (þskj. 45). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leiga og sala íbúðarhúsnæðis, þáltill. (þskj. 46). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagasafn í lausblaðabroti, þáltill. (þskj. 47). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, þáltill. (þskj. 50). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, þáltill. (þskj. 51). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu, þáltill. (þskj. 53). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaviarverksmiðja á Norðausturlandi, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkeppnisaðstaða skipasmíðaiðnaðar, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Vistheimili fyrir vangefna, þáltill. (þskj. 20). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv.

Efling Landhelgisgæzlunnar, þáltill. (þskj. 35). — Fyrri umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi till. til þál. um eflingu Landhelgisgæzlunnar hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæzluna."

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fjölyrða um þessa þáltill. Ég vil vona, að um hana séu ekki skiptar skoðanir hér á hv. Alþ. það má reyndar segja, að hún sé eðlilegt framhald af þeirri einróma samþykkt, sem gerð var á sínum tíma hér á hv. Alþ. 15. febr. s. l., um það að færa fiskveiðilögsöguna út í 50 sjómílur. En þegar sú ákvörðun kom til framkvæmda, stækkaði fiskveiðilögsagan úr um það bil 95 þús. ferkm í um það bil 216 þús. ferkm. Gæzlusvæði Landhelgisgæzlunnar hefur þannig mun meira en tvöfaldazt við útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1. sept. s. l. Það er þess vegna auðsætt, að verkefni Landhelgisgæzlunnar við vörzlu hafa stóraukizt og hefðu stóraukizt undir venjulegum kringumstæðum, en auk þess hefur það komið til, sem við öll þekkjum og ekki þarf hér neitt sérstaklega að rekja að þessu sinni, árekstrar við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem vitaskuld hafa stóraukið störf Landhelgisgæzlunnar og kallað á þörf fyrir aukinn flota til vörzlunnar. Þegar af þessum ástæðum ber brýna nauðsyn til þess að efla Landhelgisgæzluna.

Það hefur til bráðabirgða verið nokkuð úr bætt eins og hv. alþm. er kunnugt og gerð hefur verið grein fyrir hér fyrir mjög skömmu, með leigu hvalveiðiskipsins, sem nú er kallað Týr, en það er auðvitað engin frambúðarlausn, heldur aðeins lausn til bráðabirgða.

Auk þess er rétt að undirstrika það í þessu sambandi, að hlutverk Landhelgisgæzlunnar er ekki aðeins það að verja landhelgina fyrir þeim skipum, sem virða ekki hin nýju fiskveiðitakmörk, þótt það hlutverk hennar verði eðlilega efst í huga á þessum tímum. Landhelgisgæzlan hefur einnig mörg önnur verkefni með höndum á því stækkaða umsjónarsvæði, sem hún hefur

nú fengið til eftirlits. Þar má m. a. nefna björgunarstörf og aðstoð við skip, sem eiga í erfiðleikum slysavarnir og ýmiss konar aðra eftirlits- og þjónustustarfsemi við innlenda og erlenda sæfarendur á Íslandsmiðum. Til þessa aukna starfs á stækkuðu umsjónarsvæði þarf Landhelgisgæzlan fleiri skip og flugvélar, betri tæki og meiri mannafla. Og þessi þáltill. miðar einmitt í þá átt að bæta um í þessu efni og gera Landhelgisgæzluna hæfari til að gegna sínu aukna og mikilvæga hlutverki.

Það má segja, að nokkuð hafi verið reynt að bæta úr til bráðabirgða, eins og ég sagði, með því að taka á leigu eitt skip. Það má segja, að flugvélafloti Landhelgisgæzlunnar, sem auðvitað reynir mikið á og e. t. v. enn meira í framtíðinni en nú er, hafi nokkuð verið aukinn og endurbættur, þar sem Landhelgisgæzlan hefur yfir nú að ráða 4 flugvélum, þar af einni Fokker Friendship-flugvél, sem er auðvitað aðaleftirlitsflugvélin, enn fremur þyrlu af Sikorsky-gerð og tveim litlum þyrlum af svokallaðri Bell-gerð, sem verið er að setja saman.

Hér áður hefur skipakost Landhelgisgæzlunnar oft borið á góma, en það er rétt að minna á, hver hann er, svo að mönnum sé ljóst, að það er engin vanþörf á því að huga í tíma að endurnýjun hans. Yngsta og stærsta skipið er Ægir, sem byggður er 1968, 927 brúttórúmlestir og með 19 mílna ganghraða. Óðinn, byggður 1960, 882 brúttórúmlestir og talin hafa 18 mílna ganghraða. Í þriðja lagi er svo Þór, byggður 1951, 693 brúttósmálestir og með 17 mílna ganghraða, en þar við er þá þess að geta, að á Þór hefur hefur farið fram gagngerð viðgerð á s. l. sumri, sem hann er nýkominn úr, eins og menn vita. Svo er það fjórða, Árvakur, byggður 1962, 381 brúttórúmlest og ganghraði talinn 13 mílur. Albert, byggður 1957, 201 brúttórúmlest, ganghraði talinn 12 mílur. Svo er leiguskipið Týr, sem keypt er 1952 og er 631 brúttórúmlest og talið hafa ganghraða 14 sjómílur. Eins og menn sjá af þessu, eru sum þessara skipa nokkuð komin til ára sinna, og af þeim eru ekki nema 4, sem hægt er í rauninni að nota til úthafsgæzlu.

Það er áræðanlega ásetningur þjóðarinnar allrar, og þarf ekki um það að fjölyrða hér, að hopa hvergi frá markaðri stefnu í landhelgismálinu. Það er reyndar í því sambandi ánægjulegt að taka fram, að flestar þær þjóðir, sem hlut eiga að máli, aðrar en Bretar og Vestur-Þjóðverjar, virðast hafa viðurkennt hin nýju fiskveiðimörk í verki. Við Færeyinga og Belga höfum við gert sérstaka samninga til bráðabyrgða, eins og Alþ. er kunnugt. Við vonum öll, að þróun þjóðaréttarins gangi í þá átt, sem okkur reynist hagstæð, þó að ekkert verði enn á þessu stigi fullyrt um það, hver verði niðurstaðan á hinni fyrirhuguðu hafréttarráðstefnu, þegar að henni kemur. En ekkert af þessu, sem ég hef hér drepið á, breytir þörfinni fyrir eflingu Landhelgisgæzlunnar.

Við vitum ekki, hve lengi deilan við Breta og Vestur-Þjóðverja kann að standa, og hvað sem því líður, þá er það svo, eins og ég hef þegar sagt, að hið stóraukna umsjónarsvæði, sem landhelgisgæzlan hefur til eftirlits, björgunar, aðstoðar og þjónustu við innlend og erlend skip, kallar á aukinn skipakost. Auk þess er það stefna ríkisstj. og ég vona allra hv. alþm., að tekið verði upp stóraukið eftirlit með ýmsum veiðum innan fiskveiðilögsögunnar, og það gerir þörfina enn brýnni.

Að þessu öllu athuguðu, sem ég hef hér rakið, vona ég, að afgreiðsla þessarar þáltill. megi enn á ný endurspegla samhug Alþ. og þjóðarinnar allrar í þessu mesta lífshagsmunamáli okkar, landhelgismálinu, og að hún muni sýna vilja okkar til þess að efla svo Landhelgisgæzluna, að hún geti gegnt sínu margvíslega hlutverki með sóma. Ég hef fyrir mitt leyti áður látið í ljós þá trú, að Alþ. og þjóðin mundi ekki telja eftir nein útgjöld í því sambandi. Og það er ánægjulegt að geta hér staðfest það, að þjóðin hefur reyndar þegar sýnt hug sinn mjög myndarlega í verki. Það hafa þegar safnazt í landhelgissjóðinn með landssöfnuninni um 20 millj. kr., og þó að sú söfnun eigi ekki að verða til þess, eins og ég hef hér áður lýst yfir, að Alþ. og fjárveitingavaldið dragi af sér í því sambandi, þá er hinu ekki að neita, að þessi söfnun, sem er þegar orðin svo veruleg, verður til þess að létta það skref, sem gert er ráð fyrir að stíga með þessari þáltill. Það eru ekki nema tveir mánuðir síðan þessi söfnun hljóp af stokkunum, og það tók vitaskuld sinn tíma að undirbúa hana. Það má raunar segja, að þessar 20 millj. hafi safnazt án þess, að í það hafi verið lögð veruleg vinna, þær hafi komið nokkurn veginn af sjálfu sér. En hins vegar hefur svo framkvæmdanefndin í þessari söfnun unnið mikið undirbúningsstarf að skipulegri söfnun, og það er von mín og vissa, að það eigi eftir að bera árangur og skila mun meira fé í þessa söfnun, þannig að ég dreg ekki í efa, að það muni muna mjög verulega um þá fjárhæð, sem fæst í landhelgissjóðinn með þessum frjálsu framlögum þjóðarinnar allrar.

Ég held, að rétt sé að undirstrika það hér einu sinni enn í þessu sambandi, að landsöfnunin í landhelgissjóðinn er byggð á frjálsum samtökum, — frjálsum samtökum áhugamanna, sem undirskrifuðu ávarp þar um. Og framkvæmdanefndin, sem vinnur að söfnuninni, vinnur í umboði þessara frjálsu samtaka og er ekki háð eftirliti, fyrirmælum eða á neinn annan hátt ríkisstj., heldur fer hún ein með alla yfirstjórn söfnunarinnar. Þetta er rétt að taka fram, svo að menn sjái það og skilji, að hvorki er ástæða til þess að láta ríkisstj. njóta söfunarinnar né gjalda hennar — eða öfugt, að láta söfnunina njóta ríkisstj. eða gjalda hennar. Það eru samtök allra flokka, sem standa að þessari landsöfnun.

Það er ánægjulegt, þegar ég mæli fyrir þessari þáltill., að geta sagt það, að við síðustu talningu, sem fór fram á Íslandsmiðum fyrir 2—3 dögum, voru brezk skip að ólöglegum veiðum innan hinna nýju fiskveiðitakmarka færri en nokkru sinni áður eða ekki nema 16, sem með fullri vissu voru staðin að ólöglegum veiðum, þó að auk þeirra væru svo 5—6 skip, sem ekki var vitað, af hvaða þjóðerni væru. Þetta eru miklu færri brezk skip en nokkru sinni hafa verið talin hér við ólöglegar veiðar, eftir að

landhelgin var stækkuð. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um, hvað veldur þessu, hvort það er tilviljun eða ekki. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan mega trúa því, að Bretar hefðu tekið eitthvert tillit til þeirra ábendinga, sem komið hafa fram af okkar hálfu um það, að fátt eða ekkert mundi greiða betur fyrir friðsamlegu bráðabirgðasamkomulagi í þessari deilu heldur en það, að Bretar kölluðu skip sín út fyrir landhelgismörkin, meðan á samningaviðræðum stæði.

Eins og við vitum, hefur verið fallizt á það, að samningaviðr. verði teknar upp á næstunni. Það er eindregin ósk mín, að takast megi að leysa þessa fiskveiðideilu með friðsamlegum hætti og bráðabirgðasamkomulagi. Það er sannfæring mín, að það sé báðum aðilum fyrir beztu, þó að báðir verði nokkuð að slaka til frá því, sem þeir kysu helzt. En það er ekki á mínu valdi að fullyrða neitt um það, hvort takast muni í þessum viðræðum, sem fram undan eru á ráðherrastigi, að komast að samkomulagi í landhelgisdeilunni. En það er skoðun mín, að við eigum mikið á okkur að leggja til þess að reyna að komast að samkomulagi. Og það skulum við gera okkur ljóst, að við fáum aldrei með samkomulagi þá lausn á þessari deilu, sem við getum verið algerlega ánægðir með. Við verðum að vera við því búnir að sjá af einhverju, sem við hefðum talið æskilegast, og við teljum raunar okkar ótvíræða rétt að ráða algerlega yfir þessari nýju fiskveiðilögsögu. En við höfum hins vegar jafnan látið fylgja með, að við vildum sýna þá sanngirni að taka nokkurt tillit til hagsmuna þeirra fiskveiðiþjóða, sem hafa stundað veiðar hér um ákveðinn tíma að undanförnu.

En það getur auðvitað aldrei orðið um neitt samkomulag til bráðabirgða að ræða í þessari fiskveiðideilu, nema það komi ótvírætt fram, að það feli í sér verulega takmörkun á fiskveiðimöguleikum þessara þjóða, sem við eigum í deilu við. Það er efalaust, að það hljóta þær þjóðir, að gera sér ljóst og án slíks þjónar samkomulag ekki neinum tilgangi.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vona, eins og ég sagði áðan, að alveg eindreginn samhugur verði hér um afgreiðslu þessarar till., sem fer aðeins fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa eða láta byggja skip. Það verður sjálfsagt athugað, hvort hægt er að fá skip keypt til þessara starfa. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hentug skip liggi á lausu, og þá verður að hverfa að því ráði að láta byggja skip, sem því miður hlýtur alltaf að taka nokkurn tíma, bæði byggingin sjálf og undirbúningur hennar. Þess vegna er því betra sem fyrr er hægt að hefjast handa. Ég leyfi mér því að vonast til þess, að sú n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, taki málið skjótt til afgreiðslu og skili fljótt áliti, þannig að ákvörðun, sem ríkisstj. getur farið eftir, liggi mjög fljótl. fyrir.

Ég leyfi mér að óska þess, að þáltill. verði vísað til 2. umr. og fjvn., en verð að ítreka áskorun mína um það, að fjvn. láti ekki þær annir, sem á henni hvíla jafnan, verða til þess að tefja afgreiðslu þessarar tillögu.

Ég leyfi mér að óska þess, að þáltill. verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð. — Ég vildi segja mitt álit á þessari till. og lýsa fylgi mínu við hana, og ég reikna með því, að Sjálfstfl. standi að þessari till., enda hafa sjálfstæðismenn sýnt það áður, að þeir vilja efla Landhelgisgæzluna. Má minna á till., sem hv. þm. Jóhann Hafstein, formaður Sjálfstfl., og hv. þm. Geir Hallgrímsson, varaformaður Sjálfstfl., fluttu hér á hv. Alþ. í fyrra um kaup á nýju skipi og allsherjareflingu Landhelgisgæzlunnar. Í framhaldi af því hljóta sjálfstæðismenn að fylgja þessari till., sem leiðir til þess, að það verður keypt nýtt skip til Landhelgisgæzlunnar. Ég geri ráð fyrir, að flestir geri sér ljóst, að það þarf að efla Landhelgisgæzluna, ekki sízt eftir útfærslu landhelginnar og vegna þeirrar óvissu, sem er í þessum málum. Við þurfum að hafa öfluga landhelgisgæzlu, enda þótt samningar náist við Breta og Vestur-Þjóðverja, vegna þess að svæðið er stórt, sem þarf að verja, og það er talað um friðunarráðstafanir á ýmsum sviðum. Það þarf þá einnig að fylgjast með því, að friðunarreglurnar verði ekki brotnar. Hygg ég, að allir hv. alþm. geri sér grein fyrir þessu.

Það er ánægjulegt til þess að vita, að nú standa fyrir dyrum samningatilraunir við Breta á ráðherragrundvelli. Við skulum vona, að þær samningatilraunir beri árangur. Ég er sömu skoðunar og hæstv. forsrh. um það, að öllum muni vera fyrir beztu að taka upp samninga, um leið og ég vil taka fram, að við getum vitanlega ekki gengið of langt í því efni. En þegar að samningaborði kemur, verðum við vitanlega að gera okkur grein fyrir því, að þorskastríð gæti orðið langt, það gæti orðið kostnaðarsamt og það gæti orðið örlagaríkt fyrir báða aðila. Og þorskastríð, sem stendur í mörg ár og ef Bretar halda áfram að veiða á miðunum eins og þeir geta, takmarkalítið, það getur líka orðið örlagaríkt fyrir okkar veiðisvæði.

Nú er það fjarri mér að fara að vekja upp nokkrar deilur í landhelgismálinu. Alþingi íslendinga hefur haft samstöðu í því, og það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, þjóðin öll stendur samhuga í þessu máli. En ég vil alveg ádeilulaust eigi að síður minna á það, að ef farið hefði verið að till. okkar sjálfstæðismanna og landgrunnið allt tekið í einu, þá hefðum við frekar haft efni á því að gefa meira eftir í samningum við Breta og Vestur-Þjóðverja og okkar aðstaða hefði orðið betri. Ég segi þetta alveg ádeilulaust, en það kemur upp í hugann, að þegar við höfum unnið þessar 50 mílur, þá verðum við eftir tiltölulega stuttan tíma að taka upp aðra baráttu til þess að ná sneiðinni undan Vestfjörðum, sem eru 20 mílur á breidd utan 50 mílnanna, og til þess að ná svæðinu fyrir suð-austurhorninu, vegna þess að þegar þessar 50 mílur okkar eru orðnar gildandi, þá vex ásókn hinna erlendu togara á landgrunnið utan 50 mílnanna, þannig að búast má við, að botninn þar verði sópaður, og það getur orðið örlagaríkt fyrir fiskgöngurnar á leiðinni á bátamiðin hér í kringum landið. En þetta er önnur saga. Í dag þýðir ekkert að tala um þetta. Í dag er takmarkið að vinna 50 míl-

urnar og gera það sem fyrst. Það þarf að hefja samningatilraunir, og góðar óskir fylgja hæstv. utanrrh. og þeim, sem honum fylgja í samningaumræðunum, að góður árangur náist í þessu efni. En ég undrast, að það skuli ekki enn vera ákveðið, hvort teknar verði upp samningaviðræður við Vestur-Þjóðverja, sem hafa þó verið miklu meinlausari hér á miðunum heldur en Bretar, og ég óska þess, að það verði reyndar samningatilraunir við þá. Ég hefði trúað því, að það hefði verið hægara að ná samkomulagi við þá heldur en Breta. Og ég hefði trúað því, að okkar aðstaða til samninga við Breta hefði orðið auðveldari og sterkari, ef við hefðum áður verið búnir að ná samningum við Vestur-Þjóðverja.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að það tekur nokkurn tíma að smíða nýtt skip, ég skal ekki segja hve langan tíma, e. t. v. tvö ár. Og það er bagalegt að þurfa að bíða svo lengi eftir því. Þess vegna verður að vekja athygli á ábendingu forstjóra Landhelgisgæzlunnar, þar sem hann tekur fram, að það beri ekki að útiloka þann möguleika að kaupa skip, hraðskreitt skip, enda þótt það verði e. t. v. ekki eins hentugt til björgunarstarfa og skip, sem væri beinlínis smíðað í þeim tilgangi að stunda landhelgisgæzlu og björgunarstörf hér við land. Ég veit, að hæstv. forsrh. hefur þetta í huga, og hann tók það reyndar fram áðan. Ef skip yrði keypt, gæti það komið fljótt hér á miðin. Og þegar við hugsum um það, að við höfum ekki raunverulega nema þrjú skip, Óðin, Ægi og Þór, sem ganga hraðar en togarar, þá gerum við okkur ljóst, að enda þótt mannskapurinn um borð í Týr og Árvakri sé allur af vilja gerður, þá hlýtur aðstaðan að vera mjög erfið til gæzlustarfa, þegar þessi skip ganga ekki hraðar en togararnir, sem á að taka. Þetta vita menn vitanlega, án þess að hér sé frekar um það rætt. Við vonum, að Týr komi að gagni á miðunum, enda þótt það skip sé eins og við vitum, og við vonum, að Týr og Árvakur, — ef þessi skip koma nálægt brezkum togurum og reyna klippingar, geti þá forðað sér undan þeim.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég kom hér aðeins upp í pontuna til þess að lýsa fylgi mínu við þessa till. og vil leggja áherzlu á, að það verði gert allt, sem í okkar valdi stendur til þess að efla Landhelgisgæzluna.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. 1. þm. Sunnl. fyrir góðar óskir í minn garð og þeirra, sem væntanlega verða sendir til þess að semja við Breta í næstu lotu um undanþágur þeim til handa innan fiskveiðilögsögunnar. Það mun áreiðanlega ekki af þeim veita.

En í sambandi við það, sem hann sagði um samninga við Vestur-Þjóðverja, vil ég enn á ný upplýsa, að það hefur aldrei staðið á okkur að semja við Vestur-Þjóðverja, en við höfum ekki orðið varir við meiri samningsvilja hjá þeim en Bretum. Ég held, að það sé rétt, að menn geri sér ljósa grein fyrir því. Það var 16. okt. s. l., sem sendiherra Vestur-Þjóðverja kom til mín með tilboð um, að við hæfum á ný samningaviðræður til þess að leita að lausn á þessu máli. Það tilboð var af þeirra hálfu bundið margvíslegum skilyrðum, sem við töldum satt að segja ekki aðgengileg, en óskuðum þó eftir nánari skilgreiningu á því, hvað við væri átt. Þær skýringar hafa enn eigi borizt, og við bíðum þeirra, þannig að ég tel, að Þjóðverjar eigi áfram næsta leik til að koma á samningaviðræðum milli Íslendinga og Vestur-Þjóðverja. Það er að vísu rétt, að við tókum ekki til greina eða vildum ganga að þríhliða viðræðum af ástæðum, sem gerð hefur verið grein fyrir og ég fer ekki nánar út í, en það eina, sem stendur í vegi fyrir tvíhliða viðræðum, er, að Þjóðverjar geri okkur nánari grein fyrir því, hvað þeir hafa í huga.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil fagna þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir og er til umr. Þetta er annað málið, sem nú er lagt fram á Alþ. til eflingar landhelgisgæzlunni. Hitt er till., sem nokkrir sjálfstæðismenn báru hér fram og á hefur verið minnzt í þessum umr. um stóraukið fjárframlag til eflingar landhelgisgæzlunni. Hér er till., sem felur í sér, að byggt verði nýtt og fullkomið skip. Ég vil mega vona, að í þessari till. felist ekki það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það sé fyrst og fremst um endurnýjun að ræða. Ég álít, að það eigi að vera fyrst og fremst um aukningu og eflingu á landhelgisgæzlunni að ræða, og eitt skip er að sjálfsögðu of lítið. Við þyrftum að gera meira átak í þessum efnum heldur en að byggja eitt nýtt skip í viðbót.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því, hvað landhelgin hefði stækkað mikið við útfærsluna í 50 sjómílur, og það segir sig sjálft, að með svo stórauknum svæðum, sem gæta þarf, verður að bæta við fleiri skipum, enda þótt aðstaðan sé einnig bætt með fleiri flugvélum. Ég tel, að það þurfi að athuga sérstaklega í sambandi við gæzlu landhelginnar, hvort ekki sé hægt að komast af með ódýrari skip á vissum svæðum. Við vitum það, að innan landhelginnar verður komið á sérstökum friðunarsvæðum, og það eru allir sammála um, að á því sé brýn nauðsyn. Ef fylgja á eftir þeim friðunarreglum, sem settar verða, þurfa að koma til fleiri skip, sem hafa á hendi eftirlit og vörzlu. Íslendingar verða einnig sjálfir að skilja það, að þeir verða að fara eftir þeim reglum, sem settar verða um veiðar innan landhelginnar, og við þekkjum það af fyrri reynslu, að til þess að hægt sé að fylgja því eftir, þarf öflugt eftirlit. Ég er líka viss um, að það er hægt að komast af með mun ódýrari skip, bæði að stofnkostnaði og einnig í rekstri, til þess að hafa á hendi slíkt eftirlit. En eftir sem áður álít ég, að það sé sá þáttur í vörzlu landhelginnar, sem við eigum ekki að vanmeta og ekki að vanrækja.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa stærri og öflugri skip, sem hafa á hendi vörzluna á aðalvíglínunni, þar sem við þurfum fyrst og fremst að eiga við erlend skip, sem sækja á okkar fiskimið. Þess vegna mundi ég

halda, að þótt það sé nokkur áfangi í áttina til þess að efla landhelgisgæzluna að fá eitt fullkomið og gott skip, þá þyrfti fyrr en síðar að huga að því að bæta við öðru stóru og öflugu skipi til þess að koma til viðbótar við landhelgisgæzluna.

Við heyrðum það í fréttunum núna í hádeginu, að norskir sjómenn væru að ræða landhelgismálin, eins og við höfum gert að undanförnu. Og við heyrðum, að skoðun þeirra er hin sama og Íslendinga. Þeim er það ljóst, að þeir geta ekki beðið eftir því, að erlendar ráðstefnur taki ákvarðanir um þessi mál, og horft aðgerðarlausir á, að erlend fiskiskip gangi á þeirra fiskimið og rányrki þau. Það er sýnilegt, að með þeirri auknu tækni, sem alls staðar á sér stað í heiminum, við byggingu nýrra fiskiskipa, þá verða, ef ekki verður spyrnt við fótum í þessum efnum, fiskimiðin gersamlega eydd og grundvellinum kippt undan lífsafkomu þess fólks, sem á afkomu sína undir fiskveiðunum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till., en lýsi eindregnum stuðningi mínum við framgang hennar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, þáltill. (þskj. 8). — Ein umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Herra forseti. Flm. þessa máls er hv. 4. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir. En þar sem sá hv. þm. dvelur nú erlendis í opinberum erindagerðum, hefur komið í minn hlut að mæla nokkur orð fyrir þessari till. Flm. auk okkar eru hv. 5. landsk. þm., hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 6. þm. Norðurl. e. Till. okkar er um endurskoðun tiltekinna atriða í lögum um kosningar til Alþingis og er þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjörfundaratkvgr.“

Í grg. okkar er vikið að tvíþættum tilgangi með tillöguflutningi þessum, annars vegar að auðvelda þeim að neyta kosningarréttar, sem dvelja erlendis, þegar kosningar fara fram, og þar er auðvitað alveg sérstaklega um námsfólk að ræða, þó að einnig fleiri eigi þar hlut að máli, og svo einnig að auðvelda þeim þátttöku í kosningum, sem vistaðir eru á innlendum sjúkrahúsum, þegar kosning fer fram. Bæði þessi atriði hafa töluvert verið íhuguð, einkum þó hið fyrrnefnda. Beinar till. til úrbóta hafa ekki verið lagðar fram opinberlega.

Öðru hverju hafa komið fram óskir frá Íslendingum, sem dvelja erlendis lengri eða skemmri tíma, einkum frá námsfólki, um, að greitt verði fyrir því, að þeir fái notið réttar síns við almennar kosningar. Um eitt skeið var starfandi n. til að íhuga þetta mál, og sátu í henni þrír menn tilnefndir af dómsmrn., Hagstofu Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þessi n. skilaði á sínum tíma áliti og till. til dómsmrn., sem síðan bar málið undir utanrrn.

Í till. þessarar n. og svo í áframhaldandi skoðun málsins í rn. komu fram ýmsar hugmyndir um úrbætur í þessum efnum að því er varðar kjósendur erlendis. M. a. var stungið upp á því, að sendiráðsstarfsmenn færu sem kjörstjórar til annarra staða, þar sem engin sendiráð eru, ef tiltekinn fjöldi kjósenda óskaði þess fyrir tilskilinn tíma.

Önnur till. kom líka fram við þessa meðferð málsins um að veita kjörræðismönnum rýmri heimildir en nú eru í kosningal. til þess að framkvæma kosningar utan kjörfundar.

Þá hefur einnig komið fram hugmynd um eins konar bréflega kosningu, sem formuð yrði eitthvað á þá leið, sem ég skal nú lýsa. Menn hugsa sér þá í fyrsta lagi, að kjósandi erlendis óskaði eftir því við kjörstjórn með bréfi eða símskeyti, að hún sendi honum kjörseðil. Kjörstjórn athugaði þá, hvort viðkomandi aðili væri á kjörskrá, og ef svo reyndist, sendi hún honum kjörseðil í ábyrgðarpósti ásamt leiðbeiningum. Síðan útfyllti kjósandi kjörseðilinn, lokaði honum og færi með hann til íslenzks ræðismanns, þ. e. hvaða ræðismanns Íslands sem væri, og sannaði með vegabréfi sínu eða á annan hátt, hver hann sé. Og við slíkan kjörseðil væri síðan fest blað, þar sem prentaður væri á að mestu leyti sami texti og nú er á utankjörfundarseðlum, þ. e. kjósandinn lýsir því yfir, að hann hafi kosið á tilteknum stað: „Þar sem ég vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað minum, legg ég þar við drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust og aðstoðarlaust og í einrúmi hef kosið og engan annan kjörseðil frá mér sent“ o. s. frv. Fyrir neðan þetta kæmi svo á íslenzku og ensku, — en allir ræðismenn Íslands munu nú tala og skrifa ensku, — eitthvað á þá leið, að N. N. hefði undirskrifað þetta skjal, sem lokaður kjörseðill væri við festur, það vottaðist hér með, og þá embættishciti, dagsetning og undirskrift ræðismanns.

Helztu breytingar miðað við núverandi fyrirkomulag yrðu þær, að ekki væri krafizt vitundarvotta, enda sýndist þess ekki full þörf. Og það yrði ekki beinlínis um kjörstjóra að ræða, er færði gjörðabók, heldur mundi ræðismaður aðeins staðfesta, að um rétta undirskrift væri að ræða. Að fengnu vottorði yrði atkv. sett í þar til gert umslag, er hefði sama númer og kjörseðill, og kjósandi yrði svo sjálfur að sjá um að koma því til kjörstjórnar í pósti eða á annan hátt. Þetta þýddi auðvitað, að það giltu sérstakar reglur á erlendri grund og það þyrfti að útbúa ný form fyrir þær.

Af þessu, sem ég hef nú rakið hér stuttlega, má það vera alveg ljóst, að þessi mál hafa fengið töluverða athugun og hafa verið skoðuð nú þegar frá ýmsum hliðum. Flm. till. telja tímabært að gera nú gangskör að því að undirbúa lagabreytingar, sem auðvelda mættu Íslendingum, er dveldust erlendis á kjördag, að neyta kosningarréttar síns. En eins og nú er, hefur þetta verið mjög miklum erfiðleikum bundið og í mörgum tilfellum, — jafnvel þó að um

töluvert fjölmenni hafi verið að ræða á hinum einstöku stöðum, — alveg ómögulegt. Ég skal ekki tefja tímann með að lýsa því, það þekkja allir hv. alþm.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að síðara atriðinu, þ. e. a. s. aðstöðu þeirra, er sjúkrahús gista á kjördegi, til þess að neyta sama réttar. Það er staðreynd, að allstór hópur þessa fólks getur ekki kosið, eins og nú er háttað framkvæmd almennra kosninga hér á landi, enda þótt fólkið væri fyllilega fært um að kjósa á sjúkrahúsinu sjálfu. Nú er mér ekki kunnugt um, að þetta atriði hafi nýlega verið gaumgæft á sama hátt eða eins vandlega og aðstaða þeirra, er ytra dvelja, en um þetta hefur auðvitað oft verið rætt. En flm. þessarar till. telja rétt að skoða einnig þessa hlið málsins vandlega og leita leiða til úrbóta, því að engum blöðum er um það að fletta, að stjórnarskrá og kosningalög ætlast til þess, að allir þegnar þjóðfélagsins, sem hafa til þess áhuga og heilbrigði, fái að tjá hug sinn og taka afstöðu við almennar kosningar. Í sambandi við þetta atriði, kosningar á sjúkrahúsum innanlands vil ég leyfa mér að minna á 6. gr. l. um kosningar til Alþingis, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þessa gr. Þar segir svo:

„Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir. Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar. Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en 4, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar. Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum."

Ákvæði þessarar gr. lúta alveg augljóslega að því, að auðvelda mönnum að neyta kosningaréttar, sem kunna t. d. vegna staðhátta að eiga erfitt með að kjósa. Hreppsnefnd hefur samkv. þessari gr. heimild til þess að fjölga kjördeildum í hreppi allt að 4, og 15 kjósendur í hreppi hafa einnig rétt á að krefjast sérstakrar kjördeildar undir tilteknum kringumstæðum. Nú hefur framkvæmd þessa ákvæðis verið þannig m. a., að það hafa oft og einatt starfað kjördeildir, þó að í þeim séu miklu færri kjósendur en 15. Mér er kunnugt um, að það hefur starfað kjördeild, á mjög afskekktum stað að vísu, með aðeins tveimur kjósendum, þannig að kjörstjórn hefur verið send úr öðrum hluta hreppsins til þess að stýra kosningu í þessari kjördeild. Hér er því um nokkuð mikla sveigju að ræða í löggjöfinni og alveg sérstaklega í framkvæmd hennar, — sveigju, sem miðar að því að tryggja það, að sem allra flestir kjósendur fái notið kosningarréttar.

Í þessu sambandi vil ég svo einnig minna á ákvæði laganna um atkvgr. utan kjörfundar, en þau ákvæði er að finna í 13. gr. Og ég vil einnig — með leyfi hæstv. forseta — minna á þá grein með því að lesa hana, en þar segir svo:

„Kjörstjórar við atkvgr. utan kjörfundar samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti), fulltrúar þeirra, sendiherrar og sendifulltrúar, sendiráðsritarar og útsendir aðalræðismenn, útsendir ræðismenn og vararæðismenn Íslands erlendis, svo og kjörræðismenn, ef þeir eru íslenzkir ríkisborgarar eða af íslenzku þjóðerni og mæla á íslenzka tungu, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri. Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra, og 1. stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utankjörfundarkosning fara fram á heimili frambjóðanda."

Þannig hljóðar 13. gr. kosningalaganna. Hér er einnig um mjög mikla sveigju að ræða í þessari gr. Hreppstjórar, sýslumenn og bæjarfógetar eru yfir 200, er mér óhætt að segja, og þá jafnmargir varamenn þeirra, auk ótalins fjölda skipstjórnarmanna. Öllum þessum hópi er gefið vald til þess að framkvæma utankjörfundarkosningu. Ef höfð eru í huga ákvæði 6. gr. kosningalaganna um kjördeildir og framkvæmd þeirra ákvæða, sem ég vék að áðan, annars vegar og ákvæði 13. gr. um utankjörfundarkosningu hins vegar, þá virðist mér alveg einsætt, að hægt hljóti að vera með einhverjum hætti að færa kosningarréttinn í ríkara mæli til þeirra, sem liggja á spítulum á kjördegi, heldur en nú er gert, alveg sérstaklega með hliðsjón af þessum lagaákvæðum og hliðsjón af framkvæmd þeirra. Ég ætla ekki að bollaleggja neitt um það, með hverjum hætti slíkt megi verða, en tel, eins og ég sagði áðan, að tilfærðar greinar kosningalaganna gefi um það sínar bendingar.

Eins og segir í grg. með till., er það tilgangur flm. að knýja nú á um nánari skoðun þeirra atriða, sem till. fjallar um, með það fyrir augum, að lagabreyting gæti náð fram að ganga fyrir næstu almennar kosningar. Okkur flm. er vitanlega ljóst, að breyting kosningalaga hlýtur að vera viðkvæmt mál og vandasamt, og það verður því að ætla til þess nægan tíma að undirbúa slíkar breytingar.

Herra forseti. Ég hygg, að þetta mál eigi heima í allshn., og vil leyfa mér að leggja til, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að segja nokkur orð, um það mál, sem hér er til umr., m. a. til þess að skýra nokkuð nánar frá því, sem í því gerðist á þeim tíma, sem ég gegndi störfum dómsmrh. Í grg. með þáltill. er það að nokkru rakið, og enn fremur hefur hv. frsm. nú nánar skýrt efni till.

Eins og frá er greint í þessari grg., var í júní 1970 skipuð n. með fulltrúum frá dómsmrn., Hagstofunni og Sambandi ísl. sveitarfélaga til þess að athuga þau atriði í gildandi lögum um

kosningar til Alþingis, sem til álita gæti komið að breyta. Þessi n. skilaði grg. í jan. 1971. Hún skilaði aldrei neinu frv., en hún setur þar fram nokkur atriði og óskaði eftir að kynna sér viðhorf manna til þessara atriða, áður en lengra yrði haldið í nefndarstörfunum. Eftir að þessi grg. lá fyrir í jan. 1971, fór ég þess á leit við þingflokkana, að þeir tilnefndu fulltrúa af sinni hálfu til þess að ræða þær ábendingar og hugmyndir, sem komu fram í grg. n. Það var að sjálfsögðu orðið við þeim tilmælum, og þessir fulltrúar, sem þingflokkarnir tilnefndu, mættu svo á fundum með kosningalaganefndinni og þar voru rædd þau atriði, sem n. hafði vakið máls á og eins og áður sagði, hafði óskað eftir að kynna sér viðhorf manna til, áður en hún héldi lengra. Þeir þm., sem mættu þarna á fundum með n., eiga allir sæti á Alþ. nú utan einn, Jón Þorsteinsson.

Þau atriði, sem n. vakti máls á í grg. sinni og bréfi, vörðuðu fleira en utankjörfundaratkvgr. Þar var m. a. rætt um ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar um kosningarréttarskilyrði, þ. á m. lögheimili og óflekkað mannorð, og þar var rætt um gerð kjörskrár, hvernig nú tíðkaðist, að menn væru teknir inn á kjörskrá eða felldir út af kjörskrá á tímabilinu frá 1. des., þegar kjörskrár eru gerðar, og fram að kjördegi. Í því sambandi var þá rætt, hvort ætti alveg tvímælalaust að miða við það, að kosningarréttarskilyrðin hefðu verið fyrir hendi 1. des., og þá án tillits til þess, hvort þau síðar og fram að kjördegi kynnu að vera brott fallin eða til komin. Það var rætt um fleiri atriði, sem ég skal ekki drepa hér á, og svo loks utankjörstaðaatkvgr., sem ég skal seinna víkja að.

En það var líka á fundum í n. og á fundum n. og fulltrúa þingflokkanna rætt vandamál, sem upp var komið og snerti íslenzka námsmenn og aðra Íslendinga, sem voru við störf á hinum Norðurlöndunum. Það má segja, að það hafi snert frumatriði alls þessa máls, sem sé það, að menn væru yfirleitt á kjörskrá. 1. okt. 1969 kom til framkvæmda samningur milli Norðurlandanna um manntalsskráningu. Samkv. 3. gr. þess samnings skulu gilda reglur þess lands, sem flutt er til. Nú hefur það sýnt sig, að framkvæmdin hefur á hinum Norðurlöndunum verið töluvert önnur en hér hefur tíðkazt, og þessi framkvæmd í hinum Norðurlöndunum hafði orðið til þess, að fjöldi af íslenzkum námsmönnum og Íslendingum, sem voru við störf í þessum löndum, hafði fallið út af þjóðskrá og þar með að sjálfsögðu einnig af kjörskrá. Ég skal skjóta því hér inn, þó að það snerti ekki beint þetta mál, að þetta hefur valdið ruglingi og óþægindum í sambandi við sköttun þessara aðila hér, þeirra sem hér hafa haft tekjur eða eiga hér skattskyldar eignir.

Það varð um það samkomulag á þessum fundum, að þetta fólk, sem út var fallið þarna, yrði tekið inn á kjörskrá eftir vissum reglum, sem taldar voru eðlilegar og í samræmi við það, sem hér hafði tíðkazt. Má segja, að þetta vandamál hafi verið leyst með samkomulagi allra þeirra, sem þarna fjölluðu um það. Ég þykist vita, að fulltrúar þingflokkanna hafi gert grein fyrir því hver í sínum flokki og enginn ágreiningur verið um að haga framkvæmdinni þannig, enda mátti segja, að hér væri um fullkomið sanngirnismál að ræða.

Í sambandi við þetta vandamál má geta þess, að núna í sept. var haldinn fundur í Osló með fulltrúum frá manntalsskráningaryfirvöldum allra landanna, þar sem rædd voru ýmis vandamál, sem höfðu komið upp í sambandi við þetta. Ég hef hugboð um, að þetta hafi komið einna verst við okkur, vegna þess að það kunni að vera meira samræmi í framkvæmdinni á hinum Norðurlöndunum. Það kom fram á þeim fundi fullur vilji til að mynda reglur og hliðra til þannig, að þetta þyrfti ekki að verða til teljandi óþæginda eða vandræða fyrir einstök lönd.

Þá er með utankjörstaðaatkvgr. erlendis. Hún var einnig rædd á þessum fundum, og hv. frsm. hefur getið þeirra ábendinga, sem fram hefðu komið frá kosningalaganefndinni um hugsanlegar aðferðir til að leysa vanda þeirra, sem er gert illmögulegt að neyta kosningarréttar sins erlendis. Þessar hugmyndir höfðu verið, eins og hann gat um, til umsagnar hjá utanrrn., og utanrrn. taldi öll tormerki á því, að unnt væri að framkvæma kosninguna á þennan veg. Ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að fara að lesa alllangt bréf, sem utanrrn. skrifaði um þetta, en eins og kom líka fram hjá hv. frsm., þá bendir utanrrn. þarna á eina leið, sem sé að Íslendingum erlendis, sem eftir því óska, séu send kjörgögn, sem geri þeim mögulegt að neyta kosningarréttar sins, og þá verði framkvæmdin með þeim hætti, sem hv. frsm. rakti í ræðu sinni. Þetta er ugglaust atriði, sem vert er að gefa fyllsta gaum og athuga nánar.

Þegar þessar umr. fóru fram, var liðið töluvert á þingtímann og kosningar fram undan. Ég mætti ekki á þessum fundum, en mér var tjáð, að þar hefðu menn orðið sammála um framkvæmd þess, hvernig fólk yrði tekið inn á kjörskrá, eins og ég áðan gat um. Að öðru leyti voru ekki uppi neinar ákveðnar óskir, að mér var tjáð, um það að frv. yrði flutt að svo komnu máli á þinginu, enda orðinn til þess nokkuð naumur tími. Hitt þykist ég vita, að allir hv. þm. séu á einu máli um, að það beri að gera allt, sem skynsamlegt getur talizt til þess að auðvelda mönnum að neyta kosningarréttar, og einnig að auka hagkvæmni við framkvæmd kosningalaganna.

Um þá þáltill., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að ég er henni í fyllsta máta samþykk, svo langt sem hún nær, og mér þykir mjög ánægjulegt, að þarna skuli einnig vera tekin inn í vandamál þeirra, sem vegna sjúkleika eða dvalar í sjúkrahúsum eða öðrum slíkum stofnunum geta ekki neytt kosningarréttar síns. En ég vil beina því til þeirrar hv. þn., sem fær málið til meðferðar, hvort ekki væri athugandi að breyta till. eða orðalagi hennar, svo að hún yrði rýmri og gæti þá rúmað í sér fleiri atriði en einungis utankjörfundaratkvgr. Líka sýnist mér, að þegar till. er komin fram svona snemma á þingi og ef hún fær greiðan framgang og greiða afgreiðslu, sem ég tel allar líkur til, að hún fái, þá ætti jafnvel að vera hægt að leggja fram frv. síðar á þessu þingi, a. m. k. eigi ekki að slá því föstu,

að það verði ekki lagt fram fyrr en á næsta þingi. Það er auðvitað aldrei hægt að segja fyrir um það, hvenær kosningar geta orðið, og þó að ég sé fyllilega sammála hv. frsm. um, að breyting á kosningalögum getur í ýmsum atriðum verið býsna vandmeðfarið og viðkvæmt mál, þá var, eins og hann líka sagði, búið a. m. k. að vinna mikið að athugun á þessu máli, endurskoðun kosningalaganna. Hvort frekari athugun hefur farið fram síðan, það er mér ekki kunnugt um. En ég sé það af þeirri skrá, sem við höfum fengið yfir nefndir og ráð, að kosningalaganefndin er enn til. Hins vegar er mér sagt, að hún hafi aldrei verið kvödd saman til fundar síðan eftir áramótin 1970—1971, og má þó vel vera, að það hafi verið unnið að málinu, án þess að það hafi verið beinlínis haldinn fundur í n. En ég ítreka það, að ég er samþykk till. Ég mundi hins vegar óska þess, að hún yrði orðuð þannig, að hún væri rýmri, og tel, að það komi mjög til athugunar, hvort ekki sé hægt að koma frv. fyrir það þing, sem nú situr, svo og að orðalag hennar verði ekki eins og nú er, að úr því sé dregið eða fyrir það sé girt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennsla í fjölmiðlun, þáltill. (þskj. 28). — — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Tvær aðalástæður eru til þess, að ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Önnur er sú, að stúdentum fjölgar mjög með ári hverju og nauðsynlegt er fyrir þjóðina að beina hinum vaxandi fjölda menntamanna inn í starfsgreinar, þar sem er þjóðfélagsleg þörf fyrir þá. Hin ástæðan er sú, að áhrif fjölmiðlunartækja, sjónvarps, útvarps og blaða, eru greinilega vaxandi hér á landi og er því aukin þörf fyrir, að starfsfólk þessara stofnana hafi sem haldbezta menntun.

Kennsla í fjölmiðlun er þegar viðurkennd háskólagrein víða um lönd og hefur þróazt úr því, sem áður var kennsla í blaðamennsku einni. Er fengin fyrir því reynsla í mörgum löndum, að fólk með háskólamenntun af þessu tagi er ekki aðeins eftirsótt við fjölmiðlunartækin sjálf, heldur og til hinna margvíslegustu starfa annarra.

Ég tel, að hér á landi séu nú 150—200 stöður, þar sem sérmenntun á sviði fjölmiðlunar mundi henta mjög vel. Við dagblöðin starfa um 100 manns við ritstjórn, að ég áætla, við hljóðvarp og sjónv. 20—50 manns við dagskrárgerð, — það getur verið matsatriði, hverja eigi að telja í þessum hóp, en allt starfsliðið er að sjálfsögðu um 200, — en við þetta má bæta vaxandi fjölda af auglýsingaskrifstofum, blaðafulltrúum, sem eru að verða fjölmenn stétt hér á landi, starfsmönnum hugsjónastofnana (Rauða krossins, Landverndar og slíkra), svo og starfsmönnum stjórnmálaflokkanna. Ég tel líklegt, að stöðum á þessu sviði muni fjölga ört á næstu árum og verði fljótlega orðnar 200—300.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að nám í fjölmiðlun mundi án efa verða með þeim hætti, að t. d. rúmur fjórðungur námstímans færi í fjölmiðlunargreinarnar sjálfar, annar fjórðungur námstímans þyrfti að fara í íslenzkt mál og e. t. v. eitthvert erlent mál, en um það bil helmingur námsins mundi verða í öðrum greinum, sem eiga að gefa þessu fólki almenna undirstöðu, í greinum svo sem þjóðfélagsfræðum, í þekkingu á atvinnulífi og ýmsu öðru, sem hefur almennt gildi.

E. t. v. kunna menn að spyrja, hvort það sé ekki mikið álag á Háskóla Íslands að leggja á hann að taka upp slíka kennslu. Ég vil geta þess, að svo er ekki, einmitt vegna þess, að aðeins fjórðungur kennslunnar yrði nýr. Háskólinn kennir nú þegar þær greinar, sem mynda ¾ af náminu. Er þetta því ekki eins þung byrði og ætla mætti. Ég tel að sjálfsögðu ekki, að þetta yrði sjálfstæð deild, heldur gæti hún mjög vel verið t. d. með þjóðfélagsfræðum.

Ég vil benda á það, að kennsla í þessum greinum gæti orðið undirstaða fyrir tvær nýjar stofnanir við háskólann, sem kæmu þar að góðu gagni. Annars vegar væri, að gefið yrði út með reglulegu millibili, hálfsmánaðarlega eða vikulega, blað í háskólanum, sem nemendur í þessum greinum mundu bera þungann af, en gæti komið jafnstórri og dreifðri stofnun að góðum notum. Hins vegar, að háskólinn fengi til afnota sína eigin útvarpsstöð, t. d. á örbylgjum. Stöðin yrði að sjálfsögðu vegna landslaga að vera eign Ríkisútvarpsins og starfa á ábyrgð þess, en stúdentar gætu unnið að nokkurra klukkustunda dagskrá í viku sjálfum sér og öðrum til gagns og ánægju. Ríkisútvarpið gæti þarna sem bezt fundið ágæta, nýja starfskrafta. Þetta hvort tveggja er til í háskólum um allan heim, og mundi ekki heyra til neinna nýjunga, þótt Háskóli Íslands, sem nú hefur hátt á þriðja þús. stúdenta, eignaðist sitt eigið blað og fengi afnot af lítilli útvarpsstöð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa till., en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfshættir skóla, þáltill. (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessa till. flutti ég á síðasta þingi, þegar mjög var liðið á þingtímann. Hún náði ekki afgreiðslu, henni var vísað til n., en fékk ekki frekari meðferð þá. Hún er því endurflutt nú óbreytt að efni. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka: 1) aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins, 2) vinnuálagið í skólum. Rannsóknin skal hraða svo sem tök eru á, og gera skal Alþ. grein fyrir árangri þegar að rannsókn lokinni."

Ég vil leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þessum tillöguflutningi. Það vita allir hv. alþm., að skólamálin almennt hafa verið mjög í deiglunni á undanförnum árum. Þau hafa verið til meðferðar hér á Alþ. í ýmsum frv. um skólamál. Sum þeirra hafa verið útrædd og afgreidd,

en önnur ekki, eins og gengur. Sum hafa verið tekin aftur til endurskoðunar og meðferðar hjá stjórnarvöldum. Þannig var t. d. grunnskólafrv. það, sem flutt var í tíð fyrrv. ríkisstj. og nú er í skoðun hjá sérstakri n. og boðað hefur verið, að muni verða lagt fyrir þetta þing.

Það eru því ennþá starfandi nefndir, sem fjalla um þessi mál og undirbúa væntanlega víðtækar breytingar á skólakerfinu í heild. Mér finnst ekkert undarlegt, þó að mörg járn séu í eldi varðandi þessi umfangsmiklu mál, fræðslumálin, því að hér er vissulega mikið í húfi. Útgjöld hins opinbera vegna skólahalds almennt í landinu eru afar mikil. Samtalan á þeim dálki fjárl., sem heyrir undir menntmrn., er eitthvað nálægt 3 milljörðum kr. á árinu 1972. Það er að vísu ekki allt vegna skólakostnaðar, en þá er hins að gæta, að sá kostnaður, sem ríkið greiðir þar, er ekki nema hluti af heildarkostnaði við skólamálin í landinu. Ef með er einnig talin sú vinna, sem skólanemendur sjálfir leggja fram á sínum skólaárum, er áreiðanlega óhætt að tvöfalda þessa tölu, sem fjárl. greina frá, án þess að nokkrar ýkjur séu í frammi hafðar um það, sem lagt er af mörkum við framkvæmd fræðslunnar í landinu.

Skólarnir eru tvímælalaust eitt stærsta starfssvið í þessu þjóðfélagi, næst á eftir heimilunum sjálfum. Í vor er leið var sagt frá því í fréttum útvarps, að í skólum landsins væru þá um 63 þús. manns. Þegar við svo íhugum enn fremur, að þarna er um að ræða ungt fólk, sem er í mótun, og í húfi er bæði andlegur og líkamlegur þroski þess, og það ræðst kannske alveg sérstaklega á skólaárunum, hvert verður viðhorf alls þessa fólks til þjóðfélagsins, má öllum vera ljóst, hvað hér er í raun og veru mikið í húfi.

Heimilin voru áður svo til einráð um uppeldi þegnanna, en þetta hefur breyzt. Enn þá eru það heimilin, sem móta hina uppvaxandi borgara fyrstu árin, en síðan bætast skólarnir jafnframt við. Þegar þess er hvors tveggja gætt, hvað skólatíminn er í mörgum tilvikum orðinn langur og fræðslan orðin kerfisbundin innan skólanna, hugsa ég, að það séu orðin áhöld um, hvor hafi sterkari áhrif á mótun fólksins, heimilin eða skólarnir. Ég held þess vegna, að óhætt sé að segja, að það varði alþjóð meira en flest annað, það sem fram fer innan veggja skólanna. Það er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að oft sé rætt um þessi mál hér á Alþ. og lagðar fram ýmsar till., bæði um heildaraðgerðir í málunum og einstök og afmörkuð atriði, eins og fjallað er um í þessari till.

Nú vil ég segja það, að enda þótt ég a. m. k. vænti mikils árangurs af þeirri vinnu, sem lögð er í að undirbúa skólamálin í heild, er mér ljóst, að öll sú meðferð og mótun hlýtur að taka mjög langan tíma, jafnvel þótt unnið verði að því að fullum myndarskap. En þessi till., sem ég leyfi mér að flytja, er nánast um það, að látin verði fara fram skyndiathugun á tveimur afmörkuðum sviðum í skólamálunum. Ég vil nú gera grein fyrir ástæðunum til þess, að ég flyt þessa till., og þá fyrst fara nokkrum orðum um þann þátt, sem fjallar um vinnuálagið.

Það er almennt álit, held ég, að mér sé óhætt að segja, að það sé mjög handahófskennt, hversu mikið vinnuálag er í hinum ýmsu skólum og skólastigum. Það mun hafa verið á næstsíðasta þingi sem nokkrar umr. urðu um þetta efni hér í þingsölum. Ég held, að það hafi verið við 1. umr. um frv. til l. um skólakerfi, sem þá var lagt fram í Nd Alþ., og að þessar umr. hafi farið fram í jan. 1971. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, flutti þá ræðu, sem síðan var birt í blöðum og útvarpi og vakti þá töluverða athygli. Hann ræddi þar um vinnuskilyrði skólafólks almennt, einkum varðandi heimavinnuna. Hann sýndi fram á í þessari ræðu, hversu hún oft og einatt og á ýmsum skólastigum er í engu samræmi við almennan vinnutíma fullorðins fólks. Eftir skólatíma á daginn er unglingum oft gert að vinna heima margar klukkustundir og oft við allsendis ófullnægjandi vinnuskilyrði, eins og að líkum lætur, miðað við þann húsakost, sem fyrir hendi er hjá fjölskyldum. Áreiðanlega er hann í engu miðaður við þessar sérþarfir, þegar hann er teiknaður og undirbúinn. Jafnvel stóru, nýju húsin okkar eru ekki sérlega heppileg til þess að gefa tækifæri eða veita næði til starfa, eins og heimavinnu skólafólks. Ég man, að hann benti sérstaklega á það, hversu niðurdrepandi það hlyti að vera — andlega séð — að hafa fyrir framan sig, kannske árum saman og dag eftir dag næstum óyfirstíganleg eða alveg óviðráðanleg viðfangsefni og finna alltaf inni í sér, að þeim verði ekki lokið á fullnægjandi hátt. Hann varaði þá við því sérstaklega, að verkefnin, sem nemendum væru ætluð heima, væru miðuð við harðsæknustu nemendurna eða afburðafólkið. Þar þyrfti að sjálfsögðu að miða við getu hins almenna nemanda. Orðrétt sagði þessi hv. þm. m. a. á þessa leið:

„Það verður að finna nýjar leiðir í verkstjórn í skólum, svo að námið verði eins og eðlileg vinna unnin á eðlilegum tíma.“ Og í lok þessarar ræðu sinnar komst Eysteinn Jónsson m. a. þannig að orði, ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þau ummæli: „Það verður að ryðja nýjar brautir með hjálp þeirrar reynslu, sem aðrar þjóðir hafa. Ég þekki fólk, sem á heima á Norðurlöndum og á unglinga í skólum, sem eru þannig settir, að þeir fara á morgnana kl. 8 að heiman, koma svo heim aftur um kl. 4 og hafa þá lokið dagsverki oftast nær. Þetta er eins og annað líf, þetta er eðlilegt líf. Hjá okkur líkist þetta engu eðlilegu lífi. Það er nánast eins og martröð. Við erum náttúrlega samdauna þessu, og það þarf sjálfsagt mikið átak til þess bara að sjá þetta, gera sér grein fyrir þessu, því að það liggur hér í landi að ætla unglingum miklu meira verk en fullorðnu fólki, og niðurstaðan er líka eftir því oft og tíðum,“ sagði þessi hv. þm. í niðurlagi ræðu sinnar um þetta efni.

Eins og ég sagði áðan, var þessi ræða birt í útdrætti í blöðum og vakti töluverða athygli og ýmsir tóku í sama strenginn, að þarna væri víða mikið handahóf og sums staðar væri þannig ástatt, eins og hv. þm. lýsti.

Síðan þessar umr. fóru fram og raunar áður hef ég oft hugleitt þessi mál, og þennan þátt

þá sérstaklega, og rætt við ýmsa foreldra, sem eiga börn í skóla eða unglinga og á ýmsum skólastigum. Þeir segja mjög margir, að það sé álit sitt, að heimavinnan sé óeðlilega mikil og aðstaðan til að leysa hana af hendi engan veginn viðunandi. Sumir halda því fram, að börn þeirra sitji lon og don yfir skólabókum, þegar heim kemur eftir skólatíma á daginn, og verði þá sáralítill eða enginn tími til þess að lesa bækur um annað efni, hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp eða stunda félagslíf, sem sagt lítið um tíma til þess að sinna slíkum hlutum, sem almennt eru taldir heyra til eðlilegu nútímalífi. Hitt er svo einnig til og sannar það, sem ég sagði, að þetta væri breytilegt, að sumir aftur á móti kannast ekki við þetta. Þeir hafa ekki þessa reynslu af sínu fólki, heldur telja, að því sé ætlað eðlilegt starf, og ég hygg, að báðir hafi rétt fyrir sér í aðalatriðum, hvort tveggja sé til. Nú er það auðvitað svo með nemendur í skólum eins og annað fólk að þeir eru ákaflega ólíkir, sumir röskir til verka, aðrir seinfærir. Við vitum, að menn eru mismunandi kappsfullir við verk.

En þrátt fyrir þær staðreyndir, hef ég þó dregið þær ályktanir af því, sem ég hef komizt á snoðir um almennt um þessi mál, að það sé hvergi nærri nógu gott skipulag í þessum efnum né nægilegt samræmi á milli einstakra skóla og skólastiga og að skjótra aðgerða sé þörf í þessu efni.

Við þessa almennu vitneskju, sem ég þykist hafa fengið um þetta mál, bætist svo það, að s. l. vetur varð ég persónulega vitni að einu afbrigði vinnuálags í skólum, sem vakti furðu mína og raunar óhug. Þetta var í handavinnudeild Kennaraskóla Íslands. Ég fylgdist mjög náið með nokkrum nemendum í þessum skóla. Eftir því sem ég komst næst, eru þar mjög dugandi kennarar. Ég þekki þá ekki persónulega, en allt, sem þessir nemendur, sem ég aftur á móti þekki allnáið, hafa af þeim að segja, það er yfirleitt mjög gott. Þeir eru góðir í umgengni og hjálpsamir við nemendur og hvetja þá að ljúka verkefnum, og allt er eðlilegt á þennan hátt. Ég hygg og er raunar sannfærður um, að þeir, sem þarna nema, ná mjög mikilli leikni í störfum, og kennslan er mjög fjölbreytt, a. m. k. hjá stúlkunum, en ég þekki sérstaklega til hjá þeim. En það er heimavinnan þarna, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, og það er einkum tvennt í sambandi við hana, sem vakti sérstaka athygli mína. Annars vegar það, að algerlega virðist skipta í tvö horn um heimavinnuna eftir því, hvort í hlut eiga piltar eða stúlkur. Eftir því sem ég veit bezt, njóta þó bæði kynin alveg sömu réttinda að námi loknu, eiga kost á kennslu í sömu skólum, á sömu skólastigum, og eftir því sem ég bezt veit, hljóta þau sömu laun. En mismunurinn á heimavinnu kynjanna virðist mér alveg afskaplegur. Piltarnir vinna að sjálfsögðu við ýmis þyngri verkfæri. Þarna eru auðvitað notaðir hefilbekkir og margs konar smíðavélar sem ekki verða fluttar heim í íbúðir né eru til á heimilum. Af því leiðir eðlilega, að heimavinna pilta verður lítil og nánast engin. Ég hef það fyrir satt, að það sé ekkert óalgengt, að dugmiklir piltar í þessari deild vinni aðra vinnu seinni hluta dags og á kvöldin. Aftur á móti eru heimaverkefnin hjá stúlkunum ákaflega mikil. Eins og ég sagði áðan, finnst mér þessi mismunur vera algerlega óeðlilegur, miklu meiri en hægt er að forsvara, sérstaklega miðað við það, að bæði kynin stefna að sömu réttindum, sama prófi og væntanlega sömu launum að námi loknu. Þetta er annað atriðið varðandi heimavinnuna þarna.

Hitt er svo varðardi sjálft vinnuálagið hjá stúlkunum. Ég þekkti þetta mjög vel, eins og það var í fyrra, vegna persónulegra kynna minna af nokkrum nemendum úr átthögum mínum. Ég varð þá vitni þess, að það var föst venja að fara á fætur milli sjö og hálf átta kannske tæplega sjö að morgni, enda átti að koma í skólann upp úr kl. átta. Tímum lauk mismunandi snemma dags, eins og algengt er, en það var mjög algengt, að unnið væri áfram í skólanum daglangt, vegna þess að það þótti betri aðstaða til vinnu og nemendur gátu þar unnið saman. Síðan var komið heim nálægt kvöldmatartíma, maturinn gleyptur í sig og síðan setzt við vinnu á ný. Það var unnið 6 daga vikunnar til kl. eitt og tvö á hverri einustu nóttu og ekki tekið algert frí á sunnudögum, það get ég einnig fullyrt. Og þannig gekk þetta allan veturinn.

Ég læt þess getið í grg., að það séu dæmi til þess, að í skólum sé vinnuálagið, sem ég hef leyft mér að nefna svo, ekki 40 klukkustundir, eins og nú er í hinni almennu vinnuviku, heldur 80. Í raun og veru er hér allt of grunnt tekið í árinni, en ekki of djúpt, því að eins og ljóst má vera af þeim tímasetningum, sem ég nefndi, er vikulegur vinnutími miklu lengri en 80 klukkustundir. Þegar við þetta bætist svo það, að vinnan þarna er ákaflega einhliða, handavinna við saum, hekl, prjón og ýmislegt annað, sem kallað eru kvenlegar hannyrðir, held ég, að öllum megi vera ljóst, að þetta er ekki álitlegt. I þessari deild eru mjög fáir bóklegir tímar, og s. l. vetur var þarna engin leikfimikennsla um hönd höfð og engin líkamsrækt stunduð af nokkru tagi.

Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til þess að gera sér nokkra hugmynd um það, hvernig komið sé fyrir fólki heilsufarslega séð, sem búið er að sitja 7—8 mánuði við svona vinnubrögð og þessi skilyrði. Ég ætla ekki að fara um það mörgum orðum, en mér var kunnugt um það, að mjög algeng einkenni, þegar líða tók á vetur, — voru þreyta, bæði andleg og líkamleg, þyngsli í höfði og vöðvabólgur á hálsi og herðum. En sumir — og ég hygg raunar allmargir — af nemendum leituðu læknis, þegar leið á vetur. Mér finnst þetta minna á gömlu sögurnar um tóvinnuna á vetrum. En þá voru þara engin vökulög sjómanna og ekki búið að finna upp 40 stunda vinnuviku. Þá notuðu menn vökustaura, þegar leið á vökuna. Þeir eru nú ekki til lengur. En það skal þá lukka til, að það séu ekki komnir aðrir vökustaurar og ekki hollari, sem gripið er til, þegar allt um þrýtur.

Það má vissulega spyrja, hverju svona vinnubrögð þjóni, hvort ekki sé hægt að haga þessu með einhverjum öðrum hætti án þess að tapa verulega á því. Það má spyrja, hvort verið sé

að búa fólk undir frjótt og hamingjusamt lífsstarf með þessum vinnubrögðum eða hvort það sé eitthvað annað, sem þarna er að gerast.

Nú vil ég manna síðastur mælast undan því, að ungt fólk starfi, eða mæla með iðjuleysi ungmenna. En ég held, að það sé bezt að hafa hóf í hverjum máta og menn ættu a. m. k. að geta orðið sammála um það, af því að skólanám er auðvitað vinna eins og annað, sem menn leggja fyrir sig á ýmsum æviskeiðum, að gera álíka kröfur um vinnutíma og afköst til fólks á skólaaldri og gerðar eru til fólks, eftir að það er komið úr skólanum. Ég vissi, að þegar sumir þessara nemenda, sem ég tók dæmi af, luku skóla, fóru þeir að vinna hér á almennum vinnustað. Þar var ekki unnið nema 40 stundir á viku. Ekki var snert við verki á laugardögum og sunnudögum. Það var komið heim yfirleitt kl. 4 og farið litlu fyrr af stað en í skólann. Í þessu er lítið samræmi. Afkastageta nemenda í nefndu dæmi hefur án efa verið misjöfn. En vert er að minna á, að allir, sem í þessum skóla starfa, hafa lokið gagnfræðaprófi eða landsprófi, og það gerist ekki án vinnu og verulegrar áreynslu. Og þessir nemendur, t. d. sem ég þekki persónulega og hef tekið sem dæmi, eru einnig þaulvanir að vinna önnur störf, síldarsöltun, í frystihúsum, landbúnaðarstörf og ýmis önnur líkamleg störf. Þeir eru því bæði vanir skólavinnu og líkamlegri áreynslu í tölvert ríkum mæli. Ég vil aftur minna á það, sem ég sagði áðan í öðru sambandi, að álag á nemendur í skólum verður að miðast við eitthvert meðallag.

Ástæðan til þess, að ég tek það ráð að skýra frá þessum ákveðnu dæmum, er sú, að ég nauðaþekki þau og þau eru beinlínis hvati að þessum tillöguflutningi. En með vísun til þeirra atriða, sem ég drap á úr ræðu hv. 1. þm. Austf. fyrr hér á Alþ., og til viðtala minna við fólk, sem á börn í öðrum skólum og á allt öðrum skólastigum, vil ég taka það skýrt fram, að ég tek ekki þetta dæmi fyrst og fremst vegna þess, að ég álíti, að þarna sé um eitthvert einsdæmi að ræða, heldur læt ég það koma hér fram til þess að skýra myndina. Ég álít, að aðgæzlu sé þörf miklu víðar en þarna, bæði um sjálft vinnuálagið og mismunun þá, sem er á milli kynja, alveg sérstaklega í sambandi við handavinnukennslu á ýmsum skólastigum. Ég veit, að slík mismunun kemur fram miklu víðar. Ég vil líka taka það alveg skýrt fram, að ég er sannfærður um, að þar sem slík mistök hafa átt sér stað eins og ég nú hef verið að lýsa, því að ég kalla þetta mistök, eiga þau sér ekki stað að yfirlögðu ráði eða neitt í þá átt, að kennarar ætli sér að leggja óhóflega mikla vinnu á nemendur sína. Það er ekki tilgangurinn, því fer fjarri. En sannleikurinn er sá, við þekkjum það svo víða, að vaninn er sterkur og erfitt að breyta því, sem orðið er viðtekin venja.

Annar þáttur þessarar till. fjallar um aðstöðu til líkamsræktar. Nú hefur það lengi verið í lögum landsins, að öllum ungmennum skuli séð fyrir nokkurri kennslu í leikfimi og öðrum líkamlegum íþróttum. Þó að þetta hafi lengi verið í lögum, er öllum ljóst, að mjög er áfátt, að þeim lagaákvæðum sé framfylgt. Það skortir víða húsnæði, segja menn, til þess að hægt sé að uppfylla þær kröfur, sem lög gera í þessum efnum, og það er rétt. Sannleikurinn er þó líka sá, að margt er hægt að gera án fullkomins húsnæðis, ef nægur vilji er fyrir hendi, og meira að segja án nokkurs húsnæðis. Við höfum sjálfsagt flestir hv. þm. séð dæmi um, þegar nemendur úr Menntaskólanum við Tjörnina eru á hlaupum hérna í kringum Tjörnina, það sést stundum út um gluggana á nefndarherbergjum í Þórshamri. Mér hefur verið sagt, að þetta sé gert fyrir áeggjan leikfimikennara þeirra, sem grípur til þessa ráðs í húsnæðisvandræðum sínum. Þannig er það ljóst, að margt er hægt að gera, ef viljinn er fyrir hendi, þó að aðstaða sé ekki hin fullkomnasta.

Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun, að við eigum yfirleitt að geta látið í té sæmilega aðstöðu til þess, að unnt sé að stunda líkamsrækt við skóla okkar með eðlilegum hætti, ef nægilegrar hagsýni er gætt í framkvæmd. En mér er það mjög til efs, að í skólamannvirkjagerð okkar — og reyndar í allri húsagerð okkar Íslendinga — hafi verið gætt nægilega mikillar hagsýni. Nú er þetta auðvitað atriði, sem ég á erfitt með að tala um. Ég er ekki neinn sérfræðingur í þessum efnum og hef þar að auki ekki haft svo náin kynni af einstökum atriðum, þó að sitt af hverju sjáist álengdar. Ég skal þó nefna eitt dæmi, sem sýnir, hvað oft er losaralega á málum haldið varðandi hagsýni í sambandi við gerð skólamannvirkja.

Það var fyrir nokkrum árum, að ákveðið var að byggja kennarabústað við skóla úti á landi og beðið um teikningu frá opinberu aðilum. Þetta var bústaður fyrir einn kennara. Teikningin kom. Íbúðin var 182 fermetrar, minnir mig. Stofan í þessum kennarabústað var 14 metra löng. Hún hét ýmsum nöfnum, dagstofa, borðstofa og barnastofa og ég man ekki hvað og hvað, en öll lengdin var 14 metrar. Það var aldrei byggt eftir þessari teikningu, heldur annarri, lítið betri. En það, sem eiginlega gerir þessa mynd enn þá furðulegri, er það, að þessi bygging átti að vera við Húsmæðraskóla. Nú er það ekki svo, að ég unni húsmæðrakennurum ekki rúmgóðs húsnæðis eins og öðrum kennurum. En sannleikurinn er bara sá, að í mjög mörgum tilfellum koma húsmæðrakennarar úr húsmæðrakennaraskóla, starfa einn eða tvo vetur, giftast og eru svo farnir. Það er ekkert notalegt fyrir nýútskrifaðan kennara að koma í 183 fermetra íbúð og setja sig þar niður til eins eða tveggja vetra. En hvað um það, þá fannst mér þetta nánast fáránlegt og ekki bera vott um sérlega hagkvæmni í skólamannvirkjagerð Íslendinga.

Þetta er bara eitt dæmi, en ef þau eru mörg svona, þá er þar kannske nokkur skýring á því, hve erfiðlega hefur gengið að uppfylla kröfurnar um húsnæði til þess að stunda líkamsrækt í skólum, svo sem lög gera þó ráð fyrir. Peningarnir fara í annað.

Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á óskaplegum þverstæðum, sem ég hef orðið sjónarvottur að á þessu ári varðandi skólamál annars vegar og hins vegar almennan húsakost fólks í þessu landi. Í vetur

sem leið fórum við fjvn.—menn að líta á aðstöðuna í Menntaskóla Reykjavíkur, einni elztu og virðulegustu menntastofnun í þessu landi. Þarna hafa verið gerðir góðir hlutir, og við sáum þarna nýlegar kennslustofur o. s. frv. En við sáum líka önnur fyrirbrigði, sem gengu algerlega fram af mér. Ég man sérstaklega eftir þremur stofum, sem við gengum um. Ein var samansett úr tveimur íbúðarherbergjum í gömlu húsi. Til þess að koma nægilega mörgum fyrir varð svo mikil þröng um miðbik stofunnar, að ef nemendur úr aftari sætaröðum áttu að koma upp að töflu, urðu þeir að fara fram á gang og koma inn um aðrar dyr til þess að fara fram á gang og koma inn um aðrar dyr til þess að komast að töflunni. Í annarri stofu var setið svo þétt, að þegar nemendur voru setztir, komst kennaraborðið ekki fyrir, nema kennarinn sneri andlitinu út í vegg og vanganum í nemendur. Í þriðju stofunni sýndist mér þó vera þrengst, því að þar var ekkert pláss fyrir kennaraborð, alls ekki neitt. Mér er til efs, að það hafi verið nokkurt pláss fyrir kennarastól heldur og hafi þá mátt þakka fyrir, ef skósólar kennarans höfðu pláss frammi við dyrnar.

Ég held, að allir hljóti að sjá, að það er eitthvað bogið við þetta, þegar þess er gætt, að í þessari borg og yfirleitt um allt land býr hinn almenni borgari yfirleitt í mjög góðum húsakynnum. Meira að segja búa nú sumir í svo stóru húsnæði, að það varla djarfar fyrir veggjum, nema lýsing sé því betri. Þetta eru svo miklar þverstæður, að það er ekki hægt annað en vekja athygli á því. Það er ótrúlegt, að þetta þurfi að eiga sér stað eða nokkuð þessu líkt. Nú veit ég ekki, hvað gerzt hefur þarna í vetur, en ég vona, að þessu sé kippt í lag og það lagt niður, að börnum eða ungmennum úr okkar venjulegu, en ágætu íbúðum, Íslendinga, sé stúfað svona eins og þorski í stafla fyrrum meðan menn kunnu þá íþrótt að láta hnakkana snúa upp, því að það er ekki hægt að líkja þessu við neitt annað. Þarna eru auðvitað herfileg mistök á ferðinni, sem e. t. v. eru einsdæmi En mönnum býður samt í grun, að ekki sé allt með felldu, þegar þeir sjá svona dæmi og gera sér grein fyrir þverstæðum, sem þarna er um að ræða.

Líkamsrækt er, eins og ég sagði áðan, búin að vera mjög lengi skyldunámsgrein í öllum skólum á Íslandi. Hún er búin að vera það í áratugi án þess að koma til fullra framkvæmda, og það er vissulega tímabært að taka þetta mál alveg sérstaklega til athugunar. Ég vék líka að því áðan, að í fyrravetur voru 63 þús. manns í skólum á Íslandi. Við skulum minnast þess, að unga fólkið í dag situr í skólunum ekki nokkra mánuði eins og við sem nú erum miðaldra og eldri, gerðum og í örfá ár mörg hver, — heldur situr þetta fólk í skólum meira en hálft árið í 10 ár, ekki minna, og upp í 20 ár. Þarna er um að ræða ungt fólk, sem er í andlegum og líkamlegum vexti og í mótun. Við alla þessa skólasetu bætist svo það, að allt okkar þjóðlíf, Íslendinga, er stöðugt að færast meira og meira í stólana, í skrifstofu- og þjónustustörf, í vélvæddan iðnað, að ógleymdum vélvæddum heimilum. Þetta er það, sem við búum við í dag, og þetta krefst þess alveg sérstaklega, að lögð sé meiri alúð við líkamsrækt í skólum landsins en áður var gert, á meðan setan var miklu styttri en hún er nú, en líkamlegt starf tók miklu meiri tíma. Ég held, að þetta þurfi ekki frekari rökstuðnings við. (Forseti: Það á að ljúka þessum fundi núna kl. 4, og vil ég biðja hv. þm. að fresta því, sem eftir er af ræðunni, til næsta fundar, nema hún sé að verða búin.) Já, hér getur verið amen eftir efninu, herra forseti. Ég hef gert grein fyrir því, hvers vegna ég tel vera þörf á því að taka þessi tvö atriði til alveg sérstakrar meðferðar. Þau eru bæði nokkuð einangruð og svo alvarleg að mínum dómi, að ég tel að það beri að veita þeim þann forgang að skoða þau alveg sérstaklega nú þegar.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á samþykkt, sem Ísland hefur gerzt aðili að með nokkrum öðrum þjóðum.

Eins og kunnugt er, var samþ. hér á síðasta þingi frv. varðandi sama efni og það, sem hér er fjallað um, þ. e. a. s. um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Það frv., sem nú er orðið að lögum, var flutt í beinu framhaldi af samþykktum, sem gerðar voru á vegum Norðurlandaþjóða um það efni. Þær vildu ryðja brautina og settu hjá sér ákveðin lagaákvæði um nokkur grundvallaratriði þessa máls, án þess þó að víðtækt samkomulag hefði þá tekizt þjóða á milli um málið. En síðan hefur málinu þokað þannig áfram, að samkomulag varð með 12 ríkjum, sem öll eiga aðild að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni, um að gera með sér alþjóðasamþykkt varðandi þessi efni og vinna síðan áfram að því að reyna að fá aðild sem flestra þjóða að þessu samkomulagi. Frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því, að Íslendingar staðfesti fyrir sitt leyti þessa samþykkt, sem gerð var í Osló á s. l. ári og undirskrifuð þar í byrjun þessa árs, — að við Íslendingar staðfestum hana og gerum ákvæði þessarar samþykktar sem gildandi lög hjá okkur.

Því má síðan bæta við þessar upplýsingar, að nú stendur yfir í London fundur, sem fulltrúar Íslands eru aðilar að, þar sem enn er unnið að því að ná enn víðtækara samkomulagi þjóða á milli varðandi þetta þýðingarmikla mál en enn hefur orðið. Það varð sem sagt samkomulag um það á þessum Oslóarfundi, að öll þau ríki, sem sendu fulltrúa á þennan fund, samþykktu þetta samkomulag, en öll ríkin, sem eiga aðild að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni, höfðu þó ekki fulltrúa á þessum fundi. Til þess að þessi samþykkt hafi fullnægjandi gildi, þurfa vissulega ýmsar fleiri þjóðir að verða hér aðilar að, og að því er nú unnið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja hér efni þessa samkomulags. En í aðalatriðum er það um ákveðnar reglur, sem eiga að gilda um heimildir til þess að losa nánar tiltekin efni, hættuleg efni, í hafið, og hafsvæðið er nánar tilgreint eða skilgreint í samkomulaginu. En það er hið sama hafsvæði og telst sem áhrifasvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar og er auðvitað hið þýðingarmesta fyrir okkur Íslendinga. Í samþykktinni koma svo fram þessar skilgreiningar á því, hvaða efnum er algerlega bannað að kasta í hafið og hvaða önnur efni geti að vísu komið til greina að losa í hafið eftir nánara samkomulagi sérstakrar starfsnefndar, sem gert er ráð fyrir, að sett verði á fót. Síðan er gert ráð fyrir því í þessu samkomulagi, að hver þjóð, sem hér á hlutdeild að, tekur á sig þær skyldur að líta eftir á sínu áhrifasvæði eða sínu almenna yfirráðasvæði, bæði varðandi skipaferðir og ferðir flugvéla, og öll eiga þau að hafa sameiginlega eftirlit með því, eins og tök eru á, að þessum samþykktum verði hlítt.

Það hefur leikið nokkur vafi á því hjá okkur, hvar ætti í rauninni stjórnskipulega að hafa mál sem þetta, eins og önnur þau, sem varða umhverfis- og mengunarmál. En það hefur verið unnið að þessum málum hér á undanförnum árum í sjútvrn., og það eru fyrst og fremst fulltrúar þaðan, sem hafa haft með þessi mál að gera fram til þessa, og því hefur þótt rétt að ákveða í þessu frv., að það verði sjútvrn., sem af hálfu íslenzkra stjórnvalda hafi með málið að gera. En það er atriði, sem vissulega þarf að taka nánari ákvörðun um, hvaða skipulag á að hafa á í framtíðinni. Það hefur þótt rétt að gera það, m. a. með sérstöku tilliti til þess, að Hafrannsóknastofnunin, sem málið varðar meira en allar aðrar stofnanir í landi okkar og hefur með lífið í sjónum að gera af okkar hálfu, flokkast undir sjútvrn.

Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15). — 3. umr.

Engin tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 49). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 4 öðrum þm. Sjálfstfl. að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Frv. þetta er á þskj. 38.

Ég vil geta þess, áður en lengra er haldið, að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því í síðustu viku, að umr. yrði frestað, meðan honum gæfist tóm til þess að kynna sér þetta mál betur, og varð ég að sjálfsögðu við þeirri beiðni. Nú er það upplýst í upphafi fundarins, að hæstv. ráðh. er fjarstaddur, og vil ég því beina því til forseta. hæstv. forseta, að hann taki það til athugunar að fresta umr. að loknum umr. hér í dag, þannig að hæstv. ráðh. gefist þá kostur

til þess að tjá sig um málið við þessa umr., ef hann hefur haft hug á því.

Mál þetta fjallar um breytingar á framleiðsluráðslögunum og felur það í sér að rýmka að nokkru leyti um dreifingu og sölu á mjólkurvörum. Að efni til var sams konar frv. flutt hér á síðasta þingi af sömu hv. þm. að undanskildum hv. þm. Sverri Hermannssyni, sem nú hefur bætzt í hópinn, en það frv. fékk ekki afgreiðslu á síðasta þingi, og er því að efni til endurflutt nú. Ég þarf því ekki að fara mörgum orðum um tilgang þessa frv. eða útskýra einstaka þætti þess. Það var gert hér við umr. í hv. Alþ. á síðasta vetri, og þessari hv. d. er kunnugt um röksemdir þær, sem liggja að baki þessu frv.

Það frv., sem hér var flutt á síðasta þingi, mætti nokkurri andstöðu, og komu fram viss sjónarmið, sem hnigu aðallega í þá átt, að vera kynni, að með samþykkt þess frv. mundu framleiðendur eða bændur bera skarðari hlut frá borði en nú er samkv. gildandi lögum um dreifingu og sölu mjólkurvara. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið, sem þá voru sett fram, hefur frv. verið breytt, og vil ég gera grein fyrir þessum breytingum í aðalatriðum.

Það er gert ráð fyrir því, að á eftir 26. gr. l. komi ný gr., er verði 27. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt án sérstaks leyfis að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis.“ Og síðan kemur áfram: „Nú sækir matsöluverzlun um leyfi til sölu og dreifingar á neyzlumjólk, rjóma og skyri, og skal þá sérstök n. fjalla um umsókn þessa. N. þessi skal skipuð 7 mönnum, þannig að viðkomandi sveitarstjórn tilnefni 2 menn, félag matvörukaupmanna á staðnum eða, ef það er ekki til staðar, Kaupmannasamtök Íslands tilnefna einn mann, samsölustjórn eða viðkomandi mjólkursamlag tilnefnir einn mann, einn maður skal tilnefndur af framleiðsluráði landbúnaðarins, einn maður af Neytendasamtökum Íslands og einn maður af heilbrigðisnefnd, og skal hann vera formaður nefndarinnar.“

Þessi nefndarskipan er önnur af tveim aðalbreytingum, sem gerðar hafa verið á þessu frv., og felur það sem sagt í sér, að sé sótt um leyfi til sölu og dreifingar á mjólkurvörum, þá skuli skipuð þessi sérstaka nefnd. Það hefur verið mat okkar, sem flytjum þetta frv., að n. skuli svo skipuð, að þar skuli allir eiga sæti, sem hagsmuna eiga að gæta og eiga að vera kunnugir málum og aðstæðum, og hún skyldi jafnframt vera skipuð þannig, að ekki sé of rík eða sterk ítök af hálfu eins aðila í n. Er þá bæði haft í huga að gefa þeim kost á að sitja í n., sem fyrir fram ættu að vera hlynntir rýmkun á þessum l., og eins hinum, sem vilja fara varlega, og er þá gert ráð fyrir því sem sagt, að annars vegar hafi kaupmannasamtök á viðkomandi stöðum fulltrúa í n. og hins vegar mjólkursamlag eða samsölustjórn, sem mundi gæta hagsmuna mjólkurframleiðenda. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn tilnefni tvo menn, og er þar haft í huga, að ef um pólitískt samstarf í viðkomandi sveitarstjórn er að ræða, eða eins og almennt er, þar séu fleiri en einn og fleiri en tveir flokkar, sem sæti eiga í sveitarstjórnum, þá sé mögulegt að tilnefna tvo menn í n. frá þeim flokkum eða þeim hópum innan sveitarstjórnarinnar, sem greinir á í þessu máli. Þá er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni einn mann, sem er þá fulltrúi framleiðendanna, og svo fulltrúa neytenda, vegna þess að að sjálfsögðu hafa neytendur mjög mikilla hagsmuna að gæta, og er sjálfsagt og eðlilegt, að þeir hafi einn mann í n. Að lokum er gert ráð fyrir því, að heilbrigðisyfirvöld, heilbrigðisnefnd, eigi einn fulltrúa í n., og skal hann vera formaður n.

Það má sjálfsagt um það deila, hvernig slík n. skuli skipuð, en það, sem vakir fyrir okkur flm., er sem sagt þetta, að það sé eins mikið jafnræði og mögulegt er hjá þeim hópum, sem skiptast á skoðunum um þetta mál.

Síðan segir í frv., þegar búið er að geta um þessa n., með leyfi forseta:

„Nú sækir aðili um söluleyfi, sem ekki hefur haft það áður, og skal þá n. kynna sér fjárfestingar- og dreifingarkostnað mjólkursamsölu eða mjólkursamlags á viðkomandi verzlunarsvæði með það í huga, að mjólkurframleiðendur verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýs mjólkurleyfis.“

Ein af röksemdum og jafnvel sú stærsta gegn því að breyta til í þessu efni og samþykkja þetta frv. er, að dreifingarkostnaður mjólkurframleiðenda muni hækka vegna fleiri útsölustaða og það muni valda aftur hækkun á þessari vöru og mundi þá koma minna í hlut mjólkurframleiðenda. Enn fremur er bent á, að mjólkurframleiðendur hafi lagt í meiri eða minni fjárfestingarkostnað viðs vegar, sérstaklega þó hér í þéttbýlinu, með uppbyggingu á mjólkurbúðum, mjólkurverzlunum, og það geti kannske valdið erfiðleikum að selja þessar fasteignir eða þessar fjárfestingar aftur, ef mjólkurframleiðendur neyðast til þess að leggja niður viðkomandi verzlunarstaði. Er þessum sjónarmiðum mætt með því að setja þetta ákvæði inn, því að við flm. þessa frv. höfum vissulega ekki í huga, að mjólkurframleiðendur verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa frv., og við erum þvert á móti sannfærð um, að með breytingunni muni hlutur mjólkurframleiðenda verða meiri, kostnaður muni ekki vaxa, en ef hann vaxi, þá muni hagnaður vegna aukinnar sölu koma þar verulega og algerlega á móti. En til þess að undirstrika það sjónarmið okkar, að mjólkurframleiðendur eigi ekki að verða fyrir fjárhagslegu tjóni við veitingu nýrra mjólkursöluleyfa, höfum við sett inn í frv. þetta ákvæði um, að n. skuli kynna sér fjárfestingar- og dreifingarkostnað mjólkursamsölu eða mjólkursamlags og hafa það í huga, þegar hún tekur ákvörðun um, hvort nýtt mjólkursöluleyfi skuli veitt eða ekki.

Að lokum er það ákvæði, sem óbreytt er frá fyrra frv., þar sem segir í frv., með leyfi forseta:

„Skylt er samsölustjórn að veita umbeðið leyfi, ef n. mælir með því, enda sé þeim almennu

skilyrðum fullnægt, sem mjólkurframleiðendur ákveða um aðbúnað, greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvöru í viðkomandi verzlun. Þau skilyrði skulu ákveðin með reglugerð, sem staðfest skal af landbrn. Samþykkt hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvalda skal liggja fyrir."

Þarna er enn þá áréttað, að mjólkurframleiðendur skuli hafa það mjög í sínum höndum, hvernig þessum málum skuli hagað. Þeim er gert og heimilað samkv. frv. að ákveða reglur um aðbúnað, um greiðslufyrirkomulag og meðferð mjólkurvörunnar, þannig að það á að koma að fullu til móts við þau sjónarmið, sem mjólkurframleiðendur hafa og eiga vissulega að hafa um meðferð á svo viðkvæmri vöru og þegar um slíka breytingu er að ræða eins og þessa. Með þessum ákvæðum, þ. e. a. s. nefndarskipuninni, með þeirri skyldu n. að kynna sér fjárfestingar- og dreifingarkostnað, sem fyrir er, og í þriðja lagi því ákvæði, að mjólkurframleiðendur sjálfir ákveði um reglur þær, sem gilda um þetta mál, þá teljum við, að mjög sé komið til móts við sjónarmið mjólkurframleiðenda, svo mikið, að þeir þurfi ekki að kvíða þessari breytingu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um röksemdir þær, sem liggja að baki þessu frv. í grundvallaratriðum. Þær hef ég rakið hér áður í hv. þd. Þar koma til sjónarmið neytenda um aukna þjónustu. Þar koma til þau rök, að með fleiri útsölustöðum ættu mjólk og mjólkurvörur að seljast meir, og í þriðja lagi það, sem kannske skiptir mestu máli, að með þessu frv. ætti að einhverju leyti að vera gengið í þá átt að eyða þeirri tortryggni og þeim árekstrum, sem sífellt hafa átt sér stað um mjólkursölu hér á landi. Og þeim ásökunum ætti jafnframt að vera eytt, sem eru í því fólgnar, að hér sé á ferðinni viss tegund einokunar, hér eigi sér stað mismunun mjög víða um landið, þegar um er að ræða mjólkursölu.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þessi sjónarmið, nema tilefni gefist til. Ég vil segja aðeins að lokum, að þó að þetta frv. fjalli um mjólkursölu, er það að sjálfsögðu miklu víðtækara, hefur miklu meiri þýðingu. Þar er spurning um það, hvort við viðurkennum eðlilegt frjálsræði í viðskiptaháttum, sem yfirleitt þykja sjálfsagðir í okkar landi og reyndar víðar, — viðskiptaháttum, sem fela það í sér, að þær verzlanir og þeir aðilar, sem hafa tök á, geti fengið að selja þessa vöru, landbúnaðarvöru, eins og aðrar landbúnaðarvörur og eins og aðrar neyzluvörur, sem hér eru á boðstólum og seldar í þeim matvöruverzlunum, sem fullnægja eðlilegum skilyrðum. Ég held því fram, að hér sé á ferðinni réttlætismál, það sé sanngjörn og eðlileg krafa, að lögunum sé breytt í þessa átt, sem frv. gerir ráð fyrir. Stjórnmálaflokkarnir hafa allir lýst sig reiðubúna til að styðja að jafnréttis- og réttlætismálum, auknu jafnræði, og ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé viss þáttur í slíkri baráttu, og ef stjórnmálaflokkarnir og stjórnmálamennirnir vilja vera sjálfum sér samkvæmir, þá á ég ekki von á öðru en þeir styðji þetta frv. Ég er líka þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að þrífast hér í skjóli hagsmuna og forréttinda mismunun, sem sé til vansa fyrir siðmentað þjóðfélag. Ef hér er ekki um mismun að ræða, þá kemur það í ljós, en því er haldið fram, og vissulega eiga þau sjónarmið og þær röksemdir við vissar staðreyndir að styðjast. Ég held líka, að það sé misskilningur, að breytingar á þessum lögum gangi gegn hagsmunum bænda. Það er rétt, sem sagt er, að hagsmunir bænda og neytenda fara saman í þessu máli og fleiri málum, og ég held, að það sé beggja hagur, að þetta mál nái fram að ganga.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. landbn.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar frv. sama aðalefnis og þetta var til umr. hér í hv. d. á síðasta þingi, lýsti ég yfir fylgi við frv. Ég taldi, að í því fælist bætt og aukin þjónusta við neytendur og þess vegna væri hér um réttlætismál að ræða, enda höfðu Neytendasamtökin mjög eindregið lýst yfir fylgi sínu við, að þær hugmyndir, sem í frv. fólust, næðu fram að ganga. Nú hafa nokkrar breytingar verið gerðar á frv. síðan í fyrra. Ég skal ekki fjölyrða um þær, en aðeins endurtaka, að ég tel þetta frv. vera spor í rétta átt, vegna þess að þjónustan við neytendur á mjög mikilvægu viðskiptasviði, þ. e. að því er snertir mjólkursölu, mundi tvímælalaust batna, ef grundvallaratriði frv. næðu fram að ganga.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja fáein orð um þetta frv. Það hefur nú verið flutt í dálítið öðru formi en á síðasta þingi. Núna nær það til allra mjólkursamlaga og landsins alls, en í fyrra var það Mjólkursamsalan ein, sem mér virtist þá vera miðað við. Nú er einnig sú breyting gerð á, að alls staðar skuli n. skipaðar með sérstökum hætti til þess að fjalla um mjólkursöluleyfi, en hlutaðeigandi samlag eða samsala á ekki að hafa með það mál að gera utan það eitt að eiga einn mann af 7 í slíkum n. Ég mun nú ræða um þetta frv. með örfáum orðum til að lýsa afstöðu minni til þess, og þá er Mjólkursamsalan í Reykjavík mér efst í huga, þegar ég ræði um málið, enda snertir, að ég hygg, frv. hana mest, og það snertir einnig mig sjálfan persónulega að tala um málið, vegna þess að ég hef um alllangt skeið átt sæti í stjórn Mjólkursamsölunnar, og þar af leiðandi tel ég mér skylt að segja örfá orð um málið.

Mér dettur ekki í hug að efast um það, að flm. frv. gangi gott til með því að flytja þetta mál. En mér finnst, að þeir geri sér ekki grein fyrir nema einum þætti þessa máls og miði till. sínar við þann þátt einan út af fyrir sig. Og það er aðeins sá þáttur, sem snýr að því að geta orðið við óskum kaupmanna um það að fá mjólk í allar matvörubúðir. Mér sýnist, að frv. hafi þennan tilgang einan og í raun og veru ekki annan tilgang. Auðvitað hafa líka heyrzt raddir um það og kom raunar fram í ræðu hv. 1. flm., að komið hafi kröfur um það frá neytendum að fjölga útsölustöðum mjólkur. En ég verð að segja það, að það hefur tiltölulega mjög lítið orðið

vart við þessar kröfur. En ég vil líka láta þess getið í sambandi við það, að borið hefur við, að samsalan hér í Reykjavík hafi orðið að hætta við að leggja niður mjólkurbúð, sem hún vildi leggja niður og láta kaupmann þar á staðnum hér í bænum hafa mjólkursöluna, en þá risu neytendur á því svæði upp og mótmæltu þeirri breytingu kröftuglega, sem samsalan hafði hugsað sér að gera með því að hætta rekstri mjólkurbúðar sjálf og láta kaupmann hafa þessa vöru til sölu, svo að það er ekki eindregin vilji neytenda, skilst mér, að þær breytingar séu gerðar, sem farið er fram á.

Sannleikurinn er sá, að ég held, að það orki ekki tvímælis, að skipulag Mjólkursamsölunnar hefur reynzt vel. Það hefur verndað neytendurna fyrir hærri álagningu en þeirri, sem rétt nægir fyrir brýnasta kostnaði við söluna. Önnur álagning hefur ekki verið en það, sem aðeins tæplega nægir, og ýmsar mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar eru reknar með halla, þó að aðrar séu reknar með nokkrum hagnaði, og vegur það upp á móti hallanum á hinum. Og það hefur tryggt, þetta skipulag, að allir hefðu sæmilega aðstöðu til þess að fá mjólk og mjólkurvörum í næsta nágrenni við bústaði sína yfirleitt.

Nú dettur mér ekki í hug, að þetta skipulag Mjólkursamsölunnar eða yfirleitt nokkurt annað skipulag sé svo gott, að það megi ekki breyta því á einhvern hátt og bæta það, og þar er skipulag Mjólkursamsölunnar vitanlega ekki undanþegið. Ég geri ráð fyrir því, að það muni alltaf liggja undir gagnrýni, þetta fyrirtæki, Mjólkursamsalan eða mjólkursalan yfirleitt í landinu. Og ég held, að það sé kannske gott og hún eigi að gera það, því að þeim mun hægara er fyrir þá, sem stjórna slíkum fyrirtækjum, að finna, hvað skortir á, og bæta úr því. En ég álít, að það eigi ekki að leggja fram brtt. eingöngu breytinganna vegna, ekki til þess að breyta a. m. k. þeim þáttum, sem vel hafa gefizt.

Nú segja flm. og sumir aðrir auðvitað, að umbúðir og geymsluþol mjólkurinnar hafi tekið svo miklum breytingum til batnaðar, að það megi og sé óhætt að hafa þessa vöru alls staðar, og það gæti einnig orðið til þess að auka neyzlu hennar. Í þessu er vitanlega mikill sannleikur, en þó að í þessu sé mikill sannleikur, þá stendur það þó enn óhaggað, því miður, vil ég segja, að það er engin matvara, sem ég þekki, sem er eins vandmeðfarin og hættuleg, ef út af ber, eins og mjólkin. Þar um veldur, hversu hún er auðveldur akur fyrir alls konar gerla- og sýklagróður og næm fyrir því að taka í sig hvers konar óhreinindi. Þess vegna er þessi matvara undir hinu strangasta heilbrigðiseftirliti, sem hægt er að hafa. Ég get t. d. upplýst það, að heilbrigðiseftirlitið hér í Reykjavík er svo strangt, að það er ævinlega maður frá heilbrigðiseftiriltinu viðstaddur í Mjólkursamsölunni hér í Reykjavík, er mjólkin kemur til samsölunnar, til þess að fylgjast með því, hvernig hún er og hvernig meðhöndlun hennar er þar á staðnum. Og það hefur komið fyrir oftar en einu sinni og kemur oft fyrir, næstum á hverju ári, að mjólkurbílar hlaðnir af nýmjólk verða að fara til baka með farminn, af því að aðeins er grunur um það, að mjólkin standist ekki fyllsta geymsluþol eða gerlagróður kunni að vera aðeins yfir því marki, sem krafizt er, svo að hér er áreiðanlega á ferðinni, sem betur fer, vil ég segja, mjög strangt eftirlit, og það þarf að vera og hlýtur að verða gengið eftir því, að svo verði framvegis.

Samkv. lögum hefur Mjólkursamsalan skyldur við neytendur um það að hafa næga mjólk á boðstólnum og tryggja gæði hennar, og hún ber ein alla ábyrgð, ef út af ber. Þetta er mjög erfitt starf, og það kostar mikið og til þess að rækja það hefur Mjólkursamsalan m. a. komið upp dýrri rannsóknarstofu með hóp af starfsfólki og rekur þetta rannsóknarstarf og eftirlitsstarf á sinn kostnað án aðstoðar frá bæjarfélagi eða ríki.

Ég varð dálítið hissa, þegar ég sá till. í frv. um þá nefndarskipun, sem gert er ráð fyrir í frv. þar sem seljendur mjólkurinnar eiga aðeins að fá einn eða kannske í hæsta lagi tvo menn af þessum 7, sem gert er ráð fyrir, að skipi n. til þess að fjalla um og veita mjólkursöluleyfi. Þar með er auðvitað valdið í þeim málum alveg að fullu af þeim tekið, en eftir sem áður eiga þeir að bera alla ábyrgðina á meðferð vörunnar, sjá um að koma henni í búðirnar og að innheimta verðið, en þeir eiga aðeins að fá einn, eða kannske má segja tvo, sem gætu verið þeirra málstað hlynntir, til þess að eiga sæti í n. Ekki eru heldur í þessu frv. nein ákvæði um það, að smásalarnir verði að hlíta neinum fyrirmælum um hófleg sölulaun. Það hefði þó verið ástæða til þess fyrir flm. að taka þann þátt málsins einnig eitthvað til meðferðar og gera þar um tillögur.

Ég get ekki betur séð en af þessari breytingu, sem hér er ráðgerð, mundi, þegar fram í sækti, leiða mjög hækkaðan dreifingarkostnað á mjólk og jafnvel geti þetta leitt til mjólkurskorts á sumum landssvæðum. Hérna á Reykjavíkursvæðinu getur þessi breyting, að ég held, leitt til þess, að Mjólkursamsalan verði að hætta að reka þær búðir, sem bezt bera sig, og að hún sæti svo eftir með þær búðir á svæðum, þar sem kaupmenn vilja ekki eða geta ekki rekið matvöruverzlanir, — þar sæti Mjólkursamsalan eftir með sínar búðir, en á ýmsum slíkum svæðum eru mjólkurbúðir núna reknar með tapi. En þá yrði Mjólkursamsalan af eðlilegum ástæðum, þar sem mjólk væri komin í allar matvöruverzlanir í bænum, búin að leggja niður þær búðir, sem hafa fram að þessu borið uppi tapið á búðunum, sem eru á lakari stöðum í borginni eða í nágrenni borgarinnar, því að hér á ég við allt Stór-Reykjavíkursvæðið.

Ég tel, að ef frv. yrði samþ. og framleiðendur þannig sviptir rétti til þess að ráða sjálfir yfir sölu framleiðslu sinnar, yrði að undanþiggja þá einnig lagaskyldunni til þess að fullnægja kröfum markaðarins um það, að alltaf sé til nóg magn til sölu af mjólk, og að ábyrgðinni á meðferð vörunnar við sölu hennar yrði einnig létt af Mjólkursamsölunni. Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem mér sýnist gæta í grg. frv., þar sem vitnað er til breytinga, sem nýlega hafa verið gerðar í Danmörku á sölu og dreifingu mjólkur og skilja má svo, að þar hafi verið líkt fyrirkomulag og hér. Það er hinn mesti misskilningur. Í Danmörku hefur aldrei verið

neitt svipað fyrirkomulag á dreifingu og sölu mjólkur og hér. Danskur mjólkuriðnaður hefur aldrei haft með það að gera að dreifa eða selja mjólk í smásölu til neytendanna. Það voru aðrir aðilar, sem það gerðu. Ég lýsti því nokkuð hér við umr. í fyrravetur, hvernig það fyrirkomulag hefði verið þar. Ég álít, að það fyrirkomulag hafi ekki verið til fyrirmyndar, og ég er viss um, að við hefðum aldrei sætt okkur við það, Íslendingar, að það opinbera, eins og var í Danmörku, seldi vissum aðilum á leigu svæði, þar sem þeir hefðu mjólkursöluna. Það er ósköp svipað fyrirkomulag og danska ríkið hafði fyrr á öldum, þegar það seldi á leigu verzlunaraðstöðu á vissum svæðum danska ríkisins, m. a. seldi einokunaraðstöðu hér á Íslandi. Þetta fyrirkomulag þótti orðið óhæft í Danmörku og var tekið þar upp núna nýlega annað fyrirkomulag í þessum efnum. Ég er ekki vel kunnugur því, hvernig það fyrirkomulag hefur gefizt, en mun fá mjög fljótlega nákvæma skýrslu um það, hvernig danski mólkuriðnaðurinn a. m. k. lítur á, að það fyrirkomulag hafi gefizt. Hins vegar var í Svíþóð mjög svipað fyrirkomulag og er hér, að framleiðendurnir báru ábyrgð á mjólkurdreifingunni og mjólkursölunni og ráku sínar eigin mjólkurbúðir. En þessu fyrirkomulagi var breytt 1966, fyrir 6 árum, og þá var mjólkin látin í hendur allra þeirra kaupmanna og annarra, sem kusu að hafa mjólk til sölu. Rökin fyrir því voru svipuð og í Danmörku, trúin á svokallaða „súper"-markaði. Það var trúin á þessa „súper"-markaði, sem olli þeim breytingum, sem gerðar voru í báðum þessum löndum. Sænska ríkið sá um, að framleiðendur fengju fullt verð fyrir mjólkurbúðir sínar í sambandi við þessa breytingu. Það taldi sig ekki geta tekið mjólkursöluna af framleiðendum upp á annað en sjá þeim fyrir fullu verði fyrir mjólkurbúðirnar, sem þeir höfðu byggt og ráku í borgunum.

Í báðum þessum löndum, sem ég hef minnzt á, í Danmörku og eins í Svíþjóð, hafa verið tekin gjöld fyrir hverja afgreiðslu til verzlunar. Ég get upplýst það, að í fyrra a. m. k., — ég hef ekki alveg nýjustu tölur um þetta, en í fyrra voru teknar kr. 2.80 sænskar í Svíþjóð fyrir hverja afgreiðslu og 8 kr. danskar í Danmörku fyrir hverja afgreiðslu. Slík gjöld eru einnig tekin í Noregi, en mér er ekki fyllilega ljóst, hvað þau eru há þar. Þetta er gert í þessum löndum öllum til þess að fækka þeim, sem taka við mjólk til sölu, og gjöldin eru höfð þetta há til þess að reyna a. m. k. að útiloka hina smærri aðila, og það er reynt að beina mjólkursölunni í þá farvegi, að það séu hinir stærri markaðir, hinir svokölluðu „súper"-markaðir, sem aðallega hafi með mjólkursöluna að gera. Og mér er kunnugt um það, að smákaupmennirnir, sem ætluðu sér að ná mjólkinni til sölu, hafa orðið útundan af þessum sökum. Þessi aðferð er enn fremur notuð í þessum löndum til þess, að dreifingin hjá dreifingaraðilum, þ. e. framleiðandanum, sem ekur mjólkinni til afgreiðslu í búðirnar, sé viðráðanlegri og innheimta verðsins einnig, því að hvort tveggja þetta kostar miklu meira, ef þarf að eltast við þetta í marga staði. Þetta er nokkuð annað en frv. það, sem hérna liggur fyrir, miðar að, því að það vill fjölga mjólkursölustöðum sem allra mest, en það hefur alls ekki verið meiningin hjá nágrannaþjóðum okkar, sem hafa farið út í þessar breytingar, að fjölga útsölustöðunum sem mest. Ég mun nú innan fárra vikna, — ég geri ráð fyrir jafnvel, að það verði áður en þessi mánuður er er liðinn, — fá bæði frá Svíþjóð og eins frá Danmörk nýjar skýrslur um mjólkurdreifinguna á Norðurlöndum og skal þá sjá svo um, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, fái að sjá þær skýrslur.

Frv. það, sem flutt var hér á Alþ. í fyrra, var mjög til umræðu meðal bænda í fyrravetur, eftir að það kom fram, og sætti mikilli gagnrýni þá á ýmsum fundum, sem haldnir voru meðal mjólkurframleiðenda. Núna nýlega var haldinn fundur hér í Mjólkursamsölunni í Reykjavík, sem hún hafði boðað til og var búin að boða til, áður en þetta frv. kom fram, — hann var haldinn með stjórnum mjólkursamlaganna í Mjólkurbúi Flóamanna og Mjólkursamlaginu í Borgarnesi. Fundurinn var boðaður um ýmis innri málefni þessa félagsskapar, Mjólkursamsölunnar og þessara samlaga, og var haldinn núna fyrir nokkrum dögum, en þá var þetta frv., sem hér er til umr., komið fram, svo að það barst einnig þarna í tal og var rætt á fundinum. Og þar vildu menn endilega, að fundurinn léti frá sér heyra um málið, og það var gerð þar ályktun í þessu máli, sem ég vil leyfa mér, ef forseti leyfir, að lesa hér. Sú ályktun hljóðar þannig:

„Sameiginlegur fundur stjórnar Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, stjórnar Mjólkurbús Flóamanna og stjórnar Mjólkursamlags Borgfirðinga, haldinn í Reykjavík 2. nóv. 1972 til að ræða framleiðslu- og sölumál mjólkur, ályktar:

Fundurinn telur, að hugmyndir þær til breytinga á mjólkursölu, sem felast í frv. til l. um breyt. á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem flutt hefur verið í Nd. Alþingis, 36. mál, sé ekki líklegt til þess að bæta skipan mjólkursölumála frá því, sem nú er. Af þeirri breytingu, ef samþykkt yrði, mundi leiða stórhækkaðan kostnað við mjólkurdreifinguna í landinu. Þá er líklegt, að einnig mundi fylgja henni minnkuð vörugæði og skortur á mjólk á sumum landssvæðum. Augljóst er, að umrædd breyting raskaði því grundvallaratriði, að framleiðendur hefðu lagalega skyldu til þess að fullnægja kröfum markaðarins um, að jafnan sé nægjanlegt magn mjólkurvara til sölu um landið allt. Verði framleiðendur sviptir rétti til þess að ráða sölu framleiðsluvara sinna, þá hljóta þeir að verða undanþegnir slíkri skyldu. Fundurinn varar því alvarlega við samþykkt umrædds frv. og mótmælir því, að skipulagsbreyting verði gerð á mjólkursölumálum án samráðs við sölusamtök landbúnaðarins, Framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda."

Þannig hljóðar ályktunin, sem þessi fundur gerði. Ég vil geta hennar hér og koma henni inn í Alþingistíðindin, svo að menn, þeir sem það kunna að vilja, eigi þar aðgang að þeim sjónarmiðum, sem þarna voru ráðandi.

Ég vil minna á það, sem mér finnst alveg full ástæða til þess að menn viti, og það er,

að mjólkurframleiðslan, a. m. k. hér á Suðurlandi, þar sem ég er einmitt kunnugastur, er í verulegri hættu. Það hafa ýmsir atburðir gerzt í atvinnulífi þjóðarinnar, sem valda því, að fjöldi fólks hverfur nú frá þessari framleiðslu. Það er búið að loka fjölda af fjósum á Suðurlandi, mörgum þeirra nýbyggðum, og þar er hætt að framleiða mjólk. Það er margt, sem kemur þarna til greina, þar á meðal vinnutímastytting. Hún á sinn þátt í þessu. Og mönnum þykir þetta starf mjög bindandi, að framleiða mjólk, og það er orðinn gífurlegur stofnkostnaður við það að koma sér upp búi af þeirri stærð, sem þarf til þess að geta lifað sómasamlegu lífi af mjólkurframleiðslu. Nú er ég ekki að kvarta undan því, að sá, sem hefur komið sér vel fyrir við búskap fyrir mörgum árum eða áratugum kannske, geti ekki lifað sómasamlega af þessari framleiðslu. En ég held, að sá, sem byrjar núna búskap, efnalítill e. t. v., og á ekki aðgang að lánsfé nema að takmörkuðu leyti, og jafnvel þó að hann ætti aðgang að lánsfé, þá er þetta fjármagn svo dýrt og fjármagnskostnaðurinn svo mikill, að ég held, að það sé útilokað, að menn sæki í þessa framleiðslugrein á næstu árum. Og mér finnst, að þetta sé mjög augljóst á Suðurlandi. Fyrir nokkrum árum voru þar nokkuð á tólfta hundrað framleiðendur mjólkur, sem fluttu mjólk til Mjólkurbús Flóamanna. Núna eru þeir komnir talsvert niður fyrir 900 að tölu, og mjólkin vex ekki hjá okkur neitt að ráði. Ég get sagt sem dæmi, að í sept. s. l. var mjólkurframleiðsla talsvert minni en hún var á sama tíma í fyrra. Og ég hygg, að þetta stóra fjölbýlissvæði hér við Faxaflóa, sem telur nú talsvert mikið yfir helming þjóðarinnar, verði að gæta sín að því leyti til að gera ekkert það, sem orsakað geti meiri flótta frá þessari framleiðslu heldur en verið hefur, því að á mjólkinni og mjólkurafurðunum verðum við að verulegu leyti að fóstra þjóðina, í framtíðinni alveg eins og hingað til. Þess vegna finnst mér, að það verði að fara mjög varlega og af mikilli gætni í allar þær breytingar, sem mönnum finnst, að þurfi að gera á þessum málum. Ég er alls ekki að halda því fram, að það megi ekki gera einhverjar tilfærslur og breytingar í mjólkursölumálum, ef það skaðar ekki á nokkurn hátt markaðinn, skaðar ekki neytendurna og ekki heldur framleiðendurna. En breytingarnar þurfa að verða til mikils hagræðis, til þess að það borgi sig að leggja út í þær.

Núna eftir næstu áramót er Mjólkursamsalan 38 ára að aldri. Hún var stofnuð fyrir 38 árum til þess að koma á betra skipulagi um sölu og dreifingu mjólkur hér, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit, að hér eru inni margir hv. alþm., sem muna vel þá baráttu, sem var um þetta fyrirtæki á þeim árum, og þær deilur, sem þá urðu um þetta, og það var að mörgu leyti eðlilegt, að það yrðu deilur um það þá. Þetta var nýtt fyrirkomulag, sem var verið að taka upp. Það var verið að hverfa frá aldagömlu fyrirkomulagi, þar sem menn drukku mjólkina upp úr döllum og brúsum, en það voru að koma til sögunnar nýir tímar. Þegar Mjólkursamsalan var stofnuð hér, var það ekki sízt ástæðan fyrir stofnun hennar að fækka útsölustöðum mjólkur hér í höfuðborginni. Þá þótti mönnum mjólkursalan vera á hendi allt of margra aðila og hið mesta ófremdarástand ríkti hjá mörgum þessum söluaðilum hér í borginni. Ég gæti haldið um það talsverða tölu að lýsa því, hvernig ástandið var. En ég ælta nú að sleppa því. — Og sölukostnaðurinn var miklu hærri en eðlilegt var. Bæjarstjórn Reykjavíkur hafðist þó ekkert að annað í mjólkursölumálunum heldur en fjölga búðunum, sem máttu selja mjólk. Þáv. bæjarstjórn í Reykjavík virtist vera á bandi þeirra, sem vildu hafa mjólkurbúðirnar út um allt og sem allra flestar. En þá var það, sem hafið var þetta skipulag, sem síðan hefur gilt. Sá maður, sem þá var áreiðanlega kunnugastur mjólkursölumálum hér í Reykjavíkurborg, var Eyjólfur Jóhannsson, þáverandi forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur. Ég hygg, að það hafi enginn maður þá þekkt betur til mjólkursölumála hér í borginni. Hann sagði í grein, sem hann ritaði í Morgunblaðið 21. des. 1933, eða tveimur árum áður en Mjólkursamsalan var stofnuð, að hæfilegt væri þá að hafa 25 mjólkurbúðir í Reykjavík, en þegar hann ritaði þessi orð, voru mjólkurbúðirnar hér 100 að tölu. Það var þess vegna fyrsta skrefið, sem gert var, þegar Mjólkursamsalan var stofnuð, að fækka mjólkurbúðunum. Og Mjólkursamsalan hóf starf sitt hér í borginni með 28 mjólkurbúðum. Ég þarf ekki að rekja það, að framleiðslu- og sölusvæði Mjólkursamsölunnar nær frá Skeiðarársandi og vestur að Gilsfirði, og á því svæði eru núna 160 útsölustaðir mjólkur og mjólkurvara. Þar af eru 80 hér í Reykjavík, 12 í Kópavogi, 9 í Hafnarfirði og 3 á Seltjarnarnesi, eða 104 útsölustaðir orðnir nú samtals á því svæði, sem stundum er kallað Stór-Reykjavíkursvæðið. Af þessum útsölustöðum, sem ég hef nefnt hér, öllum, rekur Mjólkursamsalan sjálf 75 mjólkurbúðir eða 46%. Kaupmenn, bakarar og kaupfélög hafa 84 búðir eða útsölustaði, og það er um 54% af útsölustöðunum, svo að aðrir en Mjólkursamsalan eru þarna í verulegum meiri hluta um dreifingaraðild eða söluaðild að mjólkinni. Hins vegar skal ég einnig skýra frá því, að Mjólkursamsalan mun vera í nokkrum meiri hluta með vörumagnið, sem selt er. Um það hef ég ekki nýjustu tölur, svo að ég ætla ekki að fara með neinar tölur um það, sem eru ekki alveg nýjar og nákvæmar.

Það er ætlazt til þess og í raun og veru skylt, að þeir, sem hafa nýmjólk til útsölu, hafi einnig allar aðrar mjólkurvörur í búðum sínum, sem eru nú orðnar mjög margar tegundir mjólkurvara, margar tegundir af ostum, og nú eru að koma alltaf á markaðinn nýjar tegundir, sem mjólkuriðnaðurinn er að framleiða. Það er t. d. svokallað „yougurt", súrmjólk, berjaskyr, sem er nýjasta framleiðslan, — skyr, sem er framleitt með bláberjum, bláberjamauk hrært saman við skyrið og þykir mjög góður réttur, — og fleira er á framleiðslustigi og mun koma smátt og smátt á markaðinn af þessu tagi. En við athugun, sem hefur verið gerð, — að vísu á vegum Mjólkursamsamsölunnar, því að hún verður að fylgjast með þeim mjólkurbúðum, með öllum þeim útsölustöðum á svæðinu, sem ég hef nefnt, —

þá hefur verið gerð athugun á því, hvaða vörur aðrar eru til sölu í þessum búðum og hvort þau skilyrði eru uppfyllt, sem ég hef talað um, að allar aðrar mjólkurvörur séu þar á boðstólum. Þessi skilyrði eru mjög misjafnlega uppfyllt af hinum ýmsu verzlunum, og hlutfallssala Mjólkursamsölunnar sjálfrar í hennar eigin búðum er miklu hærri á öðrum mjólkurtegundum heldur en á nýmjólk. Margir þessir söluaðilar virðast fyrst og fremst hugsa um að hafa nýmjólk í búðum sínum, en kæra sig minna um að hafa aðrar vörur þar til sölu, osta og aðrar þær vörur, sem ég hef verið að nefna. Þetta er vitanlega mjög mikill galli og hlýtur að vera mjög alvarlegt frá sjónarmiði þeirra, sem reka Mjólkursamsöluna, því að þeim er alveg eins mikið í mun að koma í verð og selja ýmsar aðrar vörur úr mjólk heldur en nýmjólkina sjálfa. Og það er líka mikill hagur fyrir þjóðfélagið, að þessar vörur seljist sem mest á innlendum markaði, heldur en það þurfi e. t. v. að flytja einhvern afgang af þessu út og borga með því útflutningsuppbætur. Auk þess er það sannað mál, að þessi framleiðsla er fólkinu holl, þetta er holl fæða og ódýr, þegar á allt er litið mjög ódýr, sem ber að leggja áherzlu á, að sem mest sé neytt af.

Ég hef verið kannske nokkuð langorður um þetta málefni, en mér fannst ég þyrfti að gefa á þessu ýmsar skýringar. Ég verð að segja það, og það hefur komið fram raunar af máli mínu, að ég er andvígur þeim breytingum, sem þarna eru fyrirhugaðar. Ég mundi alls ekki hafa neitt við það að athuga, að það væri rannsakað af einhverjum þar til hæfum aðilum, hvort slíkar breytingar væru nauðsynlegar, að það væri kynnt sér nákvæmlega, hvernig þessum málum er háttað hjá nágrannaþjóðum okkar, og reynt að hafa þeirra reynslu til hliðsjónar. Eins og ég sagði áðan, á ég nú von á því innan tíðar að fá skýrslu um það, hvernig breytingarnar hafa reynzt t. d. í Svíþjóð. Það er komin 6 ára reynsla á þetta þar, og mér finnst, að við eigum að fylgjast með því, sem gerist hjá nágrannaþjóðunum, og ég vil alls ekki vera lokaður fyrir ýmsum breytingum, sem til hagsbóta geta orðið, ef þar geta farið saman hagsmunir bæði neytenda og framleiðenda, sem ég get ekki betur séð en hljóti að eiga og verða að fara saman í þessum efnum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð um þetta mál, sem hér er til umr. Í fyrra, þegar frv. var lagt fram um sama mál, tók ég ekki til máls, en ég fylgdist með því, hvað því frv. var aðallega fundið til foráttu. Og þegar við berum saman það frv. og frv., sem hér liggur nú fyrir, þá er sýnilegt, að flm. hafa viljað taka til greina að verulegu leyti það, sem fundið var að fyrra frv. Ég tel flm. þetta til hróss og að það út af fyrir sig sýni og sanni, að þeir vilja hafa samráð við þá, sem hafa með framkvæmd mjólkursölumálanna að gera.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði frá fundi, sem var haldinn nýlega með stjórnum Mjólkursamsölunnar, Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamlags Borgfirðinga, og þar hefði verið samþykkt till. um það að lýsa skoðun fundarins á þessu frv. Það út af fyrir sig er ekki nema eðlilegt og ágætt, að fundur eins og þessi lýsi afstöðu sinni til málsins. En það verður að ætla, að fundarmenn hafi athugað það alveg til grunna. Till. endar á því, að það sé alveg fráleitt, að þessu fyrirkomulagi verði breytt án samráðs við þá, sem hafa með þessi mál að gera. Ég hygg nú, að flm. vilji ekkert annað frekar en hafa einmitt samráð við þá menn, sem með stjórn Mjólkursamsölunnar fara, og við framleiðsluráð landbúnaðarins. Mér er kunnugt um það, að í fyrra, eftir að frv. hafði verið rætt hér í þinginu, eftir að það hafði verið til meðferðar í hv. landbn. og framleiðsluráði sent það til umsagnar, gerði framleiðsluráð ályktun um, að skipuð yrði n. til þess að fjalla um þessi mál og hvort æskilegt væri að gera breytingar á fyrirkomulagi Mjólkursamsölunnar og dreifingu mjólkur og hvernig þær breytingar ættu þá að verða. Þetta fannst mér eðlileg afstaða hjá framleiðsluráði. Það var vilji þess, að það yrði skipuð n. til þess að athuga málið. En af hverju var þessi n. ekki skipuð? Þess vegna er það, að þetta frv. er fram komið, án þess að fjallað hafi verið um breytingar, sem margir telja nauðsynlegt, að verði til við framkvæmd á þessum málum. En ég tel líklegt, að úr því að n. var ekki skipuð og úr því að framleiðsluráðið taldi í fyrra sjálfsagt að athuga þessi mál, þá hafi framleiðsluráðsmenn og þá sennilega líka stjórn Mjólkursamsölunnar hugsað um málið og hvaða breytingar væru eðlilegar. Ég geri alveg ráð fyrir því. Og vitanlega hlýtur stjórn Mjólkursamsölunnar og framleiðsluráð að fá þetta frv. sent til umsagnar. Það hlýtur hv. landbn. að gera. Og þá hafa þessir aðilar tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri, sem ég tel alveg nauðsynlegt og sjálfsagt.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að mjólkurframleiðslan væri í hættu, m. a. vegna styttingar vinnutímans og af fleiri ástæðum. Þetta má vel vera. En ég vil eigi að síður vera það bjartsýnn, að það verði þannig búið að framleiðslunni, að það þyki borga sig að framleiða mjólk, því að án mjólkur getur þjóðin ekki verið. Og eitt er alveg víst, að flutningur þessa frv., hvort sem má finna að því mikið eða lítið, gefur ekki tilefni til þess, að dregið verði úr framleiðslu mjólkur, Það er alveg útilokað. Þetta frv. hefur ekki áhrif á það. Það er ætlazt til þess með flutningi frv., að bændur beri engan kostnað af því eða kjör þeirra rýrni ekki, þótt það yrði að lögum óbreytt og því síður ef það væri lögfest með einhverjum breytingum, sem að vel athuguðu máli teldust vera til bóta. En eigi að síður er eðlilegt, að þeir, sem eru í stjórn Mjólkursamsölunnar, og þeir, sem hafa með þessi mál að gera, séu tregir til þess að samþykkja breytingar, og það er eðlilegt, að þeir vilji, að málin séu skoðuð alveg frá grunni, og þótt ég sé ekki í stjórn samsölunnar, þá vil ég það eigi að síður. Ég vil ekki, að það verði flanað að neinu í þessu efni.

Ég tel, að þetta frv. sé ekki flutt í neinni ádeilu á Mjólkursamsöluna. Ég tel, að Mjólkursamsalan í Reykjavík hafi á margan hátt verið

vel rekin. Og ég er sannfærður um það, að stjórnendur hennar hafa viljað gera á hverjum tíma sitt bezta. Og í seinni tíð hefur stjórn samsölunnar, eins og fram hefur komið, veitt mjólkursöluleyfi. Það voru hér áður, eins og menn vita, engar kjörbúðir til, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar á landinu. Þá voru eingöngu mjólkurbúðir til þess að selja mjólk og mjólkurvörur. Þá voru eingöngu kjötbúðir til þess að selja kjöt og kjötvörur. Það má vel vera, að það séu enn til búðir, sem selja eingöngu kjöt og kjötvörur. En fyndist mönnum nú ekki fráleitt að neita kjörbúð um kjöt? Væri það ekki alveg fráleitt, að búð, sem hefur verið innréttuð til að hafa matvörur af öllum tegundum, sé neitað um kjöt, af því að áður fyrr voru margar búðir, sem seldu eingöngu kjöt? Er þetta ekki eitthvað svipað, ef við athugum þetta allt saman öfgalaust og hlutlaust? Nú, þegar kjörbúðirnar eru komnar, er ekki lengur þörf fyrir að hafa mjólkurbúðir eingöngu, eins og var. Og er það ekki alveg fráleitt, að kjörbúð, sem fullnægir öllum settum reglum, heilbrigðisreglum, fái ekki mjólk til sölu? Mér finnst það. En hvort þetta mál verður leyst með því að samþykkja þetta frv. eins og það er eða á annan hátt, það vil ég ekkert fullyrða um í dag. En ég er alveg sannfærður um, að það verður þannig í náinni framtíð, að kjörbúðir, sem fullnægja öllum skilyrðum, fá mjólk til sölu. Og það er vitanlega mikið hagræði fyrir neytendurna, en það verður líka talið hagræði fyrir framleiðendurna. Ég er viss um, að það selst meiri mjólk, ef mjólkin fæst í kjörbúðunum. Það eru mörg dæmi um það, að húsmæðurnar hafa keypt gosdrykki til þess að hafa með matnum, af því að mjólkin fékkst ekki, þar sem var verið að kaupa í matinn, og það var þó nokkur spölur í mjólkurbúðina. Þannig hefur þetta verið, og þessu þarf að breyta. En það þarf að breyta því þannig, að það verði borin klæði á vopnin, og þetta þarf að gerast deilulaust, alveg deilulaust, þegar menn hafa komið sér saman og fundið þá leið, sem er hagkvæmust.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að dreifingarkostnaðurinn mundi hækka, ef breyting væri gerð. Ég vil ekki fullyrða um það. En dreifingarkostnaðurinn a. m. k. verður ekki á kostnað framleiðendanna. Það er alveg útilokað. Það er ákveðið, hvernig verðlagningin fer fram, og það getur ekki gengið út yfir hagsmuni bænda, jafnvel þótt dreifingarkostnaðurinn hækki. En hámarksálagning á mjólk getur verið eins og á öðrum vörum, og henni yrðu náttúrlega kaupmenn að hlíta.

Þá held ég, að jafnvel þótt þetta frv. væri samþykkt eða aðrar till., sem hefðu breytingar í för með sér frá því skipulagi, sem núna er, þá þyrfti það ekki að verða til þess að draga úr vöruvöndun. Það er alveg rétt, sem hér kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Sunnl., að það hefur verið kappkostað að vanda mjólkurvöruna, — mjólkina óunna og það, sem úr henni er unnið. Og það er hrósvert, að þetta hefur verið gert. Þannig hafa bændur viljað uppfylla kröfur neytenda. Þeir hafa vitað, að það mundi seljast meira með því, að varan væri góð. Og þeir hafa vitað, að með því að vanda vöruna, eins og gert hefur verið, þá hafa þeir verið að vinna bæði fyrir sjálfa sig og neytendur og fullnægja þeim skyldum, sem því fylgja að framleiða og selja svona þýðingarmikla vöru. En það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Sunnl., þegar hann var að lýsa því, hver væri tilgangur þessa frv. Ég skrifaði það hjá mér. Hann sagði, að frv. virtist aðeins hafa einn tilgang: að verða við kröfum kaupmanna um að fá mjólk. Það er alls ekki. Og það er alveg víst, að það er fjöldi kaupmanna, sem ekki fær mjólk til sölu, þótt þetta frv. yrði að lögum, vegna þess að það er fjöldi matvöruverzlana enn þá, bæði hér í Reykjavík og annars staðar úti um land, sem eru þannig, að þær gætu ekki breytt innréttingunni og komið fyrir þeim tækjum, sem þurfa að vera í nýtízku matvöruverzlun, sem tekur að sér sölu á mjólk, skyri og rjóma. Þess vegna er ekki víst, að breytingin yrði svo ýkjamikil á næstu árum, jafnvel þótt frv. yrði lögfest í þessu skyni. Og með þeim breytingum, sem hafa orðið á samsölusvæðinu hér sunnanlands, þá hefur þar verið sum árin sáralítið af kjörbúðum, sem voru tilbúnar til þess að taka mjólk til sölu. Menn verða að minnast þess, að það er ekki langt síðan kjörbúðirnar urðu almennar hér á landi. Við sjáum það, þegar við göngum hér um Reykjavík og þegar við ferðumst um landið, að matvöruverzlanir eru víða í þannig húsakynnum, að þær geta ekki orðið kjörbúðir í því formi, sem til er ætlazt, og hafa enga aðstöðu til að taka að sér sölu á mjólk, vegna þess að þótt þessum málum verði breytt, verður að halda uppi fullkomnu heilbrigðiseftirliti og þar má ekkert slaka á kröfunum.

Ég held, að frv. hafi aðallega þrennan tilgang. Það er að verða við óskum neytanda og auka þægindi þeirra, bæði með því, að þeir eigi kost á því að ná í mjólk nær sér en áður, og í öðru lagi, að sú verzlun, sem þeir verzla við, geti sent mjólkina heim, ef þess er óskað, með öðrum vörum, sem eru pantaðar hjá kaupmanninum eða kaupfélaginu. Það eru margar verzlanir, sem senda vöruna heim. En þær geta ekki sent mjólkina heim, ef hún er ekki til í verzluninni. Og ef neytandinn vill fá aukin þægindi, verður hann og enginn annar að borga fyrir þau. Eins og ég sagði áðan, er tilgangurinn með þessu frv. eða breytingunni einnig að auka söluna. Og ég trúi því, að það geti átt sér stað, að salan aukist talsvert við það, að útsölustöðum fjölgi. Og þar er ég ekki á sömu skoðun og hv. 2. þm. Sunnl. Hann sagði, að það gæti verið tjón að því að hafa marga útsölustaði. En vitanlega verður Mjólkursamsalan eða samlagið og heildsalan að tryggja það, að þeir, sem fá mjólk, standi í skilum.

Hv. 2. þm. Sunnl. lýsti fyrirkomulaginu í Danmörk og Svíþjóð, því gjaldi, sem hefði verið tekið til þess að takmarka fjölda útsölustaðanna. Þetta gjald var ekki tekið til þess, heldur var það tekið til þess að hafa upp í kostnaðinn við að flytja mjólk á marga staði. Það út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt, vegna þess að bóndinn eða samlagið á ekki að bera uppi aukinn kostnað við breytingar, sem gerðar eru, heldur neytandinn eða kaupmaðurinn, sem vöruna fær. Og eins og það getur verið ágætt, að samsalan eða samlagið flytji mjólkina í smá-

söluverzlanir, þá mætti það einnig vera þannig, að kaupmaðurinn eða félagið, sem selur í smásölu, gæti farið til Mjólkursamlagsins eða Mjólkursamsölunnar og sótt mjólkina. Þá losna þeir við þetta gjald og annan kostnað.

Það er gert ráð fyrir í þessu frv., sem ég vil alls ekki útiloka, að sé heppilegt að breyta að einhverju leyti, ýmsum atriðum, til þess að breytingin gerist ekki of hratt. Það er gert ráð fyrir, *að nefnd mæli með mjólkursöluleyfi, og* það er 7 manna nefnd. Hv. 2. þm. Sunnl. fann að því, hvernig hún er skipuð Það hlýtur að vera til athugunar eitthvert annað fyrirkomulag á skipun n. Hvort hún á að vera skipuð 7 mönnum, 5 mönnum eða jafnvel fleiri mönnum, eða 20 mönnum, eins og er í Kaupmannahöfn, það hef ég engar till. um. Það hlýtur allt að vera til athugunar í n. og til umsagnar hjá þeim, sem fá frv. til athugunar. En það er alveg víst, að n., sem þarf að mæla með svona leyfi, verður að taka margt til athugunar, áður en hún mælir með því. Hún verður að kynna sér fjár*festingarkostnað og dreifingarkostnað* Mjólkursamsölunnar með það í huga, að bændur verði ekki fyrir tjóni, þótt lögð yrði niður mjólkurbúð, af því að kjörbúð í næsta nágrenni fær mjólk. Þetta verður hún að hafa í huga, og þetta gerist ekki allt með miklum hraða, held ég. Það t. d. yrði haft í huga, hvort Sláturfélag Suðurlands ætti að fá mjólkursöluleyfi inni á Háaleitisbraut, þar sem mjólkurbúð samsölunnar er. Ég geri ráð fyrir, að það væri ekki þörf fyrir að hafa mjólk í mjólkurbúð samsölunnar, eftir að mjólkin væri komin í búð Sláturfélagsins. En sumir mundu ætla, að það ynnist eitthvað við þetta, það yrði sparnaður, *það þyrfti* kannske ekki að bæta við fólki í kjörbúð Sláturfélagsins, þótt hún hefði mjólk til sölu. En það væri eðlilegt, að Mjólkursamsalan fengi bættan þann kostnað, sem af því leiddi að innrétta þessa búð. Tækin, kælitækin, það er enginn vandi að koma þeim í verð, geri ég ráð fyrir. Það er verra með búðariinréttinguna sjálfa. Búðin er sennilega öll flísalögð, bæði á veggjum og gólfi, og ef hún á að notast til annars, þá er slíkt sennilega alveg verðlaust. Og n. yrði að taka margt til athugunar, áður en hún mælir með leyfi, og svo er það stjórn Mjólkursamsölunnar, *sem á að gefa út leyfið. Og það gerir* hún e. t. v. alls ekki, nema hún sé örugglega skaðlaus, a. m. k. hefði hún rétt til þess að láta athuga það nánar, ef deilt væri um það.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú að vekja athygli á því, að þetta kerfi, sem hefur staðið síðan 1935 og e. t. v. var heppilegt á sínum tíma, hefur nú gengið sér til húðar. Það er eðlilegt, að það þurfi að endurskoðast nú. Eins og ég sagði áðan, voru kjörbúðirnar ekki til, það voru sérverzlanir, mjólkurbúðirnar og kjötbúðirnar. En nú er öll matvara, af hvaða gerð sem er, komin á einn stað, þar sem fyrirkomulagið er bezt. Fyrir 37—38 árum var heilbrigðiseftirlitið ekki jafnsterkt og það er nú eða aðstaðan til hreinlætis. Þá var mjólkin flutt í brúsum, og þá voru ekki kælitæki í búðunum. Þá var þetta allt saman miklu frekar á frumstigi. En nú höfum við tileinkað okkur það, sem bezt er í þessu efni, og á því á vitanlega alls ekki að slaka, ekki á neinn hátt.

Ég held, að ég hafi nú komið inn á flest þau atriði, sem hv. 2. þm. Sunnl. var að benda á áðan. Ég vil segja það, að það er eðlilegt, að bæði hann og aðrir, sem í stjórn Mjólkursamsölunnar eru, vilji athuga þessi mál vel, einnig framleiðsluráðsmenn. En ég er alveg sannfærður um, að það verður ekki til lengdar komizt upp með það að vera aðeins á móti breytingum. Það verður spurt að því, bæði framleiðsluráð og stjórn Mjólkursamsölunnar, hverjar séu þeirra till. til fyrirkomulagsbreytinga og hvort þeir séu virkilega á móti því, að kjörbúð, sem uppfylli allar kröfur, fái mjólk til sölu, hvort það eigi að reyna að telja bændum trú um, að það geti verið þeim í óhag, að kjörbúðir í kaupstöðum og kauptúnum landsins selji mjólk, hvort það geti haft áhrif til hins verra um afkomumöguleika bænda eða leitt til þess, að þeir fái minna fyrir mjólkina og mjólkurafurðirnar, að gera umræddar breytingar.

Það má vel vera, að þetta frv. sé ekki fullkomið að öllu leyti og það vanti í það eitthvað, sem tryggir betur hag framleiðandans. Ég er þó ekki sannfærður um, að það vanti mikið í það. En mér finnst, að það eigi að athuga það. Og áreiðanlega fær hv. 2. þm. Sunnl. tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir því, ef honum finnst *það vera. En það, sem hann bar hér fram* áðan, var ekki rökrétt í þessu tilfelli. Bændur eiga að fá samkv. lögum grundvallarverð fyrir framleiðsluna, og þeir eiga ekki að bera tjón af dreifingunni á neinn hátt. Og áreiðanlega hefur það hvarflað að sumum í stjórn Mjólkursamsölunnar hér í Reykjavík, hvort það væri ástæða fyrir Mjólkursamsöluna og fyrir bændur að annast smásöludreifingu á mjólkinni. Það hefur hvarflað að þeim, — mér er kunnugt um það, — hvort það væri ekki heppilegast, að mjólkin og mjólkurvörurnar væru seldar í heildsölu til kaupmanna og verzlana og hvort hagur bænda gæti ekki verið alveg eins tryggður með því. Þetta hafa þeir ekki gert till. um enn, en um þetta hafa þeir hugsað. Og mér finnst eðlilegt, að þetta mál verði athugað til grunna. Ef n. hefði verið skipuð í fyrra, eins og framleiðsluráð lagði til, þá mætti vera, að hér lægi fyrir nál. með rökstuddum till. um það, hvernig breytingar mættu á þessum málum gera, sem menn væru sammála um. Og ég harma, að þetta var ekki gert. Þess vegna er það, að ég óska eftir því, að þetta mál verði skoðað af raunsæi og velvilja. Hv. 2. þm. Sunnl. sagðist eiga von á grg. frá Svíþjóð og Danmörku um dreifingu á mjólk í þeim löndum, og hvernig þar hefði gengið eftir þær skipulagsbreytingar, sem gerðar voru. Það er út af fyrir sig ágætt og getur verið lærdómsríkt að kynna sér það og sjálfsagt að lesa þær skýrslur, þegar þær koma. Ég held, að það væri einnig fróðlegt að fá slíka skýrslu frá Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi og jafnvel Hollandi. Mér er kunnugt um, að þar ríkir frelsi í þessu efni og mjólk fæst í kjörbúðum í þessum löndum. Þetta þurfum við að athuga.

Ég hygg, að það beri ákaflega fátt á milli í reynd, þegar við förum að skoða þessi mál ofan

í kjölinn. Það vill enginn okkar, hvort sem við teljumst vera fulltrúar bænda eða annarra, að þessum málum verði þannig breytt, að það geti orðið framleiðendum til tjóns. Það er alveg öruggt, við skulum alveg bóka það. Ég held, að það vilji heldur enginn, að þessum málum verði þannig fyrir komið, að neytendur geti ekki notið réttmætra þæginda og óska, sem þeir bera fram. Og vissulega hlýtur það að vera hagur þjóðarinnar í heild, að við notum sem mest af þessari vöru og seljum sem mest af henni, mjólkinni, óunnið, því að þá þurfum við að flytja minna út af mjólkurdufti og ostum. Þetta hlýtur okkur öllum að vera efst í huga. Þess vegna er það, að við eigum að ræða þessi mál öfgalaust og við eigum að finna það bezta, sem hægt er að fá út úr breytingunum.

Þetta frv. hefur nú verið lagt hér fram sem umræðugrundvöllur. Það fer til hv. landbn. Landbn. sendir frv. mörgum aðilum, býst ég við, til umsagnar, og það verður vitanlega fróðlegt að fylgjast með þeim till., sem fram koma í þessum málum. Og eins og ég sagði áðan, þá trúi ég því, að framleiðsluráð og stjórn Mjólkursamsölunnar hafi hugsað málið ýtarlega frá því í fyrra. Þar sem framleiðsluráð óskaði eftir því að skipa n. í málið, þá hefur því fundizt, að það gæti komið til greina einhver breyting frá því skipulagi, sem nú er ríkjandi. Það út af fyrir sig hlýtur að vera tímabært að gera breytingu í þá átt, að mjólkin fáist í þeim kjörbúðum, sem uppfylla allar kröfur, en hvernig á að framkvæma það, hvaða ákvæði þarf að setja, til þess að við höfum aðeins af því hagræði, en ekkert ógagn, það skulum við athuga og reyna að fá þær beztu till. fram, sem hugsanlegar eru í því efni.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég var meðflm. að þessu frv., sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra og er endurflutt nú með nokkrum breytingum og liggur fyrir til umr. Eins og fyrsti flm. frv. tók í raun og veru fram í framsöguræðu sinni fyrir því, gerðum við nokkra breyt. á frv. frá því í fyrra í því augnamiði að koma til móts við óskir gagnrýnenda án þess að hverfa frá þeirri grundvallarbreyt., sem við viljum gera á mjólkursölumálunum.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi mál hafi í raun og veru verið til athugunar í mörg ár, því að hvað sem segja má um 38 ára gamalt fyrirkomulag, sem deilt var um á þeim tíma, fer ekki hjá því, að það sölufyrirkomulag er fyrir löngu orðið úrelt, eins og auðvitað allt, sem verður gamalt, það þarf endurbóta við. Þeir, sem hafa farið með stjórn þessara mála, m. a. Mjólkursamsalan í Reykjavík eða stjórn hennar, hafa auðvitað viðurkennt í verki á síðustu árum, að hún hefur orðið að hverfa frá þeirri stefnu, sem sett var fyrir 38 árum, með því að veita heimild til mjólkursölu í allmörgum verzlunum á því svæði, sem Mjólkursamsalan nær yfir, þó að við og ýmsir aðrir teljum, að hún hafi verið fullsvifasein í þessum breyt. og hefði mátt ganga lengra í þessum efnum á þessu tímabili.

Hins vegar skal ég segja um Mjólkursamsöluna í Reykjavík og stjórn hennar til lofs, að hún hefur verið að mörgu leyti frjálslyndari í úrbótum á þessu heldur en sumar minni mjólkursamsölur úti um land, en þar er enn í dag — í árslok 1972 — boðið upp á það, að ein verzlun selji mjólkurafurðir og aðrar matvöruverzlanir, sem verzla einnig með allar landbúnaðarafurðir og líka mjólkurafurðir, svo sem osta, fá ekki að selja mjólk og verða að sækja mjólkina eins og hver annar neytandi inn í þá einu sölubúð, sem verzlar með mjólk.

Í bréfi, sem ég fékk í fyrra, rétt áður en við lögðum þetta frv. fram, frá einni verzlun í bæ úti á landi, þar segir: „Frá júníbyrjun til ársloka 1971, þá seldum við hér í verzluninni mjólk og mjólkurafurðir fyrir 534 688 kr. eða að meðaltali fyrir 76 384 kr. á mánuði.“ Þetta er fremur lítil matvöruverzlun, en fullkomin að öllu leyti hvað hreinlæti snertir. „Til þess að ná í þessar vörur,“ segir í bréfinu, „sendum við mann á bíl upp í sölubúð kaupfélagsins, staðgreiðum vöruna og dreifum síðan bæði beint úr búð og sendum heim. Fyrir þessa þjónustu fáum við ekki eyri, hvað þá meir. Auk þess vil ég taka fram og leggja áherzlu á, að hið sama gildir um útvegun mjólkurvara fyrir útgerðina, meðan varan er skrifuð hjá viðkomandi útgerð. Á það skal bent, að þótt um sé að ræða 100 lítra eða meir fyrir bát í einu, þá fæst það ekki afgreitt úr mjólkurstöð, heldur gengur það eins fyrir sig, verzlunin verður að sækja það í þessa einu verzlun til þess að uppfylla þöntun þessara viðskiptamanna.“

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að þessar óskir væru fyrst og fremst komnar frá kaupmönnunum sjálfum. Ég vil benda bæði honum og öðrum andmælendum þessa máls á, að mér barst einnig í hendur í fyrra áskorun, sem send var til Mjólkursamlags Ísfirðinga úr einu kauptúni Vestfjarða, Suðureyrarhreppi, og þar segir í formála þessarar áskorunar til Mjólkursamlagsins: „Við undirritaðir íbúar í Suðureyrarhreppi óskum eindregið eftir því, að báðar matvöruverzlanir vorar fái heimild til að verzla með mjólk og aðrar mjólkurafurðir frá Akureyri og Reykjavík, þá sjaldan ferðir eru þaðan. Þar sem fyrirsjáanlegt er nú þegar, að Mjólkursamlag Ísfirðinga getur ekki annað þeirri mjólkur-, skyr- og rjómaþörf, sem verða mun hér í vetur, eins og sannazt hefur undanfarin ár, þá finnst okkur þetta lágmarkskrafa og svo sjálfsagt, að ekki þurfi að biðja um leyfi.“

Undir þessa áskorun rituðu á ekki stærri stað tæplega 150 manns. Ég á ljósrit af þessum áskorunum, sem ég vildi mjög gjarnan gefa hv. 2. þm. Sunnl. til þess að sýna, að þetta er ekki neitt einkamál nokkurra kaupmanna, sem vitaskuld í augum sumra eru aldrei neins góðs maklegir.

En nú skulum við líta á dæmið frá sjónarmiði landbúnaðarins, frá sjónarmiði mjólkurframleiðenda. Ég trúi því ekki, að bændur, mjólkurframleiðendur, séu svo þröngsýnir, að þeir viðurkenni það ekki, að verzlun, sem uppfyllir þau skilyrði, sem gerð eru frá heilbrigðissjónarmiði, og selur allar landbúnaðarafurðir, kjöt og osta, megi ekki einnig selja mjólk. Ég

get ekki skilið, að það sé frjálslyndi, að í 3000 íbúa kaupstað megi aðeins vera ein mjólkurútsala, en 2 eða 3 aðrar verzlanir, sem verzla með allar aðrar landbúnaðarafurðir og allar matvörur, megi alls ekki selja mjólk. Ég trúi því ekki, að jafnsanngjarn og ágætur maður og 2. þm. Sunnl. er geti mælt þessu fyrirkomulagi bót.

Nú skal ég taka undir það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það geti um einhverjar aðrar till. verið að ræða til úrbóta frá því, sem nú er. Það er búið að ræða úrbætur á þessum málum í mörg ár og frv. flutt á síðasta þingi, svo að það hefur, eins og hann gat réttilega um, verið tækifæri til fyrir mjólkurframleiðendur sjálfa eða forustumenn þeirra að taka málið í sínar hendur, játa það alveg skilyrðislaust, að það þurfi hér úrbóta við, a. m. k. á sumum stöðum á landinu, og ráða þá ferðinni sjálfir í sambandi við úrbætur.

Ég vona, að ég megi segja það fyrir hönd okkar flm. þessa frv., að nú leggjum við mikla áherzlu og mikið kapp á, að þetta frv. liggi ekki mánuðum saman í þeirri n., sem fær það til afgreiðslu. Við leggjum á það höfuðkapp, að þetta frv. með þeim breytingum, sem n. kann að leggja til, fái fullnaðarafgreiðslu hér á yfirstandandi Alþ., þannig að það verði breytingar á þessum málum frá því, sem verið hefur.

Hv. 2. þm. Sunnl. taldi, að það hefði orðið verulegur samdráttur í mjólkurframleiðslu, og var ekki mjög bjartsýnn á framtíð þessa atvinnuvegar. Vitaskuld skiptast á skin og skúrir í allri starfrækslu og auðvitað einnig í þessum atvinnuvegi. Þeir, sem mestar áhyggjur hafa haft á undanförnum árum af offramleiðslu landbúnaðarafurða, geta nú farið að sofa rólegar fyrir sínum áhyggjum, því að ég held, að það verði ekki mesta vandamál okkar Íslendinga of mikil framleiðsla á landbúnaðarafurðum. En hitt vil ég segja við hv. 2. þm. Sunnl., að þó að veitt verði leyfi til að selja mjólk og mjólkurafurðir í fleiri verzlunum en nú er, þá mun það ekki verða til þess að draga úr mjólkurframleiðslunni í landinu. Ég er hræddari við, ef aftur skýtur upp hugmyndinni um fóðurbætisskattinn, að hann verði þyngri á metununum í sambandi við mjólkurframleiðslu, en því skal ég lofa hv. 2. þm. Sunnl. og öðrum andstæðingum fóðurbætisskattsins, að ég skal koma til liðs við þá með mínu atkv. hér á Alþ. til þess að drepa þann skatt á bændur.

Eins og fram hefur komið áður í þessum umr., hefur verzlunin breytzt mjög á síðari árum. Það eru starfandi verzlanir með mjög fullkomin tæki og í fullkomnu húsnæði, sem selja almennar matvörur. En það er mikið atriði fyrir landbúnaðinn, að þessar vörur séu á boðstólum sem víðast í hinum almennu matvöruverzlunum og á þeim stöðum, sem eru opnir lengur en venjulegar verzlanir. Ég vil t. d. benda á þann stað, sem ég er frá og þar sem er ein mjólkurverzlun í höndum eins aðila. Þar er önnur verzlun, sem hefur opið á sunnudögum fyrir hádegi, og þeir, sem hana eiga, bera mjólkina og borga hana frá deginum áður yfir í sína búð, og þeir neytendur, sem vantar mjólk á sunnudögum, kaupa hana í þessari verzlun. Ég hygg, að þegar þessari þjónustu er hætt eða þessi verzlun liðin undir lok, vegna þess að aðrir vilja hafa einokun á ákveðnum tegundum vöru, sem þar seljast, þá dragi það töluvert úr mjólkursölunni.

Ég vona, að þrátt fyrir það að andóf hafi heyrzt í þessu máli, þá skoði menn betur og nákvæmar afstöðu sína til þess, því að hér er á ferðinni framfaramál fyrir landbúnaðinn, sem eykur og bætir dreifingarkerfið á landbúnaðarafurðum, og jafnframt er verið að kveða niður einkarétt ákveðinna verzlana til þess að selja ákveðnar vörur. Við erum fyrir löngu komnir út úr þeim tíma, og það eigum við að vera hvað snertir sölu á öllum vörum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Afkoma skuttogara, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 32 fsp. til hæstv. sjútvrh. um tvö meginefni, þ. e. a. s. um afkomuhorfur skuttogara og hraðfrystihúsa.

Eins og kunnugt er standa nú fyrir dyrum stórfelldar endurbætur og endurbygging hraðfrystihúsa vegna aukinna hreinlætiskrafna og hagræðingar í rekstri þeirra. Þá er einnig í smíðum mikill floti skuttogara. Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir mér með því að bera fram þessar fsp., er að fá upplýst, hvernig horfir um afkomu þessara þýðingarmiklu atvinnutækja, þegar í þessa stórfelldu fjárfestingu er verið að ráðast og ekki síður eftir að í hana hefur verið ráðizt. Áætlanir um slík efni hljóta jafnan að byggjast að nokkru á óvissum forsendum, en eru þó eina hugsanlega leiðin til þess að mynda sér fyrirfram skynsamlega skoðun á því, hvernig afkomuhorfurnar eru. Þetta er vitanlega þeim mun mikilvægara, þar sem hér er um að ræða þá þætti atvinnulífsins, sem hafa grundvallarþýðingu fyrir allan þjóðarbúskapinn. Þá tel ég einnig brýna nauðsyn bera til þess að hafa niðurstöðu slíkra áætlana jafnan í huga, þegar ákvarðanir eru teknar um grundvallaratriði, sem varða afkomuhorfur sjávarútvegsins, þannig að ekki sé rennt blint í sjóinn um, að nokkur grundvöllur sé fyrir rekstri þessara atvinnutækja. Þetta gildir ekki sízt, þegar um er að ræða mótun almennrar efnahagsstefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Hún verður auðvitað að miðast við, að unnt sé að reka þessi atvinnufyrirtæki á eðlilegan hátt og þau geti endurnýjað sig. Því miður sýnist það vera svo, að á sama tíma sem fyrirhugað er að ráðast í svo mikla fjárfestingu í fiskiskipum og fiskiðnaði og raun ber vitni hefur sigið mjög á ógæfuhlið um afkomuhorfur sjávarútvegsins á landinu á undan-

gengnu ári. Þrátt fyrir síhækkandi verðlag á fiskafurðum á erlendum mörkuðum og meira heildarverðmæti sjávarafurða en nokkru sinni hefur nú síðustu mánuði ársins orðið að grípa til þess ráðs að greiða úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins upphæð, sem nemur 88 millj. kr., áætlað, til þess að endar náist saman í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, svo sem sjá má á stjfrv., sem liggur fyrir hv. Alþ. Hér er einungis um tíunda hluta ársaflans að ræða, þannig að miðað við svipuð aflabrögð og nú eru og líklegt útflutningsverð má búast við, að mörg hundruð millj. kr. skorti til þess, að sjávarútvegurinn nái endum saman á næsta ári. Benda má á í því sambandi, að samið hefur verið um 6% grunnkaupshækkun frá 1. marz n. k. og að búast má við öðrum verulegum tilkostnaðarhækkunum, auk þess sem flestir kunnugir telja, að meðalhækkun á útflutningsverði sjávarafurða verði mun minni en á yfirstandandi ári og miklu minni en varð á árunum 1970 og 1971.

Ástæðurnar fyrir því, að svo er komið um almennar afkomuhorfur í sjávarútvegi, eru fyrst og fremst tilkostnaðarhækkun, sem talin er nema allt að 40% á einungis tæpu ári, og að nokkru er hér um að ræða rýrari afla en á algerum metárum á nokkrum fisktegundum.

Að mínum dómi verður að horfa á þann vanda, sem nú blasir við í sjávarútveginum, frá þeim sjónarhóli, að verið er að ráðast í þá stórfelldu fjárfestingu, sem raun ber vitni. Sá vandi er vitanlega miklu meiri en verið hefði að öðrum kosti. Ekki dugir því að láta sem hann sé ekki til. Við verðum að horfast í augu við hann og leysa hann á einhvern hagkvæman hátt. Að öðrum kosti fáum við ekki nýtt til lengdar þau afkastamiklu grundvallaratvinnutæki, sem hér um ræðir. Ég vil því vænta greinargóðra svara frá hæstv. sjútvrh. við þeim spurningum, sem ég hef lagt fyrir hann á þskj. 32, þannig að þingheimur og þjóðin öll geti gert sér glögga grein fyrir því, hvernig horfir um afkomu þessa mikilvæga atvinnuvegar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram í tilefni af þessari fsp., að skip þau, sem hér er spurt um, eru ekki keypt af ríkinu og er ekki ætlazt til þess, að ríkið reki þau, og því er það ekki fyrst og fremst ríkisins að gera áætlanir um rekstur þeirra, heldur þeirra, sem kaupa skipin og eiga að reka þau. Þáttur ríkisins í sambandi við kaup þessara skipa, eins og reyndar annarra fiskiskipa í landinu, er sá, að ríkið veitir tiltekna lánafyrirgreiðslu, en síðan er það val hinna einstöku útgerðaraðila, hvort þeir vilja notfæra sér þessa fyrirgreiðslu eða ekki. Það er því fyrst og fremst um það að ræða, að hinir einstöku aðilar geri þessar áætlanir, sem hér er verið að spyrja um. Þannig hefur þessu verið varið jafnt í sambandi við almenna fiskibáta og í sambandi við togarakaup á undanförnum árum og fram til þessa dags. En þó að málið flokkist þannig ekki beint á venjulegan hátt undir hið opinbera eða ríkið, hafa verið gerðar áætlanir nokkrum sinnum um rekstur togara og annarra fiskiskipa, og þær áætlanir hafa auðvitað nokkrum sinnum verið endurskoðaðar miðað við breyttar aðstæður.

Svar mitt við þeirri fsp., sem hér liggur fyrir, aðalspurningunni, hvort gerðar hafi verið af hálfu opinberra aðila áætlanir um afkomu skuttogara, þeirra sem nú eru í smíðum, er því það, að slíkar áætlanir hafa verið gerðar nokkrum sinnum. En ég vitna til þess, að þær hafa auðvitað fyrst og fremst verið gerðar af kaupendum skipanna og þeim, sem eiga að reka skipin.

Þá er spurt: „Við hvaða aflamagn er miðað og meðalverð á afla, þegar tekjur eru fundnar?“ Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um þetta efni, eru miðaðar við margbreytilegar forsendur, þ. e. a. s. aflamagnið í hinum einstöku dæmum er mjög mismunandi, að því er varðar bæði stærri og minni skip. Nýjustu áætlanir miða við það, að stærri togararnir hafi afla um 4000—4500 tonn á ári, en um minni togarana er miðað við aflamagn frá 2500 tonnum á ári upp í 3500 tonn á ári.

Þá er spurt: „Nægja tekjur til þess að mæta útgerðarkostnaði miðað við núgildandi kaupgjald og verðlag?“ Það fer í rauninni alveg eftir því, hvaða meginforsendur þar eru lagðar til grundgrundvallar. Hér er um mjög breytilegar tölur að ræða, í fyrsta lagi, eins og ég minntist á, um aflamagnið, í öðru lagi um mannfjölda, sem endanlega verður ákveðið, að skuli vera á þessum skipum, en um það hefur ekki endanlega verið samið enn, og síðan kemur auðvitað til fiskverð, en að nokkru leyti er það óþekkt, svo sem í sambandi við landanir erlendis. En í sambandi við áætlanir, sem miða við um 4000 tonna afla á stóru skipin og um 3000 tonna afla í minni skipin og það verðlag, sem helzt verður gengið út frá nú, og þá verða menn einnig að gera sér reglur um mannfjölda á skipunum og fara eftir því, sem menn vita þar bezt, þá má telja, að þessi skip, bæði minni skipin og stærri skipin, standi undir eðlilegum fjármagnskostnaði.

Þá er í þriðja lagi spurt: „Hversu miklu nema tekjur umfram gjöld eða gjöld umfram tekjur?“ Þessu er í rauninni svarað með því, sem ég hef sagt. Það fer alveg eftir því, hvaða meginforsendur eru lagðar til grundvallar. Þarna getur verið um rekstrarhagnað að ræða, og það getur líka verið um rekstrartap að ræða, eftir því hvað þarna er lagt til grundvallar um aflamagn fyrst og fremst.

Þá er spurt í fjórða lagi: „Hve hár er árlegur áætlaður fjármagnskostnaður vegna skipanna?“ Fjármagnskostnaður stóru skipanna er talinn nema um 15 millj. kr. á fyrsta ári, en á fimmta ári um 11.7 millj. kr. Á minni skipunum er fjármagnskostnaður talinn vera 12.7 millj. á fyrsta ári, en um 9.7 millj. á fimmta ári.

Þá er spurt: „Hver er talin hæfileg upphæð árlegra afskrifta þeirra?“ Afskriftir stóru skipanna hafa verið taldar frá 6 og upp í 8.7 millj. kr. eftir dýrleika skipanna, en minni skipanna frá 5.1 og upp í 6.1 millj., líka eftir verði skipanna skiljanlega.

Þá er spurt: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að afla fjár til fiskveiðasjóðs til þess að standa straum af fjármögnun umræddra skipa?“ Gert hefur verið ráð fyrir því að afla fiskveiðasjóði tekna eða lánsfjár í samræmi við þessi skipakaup frá ári til árs að langmestu leyti, en ekki með heildarlántöku fyrir allt tímabilið.

Með þessu hef ég svarað meginatriðunum í þessari fsp., en um fsp. mætti svo margt segja að öðru leyti. Ég hygg, ef hv. fyrirspyrjandi vill afla sér frekari upplýsinga um málið en hægt er í rauninni að gefa í slíkum fsp.-tíma sem þessum, þá geti hann auðveldlega fengið það í sjútvrn., því að þar liggja fyrir margvíslegar og margbreytilegar áætlanir um þessi efni, sem ég tel mjög þýðingarlítið að fara að lesa hér upp, enda ynnist tími ekki til þess.

En varðandi þýðingarmesta atriðið, afkomuna, af því að hv. fyrirspyrjandi lagði hér áherzlu á það, að hann væri að spyrja um afkomumöguleika þessara skipa, um afkomu skipanna, þá vil ég segja, að það atriði, sem hér ríkir mest óvissa um, er aflamagn þessara skipa. Þegar nú eru gerðar áætlanir um, að þessi skip ættu að hafa ársafla, stærri skipin, 4000—4500 tonn, þá má gjarnan hafa í huga, að okkar gömlu togarar veiddu hér árum saman yfir 6000 tonn á ári. En afli þeirra hefur verið mjög breytilegur, og á þessu ári má búast við því, að afli fari niður fyrir 3000 tonn. Um afla minni skipanna vitum við minna, en þó höfum við gert út nokkur minni skip einnig á þessu ári, — skip, sem eru talsvert miklu minni en þessir svokölluðu minni togarar, sem við erum hér að ræða um, — skip, sem eru í kringum 320 rúmlestir að stærð, en þessir minni togarar, sem við tölum um, eru 450—500 rúmlestir að stærð og miklu betur útbúnir. Þau minni skip, sem við höfum nú, munu hafa ársafla, sem er yfir 3000 tonn, og sýnist því í rauninni ekki ýkja óvarlegt að áætla, að þessi nýju og fullkomnari skip ættu að geta haft 3000 tonna ársafla eða meira. En eins og ástatt er á okkar fiskimiðum nú, er mjög erfitt að, koma með staðgóða spádóma um það, hvert muni verða aflamagnið.

Þessi eru mín aðalsvör við þessari fsp., og vænti ég, að það nægi hv. fyrirspyrjanda, en það, sem á kann að vanta, getur hann síðan fengið í ýmsum frumgögnum, sem liggja um málið í rn.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég verð að játa, að mér fannst þau nú heldur óákveðin öllsömul, og ég gat ekki fundið annað, og ég býst við, að hv. þm. séu sammála mér um það, að það sé því miður svo, að það hafi mátt lesa það út úr ræðu hæstv. ráðh., að það hafi of litlar áætlanir verið gerðar um, hvernig eigi að fara að því að ná endum saman við rekstur þess mikla skipaflota, sem við erum nú að kaupa.

Hæstv. ráðh. sagði í upphafi ræðu sinnar og vildi eiginlega afsaka það, að það hafi ekki verið gerðar meiri áætlanir um þetta en raun bæri vitni, af því að ríkið ætlaði sér ekki að reka þessi skip, það ætlaði sér að lána til þeirra, en ekki reka þau, það væru einkaaðilar, sem ætluðu að reka þau. Ég held, að allir hv. þm. hafi vitað um þetta, en jafnt þá líka, að það væri yfirleitt gerð sú krafa, þegar lánað er til fyrirtækja úr opinberum sjóðum, að það sé gert ráð fyrir því og það sé hægt að sýna fram á það með áætlunum, að viðkomandi fyrirtæki beri sig. Mér virtist á öllu máli hæstv. ráðh., að það væru ekki til greinargóðar áætlanir um þetta efni. Hann talaði mikið um óvissu aflamagn. Það er alveg hárrétt, að gera þarf ráð fyrir ýmsum forsendum í slíkum áætlunum, og þær geta aldrei verið þannig, að það sé hægt 100% að fullyrða um neitt í sambandi við þetta, en þær geta verið mjög mikilvægur leiðbeinandi þrátt fyrir það. En þrátt fyrir þessa óvissu og það, að ekki hafa verið gerðar meiri áætlanir um þetta hjá opinberum aðilum en raun ber vitni, þá treysti hæstv. ráðh. sér til að segja það statt og stöðugt, að skipin mundu standa undir fjármagnskostnaði. Ég vona, að það reynist rétt, að skipin standi undir því, en ég gat ekki með neinu móti komið því dæmi heim og saman, hvernig hæstv. ráðh. gat fullyrt þetta, miðað við það, sem hann sagði hér. Ég vil benda á, að á tíma fyrrv. ríkisstj. voru gerðar eins góðar áætlanir og hægt var að gera um það, hver yrði afkoma bæði stærri og minni skuttogara miðað við þáverandi verðlag, og þær áætlanir lágu fyrir og sú reynsla, sem af því var hægt að draga, þannig að ég held, að hér hafi verið slaklega að unnið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér sýnist, að hv. fyrirspyrjandi hafi enn ekki gert sér grein fyrir því, hvernig þessi mál eru í raun og veru. Ég fyrir mitt leyti hefði talið það allundarlegt, ef ég hefði verið spurður um það nú, hvort ríkisstj. væri búin að gera rekstraráætlun fyrir þá báta, sem Einar Sigurðsson, nefndur ríki, er að láta smíða norður á Akureyri. Það væri í rauninni nákvæmlega eins spurning og hann kemur fram með hér. Það er ekki beint í verkahring ríkisins að gera rekstraráætlanir fyrir einkaatvinnulífið í landinu, það gera menn sjálfir. Ég hef átt aðild að útgerðarfélagi, sem sótti um það til lánastofnnaa að kaupa skuttogara, og þetta félag lagði að sjálfsögðu fram sína rekstraráætlun og varð að ræða hana við forustumenn lánasjóðsins og ríkisvaldsins. Þessi rekstraráætlun þeirra, sem eru að kaupa, þarf ekki að vera eins og sú rekstraráætlun, sem ríkið kann að gera sér til glöggvunar. En það er nú svo, að það virðist vera afskaplega erfitt fyrir ýmsa þá, sem sérstaklega prédika það nú mikið, að það eigi að vera einkarekstur í landinu, að gera mun á því, hvað er einkarekstur og hvað er rekstur ríkisins.

Ég álít, að í þessum efnum hafi það verið gert af opinberri hálfu, sem við er að búast. Lánasjóðirnir hafa yfirfarið þær áætlanir, sem borizt hafa frá einstaklingum og útgerðarfélögum, og þeir hafa reynt að gera sínar áætlanir um þennan rekstur, eins og tök hafa verið á og með þær mjög svo breytilegu forsendur, sem hér er um að ræða, og það hafa opinberar stofn-

anir líka gert, og áætlanirnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum. En hitt má öllum ljóst vera, sem þekkja til þessara mála, að það er erfitt að gera áætlanir af mikilli nákvæmni um rekstur af þessu tagi, á meðan slík óvissa ríkir, sem nú er hjá okkur varðandi líklegt aflamagn, og meðan enn eru ekki til samningar einu sinni um mannafjölda á skipunum, því að það hefur auðvitað úrslitaáhrif á afkomu þessa rekstrar, um hve marga menn er að ræða á hverju skipi. En þrátt fyrir þetta hafa verið gerðar mismunandi áætlanir, sem sýna auðvitað ýmist tap eða gróða.

En svo sagði hv. þm., að samt sem áður, þó að ég hafi haft alla þessa fyrirvara á, þá treysti ráðh. sér, segir hann, að segja, að skipin mundu standa undir fjármagnskostnaði. Það auðvitað sagði ég aldrei. Ég sagði, að miðað við það, að afli hinna stærri skipa væri 4000—4500 tonn á ári og afli minni skipanna um 3000 tonn á ári, miðað við núverandi aðstæður, þá ættu þau að geta staðið undir sínum rekstri. Það var þetta, sem ég sagði. Þetta er sú ályktun, sem ég dreg af þeim áætlunum, sem liggja fyrir. En þó gæti þetta farið á annan veg, ef samningar um mannfjölda yrðu langt frá því, sem ég hef gert mér grein fyrir.

Það er ábyggilegt, að opinberir lánasjóðir fara yfir þessar áætlanir og reyna að glöggva sig á þeim, en það hefur hins vegar ekki verið beint verkefni ríkisstj. til þessa að fara ofan í allar þær áætlanir, sem lánastofnanir fá varðandi þá fyrirgreiðslu, sem lánastofnanir veita. En eins og ég hef sagt hér áður, þá getur hv. fyrirspyrjandi og hvaða þm. sem er fengið að skoða þær áætlanir, gamlar og nýjar, sem fyrir liggja um þessi mál, því að hér vinnst ekki tími til þess að lesa upp þann bunka. En ég þykist hafa svarað þessum fsp. eins og tilefni er til og miðað við aðstæður.

Afkoma hraðfrystihúsa, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Síðari fsp. mín til hæstv. sjútvrh. á þskj. 32 er um afkomu hraðfrystihúsa. Ég gerði nokkra grein fyrir þeirri fsp. hér, þegar ég ræddi fyrri fsp., og tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um ástæðurnar fyrir því, að ég ber hana fram, en vænti svara frá hæsv. ráðh.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er: „Hafa verið gerðar áætlanir um fjárfestingarþörf hraðfrystiiðnaðarins vegna endurnýjunar, stækkunar og aukinna hreinlætiskrafna?“ Að áætlanagerð um þetta efni er nú unnið í Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir því, að um meiri nákvæmni geti verið að ræða en í þeim frumdrögum að áætlun varðandi þessi efni, sem gerð hafa verið. En í þeirri athugun, sem fram hefur farið að undanförnu, hafa menn reynt að safna saman ýmiss konar upplýsingum varðandi kostnað í þessu sambandi, og þær upplýsingar, sem fyrir liggja, eru í aðalatriðum þessar, og vík ég þá að hverri spurningu út af fyrir sig.

Það er a-liður: „Hve mikla heildarupphæð er um að ræða næstu 3 ár“ — í sambandi við þessa fjárfestingarþörf hraðfrystiiðnaðarins í landinu? Það er ekki hægt að tilgreina sérstaklega fyrir næstu þrjú ár, því að það er aðeins um það að ræða, hve mikill þessi heildarkostnaður sé, hvort hann dreifist nákvæmlega á 3 ár eða 4, er enn ekki hægt að segja, það fer auðvitað eftir fjárhagslegri getu aðilanna. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að framkvæmdir í frystihúsum landsmanna, sem sérstaklega eru flokkaðar undir hollustuháttarframkvæmdir, geti numið 1500—1600 millj. kr. En það er tekið fram af þeim aðilum, sem hafa áætlað þetta, að hér getur verið um talsverðar skekkjur að ræða, því að hér er byggt á meira og minna ófullkomnum áætlanagerðum frá hverjum einstökum aðila, sem hér á hlut að máli, þar sem þeir hafa sjálfir ekki látið fullvinna áætlanir sínar um nauðsynlegar framkvæmdir.

Í öðru lagi er spurt: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til fjárútvegunar í þessu skyni?“ Það er gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður hafi árlega til fjármagn til þess að mæta lánsþörf þessara framkvæmda, og þannig hefur það verið á þessu ári og þannig er gert ráð fyrir því á næsta ári, en á yfirstandandi ári er reiknað með, að lán til frystihúsanna, aðallega í þessu skyni, verði nokkuð yfir 300 millj. kr., en á næsta ári, er áætlað, að slík lán geti orðið um 400 millj. kr. En það verður að segja eins og er, að þarna blandast alltaf nokkuð saman lán út á framkvæmdir, sem eru flokkaðar beinlínis vegna hollustuháttaframkvæmda, og lán vegna annarra meiri háttar endurbóta og stækkana, sem stundum eiga sér stað jafnhliða í húsunum. Rétt er að bæta við það, sem ég hér hef sagt um heildarkostnaðinn í sambandi við hollustuháttaframkvæmdir, sem ég nefndi 1500—1600 millj., þá hefur verið áætlað, að auk þess yrði um heildarkostnað að ræða, sem væri 600—700 millj. kr., sem rétt væri að flokka undir nýbyggingar og stækkanir, en fylgja með þessum framkvæmdum að talsverðu leyti. Og auk þess hefur verið lauslega áætlað, að framkvæmdir tilheyrandi þessum málum, sem mundu verða aðallega kostaðar af sveitarfélögum, gætu numið 500—750 millj. kr., þannig að heildarkostnaður í þessum efnum gæti verið samanlagt 2950 millj. kr.

Þá er spurt: „Hafa verið gerðar arðsemisáætlanir fyrir hraðfrystiiðnaðinn að þessum framkvæmdum loknum?“ Mér er ekki kunnugt um, að slíkar áætlanir hafi verið gerðar. Það hafa að sjálfsögðu verið gerðar áætlanir um rekstur hinna einstöku frystihúsa og rekstraraðstaða þeirra metin, þegar þau hafa sótt um lán til fiskveiðasjóðs, svo að varðandi þau hús, sem þegar hafa fengið afgreiðslu hjá fiskveiðasjóði og eru sumpart búin eða eru í framkvæmdum í sambandi við þessi mál, hafa verið gerðar áætlanir. En varðandi arðsemisáætlanir um rekstur hinna húsanna, sem enn hafa ekki sent inn lánbeiðni og enn hafa ekki að fullu ákveðið, hvernig þau vilja bregðast við þessum málum, hafa þær ekki verið gerðar, svo að mér sé kunnugt um, enda sýnist erfitt að gera slíkar áætlanir.

Og síðasta spurningin: „Ef svo er, hver er áætluð rekstrarniðurstaða hraðfrystihúsanna næstu 3 ár miðað við nýákveðið fiskverð, kaupgjald eftir grunnkaupshækkun á næsta ári og áætlað verðlag næsta árs?“ Hún fellur í rauninni niður með þessu, því að það er ekki hægt að setja þetta dæmi upp, fyrr en þá fyrir liggur, hversu kostnaðarsamar þessar framkvæmdir verða í hverju einstöku tilfelli. Mér er ekki heldur kunnugt um, að gerðar hafi verið neinar áætlanir um rekstur frystihúsanna á þeim grundvelli, að miðað hafi verið við nokkur ár fram í tímann. Þær áætlanir, sem gerðar hafa verið og hafa verið nánast úttekt á rekstri frystihúsanna, hafa verið miðaðar við yfirstandandi ár og næstkomandi ár. Slíkar áætlanir hafa verið gerðar eða spár um það hafa verið gerðar af hagrannsóknastofnuninni, en þær eru í rauninni ekki áætlanir af þeirri gerð, sem hér er spurt um.

Ég hef þá svarað því, sem í rauninni er hægt að svara í sambandi við þessa fsp.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég hygg, að það sé alveg ljóst af svörum hans, þegar þau eru tekin í samhengi við báðum þeim meginspurningum, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh., að það er ríkisstj. algerlega ókunnugt, hvort verður hægt að reka grundvallaratvinnugreinar landsmanna á næstu árum. Um það hafa ekki verið gerðar áætlanir, og þetta er ríkisstj., sem hefur sagt okkur hér, hv. alþm., að hún hygðist koma á heildarstjórn efnahagskerfisins með áætlanagerð og skynsamlegum ákvörðunum, sem væru teknar í samræmi við þær. Ég held, að afkoma togara og afkoma hraðfrystihúsa og horfur á því, hver sú afkoma sé, sé ekkert minna en grundvallaratriði, þegar verið er að taka ákvarðanir um eitt og annað, sem varðar alla efnahagsstjórn, hvorki meira né minna, og að hafa ekki einhverjar hugmyndir um það, hver afkoma þessara fyrirtækja verði, hljóti að gera ríkisstj. gersamlega ófæra um að taka skynsamlegar ákvarðanir í efnahagsmálum yfirleitt. Ég vil fagna því, að það hefur komið greinilega í ljós hér á hv. Alþ., að þessar grundvallarforsendur fyrir heilbrigðri efnahagsstjórn hjá núv. ríkisstj. brestur gersamlega.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér þótti það alveg sýnt, þegar ég sá þær fyrirspurnir, sem hér lágu fyrir frá hv. fyrirspyrjanda, að það vakti annað fyrir honum en að fá svör við þessum einkennilegu spurningum beint. Hann segir nú, að þar sem ríkisstj. viti ekki nákvæmlega um það, hver muni verða rekstrarafkoma útgerðarfyrirtækja á komandi árum, þá sé sýnilegt, að hún geti ekki tekið neinar skynsamlegar ákvarðanir í efnahagsmálum. Hv. þm. veit það auðvitað ekki, þó að hann hafi stutt fyrrv. ríkisstj., að áætlanir af þeirri gerð, sem hann er að spyrja um, hafa aldrei verið gerðar, — aldrei. (**LárJ:** Það er ekki rétt.) Ekki rétt. Vill þá hv. þm. leggja fram þessar áætlanir? (**LárJ:** Já.) Vill hann sýna mér áætlanir um það, hvernig hefur verið hægt að reka hér skip og frystihús fram í tímann? Þetta er auðvitað ekkert annað en slúður. Hv. þm. er að reyna að bjarga sér á einhverju hundasundi í land út úr því öngþveiti, sem hann er kominn í. Slíkar áætlanir fram í tímann hafa ekki verið gerðar. Ég sé hér strax nafn Gylfa Þ. Gíslasonar. Já, hér er ekki um neinar áætlanir fram í tímann að ræða heldur, og þarf ekki langan tíma til að skoða það. Það er auðvitað furðuleg ósvífni hjá hv. þm. að rétta mér þetta plagg og telja, að hér sé um áætlanir fram í tímann að ræða. Hér er um að ræða samanburð í sambandi við árin 1965—1969. En Gylfi skrifar upp á plaggið 1970. (**Gripið fram í:** Það eru forsendur áætlana.) Forsendur áætlana? — Þetta plagg er alveg fullnotað og þarf ekki lengur að vera í mínum höndum. En það er alveg augljóst mál, að sérhver ríkisstj. leggur áherzlu á það að reyna að leggja þann grundvöll, að þýðingarmesta þætti framleiðslunnar, eins og útgerðin í landinu, geti haft rekstrargrundvöll. Það gerir núv. ríkisstj. einnig. Og hún miðar auðvitað sínar till. í efnahagsmálum nú við það, að eðlilegur grundvöllur sé fyrir útgerðina að starfa á komandi ári. En við mundum telja, eins og reyndar fyrrv. ríkisstj., að það væri nokkuð vel að verið, ef hægt væri að leggja þennan grundvöll sæmilega vel í áætlun fyrir næsta ár. En það verður svo að bíða þess tíma, að hv. þm. Lárus Jónsson fer að gera áætlanir, að menn viti um þetta nákvæmlega 3 ár fram í tímann.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er augljóst mál, að framkvæmdir í sambandi við endurbætur frystihúsanna vegna aukinna krafna um hollustuhætti kosta stórfé, og það er reyndar fyrst og fremst það mál, sem ég tel, að hefði átt að koma sérstaklega fram í sambandi við þessa fsp. Enda þótt endanleg könnun hafi enn ekki átt sér stað, er ljóst af þeim upplýsingum, sem þegar liggja fyrir, að hér er um mjög stórt mál að ræða frá fjárhagslegu sjónarmiði. Af kunnugum mönnum er talið, að hér sé um miklu stærra fjárhagsmál að ræða en ég tel, að komið hafi fram hjá hæstv. sjútvrh. í svörum hans hér áðan. Það er rétt, að það er ekki búið að kanna þetta mál neitt til fullnustu. En það hafa þó átt sér stað áætlanagerðir og kannanir af hendi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna annars vegar og einnig af hendi forsvarsmanna Sambands ísl. samvinnufélaga fyrir þeirra frystihús. Þær tölur, sem þar komu fram, voru miklu hærri en hæstv. ráðh. nefndi. Vitanlega eru þær tölur byggðar á því, sem eigendur frystihúsanna gerðu ráð fyrir, að þyrfti að gera í þessu sambandi. Að hve miklu leyti það er raunhæft, skal ég ekki segja um. En ég er ekki búinn að sjá, að sú könnun, sem Framkvæmdastofnun ríkisins lætur gera, verði miklu raunhæfari en þessar áætlanir, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lét gera og Samband ísl. samvinnufélaga. Hitt er svo rétt, að það getur verið álitamál í mörgum tilfellum í þessu sambandi, að kostnaðurinn við að endurbæta og koma á nauðsynlegum endurbótum í hollustuháttum verði það mikill í sumum tilfellum, að það svari ekki kostnaði að ráðast í þær framkvæmdir við sum húsanna, vegna þess

að þau séu svo léleg fyrir. Þá verður auðvitað dæmið enn stærra og ef þetta á sér stað á þeim stöðum úti á landi, þar sem viðkomandi frystihús eru einu atvinnutækin, sem um er að ræða í byggðarlaginu, því að þá er ekkert um annað að gera en byggja upp frá grunni.

Þær upplýsingar um fjármagnsþörf, sem ég hef í þessum efnum, eru a. m. k. tvöfalt hærri en hæstv. ráðh. gat um áðan í svari sínu við fyrirspurn. Það á svo eftir að koma í ljós, hvað rétt reynist. En ég hygg, að sú upphæð, sem ég hef nefnt, verði nær raunveruleikanum heldur en það, sem hæstv. ráðh. gat um áðan. Hitt er annað mál að hafa nægjanlegt fjármagn til þess að koma þessu í framkvæmd. Hæstv. ráðh. talaði um 300 millj. kr. í ár, en ég hygg, að það sé ekki eingöngu í sambandi við hollustuhættina, heldur einnig í sambandi við aðrar endurbætur frystihúsanna, eins og hæstv. ráðh. benti á. Það er hins vegar augljóst mál, að þar sem um svo stórt mál fjárhagslega er að ræða eins og hér hefur komið fram, þá duga engar 130 eða 300 millj. kr. á ári, nema við fáum því lengri umþóttunartíma í sambandi við löggjöf, sem á að setja í Bandaríkjunum eða annars staðar, ef við fáum leyfi til að vera í 10 ár að brölta við þetta, þá getur það verið í lagi, en ef því á að verða lokið innan þriggja ára eða svo, fjögurra ára, þá verður upphæðin að hækka verulega frá því, sem verið hefur.

Norðurlandsáætlun, fsp. (þskj. 40). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svofellda fsp. á þskj. 40 til hæstv. forsrh. sem ráðh. Framkvæmdastofnunar ríkisins:

„Er áformað, að flug- og hafnamál verði tekin í samgönguþátt Norðurlandsáætlunar á næsta ári svo sem Fjórðungssamband Norðlendinga hefur lagt áherzlu á?"

Í tilefni af þessari fsp. vil ég rifja upp, að á árinu 1969 var unnið að stefnumörkun um samgönguþátt Norðurlandsáætlunar frá hálfu heimaaðila í samráði við Efnahagsstofnunina. Fyrsta opinbera stefnumörkunin í þessu efni var gefin út að loknu fjórðungsþingi haustið 1969. Skýrt var þá tekið fram, að það væri stefnt að áætlanagerð um alla þrjá þætti samgöngumálanna, þ. e. a. s. vega-, flug- og hafnamál. Undirbúningi að áætlanagerðinni var síðan haldið þannig áfram allt fram á yfirstandandi ár. Til marks um það skilst mér, að Framkvæmdastofnunin hafi gert till, um, að varið yrði um 150 millj. kr. í vegaframkvæmdir, 34 millj. kr. í hafnir og 14 millj. kr. í flugvelli árið 1972. Þetta var gert, eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var setzt að völdum, þ. e. a. s. í febrúar á yfirstandandi ári. Þegar frv. um heimild til handa ríkisstj. til að afla fjár til framkvæmdaáætlunar fyrir yfirstandandi ár var til meðferðar hér á hv. Alþ. í marz s. l., kom hins vegar í ljós, að ríkisstj. gerði ráð fyrir að afla 100 millj. kr. til samgönguþáttar Norðurlandsáætlunar og einvörðungu til vegaframkvæmda. Hér var um algera kúvendingu að ræða frá því, sem heimamenn höfðu stefnt að, svo og Efnahagsstofnunin fyrir hönd fyrrv. ríkisstj. Auk heldur virðist þessi stefnubreyting einnig hafa komið til þrátt fyrir þá staðreynd, að hin nýja Framkvæmdastofnun ríkisins hafi lagt til, að stefnu heimamanna og fyrrv. stjórnvalda yrði fylgt í þessu efni.

Fjórðungssamband Norðlendinga hefur, sem eðlilegt er, risið öndvert gegn þessari stefnubreytingu um gerð samgönguþáttar Norðurlandsáætlunar og gert harðorðar samþykktir um, að þessu yrði kippt í lag. Þannig voru eftirgreindar till. samþykktar á fjórðungsþingi 4.—5. sept. s. l. á Akureyri:

„Fjórðungsþingið harmar þá málsmeðferð, að ekki var hægt að hefja framkvæmdir í flugvallarþætti Norðurlandsáætlunar á þessu ári, og gerir þá ófrávíkjanlegu kröfu, að í framkvæmdaáætlun 1973 verði tekið með fjármagn til flugvalla sem upphaf flugmálaþáttar samgönguáætlunar Norðurlands."

Einnig segir svo í samþykktum fjórðungsþings.

„Fjórðungsþing Norðlendinga gerir þá kröfu, að í framkvæmdaáætlun 1973 verði teknar með fjárveitingar til hafnarmálaþáttar samgönguáætlunar Norðurlands sem byrjun á þessari áætlun."

Í þessu sambandi vil ég gjarnan geta þess, að full samstaða er heima fyrir um eðlilegan áfanga í flug- og hafnamálaþætti samgönguáætlunarinnar og undirbúningur var kominn það langt á veg í samvinnu Fjórðungssambands Norðurlands og Framkvæmdastofnunarinnar og samgrn., að framangreindar till. lágu fyrir í febr. s. l. eða nokkru áður en framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins kom til kasta hv. Alþingis.

Ég valdi þann kost að bera fram stutta spurningu um þetta til hæstv. forsrh. til þess að fá ótvírætt úr því skorið, hvort núv. hæstv. ríkisstj. hyggst framkvæma samgönguþátt Norðurlandsáætlunar á sama hátt og fyrrv. stjórnvöld höfðu undirbúið að ósk heimamanna. Þar sem spurningin er afar einföld, geri ég ráð fyrir að fá ótvírætt svar. Verði svarið á hinn bóginn ófullnægjandi, þykir mér svo mikið í húfi, að einsýnt sé að freista þess að taka málið upp á annan hátt hér á hv. Alþ., þannig að þm. geti tjáð hug sinn til þess.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frá Framkvæmdastofnuninni, áætlunardeild, hefur mér borizt svo hljóðandi svar við fsp. hv. þm.:

Unnið er að tillögugerð um, að hafnir og flugvellir komi inn í Norðurlandsáætlun á árinu 1973. Miðað er við, að 25 millj. kr. fari í Norðurlandsáætlun í hvorn þátt á því ári. Helztu fyrirhugaðar framkvæmdir í flugvöllum eru við nýjan flugvöll á Sauðárkróki, á Blönduósi og flugbrautarljós á Húsavík og víðar. Í hafnamálum eru fyrirhugaðar framkvæmdir á Skagaströnd, Hofsósi, Siglufirði og Ólafsfirði. Þessar framkvæmdir eru enn á tillögustigi, og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um þær. Þá hafa þær ekki enn verið bornar undir Fjórðungssamband Norðlendinga.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og fagna því, að mál þetta er komið á þann rekspöl, sem kom fram í svari hæstv. ráðh. Ég vænti þess, að það verði ekki látið þar við sitja og aflað verði fjár til þessara framkvæmda í framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj.

Reglugerð samkv. útvarpslögum, fsp. (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Meðan ég veitti menntmrn. forstöðu, fól ég þáverandi formanni útvarpsráðs Benedikt Gröndal, þáverandi og núverandi útvarpsstjóra Andrési Björnssyni og dr. Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara að semja frv. að nýjum útvarpslögum. Jafnframt fól ég þeim að semja nauðsynlegar reglugerðir, og var það nýmæli varðandi lagaundirbúning. Frv. þetta var samþ. á Alþ. vorið 1971 með tiltölulega mjög litlum breyt., enda mjög vandlega undirbúið. Í framhaldi af því þurfti auðvitað að gera smávægilegar breyt. á reglugerðunum, en höfundar frv. höfðu samið vandaðar reglugerðir um útvarpsreksturinn almennt, um fréttir og auglýsingar. Ég taldi ekki rétt, að gefa þessar reglugerðir út skömmu fyrir kosningar, heldur væri rétt, að fyrst yrði kosið nýtt útvarpsráð, svo sem gera átti að loknum kosningum samkvæmt nýju lögunum, en reglugerðirnar yrðu síðan gefnar út. Nú er hins vegar liðið hálft annað ár síðan nýju útvarpslögin komu til framkvæmda og meira en ár, síðan nýtt útvarpsráð var kosið, en reglugerðirnar hafa ekki verið gefnar út enn. Þessar reglugerðir mundu hins vegar auka mjög öryggi í starfsháttum Ríkisútvarpsins. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um, hvað valdi drættinum á útgáfu þeirra.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fyrirspurn hljóðar svo: „Hvers vegna hefur ekki enn verið sett reglugerð um framkvæmd útvarpslaga, nr. 19 frá 5. apríl 1971, eins og fyrir er mælt í 25. gr. nefndra laga?“ Svar mitt er svo hljóðandi:

Af orðalagi fsp. mætti ráða, að í 25. gr. útvarpsl. sé menntmrh. fyrirskipað að setja reglugerð skv. lögunum og þá jafnvel innan einhvers ákveðins tíma. Til þess að girða fyrir misskilning er rétt að geta þess strax, að í 25. gr. er einungis venjulegt orðalag, sem veitir ráðh. heimild til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd útvarpslaganna í heild eða einstakra kafla þeirra, en skyldar hann hvorki til að setja slíka reglugerð né til að setja hana innan einhvers ákveðins tíma.

Þegar fyrrv. menntmrh. og fyrirspyrjandi skipaði n. 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um Ríkisútvarpið, var þess jafnframt óskað, eins og fyrirspyrjandi tók fram, að n. endurskoðaði allar reglur, sem settar höfðu verið um flutning dagskrár og frétta, og gerði till. um nýjar, ef nauðsynlegt yrði talið. N. skilaði drögum að reglugerð fyrir Ríkisútvarpið ásamt frv. til útvarpsl., en hins vegar hlaut sú reglugerðarsmíð vitanlega að miðast við frv. eins og n. gekk frá því, en ekki þær breyt., sem verða kynnu í meðferð Alþ.

Útvarpslögin voru samþ. á Alþ. 1971 og staðfest af forseta Íslands 5. apríl sama ár. Hinn 3. ágúst 1971 fól menntmrhn. n., sem samdi frv., að semja reglugerð skv. lögunum, þ. e. a. s. að endurskoða sín fyrri reglugerðardrög. Drögum að slíkri reglugerð skilaði n. svo með bréfi 29. sept. í fyrra, en 19. júlí í sumar óskaði Ríkisútvarpið eftir breyt. á þessum reglugerðardrögum, að því er varðaði ákvæðið um innheimtu. Einnig hefur útvarpsstjóri, sem var einn af þremur nefndarmönnum, er sömdu reglugerðina, látið í ljós við rn., að hann teldi fyrir sitt leyti hyggilegra að sjá, hvernig ýmis ákvæði hinna nýju útvarpsl. reyndust í framkvæmd og hverra skýringa eða nánari ákvæða þyrfti við í reglugerð, í stað þess að hraða útgáfu reglugerðar, að fenginni lítilli sem engri reynslu af lögunum.

Engu að síður hafði rn. í góðu samstarfi við útvarpsstjóra gengið frá reglugerð samkvæmt útvarpsl. í þann mund, sem fyrirspyrjandi bar fram fyrirspurn sína. Er því ekki einungis hægt að skýra fyrir honum gang málsins, eins og ég hef nú gert, heldur einnig að skýra honum frá því, að reglugerðin hefur nú verið undirrituð og verður birt á venjulegan hátt. Þó er því ekki að leyna, að bæði útvarpsstjóri og rn. telja enn svo litla reynslu fengna af ýmsum mikilvægum breyt., sem felast í lögunum, að því er varðar rekstur Ríkisútvarpsins, að gera megi ráð fyrir, að þessari reglugerð þurfi að breyta, áður en langt um líður.

Þegar reglugerðardrögunum hafði verið skilað til rn. í fyrra, fól ég ráðuneytisstjóranum og deildarstjóra þeirrar deildar rn., sem fjallar um útvarpsmál, að athuga reglugerðardrögin og athuga, hvenær og með hvaða hætti reglugerð samkvæmt útvarpsl. skyldi gefin út. Hafa þeir haft fullt samráð við útvarpsstjóra um meðferð málsins, og hef ég fallizt á það sjónarmið þeirra, að hin nýja útvarpslöggjöf sé um margt svo óreynd í framkvæmd, að ekki hafi verið ástæða til að hraða setningu reglugerðar meira en orðið er og að hafa verði í huga, að sú reglugerð, sem nú er sett, muni e. t. v. þurfa endurskoðunar við, áður en varir, og jafnvel lögin sjálf.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa fyrirspurn leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. varðandi afkomumöguleika Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins á árinu 1973. Til okkar í fjvn. kom útvarpsstjóri, og því er ekki að leyna, að eins og staðan er í dag, vantar marga tugi millj., svo að endar nái saman hjá Ríkisútvarpinu og sjónvarpinu. Það kom fram hjá útvarpsstjóra, að það mundi tryggja rekstur Ríkisútvarpsins í heild, ef sett yrði reglugerð. Þá vildi ég forvitnast um, hvað er í vændum til þess að tryggja öruggan rekstur þessara stofnana, en gifurleg fjárhagsvandræði eru framundan hjá þeim skv. orðum útvarpsstjóra.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég hef hér ekki gögn í höndum til þess að svara viðbótarfyrirspurn hv. 5. þm. Reykn. eins og vert væri. Það er laukrétt, sem útvarps-

stjóri hefur tjáð honum, sem öðrum fjvn.-mönnum, að miðað við núverandi tekjugrundvöll eru mjög dökkar horfur um afkomumöguleika Ríkisútvarpsins á árinu 1973. En þeir velta auðvitað endanlega á þeim tekjustofnum, sem því verða ákveðnir á því ári, sem sagt afnotagjöldum sjónvarps og útvarps. Því er ekki heldur að leyna, að afkoma Ríkisútvarpsins skerðist heldur við útgáfu þessarar reglugerðar, vegna þess að þar eru sett ákvæði um framkvæmd á ákvæðum útvarpsl., sem Alþ. hafði sett um nokkra eftirgjöf á afnotagjöldum. Fyrst og fremst munar þar annars vegar um fyrirheit, sem gefin voru, ekki í útvarpsl., heldur af þáv. ríkisstj., um lækkun og niðurfellingu afnotagjalda af tækjum í einkabílum, en annars vegar, að í útvarpsl. er kveðið á um, að þeir, sem hljóta uppbót á ellieða örorkulífeyri, skuli undanþegnir afnotagjöldum. Þetta rýrir enn tekjumöguleika Ríkisútvarpsins, og til þess verður auðvitað að taka tillit, þegar tekjustofnar þess verða ákveðnir á næsta ári.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju með þau tíðindi, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að allsherjarreglugerð um starfsemi Ríkisútvarpsins skv. nýju l. hafi nú verið gefin út. Það er að sjálfsögðu rétt, sem ráðh. segir, að þessi reglugerð er þess eðlis, að hún hlýtur að verða í áframhaldandi endurskoðun, og getur komið til greina, að það þurfi að gera á henni breytingar á næstunni. Hins vegar eru í þessari reglugerð mörg ákvæði um framkvæmdaratriði í stofnuninni, ekki sízt í sambandi við innheimtu, sem nauðsynlegt er að fá í gildi. Því til viðbótar byggist á þessari reglugerð það starf, sem útvarpsráð og útvarpsstjóri eiga að vinna við það að setja reglur um fréttir, fréttaflutning og auglýsingar, sem eru með viðkvæmustu þáttum í starfsemi útvarpsins. Ég vænti þess, að hægt verði að vinna að þeim reglum. Liggja fyrir drög að þeim, sem þarf auðvitað að endurskoða á næstunni. Einnig þarf að halda áfram að fylgjast með þróun þessara mála og reynslu af hinni nýju löggjöf, en reglugerðum og reglum breytt, þegar reynslan gefur tilefni til þess.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni og læt í ljós sérstaka ánægju yfir því, að reglugerðin skuli nú hafa verið gefin út. Ég vona, að fsp. min um málið hafi átt einhvern þátt í því. Þótt það hafi ekki verið, þá er ég jafnglaður samt.

Hins vegar er það misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ákvæði 25. gr. séu eins og venjuleg heimildarákvæði til útgáfu reglugerðar. Algengasta orðalagið í löggjöf um reglugerðir er það, að ráðh. sé heimilt að gefa út reglugerð, þar sem kveðið sé á um nánari framkvæmd laga. Þetta er hv. þm. eflaust kunnugt. Þetta er langalgengasta orðalagið, ef gert er ráð fyrir reglugerð til þess að kveða nánar á um framkvæmdir um einstök atriði. En 26. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu skv. lögum."

Fyrri setningin er tvímælalaust fyrirmæli til ráðh. um að gefa út reglugerð. Seinni setningin er heimild til hans um það að ákveða refsingu fyrir brot á ákvæðum laganna. Segja má, að úr því sem komið er sé þetta aukaatriði, og fjölyrði ég ekki meira um það. Ég endurtek aðeins ánægju mína yfir því, að reglugerðin skuli nú loksins vera komin, þó að ég hafi óskað þess, að hún hefði, útvarpsins vegna og hlustenda, komið allmiklu fyrr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með, að það skuli vera búið að koma því í verk að gefa út reglugerð fyrir Ríkisútvarpið. En það var ekki það, sem kom mér til þess að standa hér upp, heldur að það hefur verið vikið að fjármálum Ríkisútvarpsins.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það er stór vandi á höndum í sambandi við fjármál Ríkisútvarpsins. Þetta hefur legið fyrir nú um nokkurt skeið.

Eins og öllum er kunnugt, eru tekjur Ríkisútvarpsins fólgnar í afnotagjöldum annars vegar og auglýsingatekjum hins vegar. Það varðar miklu, hve þessar tekjur eru háar. En Ríkisútvarpið á það undir viðskiptavinum sínum, hvað tekjurnar af auglýsingunum eru háar, en hvað tekjurnar af afnotagjöldum eru háar, á Ríkisútvarpið undir stjórnvöldum landsins, ríkisstj. á hverjum tíma. Og það er rétt, að það komi hér fram, að í áætlunum Ríkisútvarpsins hefur verið gert ráð fyrir, að það þyrfti mun hærri afnotagjöld á þessu ári heldur en ríkisstj. hefur viljað heimila.

Núna er afnotagjaldið fyrir þetta ár 1300 kr. fyrir hljóðvarp og 3100 kr. fyrir sjónvarp. En samkv. því, sem Ríkisútvarpið sjálft telur, hefðu þessi afnotagjöld þurft að vera á þessu ári 1700 kr. fyrir hljóðvarp í stað 1300 kr. og 4100 kr. fyrir sjónvarp í stað 3100 kr.

Ég vil vekja athygli á því, að þetta getur ekki gengið svo til lengdar, að það sé jafnmikill munur á raunverulegum tekjum Ríkisútvarpsins og þeim tekjum, sem það þarf að hafa, miðað við þá starfsemi, sem er í dag. Og mér sýnist, að eins og málin standa nú, þá sé það alvarleg áminning til hæstv. ríkisstj. um að horfast í augu við þann vanda, sem hér er við að glíma.

Lánasjóður íslenzkra námsmanna, fsp. (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var tekinn upp sá háttur að greiða námsmönnum, sem lán hljóta úr Lánasjóði ísl. námsmanna, hluta lánsins þegar á hausti, m. a. til þess að auðvelda námsmönnum erlendis greiðslu skólagjalda við upphaf skólaárs og bæta aðstöðu námsmanna hér til þess að gangast undir próf. Í hittiðfyrra og í fyrra var um þriðjungi námslánanna úthlutað að hausti. Um s. l. mánaðamót eða 1. nóv. hafði hins vegar engu haustláni verið úthlutað. Skýringin var einfaldlega sú, að sjóðurinn hafði

ekki fé til umráða til þess að hefja úthlutun haustlána. Sjóðurinn fær, sem kunnugt er, fé sitt úr ríkissjóði, sem lánsfé frá peningastofnunum, auk eigin tekna, þ. e. a. s. vaxta og afborgana af eldri lánum. Um s. l. mánaðamót hafði sjóðurinn ekki til ráðstöfunar nema 12 millj. kr. lánsfé frá Seðlabankanum, en það er sama upphæð og Seðlabankinn lánaði sjóðnum í fyrra. Aðrar peningastofnanir og ríkissjóður höfðu ekkert fé lagt til sjóðsins á þessu hausti.

S. l. miðvikudag ákvað ég að leggja fram fsp. um þetta mál, þar eð það er mjög bagalegt fyrir námsmenn heima og erlendis að hafa ekki enn fengið nein haustlán. Ég skýrði hæstv. menntmrh. strax frá þessari fsp., eins og ég tel sjálfsagða kurteisi. Daginn eftir mun hæstv. ráðh. hafa efnt til eða látið efna til fundar með öðrum peningastofnunum en Seðlabankanum, og tveim dögum síðar var stjórn lánasjóðsins tilkynnt, að þessar peningastofnanir hefðu lofað sama láni og í fyrra, þ. e. a. s. 48 millj. kr. Væntanlega mun því sjóðurinn nú fá 60 millj. kr. til umráða og mun því geta hafið úthlutun haustlána á næstunni í einhverjum mæli. Þetta er þakkarvert, þótt ég telji hafa orðið óeðlilega langan drátt á því, að haustlánveitingar væru teknar upp.

En fjárhagsvandamál lánasjóðsins eru enn algerlega óleyst. Till. sjóðsstjórnarinnar fyrir árið 1973 eru um fjárveitingu að upphæð 493 millj. kr. Aukningin frá því í fyrra á sér þessar orsakir: Fjölgun námsmanna veldur 64 millj. kr. aukinni fjárþörf. Útvíkkun lánakerfisins veldur aukinni fjárþörf um 26 millj. kr. Hækkun hundraðstöluhlutfalls af svonefndri umframfjárþörf samkv. áætlun fyrrv. ríkisstj. úr 75% í 85% veldur 49 millj. kr. aukinni fjárþörf. Og að síðustu valda verðlagsbreytingar aukinni fjárþörf um 94 millj. kr.

Samkv. fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir aðeins 273 millj. kr. fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna eða rúmlega helmingi af þeirri fjárupphæð, sem stjórn lánasjóðsins telur nauðsynlega. Heyrzt hefur, að ríkisstj. hyggist hækka fjárlagafrv.-töluna þannig, að lánsupphæðir lánasjóðsins þurfi ekki að lækka á næsta ári, en muni heldur ekkert geta hækkað frá fyrra ári. Ef þetta reynist rétt, hverfur hæstv. núv. ríkisstj. frá þeirri stefnu, sem ég gaf skýlausa yfirlýsingu um hér á Alþ. fyrir þrem árum fyrir hönd þáv. ríkisstj., þess efnis, að stefnt skuli að árlegri aukningu námsaðstoðar fram til ársins 1974, þannig að þá verði umframfjárþörf að fullu mætt. Þáv. stjórnarandstaða lýsti yfir vilja sínum til hins sama, þannig að allur þingheimur var þá sammála um þessa stefnu. Ef reynslan við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1973 verður sú, að horfið verður frá þessari stefnu, ber mjög að harma það, og hlýtur málið þá að koma með öðrum hætti til kasta Alþingis.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 7. þm. Reykv. á þskj. 61 er á þessa leið: „Hver er orsök þess, að enn hefur engin úthlutun haustlána úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna farið fram?“ Svar við fsp. er þetta:

Haustið 1969 var í fyrsta skipti tekinn upp sá háttur að veita námsmönnum, sem rétt áttu til námslána úr Lánasjóði ísl. námsmanna, kost á að fá hluta lánsins greiddan að haustinu, þ. e. a. s. snemma á háskólaárinu, í stað þess að áður hafði öll úthlutun námslána farið fram eftir áramót. Þessi svokölluðu haustlán eru m. ö. o. fyrirframgleiðsla upp í lán samkv. aðalúthlutun, og eru eftirstöðvarnar greiddar í jan. eða febr. Í fyrstu tóku haustlánin eingöngu til námsmanna erlendis. Haustið 1971 féllst menntmrn. á tilmæli stjórnar lánasjóðsins um, að hliðstæða fyrirgreiðslu mætti einnig veita námsmönnum við Háskóla Íslands, sem sérstaklega stæði á fyrir. Var sjóðsstjórninni heimilað að lána einnig þeim stúdentum við háskólann hér, sem gengju undir embættispróf að hausti, svo og þeim, sem þá tækju áfangapróf, og þá miðað við, að þessir stúdentar notuðu sumarleyfi sitt að langmestu leyti til próflesturs. Jók þetta verulega á fjárþörf sjóðsins til að standa straum af haustlánum. Á þessu hausti samþykkti ríkisstj. fyrir sitt leyti till. stjórnar lánasjóðsins um, að reglur um veitingu haustlána yrðu enn rýmkaðar á þá lund, að ekki einungis þeir stúdentar við Háskóla Íslands, sem verið hefðu í haustprófum, ættu kost á láni, heldur og aðrir námsmenn, sem rétt ættu til lána úr sjóðnum og gætu fært sönnur á, að afkoma þeirra frá lokum síðasta skólaárs væri með þeim hætti, að þeim væri brýn þörf á haustláni. Var þá jafnframt gert ráð fyrir því, að fjárhæð haustláns færi í hverju tilviki eftir raunverulegri fjárþörf viðkomandi námsmanns, en miðaðist ekki við ákveðið hlutfall af væntanlegu heildarláni til hans. Enda þótt skilyrðin til að fá haustlán væru þannig með nokkrum hætti þrengd að því er hvern einstakan námsmann varðar, stækkaði við þetta að mun sá hópur, sem kom til greina við veitingu haustlána, og mátti gera ráð fyrir talsvert aukinni fjárþörf til þeirra af þessum sökum.

Eins og þeim er kunnugt, sem nærri þessum málum koma, hefur fjárþörfinni til haustlána jafnan verið fullnægt með þeim hætti, að til þeirra hafa runnið þau bankalán, sem lánasjóðnum var heimilt að taka, en ríkisframlaginu til sjóðsins hefur þá að meginhluta verið varið til að standa straum af lánum og styrkjum við aðalúthlutun. Vegna aukinnar fjárþarfar til haustlána af þeim ástæðum, sem raktar voru hér að framan, hefur fjármagnsútvegun til þeirra að þessu sinni verið enn umfangsmeira verkefni en áður, og er enn þá verið að vinna að henni. Þessi fjármagnsútvegun er þó komin það vel á veg, að stjórn lánasjóðsins hefur tjáð rn., að greiðsla haustlána geti hafizt nú þegar. Þess ber þó að geta, að umsóknarfresti um lán úr lánasjóðnum og þar með haustlán lauk ekki fyrr en 1. nóv. s. l., og er þess því ekki að vænta, að meðferð umsókna sé lokið.

Út af því, sem fyrirspyrjandi nefndi um aðdraganda þessarar fsp. og fund, sem ég hefði haldið með bankastjórum tveggja viðskiptabanka, vil ég taka það fram, að sá fundur var ekki haldinn að mínu frumkvæði, heldur að beiðni þessara bankastjóra, og sú beiðni var komin fram, áður en fyrirspyrjandi skýrði mér frá, að þessi fsp. væri á leiðinni. Gangur málsins hefur verið sá, að lánastofnunum var með bréfi frá 21. sept. skýrt frá lánsbeiðni fyrir hönd lánasjóðsins.

Síðan hélt ég fund 20. okt. með forsvarsmönnum allra þeirra banka og lánastofnana, sem veitt hafa Lánasjóði íslenzkra námsmanna fyrirgreiðslu á undanförnum árum. Koma tveggja bankastjóra á minn fund í síðustu viku að þeirra eigin frumkvæði var til þess gerð að færa svör lánastofnana þeirra við þeirri málaleitan, sem upp var borin á fundinum 20. okt.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. og þykir vænt um, að hann skuli staðfesta, að nú alveg nýlega hafi lánasjóðnum borizt loforð um 48 millj. kr. viðbótarfé til starfsemi sinnar til viðbótar þeim 12 millj., sem hann hafði til umráða, þegar ég bar fram fsp. mína. Ég vek hins vegar athygli á því, að nú er kominn 7. nóv. og enn hefur engu — ekki einu einasta haustláni verið úthlutað. Það hefur ekki komið fyrir áður, síðan haustlánakerfið var tekið upp, að svona langt hafi liðið á háskólaár og almennt skólaár, án þess að nokkru haustláni hafi verið úthlutað. Lok umsóknarfrests skipta hér engu máli. Frestinum lýkur, þegar ekki er lengur hægt að sækja um lán. Umsóknir eru að berast samkv. venju allt frá því seint á sumri og til loka frestsins. Hingað til hafa umsóknirnar verið afgreiddar nokkurn veginn jafnóðum og þær hafa borizt. Þannig hefur reynslan verið undanfarin haust. Þetta er fyrsta haustið, síðan kerfið var tekið upp, — ég endurtek það og legg á það áherzlu, — sem svona langt er liðið, allt að 7. nóv., án þess að nokkur námsmaður hafi fengið haustláni úthlutað. Það eru þó að sjálfsögðu gleðitíðindi, að nú skuli sjóðurinn hafa til umráða 60 millj. kr. og treysti sér til þess að byrja að einhverju leyti úthlutun lánanna. Hins vegar bendi ég á það, að þörfin fyrir haustlán er fjarri því að vera fullnægt með þessu móti. Þótt ekki væri miðað við annað en þá tölu, sem ríkisstj. sjálf hefur lagt í fjárlagafrv., sem er 273 millj. kr., þá hefur það verið venjan undanfarin ár að úthluta þriðjungi að hausti. Það mundi þýða, að nú þyrfti að úthluta — eða öllu heldur ætti að vera búið að úthluta rúmlega 90 millj. kr. Það vantar um 30 millj. á, að það fé, sem nú er til ráðstöfunar, dugi til þess að gera það eitt að fullnægja lágu tölunni, sem enginn tekur lengur alvarlega, í fjárlagafrv. Ætti að fara eftir óskum stjórnar lánasjóðsins, sem er upp á 493 millj. kr., þyrftu haustlánin að nema 164 millj. kr. eða m. ö. o. 100 millj. kr. hærri upphæð en sjóðurinn hefur núna yfir að ráða. Ég geri ráð fyrir því, að það, sem sjóðurinn fær endanlega til umráða, verði eitthvað á milli 273 millj. kr. í fjárlagafrv. og 493 millj., sem lánasjóðurinn óskar eftir. Ég skal engum getum að því leiða, hvað það verður. En það er alveg auðséð, að verði ekki tekið á málinu með mun meiri myndarskap heldur en hefur verið gert núna, og er ég þó sízt að vanmeta það, sem gert hefur verið s. l. daga, þá gefur auga leið, að haustlánin verða miklu minni í ár heldur en þau hafa verið, síðan kerfinu var komið upp á sínum tíma. En það hefur reynzt mjög gagnlegt fyrir menn að geta fengið hluta af sínu væntanlega lánsfé, eins og ráðh. sagði, sem fyrirframgreiðslu upp í heildarlánið þegar að haustinu. Ég vil því hvetja ekki aðeins hæstv. menntmrh., heldur ekkert síður hæstv. fjmrh. til að sinna þessu máli mun betur en gert hefur verið hingað til.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við fjárlagaumr. fyrr í haust gerði ég málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna að umtalsefni með sama hætti og fyrirspyrjandi hefur gert nú. Hæstv. fjmrh. lagði ekkert til þeirra mála eða gerði aths. við það, sem ég hélt fram, og hæstv. menntmrh. var ekki viðstaddur þá umr. Við þær umr. hélt ég því fram, að fjárlagafrv. bæri það með sér, að nú væri vikið frá þeirri grundvallarstefnu, sem mörkuð hefði verið 1969 um lánamál íslenzkra námsmanna. Hæstv. fjmrh. nefndi við þá umræðu, að nú stæði yfir endurskoðun á l. um lánasjóðinn, en í því sambandi vakti ég athygli á því, að á síðasta þingi hefðu verið samþykkt lög eða breytingar á þessum lögum, varðandi stýrimannaskóla og vélskóla, en í þeim lögum var ákvæði til bráðabirgða, sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir endurskoðun l. um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972."

Þegar hæstv. fjmrh. tekur fram í umr. hér í haust, að endurskoðun sé fyrirhuguð, þá spurði ég og spyr enn: Hvernig stendur á því, að þessari endurskoðun er ekki lokið, — endurskoðun, sem átti að vera lokið fyrir þetta haust? Hvaða afstöðu hefur hæstv. menntmrh. til þessarar grundvallarbreytingar, sem gerð er á málefnum íslenzkra námsmanna í þessu atriði og hvernig er hagsmuna námsmanna gætt við skipun þeirrar nefndar, sem á að fjalla um breytingar á þessum lögum? Ég óska eindregið eftir því að fá svör við þessum fsp. hjá hæstv. menntmrh., úr því að þessi málefni ber hér á góma.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Endurskoðun laga, sem gert var ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðinu, er ekki lokið enn, eins og öllum má ljóst vera, annars væri árangurinn kominn fram fyrir þetta þing. En að því verður unnið, að sá árangur sjáist sem fyrst. (Gripið fram í.) Já, það er búið. Fyrir hagsmunum námsmanna er séð þannig, að í n. eiga sæti sá starfsmaður í menntmrn., sem fer með málefni lánasjóðsins, formaður stjórnar lánasjóðsins og maður, sem setið hefur lengi í stjórn lánasjóðs sem fulltrúi námsmanna. Þessir menn eru Árni Gunnarsson deildarstjóri, Gunnar Vagnsson formaður lánasjóðsins og Þorsteinn Vilhjálmsson, sem lengi hefur setið í lánasjóðsstjórn af hálfu námsmanna.

Ellert B. Schram: Herra forseti: Það er stutt aths. Ég vil vekja athygli á því, að það hefur komið skýrt og afdráttarlaust fram í þessum umr., að hæstv. menntmrh. vill ekki taka afstöðu til þeirrar grundvallarbreytingar, sem fram kemur í fjárlagafrv., og enn fremur hefur líka komið fram í svörum hans, að hagsmunum námsmanna hér heima er ekki gætt við þessa nefndarskipun, því að tilnefndur Þorsteinn Vilhjálmsson hefur verið fulltrúi íslenzkra námsmanna erlendis.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 7. nóv., að loknum 12. fundi.

Rækju- og skelfisksleit fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 59). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegagerð í Mánárskriðum, þáltill. (þskj. 62). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosningar til Alþingis, þáltill. (þskj. 8). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv.

Starfshættir skóla, þáltill. (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv.

Kennsla í fjölmiðlun, þáltill. (þskj. 28). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv.

Lánsfé til hitaveituframkvæmda, þáltill. (þskj. 9). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 9 flyt ég ásamt hv. 5 landsk. þm. svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda."

Það hefur oft verið bent á gagnsemi þess að hagnýta jarðvarma til húsahitunar hér á landi. Þjóðhagslega er þetta mjög mikilvægt og sparast við það dýrmætur gjaldeyrir, þar sem við höfum notað olíu víðast hvar á landinu. Sem dæmi má nefna, að t. d. í Kópavogi og Hafnarfirði er talið, að olíuhitunarkostnaður nemi hátt í 300 millj. á ársgrundvelli miðað við verðlag í dag. Það er því mikið hagsmunamál fyrir íbúa þessara svæða t. d. að geta hagnýtt sér heitt vatn í húsahitun og aðra notkun.

Rannsóknir á þessu svæði, sem við leggjum sérstaklega til að verði athugað, þ. e. á Reykjanessvæðinu, hafa farið fram undanfarið, og vildi ég byrja á Suðurnesjum í því sambandi. Þar hefur verið boruð ein hola í landi Keflavíkur, sem gefur von um áframhaldandi hita. Holan var aðeins 43 metrar, en gufuborinn getur tekið við, en 8 millj. kr. þarf, til þess að þar verði haldið áfram. Áætlað er að bora niður á 1500—2000 metra dýpi, og sérfræðingar segja mér, að ekki sé að vænta annars en að þar sé nægilegt vatn.

Á Svartsengi í námunda við Grindavík var borað um s. l. áramót. Þar var árangur mjög góður. Þar eru tvær holur, 250 metra og 400 metra, og er þar mikill og öruggur hiti fyrir hendi. Það má virkja þar beint, og er áætlað, að virkjun þar kosti 30—40 millj. kr. Það er mjög mikilvægt fyrir staði eins og sjávarplássin að fá heitt vatn, bæði fyrir íbúa og starfsemi, þar sem fiskvinnsla er mjög mikil, og eru menn þar spenntir að fá lausn sinna mála. En það kemur að hinu sama: Spurningin er um fjármagnsútvegun og hagkvæm lán í því sambandi.

Í Hafnarfirði hefur lengi verið á döfinni undirbúningur að hitaveitu, og hefur þar starfað sérstök hitaveitunefnd lengi. Nokkur ágreiningur hefur verið í n., með hvaða hætti ætti að hita upp, hvort það ætti að vera rafmagn eða heitt vatn. Lengi hefur verið talað um Krýsuvíkursvæðið í því sambandi. Krýsuvíkursvæðið er á svokölluðu háhitasvæði, og verður ekki vatn þaðan tekið beint inn í kerfið. Það er of mikill brennisteinn í því. Hins vegar er gufa þar mikil og mætti hafa óbeina hitun, þannig að hitaorkan er notuð við hitun á venjulegu vatni. Vandamálið er fjármögnunin, en sú hitaveita mun kosta um eða yfir 300 millj., eftir því sem mér hefur verið tjáð.

Sama má segja um Garðahreppinn. Hann þarf og vill fá hitaveitu. Þeir hafa unnið að því þar og hér eru menn á hv. Alþ., sem vita betur um það mál. Tölurnar þar eru aðeins lægri en í Hafnarfirði.

Nýlega var kunngerður samningur, eftir að þessi till. var lögð fram, milli Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar um lausn á hitaveitumálum hans, sem við Kópavogsbúar flestir erum ánægðir með. Reykjavíkurborg mun fjármagna þær framkvæmdir og Kópavogur fær heitt vatn á næstu þremur árum. Þegar hefur nokkur hluti hans fengið hitaveitu.

Lán hafa verið tekin í þessu skyni fyrir ýmis sveitarfélög. Seltjarnarneshreppur hefur t. d. fengið 30 millj. kr. á þessu ári úr Lánasjóði sveitarfélaga. Alls hefur sjóðurinn lánað 66 millj. á þessu ári, og hafa sex aðilar fengið lán úr sjóðnum á þessu ári: Seltjarnarneshreppur 30 millj. kr., Hvammstangahreppur 12 millj., Hveragerðishreppur 12 millj., Kópavogshreppur 10 millj., Dalvíkurhreppur 1 millj. og Skútustaðahreppur 1 millj. Ef árangur verður hins vegar af borunum í þeim sveitarfélögum, sem vonir standa til, að muni bora á næstunni, vantar örugglega fjármagn, sem er 600—800 millj., ef af virkjunarframkvæmdum á að verða á næstunni. Því vildum við hreyfa því máli hér á hv. Alþ., að það yrði gerð gangskör að því að tryggja þessum sveitarfélögum eðlileg stofnlán til framkvæmda, þannig að ekki þyrfti að standa á því, að hægt væri að leggja heitt vatn í viðkomandi byggðarlög. Húsavík réðst í hitaveitu á s. l. ári á stuttum tíma og með góðum árangri, og eru allir þar mjög ánægðir. Sama verður örugglega varðandi önnur sveitarfélög, er kost eiga á heitu vatni, en vantar til þess fjármagn. Á Álftanesi hafa verið gerðar tilraunaboranir, sem gefa ótvírætt í skyn, að þar sé heitt vatn, en hvort sem þar verður borað eða vatn fengið úr Krýsuvík eða frá Reykjavík handa Hafnarfirði og í Garðahverfið, er frumskilyrðið, að fjármagn verði tryggt, svo að vatnið verði hagnýtt í hreppunum og kaupstöðunum eins fljótt og hægt

er að ná því upp, ella verður hagsæld ekki tryggð fyrir viðkomandi íbúa. Við höfum því leyft okkur að flytja þessa þáltill. og að svo mæltu legg ég til, að hlé verði gert á og till. vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárlagaáætlanir, þáltill. (þskj.39). — Ein umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ýkjalangt síðan hafin var hér á landi skýrslusöfnun, sem gæti orðið grundvöllur að gerð þjóðhagsáætlana, eins og tíðkast með þeim þjóðum, sem lengst eru komnar á því sviði. Það er raunar fyrst með tilkomu Efnahagsstofnunarinnar, sem kerfisbundið er tekið að vinna að söfnun gagna til slíkra áætlana, því að enda þótt hagstofan hafi áður verið starfandi hér, hafði hún annað verkefni, fyrst og fremst gagnasöfnun á öðrum sviðum. En þegar talað er um þjóðhagsáætlanir, þá er átt við áætlanagerð, sem leggi grundvöll að því að skoða einstaka þætti þjóðarbúskaparins og hvernig hann muni þróast í ákveðnar áttir fyrir tiltekið tímabil.

Fyrsta áætlanagerð fyrir framkvæmdir til meira en eins árs var sú framkvæmdaáætlun ríkisstj., sem gilti fyrir tímabilið 1963—1966. Síðan hafa framkvæmdaáætlanir ríkisins eingöngu verið gerðar til eins árs í senn. Aftur á móti hafa ýmsar aðrar áætlanir þróast á einstökum sviðum og hafa birzt í t. d. vegáætlun, sem nú er gerð til fjögurra ára, endurskoðuð að vísu á tveggja ára tímabili. Það hafa verið gerð drög að hafnaáætlunum, að áætlanagerð hefur verið unnið í sambandi við skólabyggingar, og ýmsir fleiri þættir hafa komið til meðferðar í sambandi við þróun framkvæmda í þjóðfélaginu. Það er hins vegar svo, að fjárhagsáætlun hefur aldrei verið gerð nema fyrir næsta fjárhagsár, þ. e. a. s. þau fjárlög, sem eru til meðferðar á hverju þingi og gilda eiga fyrir næsta fjárhagsár. Hjá þeim þjóðum, sem lengra eru komnar í áætlanagerð, og má þar nefna allar Norðurlandaþjóðirnar, hefur þótt sjálfsagt og alllengi verið framkvæmt að birta áætlanir, þ. e. a. s. rammaáætlanir til lengri tíma. Það er gert vegna þess, að nauðsynlegt þykir að fylgjast með og gera sér nokkra hugmynd um það, hvernig þjóðarbúskapurinn, þ. e. a. s. ríkisbúskapurinn í þrengri merkingu muni þróast, jafnhliða því sem reynt er að gera sér grein fyrir, hvernig efnahagsþróunin verður að öðru leyti.

Það gefur auga leið, hversu mikla þýðingu það hefur, ef hægt væri að gera slíkar rammaáætlanir nokkur ár fram í tímann, t. d. 3, 4, 5 ár fram í tímann. Alþ. hefur til meðferðar á hverju ári fjölda till., ýmist bornar fram af ríkisstj. eða einstökum þm., bæði í frumvarpsformi og þál., þar sem grundvöllur er lagður að stórauknum útgjöldum ríkisins. Það er mjög sjaldan, að menn geri sér nokkra raunhæfa grein fyrir því og að fyrir liggi nokkrar áætlanir um það, hvað þetta muni kosta og hverjar afleiðingarnar muni verða, þegar til lengri tíma er horft. Þessir baggar eru teknir á ríkissjóðinn á hverju þingi án allrar yfirsýnar um það að þingi loknu, hvað menn í rauninni hafa samþykkt að leggja á herðar borgaranna.

Ég held, að það mundi vera ákaflega gagnlegt, ef auðið væri að gera sér einhverja grein fyrir því, hvaða horfur væru nokkur ár fram í tímann um afleiðingar þeirra verka, sem við erum hér á hverju þingi að vinna að. Margt er þetta gott og nytsamlegt, en það verður að sjálfsögðu að velja og hafna. Eitt atriði skiptir meginmáli að sjálfsögðu í því sambandi, og það er að gera sér grein fyrir, hvað menn eru reiðubúnir að leggja miklar heildarkvaðir á þjóðfélagsborgarana. Þetta hafa menn í rauninni enga hugmynd um, eins og málum er nú háttað. Við sjáum fjárl. vaxa ár frá ári, mismunandi mikið, en þó með nokkuð vaxandi hraða. Það hlýtur að valda auknum áhyggjum og vekja þær spurningar í hugum margra, ekki sízt hv. þm., hvert stefnir í þessu efni, hvaða afleiðingar hefur það, sem við erum að gera, og erum við ekki að leggja á herðar framtíðarinnar byrðar, sem ekki verður undir risið nema með þeim hætti að taka svo mikið af þjóðartekjum eða þjóðarframleiðslu til opinberra þarfa, að það lami heilbrigða þróun í þjóðfélaginu? Það er vitað, að sumar þjóðir eru þegar það langt komnar, að uggvænlega horfir, og má þar nefna þá þjóð, sem lengst er komin í þessu efni, og það eru Svíar, sem taka nú orðið mest allra þjóða til sameiginlegra þarfa eða um 40.9% af vergri þjóðarframleiðslu. Nokkrar aðrar þjóðir eru þegar komnar á sama stig, eins og t. d. bæði Noregur og Holland. Þetta er farið að valda áhyggjum í þessum löndum, og menn eru uggandi um það, hvernig eigi að snúast við þessari þróun, því að það vitum við mætavel, að erfiðara er að snúa hjólinu við, draga úr útgjöldum, eftir að þau einu sinni hafa verið ákveðin.

Till. sú, sem ég hef leyft mér hér að flytja, fjallar um það að skora á ríkisstj. að fela fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að gera fjögurra ára áætlun um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs miðað við gildandi lagaskuldbindingar, eins og þær eru, þegar áætlunin er gerð, og miðað við þær tekjuleiðir, sem þá eru samkv. gildandi lögum. Varðandi ólögbundin útgjöld yrði miðað við sennilega þróun og þá höfð hliðsjón af þeirri þróun, sem verið hefur í þeim útgjöldum á undanförnum árum, og að því verði stefnt, að þessar rammaáætlanir geti fylgt fjárlagafrv., eins og hefur verið stefnt að varðandi framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir hvert einstakt ár.

Nú munu kannske einhverjir spyrja, af hverju ekki hafi verið hlutazt til um þetta fyrr og hvernig á því standi, ef ég telji svo mikilvægt að hefjast handa um þetta nú, að ég hafi ekki gert það þau 6 ár, sem ég fór með embætti fjmrh. Því er fljótt til að svara, að ég lét hefja athugun á þessu þegar á árunum 1965 og 1966, en þá fól ég dr. Gísla Blöndal, sem nú er hagsýslustjóri, að kanna þetta mál, athuga, hvað gert væri á Norðurlöndum í sambandi við þessar langtímaáætlanir og hvaða forsendur væru fyrir því hér á landi að gera slíkar fjárlaga-

áætlanir til nokkurra ára. Hann vakti athygli á því, að þó að mjög æskilegt væri, að þessar áætlanir væru gerðar, þá skorti hér til þess, eins og þá stóðu sakir, vissar forsendur, ekki sízt þær, að fjárlagagerð öll og uppsetning ríkisreiknings væri með þeim hætti, að það væri ekki hægt að byggja slíkar langtímaáætlanir á jafnófullkomnum plöggum. Það væri því forsenda þessa máls að umskapa algerlega gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þetta var gert, eins og hv. þm. vita, með setningu nýrra laga 1966 um gerð ríkisreiknings og fjárl., sem fólu í sér algera umsköpun fjárlagafrv. Mönnum þótti að vísu sitthvað um og sýndist ekki öllum hið sama, hvort það væri til bóta fyrst í stað, en ég hygg, að allir hafi nú gert sér grein fyrir, að það hafi verið til stórra bóta. Skýrslugerð öll í sambandi við fjárl. og ríkisreikninginn var færð í það horf að gera mögulegt að framkvæma slíka áætlunargerð. Fjárl. 1968 voru fyrstu fjárl., sem samin voru eftir þessum nýju l., þannig að eftir það var ekki mikið svigrúm til þess að framkvæma þessa áætlunargerð. Það er í rauninni fyrst nú allra síðustu árin, sem hefði verið auðið að hleypa af stokkunum slíkum bráðabirgðafjárlagaáætlunum, eins og ég er að ræða um. Það er einnig ljóst, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að ýmsar þjóðhagslegar athuganir á vegum Efnahagsstofnunarinnar — og nú Framkvæmdastofnunarinnar— hafa smám saman verið að þróast með þeim hætti, að þessi fjárlagaáætlunargerð er nú orðin mun auðveldari, bæði eftir setningu l. um fjárlög og ríkisreikning og þær margvíslegu áætlanir, sem nú er farið að vinna að á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar annars vegar og Framkvæmdastofnunarinnar núverandi, áður Efnahagsstofnunarinnar, hins vegar.

Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða neina áætlanagerð, sem feli í sér neinn sósialisma né neitt slíkt. Þessar áætlanir eru jafnnauðsynlegar, hvort sem er sósialístískt hagkerfi eða frjálst hagkerfi, eins og við teljum okkur hafa hér. Þetta er aðeins spurning um það að hafa einhverjar leiðbeiningar fyrir sér þegar menn eru að taka jafnþýðingarmiklar ákvarðanir og hér eru teknar á Alþ., ef menn vilja ekki stefna í þá átt, sem ég hygg, að enginn hv. þm. vilji gera, að ganga svo langt í skattheimtu á þjóðfélagsborgarana, að það horfi til þess samdráttar í framtaki og viðleitni til tekjuöflunar, sem það hlýtur að hafa, ef of langt er gengið í því að taka til sameiginlegra þarfa það, sem þjóðfélagsborgararnir vinna sér inn.

Í grg. með þessari till. er sagt, að Ísland sé ekki enn orðið í fremstu röð þeirra þjóða, sem mesta gjaldheimtu hafa af borgurunum. Það er rétt. En það stefnir þó í þá átt. Ég hef hér fyrir mér nokkrar tölur um það efni, aðeins til að gefa hugmynd um, hvernig þessi mál hafa þróazt. Þau hafa auðvitað ekki þróazt í samræmi við það, sem tölur fjárl. segja hverju sinni, vegna þess að þær eru ekki algildur mælikvarði á það, hvort um er að ræða aukningu skattbyrðar eða ekki, heldur er matið á því sviði fólgið í þeirri forsendu, hvort við tökum hlutfallslega meira af þjóðartekjunum til opinberra þarfa, en áður hefur verið. Þetta hefur verið nokkrum breytingum háð á undanförnum árum, og hefur það verið ýmist til hækkunar eða lækkunar, þannig að prósentutala hefur verið frá 28% til 30% fram til 1970. Hún hefur stundum farið yfir þetta mark, upp í 32% 1967 og 1968 og aftur niður í 29% 1969. 1970 eru heildarskatttekjurnar áætlaðar 32.1% af þjóðarframleiðslunni, og spáin fyrir 1972 er 34.5% eða 2.4% hækkun á þessu eina ári. Það sýnist því stefna í þá átt, með hliðsjón af þeim fjárl., sem við höfum nú til meðferðar, að þessi prósentutala fari hækkandi. Þó að við séum ekki komin í hæsta mark hinna svokölluðu velferðarríkja að þessu leyti, stefnir þróunin, að því er virðist í þá átt, að við komumst í flokk þeirra þjóða, sem efstar eru þar á blaði, þannig að fullkomin ástæða er til þess að íhuga, hvert við stefnum.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist til. Ég held, að það geti naumast verið ágreiningur um, að það væri mjög æskilegt, ef hægt væri að gera fjárlagaáætlanir sem þessar, rammaáætlanir, sem að sjálfsögðu þyrfti þá að endurskoða á hverju ári við gerð hverra nýrra fjárlaga. Ég held, að það yrði okkur mikill leiðarvísir, þegar við erum að afgera hér mál, oft og tíðum að vísu mikil umbótamál, sem kosta mikið fé, ef við getum séð nokkuð fram í tímann, hvaða byrðar þetta hefur í för með sér. Ekki sízt er þetta mikilvægt í litlu þjóðfélagi sem okkar, þar sem við verðum óumflýjanlega að velja og hafna, velja á milli hinna ýmsu mála, sem við gjarnan vildum þoka áleiðis. Þetta gæti gefið okkur grundvöll til þess, að samtímis því sem við þokuðum áfram þeim málum, sem mikilvægust væru á hverjum tíma, gætum við þó gætt þeirrar hófsemi í skattaálögum, sem ég vona, að við öll séum sammála um að vilja gæta, að ekki verði seilzt of langt ofan í vasa þjóðfélagsborgaranna um skattheimtu til opinberra þarfa, þannig að farið sé yfir það mark, þar sem beinlínis hlýtur að stefna í öfuga átt, þ. e. a. s. ef gjaldheimtan nær vissu marki, þá veldur það samdrætti í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Frv. um veitingu ríkisborgararéttar er árvisst, hefðbundið frv., sem kemur fyrir hvert Alþ. Upp í þetta frv. hafa verið teknir 10 útlendingar, sem lagt er til, að veittur verði ríkisborgararéttur. Þeir fullnægja allir þeim skilyrð-

um, sem áður hafa verið sett í ályktunum Alþ. og af allshn., sem um þetta hafa fjallað. Venju samkvæmt má gera ráð fyrir því, að það bætist einhverjir hér við á þeim tíma, sem Alþ. hefur málið til meðferðar, og verða þeir þá sjálfsagt teknir upp í þetta frv.

Viðvíkjandi þeirri kröfu, sem hér hefur verið til nafnbreytingar, þegar menn hafa öðlazt íslenzkt ríkisfang, þá er fylgt í 2. gr. þessa frv. þeirri reglu þar um, sem samþ. var á síðasta Alþ. Rn. hefur talið rétt að láta Alþ. um það, ef því sýndist að hverfa til fyrra forms í þessum efnum. Niður er svo felld sú heimild, sem veitt var dómsmrh. til að gera undanþágu. Hennar sýnist ekki þörf, ef fylgt er þeirri reglu, sem er nú í 2. gr. frv.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. samþ. með 14 shlj. atkv. og til allshn. samþ. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15). — 1. umr

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í sambandi við útgáfu hinnar nýju reglugerðar um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur. Frv. hefur þegar gengið í gegnum Ed., og vænti ég, að það fái greiða afgreiðslu einnig í þessari hv. deild.

Efni þessa frv. er fyrst og fremst það að taka af öll tvímæli varðandi viss ákvæði í gildandi lögum um botnvörpu- og flotvörpuveiðar í landhelginni, l. frá 1969, en í þeim l. voru veittar tilteknar heimildir fyrir íslenzk skip til þess að stunda veiðar eftir settum reglum innan fiskveiðilandhelginnar, eins og hún er ákveðin samkv. landgrunnsl. frá 1948. Það var sem sagt ekki fullkomlega skýrt, hvort þessi lög næðu yfir alla hina stækkuðu fiskveiðilandhelgi, sem nú hefur verið sett samkv. landgrunnsl. frá 1948, eða hvort ákvæði l. næði einvörðungu til þeirrar fiskveiðilandhelgi, sem í gildi var, þegar þessi l. voru sett, og voru uppi mismunandi skýringar lögfróðra manna á því, hvernig með mundi verða farið, ef þessi ágreiningsefni kæmu upp. Það var ákveðið að velja þá leið að taka þarna af öll tvímæli og ákveða, að öll ákvæði þessara l. skyldu gilda yfir hina nýju fiskveiðilandhelgi, yfir 50 mílna landhelgina. Er því um það að ræða, að allar fyrri heimildir, sem stóðu samkv. l. frá 1969, standa áfram, en að því leyti til sem íslenzk skip þurfa að leita eftir sérstökum heimildum til þess að stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar, þá verður nú að leita eftir heimildum jafnt til þess að stunda slíkar veiðar innan 12 mílna markanna sem utan, en áður var það auðvitað aðeins fyrir þær veiðar, sem voru innan 12 mílna markanna. Hins vegar er ekki skertur réttur íslenzkra veiðiskipa frá fyrri ákvæðum að einu eða neinu leyti. Þau halda öllum þeim réttindum til veiða, sem lög hefðu mælt fyrir um áður. Þetta eru sem sagt meginatriðin, sem þarna var um að ræða, og þótti rétt að taka þarna af öll tvímæli og gera málið hreint að þessu leyti til, og vænti ég, að allir geti verið sammála um það.

Ég vænti svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. gangi málið til hv. sjútvn. og málið geti fengið fljóta afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. **með 26 shlj. atkv.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér við, þegar þetta mál var til 1. umr., og þakka hæstv. forseta og hv. flm. fyrir, að það skyldu verða framhaldsumr., þar sem ég hafði óskað eftir því að fá að koma að skoðunum mínum í sambandi við þetta mál. Ég hef hins vegar átt kost á því að kynnast af frásögnum blaðanna þeim umr., sem fram fóru um málið hér við umr., og ætla mér ekki að fara hér út í neinar kappræður um þetta mál, heldur víkja að því almennt séð og því, sem ég hef verið að velta fyrir mér í sambandi við málið.

Ég álít, að það séu tvö meginatriði, sem máli skipta í sambandi við dreifingu mjólkur. Það er í fyrsta lagi hreinlætiskröfur og í öðru lagi kostnaður. Mjólkin er sú vara, sem allir neyta, og er mikill útgjaldaliður í búi hvers heimilis, og mjólkin er einnig sú vara, sem er mikill tekjuliður hjá bændastétt landsins, þar sem mjólkurframleiðsla er orðin mikil, þó að það hafi hins vegar gerzt á síðari árum, að mjólkurframleiðendum í landinu hafi verulega fækkað. Ég held því, að allar umr. og allar kröfugerðir í sambandi við mjólkurdreifingu verði að byggjast á þessu tvennu. Hreinlætiskröfur gagnvart mjólkurútsölu verða að vera geysilega strangar. Hér er um þá vöru að ræða, sem þarf hins fyllsta hreinlætis við, og þess vegna má ekki slaka á þeim kröfum, og hafa þær reyndar verið auknar ár frá ári og skipulag hnigið í þá átt að tryggja það og fylgjast með því, eins og fram kom í þeirri ræðu, sem hv. 2. þm. Sunnl. flutti hér, þar sem hann gerði mjög góða grein fyrir þessum þætti málsins sem og öðru, eins og hans var von og vísa.

Það, sem skiptir líka meginmáli í þessu, er kostnaðurinn við dreifinguna, og það verður að segjast eins og er, að kostnaður við dreifingu mjólkur hér á landi hefur verið tiltölulega mjög lítill. Ef það er borið saman við það, sem gerist hjá öðrum þjóðum, þá hefur þessum kostnaði verið mjög í hóf stillt, og við verðum að hafa það í huga í sambandi við dreifingarkostnaðinn, að raunverulega er það alltaf hið endanlega verð, sem neytandinn spyr um, en ekki hvernig það dreifist milli framleiðandans og

þeirra annarra, sem annast flutninginn frá framleiðanda til neytanda. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að hafa þetta hugfast í sambandi við allar þær breytingar, sem gerðar eru á skipulagi mjólkursölunnar. Það verður líka að segjast eins og er, að það skipulag, sem hér hefur þróazt í nærri 4 áratugi, undir forustu Mjólkursamsölunnar, hefur reynzt mjög vel. Dæmi um það, hvað þetta kerfi hefur reynzt vel, er, hve þróunin hefur farið hægt í því og það hefur t. d. enginn landbrh. treyst sér til að láta verða þar neina stökkbreytingu á. Á þeim 12 árum, sem hv. 1. þm. Sunnl. var landbrh., beitti hann sér ekki fyrir því að gera þar neina byltingu á, heldur lét þetta kerfi halda áfram að þróazt, eins og það hefur verið að gera.

Þó að kerfið hafi reynzt vel og þróun þess verið farsæl, þá segir það í raun og veru, að það eigi að halda áfram að þróa þetta kerfi, og hlýtur þá að leiða til þess, að fleiri aðilar geti komið inn í dreifinguna, en það verði allt að gerast með skipulegum hætti og með farsælli þróun. Það hefur t. d. gerzt í verzlunarmálum hér í höfuðborginni á síðari árum, að bæði hafa einstök fyrirtæki og kaupmenn sameinað sig um stærri og fullkomnari verzlanir, og slík breyting hlýtur auðvitað að leiða til þess, að Mjólkursamsalan geti orðið þar aðili að og átt þar innhlaup, vegna þess að búðirnar eru fullkomnar og þær eru stórar og kostnaður við rekstur þeirra minni. Hins vegar ef ætti að fara inn á það að selja mjólkurvörur í öllum búðum, þá er ég sannfærður um, að það mundi verða til þess að auka dreifingarkostnaðinn verulega, og það mundi líka verða til þess, að hreinlætiskröfunum yrði ekki fylgt eins vel eftir. Þess vegna vil ég undirstrika það, að þó að ég telji, að ekkert form sé svo fullkomið, að það eigi ekki að vera sífellt í endurskoðun, gera á því nauðsynlegar breytingar, þá verður það að gerast með þeim hætti í þessu máli, að það sé gert með skipulegum hætti og fyrrnefnd höfuðatriði höfð til hliðsjónar.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir og hv. 9. landsk. þm. er 1. flm. að, um breyt. á l. um framleiðsluráð o. fl., sem er á þskj. 38, þá vil ég segja það um till. hv. flm. um nefndarskipun, að hún er að minni hyggju ekki í samræmi við þá lífsskoðun, sem ég hélt, að væri þeirra boðskapur í viðskiptum, því að nefndarskipun sú, sem þar á að eiga sér stað, á að vera uppbyggð með þeim hætti, að sveitarstjórn á viðkomandi stað á að eiga þar tvo fulltrúa, Kaupmannasamtök Íslands eða samtök kaupmanna heima á staðnum eiga að eiga einn fulltrúa, Mjólkursamsalan einn fulltrúa, framleiðsluráðið einn fulltrúa, neytendur einn fulltrúa og heilbrigðisnefnd viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags einn fulltrúa. Bændasamtökin eiga ekki að eiga þarna nema fulltrúa gegnum Mjólkursamsöluna og framleiðsluráðið. Hinir aðilarnir 5 gætu allir verið af þeim toga spunnir, að bændasamtökin í landinu og bændur sem framleiðendur hefðu þar ekkert að segja og gætu átt þá alla sem sína andstæðinga. T. d. tek ég eftir því, að samvinnuverzlun á staðnum á ekki að eiga fulltrúa í þessari n., þó að kaupmannaverzlunin eigi fulltrúa eða landssamtökin, ef enginn félagsskapur kaupmanna væri þar á staðnum. Nú finnst mér þetta skjóta nokkuð skökku við. T. d. í byggðarlagi, þar sem samvinnuverzlunin væri höfuðatriði í verzlun staðarins og kannske ein lítil búð hjá kaupmanni, þá ætti hún að hafa þar fulltrúa, en samvinnuverzlunin ekki.

Ég held, að með þessu móti gerist ekki þróun í þessu máli, það verði að gerast með öðrum hætti en hér er lagt til. Og ég vil líka segja það, að mér finnst, að sveitarstjórn á viðkomandi stað fái þarna nokkuð mikil völd, því að segja má, að hún gæti fengið 3 af 7 nm. og jafnvel þann fjórða í gegnum neytendasamtökin, ef þessi uppbygging væri.

Ég held, að það muni yfirleitt ekki vera svo í okkar verzlun og viðskiptum hér á landi, að við mundum vilja setja framleiðendum svo stólinn fyrir dyrnar um verzlun sinnar vöru, að þeir yrðu að lúta boði og banni annarra, eins og hér er lagt til. Og í raun og veru held ég, að hv. flm. hafi ekki hugsað alveg út í þetta, því að hér er auðvitað ekki um annað að ræða heldur en það, að það er verið að fjalla um framleiðsluvöru ákveðinnar framleiðslustéttar, sem auðvitað hefur sinn rétt til meðferðar á sínum málum eins og aðrir. Og ég vil líka segja það í sambandi við það, sem oft hefur verið drepið á um einhvers konar einokun í þessu, að það er síður en svo, að svo sé. Þeim réttindum, sem Mjólkursamsölunni og mjólkursölunni eru tryggð, fylgja líka afar miklar skyldur, því að það fylgja þær skyldur að sjá neytendum fyrir nægilegri neyzlumjólk. Og það hefur orðið allverulegur kostnaður við það að flytja neyzlumjólk á milli staða, vegna þess að það hefur verið skortur á henni á einum stað á ákveðnum tíma. T. d. hefur stundum orðið að flytja mjólk norðan úr landi á markaðinn hér. Þetta hafa mjólkurseljendurnir talið sér skylt að sjá um í sambandi við þá tryggingu, sem þeir hafa í mjólkursölunni.

Ég er alveg undir það búinn að ræða þessi mál og hafði reyndar hugsað mér í fyrra í sambandi við endurskoðun á lögum um framleiðsluráð að láta taka þetta mál til sérstakrar athugunar. En þegar ég sá fljótlega, að átök mundu verða um það mál, taldi ég ekki rétt að fara að blanda því inn í, því að þetta er viðkvæmt mál, sem bezt er, að um sé hinn mesti friður, og þær breytingar, sem gerðar eru á því, séu gerðar á friðsamlegan hátt. Yfirleitt hefur þróunin orðið sú, að það hefur alltaf verið að færast meira og meira í þá átt, að samkomulag hefur orðið um breytingar. Ég gæti því vel hugsað mér að láta skoða þetta mál, eins og framleiðsluráðið lagði til í fyrra, og ég hef reyndar ætlað mér að gera, að láta skoða þennan þátt þessara laga sérstaklega og blanda því ekki inn í önnur atriði, þó að það sé á vissan hátt eðlilegt, að það kæmi heildarlöggjöfinni, því að það er öllum fyrir bezta, að þarna náist sem bezt samkomulag og útfærslan á þessu frá einum til fleiri seljenda sé byggð upp með skipulegum hætti og þá ekki sízt eftir því sem búðirnar batna og það er tryggt, að meðferðin sé góð og kostnaðinum í hóf stillt.

Ég vil því segja það að lokum, að ég ætla mér ekki að fara að þreyta hér neinar kapp-

ræður. Ég tel, að það megi ekkert gera í þessum málum annað en það, sem tryggi þau höfuðsjónarmið, sem hefur verið fylgt í mjólkurdreifingunni, þ. e. fyllstu hreinlætiskröfur og sem minnstan kostnað. Þetta hefur tekizt með mjög giftusamlegum hætti hjá Mjólkursamsölunni og undir hennar forustu, og því kerfi verður að halda áfram á þann hátt, þó að fleiri aðilar komi inn í dreifinguna heldur en nú er. Ekki sízt á það sér stað með betri og vaxandi uppbyggingu verzlana, sem nokkrir aðilar standa að og eru höfuðverzlanir á stöðunum. En ég get ekki fellt mig við það að ætla að skipa þessum málum eins og er lagt til í þessu frv., að skipa n. með þessum hætti og samsölustjórn væri svo skylt að veita leyfi, ef á þetta væri fallizt.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hæstv. landbrh. lagði á það áherzlu í ræðu sinni, að núgildandi fyrirkomulag um mjólkursölu í þessu landi hefði varað lengi, á fjórða áratug, og það væri sönnun þess, að þetta hefði reynzt vel. Það er rétt, að kerfið hefur verið við lýði þennan tíma, 38 ár, en að sjálfsögðu dregur maður ekki þá ályktun, að það sé endilega sönnun þess, að þetta fyrirkomulag hafi reynzt ákaflega vel. Ég held þvert á móti, að það mætti miklu fremur ætla, að þegar búið er að sitja við sams konar fyrirkomulag á tímum svo mikilla breytinga sem raun ber vitni um, þegar mjólkurvörur eru komnar í allt annan búning og afgreiddar með allt öðrum hætti en áður, þegar kröfur neytenda eru miklu meiri en áður, þegar markaðurinn er miklu stærri en fyrir 4 áratugum, þá sé þvert á móti miklu meiri nauðsyn á því að endurskoða þessa hluti. Nú viljum við ekki breyta breytinganna vegna, og margoft hefur verið tekið fram í umr. um mjólkursölumálin, að núgildandi lög heimila vissulega breytingar innan síns ramma. Samkv. þeim hefur mjólkursamsölustjórnin hér og mjólkursamlög annars staðar á landinu heimild til þess að leyfa sölu mjólkur á fleiri stöðum en nú er gert. En það er vegna þess, að mjög áberandi mismunun og ég vil segja afturhald hefur ríkt hjá þeim aðilum, sem hafa ráðið ferðinni í þessum málum, að aðra hefur brostið langlundargerð og knýja nú á, að lögunum sé hreinlega breytt til þess að fá fram eðlilegar og sanngjarnar breytingar. Í þessum orðum mínum felast ekki ásakanir um það, að ekki hafi færzt nokkuð í rétta átt, en þróunin hefur verið hæg. Hún hefur verið allt of hæg og breytingarnar, sem orðið hafa, eru ekki í takt við þær kröfur, sem gerðar eru og verður að ætlast til í nútimaþjóðfélagi.

Ég hafði búið mig undir það að víkja hér nokkuð að ræðu hv. 2. þm. Sunnl., sem flutt var hér á mánudag, en mun jafnframt koma inn á þær röksemdir, sem fram komu í máli hæstv. ráðh., eftir því sem tilefni gefst til.

Ég vil í fyrstu segja það, að þegar frv. sama efnis var til umr. hér á síðasta þingi, þá mætti það mjög harðri andstöðu, m. a. hv. 2. þm. Sunnl. Þá vildi ég trúa því a. m. k., að sú andstaða af hans hálfu og þeirra aðila, sem hann talaði fyrir, væri af málefnalegum ástæðum, hún væri eðlileg afstaða þeirra manna og þeirra aðila, sem teldu sig þurfa að gæta hagsmuna mjólkurframleiðenda, en vildu engu að síður vel í þessu máli. Af þeim ástæðum m. a. hefur nú verið lagt fram frv., sem ber það mjög augljóslega með sér, að reynt er að koma til móts við sjónarmið framleiðenda og sjónarmið þau, sem hv. 2. þm. Sunnl. setti fram hér í umr. í fyrra. Frv. á síðasta þingi fékk ekki afgreiðslu, en þá mælti framleiðsluráð með því, að það yrði skipuð n. til þess að rannsaka mjólkursölumálin og gera um það till. til úrbóta. Þessi n. var aldrei skipuð. Nú talar hins vegar hæstv. landbrh. um, að það sé rétt að kanna það mál aftur, hvort ekki sé rétt að setja þessa n. á laggirnar, og sjálfsagt er honum það ofarlega í huga, að svo sé gert. En um leið verður hann að skilja og þeir aðilar aðrir, sem hans máli fylgja, að þolinmæði okkar er brostin og við viljum nú sjá einhverjar framkvæmdir, að eitthvað sé aðhafzt, en ekki eingöngu loforð um n., sem síðan eru aldrei settar á fót.

Í millitíðinni, eða frá því að þetta frv. var hér til umr. í fyrra, hefur Mjólkursamsalan í Reykjavík gert ályktun, þar sem segir beinlínis, að hún vilji ekki neinar breytingar. Út af fyrir sig segir sú ályktun sína sögu, að yfirstjórn þessara mála lýsir sig mótfallna hvers konar breytingum og er ekki til viðtals um neitt, hvort sem öðrum líkar betur eða verr. En eftir að hafa hlýtt á málflutning hv. 2. þm. Sunnl. kemur þessi afstaða ekki á óvart, en þessi þm. á jafnframt sæti í stjórn samsölunnar. Það er ekki að mínu viti málefnaleg andstaða. Það hefur komið mjög skýrt fram, að það er ekki málefnaleg andstaða, sem veldur þeirra mótbárum, það er ekki, að hann eða þeir aðilar, sem hann talar fyrir, séu hlynntir breytingum. Þeir eru einfaldlega á móti hvers konar breytingum, eins og reyndar mjólkursamsölustjórnin er búin að ályktа um. Ég held, að þetta sé orðið fyrir löngu ljóst og það hafi verið mjög kirfilega staðfest með ræðu hv. 2. þm. Sunnl. Ég get ekki varizt því, að mér fannst hans ræða stríða gegn öllum þeim frjálsræðiskenningum, sem flokkur hans boðar og reyndar allir vilja fylgja og fyrir löngu ættu raunverulega að vera viðurkenndar svo að ekki sé talað um sanngirni og réttlæti í þessu máli. Ræða hans var boðskapur, sem einokunarfélagi hefði verið sæmd að og er ekki til þess að leysa þetta mál með þeim hlutlausa hætti, sem hæstv. ráðh. vill, að viðhafður sé, ef marka má orð hans við þessa umr. Þetta eru stór orð af minni hálfu, og mér þykir leitt að þurfa að láta þau falla um jafnágætan og velviljaðan þm. og hv. 2. þm. Sunnl. En þessi dómur er óumflýjanlegur og krefst og þarfnast um leið skýringa. Hann þarfnast mjög rækilegra svara við þeim málflutningi, sem hér var fluttur af þessum hv. þm. og hann hefur gefið fullt tilefni til.

Þm. hóf ræðu sína með því að halda því fram, að þetta frv. hefði aðeins það hlutverk að mæta óskum kaupmanna. Hann taldi það vera eina tilgang frv. Þetta er sams konar sleggjudómur og kveðinn var hér upp fyrir ári af þessum sama hv. þm., en þá átti ég að vera sérstakur talsmaður kaupmannavaldsins. Sjálfsagt miðar þetta hvort tveggja að því að gera litið úr þessu frv. og okkur flm., og læt ég mér fátt um finnast. En jafnvel þótt svo væri, að tilgangur þessa frv.

væri sá einn að mæta óskum kaupmanna, þá rýrir það ekki gildi frv., svo sannarlega ekki. Hv. 2. þm. Sunnl. getur gert lítið úr hagsmunum kaupmanna eða kaupsýslumanna, en ég geri það ekki. Ég álít, að kaupmenn reki sína atvinnu af dugnaði og eigi stóran, ef ekki stærsta þáttinn í því, að hér þrífst frjáls verzlun á flestum sviðum. Og ég held, að þingheimur mætti oftar taka tillit til þessarar stéttar, og víst er hún nógu góð, þegar hún þarf að selja aðrar landbúnaðarvörur en mjólkurvörurnar, — aðrar vörur, sem koma frá bændum. Þá hefur ekki annað heyrzt en bændur kunni vel að meta þá þjónustu. Hitt er annað mál, að tilgangur þessa frv. er skýrt tekinn fram í grg. frv., og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það og hirði ekki um að eltast við það, ef menn vilja ekki taka mark á því, sem sagt er í frv. og aths.

Hv. 2. þm. Sunnl. nefnir hér eitt dæmi um það, að neytendur hafi mælt gegn því, að mjólkursala yrði flutt úr verzlun samsölunnar í kjörbúð. En þó að hann geti nefnt eitt slíkt dæmi, sem ég er ekki að vefengja eða rengja, að hann þar styðjist við sannleika, þá fær hann aldrei hnekkt þeirri staðreynd, að það er yfirgnæfandi vilji neytenda, að mjólk fáist keypt í þeim verzlunum, sem neytandinn skiptir við, og ég gæti nefnt 10 dæmi fyrir hvert eitt, sem hann nefnir, sem eru á öndverðan hátt við það, sem hann er að tala um. Ég á þá ekki endilega við sölusvæði samsölustjórnarinnar, sem hv. 2. þm. Sunnl. batt sig nú mjög við, heldur á ég við um landið allt, því að þetta vandamál einskorðast alls ekki við þetta sölusvæði. Eða heldur þessi hv. þm., að það sé vilji neytenda á stöðum eins og Ísafirði, Sauðárkróki, Ólafsvík, Húsavík, Seyðisfirði og fleiri og fleiri stöðum, að mjólkin sé eingöngu seld í kaupfélögum þessara staða, en ekki þeim kjörbúðum, sem þar eru til staðar og fólk skiptir jöfnum höndum við? Ég held, að það þýði ekki að einblína á eitt einstakt tilvik og segja síðan: Neytendur eru hlynntir núverandi fyrirkomulagi. — Það er að berja höfðinu við steininn.

Hv. 2. þm. Sunnl. og hæstv. landbrh. undirstrikuðu þýðingu þess, að fyllsta hreinlætis væri gætt, og skal ég vissulega taka undir það. En hv. 2. þm. Sunnl. gekk hér skrefi lengra, því að hann gaf mjög í skyn í ræðu sinni, að hreinlæti og vandaðri meðferð mjólkurvara yrði stefnt í hættu með því að samþykkja þetta frv. Hann talaði um gerla og geymsluþol og lét í ljósi efasemdir um, að kaupmenn eða almennar verzlanir gætu uppfyllt strángustu kröfur heilbrigðiseftirlits. Í þessu sambandi lítur hann enn einu sinni fram hjá því afdráttarlausa ákvæði, sem í frv. er, þar sem segir, að mjólkurframleiðendur sjálfir hafi það algerlega á valdi sínu, hvaða skilyrði þeir setja um aðbúnað og meðferð. Það fer ekkert milli mála. Þeir þurfa ekki að heimila einni einustu verzlun mjólkursölu, sem að þeirra mati uppfyllir ekki kröfur þeirra sjálfra. Og framleiðendur, Mjólkursamsalan og mjólkursamlög geta að sjálfsögðu fylgzt nákvæmlega jafnvel með þessari hlið málsins, hvort sem verzlanir eru fleiri eða færri. Hv. 2. þm. Sunnl. upplýsti m. a., að á sölusvæði Mjólkursamsölunnar hér syðra væru 84 verzlanir utan þeirra eigin verzlana, þ. e. a. s. fyrir utan sérstakar mjólkurbúðir, sem seldu mjólk, og ég hef engar aths. heyrt um það, að eftirlit með þessum verzlunum gangi erfiðlega. Allir, sem þekkja til kjörbúða, sem nú ryðja sér til rúms, geta borið um það, að umgangur og hreinlæti er þar að sjálfsögðu engu lakara en bezt gerist í verzlunum samsölunnar.

En í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að Mjólkursamsalan veitti núna nýlega verzlun hér í Reykjavík mjólkursöluleyfi, — verzlun, sem getur kallazt nokkurs konar „súper"-markaður. Þessi verzlun rekur starfsemi sína í húsnæði, sem var byggt sem verksmiðjuhús og er í iðnaðarhverfi. Ytri frágangur hússins og reyndar innri aðbúnaður er ekki þannig, sem mætti ætla, að væri beztur fyrir kjörbúðir, og reyndar ber allt það með sér, að ætlunin hafi verið að meðhöndla ýmislegt annað en matvörur á þessum stað. Nú er ég ekki endilega að gagnrýna þessa verzlun eða aðbúnaðinn þar. En ég vek athygli á því, að þessari verzlun er veitt heimild til mjólkursölu. Þarna úir og grúir af alls kyns vörutegundum, allt frá klæðnaði og búsáhöldum niður í matvörur og mjólkurvörur, og ef Mjólkursamsalan gerir ekki aths. við hreinlæti og aðbúnað á þessum stað, sem ég er ekki að segja, að sé ekki alveg í fullkomnu lagi, og ef hún telur hann uppfylla strángustu heilbrigðiskröfur, þá leyfi ég mér að fullyrða, að flestar, ef ekki allar kjörbúðir hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu standast þessar sömu kröfur, sem Mjólkursamsalan hefur gert til þessarar verzlunar.

Hv. 2. þm. Sunnl. og hæstv. landbrh. hafa gert hér aths. við skipan væntanlegrar n., sem taka ber umsóknir til athugunar. Þeir telja hlut framleiðenda rýran í þessari n. Um það má sjálfsagt endalaust deila, og það er heldur ekkert aðalatriði. Það skiptir ekki meginmáli og ræður ekki úrslitum, hvernig n. í sjálfu sér er skipuð, og ég gizka á, að við flm. séum til viðtals um að breyta eitthvað til um nefndarskipun, ef það ræður úrslitum í hugum þessara hv. þm. Fyrir okkur flm. vakti fyrst og fremst að gefa öllum aðilum, sem málið snertir, tækifæri til að setja fram sín sjónarmið og láta engan einn hafa þar allsráðandi ítök. Og samkv. frv. hafa framleiðendur sinn fulltrúa í n., mjólkursamsölustjórn eða mjólkursamlag hefur þar sinn fulltrúa, heilbrigðiseftirlit hefur sinn fulltrúa og fulltrúi þeirra sjónarmiða úr sveitarstjórn, sem hv. þm. og hæstv. landbrh. hafa, þessi fulltrúi sveitarstjórnarinnar og þessi fulltrúi þessara sjónarmiða hefur líka eða getur átt sæti í þessari n. Þegar talað er um tvo menn frá sveitarstjórn, er reiknað með því, að þeir komi frá hinum tveim stríðandi aðilum, ef hægt er að tala um stríðandi aðila í þessu efni.

Ég spyr: Getur þetta kallazt ósanngjörn lausn, að vera þarna með þrjá, ef ekki fjóra aðila, sem hafa sömu sjónarmið, verður maður fyrirfram að reikna með? Ég spyr líka: Er hv. 2. þm. Sunnl. á móti því, að fulltrúi neytenda eigi sæti í slíkri n.? Ég tala nú ekki um, ef hann telur, eins og ég hef áður minnzt á, að neytendur séu alls ekki hlynntir breytingum á mjólkursölunni, þá ætti ekki að vera mikil hætta á því, að fulltrúi neytenda tæki þátt í þessari n.

Í þessu sambandi vil ég enn einu sinni ítreka, að þetta frv. er flutt til þess að knýja fram breytingar á ófremdarástandi. Það er engin launung á því. Við höfum margoft tekið það fram. Við erum orðnir þreyttir á þessu ástandi og aðgerðarleysi, við viljum einhverjar breytingar, og við sjáum okkur ekki annað fært en að flytja hér frv., þegar allar óskir og kröfur um vinsamlegar athuganir og hlutlausar athuganir eru virtar að vettugi. Við flytjum þetta frv. til að knýja fram breytingarnar og koma í veg fyrir óréttlæti og mismunun, og frv. er flutt vegna þeirrar einföldu en augljósu staðreyndar, að a. m. k. annarleg sjónarmið, svo að ekki sé meira sagt, meðal forráðamanna mjólkursölunar ríghalda í forréttindi og valdstjórn. Þeir eru á móti breytingum, og þeir hafa gefið út yfirlýsingar um, að þeir séu á móti hvers konar breytingum, og hafa komið í veg fyrir, að þessi mál séu skoðuð og leyst af sanngirni. Getur þá nokkur reiknað með því, að við flm. þessa frv. fylgjum úr hlaði till. um breytingar, sem séu í því einu fólgnar, að valdið sé áfram í höndum þessara sömu manna? Ég held ekki.

Við flm. teljum hins vegar eðlilegt, að sjónarmiða framleiðenda sé vel gætt í slíkri n. og þeir geti sett fram sín rök, og ef þeir hafa eitthvað til síns máls, þá verður auðvitað að treysta því, að það sé tekið tlilit til þeirra. Þetta mál verður ekki sótt af jafnóbilgjörnu kappi og gegn því er barizt.

Hv. 2. þm. Sunnl. talar um, að með slíku fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, geti stjórn Mjólkursamsölunnar eða mjólkursamlaganna ekki borið ábyrgð á mjólkurvörunum. Sú ábyrgð verður hvorki meiri né minni heldur en hún er nú. Framleiðendur framleiða og selja sína mjólk eins og hingað til, heilbrigðiseftirlit og rannsóknarstofa samsölunnar fylgjast með hreinlæti og aðbúnaði eins og hingað til, og ábyrgð þessara aðila á mjólkinni, eftir að hún er komin í verzlanirnar, er jafnmikil eða jafnlítil, hvort heldur hún selst í 84 verzlunum eða 184 verzlunum. Á því er enginn eðlismunur. En ég tek aftur fram, að það verða áfram mjólkurframleiðendurnir, sem setja reglur um meðferð og aðbúnað og geta neitað um mjólkursöluleyfi, ef aðstæður eru ekki fullkomnar. Og þeir geta að sjálfsögðu líka tekið aftur mjólkursöluleyfi, ef út af bregður. M. ö. o.: ábyrgðin breytist ekkert samkv. þessu frv., og mjólkurframleiðendur hafa það fullkomlega á valdi sínu, að með þessa vöru sé farið þannig, að þeir geti við unað.

Þá hefur því verið slegið föstu í þessum umr., að dreifingarkostnaðurinn mundi stórhækka. Það fylgja engin frekari rök þessari fullyrðingu, og því erfitt að gripa á henni, því að ekki er að sjá, í hverju þessi kostnaðarauki á að vera fólginn. Mjólkursamsalan hér syðra hefur sitt dreifingarkerfi. Bílar hennar aka um Stór-Reykjavíkursvæðið, mjólkursölustaðir eru að sjálfsögðu í öllum hverfum, og ég get ekki séð annað en það kerfi geti fullt eins dugað, þó að það sé stanzað á eitthvað fleiri stöðum en nú er gert. Ég get ekki séð, að dreifingarkostnaðurinn hækki við það. En jafnvel þótt hann hækkaði, þá hefur t. d. hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, bent á það réttilega, að sú hækkun, sem verða kynni, yrði framleiðendum ekki til tjóns. Mjólkurverð eins og annað landbúnaðarverð er reiknað út og ákveðið, og hvort sem það hækkar eða lækkar, þá kemur það fram í hærra eða lægra verði, en ekki í minni hlut framleiðenda, því að það eru neytendur, sem bera þessa hækkun, og ég leyfi mér að fullyrða, að óverulega hækkun munu þeir glaðir taka á sig, ef þægindi og þjónusta við mjólkurkaup verða meiri. Á því er enginn vafi. Hins vegar er það svo, að í þessu frv. er komið til móts við þetta sjónarmið, því að n., sem hér hefur verið rætt um, er gert skylt að taka til athugunar, hvort framleiðendur verði fyrir fjárhagslegu tjóni vegna dreifingarkostnaðar, og á þann veg er að mínu áliti girt fyrir þann leka og vangaveltur hv. 2. þm .Sunnl. óþarfar að þessu leyti. En hann minntist hins vegar ekki á fjárfestingarkostnað, sem líka skal taka tillit til samkv. þessu frv. En því er hins vegar ekki að leyna, að manni blöskrar stundum, hvernig Mjólkursamsalan hagar sér í fjárfestingarmálum, og ekki er hægt annað að segja en þar sé ekki verið að líta á það, hvort kostnaður hækki eða lækki.

Ég vil nefna bara eitt dæmi til þess að sýna fram á, hvað ég er að tala um.

Í alllangan tíma hefur ákveðinn kaupmaður hér í nágrenni Reykjavíkur selt mjólk í verzlun sinni, og hafa engar aths. verið gerðar við það. Hann hefur greitt fyrir þetta ákveðna upphæð til samsölustjórnar, eftir því sem mér skilst, og neytendur hafa verið ánægðir með þetta fyrirkomulag. Mjólkursamsölustjórnin hefur hins vegar haft núna í nokkuð langan tíma í byggingu sérstaka fasteign, sem nú er búið að innrétta sem mjólkurbúð, og Mjólkursamsalan er búin að hefja þarna starfsemi. Um leið og hún hefur þessa starfsemi, tekur hún mjólkursöluna af þessum kaupmanni. Það þarf ekki að taka það fram, að þessi mjólkurbúð er hinum megin á horninu, og Mjólkursamsalan byggði þetta hús. Hún setti í þetta mikið fé. Hún þarf að sjálfsögðu að reka þessa fasteign áfram, hún þarf að ráða til starfsmenn og borga þeim laun, og hún fær ekki lengur greitt frá kaupmanninum, sem hún fékk áður. Síðan geta menn spurt sjálfa sig: Hvort skyldi nú vera hagkvæmara fyrir Mjólkursamsöluna að hafa mjólkursöluna áfram í verzlun kaupmannsins og fá fyrir það ákveðna þóknun eða byggja þetta hús og greiða af því vexti og afborganir, greiða laun starfsmanna, reka þessa húseign? Ég gizka á, að það sé auðvelt reikningsdæmi.

Þetta er aðeins eitt dæmi af mjög mörgum dæmum, sem hægt er að rekja um ástandið á sölusvæði Mjólkursamsölunnar hér syðra og vestra. Ég læt svo mönnum eftir að velta fyrir sér, hvað hafi ráðið ferðinni í þessum málum, hagur framleiðenda um lágan dreifingar- og fjárfestingarkostnað eða óbilgjörn og þröngsýn stefna valdboðendanna. Hins vegar á þetta aðeins við um svæðið hér syðra. En þegar við tölum um dreifingarkostnað og fjárfestingar-

kostnað, þá þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því úti á landi, því að þar hafa mjólkurframleiðendur ekki byggt sérstakar mjólkurverzlanir, heldur hafa þeir tekið það ráð nær eingöngu að heimila kaupfélögum viðkomandi staða að selja mjólkina og neita öðrum aðilum um sömu fyrirgreiðslu. Það þarf því enginn að hafa áhyggjur af því, þó að mjólk yrði leyfð í sölu í annarri verzlun í einhverjum ákveðnum kaupstað úti á landi, að við það hækki dreifingarkostnaður. Ég man nú í augnablikinu bara eftir staðháttum eins og á Ísafirði, þar sem kaupfélagið er á horninu beint á móti kjörbúðinni, sem þar er á staðnum, a. m. k. stærstu kjörbúðinni, sem þar er á staðnum, fyrir utan kaupfélagið. Ég get ekki séð, að það hækki mikið dreifingarkostnaðinn við það, þegar mjólkurbíllinn stanzar fyrir utan kaupfélagið, að kassarnir séu bornir út bæði til hægri og vinstri. En því miður hefur mjólkursamlagið þar vestra ekki séð neina hagkvæmni í því að leyfa mjólk selda á báðum þessum stöðum, og ég því miður kann ekki svör við þeirri ákvörðun. En kannske er hægt að útskýra það, að við það sé hætta á því, að dreifingarkostnaður hækki. Það má vel vera.

Þá fór hv. 2. þm. Sunnl. orðum um það, að að með þessu frv., ef að lögum yrði, yrðu framleiðendur sviptir rétti til þess að stjórna mjólkursölunni. Nú mætti að vísu spyrja, hvort það væri dauðasynd að svipta þá menn slíkri stjórn, þegar þeir misbeita þessu valdi sínu og standa gegn því, að þeir aðilar fái mjólkursöluleyfi, sem fullnægt geta öllum kröfum um meðferð og aðbúnað. En það mætti líka spyrja, eins og hv. 1. þm. Sunnl. gerði, hvort nokkur spyrji um rétt eins eða annars til þess að stjórna sölu á kjötvöru, osti eða öðrum landbúnaðarvörum eða hvort nauðsynlegt sé, að einhver ákveðinn aðili hafi yfirleitt alræðisvald á því, hvar selja megi hinar eða þessar matvörur, — að til þurfi að vera í þessu landi aðili, sem skammti vörur og deili út forréttindum, en þannig er ástandið í dag. Ég held, að það sé þess vegna engin dauðasynd, þó að í sjálfu sér samsölustjórnin sé svipt rétti til þess að stjórna mjólkursölunni. En ég held, að þessi röksemd sé mjög langt sótt og það sé afskaplega slæmur málstaður, sem sé varinn, þegar farið er að gripa til hennar til þess að halda verndarhendi yfir slíkum réttindum. Þetta eru sams konar rök, því miður, — ég leyfi mér að segja, þetta eru sams konar rök og einokunaraðilarnir beittu hér á árum áður. Þeir vildu hafa þetta allt í sinni hendi. Þeir vildu ákveða, hvar mátti selja vöruna og hverjir ættu að kaupa hana. Og þetta er ekkert annað en hrein endurtekning á því. Það er verið að viðhalda þarna ákveðinni mismunun, ákveðinni einokun, og ég tek ekki mark á slíkum rökum. Ég segi það hreinskilningslega.

Að lokum voru þau rök, sem áttu endanlega að staðfesta og sanna gildi þessara skoðana, sem hv. 2. þm. Sunnl. setti fram. Það voru þau rök, að ef þetta yrði gefið eitthvað frjálsara, þá mundi verða hér mjólkurskortur. Ég veit nú ekki. Það var haldinn hér nýlega mjólkurdagur, og það var, eftir því sem mér skildist á málsvörum mjólkurframleiðenda og bænda, vegna þess, að það átti að efla mjólkursöluna, vegna þess, að þeim fannst, að mjólkin seldist ekki nægilega mikið, og þeir töldu fyllilega markað til að selja meiri mjólk. Ég tek alveg hjartanlega undir þetta. Ég held, að það sé alveg nákvæmlega rétt athugað hjá þeim. Það er hér miklu stærri markaður fyrir mjólk, og þeir vilja varla stækka markaðinn og fá fleiri kaupendur, ef það kallar á mjólkurskort. Ég held, að ástandið sé alls ekki þannig, að það þurfi neitt að óttast. Keppikefli bænda hefur hingað til verið að selja sínar afurðir og sínar vörur meira en gert er, og þetta frv. stuðlar að því, því að það er ekki nema einföld staðreynd og einfalt dæmi að reikna það upp, að eftir því sem fleiri mjólkursölustaðir eru, eftir því ætti meiri mjólk að seljast. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það.

Síðan er hv. 2. þm. Sunnl. með almennar vangaveltur um það, að nú sé tilhneiging til þess að leggja niður mjólkurbú og menn séu að loka sínum fjósum. Ég held, að það standi ekki í neinu sambandi við þetta frv. Þá er þetta stærra mál en ég gerði mér grein fyrir. Ég held, að það sé af allt öðrum ástæðum og það þurfi að kafa miklu dýpra til þess, ef það vandamál blasir við, að menn séu að loka sínum fjósum, og það breytir ekki til eða frá um þá þróun, hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki. Staðreyndin er sú, að hér er framleidd mjólk í meiri mæli en hægt er að selja, hér er stærri markaður en er nýttur, og hér á að bæta þjónustuna miklu meira en nú er og með því að rýmka til um þetta. Eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., a. m. k. tilgangur frv. er, þá er ég sannfærður um, að það leiðir ekki til mjólkurskorts.

Hv. 2. þm. Sunnl. vitnaði hér að lokum til ályktana, sem mér skildist, að framleiðsluráð, — hann leiðréttir mig þá, — framleiðsluráð, mjólkursamsölustjórn og stjórn mjólkursamlaga hafi sent frá sér núna í sumar eða haust um þetta mál. Þar lýsa þessir aðilar sig algerlega andvíga þessu frv. og fylgja því eftir með því að segja, að það leiddi til stórhækkaðs dreifingarkostnaðar, minni vörugæða og skorts á mjólk. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessar röksemdir. Ég er búinn að svara þeim eins og ég tel mig bezt geta gert. Ég vil í fyrsta lagi halda fram, að vörugæði eigi ekki að geta minnkað, vegna þess að þeir hafi þetta sjálfir í sínum höndum, og þá hafi þeir við sjálfa sig að sakast. Dreifingarkostnaður ætti ekki að hækka. Það eru meiri líkur á því, að hann geti lækkað, en úr því fæst skorið, og ef dreifingarkostnaður hækkar, þá verði tillit tekið til þess jafnvel á þann hátt, að mjólkursöluleyfi verði ekki veitt. Og í þriðja lagi þykist ég hafa sýnt fram á, að það sé fráleitt að halda því fram, að það verði mjólkurskortur, þó að mjólk sé seld á fleiri stöðum.

Hins vegar kemur mér ekki á óvart, að þessir aðilar skuli senda frá sér slíka ályktun. Þeir eru að halda í sína hagsmuni og sín forréttindi. Þeir vilja áfram ráðskast með þessa hluti, og þeir hafa sýnt það í gegnum árin,

að þeir vilja engu breyta, jafnvel þó að lögin, sem nú eru í gildi, leyfi slíkar breytingar. Og það er einfaldlega þess vegna, sem þetta frv. er flutt, af engu öðru, vegna þess að það er við þessa aðila að stríða. Og þegar hæstv. landbrh. talar hér um, að við eigum að forðast átök, þá er ég honum alveg sammála. En af hverju stafa þessi átök? Þau stafa af því, að það hefur verið stirfni og afturhald ríkjandi í þessum herbúðum, sem hv. 2. þm. Sunnl. kemur úr, og þeir hafa ekki verið til viðtals um eina eða neina breytingu. Þeir eru búnir að gera ályktanir um það núna, að þeir eru á móti hvers konar breytingum, fyrirfram, áður en þeir vita, hver þessi breyting er eða hvernig hún líti út. Og þá er ekki óeðlilegt, að það séu einhver átök í uppsiglingu, það verði eitthvað að gera. Ég get ekki séð aðrar leiðir.

Mér þykir vænt um að heyra það, ef hæstv. landbrh. vill taka þetta mál til athugunar og ef hann er tilbúinn til þess, ef hann meinar það í einlægni, og ég efast ekki um það. En þá viljum við líka sjá einhverjar aðgerðir og að hendur séu látnar standa fram úr ermum. Hann sagði hér, — og ég vil segja það að lokum, — hann sagði hér, að nefndartilhögunin, eins og við gengjum frá henni, stríddi gegn, að hann héldi, lífsskoðun okkar flm. Ég ætla ekki að fara að rekja það aftur, sem ég sagði um nefndarskipunina, enda þótt hæstv. ráðh. hafi, að mér sýndist, vikið sér frá. En ég tók fram, að ég væri til viðtals um að breyta þessari nefndarskipun, hún væri ekkert aðalatriði í okkar augum, hún væri sett fram til þess, að allir gætu sett fram sín sjónarmið, það væri út af fyrir sig lýðræðisleg aðferð. Ég get ekki séð, að það sé í andstöðu við mína lífsskoðun a. m. k. En hann nefndi í þessu sambandi, að það ætti enginn að lúta boði eða banni, og þá er ég honum sammála, og þá vil ég segja, að það er mín lífsskoðun. Það á enginn að lúta boði eða banni. En í þessum efnum hafa menn þurft að lúta boði eða banni í 38 ár. Og það er kominn tími til að mínu áliti, að þessu valdboði linni og hér riki frjálsir viðskiptahættir, hér sé um að ræða heiðarlega og eðlilega og sanngjarna samkeppni á þessum sviðum og þeir aðilar, sem hafa til þess útbúnað og uppfylla ströngustu skilyrði, fái að selja þessa vöru eins og aðrar vörur, jafnt landbúnaðarvörur sem annað.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður er nú búinn að tala í a. m. k. þrjú korter, og ég held, að hann hafi nefnt mig í næstum því öðru eða þriðja hverju orði og með viðeigandi einkunnum. Og ég verð að segja það, að ég er nú ekkert hnugginn yfir þessum einkunnum, sem hann hefur gefið mér. Þetta er ungur þm. og dálitið ör enn þá og ætlar sér að breyta þjóðfélaginu snarlega, og mér þykir hann ætla að verða róttækur, því að eitt af því síðasta, sem hann sagði hér í ræðu sinni, var það, að enginn ætti að lúta neinum boðum eða bönnum. Þjóðfélagið ætti að vera þannig, að það ætti enginn að lúta boðum eða bönnum. En hvernig þjóðfélag mundi það verða, ef við hættum að hafa lög? Lögin eru ekkert annað en boð og bönn um það, sem má og má ekki. *(EBS:* þetta voru orð hæstv. ráðh.) Mér heyrðist hv. þm. taka þessi orð sér í munn og gera þau að sínum. En ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. mælti slík orð. En auðvitað er mikið undir því komið að hafa boðin og bönnin, sem við höfum í löggjöf, þannig, að þau séu eðlileg og samrýmist eðlilegum sambúðarháttum manna. Og það held ég, að sé aðalatriðið, að reyna að finna það út, hvernig þau geta sem bezt samrýmzt menningarlegum viðskipta- og sambúðarháttum manna. Við Íslendingar eigum nú nokkuð langa sögu. Og það væri freistandi að fara út í þá sögu, hvernig ástandið var, á meðan kaupmannavaldið í landinu réði einsamalt boðum og bönnum í verzlun og viðskiptum við landsmenn. Ég vildi ekki fá það skipulag aftur yfir okkur, þó að ég telji, að kaupmenn séu ekki lakari menn en aðrir, það er síður en svo.

Hv. 9. landsk. þm. ræddi mjög mikið um óbilgirni og þröngsýni, sem ég væri haldinn og mínir samstarfsmenn í Mjólkursamsölunni, og okkar afstaða til þessa frv. og annarra frv. af þessu tagi, sem komið hafa fram, væru ekki af málefnalegum ástæðum sprottin, heldur af þessari óbilgirni og þröngsýni. Hann sagði, að ég gæti ekki gert litið úr hagsmunum kaupmanna og ætti ekki að gera litið úr þeim. Ég geri auðvitað alls ekki litið úr hagsmunum kaupmanna. Ég veit, að þeir þekkja vel sjálfir sína hagsmuni og hvað þeim muni vera fyrir beztu, og þeir álíta, að frv. hv. 9. landsk. þm. og félaga hans mundi þjóna þeirra hagsmunum vel. Þeir eru þess vegna með frv., vilja gera það að lögum. Nú er ég ekkert viss um, að það mundi þjóna hagsmunum þeirra allra vel. Ég er ekkert fyrirfram sannfærður um, að það mundi vera heppilegt fyrir kaupmannastéttina í landinu, að það kæmi mjólk í þessar 160 matvöruverzlanir, sem eru hér í Reykjavík. Ég er alls ekki fyrirfram sannfærður um, að það væri kaupmannastéttinni í heild nokkur hagur, og hygg, að það sé ranglega ályktað hjá þeim. Ég hygg, að það yrði ekki til langframa hagur þeirra allra að minnsta kosti. Það mundu einhverjir þeirra verða þar útundan.

Hv. 9. landsk. þm. segir, að ég hafi gefið í skyn, að kaupmenn gættu ekki heilbrigðisreglna. Ég hef ekkert gefið í í skyn um þetta. Rannsókn sú, sem Mjólkursamsalan lét fara fram á aðbúnaði í þeim kaupmannaverzlunum, þar sem mjólkin er til sölu, leiddi það í ljós, að á mörgum stöðum var mjög ábótavant. Það er ekki Mjólkursamsölunnar að sjá um, að þetta sé í lagi. Það er heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík, sem verður auðvitað að tryggja, að þetta sé í lagi. Mjólkursamsalan á ekki að þurfa annað en að kæra það, sem miður fer. Þetta er það, sem ég sagði, og ég stend við, að þetta var svona við þessa athugun, sem gerð var. Hann segir, að Mjólkursamsalan hafi nýlega veitt stórverzlun söluleyfi, og hann heldur því fram, að þar séu skilyrði ekki nógu góð og að Mjólkursamsalan hafi ekki gert athugasemdir við þau skilyrði,

sem þar eru. Ég held því hins vegar fram, að það sé heilbrigðiseftirlitið hér í borginni, sem eigi að sjá um það, en ekki Mjólkursamsalan, að hver kaupmaður eða hver verzlun gæti fullkomlega reglna, sem eru í gildandi heilbrigðisreglugerð, um það að hafa allan aðbúnað í lagi.

Þá furðar hann sig á því og telur það óbilgirni af mér, að ég skuli gera athugasemd við till. í frv. um það, hvernig n., sem þar er gert ráð fyrir, á að vera skipuð. Þar er gert ráð fyrir 7 mönnum í n., sem eiga að fjalla um þessi mjólkursöluleyfi, en það eru aðeins 2 af þessum 7, sem hægt er að telja fulltrúa framleiðenda í n. Það er þetta, sem fyrst og fremst er mótmælt af mér og þeim, sem hafa gert um þetta ályktun nýlega á fundi í Mjólkursamsölunni. Hann segir, að við höfum gert ályktun um að vera á móti hvers konar breyt. á þessu skipulagi. Það stendur ekkert um það í till. Við höfum aðeins sagt það, sem stendur hér í lok till.: „Verði framleiðendur sviptir rétti til að ráða sölu framleiðsluvara sinna, þá hljóta þeir að vera undanþegnir slíkri skyldu", þ. e. a. s. að bera ábyrgð á sölunni. „Fundurinn varar því alvarlega við samþykkt umrædds frv. og mótmælir því, að skipulagsbreyting verði gerð á mjólkursölumálum án samráðs við sölusamtök framleiðenda landbúnaðarins, framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda." Við höfum engin mótmæli uppi gegn því, að það sé athugað, hvort ekki sé hægt að finna upp betra skipulag á þessum málum. En við mótmælum því hins vegar, að þetta sé gert án þess að hafa samráð við þá, sem framleiða mjólkina, dreifa henni og selja hana. Ef á að taka af Mjólkursamsölunni öll ráð um það, hvar og hverjir eigi að hafa mjólkina til sölu, þá sjá allir, að hún verður um leið að vera firrt allri ábyrgð í þessum efnum. Þess vegna er það, eins og hv. 1. þm. Sunnl. sagði í ræðu sinni hér í fyrradag, að það eru uppi þau sjónarmið í stjórn Mjólkursamsölunnar að afsala sér allri ábyrgð á þessu, og Mjólkursamsalan yrði þá aðeins heildsöluaðili. Ef til þess kæmi, að þetta frv. yrði samþykkt, eins og það liggur hér fyrir, þá tel ég, að það yrði að firra Mjólkursamsöluna allri þeirri ábyrgð, sem hún hefur haft. Þá yrði hún aðeins heildsöluaðili, og smásalarnir bæru alla ábyrgð á vörunni, eftir að hún væri komin í þeirra hendur. En það er algerlega rangt, sem hv. 9. landsk. sagði hér áðan, að Mjólkursamsalan sé ekki ábyrg, á meðan varan er í hennar höndum.

Hv. 9. landsk. ræddi nokkuð um það, að þó að sú breyting yrði gerð, sem hér er rætt um, þá mundi dreifingar- og sölukostnaður ekki hækka. Auðvitað þori ég ekkert að segja um það. Ég get ekki dæmt um það. En ég verð að segja, að það er full ástæða til þess að ætla, að hann mundi hækka, því að það hefur komið fyrir, að fyrirsvarsmenn verzlananna hér í borginni hafa komið á fund Mjólkursamsölunnar og krafizt hærra verðs fyrir dreifinguna og söluna. Og þegar þetta væri komið í þeirra hendur, þá sýnist mér, að þeir einir gætu ráðið um þetta, nema því aðeins að uppi væri eitthvert vald, sem gæti bannað þeim það.

Það má benda á það t. d., sem ég hef hér hjá mér, að eitt sinn ætluðu kaupmenn að stöðva sölu á smjöri og annað skiptið á kartöflum, í bæði skiptin til þess að knýja fram hækkun á sölulaunum. Þá benti Framleiðsluráð landbúnaðarins á, að Mjólkursamsalan gæti tekið að sér söluna á þessum vörum, og þá varð ekkert úr sölustöðvuninni. Þannig er nú það, að ég held, að það sé ekkert ónýtt fyrir neytendur að hafa hér þetta skipulag í sambandi við dreifinguna, því að auðvitað er Mjólkursamsölunni hagur í því að reyna að halda dreifingarkostnaðinum sem mest niðri, vegna þess að hún telur, að þeim mun meira seljist af vörunni sem minni álagning er á henni, svo að við teljum það okkar hag, að þessi dreifingarkostnaður sé í því lágmarki, sem hægt er að hafa. Og við höfum reynt að halda honum það. Við rekum sumar búðir okkar með tapi, vegna þess að dreifingarkostnaðurinn er nú ekki hærri en hann er. (*Gripið fram í:* Hver borgar þetta?) Sumar búðirnar bera sig betur en aðrar, svo að þetta jafnast.

Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir hans innlegg hér í þetta mál. Ég get tekið undir það, að það væri skynsamlegt að setja n. til þess að kanna, hvort þessi rök eru rétt, sem fram er haldið um það, að úrelt skipulag sé í þessum efnum, og hvort það þurfi að breyta til. Ég mundi vilja stuðla að því, að hæstv. landbrh. veldi n. til þess að kanna þetta, sem væri þá skipuð fulltrúum framleiðenda og neytenda.

Ég sagði áðan, að Mjólkursamsalan vildi halda dreifingarkostnaðinum í skefjum. Og ég sagði það líka, að hún teldi sig hafa gert það og geri það með góðum árangri, ekki sízt með tilliti til hagsmuna beggja aðila, bæði framleiðenda og neytenda. Við höfum skýrslur um það, að þegar skerfur bænda af innkomnu andvirði mjólkur hefur í nágrannalöndum okkar verið 40—50%, að undanteknum Noregi, þar sem þessi hlutfallstala hefur verið nokkru hærri, en þó er hún lægri heldur en hér hjá okkur, þá greiðir Mjólkursamsalan framleiðendum t. d. fyrir árið 1970 72.06% af andvirði mjólkur og mjólkurvara. Þá var að sjálfsögðu búið að greiða allan kostnað, þ. e. allan rekstrar- og vinnslukostnað mjólkurbúanna á svæðinu og Mjólkursamsölunnar, flutningskostnað mjólkurinnar og mjólkurvaranna frá búunum á sölustaði og flutningskostnaðinn frá stöðvunum í búðirnar. Er oft um mjög langan veg að fara með þessar vörur, en þó gátum við skilað rúmlega 72% til framleiðenda.

Í öðru lagi vill Mjólkursamsalan tryggja sem mest vörugæði með því að skapa vörunni sem bezt geymslu- og hreinlætisskilyrði á útsölustöðum. En eins og ég drap á áðan, skortir nokkuð á það, að þeim skilyrðum sé fullnægt.

Þá leggjum við mjög mikla áherzlu á það einnig hjá Mjólkursamsölunni, að þeir, sem selja mjólk, hafi allar aðrar mjólkurvörur einnig á boðstólum í sínum búðum. En við þá athugun, sem gerð var og ég hef áður komið að, eru nokkuð mikil brögð að því, að megin-

áherzlan er lögð á sölu mjólkurinnar, en ýmsar aðrar vörur eru hafðar út undan, því að það þykir ekki eins ábatavænlegt að hafa þær eins og mjólkina, sem dregur að sér meira af fólki til annarra viðskipta.

Þá vil ég segja það, að ég held, að það sé óframkvæmanlegt að veita hvaða matvöruverzlun sem um mjólkursöluleyfi sækir slíkt leyfi og reka samtímis mjólkurútsölur á vegum Mjólkursamsölunnar. Mjólkurbúðir Mjólkursamsölunnar eru mjög sérhæfðar og mundu vitanlega ekki þrífast innan um ótakmarkaðan fjölda matvöruverzlana, sem seldu mjólk. Ef mjólkurbúð hefur sæmilega hagstætt verksvið eða hæfilegt verksvið, gengur rekstur hjá henni yfirleitt vel. En nú má benda á það, að meiri hlutinn af búðum Mjólkursamsölunnar er staðsettur við hliðina á matvörukaupmönnum, og ef þeir matvörukaupmenn fengju einnig mjólk í sína búð og báðir hefðu hana til sölu, þá væri vitanlega útilokað fyrir Mjólkursamsöluna að reka slíkar búðir. Eftir sem áður stæði það, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að Mjólkursamsalan yrði að hafa búðir, þar sem kaupmenn annaðhvort eru ekki eða kæra sig ekki um að vera með mjólkursölu, og á þeim mjólkurbúðum mundi verða tap. Þess vegna er það, að ég tek það enn fram, að ég tel, að ef þá skipulagsbreytingu á að gera, sem hér er farið fram á, þá verður Mjólkursamsalan að vera algerlega óháð um alla ábyrgð á því, að markaðinum sé fullnægt og að þessi vara sé alls staðar á boðstólum. Það verða aðrir að taka það að sér.

Ég sagði hér áðan, að samkv. upplýsingum, sem ég hef frá kaupmannasamtökunum, mundu vera um 160—170 matvöruverzlanir hér í Reykjavík og í Kópavogi. En á þessum sömu stöðum eru samsölubúðir 56. Það er þess vegna nokkurn veginn augljóst, að ef breytingin yrði, sem frv. gerir ráð fyrir, þá yrði hér að fjölga útsölustöðum eitthvað í kringum 100 í viðbót við það, sem fyrir er. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram.

Hv. 9. landsk. þm. ræddi mjög um það ráðleysi, sem ríkti hjá mjólkursamsölustjórninni í fjárfestingarmálum og hún hefði verið að byggja rándýrar mjólkurbúðir í stað þess að láta mjólkina til sölu hjá kaupmönnum á viðkomandi stöðum. Ég get upplýst það hér, hvað Mjólkursamsalan hefur bundið mikið fé í búðum sínum, svo að það liggi fyrir og menn viti það. Það er ekkert leyndarmál, að það eru bundnar í búðum Mjólkursamsölunnar 11.5 millj. kr. En hugsum okkur nú, að sú breyting yrði gerð, sem frv. fer fram á, og Mjólkursamsalan yrði að aka mjólkinni út, a. m. k. hér í Reykjavík, í 100 fleiri staði en hún hefur gert, auk þess í miklu fleiri staði hér í nágrannabæjum, við skulum segja Keflavík, Hafnarfirði og öðrum nágrannabæjum, þá mundi hún verða að bæta við starfsliði og bílum. Og við skulum segja, að hún fengi út úr þessum búðum það verð, sem í þeim stendur. Það yrði þá að gera þá kröfu, að hið opinbera, sem tæki af henni söluna, sæi um þetta, eins og gert var í Svíþjóð. Sænska ríkið tók að sér að borga framleiðendum það fjármagn, sem þeir áttu í mjólkurbúðunum. Það yrði að gera þá kröfu hér einnig. (Gripið fram í.) Það væri náttúrlega enn þá betra að láta kaupmennina kaupa þetta, það væri hægara fyrir ríkið a. m. k. og þægilegra. Nýjustu búðirnar hafa kostað 1.4 millj. En nýr bíll, sem væri keyptur í þessu skyni, kostaði fyrir ári 1.2 millj., svo að þarna er ekki mikill munur á búð og bíl. En auk þess þyrfti að ráða starfsmenn til þess að aka þessum bílum.

Þá er eitt enn, sem ég tel mjög mikið atriði. Og það er það, að lögð er áherzla á það af bændunum, sem framleiða mjólkina, að þeir fái greitt út mánaðarlega 75% af andvirði vörunnar, þeirrar mjólkur, sem þeir leggja inn. Nokkuð af þessu andvirði er venjulega bundið í óseldum vörum, ýmiss konar vörum, sem framleiddar eru úr mjólkinni, svo að þarna verður vitanlega að nota að nokkru leyti lánsfé til þess að geta staðið við þetta. En það er mjög mikið atriði fyrir Mjólkursamsöluna, svo að hún geti staðið við þessar skuldbindingar og komið 75% af andvirðinu til bændanna strax, að hún fái féð í hendurnar fyrir vöruna sem fyrst. Og hver einasta mjólkurbúð, sem Mjólkursamsalan rekur, skilar andvirði seldrar vöru hvern dag að kvöldi í kassa Mjólkursamsölunnar. Það er komið í hennar hendur að kvöldi þess sama dags og varan er seld. En við aðra aðila, sem selja mjólk fyrir samsöluna, verður auðvitað að gera samninga um vissan tíma, sem Mjólkursamsalan þá á þessar vörur inni hjá þeim. Nú skal það viðurkennt, að margir þessir menn eru ágætir og skilvísir og standa fyllilega við það, sem um er samið. En það hefur líka komið fyrir, að menn hafa ekki getað eða af einhverjum ástæðum ekki staðið í skilum, og það hefur orðið á því nokkur töf, en þó miklu minni töf hjá Mjólkursamsölunni, vegna þess að hún hefur gert stífa samninga um þetta, heldur en t. d. hjá ýmsum öðrum verzlunum. Hjá kjötverzlunum er t. d. greiðslufresturinn 2—3 mánuðir. 90% af þeim, sem verzla með kjötið, fá þann gjaldfrest. Við í stjórn Mjólkursamsölunnar óttumst það mjög að verða smátt og smátt með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, dregnir inn í það viðskiptaform og verða að veita svo og svo langan gjaldfrest á þessari vöru. Og hvernig eigum við þá að fara að því að skila andvirðinu jafnharðan til framleiðendanna og sjá um rekstur mjólkurbúanna?

Mjólkursamsalan hefur ekki, — ég skal taka það fram, — orðið fyrir miklum töpum, þó hefur það komið fyrir. Ég held þess vegna, að það sé ekkert vafamál, að ef Mjólkursamsalan og mjólkursamlögin úti um land hætta hvert á sínum stað að annast eða sjá um þetta, muni sölukostnaðurinn aukast, og ekki getur það lent annars staðar en á neytendum og framleiðendum. Það eru þessir aðilar, sem bera það. Ég vil ekki gera neitt til þess, að það ástand geti skapazt.

Ég skal láta öll stóryrði hv. 9. landsk. þm. eiga sig. Það er eðlilegt, að ungir menn og blóðheitir séu nokkuð örir og taki munninn fullan, og þessi ungi hv. alþm. er jafnágætur í mínum augum fyrir því, þó að það hafi komið fyrir hann að vera stórorður. Ég held, að hann vinni samt ekkert á með því. Ég held, að ef honum er

í einlægni alvara að vilja bæta það skipulag, sem við búum við núna, verði hann að vinna með öðrum hætti og reyna að laða menn til samstarfs um þær leiðir, sem hann heldur að séu til bóta, fremur en að hrinda mönnum þannig frá samstarfi með stóryrðum hér á löggjafarsamkomunni.

Það voru nokkrar umr. hér í fyrradag um málið. Þar talaði fyrstur hv. 7. þm. Reykv. og taldi þetta frv. vera spor í rétta átt. Ég verð að segja það, að ég varð dálítið hissa, vegna þess að ég hef veitt því athygli, að hann er einn af flm. að þáltill., þar sem hann leggur til að fækka mjög útsölustöðunum á olíu í landinu og gera þar á mikla skipulagsbreytingu. Hann telur, að dreifing og sala olíunnar sé mikils til of dýr, að mér skilst, vegna þess hve útsölustaðirnir eru margir. En hv. 7. þm. Reykv. telur hins vegar, að það sé spor í rétta átt að fjölga útsölustöðum á mjólk. Þetta stangast á að mínu viti. Ég held, að það sé skynsamlegt að reyna að halda í hófi fjölda útsölu- og dreifingarstaða á vörum og reyna að halda þeim kostnaði sem mest í skefjum, hvort heldur það er olía eða mjólk eða hvað annað sem um er að ræða.

Þá talaði hér hv. 1. þm. Sunnl., ágætur samþm. minn, og ræddi þetta frv. nokkuð. Ég verð *að segja* það, *að þegar hann var* að tala, kom það óvart upp í huga minn, hvort það gæti verið, að hann ætti einhvern hlut í þessum króga, því að mér fannst eins og hann væri að verja hann og vildi bjarga honum. En þó var þetta nokkuð sitt á hvað hjá honum. Hann sagði, að þar sem kjörbúðir væru ætti mjólk alveg skilyrðislaust að vera. Nú er það svo, að mjólk er í fjölda kjörbúða hér í Reykjavík og nágrenni og einnig austanfjalls. Hann sagðist álíta, að það væri ekki rétt, sem ég hefði haldið fram, að frv. hefði þann tilgang, að kaupmennirnir fengju mjólk, og það mundu sennilega fáir þeirra fá mjólk, sagði hann. Svo sagði hann: Frv. hefur tvennan tilgang: Að fleiri fái mjólk til sölu og að neytendur fái heimsent. — Þannig rak þetta sig hvað á annars horn hjá honum. Ég var að reyna að taka vel eftir því, sem hann sagði, og hann sagði, að þó að frv. yrði að l., þá ætti Mjólkursamsalan að gefa út leyfið, og það kannske gerir hún alls ekki, sagði hann. Þetta er algerlega rangur skilningur, því að samkv. frv. hefur Mjólkursamsalan í raun og veru ekkert um það að segja. Það er 7 manna n., sem er sett á stofn, sem ákveður, hverjir fái mjólkursöluleyfi. Mjólkursamsalan er þar algerlega útundan og hefur þá ekkert um það að segja lengur. Enn fremur sagði hann, að Mjólkursamsalan yrði að tryggja, að búðir stæðu í skilum. Ég get ekki með nokkru móti skilið, hvað hann á við, hvernig hægt er að tryggja það nema með því móti, að tekin yrðu upp alger staðgreiðsluviðskipti og þær verzlanir, *sem vildu hafa mjólk*, sæktu þá mjólk og mjólkurvörur sjálfar, sem þær vilja fá til sölu, og greiddu andvirðið um leið. Á þessu veit ég, að eru þó ýmsir vankantar og mjög erfitt að koma þessu fyrir. Ég hygg, að það yrði að leita mjög að nýjum leiðum í viðskiptaháttum, til þess að þetta væri hægt. Hann sagði, að það dygði ekki að vera *á móti*, — *það verður ekki staðið á móti* því, að kjörbúð, sem uppfyllir öll skilyrði, fái mjólk, — segir hann. Það má vel vera rétt, að maður eigi aldrei að vera á móti. En ég segi fyrir mig, að meðan mér er trúað til þess að hafa einhverja hönd í bagga um starfsemi Mjólkursamsölunnar, þá játa ég ekki á augnabliki, hverri þeirri till., sem upp kemur um breytingar. Ég vil vera viss um, að það skaði hvorki fyrirtækið, sem ég á að stjórna, né heldur þá, sem eru aðalviðskiptamenn þess. Ég álít, að það sé fyrst og fremst þetta, sem mér og öðrum þeim, sem þarna eiga að standa í fyrirsvari, ber að gera. Hitt dettur mér ekki í hug, eins og ég hef áður sagt, að vera lokaður fyrir ýmsum breytingum, sem geta orðið til bóta. Ég vil taka það fram, að ég veit ekki betur en við í stjórn Mjólkursamsölunnar höfum á undanförnum árum lagt okkur fram um það að verða á allan þann hátt við óskum neytenda, sem við höfum mögulega getað. Við höfum ráðizt í hverja breytinguna á fætur annarri, rándýrar breytingar, til þess að koma til móts við óskir neytenda, t. d. í umbúðamálum. Það hefur kostað mikla fyrirhöfn og mikla fjármuni að koma þannig til móts við óskir neytenda, sem við höfum þar gert. Ég álít, að það hafi verið sjálfsagt að gera það. Þess vegna neita ég því algerlega, að við séum á móti öllum breytingum.

Mér fannst hv. 1. þm. Sunnl. líka ganga framhjá því atriði, þegar hann var að ræða þetta mál, að það þarf að selja fleira en mjólk. Það þarf líka að selja ýmsar aðrar vörur. Það er ekki nema helmingurinn af mjólkurframleiðslunni, sem fer til sölu beint sem neyzlumjólk. Hinn helmingurinn er unninn í alls konar vörur, sem líka þarf að selja, og ber að leggja áherzlu á, *að þeir, sem mjólkina hafa til sölu*, vilji selja aðrar vörur úr mjólkinni. — Hann talaði um það, að ræða mín hefði ekki verið rökheld. Það getur vel verið, ég ætla ekkert að dæma um það. En mér fannst þetta vera hvað upp á móti öðru hjá honum og ekki vera rökhelt heldur, fyrr en kom að endanum, og þá fór mér fyrst að líka vel við hv. 1. þm. Sunnl. Mér líkar oft vel við hann, þó að stundum sé það á annan veg. En þá var hann þeirrar skoðunar, að þessi mál ætti að skoða, flýta sér hægt, gera þetta allt með vandvirkni og athuga þessi mál vel. Þarna er ég honum algerlega sammála, og við erum þar alveg í sama báti. Það á að ræða þessi mál öfgalaust og reyna að finna lausnir á þeim, sem sýnast skynsamlegar og geta komið þeim aðilum að gagni, sem við þetta eiga fyrst og fremst að búa, sem eru bæði framleiðendur og neytendur vörunnar, og ég vil alls ekki undanskilja kaupmenn frá því. Þeir eiga vitanlega að eiga sinn þátt í þessari sölu, eftir því sem skynsamlegt telst, og það hafa þeir haft. Þeir eru með meiri hlutann af mjólkurbúðunum í dag. Aðrir en Mjólkursamsalan hafa meiri hlutann af mjólkurbúðunum, og ég sé ekki, að þeir hafi verið sniðgengnir á nokkurn hátt, þó að það hafi ekki verið hægt að verða við hverri einustu ósk og kröfu um, að hver kaupmaður fengi mjólk í sína búð. Þá væru

búðirnar núna sjálfsagt orðnar 260—270 í stað 160. Ég held, að það væri engum greiði gerður með því. Ég hef a. m. k. ekki þann skilning á málinu, að það væri nokkrum aðila greiði gerður með því að fjölga svo mikið útsölustöðunum.

Ég hef nú hlaupið yfir það, sem til mín hefur verið beint og læt máli mínu lokið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þarf víst ekki að taka hér langan tíma, vegna þess að hv. 2. þm. Sunnl. er eiginlega búin að koma að öllum þeim atriðum, sem ég var búinn að hugsa mér að taka til meðferðar, og hef því lítið við það að bæta.

Eiginlega fannst mér dálítið gaman að því í fyrradag, þegar talsmenn þessa frv. voru hér í ræðustóli. Þá fór ekki á milli mála, hvaða hagsmuni þeir báru fyrir brjósti. Það voru ekki hagsmunir framleiðendanna. Og mér er nær að halda, að mörgum, sem hlustuðu á ræður þeirra, hafi fundizt, að það væru ekki heldur hagsmunir neytendanna í raun og veru, enda töluðu þeir um það, að vera kynni, að þessi breyting mundi leiða til þess, að dreifingarkostnaðurinn hækkaði. Eru það hagsmunir neytendanna, að dreifingarkostnaðurinn hækki? Það voru annarra hagsmunir, sem þessir hv. ræðumenn báru fyrir brjósti. Meira að segja var ekki hægt að heyra annað á hv. 1. þm. Sunnl., þó að hann vildi fara að öllu með gát í þessum málum, en að þetta væri mjög stórt mál og brýnt að breyta þessum lögum í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég gæti vel trúað því, að umbjóðendum hans í Suðurlandskjördæmi fyndust þessi ummæli töluverð tíðindi. Ég var þar á fundi um daginn, og þeir, sem ég hitti að máli, höfðu mestar áhyggjur af þessu frv., eins og nú standa sakir. Að þeirra mati var þetta mál svo stórt.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að tilgangur frv. væri að verða við óskum neytenda. Það er nú svo. Liggur það fyrir, að það séu óskir neytenda að breyta þessu fyrirkomulagi? Ég hef í mörg ár verið á ýmsum stöðum í þéttbýlinu hér við Faxaflóa og heyrt kvartanir yfir þeim kaupmönnum, sem hafa haft þessar vörur til sölu, vegna þess að þeir séu með mjólkina hér um bil eina og aðrar mjólkurvörur séu þar lítt eða ekki fáanlegar. Auðvitað verður að gera þá kröfu til þeirra, sem eru með mjólkina, að þeir hafi líka forsvaranlegt rúm fyrir aðrar þær vörur, sem úr mjólk eru unnar og til sölu eru hverju sinni. Ég held, að það ætti að kanna, hvernig þetta er í raun og veru. Það er eitt af því, sem þarf að skoða í þessu sambandi, hvernig ástandið er í þessum málum. Það verður að gera kröfu til þess, að verzlun, sem hefur mjólkursöluleyfi, hafi nægjanlegt rúm fyrir allar þær vörur, sem úr mjólk eru unnar, og sé með þær til sölu.

Nú langar mig til að spyrja hv. 1. þm. Sunnl. að því, hvort hann mundi vilja mæla með svona breytingu, ef að athuguðu máli kæmi í ljós, að Mjólkursamsalan mundi á stuttum tíma verða að loka búðum sínum. Hann gat um það í ræðu sinni, að framleiðendur ættu alls ekki að bera uppi aukinn dreifingarkostnað. En ef það færi nú þannig, sem margir, sem eru kunnugir þessum málum, telja líklegt, að á betri stöðunum, þeim stöðum, þar sem mjólkurbúð er við t. d. kjörbúð, yrði að loka þessum búðum, en standa uppi með búðir, þar sem taprekstur er, ætla kaupmennirnir þá líka að taka við þessum búðum, eða hver á að bera kostnað af því? Mundi það ekki koma við framleiðendurna, ef þeir yrðu að loka þessum búðum, sem gefa nú hagnað, eða hverjir mundu bera þetta tjón?

Hv. 1. flm., 9. landskj. þm., sagði ýmislegt í ræðu sinni áðan og um daginn. Hann talaði mikið um þau forréttindi, sem Mjólkursamsalan hefur í þessum málum. Hann talaði ekki um þau forréttindi, sem kaupmannastéttin hefur haft í þessu landi og hefur enn, eða vill hv. þm. ræða um þau mál hér í sölum Alþ.? Hann sagði, að þetta frv. væri flutt vegna þess ófremdarástands, sem ríkti í þessum málum. Hvað er hv. þm. að fara? Ég hef ekki heyrt kvartanir yfirleitt nema í kaupmönnunum, af því að þeir vilja hafa forréttindi í þessu sem ýmsu öðru. Þeir vilja hafa einkaleyfi á allri verzlun, bæði þessari og annarri verzlun. (**LárJ:** Hvað hafa þeir mikla mjólkursölu í Norðurl. e.?) Ég sagði: vildu hafa. (**LárJ:** Hvað hafa þeir mikla?) Það hef ég ekki kannað. Ég held, að það, sem þyrfti að gera í raun og veru í þessum málum, eins og hæstv. landbrh. sagði, væri að kanna, hvernig öll þessi mál eru. Það þyrfti að gera sér grein fyrir því, til hvers þessar breytingar mundu leiða, ef þær yrðu samþykktar, eða aðrar, ef það þætti heppilegra. Það þarf að fara ofan í þessi mál öll. Það er ekki nóg að breyta bara til þess að breyta einhverju. Það þarf að gera það til þess að bæta ástandið, ef talið er að athuguðu máli, að þess þurfi. Ég efa bara, að það sé nema á örfáum stöðum, a. m. k. miðað við þann kunnugleika, sem ég hef á þessum málum.

Hv. flm. sagði, að bændur eða samsölustjórnin væri á móti breytingunum, öllum breytingum, meira að segja áður en þeir vissu, hvers konar breytingar það væru, sem væru á döfinni. Það er ekkert óeðlilegt, þó að bændur og framleiðendur séu á móti þeim breytingum, ef þeir vita, úr hvaða átt þessar breytingar eru komnar, því að þeir vita, hvers vegna verið er að breyta þessu. Það er ekki verið að hugsa um þeirra hagsmuni. Það er verið að hugsa um allt aðra hagsmuni. Það er ekkert óeðlilegt, að þeir a. m. k. gjaldi varhug við slíkri tillögugerð. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að hv. flm. og þeir, sem hafa flutt þetta frv., geri það fyrst og fremst vegna þess, að þeir þekkja lítið inn á þessi mál, en ekki fyrir það, að þeir vilji verða til þess, að þessar vörur yrðu langtum dýrari, að dreifingarkerfið yrði langtum dýrara, eins og þeir telja, sem vinna við þetta, að breytingin hlyti að hafa í för með sér. Enda gefur það auga leið, að ef dreifa ætti mjólkinni á hér um bil helmingi fleiri staði en nú er, þá er ekki lítill kostnaðarauki að slíku. Það er alveg rétt, að ef farið væri rétt að þeim málum, þá ætti sá kostnaður að koma á neytendurna, þó að ég geri ráð fyrir því, og hv. 1. þm. Sunnl. ætti að vera farinn að læra það af langri reynslu, að eftir því sem varan er dýrari, er minni sala á

henni. Það eru þess vegna líka hagsmunir framleiðenda, að hægt sé að halda þessum liðum mjög hóflegum, eins og allir, sem þekkja þessi mál, telja, að nú sé gert.

Hv. 2. þm. Vestf. var að ræða um einhverja undirskriftasöfnun í kauptúni á Vestfjörðum í sambandi við þetta og taldi, að það væri merki þess, að neytendur væru mjög óánægðir yfir því ástandi, sem ríkti í þessum málum. Ég geri ráð fyrir því, að þm. leggi í sjálfu sér ekkert ákaflega mikið upp úr svona undirskriftasöfnun, því að sannleikurinn er sá, að það er oft ekki mikið upp úr því leggjandi. En þm. sagðist krefjast þess, að sú n., sem fengi þetta mál til meðferðar, legðist ekki á málið. Hann man líklega til daga fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnarinnar, þegar hún var að leggjast á mál, og er líklega uggandi yfir því, að slíkt geti endurtekið sig. Þm. getur einskis krafizt í þessu máli. Hann getur bara beðið og vonað. Við verðum að sjá til.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að það væri athugað, hvort hæstv. landbrh. gæti ekki verið við. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, en þyrfti aðeins að tala við hann.

Ágætt, hæstv. landbrh. er kominn. Ég sagði, að ég ætlaði ekki að halda langa ræðu um þetta mál að þessu sinni. Ég hlustaði á hæsv. landbrh. hér áðan, og hann var ákaflega hógvær í sínum málflutningi og talaði um nauðsyn á því að ræða þessi mál öfgalaust og athuga þau ofan í kjölinn. Þar er ég alveg sammála hæstv. ráðh. Þessa skoðun hafði ég fyrir ári eins og ég hef nú. Ég var þá og er enn á sama máli og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Framleiðsluráð landbúnaðarins sendi hv. landbn. bréf með áskorun til hæstv. landbrh., — það var eftir að frv. um þessi mál kom fram í fyrra. Framleiðsluráðið taldi ýmislegt athugavert við frv. og það væri eðlilegt, að það væri rannsakað ofan í kjölinn, hvort það væri heppilegt. Ef nauðsynlegt þætti að breyta þessum málum, þá yrðu þau rannsökuð nákvæmlega. Þess vegna segir í bréfinu: „Því skorar Framleiðsluráð landbúnaðarins á landbrh. *að beita sér fyrir því, að frestað verði afgreiðslu* þessa máls á Alþ., en að málið verði tekið til sérstakrar athugunar af n. manna, sem skipuð yrði af ríkisstj. í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins og Mjólkursamsöluna í Reykjavík."

Nú er mér kunnugt um, að það hefur ekkert orðið af þessari nefndarskipan, og ég undrast, að hæstv. ráðh. skuli hafa hunzað svona eindreginn vilji framleiðsluráðsins. Ég taldi sjálfsagt í fyrra, að nefnd yrði skipuð, en ekki eingöngu fulltrúum bænda og Mjólkursamsölunnar, heldur einnig fleiri aðilum, og það yrði leitazt við að fá það bezta út úr þessu máli. Ef svo hefði orðið, má vel vera, að það frv., sem hér er til umr. nú, væri í öðrum búningi en það er. Gæti líka verið, að ýmsir, sem hafa mælt gegn þessu frv. nú, hefðu sannfærzt um, að ekki væri ástæða til að mæla svo ákveðið gegn því sem gert hefur verið.

Hv. 2. þm. Sunnl. minntist á það, sem ég sagði hér í fyrradag, og talaði um, að það hefði ekki verið samræmi í upphafi þess, sem ég sagði, og því, sem ég sagði síðast. Þetta er reginmisskilningur hjá hv. þm. Þegar hv. 2. þm. Sunnl. var búinn að tæta þetta frv. niður og fann því í rauninni ekkert til málsbóta, þá vildi ég draga fram það, sem ég taldi vera gott í frv. Og ég fann ýmislegt, sem gat verið ágætt í frv. En ég lauk máli mínu með því að segja, að ég teldi ekki eðlilegt að flaustra að neinu. Og nú hefur hv. 1. flm. þessa frv. lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn til samstarfs og athugunar á því, hvort ekki sé heppilegt að breyta frv. á einhvern hátt, m. a. nefndarskipuninni. Það vantar þess vegna ekki samkomulagsviljann. En það, sem hv. 2. þm. Sunnl. hefur rætt um þetta mál og nú síðast hv. þm. Stefán Valgeirsson, það er allt á eina hlið. Þar er ekkert dregið fram af því, sem til málsbóta er, heldur aðeins það, sem — (SV: Við erum ekki bæði með og á móti.) Hv. þm. hefur stundum látazt undir þá stefnu að vera bæði með og móti. — En það, sem ég hef verið að halda hér fram, er það, að þetta mál þyrfti að athuga og það ætti að nýta úr þessu frv. það, sem væri til bóta, og bæta við það eða taka í burtu, ef það mætti verða til þess, að það gæti farið betur.

Nú er það svo, að hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að ég hefði verið 12 ár í landbrh.-sæti og ekki séð ástæðu til þess að breyta þessu. Það er rétt. Ég sá ekki ástæðu til þess að beita mér fyrir lagsetningu, m. a. vegna þess, að það gerðist margt á þessum tíma til breytinga og bóta. Og eins og ég sagði hér í fyrradag, þá er þetta frv. ekki stílað gegn Mjólkursamsölunni í Reykjavík, alls ekki, m. a. vegna þess, að Mjólkursamsalan hefur, — þrátt fyrir það, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, — hingað til veitt mjólkursöluleyfi til flestra þeirra búða á Reykjavíkursvæðinu, sem hafa uppfyllt sett skilyrði. Breytingarnar hafa orðið örar núna allra síðustu árin, og það er fyrst núna, að kjörbúðir eru til að nokkru ráði, sem ekki hafa fengið mjólkursöluleyfi. En þessu er öðruvísi farið á öðrum mjólkursölusvæðum, eins og lýst var hér um daginn á Vesturlandi og blaðaskrif hafa orðið um á Norðurlandi og Austurlandi. Þar er ástandið miklu verra í þessum málum heldur en hér. Og það er eindregin skoðun mín, að það eigi að fylgjast með þróuninni og þær kjörbúðir, sem hafa aðstöðu til og fullnægja öllum settum reglum, eigi að fá mjólk til sölu. En það verða ekki 170 búðir hérna á Reykjavíkursvæðinu og Kópavogi, eins og hv. 2. þm. Sunnl. var að tala um hér áðan, vegna þess að það er fjöldinn af þessum kaupmönnum, sem enga aðstöðu hefur til þess að breyta búðunum í það horf, að skilyrðunum verði fullnægt.

Hv. 2. þm. Sunnl. var að tala hér um áðan, að það þyrfti að borga bændunum eins ört út og unnt væri. Ég er samþykkur því. Ég vil enga breytingu gera á þessu fyrirkomulagi, sem leiddi til þess, að bændum yrði ekki borgað út eins ört og áður. Ég vil heldur enga breytingu gera, sem getur valdið *þeim á nokkurn hátt tjóni.* Og m. a. þess vegna vil ég, að þetta mál verði athug-

að vel. Það segir greinilega í þessu frv., að Mjólkursamsalan hafi það í hendi sinni að kveða á um greiðslufyrirkomulag og annað, sem máli skiptir, áður en leyfið er gefið út. Ég sé ekki, hvernig kaupmenn eða aðrir, sem mjólkursöluleyfi fá, hafi aðstöðu til þess að kúga Mjólkursamsöluna og ákveða greiðsluskilmálana eða verzlunarkjörin. Nei, það er áreiðanlega Mjólkursamsalan, sem hefur það í sinni hendi, en ekki dreifingaraðilinn.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson varpaði fram einni spurningu til mín og spurði, hvort ég mundi vilja mæla með þessu frv., ef það leiddi í ljós, að Mjólkursamsalan þyrfti að loka búðum sínum. Það er ekkert um það í þessu frv., að Mjólkursamsalan þurfi að loka búðum sínum. En það kemur vitanlega fram í þeirri athugun, sem ég vil, að verði gerð á þessum málum, hvaða fyrirkomulagsbreyting gæti orðið til hagsbóta bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Ef það sýndi sig, að það væri enginn hagnaður fyrir bændur að vera sjálfir dreifingaraðili á mjólk, þá er enginn skaði skeður, þó að mjólkurbúðum samsölunnar væri lokað. Það er áreiðanlega vel til athugunar, að Mjólkursamsalan hætti að hafa mjólkurbúðir. En ákvörðun verður ekki tekin um það nema að betur athuguðu máli.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða að þessu sinni meira um málið, sízt af öllu vegna þess, að hæstv. landbrh. hefur tekið þessu frv. vel, miklu betur en hv. flokksbræður hans, og þess vegna er líklegt, að hæstv. landbrh. bæti nú fyrir vanrækslu sina, — ég segi vanrækslu, — að hafa ekki skipað n., sem Framleiðsluráð landbúnaðarins skoraði á hann að skipa í fyrra, og láti þessa athugun fara fram, — skipi menn í n., ekki einhliða, heldur þannig, að sjónarmiðin geti komið fram og verið rökrædd og að þessari n. verði fyrirlagt að hraða störfum, eftir því sem unnt er og skynsamlegt. Með því móti væri hugsanlegt að fullnægja öllu réttlæti í þessu máli og það yrði komizt að þeim niðurstöðum, sem skynsamlegastar væru. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé hagur beggja aðila, bænda og neytenda, að dreifingaraðilarnir, sem hafa öll skilyrði til þess að fullnægja þessu máli, fái mjólk til sölu, og það þurfi ekki að verða til þess að auka kostnað. Það hefur margt verið gert erlendis, þar sem fyrirkomulaginu hefur verið breytt, til þess að sporna gegn því. Það mætti einnig gera hér.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vona, að hv. alþm. blandi því ekki saman, sem ég sagði hér um þetta mál og þetta frv., því að málið út af fyrir sig er mál, sem á að athuga mjög gaumgæfilega og með rólegheitum. Frv. sem slíkt er ekkert merkilegt mál. Í því felast og ýmsar mjög áberandi veilur, eins og ég veit, að hv. 1. þm. Sunnl. gerði sér grein fyrir, ef hann skoðaði það gaumgæfilega. Ég er á því, að þegar n. sú, sem hér er rætt um, væri búin að afgreiða málið, mundi samsölustjórn eða samlagsstjórn á viðkomandi svæði ekki vera talin víðsýn, ef hún teldi þá, þrátt fyrir einróma meðmæli eða meirihlutameðmæli þessarar n., ekki fært að leyfa þessari verzlun að verzla með mjólkina, t. d. af fjárhagsatriðum eða slíku. Það held ég, að mundi ekki verða talin heppileg framkvæmd á máli.

Annars vil ég segja það, að það var upphafið á ræðu hv. 9. landsk. þm., sem sannaði mér betur en kannske mín eigin orð og það, sem ég hafði áður um þetta hugsað, hvað þetta skipulag hefur raunverulega reynzt vel, verið sterkt og farsælt. Hann sagði: Hugsið ykkur það, að þetta skipulag er búið að vera nærri fjóra áratugi á tímum slíkra breytinga, sem nú hafa orðið. — Þetta er rétt. Og hugsið ykkur annað. Haldið þið, að hv. 1. þm. Sunnl. hefði setið í 12 ár í sæti landbrh. og ekkert aðhafzt í þessu máli, ef um ófremdarástand væri að ræða í þessu skipulagi? Er nokkur, sem vill halda því fram, að hv. 1. þm. Sunnl. mundi standa svo illa að máli? Ég leyfi mér ekki að gera það, og hef ég samt ekki alltaf talið, að hann færi með mál svo sem vera ætti. En þetta sýnir betur en nokkuð annað, að þrátt fyrir breytingar, sem hafa orðið hér í stjórnmálum og störfum landbrh., þá hefur þetta skipulag haldizt og þróazt eðlilega. (**Gripið fram í:** Einokunarverzlunin stóð líka lengi, eins og þið þekkið.) Já, ég vona, að hv. 1. þm. Sunnl. hafi ekki sjónarmið einokunarmanna. Hann hafði a. m. k. það skipulag við að búa í þingræðis- og lýðræðislandi, að hann þurfti þess vegna ekki að standa aðgerðarlaus í málinu. Það var annað, þegar við vorum að berjast við danska einokunarkaupmenn og konunga. Þeir tímar eru liðnir, og það er ekki það, sem um er að ræða hjá okkur núna, og engin jafnaðarmerki hægt að setja þar á milli. En ég skal nú ekki fara lengra út í það. Ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég ætlaði mér ekki að taka þátt í neinum stórdeilum um málið, því að þetta er alvörumál, sem þarf að vinna vel og skipulega að, eins og forustumenn bændasamtakanna hafa gert með miklum sóma.

Það, sem er aðalatriði, er þetta tvennt, að hollustuhættirnir séu fullkomnir og dreifingin sé eins ódýr og hægt er. Það eru þessi tvö atriði, sem þarf að láta skoða, og ég er reiðubúinn til þess að láta kanna málið á þeim grundvelli.

Hv. 1. þm. Sunnl. var að tala um það, að ég væri ekki búinn að skipa neina n. í þetta. Það er nú svo með okkar ágætu nefndir, eins og fleira, að þær eru allar góðar út af fyrir sig, en þegar þær koma með í nefndarskýrslu, þá eru þær slæmar, kosta þá sitt. Ástæðan fyrir því, að ég hef ekki sett nefnd í þetta mál, er sú, að ég hef verið með önnur stórmál í landbúnaði í athugun, og það er ekki heppilegt að vera með allt of mikið af slíkum stórmálum í gangi samtímis. Lengi vel var ég að hugsa um að taka þessa athugun inn í heildarendurskoðun framleiðsluráðslaganna. En að athuguðu máli hef ég horfið frá því til þess að reyna að ná sæmilegri samstöðu um það. Ég álít, að hér sé um mjög mikið alvörumál að ræða og það megi ekki gefa þarna of lausan tauminn, ef við eigum að halda dreifingarkostnaðinum í skefjum, svo sem við höfum gert til þessa, og viðhalda þeim hollustuháttum, sem við höfum keppt að.

Ég skal lýsa því fúslega yfir, að mér kemur ekki til hugar að skipa n. með þeim hætti, að hún sé einsýn, skipuð fulltrúum frá öðrum aðil-

anum. Það hefur mér aldrei dottið í hug. Þá teldi ég ekki, að ég væri að vinna málinu gagn. Í þeirri n., sem ég kann að skipa, mundu því bæði sjónarmiðin fá að njóta sín, því að frá mínum bæjardyrum séð er hér um alvörumál að ræða, sem þarf að endurskoða, hvort hægt er að koma betur fyrir en nú er eða hvernig þróunin á að vera í þessu. Ég álít, að það hafi verið haldið mjög vel á málinu, en það megi hins vegar alltaf betur gera og sérstaklega laga það að breyttum tímum. Ég lít ekki neitt svipuðum augum á það, hvort mjólkursalan færist inn í nýja, fallega og vel uppbyggða kjörbúð eða í smáholur hér og þar. Það er ekkert sambærilegt frá mínum bæjardyrum séð. Það verður að vera okkar höfuðatriði, að við förum ekki að dreifa þessum vörum út í allar verzlanir, því að þá missum við alveg taumhaldið á kostnaðinum. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, hvað við erum næm fyrir kostnaði á mjólk og mjólkurvörum. Þess vegna verður allt að miðast við það, sem ég sagði hér í upphafi, að halda þessu tvennu, hreinlætinu og heilbrigðiseftirlitinu í fullkomnasta lagi og kostnaðurinn verði sem allra minnstur. En við skulum vera sanngjarnir í meðferð þessa máls og hagnýta okkur það skipulag, sem við höfum búið við, og það skal ég taka til athugunar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 14. fundur.

Fimmtudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðaukaskattur af lóðum, þáltill. (þskj. 65). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skattfrelsi elli- og örorkulífeyris, þáltill. (þskj. 67). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lánsfé til hitaveituframkvæmda, þáltill. (þskj. 9). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárlagaáætlanir, þáltill. (þskj. 39). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting orkulinda til raforkuframleiðslu, þáltill. (þskj. 37). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það má virðast óþarft í sölum Alþ. að minna á þær gífurlegu framfarir, sem orðið hafa á undanförnum áratugum. Það er að vísu staðreynd, að tækni og vísindi hafa verið meginfrumhvati þessara framfara, en engu að síður er það svo, að samkomur eins og Alþ., löggjafarsamkomur, hafa átt þar mikilvægan þátt. Þar hefur hinn lagalegi grundvöllur yfirleitt verið lagður, þar hefur fjármálagrundvöllurinn oft verið tryggður, og þar hefur oft verið ákveðin þátttaka hins opinbera, sem riðið hefur baggamuninn í mörgum tilfellum, ekki sízt í litlum löndum eins og okkar. En staðreyndin er sú, að við gefum okkur sjaldan tækifæri til þess að líta til baka og athuga, hve miklar framfarirnar hafa í raun og veru verið. Að vísu heyrist annað slagið eldri maður lýsa þessu í einstökum tilfellum, t. d. að mikill sé orðinn munurinn á samgöngum, frá því að hann var ungur, þegar tók nokkra daga að fara á milli landshluta, sem nú er farið ofar skýjum á nokkrum mínútum að kalla má.

Eg er ekki að áfellast neinn fyrir þetta. Staðreyndin er sú, að við Íslendingar og tugir millj. manna í vestrænum heimi bjuggu við örbirgð fyrir örfáum árum. Það var skortur á flestum sviðum, e. t. v. engu minni en hann er enn á suðurhveli jarðar hjá meiri hluta íbúa þessa heims. Menn eygðu raunar varla fyrr en um síðustu heimsstyrjöld möguleika til þess að komast frá þessum skorti, og það er eðlilegt, að menn gripu það tækifæri, gerðu hagvöxtinn að meginmarkmiði sínu og hafi gefið sér lítinn tíma til þess að staldra við og líta til baka. En staðreyndin er sú, að gífurlega mikið hefur áunnizt. Nú má heita, að allir einstaklingar í vestrænum löndum njóti efnahagslegs sjálfstæðis, og þar sem var búið í moldarkofum fyrir nokkrum áratugum, eru nú alls staðar hin beztu híbýli. Þar sem áður var skortur á allri heilbrigðisþjónustu og sjúkdómar voru fyrir hvers manns dyrum, hefur verið bætt svo úr, að mjög gott má heita, og þótt eitthvað bjáti á, þá er ekki hætta á því, að hungur berji að dyrum.

En þó að við höfum lítið hugsað um þetta út af fyrir sig, þá hygg ég, að menn hafi jafnvel enn minna hugsað um þá aðra staðreynd, að hraði þessarar þróunar hefur farið stöðugt vaxandi með hverju árinu. Það hefur verið fullyrt, að hver uppgötvun leiði af sér sjö aðrar, og þessari staðreynd hefur verið lýst, t. d. af hinum þekkta heimspekingi og náttúrufræðingi Julian Huxley, með þeim orðum, að hraði þróunarinnar sé hundraðþúsundfallt meiri nú en hann var á forsögulegum tíma. En e. t. v. lýsir það þessari staðreynd enn betur, að þjóðarframleiðsla mæld á hvern íbúa í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París hefur tvöfaldazt á undanförnum 15 árum. Það þýðir m. ö. o., að það hefur verið eins mikið framleitt á síðustu 15 árum og frá upphafi áður. Þetta þýðir jafnframt, að ef svo heldur áfram, þá 32-faldast framleiðslan á 75 árum, einni mannsævi.

En þó að við höfum gert lítið að því að líta yfir það, sem áunnizt hefur, er það þó svo, að ýmsum verður lítið fram í tímann, og e.

t. v. er það eins konar meðfædd forvitni mannsins, sem því veldur. Og það er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig sú vísindagrein, sem nú er nefnd framtíðarvísindi, hefur þróazt. Í upphafi er þetta nánast að líta í krystalskúlu og spá í það, sem framundan er, en smám saman eru hin fullkomnustu tæki og tækni tekin í þjónustu þessara vísinda, t. d. tölvan, og aðferðir þróaðar til þess að komast sem næst því, sem er alllangt fram undan, e. t. v. nokkra áratugi, og oft miðað þá við árið 2000. Frá þessu stigi framtíðarvísinda eigum við mikil og merk rit, eins og Heimurinn árið 2000, eða fyrir einstakar þjóðir bók um Svíþjóð árið 2000 og margt fleira. En það einkennir alla þessa spádóma eða þessi verk, að það er aðeins reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig muni verða, ef áfram haldi á þeirri sömu braut og verið hefur. Og þarna sjáum við þann furðuheim, sem þessir menn telja, að geti orðið framundan, heim tölvunnar, sem er ekki aðeins orðinn þjónn mannsins, heldur nánast herra, og þar sem þjóðarframleiðsla er orðin svo mikil, að það borgar sig vart að láta mikinn hluta fólksins vinna, og svo mætti lengi telja.

Það er engin furða, þótt aðrir hafi þá farið að hugsa til þess, hvort grundvöllurinn fyrir þessari þróun sé í raun og veru fyrir hendi, og þannig fáum við það, sem mætti nefna annan áfanga þessarar framtíðarvísinda. Margt hefur einnig birzt frá slíkum athugunum, og einna mest hefur verið umrædd athugun vísindamanna við tækniháskólann í Boston í Bandaríkjunum, sem nefna mætti á íslenzku takmörkun á vexti. Þeir komast að æði skuggalegri niðurstöðu. Á þeirri forsendu, að mannfjöldi tvöfaldist fyrir aldamótin, eins og allt bendir til, spá þeir því, — og fer þar ekkert á milli mála í þeirra spádómum, — að ef ekki verði gjörbreytt um stefnu á næstunni, verði hlutir eins og orkulindir allar og þar með kjarnorkan uppurinn í kringum 2050, gróðurland allt notað um svipað leyti og raunar biði mannsins ekkert annað en hrun, í örfáum orðum sagt.

Sem von er, hafa ýmsir orðið til þess að mótmæla þessum niðurstöðum og mikið verið um það rætt og skrifað. Það einkennir flesta þeirra, sem þessu mótmæla, að þeir binda næstum því takmarkalausar vonir við mátt vísindanna. Þeir treysta því, að vetnisorkan verði leyst úr læðingi og þannig fáist nálægt því ótakmörkuð orka fyrir mannkynið, sem geri mannkyninu kleift að gera hina furðulegustu hluti, vinna málma úr grjóti, — grjóti, sem er fátækt að málmum, á ég við að sjálfsögðu, — og fleira mætti nefna, en ég ætla ekki að lengja mál mitt með því.

Án þess að ég sé nokkur sérfræðingur á þessa hluti, þá hygg ég þó, að fullyrða megi, að flestir, sem um þá hafa fjallað, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að staðreyndirnar liggi einhvers staðar þarna mitt á milli. Ég hygg, að flestir, sem hafa litið á þetta með alvöru, telji, að það sé nauðsynleg stefnubreyting og það fyrr en síðar. Og það er fyrst og fremst þetta atriði, sem ég vil vekja athygli á hér og leggja áherzlu á með þessum inngangsorðum mínum.

Í framhaldi af þessu, sem ég hef nú rakið og kalla framtíðarvísindi, hefur jafnframt þróazt enn eitt stig þeirrar greinar, þar sem reynt er að gera sér grein fyrir því, hvernig sá heimur á að vera, sem við viljum byggja eftir nokkra áratugi. Í því sambandi er sérstaklega lögð áherzla á það, að ekki er ráð nema í tíma sé tekið, því að hraði þróunar er svo mikill, að mistök nú geta valdið óviðráðanlegum vandræðum eftir nokkra áratugi. Það er svipað og með bifreið, sem fer á vaxandi hraða niður brekku. Þar er ekki heldur ráð, nema í tíma sé tekið.

Ég hef oft hugleitt, að það væri vissulega þess virði fyrir okkur Íslendinga að gera eins konar framtíðarspá fyrir þetta land og þar væri farið gegnum öll þau stig, sem ég hef nú talið, bæði fyrsta stig, sem mætti nefna að gera sér grein fyrir því, hver þróunin verður með óbreyttri stefnu, gera sér grein fyrir því, hvenig þróunin gæti verið, og í þriðja lagi að gera sér grein fyrir því, hvernig við viljum, að þróunin verði. Það tvennt, sem ég nefndi fyrst, er fyrst og fremst verkefni þessara vísinda, en það síðasta, að gera sér grein fyrir því, hvernig við viljum, að þróunin verði, er stefnumörkun og að sjálfsögðu fyrst og fremst verkefni stjórnmálamanna. En ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að þær athyglisverðu aðferðir, sem nú er verið að prófa í þessu sambandi, séu varla orðnar nægilega þróaðar til þess, að unnt sé að ráðast í slíkt verk. Þó eru ekki allir sammála þessu, og staðreyndin er sú, að við merkar vísindastofnanir erlendis er einmitt unnið að svipuðum verkefnum og þá oft langtum flóknari dæmi en það, sem okkar íslenzka þjóðfélag yrði. Það er jafnframt ljóst, að á einstökum sviðum er orðin brýn nauðsyn fyrir okkur að líta svona á málið langt fram í tímann. Við getum litið á sjávarútveginn. Við erum að tala þar um mikilvægi friðunar og það jafnvel róttækrar friðunar. Ég hygg, að menn séu nokkuð sammála um, að þarna verður að líta langt fram í tímann og gera þær ákvarðanir í dag, sem gera fiskistofnunum kleift að endurnýjast og verða aftur sá öflugi grundvöllur áframhaldandi hagvaxtar hér, sem þeir hafa verið. Ég held, að mönnum sé það einnig ljóst, að gæta verður varúðar í landbúnaði, t. d. í sambandi við beit, þar sem unnið er athyglisvert starf að reyna að meta, hvert beitarþol er, og alveg ljóst, að við hljótum að verða að miða okkar sauðfjárrækt við niðurstöður af slíkum athugunum. Þannig mætti nefna fjölmargt. Við höfum þegar gert athyglisvert átak á sviði náttúruverndar, þar sem unnið er nú ötullega að því að líta langt fram í tímann og varðveita ýmis undur okkar náttúru og dásemdir fyrir komandi kynslóðir. Þar er reynt að tengja ýmsar framkvæmdir þessu sjónarmiði. En það atriði, sem sérstaklega er tekið fyrir í till. til þál. á þskj. 37, fjallar um ekkert af þessu, fjallar hins vegar um áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu, og hef ég leyft mér að leggja þessa þáltill. fram ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni og Bjarna Guðnasyni.

Mun ég þá snúa mér að vatnsaflinu og öðrum orkulindum, sem beint koma við þessari þáltill., en ég vildi rekja þennan aðdraganda til þess að gera mönnum grein fyrir því, að málið er í raun og veru langtum víðtækara og full þörf á, að það sé tekið sem slíkt og það fyrr en síðar, þótt ég hafi ekki treyst mér til þess að hreyfa því á hinu háa Alþ. þannig nú.

Það er talið, að virkjanlegt vatnsafl hér á landi sé um 31—35 þús. Gwst. á ári hverju. En eins og hv. þm. vonandi vita, er Gwst. eða kwst. margfeldið af aflinu og klukkutímanum, sem það nýtist, en þetta samsvarar um það bil 4000 megawöttum að afli. Langstærst af þessum virkjanlegu svæðum er Þjórsársvæðið eða um 30% af þessari orku, Hvítársvæðið er um 13%, Jökulsá á Fjöllum og það svæði í kringum 12% og Jökulsá á Brú um 13%. En samtals er talið, að séu um 36 staðir með orku yfir 200 Gwst., og samsvarar það um 86% af því afli, sem talið er virkjanlegt. Nú nýtum við um það bil 7% af þessari orku.

Í ágúst árið 1969 lagði Orkustofnun fram mjög athyglisverða áætlun, rannsóknaáætlun um forrannsóknir á vatnsorku Íslands, og skyldu þær framkvæmdar á árunum 1970—1974. Ég vil taka það fram, áður en ég ræði nánar um þetta merkilega rit og áætlun, að hún er að mínu viti til fyrirmyndar, og væri betur, að aðrar íslenzkar rannsóknarstofnanir gerðu svipaðar áætlanir um starfsemi sína, eins og raunar hefur komið fram nýlega í umr. hér um Hafrannsóknastofnunina. Í þessari áætlunargerð er gert ráð fyrir því að framkvæma forrannsóknir á 77% af þeirri orku allri, sem ég nefndi áðan, eða á um 27 þús. Gwst. Í áætluninni er farið fram á 224 millj. kr. í þessu skyni, og skiptist það nokkurn veginn á 4 ár. Eins og ég hef sagt, er þetta lofsverð viðleitni og sjálfsögð skylda okkar að athuga þessi svæði. Svæðin eru fyrst og fremst, auk þeirra, sem ég nefndi áðan, Þjórsársvæðið og Hvítársvæðið, Mývatnssvæðið eða efri hluti Laxár, Austurlandsvirkjun, sem nefnd er, en það er samnefni fyrir árnar á Norðausturlandi, sem hugmyndin hefur verið að veita austur á bóginn til Fljótsdalshéraðs og virkja í einu miklu falli. En það, sem er sérstaklega athyglisvert í þessari rannsóknaáætlun, felst að mínu viti í þeim markmiðum, sem þar eru sett fram. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með orðinu „forrannsóknir" í þessari áætlun er átt við öflun allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að segja með vissu til um eftirtalin atriði:

1. Hvort virkjun er tæknilega framkvæmanleg.
2. Hvort virkjun er efnahagslega gerleg, þ. e. hvort orkukostnaður hennar liggur innan þeirra marka, að til greina komi að ráðast í hana af efnahagslegum ástæðum.
3. Hver orkukostnaður virkjunarinnar er hér um bil".

Þessi eru markmiðin, og eins og menn munu taka eftir, er hvergi í þessum markmiðum minnzt á áhrif virkjana á umhverfið og þau miklu lífsgæði, sem umhverfinu eru tengd. Þetta er e. t. v. táknrænt fyrir þá staðreynd, hve litlar breytingar hafa orðið í hugum manna um lífskjör og lífsgæði. Árið 1969 er gerð svona ýtarleg rannsóknaáætlun og ekki minnzt einu orði á þennan mikilvæga þátt. Það er einmitt af þessari ástæðu og með tilliti til þeirra gerbreyttu viðhorfa, sem nú eru orðin, að við flm. þessarar þáltill. töldum rétt og skylt að hreyfa þessu máli á hinu háa Alþ. og leggja til, að breyting verði á slíkri áætlun gerð. Ég vil einnig leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa úr þessari skýrslu annað, sem lýsir einnig nokkuð markmiðunum. Þar segir:

„Spurningin um það, hvort ljúka skuli forrannsókn þeirra 27 þús. Gwst. á ári, sem hér um ræðir, á næstu 5 árum eða ekki, jafngildir í rauninni spurningunni um hitt, hvort þjóðin ætli sér að vera búin að nýta þessa orku á næstu 20 árum eða í kringum 1990."

Ég vil taka það fram, að á einum stað í þessari skýrslu hef ég að vísu rekizt á umhverfisatriði. Þess er getið þar, að unnt muni vera að virkja Gullfoss, án þess að sjáist, en það virðist allt vera gert með tilliti til ferðamannsins, sem kemur þar að sumri til, og er góðra gjalda vert, en nær ekki nema skammt. Ég vil enn leggja á það áherzlu, að ég er alls ekki að áfellast þá ágætu sérfræðinga, sem þessa áætlun gerðu og mættu verða öðrum til fyrirmyndar. Staðreyndin er aðeins sú, að hana þarf að endurskoða. Í samræmi við þann tíðaranda, sem var, þegar skýrslan var gerð, eru settar fram í skýrslunni mjög athyglisverðar hugmyndir um hámarksnýtingu vatnsafls. Í skýrslunni er t. d. sett fram hugmyndin um hámarksnýtingu Efri-Laxár, sem hefur leitt til slíkrar deilu, að varla eru dæmi um annað eins. Í skýrslunni er einnig sett fram hugmyndin um að leggja öll Þjórsárver undir vatn, og hefur það einnig valdið deilum og er nú í ítarlegri athugun. Í skýrslunni eru einnig settar fram hugmyndir um að veita Skaftá vestur á bóginn í Tungnaá og eins og ég nefndi áðan að veita jökulvötnunum í Norðurl. e. öllum austur á Fljótsdalshérað. Allir menn sjá, að slíkar stórkostlegar framkvæmdir hljóta að hafa mjög mikil áhrif á umhverfið. Vistfræðileg áhrif þeirra, eins og nú er talað um, hljóta að vera gífurleg. Að viti okkar flm. þessarar þáltill. ber því að leggja það sjónarmið til grundvallar, líklega á undan öllu öðru, þegar slíkar athuganir og rannsóknir eru gerðar.

Ég er satt að segja sannfærður um það, að nýtanlegt vatnsafl á okkar landi er hvergi nærri þeirri tölu, sem nefnd hefur verið, 30—35 þús. Gwst. Ég er sannfærður um, að áhrif þessara nýju sjónarmiða munu verða mjög mikil, eru þegar komin í ljós við Laxá, þau munu fljótlega koma í ljós við Þjórsá, því að ég tel mjög ólíklegt, að samþykkt verði að leggja Þjórsárver öll undir vatn, og það mun hafa afar mikil áhrif á orkuframleiðslu Þjórsár allrar niður úr.

Í þáltill. vekjum við einnig athygli á því, að skoða þurfi háhitasvæðin. Þau eru einnig verðmæt orkulind. Það hefur einnig verið gerð athyglisverð áætlun um rannsókn háhitasvæða frá sömu stofnun, mjög fróðlegt skjal. Ég ætla

ekki að fara eins ýtarlega út í það, en vil aðeins geta þess hér, að jarðhitasvæðin á landinu eru talin um 250 lághitasvæði, en 16 háhitasvæði, og það eru fyrst og fremst háhitasvæðin, sem eru mikilvæg í þessu sambandi. Af háhitasvæðunum er langsamlega stærst Torfajökulssvæðið, líklega fimmfalt stærra en næstu svæði, eins og Hengilssvæðið og Krýsuvíkursvæðið. Það er ekki fyllilega ljóst, hve mikil orka er í þessum svæðum. Hún er venjulega mæld í hundruðum millj. tonna af olíu eða samsvarandi. En ljóst er, að ef hún er notuð til raforkuframleiðslu, skiptir hún nokkrum þúsundum Gwst., og er það mikið, þótt ekki nálgist það þó það, sem vatnsorkan er talin geta gefið okkur. Þetta er því afar mikilvægur orkugjafi og sjálfsagt, að nýting hans sé felld inn í heildarmynd og áætlun um virkjanir og notkun raforku með okkar þjóð. Það er t. d. ekki óliklegt, að slík orkuver, sem oft eru minni en vatnsaflsorkuverin, kosta oft minna í stofnkostnaði, geti mjög vel fyllt upp í á milli hinna stærri vatnsorkuvera. Við teljum því nauðsynlegt, eins og ég hef sagt, að litið sé á þetta í fullu samhengi með öðru og það sé tekið með í þeirri almennu áætlun, sem gera ber.

Ég hef lagt á það áherzlu, að ný sjónarmið valda því, að endurskoða verður þessar rannsóknaáætlanir. Ég hef getið þess, að vistfræðileg sjónarmið, sem svo eru nefnd, eru þar ofarlega á baugi. Slík sjónarmið eru að sjálfsögðu einn liður í breyttu viðhorfi mannsins til lífskjara og lífsgæða, að sjálfsögðu einn þáttur í tíðum spurningum manna um það, sem framundan á og þarf að vera, spurningum eins og þeim, sem gerast stöðugt ásæknari, hvort hagvöxturinn eða efnahagsgrundvöllurinn einn sé hið eðlilega markmið, hvort ekki séu aðrir þættir, sem eru ekki síður mikilvægir í lífsgæðum manna. Og ég hygg, að flestir séu raunar orðnir sammála um, að svo sé. Virkjanir hafa veruleg áhrif a. m. k. á þennan þátt í lífsgæðabaráttunni, ef ég má kalla það svo, þ. e. a. s. hinn vistfræðilega.

Það er einnig viðurkennt af fleirum, hygg ég, nú en nokkru sinni fyrr, að skynsamleg búseta í þessu landi er eitt af okkar stóru viðfangsefnum. Það var sagt nýlega í mín eyru, að þetta væri líklega stærra viðfangsefni heldur en bæði landhelgismálið og efnahagsvandræðin til samans, og það má vel vera, að svo sé. Ég hugsa, að það sé rétt, sem sagt hefur verið, að við byggjum aldrei þessa eyju, ef við gerum hana að einu borgarríki hér á Suðvesturlandi, sama hvort landhelgin er færð út eða færð út ekki. Við, sem flytjum þessa þáttill., erum því þeirrar skoðunar, að þessi búsetusjónarmið verði einnig að taka með í reikninginn, þegar áætlanir eru gerðar um virkjanir fallvatna okkar og annarra orkulinda.

Þá eru fleiri atriði af öðrum toga spunnin, sem hafa veruleg áhrif. Eins og fram kom og ég las úr skýrslunni áðan, er gert ráð fyrir því að nýta allt þetta vatnsafl fyrir 1990, og er þar átt við, að samkeppni frá öðrum orkulindum geti orðið mikil, svo mikil jafnvel að þetta vatnsfall verði ekki nýtt síðar, ef nýtingu þess verður ekki hraðað nú. Á þessu hefur orðið mikil breyting. Staðreyndin er sú, að kjarnorkan, sem talin hefur verið mestur keppinauturinn, hefur valdið verulegum vonbrigðum. Hin stóru og miklu kjarnorkuver, sem byggð hafa verið erlendis, t. d. í Bandaríkjunum, hafa ekki uppfyllt vonir manna. Þau eru yfirleitt rekin með hluta af álagi, og orka frá þeim hefur af ýmsum ástæðum reynzt dýrari en ráð var fyrir gert. Ég hygg því, að flestir séu þeirrar skoðunar, að slík samkeppni sé ekki á næsta leiti. Það er einnig staðreynd, sem ég nefndi áðan, hvort sem menn trúa því eða ekki, að þessar orkulindir verði allar notaðar í kringum 2050, að óðum gengur á þær. Vatnsorkan, sem er góð, er mjög orðin fágæt. T. d. telja Norðmenn, að þeir fullnýti sína vatnsorku á næstu 10—15 árum, og eru nú einmitt að gera svipaða áætlun og hér er lagt til, að gerð verði, um nýtingu þeirrar vatnsorku. Niðurstaðan verður því sú, að allar meginforsendur þeirra rannsóknaáætlana, sem lagðar voru fram í ágúst 1969, eru brostnar þegar á örfáum árum. Og það er að okkar viti skakkt að halda áfram þeirri rannsókn á þeim grundvelli, sem þá var lagður. Því leggjum við til, að rannsóknaáætluninni verði breytt.

Eins og fram kemur í þáttill., teljum við upp nokkur atriði, sem okkur virðist, að skoða beri sérstaklega í þessu sambandi, og er það síðan nánar rakið í grg. Ég vil ekki fullyrða, að þessi atriði, séu tæmandi. Það má vel vera, að fleira sé þarna, sem þurfi að líta á. En aðalatriðið er, að á þessi mál verði litið á nýjum og langtum breiðari grundvelli en áður hefur verið.

Eins og ég sagði áðan, hef ég oft hugleitt, hvort ekki væri rétt, að við Íslendingar litum á framtíð okkar búsetu í þessu landi á mjög breiðum grundvelli og reyndum að gera okkur grein fyrir þeirri þróun, sem verður framundan með óbreyttri stefnu, þeirri, sem gæti orðið framundan, og þeirri, sem ætti að verða framundan, og reyndum þannig að leggja grundvöllinn að heilbrigðri stefnumörkun, m. a. fyrir hið háa Alþingi. Ég lít svo á, að þessi þáttill., sem hér er lögð fram, sé skref í þessa átt og geti auðveldlega fallið inn í víðtækari áætlun, ef ákveðin yrði, og ég fyrir mitt leyti vona, að svo verði fljótlega. Með þessum orðum vil ég, herra forseti, leggja til, að að þessari umr. lokinni verði þáttill. vísað til hv. atvmn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Á bls. 8 í lítilli bók, sem hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, setti landsmönnum fyrir að lesa mjög oft fyrir alllöngu og ég ætla, að hv. alþm. kunni nú orðið talsvert í, segir m. a. um fyrirætlanir vinstri stjórnarinnar á þessa leið: „Rannsóknastörf og vísindi verði efld og tengd áætlunum um þjóðfélagsþróun.“ Og þremur línum neðar kemur fyrirheit um að stuðla að „breyttu gildismati á þann veg, að til hinna eftirsóknarverðustu lífsgæða verði talið hreint og ómengað umhverfi. Við hagnýtingu íslenzkra auðlinda skal kostað kapps um alhliða náttúruvernd, svo að hver þjóðfélagsþegn eigi þess kost að njóta heilbrigðra lífshátta.

Ég er ekki viss um, að margir lesendur þessarar bókar hafi beinlínis hrokkið í kút við lestur þessarar alþýðlegu yfirlýsingar, sem geym-

ir þó í sér fyrirheit um algjör stakkaskipti pólitískrar hugsunar í þessu landi, hvorki meira né minna. Við þremenningarnir, sem stöndum að till. þeirri til þál., sem hér um ræðir, um gerð áætlunar um nýtingu íslenzkra orkulinda með tilliti til vistfræðilegra sjónarmiða og búsetusjónarmiða í vissum, pólitískum skilningi, skírskotum nú til þessarar hógværu stefnuyfirlýsingar í sáttmála samsteypustjórnar Ólafs Jóhannessonar, er við leggjum til við hv. Alþ., að hraðað verði framkvæmdum á þessu sviði. Fyrsti flm. till., Steingrímur Hermannsson, hefur gert grein fyrir því í framsöguræðu sinni, hví flm. miða till. sína við áætlun um nýtingu orkulinda landsins og þá fyrst og fremst vatnsafls. Ég er honum samdóma um, að æskilegt sé að byrja vistfræðilegar rannsóknir á þessu sviði, og liggja til þess þrjár ástæður öðru fremur.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða mestu auðlindir landsins næstar á eftir frjósemi sjávar á landgrunninu. Í öðru lagi er þegar hafin mjög umfangsmikil og kostnaðarsöm áætlunargerð, tæknileg og hagfræðileg, um nýtingu þessara auðlinda, án þess að áætlunargerðin nái til ítarlegra vistfræðilegra sjónarmiða. Í þriðja lagi hefur þegar skorizt í odda milli landsmanna út af þessum málum, svo að við hefur legið pólitískri borgarastyrjöld. Okkur flm. er öllum ljóst, að vistfræðileg og vistpólitísk sjónarmið eiga ekki að koma til álita aðeins í þessum málum, heldur öllum þeim, sem varða meiri háttar framkvæmdir í landinu, og endurskoða þarf margar ráðstafanir frá fyrri dögum, sem reynzt hafa óheppilegar og sumar stórskaðlegar frá vistfræðilegu sjónarmiði. Að þeim vík ég seinna í ræðunni, en framangreindar ástæður liggja sem sagt til þess, að við höfum miðað till. okkar um áætlunargerð við nýtingu orkulinda.

Iðnrh. Magnús Kjartansson hefur fyrir skemmstu gert grein fyrir hugmyndum sínum um iðnþróun hér á landi á næstu árum, byggðum á niðurstöðum bráðabirgðaathugana, tæknilegra og hagfræðilegra. Sjálfur mun ráðh. hafa á prjónunum áætlanir um vistfræðilegar, pólitískar athuganir, sem lagðar verði til grundvallar þeirri iðnþróunaráætlun, sem gerð verður, og kynni þá svo að fara, að ónefndum aðilum þætti sú áætlun taka að líkjast öðru meir en skrautsýningu á stélfjöðrum hv. 1. þm. Reykv., því að þar yrði stefnt að vistfræðilegri áætlunargerð um búsetu á Íslandi í anda græna sósialismans eða grænu félagshyggjunnar, og við notum heldur það heiti, sem fleirum kann að verða að skapi.

Nú treysti ég mér að vísu ekki til að uppfræða hv. þingheim í vistfræði, fyrst og fremst vegna þess, að ég hef alls ekki til að bera þá þekkingu, sem til slíks þyrfti, en líka vegna þess, að ég hef óljósan grun, að ég ekki kalli það beinlínis ugg um, að ýmsir hv. þm. séu ekki haldnir knýjandi þörf til að meðtaka nýja vitneskju innan þykkra veggja þessa virðulega húss yfirleitt. Samt verð ég að gera tilraun til þess að auðvelda mönnum skilning á því, sem fyrir flm. vakir með þessum till., og þá helzt með því að skilgreina hugtökin vistfræði og vistpólitík, sem bæði hafa sprottið upp úr rökræðum um nýtt og furðuvinsælt viðfangsefni, sem nefnist umhverfisvernd og er orðið tízkuorð meðal ríkra þjóða, sem þykjast nú hafa bægt hungurvofunni frá dyrum sínum í eitt skipti fyrir öllu. En á þeim þjóðum brennur eldurinn nú heitastur, því að þær hafa gengið svo á auðlindir náttúrunnar heima hjá sér og á unaðssemdir hennar til þess að skapa sér allsnægtir, að þar stappar nú nærri gereyðingu ýmissa þeirra verðmæta, sem gera söddum manni lífið þess virði að lifa því.

Fram til skamms tíma snerust orðræður hinna söddu manna um umhverfismál eigi að síður nær eingöngu um verndun fagurs og sérkennilegs landslags. Það var ekki fyrr en tók að skerðast um sjálft andrúmsloftið og drykkjarvatnið, að menn fóru að gera sér grein fyrir því að marki, að líta varð á hin ýmsu og aðkallandi vandamál umhverfisverndar í miklu víðara samhengi en því, sem við auganu blasir. Það var raunar ekki fyrr en fyrir 5 árum, þegar menn komust að því, að eiturgufurnar yfir Los Angeles, New York og Chicago mundu verða öllu lífi banvænar innan 15 ára eða svo, ef svo héldi áfram sem horfði. Eftir að Heyerdahl kunngerði athuganir sínar á mengun Atlantshafsins og eftir að félagsfræðilegar rannsóknir höfðu leitt í ljós, að það var ónáttúrulegt umhverfi og kvöl neyzlusamfélagsins, sem olli hraðvaxandi glæpahneigð meðal ríkra þjóða, þá fóru menn að átta sig á því, að umhverfi mannsins yrði ekki borgið með einni saman hugarfarsbreytingu einstaklinga, heldur væru umhverfisvandamálin pólitísk vandamál, sem stæðu, eins og öll önnur pólitísk vandamál, í tengslum við stjórn eða óstjórn efnahagsmála samfélagsins. Upp úr þeim skilningi hafa rökræðurnar um vandamálin, vandamál umhverfisins, getið af sér orð eins og vistfræði, vistkreppa, vistpólitík og vistheimspeki. Þetta eru þýðingar á skandinavísku orðunum ökologi, ökokrise, ökopolitik og ökofilosofi. Ef við skilgreinum hugtökin í stuttu máli, þá fjallar vistfræðin um samstarfið í náttúrunni og skýrir tengslin milli lífveranna, að mönnum meðtöldum, og umhverfisins. Vistkreppan kemur til sögunnar, þegar skilyrðum fyrir þessu samstarfi hefur verið spillt og tengslin rofin. Hugtakið vistpólitík grundvallast á hinum tveimur og miðar að víðtækari skilgreiningu á samfélaginu út frá vistfræðilegri þekkingu. Grundvöllurinn undir vistpólitískri hugsun, vistfræðin sjálf, stefnir að því að veita heildaryfirsýn yfir vistríki jarðar og fullnaðarskilning á lífsskilyrðum á hnettinum, og má svo hver lá mér það, sem vill, þó að ég treysti mér ekki til þess að flytja tæmandi erindi um vistpólitík. Þó er einfaldur skilningur á merkingu orðsins nauðsynlegur þeim, sem taka vilja afstöðu til þeirrar till., sem hér er nú til umr. um áætlun um nýtingu orkulinda. Séð í víðara samhengi má líka til sanns vegar færa, að sæmilegur skilningur á merkingu þessara nýyrða sé nauðsynlegur hverjum þeim, sem vill taka þátt í umr. um ráðstafanir til þess, að lífvænlegt geti orðið á þessu landi eftir 30 ár. Ef við reynum nú að færa þessum dómadagsorðum stað með því að gera okkur grein fyrir válegum afleiðingum af rangri vistpólitík, sem hefur

verið rekin af ríkum þjóðum heims síðustu áratugina, þá verður upptalningin á þessa lund: ⅔ hlutar mannkyns þjást nú af næringarskortir. Í svipinn er ástæðan fyrst og fremst sú, að matvælum heimsins er ekki útbýtt á réttlátan hátt og fjöldi fátækra þjóða er neyddur til að sinna hráefnisöflun handa iðnaði ríkra þjóða í stað þess að vinna við matvælaframleiðslu handa sjálfum sér. Mikill hluti landbúnaðarafurða og sjávarafurða, þar með talin loðnan okkar, sem væri raunar ágætis mannamatur, fer til skepnufóðurs hjá ríkum þjóðum til framleiðslu á lúxuskjöti. Á næstu árum verður svo komið, að matvælin nægðu ekki, þótt þeim væri rétt skipt milli allra. Með núverandi hröðun fólksfjölgunar í heiminum, ef hún heldur áfram, verða íbúarnir orðnir 13 milljarðar um aldamótin, tvöfalt fleiri en nú. Ljóst er, að enda þótt beitt væri öllum tiltækum ráðum til þess að auka matvælaframleiðsluna á þessum tæplega 30 árum, verður hvergi nærri mögulegt að sjá þessum fólksfjölda fyrir næringu, nema því aðeins að hafizt verði handa um endurskipulagningu framleiðslunnar um allan heim nú þegar og ríkar þjóðir taki upp sparnað í stað aukinnar neyzlu. Samkvæmt skýrslum, sem taldar eru áreiðanlegar, um notkun þeirra hráefna, sem mestu máli skipta í nútímaiðnaði, verða flestir nytjamálmar þrotnir innan 30 ára, miðað við sömu hröðun og hefur verið á hagvexti síðustu 10 árin. Járnið er talið munu endast lengst eða 75 ár. Nýtanlegt hráefni til álvinnslu er talið munu endast í 35 ár, sem er íhugunarvert fyrir þá, sem gera vilja áætlanir til langs tíma um fjölgun álvera á landi hér. Brennsluolíur munu endast um rösk 20 ár með óbreyttum hagvexti, kol álíka lengi. Það er athyglisverð niðurstaða, þegar tekið er tillit til þess, að vestrænar þjóðir fá 96% af rafmagni sínu úr olíu og kolum, en aðeins 4% frá vatnsafls- og kjarnorkustöðvum.

Nú er að vísu ekki talið alveg víst, að mannkyni endist aldur til þess að yrja upp hráefni jarðar og deyja sultardauða, heldur bendir sumt til þess, að framhald á hagvexti ríkra þjóða leiði til þess, að loft, láð og lögur eitrist áður af úrgangsefnum hins þróttmikla efnahagslífs, svo að öllu æðra lífi á hnettinum og þar á meðal mannlífi verði útrýmt áður. Þetta er kjarninn úr niðurstöðum ítarlegrar athugunar, sem gerð var fyrir skömmu við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum, svo sem síðasti ræðumaður gat um. Að rannsóknunum vann hópur heimsþekktra vísindamanna frá mörgum löndum undir forustu Bandaríkjamannsins dr. Denis L. Meadows. Niðurstöður þessarar athugunar hafa ekki verið vefengdar í aðalatriðum. Ekki hafa heldur verið vefengdar þær ályktanir vísindamannanna, að meginorsök vistkreppunar, sem nú ógnar lífi á jörðunni, sé skefjalaus og blind ásókn auðmagns í vexti. Það má svo vera ýmsum hv. þm. nokkur huggun á þessu stigi málsins, að upplýsingar frá Sovétríkjunum benda til þess, að skefjalaus frekja ríkiskapítals orsaki sams konar vistkreppu og skefjalaus frekja einkakapítals. Heiðurinn fyrir hin ótrúlegu hagvaxtarafrek er undantekningarlaust dæmdur til handa hagfræðilegri nýtingu á tækni og þekkingu. Og svo má hver sem vill lá þeim það, Einari á Hvalsnesi og Halldóri E. Sigurðssyni, hæstv. fjmrh., þótt þeir leyfi sér að taka leiðsögn hagfræðinga með nokkurri varúð.

Nú kann margur að segja sem svo, að lengi hafi nú mannkynið fíflazt á hnetti þessum og verið spáð illum endi og svo djöfullega geti nú ekki verið komið, að ekki sé þar lífs von lengur en 20—30 ár, þótt enn verði haldið áfram þessu fjöri. Í bókinni The Limits of Growth, sem hefur að geyma fyrrnefnda skýrslu vísindamannanna frá MIT, er gömul frönsk gáta ætluð börnum til skýringar á því, með hvaða hætti hröðun þróunar á borð við hagvöxtinn og afleiðingar hans heldur áfram ósköp meinleysislega allt fram á síðustu stund og virðist ekki hættuleg, fyrr en ógæfan er að skella á. Gátan er svona:

Hugsum okkur, að þú hv. þm., eigir dálitla tjörn við húsið þitt og í henni vaxi vatnalilja. Liljan tvöfaldar stærð sína daglega. Ef hún fengi að halda vexti sínum áfram óhindruð, mundi hún þekja alla tjörnina á 30 dögum og kæfa þar með allt líf í tjörninni. Lengi vel virðist plantan ósköp lítil, svo að þú ákveður að hirða ekki um að skerða hana, fyrr en hún þekur hálfa tjörnina. Á hvaða degi verður það, sem hún þekur hálfa tjörnina?

Svarið er auðvitað: Það er á 29. degi. Þá verður hálf tjörnin enn þá auð. En samt hefur þú ekki nema einn dag upp á að hlaupa til þess að bjarga öllu lífi í tjörninni.

Eðli hins vistfræðilega vandamáls er sem sagt þess háttar, að þótt enn sjái til sólar, er undraskammur tími til þess að bjarga heiminum frá tortímingu. Ýmsir listfræðingar hafa líkt hnettinum við geimskip, gert af yfirskilvitlegum hagleik til þess að nýta orku sólar á hringrásinni um hana og næra á henni líf milljóna mismunandi tegunda, sem hver um sig gegnir svo þýðingarmiklu hlutverki, að hverfi ein þeirra, þá gerbreytist vistríki jarðar í heild, og framtíðin er undir því komin, að jafnvægið milli tegundanna raskist ekki örar en svo, að vistkerfið sjálft hafi undan að lagfæra það á ný, og hvorki efni né orku sé eytt örar en svo, að vélbúnaður geimskipsins sjálfs og vistkerfis þess megni að endurnýja það, sem af er tekið. Það, sem aflaga hefur farið á geimskipinu jörð, er í stuttu máli það, að ein tegund spendýra, homo sapiens, gerði uppreisn gegn vistkerfi sínu, og megininntak hinnar vistfræðilegu kenningar er það, að maðurinn sé í þann veginn að mola niður það kerfi, sem líf hans sjálfs og alls þess, sem hrærist á jörðinni, byggist á. Uppreisnin hófst snemma, svo sem lesa má í sköpunarsögunni. En það var ekki fyrr en við lok síðari heimsstyrjaldarinnar, í minni okkar flestra, sem hér erum staddir, að hvíta manninum auðnast, eins og hann orðar það sjálfur, að ná tökum á sjálfum náttúruöflunum og einangra þann hluta hins sjálfvirka öryggiskerfis vistríkisins, sem fram til þess tíma hafði hamið framgang hans að nokkru. Og fyrst ég er farinn að vitna í ritninguna á annað borð, er bezt að ljúka þessari lauslegu úttekt á vistpólitískum afrekum heimskapítalismans á dæmisögu, sem gamli sóknarpresturinn minn sagði okkur fyrir

austan á grundvallarveikleika auðvaldsstefnunnar. Sennilega hefur þetta verið í tilefni af kauphallarhruninu mikla í New York. Hann sagði, að ef fimmeyringur hefði verið lagður á vöxtu árið, sem frelsarinn fæddist og vextirnir verið aðeins 3%, þá væri hann nú orðinn að gullklumpi, sem væri fimm sinnum stærri en jörðin, og þá er hætt við, að þeim þætti nú orðið þröngt um hagbeit í Álftafirðinum. Mér var sagt seinna, að hann hefði lagt út af Lúkasi, 14. kapítula, 28 versi, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Því að hver er sá meðal yðar, sem ætlar að reisa stórhýsi, en sezt ekki niður fyrst og telur fé sitt, hvort hann eigi nóg til að ljúka því?"

Nú vill svo til, að í þessa sömu ritningargrein er vitnað í fyrrnefndri bók, Limit of Growth, á bls. 45, þar sem hún er undirfyrirsögn kaflans um endalok hagvaxtar. Höfundar leggja út af henni, er þeir reyna að svara spurningunni um það, hvers við þurfum með til þess að standa undir framhaldi hagvaxtar í heiminum, þó að ekki sé lengur en til ársins 2000. Og svarið við þeirri spurningu er einfaldlega, að það, sem með þurfi, verði löngu þrotið fyrir þann tíma, en verkinu verði eigi að síður haldið áfram, þar til allt um þrýtur, vegna þess að hagfræðin hefur fundið upp aðferðir til þess að sneiða hjá svæðisbundnum efnahagskreppum. Staðfestingu á þeim ásetningi að halda áfram, hvað sem það kostar, getur að finna í 2. gr. Rómarsáttmálans, sem er stjórnarskrá Efnahagsbandalags Evrópu. Og þar er ekki vitnað í neinn guðspjallamann, heldur kveðið á um það skýrt og greinilega, að tilgangur bandalagsins sé að efla hinar efnahagslegu framkvæmdir í bandalaginu í heild með óslitnum og tryggum hagvexti. 2. gr. sáttmálans var ítrekuð sérstaklega í Brüssel á dögunum, þegar haldin var hátíð í tilefni af aðild þriggja nýrra ríkja að Efnahagsbandalaginu. Og ef ég leyfi mér svo í lok þessarar svörtu almennu messu að minna á einn vonarneista, fyrsta sigur þeirrar vistpólitísku hreyfingar, sem hefur verið nefnd græna félagshyggjan, þá var það fyrst og fremst vegna hagvaxtarmarkmiðanna án tillits til augljósra afleiðinga, sem frændur okkar Norðmenn höfnuðu aðild að þessu bandalagi fyrir skemmstu, og má hver sem vill kalla þá ástæðu þröng þjóðernisleg sjónarmið. Norðmenn höfnuðu aðild vegna þess, að þeir vildu halda auðu fyrir hagbeit í Álftafjörðum síns lands. Það var nefnilega ekki alveg út í loftið, sem norska baráttusveitin gegn Efnahagsbandalaginu kallaði sig „Grasrótina".

En víkjum þá enn að till., sem hér er til umr., og svo að ég noti nú enn ritningargrein Lúkasar, þá er það ætlun flm., að við setjumst nú niður og teljum fram þær einingar raforku, sem við munum hafa til ráðstöfunar í húsi því, sem við ætlum að reisa yfir vistpólitískt samfélag á þessu landi. Vitaskuld hefur hluttdeild okkar Íslendinga í hagvaxtarkapphlaupinu valdið vistpólitískri lemstrun á samfélagi okkar. Bændur hafa líklega sloppið einna bezt vegna þess, hversu illa þeir voru í stakk búnir að taka þátt í kapphlaupinu og neyddust þó til þess. Ég get sagt ykkur dæmisögu frá árinu 1948 um það, með hvaða hætti íslenzkir bændur neyddust til þess að taka upp ranga vistpólitík í landbúnaði. Þá um vorið var landbn. Alþ. boðið ásamt fréttamönnum upp að Keldum, þar sem Sambandið sýndi fyrsta Ferguson-traktorinn, sem kom til landsins. Ég sat í bíl milli Páls Zóphóníassonar og Sigurðar Guðnasonar upp eftir og man enn eins og það hefði gerzt í gær, hvað Páll sagði, þegar við komum inn að Elliðaánum, og hann sá óshólmana slýgræna standa upp úr á háfjörunni. Hann sneri sér að Sigurði og sagði: „Sérðu þennan gróður, Sigurður. Hann er nákvæmlega eins og þið kommúnistar, veit aldrei, hvort hann á að vera gras eða þari." Ég man þetta orðrétt, vegna þess að Páll þurfti að endurtaka þetta mjög oft, vegna þess að Sigurður heyrði aldrei, hvað hann sagði.

Það var Hjalti, sonur Páls, sem sýndi traktorinn, sem allir dásömuðu. Á eftir drukkum við kaffi heima á Keldum og Páll eyðilagði áhrifin af sýningunni með því að segja okkur frá áhrifunum, sem innflutningur þessara dásamlegu tækja mundi hafa á landbúnaðinn. Mig minnir, að traktorinn kostaði þá 16 þús. kr., með nauðsynlegum tækjum 22 þús. Páll sagði, að ekkert einyrkjabú á Íslandi stæði undir þessum kostnaði, hestverkfærin væru það eina, sem nokkur grundvöllur væri fyrir að nota. Svona traktor, sagði Páll, kallar á stærri tún með stærri bústofni, sem aftur kalla á annan traktor, sem enn heimtar stærri tún. Hann sagði, að það sama gilti um stórvirku landbúnaðarvélarnar. Stór skurðgrafa, sem miklir peningar liggja í, heimtar mýri til að ræsa fram. Og þegar svo er komið, þá eru lítil hyggindi eftir í búrekstrinum, sagði hann. Og vitaskuld reyndist Páll sannspár.

Þó er það á sviði landbúnaðar, sem unnið hefur verið nokkurt undirbúningsstarf til vistpólitískrar hagsýslu á þessu landi, og þar á ég við rannsóknina, sem gerð hefur verið á beitarþoli afrétta. Nirðurstaðan af henni bendir til þess, að gróðurlendi sé stefnt í voða á hluta hálendisins. Og eins og að líkum lætur þá er það á blómasvæði hagvaxtarins á Suðvesturlandi sem ofbeitt er, þar sem bændur voru harðast knúnir til að halda í við hið glaða veizlusamfélag Reykjavíkur.

Vistfræðilega hefur vandamál ofbeitar verið útskýrt á eftirfarandi hátt: Þótt aldrei færu Íslendingar beinlínis vel með beitiland sitt, þá laut sauðfjárbúskapur eigi að síður náttúrlegu öryggiskerfi hvað hagagöngu snerti. Í hörðum árum, þegar gróðurlendi afréttanna var viðkvæmast, þá fækkaði líka sauðfénu í landinu og færra var rekið á fjall. Nú, þegar heyskapur er sóttur með vélum á ræktuðu landi og fóðurbætir fæst að auki, er niðurskurður vegna fóðurskorts úr sögunni og hægt að rekja sívaxandi fjölda á fjall ár eftir ár, hvernig sem gróðrinum þar er háttað. Eins og bændur hafa staðið verst að vígi í hagvaxtarkeppninni, eins munu þeir vera fúsastir og bezt búnir til þess að hætta henni og snúa aftur til vistpólitískra starfshátta. Og næsta sumar, skilst mér, að þau undur muni gerast í fyrsta sinn um aldir, að ekki verði rekin hross á Auðkúluheiði.

Það getur orðið okkur nokkru erfiðara að endurskipuleggja sjávarútveg í átt til vistfræðilegrar skynsemi, beinlínis vegna þess, að margfalt fleira fólk byggir afkomu sína á gróinni vistpólitískri fásinnu. Verstöðvarnar á Suðvesturlandi og Reykjavík þar á meðal byggðust upp af fólki, sem réðst þangað til þess að annast fiskidrátt og fiskverkun á hávertíð. Með stækkandi fiskiskipum og loks togurum var svo tekið að sækja fisk á mið, sem áttu að sjá byggðarlögunum á Vestur-, Norður- og Austurlandi fyrir sjófangi. Á seinni stríðsárunum og upp úr þeim voru reist dýr fiskiðjuver á Suðvesturlandi, sem einnig voru miðuð við hámarksafla vertíðar, og fjármagnið, sem í þeim var bundið, kallaði á enn meiri fisk frá öðrum landshlutum á milli vertíða. Í stuttu máli sagt, þá hefur það verið hið óupplýsta fjármagn í fiskiskipum og fiskiðjuverum, sem fram til þessa hefur ráðið nýtingu fiskimiða okkar.

Ef við reynum að gera okkur grein fyrir útlínum nýrrar vistpólitískrar stefnu í fiskveiðimálunum, þá yrði hún sennilega á þá lund, að byggð með ströndunum hafi forgangsrétt að fiskimiðunum hið næsta sér. Sjómaður, sem rær heiman að frá sér að morgni og kemur aftur að kvöldi, njóti forréttinda á þeim fiskimiðum, sem hann getur nytjað með þeim vinnubrögðum. Aðeins hin ytri fiskislóð verði almenningur fyrir stóra togara, sem leggja upp afla sinn í fjarlægum byggðarlögum. Vistfræðileg rök eru fyrst og fremst þessi:

Það fólk, sem á persónulega hamingju og velferð sína og sinna undir því, að fiskur haldist á miðunum, er líklegra til að fara vel með þau og stuðla að verndun þeirra en menn, sem bera aðeins eða fyrst og fremst velferð fiskiðjuvera fyrir brjósti. Og af því að áður var minnzt á þann hluta af matvælum okkar soltna heims, sem fer í gripafóður, má klykkja út með hugleiðingarnar um vistpólitík í sjávarútvegi með þeirri aths., að enn í vetur munum við framleiða svínafóður úr loðnuaflanum. Í fyrra bjuggum við þess háttar fóður úr fiski, sem hefði nægt til að forða 7 millj. manna frá hungurdauða í heilt ár. Ef fiskifræðingar reynast sannspáir, gæti svo farið, að við framleiddum svínafóður í vetur úr fiski, sem ella mundi nægja til þess að bjarga lífi 14 millj., — ráðslag, sem vekur náttúrlega vissar spurningar um þær hvatir, sem liggja að baki fyrirhugaðri smáfjárveitingu til hjálpar fátækum þjóðum.

Í þessari yfirferð skulum við sleppa umr. um bankakerfi, heilbrigðiskerfi og jafnvel skólakerfi, sem sniðið er að þörfum hagvaxtarstefnunnar. Þeir brimskaflar vistpólitískra mistaka, sem við okkur blasa, er við hugleiðum nú nauðsynlegar breytingar á skipan samfélags okkar, eiga sér nefnilega langt aðsog. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að margir afbragðsmenn hafa lagt hönd að þeim mistökum í góðri trú. Jafnvel ýmisleg mistök, sem hafa verið framin á allra síðustu árum á mörkum hinnar vistpólitísku vitundar eru þess háttar, að við höfum ekki leyfi til þess að væna upphafsmennina um illar hvatir. Svo að við tökum sem dæmi það mál, sem mestum styr hefur valdið á þessu sviði, Laxármálið, þá vil ég ekki trúa því, að þeir aðilar, sem upphaflega lögðu á ráðin um Gljúfurversvirkjun, hafi gert sér grein fyrir því vistfræðilega skaðræðisverki, sem þar var á döfinni. Og enn síður munu þeir hafa rennt grun í, að hér væru þeir að koma af stað vistpólitískri borgarastyrjöld í landinu. Sjálft verkið var hafið, áður en Íslendingar höfðu vaknað til vistfræðilegrar vitundar, en svo vöknuðu þeir við dálítinn dynk, sem Þingeyingar gerðu norður við Miðkvísl í Mývatnssveit, og trú mín er sú, að sú pólitíska hæring, sem sú sprenging olli þvert í gegnum alla stjórnmálaflokka landsins, muni, er tímar líða, þykja engu ómerkilegri en upphaf samvinnuhreyfingarinnar þar í Suður-Þingeyjarsýslu, því að eftir þessa sprengingu skal tímaskeiði vistpólitiskra afglapa í góðri trú vera lokið. Og til staðfestingar á þeim tímamótum m. a. er flutt þessi till. um vistfræðilegan undirbúning áætlunargerðar um nýtingu íslenzkra fallvatna. Og af því að við erum nú komnir með hugann norður á þær slóðir, þá liggur beint við að nefna fleiri dæmi um vistpólitískar skyssur í Þingeyjarsýslu.

Kísilgúrverksmiðjan í Mývatnssveit er eitt allra ljósasta dæmið um kórvillu blindrar tækni og fégróðahyggju, þar sem rofin eru ævaforn grið manns og umhverfis. Hér var framin vistpólitísk skyssa, sem er fullkomið skóladæmi um innrás tækniveldis í vistfræðilega heilbrigt samfélag. Á 1000 árum hafði skapazt nær því fullkomið vistpólitiskt samfélag í þessari gróðurvin á norðausturöræfunum, þar sem afkoma fólksins byggðist á vernd þeirra fiska og fugla, sem það hafði viðurværi sitt af. Árangurinn hefur blasað við augum vegfarandans til skamms tíma: Fuglaparadís á undrafögru stöðuvatni kviku af silungi, einhverju heilnæmasta lostæti í vatnafiski, sem um getur. Þess háttar félag fólks og náttúru, sem ríkt hefur í Mývatnssveit frá ómunatíð, er það, sem Arne Næss prófessor í heimspeki við Oslóarháskóla og Sigmund Kvaloy lektor hafa nefnt hið ákjósanlega vistríki í ritum sínum um ökofilosofíu, eða vistheimspeki. Svo var sem sagt reist þar kísilgúrverksmiðja fyrir skemmstu. Í þessu sambandi skulum við sleppa fagurfræðilegum viðhorfum til fremur óþekkilegra mannvirkja í fagurri sveit, og við skulum líka láta nægja að drepa lauslega á þá staðreynd, að ekki voru gerðar líffræðilegar, hvað þá vistfræðilegar athuganir á hugsanlegum afleiðum þessarar verksmiðju í lífríki Mývatnssveitar. Hér var einnig unnið að áður en þorri Íslendinga hafði vaknað til meðvitundar um þau mál. En við skulum taka þessa nýlegu verksmiðju og rekstur hennar í Mývatnssveit sem dæmi um vistpólitísk mistök, og afleiðingarnar eru þá eftirfarandi:

Síðan byrjað var að reisa kísilgúrverksmiðjuna, hafa fleiri menn átt fasta búsetu í Mývatnssveit en þeir, sem eiga aðild að fyrrnefndum griðasáttmála vistríkisins, og þeim fer fjölgandi. Þetta er ágætt fólk og ekkert út á það að setja annað en það, að það lifir ekki á þeim gæðum landsins, sem hafa gefið mannlífi sveitarinnar sitt sérstaka gildi í umhverfi sínu í

þúsund ár. Hagsmunir verksmiðjufólksins liggja á öðrum sviðum og stangast á við hagmuni þeirra, sem eiga aðild að fyrrnefndum vistríkissáttmála. Hagsmunastreitan hefur þegar leitt til þess, að ungmennafélag sveitarinnar hefur klofnað. Samvinna fólksins að skólamálum hefur líka látið undan í þessum átökum. Unnið er að því af hálfu byggðarlagsins undir verksmiðjuveggnum, að þar verði reistur sérstakur skóli handa börnum þess fólks, sem ekki hefur lært þau sannindi kynslóð fram af kynslóð, að það eigi líf sitt og sálarró undir því, að húsöndin fái að koma upp ungunum sínum, og að áreitni bitmýsins sé fyrst og fremst fyrirheit um góða silungsveiði í vatninu. Mývatnsbændur sumir hverjir kalla verksmiðjubygginguna við austanvert vatnið hagsmunahverfi. Það hvarflar ekki að mér, að fólkið þar vilji skemma náttúru Mývatnssveitar. Hættan liggur í því, að þarna hefur myndazt byggð manna, sem ekki eiga þegnrétt í vistríki sveitarinnar, heldur líta það augum aðkomumannsins, og hagsmunir þessa góða fólks stangast á við hagsmuni vistríkisins. Dæmið um kísilgúrverksmiðjuna í Mývatnssveit á raunar ekki aðeins að vera víti til varnaðar í sambandi við vistfræðilega skipulagningu iðnaðar á Íslandi yfirleitt, heldur liggur það í augum uppi, að eitthvað verður að gera til þess að bægja frá hættunni sem af henni stafar.

Annað dæmi, sem draga má af algildan fróðleik um hættulega vistpólitíska þróun, getum við raunar nefnt úr sömu sveit, enda þótt það sé hvergi nærri jafngróft og kísilgúrhneykslið, enda stendur síðara dæmið þó a. m. k. í óbeinum tengslum við hið ævaforna og dásamlega vistríki Mývatnssveitar. Hér er átt við túristaiðjuna. Mývatnssveit hefur lengi laðað að sér skemmtiferðamenn, útlenda sem innlenda, vegna fegurðar landslags, náttúruundra og furðulegrar auðlegðar í mynd fugla og fiska. Ágætir heimamenn, mývetnskir, mývetnskastir raunar allra Mývetninga, hafa komið þarna upp sumargistihúsum með prýðilegri ferðamannaþjónustu. Þeir hafa raunar ekki gert annað en selja það yndi, sem skoðun dásemda þessa vistríkis getur veitt skilningarvitum ferðamanna um sumartímann. Gestgjafarnir í Mývatnssveit eru þegnar vistríkisins, en þeir hafa bara verið svo duglegir að selja aðgang að unaðssemdunum vegna vaxandi eftirspurnar ferðamanna, að salan stofnar nú unaðssemdum vistríkisins í voða. Bændur við Mývatn kvarta nú undan ágengni ferðamanna, sem gerist nærgöngulir við hreiður og valdi þess konar ókyrrð í sveitinni, að fuglalífinu, sem ferðamennirnir koma til þess að skoða, sé stefnt í hættu. Túristaiðjan í þeirri mynd, sem hún nú er rekin á landi hér, er vissulega eitt þeirra atriða, sem þarf að taka til skjótrar og gagngerðrar athugunar frá vistfræðilegu og vistpólitísku sjónarmiði.

Og svo að við endum með dæmi um alvarlegustu mistökin, sem orðið hafa í vali milli hagsmuna íslenzks vistríkis og kapítals í uppbyggingu iðjuvers, þá vil ég ekki heldur trúa því, að þeir aðilar, sem heimiluðu Alusuisse að reisa verksmiðju í Straumsvík án hreinsitækja, hafi gert sér grein fyrir því hermdarverki, sem þeir voru að fremja á lífi þessa lands, engu fremur en verkfræðingarnir, sem dreifðu tíu tunnum af DDT-skordýraeitri á bakka Sogsins til þess að draga úr áhrifum mývargsins á afköst verkamanna.

Till. okkar flm. þriggja um vistfræðilegar og vistpólitískar rannsóknir til undirbúnings áætlunargerð um nýtingu orkulinda landsins miðar að því, að komið verði í veg fyrir óhappaverk af þessu tagi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þessi þáltill. er byggð á hinum sömu sjónarmiðum og nýju náttúruverndarlögin, sem sett voru hér á hv. Alþ. fyrir skömmu, en hún fjallar um tiltekinn þátt í þessum málum, eins og hv. flm. hafa gert grein fyrir. Mér þykir viðeigandi í þessu sambandi og þá einnig til þess að gefa hv. þm. upplýsingar um viss atriði, sem snerta þann þátt, sem hér er tekinn fyrir, að rifja upp 29. gr. náttúruverndarl. nýju, en hún hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.“

Það var gerð grein fyrir þessu nýstárlega ákvæði í grg. fyrir náttúruverndarlagafrv. m. a. á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Er til þess ætlazt, að haft verði samráð við náttúruverndarráð í tæka tíð, áður en meiri háttar mannvirkjagerð er hafin. Á hönnunarstigi slíkra framkvæmda er oft hægt að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða, og miðar gr. að því að tryggja, að slíkt verði gert, þar sem því verður við komið. Með þessu móti er hægt að koma í veg fyrir mjög alvarleg ágreiningsefni, sem óhjákvæmilega rísa og geta valdið stórfelldu fjártjóni.“

Það stendur þarna „náttúruverndarsjónarmiða“, en gæti alveg eins staðið „umhverfissjónarmiða“. Nú hefur náttúruverndarráð ekki starfað lengi að framkvæmd þessara laga, eða einvörðungu síðan í aprílmánuði s. l. En það hefur mjög verið til athugunar á vegum ráðsins, hversu framkvæma mætti þessa lagagr. þannig, að hún kæmi að því liði, sem þeir ætluðust til, sem fyrir þessari lagasetningu beittu sér og hv. Alþ. með því að samþykkja lögin. Hér er um mjög örðugt viðfangsefni að ræða og stórkostlegt og í þessari gr. náttúruverndarl. er fólgin, eins og ég raunar gat um, stórfelld stefnubreyting frá því, sem áður var.

Nú fannst okkur ekki í náttúruverndarráði, að við gætum beðið eftir því, að menn kæmu og sýndu okkur áætlanir sínar eða gæfu sig fram við okkur og segðu: Nú ætla ég að fara að láta framkvæma undirbúningsrannsóknir að þessari eða hinni framkvæmdinni og vil hafa samráð við ykkur. — Að vísu er mönnum samkv. náttúruverndarl. skylt að gera þetta svona. En okkur fannst viðurhlutamikið að bíða aðgerðalausir eftir því, að málin kæmu fyrir ráðið á þessa lund, svo að við réðumst í að skrifa mörgum af stærstu framkvæmdastofnunum landsins eftir-

fandi bréf, sem ég vil fá að lesa, með leyfi hæstv. forseta, — og það gerðum við 5. maí í vor:

„Með tilvísun til 29. gr. l. nr. 47 1971, um náttúruvernd, óskar náttúruverndarráð upplýsinga um, hvaða verklegar stórframkvæmdir stofnun yðar hefur í undirbúningi eða á framkvæmdastigi, enn fremur hvaða stórframkvæmdir komist á undirbúningsstig á næstunni. Náttúruverndarráð leggur áherzlu á góða samvinnu um þessi efni og telur í því sambandi afar mikilvægt, að ráðið fái vitneskju um fyrirhugaðar framkvæmdir á frumstigi og áður en lagt er í kostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir. Með því móti einu er unnt að tryggja, að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða" — það er athyglisvert, að þá er farið að nota orðið umhverfissjónarmið, en í grg. fyrir náttúruverndarl. var notað orðið náttúruverndarsjónarmið, og þessi breyting á notkun orða segir kannske sína sögu um þá þróun, sem varð á þeim stutta tíma, sem þarna leið á milli, — „að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða þegar í upphafi hvers máls."

Þetta bréf var sent æðimörgum stórum stofnunum, einkanlega ríkisstofnunum, en þó öðrum einnig, og hefur síðan verið sent fleiri aðilum, eftir því sem náttúruverndarráði hefur fundizt ástæða til að gera, en auðvitað ekki nærri því öllum, sem hefðu átt að fá slíkt bréf. Ýmsir hafa svarað þessu bréfi, og vegna þess að hér var verið að ræða um orkumál og áætlanir í sambandi við þau, vil ég leyfa mér að lesa hér svarið, sem við fengum frá Orkustofnuninni, og það er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkustofnun þakkar ofangreint bréf yðar og fagnar þeirri áherzlu, sem þér leggið á góða samvinnu. Stofnunin vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að hún megi takast. Stofnunin sendir yður hjálagt yfirlit yfir þær vatnsaflsvirkjanir og jarðhitamannvirki, sem hún hefur haft eða hefur sem stendur með höndum forrannsókn á. Hér er um allmikinn fjölda að ræða, og um þessar rannsóknir eru til margar skýrslur. Ekki eru tök á að senda eintak af þeim öllum. Orkustofnun gerir ráð fyrir því, að ráðið muni óska frekari upplýsinga um mörg þau mannvirki, sem talin eru í yfirlitinu. Sum þeirra eru á algeru frumstigi forrannsókna, önnur lengra komin. Stofnunin telur heppilegast, að viðræður fari fram á milli fulltrúa Orkustofnunar og náttúruverndarráðs um það, hverjar frekari upplýsingar séu æskilegar og unnt að veita."

Ég skal taka það fram, að hliðstæð bréf fengum við einnig frá ýmsum öðrum stofnunum, og vil ég sérstaklega geta þess, að Vegagerð ríkisins hefur tekið upp allnáið samstarf nú þegar við náttúruverndarráð um þessi efni og sýnt mjög mikinn áhuga í því sambandi.

Þessu bréfi, sem ég las, frá Orkustofnuninni fylgdi listi, eins og getið er um í bréfinu, um 47 hugsanlegar vatnsaflsvirkjanir, 47 talsins. Og eins og getið er um í bréfinu, er listinn yfir þær vatnsaflsvirkjanir eða jarðhitamannvirki, sem stofnunin hefur sem stendur með höndum forrannsókn á eða hefur haft, en það eru 47 vatnsaflsvirkjanir og 6 jarðhitavirkjanir. Nú skal þess getið, að þessi tala gefur kannske ekki alveg rétta hugmynd um áætlanirnar — og raunar þó, því að sumt eru áætlanir um fleiri en einn möguleika til nýtingar á sömu orkunni, en það eru 47+6 áætlanir, sem eru í gangi.

Nú má nærri geta, að það er ekkert auðvelt viðfangsefni fyrir náttúruverndarráð með öllum þeim mýgrút af öðrum málum, sem þar koma til, — því að þótt við höfum haldið æðimarga fundi á þessum fáu mánuðum, sem liðnir eru, þá hafa alltaf verið margir tugir mála til meðferðar á hverjum, — að átta sig á, hvernig hægt er að koma við framkvæmd þessarar lagagr., svo að vel fari, og finna skynsamlegt vinnulag, ef svo mætti segja. Ég held, að okkur í náttúruverndarráði sé ljóst, að þar veltur allt á því, að góð samvinna takist í tæka tíð um hvert stórt viðfangsefni, og mun þó verða fullerfitt að fást við þetta með því afli, sem náttúruverndarráð hefur, þótt slík samvinna takist. Og til þess að hv. alþm. fái hugmynd um, hvernig við höfum hugsað þetta, því að það snertir mjög það, sem hér er verið að fást við, vil ég næst leyfa mér að lesa bréf, sem við í náttúruverndarráði rituðum til svars því, sem ég las áðan frá Orkustofnuninni:

„Náttúruverndarráð þakkar bréf Orkustofnunar frá 31. maí," — en þetta bréf, sem ég les, er skrifað 25. sept., — „ásamt yfirliti því um vatnsaflsvirkjanir og jarðhitamannvirki, sem hún hefur með höndum forrannsókn á og bréfinu fylgdi. Náttúruverndarráð er nú að kynna sér einstök atriði yfirlits þessa, en þar sem þau eru allmörg, mun það taka nokkurn tíma. Ráðið vill þó ekki láta hjá líða að leggja áherzlu á það sjónarmið, að vistfræðilegar forsendur séu frá byrjun metnar til jafns við jarðfræðilegar og verkfræðilegar forsendur, þegar gerðar eru áætlanir um virkjunarframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð í stærri stíl. Oft á tíðum þarf vistfræðileg athugun að hafa forgang, áður en hafin er umtalsverð vinna vegna verkfræðilegra áætlana. Þetta sjónarmið á sérstaklega við, þegar um er að ræða áætlanir um breytingar á yfirborðshæð eða farvegum vatna. Ljóst er, að náttúruverndarráði er mikill vandi á höndum að fylgjast með viðfengsefnum hinna ýmsu framkvæmdaaðila í landinu og hugsanlegum áhrifum framkvæmda á umhverfið. Í því sambandi hlýtur ráðið að treysta mjög á samstarf við stofnanir, sem standa að undirbúningi og áætlunargerð. Hefur náttúruverndarráð ástæðu til að vonast eftir góðu samstarfi við Orkustofnun um málefni raforkuvæðingar og jarðvarmavirkjana, og er ráðinu kunnugt um viðleitni Orkustofnunar til þess að hefja líffræðilegar athuganir samhliða annarri áætlunargerð. Til þess að auðvelda þetta samstarf í byrjun, leyfir náttúruverndarráð sér að óska eftir því við orkumálastjóra, að hann komi á fund þess í lok okt. og ræði frekar nokkur atriði í áðurnefndu yfirliti og fyrirkomulag samstarfs í framtíðinni."

Sams konar bréf skrifuðum við iðnrn. og Rafmagnsveitum ríkisins, en ekki fleiri aðilum á því stigi. Síðan komu á okkar fund ráðuneytisstjóri iðnrn. og Jakob Björnsson, væntanlegur orkumálastjóri og framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins, á síðasta fund náttúruverndarráðsins, og var þar ítarlega rætt um þessi mál, sérstaklega um vinnuaðferðir, því að það, sem

riður á í byrjun, er að koma sér niður á skynsamlegar vinnuaðferðir. Þeir, sem þarna komu frá orkumálastjórninni, tóku mjög vel í að efna til slíks samstarfs og yfirleitt mjög vel undir þau sjónarmið, sem komu fram í okkar bréfi. Í framhaldi af þessum fundi höfum við svo ritað hæstv. iðnrh. eða iðnrn. svo hljóðandi bréf, sem ég leyfi mér einnig að lesa, með leyfi hæstv. forseta, og ritað er 31. okt.:

„Með tilvísun til 1. mgr. 29. gr. l. nr. 47 1971, um náttúruvernd, ákvað náttúruverndarráð á fundi sínum 30. okt. að leita til rn. með ósk um, að stofnuð verði samstarfsnefnd orkumálastjórnar og náttúruverndarráðs. Verkefni n. verði að fjalla um áhrif þróunar orkumála á umhverfið og um vistfræðiþáttinn í frumathugunum vegna hugmynda um framkvæmdir í orkumálum. Í þessu sambandi vill ráðið leggja áherzlu á það sjónarmið sitt, að frá upphafi verði tekið tillit til umhverfissjónarmiða við undirbúning mannvirkjagerðar. Ráðið leggur til, að hvor aðili skipi hið fyrsta 3 menn í þessa samstarfsnefnd."

Ég hef fulla ástæðu til að álíta og raunar veit ég, að hæstv. iðnrh. mun taka þessari uppástungu vel og það muni verða af þessu samstarfi um þennan þátt í þessum anda, sem þarna er stungið upp á. Ég vil einnig greina frá því, að við höfum sent frá okkur till. til vegamálastjórnarinnar eða erum að undirbúa hana um nokkuð hliðstætt samstarf varðandi vegamál, þó kannske nokkuð öðruvísi, meira miðað við landshluta.

Ég hygg, að þessar vinnuaðferðir, sem við höfum þarna ráðgert, séu skynsamlegar. En aðalatriðið verður, hvernig samvinna tekst og hvernig náttúruverndarráði tekst að hafa bolmagn til þess að skapa sér rökstuddar skoðanir á öllum þeim fjölbreytilegu atriðum, sem þarna koma til íhugunar. En í því efni verður ráðið auðvitað að fá stuðning Alþingis til þess að geta leitað til sérfræðinga og haft stuðning af þeim, eins og þarf, því að það er ekkert hægt að komast með framkvæmd náttúruverndarl., hvorki í þessum þætti né öðrum, nema fá hæfilegar fjárveitingar til þess að geta haft það vinnuafl, sem þarf til þess að kryfja þessi mál til mergjar.

Ég sá, að hæstv. iðnrh. er á mælendaskrá, og skal ekki fara að flytja hér neina skýrslu um það, sem kom fram af hálfu orkumálastjórnarinnar á þessum fundum. En það kom þar fram, eins og raunar var drepið á áðan í einhverju bréfanna, að Orkustofnunin hefur nú þegar hafizt handa um umhverfislegar athuganir í vissum greinum, og ég geri mér sterkar vonir um það, að það séu orðin eða séu að verða alger straumhvörf í öllum málum af þessu tagi. Mér virðist, að það megi gera sér vonir um, að það séu að verða alger straumhvörf. En vitaskuld verða alltaf mörg álitamál, sem koma upp í þessu sambandi og margur er oft í vanda að velja á milli þeirra kosta, sem fyrir hendi eru.

Ég vil mjög eindregið mæla með því, að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, verði samþ., vegna þess að ég álít, að hún sé alveg í þeim anda, sem náttúruverndarráð hafði hugsað sér, að þyrfti að vinna að þessum málum, og það yrði bolmagn til þess að ná á þeim fullnægjandi tökum, ef þeir, sem fyrir orkumálunum standa, beittu þeim krafti, sem þeir hafa yfir að ráða, til þess að taka þau til endurskoðunar í því nýja ljósi, sem nú er að varpast á öll þessi efni. Þannig þyrfti einnig að taka miklu fleiri þætti.

Við verðum að skoða þessi mál öll í nýju ljósi. Nýtt verðmætamat er komið til, eins og eðlilegt er. Við höfum komið auga á, að það er þáttur í lífskjörum manna að eiga þess kost að lifa í viðkunnanlegu og óspilltu umhverfi. Það er einn liður í þeim lífskjörum, sem menn hljóta að sækjast eftir, þegar þeir hafa náð því marki að hafa til hnífs og skeiðar. Enn fremur hlýtur að gerbreyta öllu verðmætamati sá mikli tími, sem menn hafa afgangs frá sjálfu brauðstritinu, og hlýtur einnig að gerbylta öllum viðhorfum manna.

Við erum farnir að kalla þessi mál eða málaflokka, sem að þessu lýtur, umhverfismál, og það held ég, að sé vel farið og lýsi því vel, hvað við eigum við, og ég tel, að því fleiri þættir í þjóðarbúskapnum sem verða endurskoðaðir frá rótum í þessu nýja ljósi, sem verið er nú að varpa á þessi mál, því betra. Því mæli ég eindregið með þessari þáltill., en ég taldi rétt, að það kæmi fram hér, hvað náttúruverndarráð hefur verið að reyna að gera til þess að framkvæma 29. gr. náttúruverndarl. Það er allt á bernskustigi, en þó er verið að reyna að ýta þar úr vör, ef svo mætti segja.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): *Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna* því, að þessi mál eru tekin hér til umr. í sambandi við þá þáltill., sem hér er flutt af þremur hv. alþm. Mér finnst að vísu þessi ályktunartill. vera fullþröng, eins og hún er orðuð þarna, og mun kannske víkja svolítið að því síðar í ræðu minni, en fyrst vildi ég geta þess, að þegar þessi þáltill. kom fram, sendi ég hana Orkustofnun til umsagnar, og ég hef nú fengið svar frá Orkustofnun, sem mér þykir rétt, að þm. fái að heyra, því að í því er að finna ýmiss konar fróðleik um starfsemi Orkustofnunar á þessu sviði. Ég vil leyfa mér að lesa upp þetta svar Orkustofnunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í dag hefur hið háa rn. sent Orkustofnun til umsagnar till. til þál. um áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu. Meginmarkmið till. virðist vera að tryggja, að tekið verði tillit til vistfræðilegra sjónarmiða við virkjunarrannsóknir og nýtingu orkulinda. Í grg. er gefið í skyn, að svo hafi eigi verið gert til þessa. Hér er rétt að benda á, að enn þá er einungis lítill hluti þeirrar orku virkjaðar, sem talið er, að hagkvæmt muni að nýta, um 8.2%, þegar yfirstandandi virkjunarframkvæmdum lýkur. Enn hefur því ekki á það reynt að neinu marki, hverjir árekstrar kunna að verða milli vistfræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við hagnýtingu orkulinda. Laxárdeilan er aðeins að hluta vistfræðilegs eðlis, en að hinum hlutanum snýst hún um ýmiss konar grundvallarsjónarmið í eignarrétti og stjórnsýslu, sem eru allt annars eðlis og má ekki blanda saman við vistfræði. Að Þjórsárveramálinu er vikið hér á eftir.

Rétt er að leiðrétta það, sem kemur fram í grg., að þessi skilningur á hinum mikilvægu samverkandi áhrifum lands og lífs hafi leitt til nýrrar vísindagreinar, sem nefnd er vistfræði. Vistfræði er vísindagrein, sem er miklu eldri en umr. síðustu ára um umhverfismál, þótt þær umr. hafi hins vegar orðið til þess að efla hana.

Orkustofnun er sammála flm. um mikilvægi vistfræði í sambandi við orkunýtingu og vill jafnframt skýra frá því, að umhverfisrannsóknir, sem vistfræðilegar rannsóknir eru hluti af, eru nú þegar hluti af virkjunarrannsóknum stofnunarinnar. Þannig hefur Orkustofnun haft með höndum nú í þrjú sumur rannsóknir á Þjórsárverum og varið til þeirra í lok yfirstandandi árs um 6 millj. kr. Eru þær unnar fyrir Orkustofnun af Náttúrufræðistofnun Íslands eftir sérstökum rannsóknarsamningi. Á rannsóknaráætlun fyrir 1973, sem send var fjárveitingayfirvöldum í maí í ár, er gert ráð fyrir að verja alls 3 millj. 680 þús. kr. til umhverfisrannsókna á árinu 1973, þar af 2.6 millj. til rannsókna á Þjórsárverum. Á fskj. I hér með er útdráttur úr grg. stofnunarinnar með fjárveitingatill., þar sem lýst er þeim verkefnum á sviði umhverfisrannsókna, sem ráðgert er að fást við árið 1973. Hversu miklu af þessum verkefnum reyndist unnt að ljúka 1973, er vitaskuld undir fjárveitingum komið fyrst og fremst, þótt mannaflamál komi þar einnig til. Eins og sjá má af fskj. I, eru það margir fleiri virkjunarstaðir en Þjórsárver, sem Orkustofnun ráðgerir vistfræðilegar rannsóknir á. Segja má því, að vistfræði skipi nú þegar fastan sess í virkjunarrannsóknum Orkustofnunar.

Í grg. er vikið að tölum um virkjanlegt vatnsafl á Íslandi. Orkustofnun hefur talið tæknilega nýtanlegt vatnsafl Íslands 35 þús. Gwst. á ári og efnahagslega nýtanlegt vatnsafl 28 þús. Gwst. á ári, þ. e. a. s. það vatnsafl, sem svarar kostnaði að nýta. Eins og margoft hefur verið fram tekið, byggjast þessar tölur sumpart á mjög svo ófullnægjandi rannsóknum, og hefur því orðið að gefa sér fjölmargar forsendur. Tölur þessar ber því að skilja þannig, að þær eigi við þá tæknilega og efnahagslega nýtanlega vatnsorku, sem landið ræður yfir, ef forsendur þær um aðstæður til virkjunar, sem gengið var út frá, reynast réttar. Þetta er ákaflega þýðingarmikið, ef — og raunar mörg „ef". Það er einmitt tilgangur virkjunarrannsókna að útrýma þessum efum og sannreyna forsendur. Það getur því mætavel verið, að vatnsaflið reynist annað en nú er haldið við nánari rannsókn. Hins vegar er engin ástæða til þess að ætla, að vistfræðileg sjónarmið valdi því fremur en öðrum. Er af þeim ástæðum engin ástæða til að endurskoða tölur um vatnsaflið út frá þeim einum sér.

Segja má, að virkjunarrannsóknir, þar með taldar vistfræðilegar rannsóknir, séu sú endurskoðun talnanna, sem till. miðar að. Vistfræðileg sjónarmið hafa áhrif á tilhögun virkjunar og geta valdið því, að taka verði annan kost, fara aðra leið eða breyta ráðgerðri virkjun á annan hátt. Svo fremi að menn hafi í frumtilhögun komið auga á ódýrasta kost, verður slík breyting til þess að hækka virkjunarkostnað. Ef sú hækkun er nægilega mikil, getur virkjunin þar með horfið af því kostnaðarsviði, sem efnahagslega er talið koma til greina, þ. e. hún er útilokuð, af því að hún er talin of dýr. Það er á þennan hátt, sem virkjun getur útilokazt af vistfræðilegum ástæðum. Tæknilega mun oftast unnt að gera virkjun óaðfinnanlega frá vistfræðisjónarmiðum, en hagkvæmni hennar getur þar með farið veg allrar veraldar, og enginn hefur áhuga á að gera slíka virkjun. Vistfræðilegar aðstæður eru um áhrif á virkjanir alger hliðstæða t. d. við jarðfræðilegar aðstæður. Jarðfræði virkjunarstaðar getur gert nauðsynlegar breytingar á tilhögun, er leiða til dýrari virkjunar en reiknað var með í upphafi. Sama er að segja um vatnsrennslisaðstæður og yfirleitt alla þá þætti, er áhrif hafa á virkjanir. Það er yfirleitt ekki hægt að útiloka virkjun á vistfræðiforsendum einum sér. Fyrst verður að kanna áhrif þeirra á virkjunarkostnað.

Sú spurning vaknar stundum, á hvaða atriði beri að leggja mesta áherzlu í virkjunarrannsóknum. Stefna Orkustofnunar í því máli er sú að leggja fyrst og fremst áherzlu á þá þætti, sem ætla má, að hafi mest áhrif á virkjunarkostnað, útrýma stærstu efunum sem fyrst. Það getur að vísu stundum leikið nokkur vafi á því, hverjir þeir þættir eru, og verður að meta það eftir beztu getu hverju sinni. Það er því ekki fortakslaust hægt að segja, að leggja beri meiri áherzlu á einn þátt virkjunarrannsókna, t. d. vistfræðiþáttinn, en aðra, heldur verður slíkt að fara eftir aðstæðum á hverjum stað. Það er tilgangslaust að rannsaka jarðfræði staðar, sem vistfræðikröfur gera óhóflega dýrar í virkjun. Alveg á sama hátt er meiningarlaust að rannsaka vistfræði svæðis, þar sem sýna má fram á það með jarðfræðirannsókn, að virkjunarkostnaður hljóti að verða allt of mikill. Allir þættir þurfa því að koma til álíta.

Þjórsárverin eru gott dæmi um það, á hvern hátt vistfræðileg sjónarmið koma inn í virkjunarkostnað við útreikning efnahagslegs ávinnings virkjunar. Virkjun án stíflu við Norðlingaöldu lætur Þjórsárver ósnert, en gefur fremur litla orku og umfram allt fremur dýra orku, e. t. v. svo dýra, að slík virkjun kemur ekki til greina, þótt það liggi enn ekki fyrir. Því hærri stífla sem gerð er við Norðlingaöldu, því meiri verður efnahagslegur ávinningur virkjunar eða öllu heldur virkjana, því að uppistaðan hefur áhrif á aðrar virkjanir í Efri-Þjórsá. Þessi ávinningur heldur áfram að vaxa, a. m. k. upp í þá hæð, að öll Þjórsárver eru komin í kaf. Vöxturinn er hraðastur fyrst, en minni og minni, eftir því sem stíflan er hærri. Áhrifin á umhverfið, þ. e. vistkerfi Þjórsárvera, eru lítil sem engin í fyrstu, en fara vaxandi með vaxandi hæð stíflunnar. Þessi vöxtur áhrifanna á vistkerfið er hægur í fyrstu, en verður sífellt örari, unz mestöll Þjórsárver eru komin í kaf, en eftir það verður hann hægari aftur. Þessum áhrifum er hugsanlega unnt að breyta með ýmiss konar hliðarðgerðum, þ. e. að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið, en slíkar aðgerðir kosta peninga og verka þannig til hækkunar orkukostnaðar og draga því úr efna-

hagslegum ávinningi virkjunarinnar. Endanlegt val stífluhæðar við Norðlingaöldu verður því málamiðlun milli óskanna um sem minnst óæskileg áhrif á Þjórsárver annars vegar og um efnahagslegan ávinning af virkjun hins vegar. Þarna verður að koma til mat alveg eins og á mörgum öðrum sviðum. Þannig eru t. d. öryggiskröfur við smíði skipa fram komnar sem málamiðlun milli óskanna um örugg skip og ódýr skip. Fullkomlega öruggt skip yrði svo dýrt, að enginn hefði efni á að láta smíða það. Algerlega ósnert umhverfi yrði líka svo dýrt, að enginn hefði efni á því. En við svona mat skiptir vitanlega öllu máli, að efnahagsávinningur af mismunandi stífluhæð og umhverfisáhrif mismunandi stífluhæðar liggi ljós fyrir í einstökum atriðum. Að afla þeirra upplýsinga er einmitt tilgangur rannsóknanna í Þjórsárverum, bæði vistfræðirannsóknanna og annarra.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, eru vistfræðirannsóknir þáttur í virkjunarrannsóknum Orkustofnunar. Það er fyrst, þegar þessum virkjunarrannsóknum er lengra komið en nú er, þ. á m. visfræðiþættir þeirra, að unnt er að gera sér betri grein fyrir vatnsorku landsins en nú er, þ. á m. út frá vistfræðisjónarmiðum. Eina leiðin til að hraða slíkri endurskoðun er að hraða þeim rannsóknum, sem hún verður að byggjast á. Orkustofnun telur fyrir sitt leyti ekki skipta miklu máli í því sambandi, hvort þáltill. er samþ. eða ekki. Orkustofnunin er að sjálfsögðu reiðubúin til að ræða þetta mál nánar.

Allravirðingarfyllst.
Í fjarveru orkumálastjóra,
Jakob Björnsson."

Þetta er hin almenna umsögn Orkustofnunar, sem ég bað hana að semja í tilefni af þessari þáltill. En jafnframt fylgdi með frá Orkustofnun útdráttur úr grg. um fjárveitingatillögur Orkustofnunar fyrir 1973, og ég tel rétt að skýra frá því líka, svo að mönnum sé það ljóst, að Orkustofnun ber vissulega að vinna að fjölmörgum atriðum þessa máls. Þar koma fram þessi atriði:

1. Umhverfisrannsóknir: Þjórsárver. Efnivörur vegna rannsókna.

2. Þjórsárver. Samningur við Náttúrufræðistofnun. Hér er um að ræða samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um rannsóknir á Þjórsárverum, sams konar og þann, sem gerður var 1971 og 1972. Hér er um framhald þeirra rannsókna að ræða. Þær taka til eftirfarandi: 1. Fæðuháttа gæsa, 2. Varpárangurs, 3. Gróðurs og gróðursamfélaga, 4. Rústa, 5. Vatnalíffræði, 6. Frumframleiðslu, 7. Veðurs. Rannsóknum þessum þarf að halda áfram 1974, ef að líkum lætur.

3. Þjórsárver. Erlendur ráðunautur um vistlíkan. Markmið Þjórsárverarannsókna er að gera mögulegt að hanna miðlunarvirkin þar á þann hátt, að þau spilli umhverfinu sem allra minnst. Til þess þarf að vera unnt að segja fyrir um áhrif mismunandi hönnunar á vistkerfi Þjórsárvera með og án hugsanlegra bætandi aðgerða. Þetta er flókið mál. Þess er vænzt, að vistlíkan og eftirlíking af því geti reynzt veruleg hjálp í þessu efni. Því er ráðgert að leita til erlends ráðunautar um slíkt líkan, þar eð hér á landi eru engir með reynslu í þessum efnum. Fyrr en nú hefur ekki verið tímabært að gera þetta, þar eð gögn þau, sem svona vistlíkan verður að byggjast á, fást fyrst með þeim rannsóknum, sem nú standa yfir.

Þá er Orkustofnun með fjárbeiðni í sambandi við Jökulsá á Fjöllum: Álitsgerð um landbrot. Aurburður Jökulsár á Fjöllum hefur verið mældur um nokkur ár. Við virkjun Jökulsár stöðvast verulegur hluti þessa aurburðar og nær ekki til sjávar. Við það er í einhverjum mæli raskað jafnvægi milli eyðingar strandarinnar af öldu og straumum og aðburði fyllingarefnis. Áformað er að fá álit landmótunarfræðings um það, hversu víðtæk eyðing geti orðið á ströndinni af þessum sökum.

Þá er annað atriði, sem varðar Jökulsá á Fjöllum, álitsgerð um lífræn áhrif. Enda þótt Jökulsá beri ekki mikið fram af lífrænum efnum, þykir samt rétt að fá álitsgerð sérfræðings á því, hvort virkjun árinnar geti hugsanlega haft einhver áhrif á lífsskilyrði í sjónum. Jafnframt er ráðgert að fá álitsgerð um breytingu þá á möguleikum til fiskræktar í Jökulsá, sem leiða kann af virkjun árinnar.

Þá er beiðni, sem snertir Austurland, álitsgerð um landbrot. Þar er um að ræða sams konar athugun á áhrifum minnkaðs aurburðar á ströndina og að framan er lýst um Jökulsá á Fjöllum.

Þá er farið fram á fjárframlag til rannsókna á Eyjabökkum á Austurlandi. Eyjabakkar mundu fara undir eitt af uppistöðulónum Austurlandsvirkjunar, ef til kemur. Ekki er vitað til, að þar séu nein þau náttúruverðmæti, sem eftirsjá sé að. Þó þykir rétt að kanna, að svo sé ekki. Hafa Náttúruverndarsamtök Austurlands m. a. sent Orkustofnun erindi um nauðsyn slíkrar rannsóknar. Er vonazt til þess, að með rannsókn á þessu nú á frumstigi undirbúnings megi komast hjá deilum síðar.

Þá er enn í sambandi við Austurlandsvirkjun álitsgerð um veiðiáhrif, en þar er um að ræða sams konar eða svipaða álitsgerð og áður var á minnzt fyrir Jökulsá á Fjöllum. Enn fremur er í sambandi við Austurlandsvirkjun álitsgerð um hreindýr. Sú skoðun hefur komið fram, að Austurlandsvirkjun kynni að hafa óheppileg áhrif á hreindýrastofninn. Áformað er að fá álitsgerð sérfræðings á því.

Þá er atriði, sem snýr að Þjórsá og Hvítá, álitsgerð um ströndina. Þar er um að ræða svipaða álitsgerð og áður er lýst um Jökulsá á Fjöllum, þ. e. a. s. um landbrot. Aðstæður eru þó á ýmsa lund aðrar við suðurströndina. Þar er mikill sandflutningur.

Loks er svo hitadreifing í uppistöðulónum. Ein af þeim áhrifum, sem uppistöðulón geta haft á lífsskilyrði vatnafiska neðan í ánum, er röskun á hitafari ánna vegna hitamiðlunar í lónunum. Hafa má mikil áhrif á þetta hitafar, eftir að lánið er komið, með því að taka vatn úr því á mismunandi dýpi og þar með á mismunandi hitastigi. Til þess þarf hitastigsdreifing í lóninu að vera þekkt. Nýlega hafa komið fram erlendis afreikniforskriftir til að áætla hitadreif-

inguna út frá veðrinu. Hefur Orkustofnun fengið eina slíka, og er ætlunin að reyna hana við hérlendar aðstæður.

Mér þótti rétt að greina frá þessum atriðum, vegna þess að Orkustofnun hefur nú þegar með höndum ákaflega viðtækar vistfræðilegar athuganir, og hafa þær aukizt til mikilla muna á síðustu árum. Mér er raunar til efs, að nokkur stofnun hérlendis hafi lagt jafnmikla áherzlu á það að flétta vistfræðilegar rannsóknir inn í almennar athuganir sínar eins og Orkustofnun hefur gert. Hins vegar er það alveg vafalaust, að þar má gera enn betur og þarf að gera enn betur.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson greindi áðan frá því samstarfi, sem náttúruverndarráð hefur haft frumkv. að við Orkustofnun og við iðnrn., og ég vil fagna því alveg sérstaklega, að hann hefur gert ráðstafanir til þess, að starfandi verði sameiginleg n. iðnrn. og náttúruverndarráðs til þess að fjalla um þessi mál í heild frá umhverfissjónarmiðum. Í sambandi við þessa till., eins og ég sagði áðan, þá fagna ég henni, en mér finnst hún vera fullþröng. Mér finnst hún vera þröng, ekki aðeins vegna þess, að þarna er um að ræða ákaflega litinn þátt af mjög umfangsmiklu vandamáli, sem kom fram í ræðum frummælenda hér í dag, heldur vegna hins, að þarna er rætt um nýtingu íslenzkra orkulinda til raforkuframleiðslu. Það er einvörðungu rætt um orkuframleiðsluþáttinn, en ekki um það, til hvers orkan er notuð. Og þetta eru liðir, sem ég tel, að tengja verði saman í slíkri rannsókn. Það er að minni hyggju algert úrslitaatriði, að það sé líka kannað og metið af fullri gagnrýni, hvernig sú orka, sem við kunnum að vinna úr vatnsföllum og hverum, er notuð og hver áhrif orkunnar kunna að verða á umhverfið.

Ég hef haft hug á því að flytja brtt. við þessa þáltill., en ég hef ekki komið því í verk enn þá. Hins vegar voru þau atriði, sem ég hef verið að velta fyrir mér, þess eðlis, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að láta gera og leggja fyrir Alþ. áætlun um nýtingu íslenzkra orkulinda til stuðnings og eflingar velferð á Íslandi og að þar eigi m. a. að leggja áherzlu á eftirtalin atriði:

1. Að íslenzka þjóðin hafi á hverjum tíma úrslitavald yfir efnahagslífi sínu og nýtingu orkulinda. Hugsanleg samvinna við erlenda aðila komi aðeins til greina að því marki, sem hún samrýmist þessu höfuðmarkmiði.

2. Að nýting orkulindanna dragi úr hagsveiflum og stuðli þannig að staðfestu í efnahagslífi þjóðarinnar.

3. Að nýting orkulindanna stuðli að æskilegri búsetudreifingu í landinu eftir landshlutum.

4. Að nýting orkulindanna sé gerð með þeim hætti, að hún hafi sem allra minnst skaðleg áhrif á umhverfið, bæði að því er tekur til sjálfra orkuvinnslumannvirkjanna og einnig þeirra atvinnutækja, sem nýta orkuna.

Þetta eru þau atriði, sem ég hefði helzt hug á að koma á framfæri við þá hv. n., sem fær þessa till. til meðferðar, og ef ég kem því í verk að semja þessa till., þá vænti ég þess, að n. líti á brtt. mína líka ásamt hinni upphaflegu till.

Ég nefndi þarna áðan orðið velferð, en með því á ég við ekki aðeins efnahagslegar framfarir, hagvöxt og festu í efnahagslífi, heldur einnig mál eins og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og þroskavænlegt umhverfi, því að þetta tvennt er sannarlega ekki minna velferðarmál þjóðarinnar en t. d. hagvöxtur. Í þeim atriðum, sem ég nefndi, felst það m. a., að nýting orkulindanna verður að vera með þeim hætti, að það valdi eigi óeðlilegri röskun, þenslu eða spennu í íslenzku efnahagslífi með tilliti til framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli, búsetudreifingar í landinu og annarra slíkra þátta. Þetta táknar aftur, að nýtingu orkulindanna verður að skipuleggja með hliðsjón af og í samræmi við væntanlega þróun þess atvinnulífs, sem fyrir er í landinu. Það verður m. ö. o. að skoða nýtingu orkulindanna sem hluta af allsherjaráætlun um þróun íslenzks efnahagslífs, en ekki sem einangrað fyrirbæri. Enda þótt meginmarkmiðið með nýtingu orkulindanna sé efnahagslegs eðlis, þá má ekki gleyma því, að efling efnahagslífs og hagvöxtur eru engin markmið í sjálfu sér, heldur leiðir að marki eða tæki til þess að ná því. Það mark hlýtur að vera að efla lífshamingju og þroska þess fólks, sem á Íslandi býr og mun búa hér í framtíðinni. Því verður að haga nýtingu orkulindanna og efnahagslegri uppbyggingu á þann veg, að eigi sé rifið niður með annarri hendinni jafnframt því, sem byggt er upp með hinni. Umhverfi mannsins hefur mikil áhrif á lífshamingju hans. Það er tilgangslaust að efla hamingju hans eftir efnahagslegum leiðum, ef henni er jafnframt spillt með eyðileggingu umhverfis. Þetta tvennt, hagvöxtur og efnahagsframfarir annars vegar og þroskandi umhverfi hins vegar, verður því að haldast í hendur.

Fyrsta skilyrði áætlunar af þessu tagi er, að gerð sé könnun á áhrifum ýmissa hugsanlegra orkunýtingaráforma á þjóðarbúskapinn með tilliti til þeirra atriða, sem ég minntist á áðan, þ. e. a. s. með tilliti til valds þjóðarinnar yfir efnahagslífi sínu, hagsveifludreifingar, áhrifa á vinnuafl, áhrifa á búsetudreifingu, umhverfisáhrifa o. s. frv. Einhver könnun mun hafa verið gerð með tilliti til sumra þessara þátta í fáeinum stóriðjumöguleikum svonefndum, en engin með tilliti til þeirra allra. En það er þó alger nauðsyn, ef nothæf heildarmynd á að fást. Það er þetta, sem verður að byrja á.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um stóriðju og hagnýtingu íslenzkra orkulinda í því sambandi. Talsvert áberandi einkenni á þeim umr. er það, að þær hafa stundum verið æði loftkenndar, ef svo má að orði komast, hrifningar- og draumórakenndar. Ástæðan til þess er tvímælalaust sú, að nýting orkulindanna hefur ekki verið skoðuð sem hluti af heildarmynd af íslenzkri atvinnuþróun, heldur utan og ofan við hana oft og tíðum. Það er einmitt tilgangur áætlunargerðar af því tagi, sem ég hef minnzt hér á, að bæta úr þessu, að skapa forsendur fyrir raunhæfara mati á möguleikum

þeim, sem felast í orkulindum landsins. Það leikur tæplega nokkur vafi á því, að þeir möguleikar eru miklir, og ekki heldur á því, að mikil þörf er á að nýta þá, ekki hvað sízt til að draga úr hagsveiflum og til að stuðla að staðföstu efnahagslífi. En slík hagnýting er engan veginn vandalaus fyrir þjóð, sem hefur takmarkað fjármagn og óskar að hafa sjálf úrslitavald í efnahagslífi sínu og búa í óspilltu umhverfi. Þessi leið er vandasöm, en hún er framkvæmanleg. Vandinn má ekki leiða til uppgjafar eða handahófsvinnubragða. Fyrsta skrefið er að gera sér sem gleggsta grein fyrir málinu í einstökum atriðum og ég vænti þess, að sú þáltill., sem hér liggur fyrir og n. á eftir að athuga, geti orðið upphaf eða vísir að slíkri heildarathugun.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs um þessa þáltill., sem hér er til umr. og ég vil þegar í upphafi lýsa yfir stuðningi við, var ekki nema að takmörkuðu leyti till., öllu heldur orð, sem frsm. lét falla hér og mig langaði að gera nokkuð að umtalsefni í sambandi við till. í heild. Hann sagði, að það væri ekki síður nauðsynlegt í sambandi við svona mál að taka til athugunar skynsamlega búsetu í landinu. Það var einmitt það, sem mig langaði að koma inn á í sambandi við þessi mál, orkumálin, að þar skiptir að minni hyggju ekki síður máli að líta á manninn heldur en umhverfið, að líta á búsetu manna í sambandi við öll þessi mál.

Ég veit ekki, og þó þykist ég þess fullviss, að allir hér í þingsölunum hafi tekið eftir því, hve geysileg breyting er að verða á búsetuskilyrðum manna hér á landi við tilkomu notkunar á jarðhita. Það má segja svo, að á öllu höfuðborgarsvæðinu og raunar Suðvesturlandi eru aðstæður slíkar, að þar má heita nokkurn veginn fullvíst, að ýmist eru nú þegar eða munu innan tíðar öll híbýli manna verða hituð með jarðvarma eða jarðhita, eins og við köllum það oft. En á ýmsum stöðum annars staðar, einmitt þar sem óttazt er dálítið um búsetu manna, vegna þess að þéttbýlið sogar, þar háttar einmitt þannig til, að ekki er vitað um jarðvarma, sem líkur séu til að hægt verði að nota til upphitunar íbúða manna, þ. á m. eru ýmsir allstórir kaupstaðir, við skulum t. d. taka Ísafjörð vestur á Vestfjörðum og ýmis sjávarþorpin þar. Á Norðurlandi mundi ég nefna Akureyri og nokkur sjávarþorp fleiri norðanlands, þó að aðrir staðir séu þar sem jarðhiti er til upphitunar, eins og allir þekkja. Á Austfjörðum hygg ég, að það sé einnig mjög víða, að ekki komi jarðhiti til upphitunar á húsum fyrir fólk, og þess vegna finnst mér, að inn í þetta dæmi hljóti að koma, að þar sem þannig háttar til, að jarðhitinn kemur ekki til greina varðandi upphitun eða iðnaðaraukningu, þar verði að leggja höfuðáherzluna á að fá aukið rafmagn til þess að jafna þennan skakka.

Fyrir nokkrum dögum var verið að ræða hér um iðnvæðingu í landinu, og þar féllu þau orð hér í þingsölunum, að eitthvert allra þýðingarmesta mál fyrir íbúa þessa lands væri uppbygging iðnaðar. Það er þannig augljóst mál, að til framdráttar iðnaðarmálunum þarf aukið rafmagn, og þess vegna staðnæmumst við aftur við það, að á þeim stöðum, þar sem við þurfum að undirbyggja skynsamlega búsetu, þar kemur *enn til greina rafmagn, ekki eingöngu til upphitunar og ljósa, heldur og til iðnaðar.*

Þá komum við að því, að það verður að líta á kostnaðinn við framleiðslu rafmagnsins. Hvað er skynsamlegt í þessu sambandi? Er skynsamlegra að hafa orkuverin fá og stór eða kannske smærri og fleiri, og hvernig á að koma þeim *málum fyrir, þannig að allir búi við sem svipuðust kjör um rafmagnsverð?* En auk þessa kemur svo inn í þetta þessi svokallaða vistfræði, sem var verið að lýsa fyrir okkur hér áðan. Þá var bent á það t. d., að brennsluolíur, skv. því, sem menn vissu um þær nú, væru mjög að ganga til þurrðar miðað við núverandi notkun þeirra, og kannske verða ekki nema ein 20—30 ár þangað til fer að gæta mikillar þurrðar á þeim. Þá liggur í augum uppi, að okkur Íslendingum liggur á að búa okkar mál þannig í haginn, að við þurfum sem minnst að nota slíka olíu, sem kannske gengur til þurrðar innan tíðar. Og þó að það þyki kannske fjarstæðukennt að drepa á það hér, þá dettur manni stundum í hug: Hvað verður um alla bílaeign Íslendinga eins og annarra þjóða, þegar kannske benzínið fer að ganga til þurrðar, og hér eru eiginlega allar samgöngur okkar á landi komnar undir bílnum? Það er þannig margt, sem þarf að gá að í þessu sambandi.

Orkumálaráðh. flutti athyglisverða ræðu áðan og var að benda á, að þess yrði að gæta í sambandi við orkumálin, að ekki skapaðist óeðlileg spenna í framleiðslu orkunnar, þar yrði að haldast í hendur notkun og framleiðsla. Af því að við erum nú einmitt, ég og þeir íbúar landsins, sem ég þekki bezt, búsettir á því svæði, þar sem mjög er þörf á aukinni orku, en við vitum ekki enn, hvernig á að leysa úr, þá hefði ég haft gaman af, — en því miður er ráðh. ekki við, — að spyrja, hvað liði þeim framkvæmdum, sem við heyrum helzt rætt um, að nú séu á döfinni, þ. e. að koma á svokallaðri Sigölduvirkjun og leggja línu norður um fjöll. Það ganga ýmsar sögur um, að það fáist ekki þau erlendu lán, sem vonazt hafði verið eftir til þess að koma þeirri virkjun á, eða að ekki sé vitað, hver markaðurinn verði fyrir svo stóra virkjun eins og þar er ráðgerð. Þá verður spurningin: Mun þarna myndast spenna í orkuframleiðslunni, sem er óæskileg, eins og ráðh. var að tala um?

Einnig kemur manni í hug, hvort þessar framkvæmdir, lagnirnar norður yfir fjöll, eru ekki svo dýrar, að þarna sé verið að stefna að því, sem ég var að ræða um í upphafi, að vissir landshlutar verði að búa við svo dýrt rafmagn, að það verði hætta fyrir skynsamlega búsetu þeirra landshluta.

Þessum málum vildi ég aðeins koma að í þessu sambandi, og svo þeirri skoðun minni, að þó að ég sé fylgjandi umhverfisvernd, þá þurfi ætíð að gæta þess, að hún sé ekki svo mikið aðalatriði fyrir mönnum, að þar sé ekki öll gát höfð á, og einmitt haft í huga að gæta þess, að í landinu sé alltaf athuguð skynsamleg búseta. — Þessum atriðum vildi ég koma hér á framfæri.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér sýnist sjálfsagt að þakka þær ágætu undirtektir, sem þessi þáltill. hefur fengið hjá öllum þeim hv. þm., sem talað hafa. Ég vil einnig þakka mikilvægar upplýsingar, sem hafa komið fram óvenjusnemma fyrir þáltill., og ætti þá starf hv. atvmn. að verða auðveldara.

Ég vil í sambandi við upplýsingar frá hv. 1. þm. Austf. upplýsa, að okkur flm. var að sjálfsögðu kunnugt um ákvæði náttúruverndarlaga. Sjálfur hef ég ávallt litið svo á, að náttúruverndarráð sé eins konar yfirdómari í þessum málum. Till. stefnir öllu fremur að því að ákveða vinnubrögð, einmitt eins og hv. þm. upplýsti, að náttúruverndarráð hafi mikið hugleitt, og sýnist mér, að það stefni mjög inn á sömu braut og náttúruverndarráð telur skynsamlegasta. Við flm. teljum sjálfsagt og nauðsynlegt, ef þessi sjónarmið eiga að komast til skila tímanlega í hverri rannsókn, að þau séu á ábyrgð þess aðila, sem annast forrannsóknirnar og rannsóknirnar almennt. En hitt er annað mál, eins og ég sagði, að það þarf að vera samband við fleiri aðila, og er náttúruverndarráð þar sjálfsagður sambandsaðili.

Hæstv. orkumálaráðh. ræddi ítarlega um þessa till. og upplýsti margt með svari Orkustofnunar. Hæstv. ráðh. er að vísu ekki við, en ég vil þó láta koma hér fram ánægju mína með þessi viðbrögð Orkustofnunar. Að vísu er það nokkuð undarlegt, að slík vistfræðileg athugun skuli hafa átt sér stað hjá Orkustofnun í 3 ár, og þó liggur hér á borðinu hjá mér skýrsla, áætlun um rannsóknir á þessu svíði, sem einmitt var gefin út í ágúst 1969, eða fyrir um það bil þremur árum, og er þá ekki minnzt á þessi mál nema í sambandi við ferðamenn við Gullfoss. En betra er seint en aldrei, og ég fyrir mitt leyti treysti fyllilega Orkustofnun til þess að sinna þessu máli, þó að ég sé dálitið haldinn þeirri skoðun, sem ég hygg, að margir aðrir landsmenn séu, að þessu hafi e. t. v. verið þröngvað upp á Orkustofnun frekar en að hún hafi tekið málið að sér að eigin frumkvæði. Mér sýnist einnig, með tilliti til þessara upplýsinga, enn meiri ástæða til þess en áður að endurskoða þessa opinberu rannsóknaráætlun, sem nú liggur fyrir, þar sem öll þessi sjónarmið koma fram, þar sem koma fram hugmyndir um virkjanir fallvatna, einnig með tilliti til vistfræðilegra vandamála, og grunar mig, að ef svo er gert tímanlega, megi koma í veg fyrir ýmsa árekstra, sem slíkar framsetningar, sem í hinni upphaflegu áætlun eru, geta og hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér. Mér sýnist því, að þessar nýju áætlanir Orkustofnunar og hugmyndir ættu að stuðla að skjótri framkvæmd á meginþætti þessarar þáltill.

Hæstv. ráðh. taldi vistfræði ekki nýja vísindagrein. Það er að sjálfsögðu teygjanlegt, ef við lítum á erlenda hugtakið „ökologi", en e. t. v. er þeirri þróun, sem orðið hefur, bezt lýst með því að halda áfram því, sem hv. 1. þm. Austf. nefndi í stuttri sögu núverandi náttúruverndarráðs. Í frv. var þetta kallað náttúruvernd, síðar umhverfisvernd, en í síðustu bréfum náttúruverndarráðs er talað um vistfræði, og á þessu er satt að segja nokkur munur. Vistfræðin er langtum víðtækara hugtak en náttúruvernd og jafnvel umhverfisvernd. Vistfræðin, þetta nýyrði, sem menn eiga e. t. v. erfitt með að venjast, — einhverjum heyrðist þetta vera listfræði áðan, þegar um var talað, — fjallar mjög náið um öll viðskipti allra lifandi vera innbyrðis og einnig við landið sjálft, eins og hv. 2. flm. rakti vandlega hér áðan.

Ég er að sjálfsögðu alveg sammála því, sem kom fram í bréfi Orkustofnunar, að vitanlega eru það margir þættir, sem ákveða, hvort virkjað verði á einum stað eða öðrum, á einn máta eða annan. Það er alveg ljóst. Ég vona, að þessi þáltill. okkar skiljist aldrei svo, að það beri að virkja aðeins með tilliti til vistfræðilegra vandamála. Ef hún skilst þannig, þá er þar um alvarlegan misskilning að ræða, en svo mátti jafnvel skilja á svari Orkustofnunar. Vitanlega hljóta aðrar tæknilegar forsendur að verða teknar til greina engu síður. En við erum aðeins að leggja áherzlu á, að þetta sjónarmið er ekki síður mikilvægt en önnur og jafnvel enn mikilvægara og ber að líta á það í fyrstu skoðun hverrar hugmyndar, ekki sízt til að forðast alls konar árekstra, sem frekar verða af þessum sökum en öðrum við þá, sem byggja landið.

Hæstv. ráðh. ræddi um það, að till. mætti vera víðtækari. Ég samþykki það og sagði það raunar í minni framsögu, sló því jafnvel fram, að það væri fróðlegt að reyna að gera okkur eins konar heildarmynd af þeirri búsetu, sem við viljum, að verði í þessu landi eftir nokkra áratugi. Og ég gat þess, að það eru orðnar mjög athyglisverðar aðferðir, sem hafa verið þróaðar í þessu skyni. En ég taldi hins vegar málið of viðamikið og ekki nægilega þekkt til að ræða það nú, en vonandi kemur að því fljótlega.

Hæstv. ráðh. minntist sérstaklega á iðnaðinn, áhrif hans og notkun orkunnar til ýmissa þarfa landsmanna, sem og áhrif virkjana, iðnaðar og notkunar orkunnar á búsetu í landinu, eins og hv. 5. landsk. þm. rakti einnig hér áðan. Í raun og veru er allt þetta í till. okkar þremenninganna. Í 4. lið segir: „Skoða ber hina ýmsu valkosti með tilliti til áhrifa búsetu í landinu (vistpólitísk áhrif)." Og þar segir í 7. lið: „Leggja ber fram áætlun um eðlilega aukningu á raforkuþörf landsmanna til hinna ýmsu þarfa, og áætla ber eðlilega skiptingu fáanlegrar raforku til hinna ýmsu þarfa þjóðfélagsins." Í grg. segir einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Norðmenn eru að gera áætlun um nýtingu þess vatnsafls, sem þar er enn talið virkjanlegt, með fullu tilliti til vistfræðilegra sjónarmiða. Þeir munu reyna að skipta þeirri raforku niður á heimilisnotkun og smærri iðnað, útþenslu iðnaðar, sem fyrir er í landinu, og loks, ef eitthvað telst til ráðstöfunar, til nýrra iðngreina. Þótt slík ráðstöfun sé ekki orðin eins brýn hjá okkur Íslendingum, telja flm. þessarar till. þó mjög tímabært, að reynt sé að gera sér nokkra grein fyrir eðlilegri nýtingu orkulindanna."

Í raun og veru tel ég, að í þessum greinum og þessum þáttum þáltill. felist það, sem hæstv. ráðh. var að geta um. En ég fellst á, að það sé sett fram á ítarlegri máta og víðtækari. En þess vil ég þó geta, að það er með vilja, að við þrengdum þetta svið nokkuð, því að við viljum

ekki, að þessi fyrsta framkvæmd á þessu sviði, langtímaathugun á þróun eins þáttar okkar þjóðlífs og þjóðarbús, verði svo umfangsmikil og flókin, að ekki verði við ráðið. Ég vil þó til upplýsinga geta um nokkur atriði strax, sem þarf í raun og veru að ákveða í þessu sambandi.

Fyrir dyrum stendur virkjun Sigöldu, eins og hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt. Þar munu fást um 150 Mw. eða um 900 Gwst. af orku. En það er ekki nema hluti af þessu afli, sem veitir forgangsorku. Hitt er afgangsorka. Og það er ljóst, að til þess að þessi virkjun verði verulega hagkvæm og viðráðanleg fyrir okkur Íslendinga, er æskilegt að fá einhvern orkufrekan iðnað þarna með til að taka í byrjun nokkurn hluta af orkunni, t. d. ⅓, þannig að orkuverðið komist fyrr í góða nýtingu. En staðreyndin er sú, að þær athuganir, sem hafa verið gerðar upp á síðkastið á slíkum orkufrekum iðnaði, hafa leitt í ljós, að áhugi fyrir kaupum á raforku til orkufreks iðnaðar er mjög mikill, og kemur þar fram það, sem ég sagði í framsögurræðu minni, að aðrar orkulindir hafa ekki reynzt svo samkeppnisfærar sem áður var talið. Ef ég má orða það svo, bjóðast a. m. k. 3 eða 4 iðngreinar, sem þarna gætu allar komið til tals. Nú vaknar sú spurning, ef valin er ein iðngrein í þessu sambandi, hvort þá eigi að hraða næstu virkjun og grípa, eins og sumir mundu segja, gæsina, á meðan hún gefst, og nýta næstu virkjun, Hrauneyjarfoss, hið fyrsta til annarrar stóriðju. Þetta er að sjálfsögðu stefnuatriði, sem ákveða þarf og það fyrr en síðar. Ættum við að hraða virkjun okkar vatnsafls, nýta það allt fyrir 1990, eins og sett er fram í áætlun Orkustofnunar, eða er engin þörf á því? Er það jafnvel óskynsamlegt? Eru önnur sjónarmið en hin hagfræðilegu eða hagvaxtarlegu orðin mikilvægari? Við flm. teljum, að svo sé. Og ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel enga ástæðu til þess að hraða sér þarna. Við eigum að virkja eins og við þurfum fyrir eigin þarfir með tilliti til hinna fjölmörgu sjónarmiða, sem hér hefur verið minnzt á, en getum svo athugað, þegar að næstu virkjun kemur vegna eigin þarfa, hvort þá verður jafnframt þörf fyrir annan orkufrekan iðnað. Ég ætla ekki að fara að ræða hér ítarlega um þessar iðngreinar. Ég vil aðeins geta þess hér til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessu sambandi, að þau boð, sem fengizt hafa, eru mjög á þá lund, að við Íslendingar ættum þessar iðngreinar að öllu eða mestu leyti, og gætu þær þannig að mínu viti orðið verulegir og æskilegir þættir í okkar þjóðarbúi. Ég nefni þetta sem dæmi um þau atriði, sem þarf að taka til skjótrar ákvörðunar í sambandi við hina almennu stefnu og við er átt að nokkru leyti í 7. lið þáltill. okkar, þótt þar sé einnig átt við lengri tíma ráðstöfun, eins og hæstv. ráðh. lagði áherzlu á.

Ég vil svo að endingu aftur þakka hv. þm. fyrir góðan stuðning við þessa þáltill. Ég fæ ekki séð, að hún rekist á neitt það, sem nú er verið að gera, hvorki hjá náttúruverndarráði né Orkustofnun. Hún ætti aðeins að verða til þess að lýsa yfir vilja hv. Alþ. í þessu mikilvæga máli og koma málinu inn á ákveðnari braut. Það er einnig von mín, að þessi æfing, ef ég má kalla það svo, í langtímaáætlun og stefnumörkun geti orðið til þess, að slík vinnubrögð verði tekin upp á fleiri sviðum og verði almennari fyrir okkar mannlíf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vátryggingastarfsemi, þáltill. (þskj. 45). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þáltill. þá um ríkisrekstur á vátryggingastarfsemi, sem hér er til umr., hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. 2. landsk. þm., Pétri Péturssyni, og er hún svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að öll vátryggingastarfsemi í landinu skuli ríkisrekin, og leggur fyrir ríkisstj., að hún láti þegar semja varðandi þetta frv. að lögum, sem komið geti til meðferðar yfirstandandi þings."

Þegar haft er í huga, að ríkisvaldið hefur bundið þegnum sínum á herðar margháttaða vátryggingaskyldu, má það raunar furðulegt teljast, að það hafi ekki gætt þess jafnframt, að sú skylda yrði þeim sem hagkvæmust og léttbærust. Svo er að vísu að sjá, að þetta hafi fyrrum vakað fyrir ríkisvaldinu með stofnun og rekstri Brunabótafélags Íslands, en allt hefur þetta farið svo úr böndum, að enn eru ný og ný vátryggingafélög að spretta upp og tryggingastarfsemin að færast á fleiri og fleiri hendur.

Nú skyldi einhver álíta, að samkeppni um viðskiptavini mundi auka og bæta þjónustuna, þjónustu þessara mörgu vátryggingafélaga, en svo virðist ekki hafa orðið heldur hefur hitt gerzt, að þau hafa komið sér saman um vissar leikreglur til að tryggja hag sinn gagnvart tryggingartökum og ýmis þjónusta þeirra orðið æ umdeilanlegri. Oft ná tryggingartakar engum bótum nema með málssókn, sem er tímafrekt og dýrt alþýðu manna, enda kinoka margir sér við að standa í slíku. Sjálfsagt er að taka fram, að ástæðan fyrir þessum hætti er að einhverju leyti sök þeirra vátryggingartaka, sem fara eins langt í kröfum og bótum fyrir tjón og þeir framast hafa hugkvæmni til, en algengari er þó hin ástæðan, að reglur um bætur eru oft undarlega hálar og teygjanlegar í framkvæmd. Væri þessi þjónusta í höndum ríkisins, eins og okkur flm. finnst sjálfsagt, verður að ætla, að ríkisvaldið hugsaði jafn vel um hag vátryggingartakans og sinn, því að ríkið er þegnarnir og þegnarnir eru ríkið. Enn er að geta þess, að ríkið sjálft er ugglaust langstærsti vátryggingartakinn beint eða óbeint, og nægir þar að benda á allar tryggingar veiðiflotans, sem ríkið greiðir í raun. Virðist þar einsætt, að ríkið ætti við sjálft sig, en ekki vátryggingahlutafélög, sem jafnvel dytti í hug, eins og í haust, að koma í veg fyrir framkvæmd laga, af því að þeim þætti skylda sín of þungbær.

Þá er að drepa á þann þáttinn, að öll vátryggingafélög munu verða að baktryggja sig hjá erlendum vátryggingafélögum, og þarf varla að leiða að því getur, að þær baktryggingar eru óhagstæðari þjóðarheildinni, þegar fleiri og smærri aðilar verða að kaupa þær, en ekki einn stór, í þessu tilfelli ríkið. Hér yrði eflaust um þó nokkurn gjaldeyrissparnað að ræða. Enn

renna þau rök undir að hafa vátryggingastarfsemi alla á einni hendi, að hún krefðist færra starfsliðs og minna húsnæðis heldur en á höndum margra vátryggingafélaga. Hniga þannig að því öll rök, að ríkisrekstur á þessari þjónustugrein yrði þjóðarbúinu ódýrari en nú er, starfslið færra, skrifstofukostnaður minni, baktrygging erlendis lægri, þannig að iðgjöld ættu að geta lækkað og bótagreiðslur síður að verða ágreiningsefni fyrir dómstólum, því að ætla má, að ríkisvaldið sæi sér skylt að setja sem afdráttarlausust ákvæði um tjónabætur.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta, en legg til, að eftir að þessar umr. hafa farið fram, verði umr. frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaviarverksmiðja á Norðausturlandi, þáltill. (þskj. 55). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., skýrir sig, að ég vona, sjálf, en þó langar mig til að drepa aðeins á nokkur atriði.

Eins og allir vita, er einna mest framleitt af grásleppuhrognum fyrir Norðurlandi og sérstaklega Norðausturlandi, og þessi framleiðsla hefur löngum undanfarið verið flutt svo til öll út óunnin, en aðrar þjóðir haft af því bæði atvinnuaukningu hjá sér og tekjuaukningu að setja hana í neytendaumbúðir eða umbreyta henni í neytendavörur.

Nú hagar svo til á Norðausturlandi og raunar Norðurlandi öllu, að oft á vetrum vantar vetrarvinnu fyrir marga vinnandi hönd í sjávarplássunum, og því er þessi till. gerð, að þess verði freistað, að einmitt þetta hráefni verði notað til atvinnuaukningar á þessum stöðum. Þó að hér sé fyrst og fremst gert ráð fyrir, að ein verksmiðja verði stofnuð til þessarar framleiðslu og hún rekin með sem mestum myndarbrag og nákvæmni og myndugleik til að byrja með, þá má ætla, þegar fyrstu byrjunarörðugleikarnir hafa verið yfirstignir, að þetta geti orðið atvinnugrein á fleiri stöðum en einum, þó að ég telji heppilegast, og við flm., að það verði byrjað á einhverjum einum stað, meðan verið er að koma þessu vel á laggirnar.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta mál, en óska eftir því, að umr. verði frestað og málinu vísað til atvmn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá fyrri flm. þessarar till., er atvinnuástand á sumum stöðum á Norðurlandi oft og tíðum mjög lélegt, sérstaklega að vetrinum. Þess vegna hafa verið þar víða uppi athuganir á t. d. slíkri framleiðslu, sem hér um ræðir. Það er lítils háttar kaviarframleiðsla á þremur stöðum á Norðurlandi, þ. e. á Húsavík, á Akureyri og það mun vera líka á Siglufirði. Á undanförnum árum hefur verið undirbúningur að slíkri verksmiðju á Dalvík. Það er Söltunarstöð Dalvíkur, sem hefur haft þetta mál í undirbúningi og hefur mjög leitað til stjórnarvalda og lánasjóða til að fá stuðning til slíkrar verksmiðjubyggingar, og er raunar hafin slík bygging á Dalvík. Söltunarfélag Dalvíkur var stofnað 1945, og aðalstarfræksla þess félagsskapar var síldarsöltun, en svo þegar síldin hvarf, þá voru þar byggingar og eignir, en möguleika vantaði til þess að halda þarna áfram einhverri starfrækslu. Og þar sem á Dalvík er fyrst og fremst byggt á sjósókn og svo lítils háttar þjónustuiðnaði við nærliggjandi sveitir, var fyrst og fremst að huga að því, hvort ekki væri hægt að vinna eitthvað úr sjávaraflanum, eins og er byrjað á Húsavík og víðar. En þar sem þessi mál öll eru nú í athugun, hefur Söltunarfélaginu ekki enn þá tekizt að fá ákveðin svör, en þó hefur máli þess verið mjög vel tekið af stjórnarvöldum. Niðursuðunefndin, sem var sett á laggirnar, segir, að 1970 hafi salan ekki verið nema 66.7 tonn af grásleppukaviar, og fyrir þær 6 verksmiðjur, sem nú vinna að þessari framleiðslu, — og að vísu vinna að margs konar annarri niðurlagningu og framleiðslu, — sé þetta 28 daga framleiðsla. Ef þær vinnu ekki annað, sem er óhugsandi, þá sjá menn, að þetta er auðvitað lítið. En fyrir, að ég held tveimur árum, var í sambandi við byggingar og eignir Söltunarfélagsins á Dalvík byrjað á byggingu og er búið að byggja þar fyrir, held ég, 900 þús. kr. Töluvert af þessari byggingu mundi ekki nýtast við slíka framleiðslu, sem þarna er fyrirhuguð.

Ég er einmitt með hér í höndum bréf frá iðnrn., þar sem gert er ráð fyrir því, að á næstunni muni þessi mál þróast þannig, — og þeir eru það bjartsýnir og telja sig geta mælt með því, — að Söltunarfélagið fái fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum til þess að halda áfram framkvæmdum á Dalvík í þessu skyni. Ég vil upplýsa það hér í sambandi við þessa till., að þetta er komið af stað. Ég er hér með fyrir framan mig álitsgerð frá Páli Péturssyni niðursuðutæknifræðingi, þar sem hann hefur gert áætlun um uppbyggingu og rekstur á svona verksmiðju, sem mundi vinna úr um þúsund tunnum á ári, og hann gerir ráð fyrir líka, að það mundi verða ýmisleg annars konar framleiðsla, jafnvel niðursuða á rauðkáli, en hann hefur komizt að raun um, að sé flutt inn niðursoðið rauðkál fyrir 20 millj. kr. á ári. Og niðurstaða hans, þó að stærðin sé ekki meiri en þetta, er sú, að þessi verksmiðja, sem mundi veita nokkuð mörgu fólki þarna atvinnu, mundi vel bera sig, eftir að fyrsta árið er liðið.

Það er auðvitað mjög gott, að svona till. kemur hér fram, og vonandi tekst, miðað við hina nýju skipan þessara mála, að fá markað fyrir ýmsa vöru erlendis. Það eru nú litlir sölumöguleikar, nema helzt í Austur-Þýzkalandi, Frakklandi og Ameríku, og ekki fyrir meira magn en um 66—70 tonn. En þeir, sem eru kunnugir þessum málum, telja, að með því að auglýsa þetta nógu vel og kynna erlendis, séu miklir möguleikar í þessari framleiðslu, og vonandi verður hægt að setja upp svona verksmiðjur víðar á Norðurlandi en nú er. En þar sem undirbúningur er hafinn að þessari verk-

smiðju, sem er að rísa á Dalvík, finnst mér einsýnt, að hún eigi að sitja fyrir stuðningi hins opinbera til að ljúka því verki, sem þar er hafið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Till., sem hér liggur fyrir á þskj. 55, er þess efnis, að Alþ. ályktí að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti kanna hið fyrsta möguleika á því að koma upp og reka fullkomna kavíarverksmiðju á Norðausturlandi til að vinna grásleppuhrogn. Ég sé, að staðarval skal fara eftir hagkvæmni og atvinnuþörf.

Það er rétt, sem hv. frsm. tók fram og einnig hv. 4. þm. Norðurl. e., að mjög mikill hluti af þeirri grásleppu, sem veiðist hér við land, veiðist við Norðurland og ekki sízt Norðausturland. Grásleppuhrognin hafa verið seld óunnin eða a. m. k. ekki fullunnin, flutt út söltuð í tunnum. En ástæða er til að ætla, að mun meira verð mætti fá fyrir vöruna, ef hún væri seld út fullunnin.

Ég er mjög ánægður yfir því, að þessu máli skuli vera hreyft hér varðandi Norðausturland, en ég hefði kosið, að því væri ekki hreyft á fyrsta stigi á þann hátt að koma upp einni stórri verksmiðju, sem tæki á móti hrognunum frá öllum þeim stöðum, þar sem grásleppa er veidd, heldur væri það athugað, jafnvel fyrst og fremst, hvort ekki væru möguleikar til þess að vinna hrognin í smáum stíl á þeim stöðum, þar sem þau eru veidd. Mig skortir þekkingu til þess að vita, hvort þetta er hægt á hagkvæman hátt. En ef það væri hægt, væri það auðvitað miklu æskilegra fyrir þá staði, þar sem grásleppan er veidd. En fyrir utan þá staði, sem hér hafa verið nefndir við Eyjafjörð, þá er t. d. mikið veitt af grásleppu á Húsavík og Tjörnesi, sem þar er lögð á land á ákveðnum stað, einnig á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn og að ég ætla einnig á Vopnafirði. Á öllum þessum stöðum er um mjög verulega veiði að ræða og jafnvel á einstökum jörðum, þar sem grásleppumið eru fyrir landi, en að sjálfsögðu er ekki hægt að gera ráð fyrri því, að unnið yrði úr hrognunum á hverjum slíkum stað. En þetta finnst mér, að þyrfti að athuga fyrst og fremst. Ef það er framkvæmanlegt að vinna kavíarinn úr hrognunum í smáum stíl, eins og yrði í hinum einstöku þorpum, væri það mjög æskilegt fyrir þessa staði. Komi í ljós, að það sé ekki hægt af fjárhagslegum ástæðum, þá náttúrlega verður að taka því.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 60 um það, að í staðinn fyrir „fullkomna kavíarverksmiðju" komi „kavíarvinnslustöðvar", og er þá miðað við, að þetta yrði á fleiri stöðum. Ég vil mælast til þess, að sú hv. n., sem fær till. til meðferðar, taki brtt. einnig til athugunar, og ekki er ólíklegt, að skynsamlegt væri að leita umsagnar um þetta til Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem er nú að athuga ýmsa hluti í þessu sambandi, t. d. í sambandi við landshlutaáætlanir.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, aðeins mælast til þess við n., að hún taki þetta til athugunar og þetta verði grandskoðað.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál mikið eða hafa á móti því að þessi till. nái fram að ganga eða málið verði athugað, eins og þar er lagt til. En ég hélt, að þeir í Norðurl. e. væru þessum málum nokkuð kunnugir, vegna þess að það eru, eins og hér hefur verið upplýst, hvorki meira né minna en þrjár verksmiðjur fyrir hendi einmitt í þessu kjördæmi. Á Húsavík er verksmiðja, en það er einmitt Kaupfélag Þingeyinga eða fisksölusamlagið þar, sem keypti vélarnar, sem Samband ísl. samvinnufélaga var búið að starfa með hér sunnanlands í þó nokkurn tíma, og verksmiðjan á Húsavík hefur flutt lítils háttar út af kavíar. Það er ekki komin verksmiðja enn þá á Dalvík, það er rétt, sem hv. þm. segir, en þar er verið að framkvæma þessa hluti, og það er sýnilegt, að þar verður haldið áfram. Það er búið að undirbúa málið töluvert, eins og hv. þm. upplýsti, og að sjálfsögðu verður því haldið áfram.

Varðandi fjármögnun í þessu efni, þá er ýmislegt erfiðara en að fást við það, vegna þess að iðnþróunarsjóðurinn ræður yfir miklu fé, og það er einmitt iðnþróunarsjóðurinn, sem á að koma til hjálpar í slíkri uppbyggingu sem þessari, og hann hefur gert það. Hitt er annað mál, að það eru ekki fyrst og fremst verksmiðjurnar, þó að þær kosti mikla peninga, sem okkur vantar í þessum efnum, til þess að hér sé hægt að byggja upp öflugan atvinnuveg til að veita mörgum atvinnu og auka verulega útflutningsverðmæti hráefnis okkar, eins og var vikið réttilega að áðan, að æskilegt væri. Við eigum, eins og hv. þm. vita, við keppinauta að etja í þessum efnum, t. d. í EBE-löndunum, þar sem markaðurinn er að mjög miklu leyti í Frakklandi, Vestur-Þýzkalandi og fleiri löndum, og þar verðum við að borga af fullunnu vörunni 30% toll. Þeir fá hins vegar grásleppuhrognin, bæði héðan frá Íslandi, Noregi, Grænlandi, Kanada og víðar, inn tollfrjálst sem hráefni handa þessum verksmiðjum þar. Það er þessi aðstöðumunur, sem gerir okkur erfitt um að gera þennan atvinnuveg öflugan. Það er enginn vafi á því, að Samband ísl. samvinnufélaga með þá fjármögnun, sem það ræður yfir í þessum efnum, væri annars búið að ná hér verulegum árangri fyrir löngu, því að það lagði í verulegan kostnað hér suður í Hafnarfirði við svokallaða tilraunastöð í þessu skyni og rak hana um árabil, en stórtapaði á því fé. Þess vegna hætti það framleiðslunni.

Ég held, að þeim í Norðurl. e. yrði ekki mikill greiði gerður með því að fjölga verksmiðjum, á meðan ekki er komið lengra.

Hv. síðasti ræðumaður vildi leggja sérstaklega áherzlu á að breyta þessari till., það ætti að setja fleiri slíkar verksmiðjur á stofn í þessu kjördæmi. Ég held, að það verði ekki leiðin til eflingar þessari atvinnugrein, því að sannleikurinn er sá, og það vita allir, sem eitthvað þekkja til í þessum efnum, að það er útilokað að fara út í þessa framleiðslu án þess að leggja í verulegan kostnað í sambandi við vélakaup og uppbyggingu. Þess vegna verður ekki um það að ræða að hugsa sér að gera þetta í mjög smáum stíl. Það verður að kaupa ákveðn-

ar vélar, og varan verður að vera fyrsta flokks. Án þess er vonlaust, að við getum haldið uppi samkeppni og náð nokkurri verulegri sölu á þessari vöru á erlendum markaði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en vildi þó vekja athygli á því, sem ég hef tekið fram við þessa umr. um málið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess, að síðasti ræðumaður kom inn á það, að iðnþróunarsjóðurinn ætti að lána einmitt í svona verksmiðjur. Þeir á Dalvík hafa sótt um lán þangað og fengið synjun, og í bréfi því stendur, að að svo komnu máli muni þeir ekki lána í slíkar verksmiðjur. Þeir hafa hafnað því, a. m. k. fyrst um sinn. Mér skilst, að það, sem er á bak við, sé, að verið er að athuga um markaðshorfur og ef eitthvað kemur jákvætt út úr því, þá endurskoða þeir afstöðu sína, en fyrr ekki. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að þetta er auðvitað þeirra mál. En þeir hafa tekið þessa afstöðu, og það er einmitt vegna þess, að verið er að gera átak í þessum málum og reyna að kynna framleiðslu okkar á erlendum mörkuðum meira en áður hefur verið.

Ég held, að það hljóti að verða markmiðið að reyna að fullvinna hrognin, reyna að afla markaða, en ekki að senda hrognin út söltuð, eins og við höfum gert. Ef það er svo, sem ég vona, að reynslan eigi eftir að sýna, að hægt sé að reka með góðum árangri verksmiðjur af þeirri stærð, sem ég gat um áðan, þá finnst mér það vera mjög eðlilegt, að það sé á nokkrum stöðum, ef það kemur ekki í veg fyrir, að þessi rekstur verði neikvæður með því að vera of lítill. En það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði áðan, að slík verksmiðja mun kosta einhvers staðar á milli 10 og 20 millj. Þá er bara spurningin: Hvað þarf verksmiðjan að vera stór til þess að hún beri sig? Ég held, að þetta væri stórt spor og það ætti að reyna, hvernig Dalvíkingunum gengur. Ég vona, að þeir geti brátt haldið áfram sínum byggingum, þannig að það verði hægt að taka þessa verksmiðju í notkun og hún geti hafið framleiðslu sína á næsta hausti. Auðvitað á ekki að setja upp margar verksmiðjur, fyrr en komin er reynsla á þessa, sem nú er í undirbúningi, því er ég sammála. En hins vegar á að kanna þetta og reyna að afla markaða fyrir bæði grásleppuhrognin og ýmiss konar sjávarafla og fullvinna hann, eins og hér hefur komið fram.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að hér er ekki verið að taka neina ákvörðun, heldur er verið að fara fram á það, að gerð verði athugun. Það hefur verið upplýst hér af einum hv. þm., sem ég hafði að vísu hugmynd um fyrir alllöngu, að það hafi verið gerð tilraun með kaviarverksmiðju í Hafnarfirði, það hefði ekki lánazt og ástæðan verið tollamál. Þeir segja, að það yrði að borga, að mér skilst, innflutningstoll í viðkomandi löndum af fullunninni vöru, en hinar erlendu verksmiðjur fengju óunnu hrognin án þess að þurfa að greiða af þeim verulegt innflutningsgjald. Það er nokkuð síðan þetta var, og ýmislegt hefur og getur breytzt í markaðsmálunum. Ég tel sjálfsagt að athuga þetta mál, og ég kysi einmitt sérstaklega, að það væri athugað á þeim grundvelli, hvort ekki er hægt að vinna svona vöru í smáum stíl, án þess að þar þurfi að koma til mikill stofnkostnaður. Ég veit ekkert um, hvort það kostar 10 millj. kr. að byggja verksmiðju af ákveðinni stærð. Það getur vel verið, að hægt sé að koma upp svona vinnslu með minni kostnaði. Ég óska eftir, að þetta sé rannsakað, og ég veit, að það hefur mikla þýðingu fyrir sjávarþorp, sem liggja vel að grásleppuveiði, ef sá möguleiki er fyrir hendi að vinna úr hráefninu á þennan hátt. Það má vera, að það sýni sig, að það sé ekki hægt, það kemur þá í ljós. En ég vil óska, að það verði athugað í þeirri n., sem hér er um að ræða.

Það er siður að safna saman hráefni frá hinum minni stöðum til þess að vinna á fjölmennari stöðum til hagsbóta fyrir þá, en það er líka þörf á að gefa gaum að atvinnumálum þeirra, sem eru minni á þessu sviði.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil láta það í ljós, að ég tel ekkert nema gott eitt um það að segja, að slík athugun fari fram sem till. sú gerir ráð fyrir, sem hér er til umr. Það hafa verið uppi umr. um niðurlagningu grásleppuhrogna víðar á landinu en í Norðurl. e. og er það einnig svo t. d. í mínu kjördæmi, og ég hygg, að það sé hvarvetna, þar sem um verulega grásleppuveiði er að ræða. Þó að till. þessi sé bundin við Norðurl. e. og sú könnun, sem þar er gert ráð fyrir, hlýtur þó árangur könnunarinnar, ef hann verður einhver, að koma einnig öðrum landshlutum til góða. Ég vil einnig segja það, að í nokkuð mörg ár hefur verið talað um slíkan verksmiðjurestkur eða slíkan fiskiðnað á Skagaströnd, og þar kæmi slík vinnsla vissulega mjög til greina, ef grundvöllur reyndist hagstæður. Í þessu sambandi vil ég jafnframt minna á, að um þessar mundir er Framkvæmdastofnun ríkisins að vinna að sérstakri landshlutaáætlun fyrir Norðurl. v. í atvinnumálum, og þessi þáttur fiskvinnslu er vissulega meðal þeirra þátta, sem þar hljóta að koma til álíta.

Að öðru leyti vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það hlýtur að vera okkur til hagsbóta, ef unnt er að vinna sem mest úr því hráefni, sem við öflum úr sjónum kringum landið, ekki einasta á stærri sviðum, eins og í bolfiskafla og loðnu, heldur einnig þeim hluta aflans, sem er í minna magni, eins og vissulega hrognin eru. Allt um það, þá er hér um mikil verðmæti að ræða, og þarf að kanna það til hins ýtrasta, hvort ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir því, að fullvinnsla fari fram í landinu, og hvort ekki sé um leið grundvöllur fyrir því að fullvinna þessa vöru alla innanlands og loka þannig fyrir markað á söltuðum hrognum til erlendra aðila, sem taka þessa vöru til vinnslu hjá sér og flytja þann-

ig til sín arðinn af vinnslu vörunnar, um leið og við töpum honum.

Þetta mál allt, vil ég, að verði skoðað, og gildir þá einu, hvort staðsetning slíks fyrirtækis er bundin við þennan stað eða hinn, enda þótt viðkunnanlegra hefði verið með tilliti til ágætrar samvinnu okkar Norðlendinga á ýmsum sviðum, þ. á m. í Fjórðungssambandi Norðlendinga, að binda þetta við Norðurland í heild. Þrátt fyrir það, að slíkt hefði verið viðkunnanlegra, geri ég ekki fleiri aths. þar við.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka þær undirtektir, sem þessi till. hefur fengið, og vil taka það sérstaklega fram, að það er fyrst og fremst athugunin, sem við vorum að fiska eftir. Frá mínu sjónarmiði er það alls ekkert atriði, að þetta verði á þessum stað eða hinum, enda stendur, held ég, í till. í lokin: Staðarval fari eftir hagkvæmni og atvinnuþörf. Ég skal taka undir orð síðasta ræðumanns. Það var bara athugunarleysi mitt að biðja ekki einhvern úr Norðurl. v. að vera flm. að till. Það má frá mínu sjónarmiði alveg eins standa á Norðurlandi, og eins er það alveg opið frá mínu sjónarmiði, hvort staðirnir verða fleiri eða færri, sem þetta er unnið á, þegar rannsókn leiðir hið rétta í ljós, hvort betra er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafrannsóknastofnunin, þáltill. (þskj. 58). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég ásamt hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Vesturl. leyft mér að flytja till. til þál. um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina. Tillgr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að láta smíða í íslenzkum skipasmíðastöðvum tvo vélbáta af stærðinni 50—80 rúmlestir til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina."

Það er öllum löngu ljóst, að þjóð, sem á lífsafkomu sína jafnmikið undir hagnýtingu sjávarafla og íslenzka þjóðin á, hlýtur að vera mikil nauðsyn að efla hvers konar rannsóknaraðstöðu, sem lýtur að fiskileit og fiskirannsóknum. Aðstaða Hafrannsóknastofnunarinnar hefur sem betur fer verið stórbætt á undanförnum árum. Stofnunin hefur nú, sem kunnugt er, tvö stór og góð rannsóknaskip til starfsemi sinnar. Annað er m/s Bjarni Sæmundsson, sem er 777 rúmlestir að stærð. Hann var byggður í Þýzkalandi og kom til landsins á árinu 1970. Hitt skipið er Árni Friðriksson, sem er 449 rúmlestir að stærð og var byggður í Englandi, en kom til landsins á árinu 1967.

Svo sem kunnugt er, var aðdragandi þess, að Árni Friðriksson var byggður, sá, að íslenzkir síldveiðiskipstjórar og síldveiðisjómenn skoruðu á stjórnvöld að hefjast handa um byggingu skipsins, en hétu jafnframt fjárhagslegum stuðningi við málið, sem var í því fólgið, að sérstakt gjald var lagt á útfluttar síldarafurðir, sem verja skyldi til þess að standa undir byggingarkostnaði skipsins. Engum var það ljósara en sjómönnunum sjálfum, hvers virði það gat verið fyrir veiðarnar að hafa til aðstoðar fyrir síldveiðiflotann fullkomið skip, sem stjórnað var af færum fiskifræðingum, er gáfu sjómönnunum ómetanlegar upplýsingar um allt, er laut að útliti um aflamagn og staðsetningu síldarinnar á hverjum tíma. Þá hefur Hafrannsóknastofnunin haft til ráðstöfunar nú um nokkur ár mótorskipið Hafþór, sem er 250 rúmlestir að stærð og er eitt þeirra togskipa, sem um 1959 voru byggð fyrir Íslendinga í Austur-Þýzkalandi. Með þessum skipakosti má segja, að á viðunandi hátt sé séð fyrir fiskileit og fiskirannsóknum á djúpmiðum, a. m. k. miðað við þann mannafla, sem Hafrannsóknastofnunin hefur á að skipa. Hitt vandamálið, að hafa hentugan skipakost til að stunda fiskileit og fiskirannsóknir á grunnmiðum, er hins vegar enn þá óleyst, og það er sú hlið málsins, sem þessari þáltill. er ætlað að leysa.

Segja má, að það sé ótrúlega stutt síðan Íslendingar fóru fyrst að hagnýta verðmikinn afla, sem veiðist á grunnmiðum við strendur landsins, svo sem rækju, humar og nú síðast hörpudisk. Orsök þessa er fyrst og fremst sú, að hér hafa legið ókannaðir möguleikar um aldaraðir, og Íslendingar hafa lengst af lagt meira upp úr miklu fiskmagni, en verðmæti, og stundum sézt hrapallega yfir í þessum efnum. Er gleggsta dæmið hér um í sambandi við smásíldarveiðarnar, sem áttu sér stað á árunum 1963—1965 við Suðvesturlandið með þeim afleiðingum, að Suðvesturlandssíldarstofninum var því sem næst gereytt.

Til þess að gera sér nokkra grein fyrir þeim verðmætum, sem um er að ræða varðandi þá þrjá fiskistofna, sem ég gat um áðan, hef ég aflað mér þeirra upplýsinga um, hvert aflamagnið og útflutningsverðmætið á þeim var á s. l. ári. Af rækju var útflutningsmagnið 1109 smálestir og útflutningsverðmæti 283 millj. kr., af humar voru fluttar út 1119 smálestir fyrir 435 millj. kr. og af hörpudisk 362 smálestir fyrir um 90 millj. kr. Um hörpudisksveiðarnar má segja, að þær séu á algeru byrjunarstigi. Þær veiðar hafa aðeins verið stundaðar í 3 ár, og þar er um að ræða mikið rannsóknarefni. Gildir það jafnt um upplýsingar um það, hvar möguleikar séu fyrir hendi um arðbæran afla, og eins um að rannsaka, hvað þessi fiskstofn þoli að verða veiddur, án þess að um rányrkju sé að ræða.

Veiði á hörpudiski var hafin fyrir nokkrum árum af útgerðarfyrirtæki Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík, og var sú veiði stunduð við Ísafjarðardjúpi. En nú s. l. ár, eins og ég gat um áðan, hafa veiðarnar hins vegar aðallega verið stundaðar í Breiðafirði. Þar eru mikil hörpudisksmið, og hafa nú um þriggja ára skeið verið veiddar rúmlega 10 þús. smálestir í Breiðafirði. Árið 1970 voru veiddar 2300 smálestir, 1971 3000 smálestir og nú á yfirstandandi ári var búið að veiða rúmlega 5000 smálestir, þegar veiði var stöðvuð um s. l. mánaðamót.

Af því, sem ég hef nú sagt, er augljóst mál, að við strendur Íslands liggja enn ónumin fiskimið og verðmæti, sem íslenzka þjóðin á að hag-

nýta á skynsamlegan hátt. Með tilliti til þessa og þeirrar staðreyndar, að íslenzka þjóðin muni enn um langa framtíð eiga lífsafkomu sína öðru fremur undir sjávarafla og hagnýtingu hans, ber þjóðinni skylda til að skapa Hafrannsóknastofnun ríkisins nauðsynlega starfsaðstöðu, svo að hún geti innt af hendi þær rannsóknir, sem hafa grundvallarþýðingu fyrir framtíð íslenzks sjávarútvegs. Með það fyrir augum er þessi þáltill. um bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina flutt. Ég vil leyfa mér að vona, að hv. alþm. séu mér sammála um þetta nauðsynjamál og tryggi samþykkt till.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr., vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðbætir.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EggÞ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður SF í Norðurl. e., Benóný Arnórsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Björn Jónsson,
6. þm. Norðurl. e.“

Benóný Arnórsson hefur áður setið á Alþingi, og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans, og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Aðalatriði þess frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 73, er breyting á skipun hæstaréttar, þ. e. a. s. fjölgun um einn dómara í hæstarétti, sem gerir mögulegt að koma við deildaskiptingu í hæstarétti. Getur þá þriggja manna dómur dæmt í minni háttar málum, og geta með þeim hætti starfað tvær deildir hæstaréttar samtímis. Er auðsætt, að slíkt skipulag og starfshættir stuðla að greiðari afgreiðslu mála hjá hæstarétti, en þetta frv. er einmitt liður í þeirri viðleitni að hraða afgreiðslu dómsmála. Afgreiðsla dómsmála hjá okkur hefur þótt ganga helzt til seint. Beinist því áhugi manna um þessar mundir, að þeim endurbótum á réttarfari og dómsstólaskipan, er bætt geti þar nokkuð um. Er ýmis viðleitni í þá átt á döfinni, sem ekki er ástæða til að fjölyrða um að sinni. En eins og ég sagði áðan, má skoða þetta frv. sem einn þátt þeirrar viðleitni.

Það skal að vísu skýrt tekið fram og viðurkennt, að það hefur ekki sérstaklega staðið á afgreiðslu mála hjá hæstarétti. Slíkt hefur fremur átt sér stað annars staðar, á héraðsdómsstiginu og í sambandi við rannsókn mála þar. Þó er það svo, að það er nokkuð ásett hjá hæstarétti, og má ekki miklu muna, að mál verði lengur hjá honum en eðlilegt má telja, en það verður að teljast nauðsynlegt, að mál séu afgreidd nokkurn veginn viðstöðulaust á áfrýjunarstigi. Þetta frv., ef að lögum verður, stuðlar að því, að svo megi verða.

Auk þessarar meginbreytingar, sem í frv. felst, er um nokkrar aðrar veigaminni breytingar að ræða, svo sem varðandi áfrýjunarupphæð og áfrýjunarfresti o. fl., aðallega til samræmis við breyttar aðstæður eða til að gera ákvæði þau, sem fyrir hendi eru, skýrari en áður og samræma þau.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hæstaréttar og samið af hæstaréttardómendum, svo sem fram kemur í grg., en þar segir svo með leyfi forseta: „Dómendur hæstaréttar hafa samið lagafrv. þetta um breyt. á l. nr. 57 1962, um Hæstarétt Íslands, og fylgdi frv. svo hljóðandi grg.:

Það er efni frv. þessa að mæla fyrir um fjölgun dómenda í hæstarétti og kveða á um breytta starfstilhögun, sem dómendafjölgun gerir kleift að ráðast í. Þá er lagt til, að breytt verði ákvæðum hæstaréttarlaga um áfrýjunarupphæð og um atriði varðandi áfrýjunarfrest. Enn fremur er lagt til í frv., að samræmd verði ákvæði um frest í tilteknum tilvikum. Ýmis fleiri atriði í hæstaréttarlögum þurfa breytinga við á næstunni, en ráðlegt þykir að bíða með till. um það, unz heildarendurskoðun á dómaskipun og réttarfarslöggjöf er lengra komið en nú er."

Um þau rök hæstaréttar fyrir dómarafjölguninni, sem fyrir liggja, get ég vísað til aths. og hef þar í sjálfu sér ekki miklu við að bæta, og er ástæðulaust, að ég fari að lesa það upp eða endursegja. Þó vil ég aðeins, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa á bls. 3 það, sem hæstiréttur segir alveg sérstaklega um dómarafjölgunina út af fyrir sig, en áður hefur verið rakið, hvernig þessum málum hefur verið skipað hjá okkur í þá áratugi, sem við höfum haft innlendan hæstarétt. Með því að lesa þetta, sem kemur þannig beint frá hæstarétti, vil ég vekja athygli hv. dm. á því, hvað hæstiréttur sjálfur segir um þetta, en þar segir svo:

„Mjög er orðið tímabært að fjölga dómendum í hæstarétti. Vinnuálagið á dómendur er miklu meira en svo, að við megi una. Stafar það af málamergð og ónógri vinnuaðstöðu. Í frv. er mælt svo fyrir, að dómendur verði 6 í stað 5 nú. Gerir það kleift að koma á nokkurri vinnuskiptingu innan dómsins við úrlausn einstakra mála. Er lagt til, að heimilt verði, að hin smærri mál dæmi þriggja manna dómur, en öll meiri háttar mál dæmi fimm manna dómur, en ekki gert ráð fyrir, að 6 dómendur skipi dóm. Meginreglan verður sú, að 5 dómendur skipi dóm. Deildaskipting er nú tíðkuð í öllum æðstu dómstólum á Norðurlöndum og víðar í millidómsstigum. Víðast hvar er það látið velta á úrlausn forseta dóms, hvernig starfsskipting þessi er framkvæmd. Á Norðurlöndum er forseti hæstaréttar sérstaklega skipaður til starfans, en hér er forseti valinn af dómendum réttarins hin síðari ár til tveggja ára í senn. Þykir eðlilegt, að dómarafundur ákveði starfstilhögun, starfsskiptingu og deildaskiptingu.

Í lögum um Hæstarétt Íslands allt frá árinu 1919 hafa verið ákvæði um varadómendur og setudómara. Hafa þau tekið nokkrum stakkaskiptum, eftir því sem tímar hafa liðið. Einkum eru prófessorar lagadeildar, sem gegnt hafa störfum varadómara og setudómara, en einnig héraðsdómarar og hæstaréttarlögmenn. Eru grg. um þetta efni í registrum við dómasöfn hæstaréttar árin 1938 og 1970.

Í hinum æðstu dómstólum á Norðurlöndum er það fátítt, að lögfræðingar utan dómstólanna séu kvaddir til dómsstarfa. Með þeirri fjölgun dómara í hæstarétti, sem frv. mælir fyrir um, drægi úr því, að varadómendur yrðu kvaddir til setu í hæstarétti, og mundi að því leyti sparast verulegur aukakostnaður."

Þetta segja hæstaréttardómendur sjálfir um þetta efni, og sé ég ekki ástæðu til að rökstyðja það frekar, að þörf sé á þessari dómarafjölgun.

Um þá deildaskiptingu, sem á að verða hægt að koma við, eftir að dómarafjölgunin hefur átt sér stað, eru ákvæði í 2. gr. frv., og þar er sagt svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. gr. komi ný gr., 2. gr. a, er orðist svo:

5 hæstaréttardómarar skuli skipa dóm. Þó er heimilt, að 3 hæstaréttardómarar skipi dóm í einkamálum, ef úrslit máls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, og í opinberum málum, ef refsing, sem getur legið við broti, er ekki þyngri en varðhald eða tveggja ára fangelsi.

Dómurinn ákveður, hve margir dómarar og þá hverjir skulu skipa dóm í máli."

Síðan segir í 3. málsgr.:

„Ef mál er umfangsmikið, er dómi heimilt að ákveða, að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast."

Samkvæmt þessari gr. geta dómendur í einstöku máli verið ýmist 3 eða 5. Það er dómarafundur, sem ákveður, hve margir dómendur og þá hverjir skuli skipa dóm í hverju máli og eftir því greinimarki, sem segir í 2. gr. Eftir sem áður verður það sjálfsagt aðalreglan, að 5 menn skipi dóm, en í veigaminni málum er gert ráð fyrir, að þrir dæmi. Ég verð að segja það eins og það er, að það má nú teljast nokkur ofrausn í sumum þeim málum, sem til hæstaréttar er skotið, að það sitji 5 dómendur í dómi, og það verður ekki talið að mínum dómi, að réttaröryggi sé stefnt í nokkra hættu með því, að aðeins 3 dæmi í þeim málum. Má í því sambandi minna á, að um árabil var hæstiréttur aðeins skipaður 3 dómurum, og mun enginn hafa talið, að störfum hans væri áfátt á því tímabili.

Það skal að sjálfsögðu játað, að það er teygjanlegt, hvaða mál eru mikilsháttar og hver eru veigaminni. Segja má, að hvert mál sé veigamikið frá sjónarmiði þess einstaklings, sem á í hlut. En í 2. gr. er sem sagt sett viðmiðun, sem eðlileg sýnist og ætla má að við megi styðjast.

Ég bendi aftur á það nýmæli, sem er í 3. mgr. gr., þar sem segir, að ef mál er umfangsmikið, sé dómi heimilt að ákveða, að hæstaréttardómari, sem ekki dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast. Það hefur æðioft komið fyrir, þegar um umfangsmikið mál er að tefla, að dómari forfallist, á meðan á málflutningi stendur, t. d. vegna veikinda, og þarf þá að taka málflutninginn upp að nýju, þannig að þau vinnubrögð, sem hér er stungið upp á eða gert ráð fyrir, sýnast vera til nokkurs hagræðis og eru tekin upp í þetta frv. eftir norskum hæstaréttarlögum.

Að sjálfsögðu má segja, að þessu frv., ef að lögum verður, fylgi nokkur kostnaður. Þó er það svo, að frá þeim launum, sem bætast þarna við laun hæstaréttardómara, kemur til frádráttar sú þóknun eða þær þóknanir, sem greiddar hafa verið varadómendum í hæstarétti, en það hefur kveðið allmikið að því sum árin a. m. k., að varadómendur hafi setiðærið oft í hæstarétti, og hygg ég, að þar sé um talsverðar upphæðir samtals að ræða, sem þannig mundu að verulegu leyti sparast við fjölgun dómaranna.

Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að láta koma fram, að það var aðalósk hæstaréttar, að það yrði fjölgað um tvo dómendur í hæstarétti og hæstaréttardómarar yrðu 7. Þá skipan má sjálfsagt rökstyðja á ýmsan hátt, og a. m. k. út frá fræðilegum sjónarmiðum gæti komið betur út að hafa 7 dómendur þar heldur en 6. Ég treysti mér ekki í þetta sinn og á þessu stigi að fara lengra en þetta frv. ber vitni og leggja til, að bætt verði við einum hæstaréttardómara. En ég vil sem sagt láta hv. þdm. vita af þessari aðalósk hæstaréttar, og ef hv. þdm. sýndist að athuguðu máli, að rétt væri að verða við þeirri meginósk, yrðu sjálfsagt fáir ánægðari með það heldur en ég.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 77). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 77 er frv. til nýrra búfjárræktarlaga. Búfjárræktarlög þau, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1965, en Búnaðarþing 1971 kaus þriggja manna nefnd til þess að endurskoða þessi lög. Í þeirri n. voru Egill Bjarnason ráðunautur á Sauðárkróki, Jón Helgason bóndi á Seglbúðum og Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka. Þetta frv., sem þeir síðar sömdu, þessir nm., var til meðferðar á Búnaðarþingi á s. l. vetri og kom þaðan svo sem það er nú flutt hér, því að á því hafa ekki verið gerðar aðrar breytingar í landbrn. heldur en smávegis orðalagsbreytingar.

Megintilgangur með þessu frv. er að marka ákveðna stefnu í búfjárrækt, stefnu, sem á að vera heildarstefna fyrir landið í heild og miðist við að taka þá tækni, þekkingu og þá bættu aðstöðu, sem nú er á sviði búfjárræktar, í þjónustu búfjárræktar í landinu í heild og framkvæma hana samkv. þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir.

Þetta lagafrv. skiptist í 7 kafla, en meginkaflarnir eru 4. I. kaflinn fjallar um félagsstjórn og félagskerfi og leiðbeiningaþjónustu. 1. gr. kveður svo á um það, að Búnaðarfélag Íslands hafi fyrir hönd landbrn. yfirumsjón með búfjárrækt í landinu, og eru það nýmæli í lögum, að þannig sé ákveðið.

Skv. 2. gr. er öllum búnaðarsamböndum skylt að hafa búfjárræktarsamþykkt, og lagaákvæði um sérsambönd eru þannig, að þau falla inn í heildarkerfi búnaðarsambandanna. Búnaðarfélag Íslands á að annast margvíslega fyrirgreiðslu um félagsmálastarf búnaðarsambandanna, m. a. með því að gera fyrirmyndir að samþykktum þeim, sem áður er getið. Í frv. er mælt fyrir um ráðunautaþjónustu Búnaðarfélags Íslands, en hefur ekki verið lögákveðið áður. Jafnframt er mælt fyrir um menntunarskilyrði þeirra, sem ráðunautar eiga að verða. Frv. gerir ráð fyrir því, að ferðakostnaður ráðunauta verði greiddur í sama hlutfalli og laun þeirra.

Meginákvæðið í II. kafla frv., sem er um nautgriparækt, er einn meginþátturinn í lagabreytingu þessari fyrir utan stjórnunina, sem ég hef hér gert grein fyrir. Frv. gerir ráð fyrir því, að í lög sé sett, að Búnaðarfélag Íslands reki nautastöð til framleiðslu á djúpfrystu sæði. Þetta ákvæði hefur ekki áður verið í lögum. Þá gerir frv. ráð fyrir því, að á vegum Búnaðarfélags Íslands verði skipuð kynbótanefnd, sem hafi sem nánast samband við alla landshluta, þannig að stefnan í ræktunarmálum verði samræmd um land allt. Núgildandi ákvæði um

kynbótanefndir í hverjum hreppi falla nú niður, en þau verkefni, sem þar hafa verið unnin, fara nú til búnaðarsambandanna og nautgripasambandanna.

Í III. kafla þessa frv. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum í sambandi við sauðfjárrækt, en það er fylgt þeirri meginstefnu, sem ég hef hér lýst, að gera stefnuna samræmda um land allt og að hvetja til þess með sýningum og auknum verðlaunum að ná þessari stefnu fram.

IV. kafli frv. er svo um hrossarækt. Þar er gert ráð fyrir því að fella niður kynbótanefndir, sem áður störfuðu í hverjum hreppi, en hins vegar er nú gert ráð fyrir, að saman fari samstarf Búnaðarfélags Íslands og áhugamanna um hrossarækt, þ. e. Landssambands hestamanna, sem eigi tvo fulltrúa í sýningarnefnd þeirri, sem gert er ráð fyrir að setja upp samkv. þessu frv. Það er gert ráð fyrir því að auka verðlaun vegna sýningar á hrossum, og fleiri nýmæli eru í sambandi við hrossaræktina og hún gerð þarna meiri búgrein en áður hefur verið, meira virði í búskap landsmanna en hún hefur verið metin til þessa. Þá er og lagt verulega í það að koma upp ræktun hrossa og hafa stjórn á útflutningi og hestasölu.

Fleiri atriði í þessu frv. eru ekki stórvægileg, og það er talið, að heildarkostnaður aukist við þetta frv. um 3—4 millj. kr., svo að ekki getur þar verið um stóra fjárhæð að ræða, þó að það færi eitthvað fram úr þessu. En meginatriði frv. er það, sem ég gat um í upphafi, að marka heildarstefnu um land allt og hafa meiri festu í búfjárræktarmálum en áður hefur verið.

Ég legg svo til herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Umr. um mjólkursölumál hafa tekið bróðurpartinn af starfstíma hv. d. í vikutíma, þannig að þær eru nú orðnar nokkuð langar, og skal ég reyna að koma máli mínu þannig fyrir, að þær lengist ekki úr hófi fram, þó að ég taki hér til máls. Ástæðan til þess, að ég taldi mig knúinn til þess, var sú, að þessar umr. hafa fyrst og fremst snúizt um tilhögun á mjólkursölu á mjólkursamsölusvæðinu hér á Suðvesturlandi, en sáralítið snúizt um, hvernig ástandið er á landsbyggðinni.

Sannleikurinn er sá, að þótt eitthvað megi að ástandinu í mjólkursölumálum finna hér á samsölusvæðinu, þá kastar fyrst tólfunum, þegar kemur út á landsbyggðina. Ég vil minna á það, að stefna fyrrv. landbrh. í þessum málum var sú að auka frjálsræði í mjólkursölu, án þess að kæmi til lagabreytingar. Sú stefna bar þann árangur, að hér á mjólkursölusvæðinu var þetta framkvæmt að nokkru leyti. Ýmsar einkaverzlanir fengu hér mjólk til dreifingar. En úti á landsbyggðinni reyndist þetta torsóttara, t. d. eins og í Ólafsfirði kom skýrast í ljós, þar náði þessi stefna alls ekki fram að ganga. Ég vil minna á þetta í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. sagði hér, að hv. 1. þm. Sunnl. hafi verið í ráðherrastóli í 12 ár og ekkert aðhafzt í þessu máli. Ég held, að þarna sé ekki farið rétt með. Hans stefna var sú að koma fram umbótum í þessu efni, bæði fyrir neytendur og framleiðendur, innan ramma þeirrar löggjafar, sem fyrir var. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að það hefur ekki tekizt vegna andstöðu ýmissa aðila, sérstaklega úti á landsbyggðinni, og hér hefur hæstvirtur 2. þm. Sunnlendinga, Ágúst Þorvaldsson, lýst því yfir f. h. stjórnar Mjólkursamsölunnar, að mér skildist, í fyrra við umr. um þessi mál, að mjólkursamsölustjórn væri andvíg breytingum í þessum efnum, hún teldi, að hún mundi ekki ljá máls á neinum breytingum í þessum málum, nema til kæmi lagabreyting. Þess vegna yrði að koma til kasta löggjafans, ef breytingar ættu að verða í þessum málum.

Ástæðan fyrir því, að þetta frv., sem hér er til umr., er borið fram, er sem sagt þessi, að það virðist ljóst, að stefna fyrrv. landbrh. að auka frjálsræðið í þessum málum nái ekki fram að ganga, bæði vegna þessarar yfirlýsingar, sem ég vitnaði til áðan, frá hv. 2. þm. Sunnl. og eins vegna andstöðu ýmissa aðila, sérstaklega úti á landsbyggðinni.

En þá vil ég aðeins víkja að því, hvernig ástandið er í þessum málum á landsbyggðinni. Þar er það svo, að á mörgum stöðum, t. d. Bolungarvík, Ísafirði, Ólafsfirði, Seyðisfirði og víðar, er mjólkursalan á höndum eins aðila, og þrátt fyrir eftirsókn frá einkaverzluninni hefur ekki tekizt að fá mjólk til dreifingar til þaga bæði fyrir neytendur og fyrir þessa verzlun. En ég vil minna á í þessu sambandi, að hér hefur verið mikið talað um, að það sé einkum tvennt, sem sé gegn því að auka frjálsræðið í mjólkursölu, það sé, að ekki megi slaka á hollustuháttum, og það megi ekki gera þetta vegna þess, að þá þurfi e. t. v. að loka mjólkurbúðum og það auki dreifingarkostnaðinn. Þetta voru þau atriði, sem hæstv. landbrh. lagði alla áherzlu á og taldi vera kjarna þessa máls. Ég vil benda á, að hvorugt þetta atriði á við úti á landsbyggðinni. Það er ekkert erfiðara að líta eftir hollustuháttum hjá einkaverzlun en kaupfélagsverzlun, og það eykur dreifingarkostnað ekki nokkurn skapaðan hlut á landsbyggðinni, þótt einkaverzlun fái mjólkursölu. Það þarf ekki að loka þar neinum mjólkurbúðum og einkaverzlunin býðst til þess víðast hvar að taka mjólk til sölu með nákvæmlega sömu álagningu og kaupfélagsverzlanir, þannig að á landsbyggðinni er alls ekki til að dreifa þeim mótbárum, sem hér hafa eingöngu verið bornar fram gegn þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri síður en svo, að einokun ætti sér stað í mjólkursölumálum. Þetta á líka við eingöngu hér á samsölusvæðinu. Hér er nokkurt frjálsræði í mjólkursölu. En víða á landsbyggðinni er ekki hægt að segja annað en um einokun sé að ræða. Ég held því, að það sé brýn nauðsyn á því, að löggjafinn láti þetta mál til sín taka. Hæstv. ráðh. tók því ekki illa í fyrri ræðu sinni, sem hann flutti, að skoða þetta mál. Hann dró að vísu nokkuð í land í seinni ræðunni, en þó hygg ég, að það sé vilji hans, að mál þetta verði skoðað af sanngirni með hag beggja fyrir augum, bæði framleiðenda og neytenda. Og það er það, sem vakir fyrir okkur flm. þessa frv., að það verði gert. Ég lýsi mig reiðubúinn til þess að skoða málið á þann hátt, að samstaða geti náðst um það, ef það verður til þess, að frjálsræði verður aukið á þessu sviði með hag beggja fyrir augum, bæði framleiðenda og neytenda.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er nú búið að þæfa þetta mál alllengi hér í þingi og umr. sundurslitin, þannig að ef víkja ætti að því rækilega, þá krefðist það langrar og leiðinlegrar upprifjunar, þannig að ég mun aðeins stikla á því stærsta.

Margt fróðlegt hefur komið fram undir umr., og verð ég að segja, að mér þótti aðalmálsvari andstæðinganna, hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, halda drengilega og lipurlega á því, sem ég vil nú reyndar nefna lélegan málstað. Hið sama verður ekki sagt um hv. 4. þm. Norðurl. e., og mun ég víkja að því síðar. En fjmrh. lagði áherzlu á tvö atriði sérstaklega, og hann ítrekaði þá áherzlu sína í báðum þeim ræðum, sem ég heyrði hann flytja um málið. Og það var í fyrra lagi um hreinlætiskröfur, að ekki yrði slakað á í þeim efnum, og í öðru lagi, að kostnaði yrði haldið í skefjum.

Ef við víkjum að hreinlætiskröfunum, fyrra atriðinu, þá vil ég benda á, að þetta frv. út af fyrir sig haggar ekki neinu í því atriði, nema síður sé, þar sem sérstaklega er tekið fram, að samþykki hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvald skuli liggja fyrir, ef veita á mjólkursöluleyfi. Og það er öðru nær, — ég vil segja þvert á móti, að þetta frv. gefi neitt tilefni til þess, að verði slakað á klónni í þeim efnum, enda hafa allir fyrir augum hina brýnu nauðsyn, sem á því er að viðhalda hinum strongustu kröfum um fyllsta hreinlæti. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að þetta atriði, hið fyrra, sem hann nefndi og lagði höfuðáherzlu á, eigi ekki að þurfa að verða þrætuepli í þessu sambandi. Og þá er hið síðara, um kostnaðarhliðina, að þess yrði gætt, að kostnaði við dreifinguna yrði haldið í lágmarki, og vitanlega bæri að leggja alla áherzlu á það. Það er hagur neytendanna ekki sízt.

Nú skal ég ekkert um það segja, enda ekki því kunnugur, hvernig upphaflega var til þess stofnað, að Mjólkursamsalan sjálf hóf að reka mjólkurverzlanir. Ég geri ráð fyrir því, að þannig hafi verið í pottinn búið, að þá hafi ekki verið yfirleitt um dreifingaraðila hér í þéttbýlinu að tefla, sem gátu tekið slíkt að sér, m. a. vegna hreinlætiskrafna. Ég geri ráð fyrir því. Þessu er allt öðruvísi varið í dag en þá. En hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, fitjaði upp á því m. a., að ef til þess kæmi, að fleiri aðilar önnuðust dreifinguna, t. d. hér í þéttbýlinu, mundi þurfa að leggja í ýmsan kostnað, t. d. bifreiðakostnað, sem hann taldi mikinn, vegna þess og dreifingin yrði öll dýrari. Ég hef að vísu ekki fyllstu upplýsingar, en nokkrar upplýsingar hef ég í höndum, sem ég aflaði mér og gefa innsýn í, hver rekstrarkostnaðurinn er að nokkru hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, án þess þó að ég hafi haft tök á því sérstaklega að kryfja þær upplýsingar til mergjar.

Í árslok 1971 munu verzlanir í Reykjavík, sem Mjólkursamsalan rak, hafa verið 50 talsins, og á Reykjavíkursvæðinu, trúi ég, Kópavogi og Hafnarfirði og þar, störfuðu 202 stúlkur, þar af 58, sem nefndar eru hálfs dags stúlkur. Eftir því sem næst verður komizt, en þó lauslega áætlað, má gera ráð fyrir, að laun þessara stúlkna nemi um 50 millj. kr. á ári. Mjólkursamsalan á samtals 56 búðir, þar af 37 í Reykjavík. Aðrar eru dreifðar um landið allt vestur á Snæfellsnes, til Vestmannaeyja og víðar. Nú skal ég engum getum að því leiða, hvaða fjármagnskostnaður er þarna á ferðinni, hvað snertir þessar verzlanir. En hann er mjög mikill, og til að mynda má geta þess, að fyrir einum 4—5 árum, er reist var ein nýjasta verzlunin hér í Reykjavík, mun kostnaður við hana hafa farið fram úr 1.5 millj. kr. Ef reynt væri að gera sér grein fyrir söluverði þessara verzlana, ef ætti að selja þær, þá mætti segja mér, að það kynni að vera 70—80 millj. kr. Allt eru þetta lauslegar tölur, sem ég aðeins nefni, til þess að þetta mál verði rannsakað sérstaklega og þá af þeirri n., sem menn gera sér vonir um, að hæstv. landbrh. skipi til rannsóknar á öllu málinu, því að það er ástæðulaust, enda þótt málið sé viðamikið — og þess vegna aðallega, að flaustra að neinu í þessum efnum.

Það er ljóst, að m. a. með hinum glæsilegu nýju kjörbúðum, sem víða er að finna, t. d. í þessari borg, og hæstv. ráðh. minntist sérstaklega á, er aðstaðan orðin allt önnur en áður var. Og ef við hugsuðum okkur t. d., að almennar verzlanir tækju við mjólkurdreifingunni allri, sem ekki er vitanlega í boði, þá er alveg ljóst, að það mundi krefjast aukins mannskapar þar, enda þótt víða sé sjálfsafgreiðslufyrirkomulag. En það er alveg óhætt að fullyrða, að það mundi ekki krefjast 202 starfsstúlkna í viðbót í þeim verzlunum, sem þetta mundu taka að sér og mundu vafalaust að öðru leyti vera í stakkinn búnar til þess að annast þessa þjónustu alveg, nema e. t. v. á einstöku stað, þannig að það er um verulegan sparnað að tefla.

Þetta, sem ég segi, á að öllu leyti við þéttbýlið, og það er eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. e., nefndi, að málin horfa allmikið öðruvísi við, þegar út á landsbyggðina kemur, — allmjög öðruvísi við. Og það er ekki um það að tefla, að nokkur vafi leiki á því, að það mundi auka kostnaðinn við dreifinguna, þótt öðruvísi væri að málum staðið heldur en við höfum fyrir augum víðast hvar um landið.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, ræddi um forréttindi kaupmannastéttarinnar.

Hann getur úr flokki talað undan handarjaðri KEA við Eyjafjörð. Það má svo sem auðvitað finna fleiri dæmi um forréttindi, sem kaupmenn hafa haft í hans kjördæmi. Til að mynda skilst manni, að Kaupfélag Suður-Þingeyinga hafi lifað í rúmlega 80 ár á góðgerðastarfsemi, meðan kaupmenn lifðu á Húsavík í vellystingum praktuglega, þeir Guðjohnsen t. d. En sleppum því. Og minni verður góðgerðastarfsemin hjá þessum félögum, eftir því sem keppinautum þeirra fækkar, og minnst þar, sem enginn keppinauturinn er og kaupmenn hafa notið þeirra forréttinda að fara á höfuðið. En það er fjöldi dæma um, hvernig þessum málum er háttað úti á landsbyggðinni, og eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, jaðrar við, að kallazt geti einokun í þessu efni.

Ég vil benda á, að eigi alls fyrir löngu birtist grein í Morgunblaðinu eftir kaupkonu á Seyðisfirði. Hún hefur allmarga viðskiptamenn, sem stunda útgerð, og það er á ýmsum tímum, sem bátar þurfa að taka kost fyrir skipverja sína, og í þessu efni hefur kaupfélag á staðnum e. t. v. ekki staðið sem skyldi, en einstaklingurinn telur það ekki eftir sér. Málum er þann veg háttað þar, að hún varð að kaupa mjólkina í smásölu í kaupfélaginu og endurselja hana vitanlega álagningarlaust. Látum það vera. En það hefur harðnað á dalnum í þessum efnum, þannig að í dag er svo komið, að ef yfirmanninn þar grunar, að fólk sé á ferðinni, sem er að kaupa mjólk í kaupfélaginu á vegum þessara verzlana, þá er það umyrðalaust rekið á dyr. Sjá allir, að á okkar tímum fær þetta ekki staðizt, og verður að ráða bót á. Enginn kostnaðarauki kemur til greina við að láta þessa glæsilegu verzlun þarna á staðnum hafa mjólk til sölu einnig jafnhliða kaupfélaginu. Svipaða sögu er víðar af þessum málum að segja. Virðuleg samtök eins og mjólkursamsölur og samlög geta ekki verið þekkt fyrir, að þetta spyrjist.

Vitanlega er þetta gert með því markmiði, svo að talað sé alveg hreinskilningslega, að mjólkin er sú vara, sem notuð er dags daglega, og fólk leitar í þær verzlanir, þar sem hún fæst. Vitanlega birgir það sig upp af annarri vöru um leið, og að sjálfsögðu er þetta eitt aðalatriðið í því að draga til sín viðskiptavini. Um þetta þarf ekkert að fara í grafgötur. Og það er þessi samkeppnisaðstaða, sem ekki má haldast miklu lengur en orðið er. Þessi dæmi hafa verið nefnd af Ísafirði, þau hafa verið nefnd hér í þessum umr. af Ólafsfirði og víðar.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að þetta mál verði skoðað rækilega ofan í kjölinn, þessir tveir höfuðþættir, sem hann nefndi og verði skipuð n., eins og manni skildist, að hefði staðið til fyrir einu ári, til þess að grandskoða það. Hann lofaði því, að sú n. skyldi ekki verða einsýn. Því ber einnig að fagna. Málið er mikils virði. Þetta er mikils virði fyrir neytendur ekki sízt. Það er auðvitað mjög mikils virði fyrir framleiðandann, þegar við höfum kostnaðarhlið málsins í huga. Enginn vafi er á því, að þetta mundi ekki draga úr sölu á mjólkurafurðum, heldur þvert á móti. Ég heyrði ekki betur en allir þeir, sem um málið ræddu, enda þótt þeir í ýmsu væru á það gagnrýnir, hvettu til þess, að málið væri grandskoðað ofan í kjölinn og reynt að ná samkomulagi, skynsamlegu samkomulagi um úrbætur. Þetta heyrði ég á máli hv. 2. þm. Sunnl. og jafnvel hv. 4. þm. Norðurl. e., þótt hann hefði í öðru orði alleinkennilegar fullyrðingar í frammi, en sleppum því. Aðalatriðið er, að hafinn verði undirbúningur að rannsókn þessa máls, þannig að úr megi bæta, eftir því, sem hér er lagt til með þeim frv.-flutningi, sem við nokkur saman stöndum að.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. komst þannig að orði, að þó að eitthvað megi finna að málum hér í sambandi við mjólkurdreifinguna, þá kastar alveg tólfunum, þegar út á landsbyggðina er komið. Síðan kaus hann að ræða sérstaklega um Ólafsfjörð, og mætti ætla af máli hans, að þar væri eitthvert ófremdarástand í þessum efnum. Ég kemst ekki hjá vegna þessara ummæla að skýra þetta mál hér á hv. Alþ., því að miðað við það, sem hann sagði um þetta, þó að það væru raunar fullyrðingar einar, þá gætu hv. alþm. ætlað, að þarna í Ólafsfirði væri eitthvað mjög einkennilegt mál á ferðinni.

Ég verð að byrja á því, að fyrir 1959 fluttu bændurnir mjólkina til Ólafsfjarðar, til kaupfélagsins, og þar var mælt upp úr brúsunum, því að þar var engin vinnsla á mjólk. Það voru miklar umr. um það og sérstaklega af hálfu heilbrigðisyfirvalda, að þetta gæti ekki gengið. Þá tóku bændurnir sig saman og sömdu við kaupfélagið að gerilsneyða mjólk og búa til smjör úr afganginum, af einhver væri. Það þótti sýnt, að ef þetta væri ekki gert, þá væri öll sveitabyggð í Ólafsfirði í hættu, því að ef heilbrigðisyfirvöld í Ólafsfirði gripu til þess, sem þau voru búin að láta í skina, að banna að selja mjólkina, og þá hefði hún verið flutt frá Akureyri, þá var sýnilegt, að þessir fáu bændur, sem þá munu hafa verið 16—17 að tölu, gætu ekki flutt mjólkina til Akureyrar, enda oft og tíðum ekki hægt öðruvísi en á bát frá Ólafsfirði. Þetta var svo gert, þó að t. d. kunnugir menn teldu, að það væri óhugsandi, að þessi rekstur gæti borið sig, og t. d. maður eins og Jónas Kristjánsson samlagsstjóri, sem ég ræddi um þetta við á þeim tíma, taldi, að það væri mjög djarft og raunar ekki hugsanlegt, að þessi rekstur gæti borið sig. Kaupfélagið sem sagt fór að taka á móti mjólkinni, og hún var gerilsneydd. Úr afganginum, sem ekki seldist til neyzlu, var búið til smjör og skyr, önnur framl. gat ekki farið þarna fram, enda mjólkurmagnið mjög lítið. En hvað hefur gerzt á þessum árum? Mjólkursamlagið hefur sérstjórn, og það eru framleiðendurnir þarna, sem eru í stjórn samlagsins og semja þannig við kaupfélagið. Það er aðeins eitt ár, sem hefur ekki náðst grundvallarverð, og oft hefur það verið töluvert hærra en grundvallarverðið, sem bændurnir hafa fengið borgað. En þegar þessi starfsemi var komin þarna og kaupmenn búnir að setja verzlun á stofn þarna, þá fóru þeir að reyna að fá mjólkina. Og þeir fengu þarna mjólk til þess að selja, en þeir urðu þá að selja hana á sama verði,

og það gengur þannig enn í dag. Þeir kaupa þarna mjólk, og þeir selja hana. Það er ekki eins og á Seyðisfirði. Þeir fá þarna mjólk og selja hana sínum viðskiptavinum. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að hrista höfuðið, ég er búinn að kanna málið. Í okt. fengu þeir þarna um 1300 lítra af mjólk, sem eru um 6% af því magni, sem selt er í bæinn. Það er ekki nokkur vafi á því, að ef það fyrirkomulag hefði verið, að hinn aðilinn hefði fengið mjólkina líka beint til sölu, þá hefðu bændurnir ekki fengið það verð, sem þeir hafa fengið á undanförnum árum. Og ég vil taka það fram, að ég hafði samband við þann, sem hefur verið formaður samlagsstjórnarinnar. Hann segir, að það hafi aldrei komið til sín kvörtun frá neytanda á Ólafsfirði. Ég spurði kaupfélagsstjórann að þessu líka, og hann sagði, að það hefði ekki komið kvörtun til sín frá neytendum, aðeins frá kaupmanninum.

Mér skildist það á síðasta ræðumanni, Sverri Hermannssyni, að ég hefði tekið munninn dálítið fullan, þegar ég var að tala um forréttindi kaupmannanna. Við hvað átti ég í þessu sambandi? Ég átti líka við Ólafsfjörð. Þessir kaupmenn þarna á Ólafsfirði hafa t. d. afgreiðslu fyrir skipafélögin. Þó að kaupfélagið komi með sína bíla og sína menn til þess að skipa upp, þá verður að borga stórar fúlgur til þessara kaupmanna fyrir það, sem þeir kalla „fyrir uppskipun". Ég man ekki, hvaða ár það var, hvort það var 1967 eða 1968, sem voru flutt um 26 tonn af áburði, og skipið kom á laugardaginn fyrir páska norður. Kaupfélagsstjórinn var spurður að því, hvort hann gæti ekki komið með mannskap til þess að skipa upp þessum áburði. Hinn aðilinn kom ekki nálægt þessu. Og reikningurinn, sem þeir máttu borga þessum kaupmönnum, var upp á 5 000 kr. Eru þetta forréttindi, eða eru þetta ekki forréttindi? Ég spyr þessa hv. þm.

Menn verða náttúrlega að gera það upp við sig í þessum málum: Er verið að hugsa um þá mörgu, sem hafa hagsmuni, eða á að hugsa um hagsmuni kaupmanna í þessu máli? Á Ólafsfirði eru það fyrst og fremst hagsmunir bændanna og neytendanna. Ég spyr hv. þm., — ég sá, að hann var að biðja um orðið, — telur hann, að það séu hagsmunir þeirra á Ólafsfirði, ef sveitabúskapur í Ólafsfirði er lagður niður? Það, sem ég hef sagt um þessi mál, sýnir raunar, að þrátt fyrir þá erfiðu aðstöðu, þrátt fyrir það, að nú í dag eru ekki nema um 11 framleiðendur í Ólafsfirði, þá skilar þetta litla samlag bændunum meira en grundvallarverði fyrir mjólkina. Þeir hafa aldrei fengið eyri úr verðjöfnunarsjóði.

Ég var að kaupa mjólk á föstudaginn í þeirri verzlun, sem ég skipti við. Þessi verzlun er ekki við hliðina á kaupmannsbúð, heldur á KRON-búð, stórri sjálfsafgreiðslubúð. Og ég spurði þarna nokkrar konur að því, hvort það mundi ekki vera þægilegra fyrir þær að fá mjólkina líka í KRON-búðinni heldur en í endabúðinni, þar sem ég var þá inni að taka mjólkina. Þær sögðust vera búnar að vera í rúman hálftíma við borðið í þeirri búð, þar sem kassarnir eru, og sú, sem ég talaði aðallega við, sagðist þurfa að fara fleiri en eina ferð, hún gæti ekki farið með allt saman, sem hún keypti fyrir helgina, í einni ferð, og hún taldi, að það væri stórt spor aftur á bak, ef ætti að loka þessari búð, sem var þarna í sama húsi, var bæði mjólkur- og brauðbúð, vegna þess að þá mundi álagið á hinni búðinni verða langtum meira, svo að biðtíminn eða ösin yrði svo mikil, að þetta yrði allt saman erfiðara en þó væri hér í dag. Það eru því ýmis sjónarmið í þessum málum. Og ég er hræddur um, að ef ætti að fara að spyrja neytendurna, kæmi ýmislegt upp, sem hv. flm. hafa gengið fram hjá í þessum umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstuttar aths. út af ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Honum virtist vera mjög þungt niðri fyrir yfir því, að ég hefði sagt, að það væri ófremdarástand í mjólkursölumálum á Ólafsfirði. Ég nefndi miklu fleiri staði að vísu, en málið er þannig vaxið í Ólafsfirði, að þar hefur verið sótt eftir að fá að selja mjólk af hálfu einkaaðila á jafnréttisgrundvelli við kaupfélagið, en ekki fengizt. Það hefur aldrei komið til mála, að einkaverzlunin á Ólafsfirði greiddi ekki nákvæmlega það sama og kaupfélagið fyrir mjólkina, þannig að það væri nákvæmlega jafngott fyrir bændur að selja mjólkina þar. Það hefur aldrei komið til orða, að það væri neitt óhagstæðara fyrir bændur. Þess vegna er þessi saga, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að segja okkur hér áðan, gersamlega út í hött. Auðvitað hefðu bændur haft nákvæmlega jafngóða aðstöðu og jafnvel betri eftir sem áður, vegna þess að það hefði örugglega verið jöfn og sennilega meiri mjólkursala í Ólafsfirði og alls ekki a. m. k. verið flutt þangað mjólk og seld frá öðrum svæðum, sem var gert, þó að það væri ekki í samræmi við reglur, þannig að það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að segja okkur áðan, er gersamlega út í hött. Það hefur aldrei komið til orða í Ólafsfirði, að það væri sótt eftir því frá hálfu einkaverzlunarinnar að standa þannig að mjólkursölumálum, að verra yrði fyrir bændur.

Ég vil í sambandi við þetta mál benda á það, þegar hv. 4. þm. er að spyrja að því, hvort hugsa eigi um kaupmenn, að kaupmenn eru náttúrlega fólk eins og við. Þeir hafa alveg sinn rétt eins og við. En við erum ekki að hugsa eingöngu um kaupmenn í þessu sambandi. Við erum að hugsa um, að það séu eðlilegir verzlunarhættir í landinu og fólk fái að fara í þær verzlanir, sem það vill verzla í, og verzla þar með þær vörur, sem því sýnist. Það er einfalt mál. Það er vitanlegt, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, að mjólk er þannig vara, að hún laðar að sér viðskiptavini, og þess vegna er hún notuð eins og hún er notuð víða t. d. úti um land. Hún er notuð til þess að halda í þau forréttindi, að fólk verði að koma í ákveðnar verzlanir, það verði helzt að ganga í kringum allt vöruúrval viðkomandi verzlunar til þess að ná mjólkinni, og þetta þarf það að gera á hverjum degi, vegna þess að það sækir mjólkina á hverjum degi. Þetta er ósköp einfalt mál.

Ég held, að við ættum hér á hv. Alþ. að fara *að stilla okkur í þessu mjólkurmáli og láta frekar* hendur standa fram úr ermum og gera eitthvað, sem raunhæft í málinu.

Mér sýnist, að hv. 2. þm. Sunnl. ætli að bæta einhverju við. Ég vona, að hann hafi í huga það, sem ég sagði áðan um landsbyggðina og þau atriði, sem hann og hæstv. ráðh. voru að *tala* um fyrr við umr. Að þetta frv. auki dreifingarkostnaðinn og hafi einhver áhrif í þá átt, að það sé hætta á, að það slakni á hollustukröfum, það er gersamlega út í loftið og alveg sérstaklega á landsbyggðinni. Það mundi ekki kosta krónu meira fyrir framleiðendur að láta einkaverzluninni í té mjólkursölu úti á landsbyggðinni. Vitanlega mundi einkaverzlunin fá mjólkina með nákvæmlega sömu kjörum og kaupfélagsverzlanirnar. Og það er engin hætta á því þar, að sölubann yrði á mjólk eða einkaverzlunin reyni að klekkja á framleiðendum með því að fá hækkaða álagningu, vegna þess að þá þyrfti hún að fá kaupfélögin með sér, og við skulum vona, að kaupfélögin stæðu með bændum. Þessar röksemdir eru svo gersamlega út í hött úti á landsbyggðinni, að það er ekki hlustandi á þær. Ég vona að hv. 2. þm. Sunnl. leiðrétti mig, ef hann kemur hér upp og ef ég hef rangt fyrir mér í þessu efni.

En ég vil endurtaka það, að við skulum fara að framkvæma eitthvað í þessu máli, en ekki *ræða um það hér endalaust og taka til þess* aðra viku undir.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar svo langar, að það er engin ástæða til þess fyrir mig að lengja þær mikið, enda er ég víst búinn að tala mig dauðan, eins og sagt er hér í þessum sal. En mig langaði, af því að hér var minnzt á nokkur atriði, sem mér fannst ekki vera farið alveg nógu nákvæmlega rétt með, að gera ofurlitla aths.

Það var hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, sem ræddi nokkuð um eignir Mjólkursamsölunnar hér á samsölusvæðinu, þ. e. a. s. hvað hún ætti mikið fé bundið í mjólkurbúðum. Það er ekki fyllilega rétt, sem hann heldur fram um það. Hann segir, að ef Mjólkursamsalan seldi allar þessar búðir sínar, sem hún á á þessu svæði, mundu sennilega fást 70—80 millj. kr. út úr því. En þetta er langt frá því að vera rétt. Mjólkursamsalan á tiltölulega lítið af þessum búðum. *Það er megnið af þeim í leiguhúsnæði, og* það fé, sem Mjólkursamsalan hefur bundið í mjólkurbúðum, er 11.5 millj kr.

Hv. þm. gat einnig um það, að hjá samsölunni störfuðu 202 stúlkur, talsvert af þeim að vísu ekki nema hálfan daginn. Þetta er víst alveg rétt, sem hann fer þar með. Mjólkursamsalan er mjög mikill atvinnuveitandi, sérstaklega hér í Reykjavík, hefur í þjónustu sinni 450 manns venjulega og er öruggur og góður atvinnurekandi, og ég hygg, að það yrði talsvert brambolt í kring um það að fækka mjög þessu starfsfólki, sem unir sér vel hjá samsölunni og hefur þar góða atvinnu. Það væri mikil bylting hér í bænum, ef þyrfti að segja upp megninu t. d. af þessum stúlkum, sem vinna við mjólkursöluna. Ég vil taka fram, að þeim er ekki eingöngu borgað með þeirri álagningu, sem er á mjólkinni. Í búðum Mjólkursamsölunnar eru einnig seld brauð og ýmislegt fleira, og það ber sinn hluta af kostnaðinum.

Hv. 4. þm. Austf. ræddi nokkuð um upphaf Mjólkursamsölunnar og kvaðst ekki vera kunnugur því, og það er skiljanlegt, því að hann hefur líklega varla verið fæddur þá, a. m. k. verið mjög lítill drengur, þegar það var að gerast. Ég hef upplýst það áður í þessum umr., að þá voru hér um 100 mjólkurbúðir í Reykjavík og meðferð vörunnar var í alla staði mjög slæm. Um það getur hv. þm. lesið og kynnt sér í sínu eigin flokksblaði, Morgunblaðinu, frá þeim tíma, því að Eyjólfur Jóhannsson, sem ég hef áður nefnt í þessum umr. og var forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur, var allra manna kunnugastur þessum málum og ritaði mjög ítarlega og góða grg. um þetta mál og birti í Morgunblaðinu, — ég þori ekki að fara með dagsetninguna á því eða árið, en ég á það hjá mér og get bent hv. þm. á það, hvar hann getur fundið þessa ritgerð. En hún er einhver bezta og öruggasta heimild um ástandið eins og það var þá.

Við breytinguna, sem gerð var með stofnun Mjólkursamsölunnar, fór þannig, að dreifingar*kostnaðurinn á mjólkinni stórlækkaði.* Hann lækkaði um meira en helming, og hollustuhættirnir eða heilbrigðisástandið í sambandi við mjólkursöluna breyttist til hins betra, en því var mjög víða ábótavant. Ég held, að sú breyting, sem þá var gerð, hafi verið til stórkostlegra bóta og við megum vera stoltir af því, bæði þeir, sem að þeirri breytingu stóðu, og allir að hafa slíkt skipulag hér í borginni sem hefur verið á mjólkurdreifingunni og meðferð þessarar vöru hér í borg. Ég held, að Reykvíkingar ættu að hugsa sig vel um, áður en þeir krefjast mjög róttækrar breytingar í því efni.

Eins og áður hefur komið fram í þessum umr., hefur hæstv. landbrh. látið þess getið, að hann muni nú fljótlega skipa n., sem í ættu sæti menn bæði af hendi framleiðenda og neytenda, til þess að kanna þetta mál allt. Ég kvíði ekki sem stjórnarmaður í Mjólkursamsölunni þeirri niðurstöðu, sem verður af þeirri athugun, hvað Mjólkursamsöluna og framleiðendur mjólkurinnar snertir.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi, að ég mundi ekki geta verið sér ósammála um, að það væru að öllu leyti skilyrði til þess, að mér skildist, að breyta þessu fyrirkomulagi úti á landi. Um þetta þori ég ekki að dæma, ég er ekki svo kunnugur úti á landi. Ég hygg þó, að í fjöldanum af bæjum og þorpum úti á landi sé engin ástæða til annars en hafa mjólkina á einum stað. Þetta eru ekki stærri staðir en það, að ég efast mjög um, að það séu yfirleitt fyrir hendi nema þá á stöku stað nokkur skilyrði hjá öðrum en kaupfélögum, eins og er a. m. k., til þess að taka sölu þessarar vöru að sér.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið umfram það, sem þegar er.

Það er ekki rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að skilyrði væru ekki fyrir hendi hjá verzlunum víða úti um land til þess að annast mjólkursölu. Það er orðin gerbreyting í þessu efni, og víðast, hygg ég, að í þorpum séu fleiri en einn aðili til þess fullfærir að annast þetta. Hann gat þess réttilega, að ég hefði látið þess getið, að ég væri ekki kunnugur því, hver tildrög voru til þess skipulags, sem er á dreifingu og sölu mjólkur hér í Reykjavík, og ég gat þess m. a., að það kynnu að hafa verið þær ástæður, að ekki voru fyrir hendi aðstæður til þess að annast sölu og dreifingu á mjólk með þeim hætti, sem heilbrigðiskröfur t. d. krefðust. Ég er ekkert að draga í efa, að þeir, sem hafa ráðið ferðinni hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík t. d., eigi lof skilið og geti verið stoltir fyrir það, sem þeir hafa að þessum málum starfað í áratugi. En nú eru gerbreyttar aðstæður á allra handa máta, og þess vegna þarf að endurskoða málið frá grunni.

Ég fór ekkert rangt með í sambandi við tölur, sem ég nefndi. Ég tók fram, að ég hefði ekki krufið það efni til mergjar að neinu leyti, og vitaskuld er það rétt, sem hv. þm. segir, að þeir eigi ekki bundnar nema eins og 11.5 millj. kr. í þessum fasteignum. En ég talaði um endursöluverð þeirra, og lauslega gat ég þess til, að það væri ekki úr vegi að ætla söluverð þeirra 70—80 millj. Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk, á Mjólkursamsalan 37 verzlanir í Reykjavík, hún á 56 alls, 19 utan Reykjavíkur, en hefur á leigu á Reykjavíkursvæðinu ekki nema 13. Nú leiðréttist þetta, ef ég hef rangt fyrir mér, en þetta eru nýlegar upplýsingar fengnar hjá Mjólkursamsölunni sjálfri. Þegar ég ræddi um þær launagreiðslur, sem Mjólkursamsalan innti af hendi, og það fjármagn, sem bundið væri, átti ég við það heildarfjármagn, sem yrði laust til ávöxtunar með öðrum hætti, ef t. d. allar verzlanirnar yrðu seldar. Og þessum 48—50 millj., sem gera má ráð fyrir, að launakostnaður hjá samsölunni sé, mætti þá verja og yrði vitanlega að verja að nokkru vegna aukins kostnaðar að öðru leyti. En það er út af fyrir sig að benda á það, að mikil röskun yrði á högum þess fólks, sem starfar í mjólkurverzlunum, ef þyrfti að segja því öllu upp. Þetta er alveg rétt. En það mætti þá kannske hugsa sér, að þeir þyrftu að bæta við hjá KRON, þar sem stendur heiftarlega á afgreiðslunni, eins og dæmi voru nefnd um af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Hann segir, að það sé víða. Ég þykist jafnkunnugur honum hér í borg, og það eru rétt sæmilegir afgreiðsluhættir víðast. Ef það sýnir sig, að hagkvæmara sé í alla staði að breyta til og það kæmi út úr dæminu eftir ítarlega rannsókn, að það væri hagkvæmt að loka þessum búðum og selja þær og hafa þar aðra starfsrækslu, þá er vitanlega ekkert við því að segja, þótt það leiddi til þess, að segja yrði upp því fólki, sem að þessu starfar. Eins og nú standa sakir, sem betur fer, má gera ráð fyrir því, að það væri nokkuð auðvelt fyrir það að fá aðra atvinnu, og a. m. k. einhver hluti þess fólks gæti fengið atvinnu hjá þeim aðilum, sem tækju við dreifingunni, því að eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, þá er vafalaust, að það þyrfti að bæta við starfsfólki til þess að annast þá auknu starfsemi, sem þessu yrði samfara.

Ég læt svo lokið máli mínu. Ég ítreka þá ósk mína, að nú gangi greiðlega skipun n. til rannsóknar á þessu máli, eins og hæstv. landbrh. lofaði, öll mál verði ítarlega könnuð, ekki rasað að neinu, það er óþarft, enda þótt mjög knýi á víða úti um land, að úrbætur séu gerðar og horfið sé frá þeim óeðlilegu og óheilbrigðu verzlunarháttum, sem við höfum mýmörg dæmi um og eru þeim, sem þeim stjórna, til háborinnar skammar. Allt að einu er málið svo viðamikið, að hér má ekki fara rasandi að neinu, en þó hefjast handa hið allra fyrsta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér inn í þessar umr. að öðru leyti en því, að ég vil af gefnu tilefni upplýsa eftirfarandi: Þar sem Kaupfélag Héraðsbúa hefur sjálft útsölu mjólkur, þar er mjólk seld öllum í smásölu, einnig til verzlana, en ekki í heildsölu. Þetta gildir um Seyðisfjörð eins og aðra staði. Ég vil jafnframt upplýsa það, að á Seyðisfirði hefur kaupfélagið núna tvær mjólkurútsölur. Þar sem aftur á móti Kaupfélag Héraðsbúa hefur ekki eigin útsölu, en þó er að staðaldri seld mjólk og mjólkurvörur frá mjólkurbúi þess, þar eru þessar vörur seldar á heildsöluverði til dreifingaraðilanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Menntaskólar, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. 2. þm. Sunnl., frv. til l. um menntaskóla á Selfossi. Má segja, að það fari vel á því, að þegar mjólkurumr. er lokið, sé farið að ræða um skólamálin.

Í meira en 1000 ár var atvinnulíf Íslendinga nær óbreytt. Sjórinn var sóttur á litlum árabátum með lélegum veiðarfærum. Landbúnaðurinn var með frumstæðasta móti og byggðist á handverkfærum. Landið var ekki ræktað að neinu marki. Heimilisiðnaður var mikill, með sama hætti og verið hafði um aldaraðir, frá byrjun Íslandsbyggðar. Þrátt fyrir dugnað og ástundun var afkoma manna oft slæm og fátækt mikil. Þjóðartekjur voru litlar við þau skilyrði, sem þjóðin bjó við. Ekki bætti það úr, að verzlunarkjör voru yfirleitt slæm og erlendir aðilar tóku mikinn hagnað af litilli framleiðslu landsmanna.

Íslendingar hafa alltaf verið fróðleiksfúsir og bókhneigðir. Fróðleiksfýsn og sjálfsbjargarviðleitni fjölda manna varð til þess, að Íslendingar kynntu sér nýjungar erlendis og fluttu til landsins ný og afkastamikil framleiðslutæki. Til þess að hin mikilvirku tæki kæmu að fullum notum,

varð að kenna mönnum meðferð þeirra. Hefur reynslan sýnt, að Íslendingar eru fljótir að tileinka sér verkþekkingu. Má m. a. nefna okkar ágætu sjómannastétt, iðnaðarmenn og verkmennt og nýjungar á sviði landbúnaðar. Þá er og ljóst, að Íslendingar standast samanburð við aðrar þjóðir á sviði viðskipta og samgöngumála. Þjóðartekjur Íslendinga eru með því hæsta, sem gerist hjá öðrum þjóðum, sem hafa tileinkað sér tækni og verkmenningu.

Vegna þeirrar öru þróunar, sem orðið hefur í landinu, reyndist fært að breyta íslenzku þjóðfélagi frá því að vera frumstætt og fátækt í það, sem kalla má bjargálna framfaraþjóðfélag. Atvinnuvegirnir, sem fengið hafa afkastamikil tæki, gera mögulegt að auka þjóðartekjurnar. Það er vegna aukinna þjóðartekna, sem mögulegt hefur reynzt að halda hér uppi miklum framkvæmdum og góðum lífskjörum almennings. Það er vegna mikilla þjóðartekna, sem unnt er að halda uppi dýru og mikilvægu skólakerfi í landinu. Það sama má segja um heilbrigðismál, heilbrigðisþjónustu, tryggingakerfi og aðra félagslega hjálp. Framkvæmdir allar og opinber þjónusta er möguleg vegna þess, að í landinu eru afkastamiklir og í seinni tíð allfjölbreyttir atvinnuvegir, sem gefa bæði beinan og óbeinan arð í þjóðarbúið.

Íslendingar eiga í samkeppni við aðrar þjóðir. Til þess að standast samkeppnina, þarf þjóðin að tileinka sér þekkingu á sem flestum sviðum. Nauðsynlegt er að fylgjast með hagnýtum nýjungum og tileinka sér það bezta, sem kann að henta íslenzkum aðstæðum. Þess vegna þurfum við skóla, sem veita hagnýtt nám, og reynslu, sem að gagni getur komið. Þótt mikill árangur hafi náðst í batnandi lífskjörum, m. a. vegna fljótfengins sjávarafla, vantar mikið á, að verkþekking og verkmenning séu eins og bezt má verða hér á landi. Það er einnig fullyrt, að skólarnir, þótt þeir séu margir og skólaveran löng hjá mörgum íslendingum, þá hafi skólarnir ekki alltaf veitt hagnýta menntun eða beint nemendunum inn á þær brautir, sem styðjast við verklega mennt.

Samkv. 1. gr. þess frv., sem hér er um að ræða, er lagt til, að menntaskóli verði á Selfossi. Það má vera, að einhverjir segi, að það sé nægilegt fyrir Sunnlendinga að hafa Laugarvatnsskólann. Vissulega er sá skóli mikils virði. Hann er undir góðri og öruggri stjórn og hefur mikla aðsókn. Í vetur eru þar 172 nemendur, og varð að vísa 50 umsækjendum frá á þessu hausti. Menntaskólinn að Laugarvatni er landsskóli og verður það áfram. Meiri hluti nemenda er víðs vegar að af landinu, en minni hlutinn af Suðurlandi. Menntaskóli í sveit með heimavist hefur leyst mikinn vanda, sérstaklega fyrir dreifbýlið. Aðsókn að Menntaskólanum að Laugarvatni mun verða áfram mjög mikil og meiri en unnt verður að taka á móti, þótt menntaskóli taki til starfa á Selfossi. Það má ljóst vera, að Menntaskólinn að Laugarvatni er ekki aðeins fyrir Sunnlendinga, heldur gegnir hann mikilvægu hlutverki fyrir landið allt.

Á Selfossi er starfandi gagnfræðaskóli með 340 nemendum. Skólinn hefur í vetur 42 nemendur í tveimur þriðja bekkjar landsprófsdeildum. Unglingar úr 10 hreppum stunda nám í gagnfræðaskólanum á Selfossi, og er þeim ekið í skólann á morgnana og heim seinni hluta dagsins. Þau sveitarfélög, sem hér eiga hlut að máli auk Selfoss, eru Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Grafningur og hluti af Grímsneshreppi. Með batnandi vegakerfi er auðveldara að aka nemendum til og frá Selfossi en áður var. Koma því fleiri sveitarfélög til með að nota menntaskólann á Selfossi en þau, sem hér hafa verið talin. Má m. a. nefna Þorlákshöfn, Ölfus og ýmis sveitarfélög í Rangárvallasýslu, eftir að hraðbraut er komin austur um sveitir. Það eru því 9—10 þús. manns á því svæði, sem menntaskóli á Selfossi með heimanakstri mun þjóna, og verður því að segja, að Selfoss sé vel settur miðsvæðis í þessu fjölmenna byggðarlagi. Fólki hefur fjölgað á þessu svæði í seinni tíð. Bendir margt til, að það geti orðið einnig áfram, ef framhald verður á uppbyggingu og auknum atvinnurekstri í héraðinu. Einnig munu bættar samgöngur og hraðbraut um héraðið hafa jákvæð áhrif.

Vera má, að ýmsir telji, að Íslendingar hafi nóg af menntaskólum, það sé ekki þörf á að bæta við menntaskóla á Selfossi eða annars staðar á landinu. Við flm. teljum, að þessi hugsunarháttur sé byggður á misskilningi. Þjóðin þarf nú á enn meiri menntun að halda en nokkru sinni fyrr, gagnhæfri og raunhæfri menntun. Sá menntaskóli, sem á að rísa á Selfossi, er ætlazt til, að verði með öðru sniði heldur en gömlu menntaskólarnir hafa verið. Reglugerð um skólann ákvarðar kennslufyrirkomulag og námsefni. Við flm. teljum, að menntaskólinn á Selfossi eigi að vera valgreinaskóli, sem býr ungt fólk, konur og karla, undir þátttöku í atvinnulífinu og hagnýt störf. Við teljum, að skólinn eigi að skiptast í kjörsvið þannig, að nemendur geti sérstaklega lagt stund á þær valgreinar, sem hugurinn stendur til. Með þeim hætti teljum við vera meiri líkur til en ella, að konur og karlar hefðu að loknu stúdentsprófi áhuga á ýmsum hagnýtum þáttum í atvinnulífinu, en ekki aðeins því, sem snýr að embættismennsku eða skrifstofustörfum. Verði menntaskólanum komið inn á þær brautir, sem tengja nemendurna við atvinnulífið, standa vonir til, að skólavistin verði til þess að beina áhuga nemenda að hagnýtum störfum í atvinnulífi nútímaþjóðfélags. Ef svo fer, er ekki ástæða til að tala um of marga menntaskóla, enda er stúdentspróf tæplega miklu meira virði í dag heldur en gagnfræðapróf þótti vera fyrir nokkrum áratugum. Það er nauðsynlegt, að áhugi þeirra, sem á skólabekk sitja, beinist að verklegu starfi og hagnýtu starfi á tæknisviðinu. Tækniþróað þjóðfélag þarf á fjölmenntuðum tæknimönnum að halda, til þess að þjóðin geti tileinkað sér tæknilegar nýjungar og sjálfvirkni. Hafi þjóðin ekki yfir að ráða fyllstu þekkingu á flestum sviðum, mun hún dragast aftur úr í framleiðni, vinnuafköstum og þjóðartekjum. Menntun er því nauðsynleg fyrir Íslendinga, sem ætla sér að sitja á bekk með þeim þjóðum,

sem bezt hafa lífskjör og lengst eru komnar í verklegri menningu.

Það hefur oft verið sagt, að skólarnir gegni ekki á réttan hátt því hlutverki, sem þeim er ætlað að gera, að þeir séu ekki þær uppeldisstofnanir, sem þeir ættu að vera og ætlazt er til, að þeir séu. Um það skal ekkert fullyrt að þessu sinni. En margt bendir til, að kennslan sé ekki alltaf jafnraunhæf og í eins góðu lagi og æskilegt væri. Það kemur fyrir, að menn virðast vera illa að sér á ýmsan hátt, þótt skólaveran hafi verið æðilöng. Skólakerfið er dýrt, en þjóðfélagið hefur rétt til þess að gera háar kröfur til kennara og námsárangurs í skólum landsins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsöguræðu lengri og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. nóv. 1972.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sigurður Blöndal skógarvörður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Sigurður Blöndal hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt. Býð ég hann velkominn til starfa.

Vararafstöðvar, fsp. (þskj. 56). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrsta vetraráhlaupið skall yfir landið 26.—28. okt. s. l. Því fylgdi mjög mikil ísmyndun, sem olli því, að mörg hundruð rafmagns- og símastraurar brotnuðu. Í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu brotnuðu og skemmdust 45 rafmagnsstaurar og var algerlega rafmagnslaust á Hvammstanga í rúma 3 sólarhringa eða þar til sett var upp dísilstöð, sem flutt var frá Reykjavík. Ég þarf ekki að orðlengja um það hér, hversu ríkur þáttur í daglegu lífi okkar Íslendinga rafmagnið er nú orðið eða hvílíkum vandræðum það veldur, ef rafmagnið fer, þótt ekki sé nema stuttan tíma. Allur atvinnurekstur lamast, birgðir í frystihúsum og frystikistum liggja undir skemmdum, fólk getur ekki hitað sér mat, og kuldinn ræður ríkjum á hverju heimili. Svo tilfinnanlegt sem rafmagnsleysi og rafmagnstruflanir eru þó í þéttbýlinu, þá er það í raun og veru enn alvarlegra hvað snertir bæi og þá, sem búskap stunda.

Ef litið er á Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, þá blasir það við, að þar hefði getað orðið stórfellt tjón á húsum, ef gert hefði mikið frost, meðan staðurinn var algerlega rafmagnslaus. Það sem sagt blasir við, að þéttbýlisstaðir, sem aðeins fá orku úr einni átt og hafa enga vararafstöð, eru augljóslega mjög illa settir, því að ísingarveður af þessu tagi geta endurtekið sig hvenær sem er og þá kannske við verri aðstæður og meira frost en var í þetta sinn. Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Er ekki unnt að koma því til leiðar, að vararafstöð, sem sett var upp til bráðabirgða á Hvammstanga eftir ísingarveðrið mikla 27. okt. s. l., verði þar tilframbúðar?

2. Hve víða stendur svo á í þéttbýlisstöðum með yfir 300 íbúa, að ekki séu til varaaflstöðvar? Er ekki nauðsynlegt af öryggisástæðum að koma upp varaafli á þessum stöðum eða a. m. k. að tryggja, að í hverju kjördæmi sé færanleg dísilvél, sem setja megi upp með litlum fyrirvara?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrri fsp. hv. þm. Ragnars Arnalds snýr að því, hvort ekki sé unnt að koma því til leiðar, að vararafstöð, sem sett var upp til bráðabirgða á Hvammstanga eftir ísingarveðrið mikla 27. okt. s. l. verði þar til frambúðar.

Á árinu 1970 var gerð athugun á setningu 500 kw vararafstöðvar og jafnframt toppstöðvar í vesturhluta Húnavatnssýslu. Til greina komu tveir staðir, Hvammstangi og Reykjaskóli. Eftir athugun aðstæðna var stöðin sett upp á Reykjaskóla, og þjónar hún sem slík vesturhluta Húnavatnssýslu, Borðeyri og Ströndum. Lína til Hvammstanga frá greinistöð, sem fær orku úr tveimur áttum, þ. e. frá Laxárvirkjun og frá dísilstöð að Reykjaskóla, er um 6 km. Lína þessi hefur aldrei bilað þau 18 ár, sem hún hefur verið í notkun, fyrr en í fárviðri því, sem varð 27. okt. s. l.

Dísilstöð sú, sem tekin var í notkun á Hvammstanga, meðan viðgerð raflínunnar fór fram, var á verkstæði Rafmagnsveitna ríkisins tilbúin til sendingar að Búðardal í Dölum, en þar var bráð nauðsyn á auknu afli. Þegar viðgerð á Hvammstanga var lokið, var dísilstöðin, sem hafði verið sett á bíl, flutt til annarra svæða, þar sem viðgerðir stóðu yfir. Þessi dísilstöð verður því ekki til frambúðar á Hvammstanga, heldur verður hún flutt til Búðardals eins og áformað var. Hins vegar hafa Rafmagnsveitur ríkisins fest kaup á 500 kw. færanlegri dísilrafstöð, sem nú er rétt ókomin til landsins. Verður henni valinn staður á Norðurlandi vestra.

2. fsp. er um það, hve víða standi svo á í þéttbýlisstöðum með yfir 300 íbúa, að ekki séu til staðar varaaflsstöðvar, og síðan er spurt,

hvort ekki sé nauðsynlegt af öryggisástæðum að koma upp varaafli á þessum stöðum eða a. m. k. tryggja, að í hverju kjördæmi sé færanleg dísilvél, sem setja megi upp með litlum fyrirvara.

Á þeim þéttbýlisstöðum, sem fsp. víkur að, eru mjög víða á landinu varaaflstöðvar. Er þar víðast hvar um dísilstöðvar að ræða. Það er almenn stefna raforkustjórnar landsins að vinna að því, að varaaflstöðvar verði tiltækar á öllum þéttbýlisstöðum. Unz því marki verður náð, er ætlunin að hafa færanlegar stöðvar, þar sem þess er mest þörf. Eru það einkum tvö landssvæði, þar sem skortir varaafl á tilteknum stöðum, þ. e. Norðurland vestra og Suðvesturland. Nú innan skamms verður bætt úr þörfinni á Norðurl. v. með færanlegri 500 kw. dísilstöð, eins og áður er að vikið. Á Suðvesturlandi verður síðan höfð færanleg varaaflstöð á sama hátt. Í öðrum landshlutum virðist ekki brýn nauðsyn færanlegra stöðva nú sem stendur.

Þó að fsp. taki aðeins til þéttbýlisstaða með 300 íbúum eða fleiri, vil ég víkja nokkrum orðum að dreifbýlisveitunum, en þar er á ýmsum svæðum mjög mikil þörf á varaorku. Á stórum kúabúum, sem tengd eru samveitum með einföldum lögnum, er vá fyrir dyrum, ef línur bíla og viðgerð tekur langan tíma. Þá eru m. a. brynningar og mjaltir mjög illa á vegi staddar. Rafmagnsveitum ríkisins er ljós þessi hætta. Þess vegna er haft í huga tvöfalt línukerfi eða hringtengingar.

Þetta er almennt svar mitt við 2. fsp., en ég fór þess á leit við Rafmagnsveitur ríkisins, að þær sendu um þetta mál ítarlega grg., og liggur hún nú hér á borðum hv. alþm. Hún er lengri en svo, að þess sé nokkur kostur, að ég flytji hana hér, enda gerist þess ekki þörf, þar sem þm. hafa hana fyrir framan sig, en ég vil aðeins lesa upp stuttan kafla, sem er á bls. 6, þar sem eru greindar niðurstöður um varaafl í rafveitukerfunum.

Þar eru í fyrsta lagi rafveitur sveitarfélaganna. „Sé Reykjavík og Kópavogi sleppt með um 94 þús. íbúa, eru viðhorfin sem næst þessi: 8 kaupstaðir og kauptún með 26500 íbúa eru með varaaflsvélar í einhverju formi. 8 kaupstaðir og kauptún með 26 þús. íbúa njóta varalínu í einhverju formi, oft mjög veiku, eins og t. d. Hafnarfjörður með 10 þús. íbúa. 5 kauptún með 4 þús. íbúa eru án varaafls."

Í öðru lagi eru Rafmagnsveitur ríkisins. „30 kaupstaðir og kauptún með 13500 íbúa eru með varaaflsvélar, ýmist sem orkuver með fleiri vélum eða sérstakar vararafstöðvar. 8 kauptún með 4300 íbúa njóta varalína í einhverju formi. 15 kauptún með tæpa 3400 íbúa eru að mestu án varaafls. Sveitaveiturnar, sem ná til 20 þús. íbúa, eru að mestu án varaafls. Samkv. þeirri flokkun, sem hér er gerð, hafa rafvæddir íbúar landsins utan Reykjavíkur og Kópavogs varaafl sem hér segir: 40 þús. íbúar frá orkuverum, 30.3 þús. íbúar frá varalínum, 25—27 þús. íbúar hafa ekkert varaafl.

Enda þótt þetta yfirlit sé að sjálfsögðu ekki nákvæmt, af því að hér er oft um matsatriði að ræða, hvort veita getur talizt hafa yfir að ráða varaafli eða ekki, gefur þetta nokkra hugmynd um núverandi ástand í þessu efni."

Ég vil einnig leyfa mér að vitna í það, sem segir á bls. 8 um viðeigandi átak til úrbóta í þessu efni, en þar segir, að til þess þyrfti í fyrsta lagi að „koma upp nokkrum nýjum föstum varaaflstöðvum og skipta út þeim lélegustu, sem nú eru fyrir hendi og kallast varastöðvar", og í öðru lagi að „koma upp hæfilegum fjölda færanlegra stöðva. Hér þarf mikið fé til, vart undir 40—50 millj. kr., ef verulegar úrbætur ætti að gera, og mun meira, ef gera ætti dreifbýlinu skil að marki. Þessi upphæð legðist á Rafmagnsveiturnar sem rekstrarbaggi, sem næmi 5—6 millj. kr. á ári eða 2—3% hækkun á raforkuverði, og eru þá sveitirnar að verulegu leyti óleystar, eins og áður getur. Þessar aðgerðir mætti þó taka í áföngum, og er t. d. núna að koma til landsins ein 500 kw. varavél, „flökkuvél". Á fjárhagsáætlun næsta árs eru áætlaðar 8 millj. kr. til dísilvélakaupa, og er sú áætlun vafalaust of lág. Að verulegu leyti eru þetta ákvörðunaratriði."

Og það er mergurinn málsins. Þetta eru að verulegu leyti ákvörðunaratriði. Þegar verið er að meta öryggi í þessu efni, reyna menn að sjálfsögðu að bera saman hæsta fáanlegt öryggi annars vegar og tilkostnaðinn hins vegar, og þær ákvarðanir, sem í verður ráðizt, eru auðvitað málamiðlun á milli. Og það er að sjálfsögðu í höndum Alþ. hverju sinni, hversu miklu fjármagni talið er unnt að veita til öryggisráðstafana af þessu tagi.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Mér virðist, að svör hans staðfesti þær aths., sem ég lét fylgja fsp. hér áðan. Það gerist ekki oft, að slíkir atburðir verða, en þegar þeir gerast, þá skapast mjög alvarlegt ástand. Ég held, eins og kemur fram í skýrslu rafmagnsveitnanna, að kjarni þessa máls sé, að það þarf að koma upp nokkrum nýjum föstum varaaflstöðvum og skipta út þeim lélegustu, sem nú eru fyrir hendi og kallast varastöðvar, eins og segir í skýrslunni. Og það þarf að koma upp hæfilegum fjölda færanlegra stöðva. Ég tek undir það, sem kom fram í svarinu, að hugsanlegt væri, að þetta gerðist í áföngum. En þetta þarf sem sagt að verða.

Ég fagna því einnig, sem fram kom í svari ráðh., að ákveðið hefur verið að setja upp á Norðurl. v. færanlega 500 kw. stöð, sem komi í veg fyrir, að slíkir atburðir sem urðu nú í október endurtaki sig.

Ég vil að lokum þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og þá sérstaklega fyrir það ítarlega fskj., sem fylgir svari hans og undirbúið er af hálfu Rafmagnsveitnanna. Ég vona, að málið í heild verði athugað gaumgæfilega á grundvelli þessarar skýrslu með það fyrir augum, að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar.

Samgönguþáttur Norðurlandsáætlunar, fsp. (þskj. 40). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 40 eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh. um

framkvæmd samgönguþáttar Norðurlandsáætlunar:

„a. Hve miklu fjármagni hefur verið varið til að framkvæma samgönguþátt Norðurlandsáætlunar á yfirstandandi ári? b. Hvað dvelur framkvæmdir ýmissa áætlaðra verkefna, t. d. á Ólafsfjarðarvegi norðan Hörgár? c. Hvað er áformað að framkvæma á Akureyrarflugvelli næsta ár? Verður viðbótarbygging við flugskýli tekin þá í notkun?"

Út af a-lið fsp. tel ég rétt að minna á, að við afgreiðslu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar á s. l. vori lagði ríkisstj. til, að varið yrði til þess að framkvæma samgönguþátt Norðurlandsáætlunar einungis 100 millj. kr. Þá var einnig gert ráð fyrir því í þessum till., að áætlunin skyldi aðeins ná til vegaframkvæmda á yfirstandandi ári. Hér var í fyrsta lagi um algera stefnubreytingu að ræða frá því, sem heimamenn og fyrrv. stjórnvöld höfðu markað um undirbúning áætlunargerðarinnar, sem var miðaður við, að samgönguþátturinn næði einnig til hafna- og flugmála auk vegamála. Í annan stað var hér um stórkostlegan niðurskurð að ræða frá því, sem Efnahagsstofnunin og síðar Framkvæmdastofnun ríkisins höfðu lagt til, að varið yrði til framkvæmdar samgönguþáttar Norðurlandsáætlunar árið 1972.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var gengið út frá þeirri stefnu, að 45% framkvæmdaþarfar í vegamálum á Austfjörðum skyldi verða sú viðmiðun, sem fjáröflun á áætlunartímabilinu miðaðist við. Í samræmi við það var gert ráð fyrir að afla 300 millj. kr. til Austfjarðaáætlunar á 4 árum eða 75 millj. kr. á ári. En í till. ríkisstj. var, eins og ég sagði áðan, aðeins ætlað að verja 100 millj. kr. til hliðstæðra framkvæmda í Norðurlandsáætlun, sem þó nær yfir tvö kjördæmi auk Strandasýslu. Megn óánægja kom fram á síðasta þingi um þessa stefnu ríkisstj., og fékkst samþykkt heimild til að afla 120 millj. kr. til Norðurlandsáætlunar, þó þannig, að settar voru á lið, sem hlaut nafngiftina óskipt, 20 millj. kr. Ég vænti þess að fá greinargóð svör um það frá hæstv. ráðh., hvort þessu fé hefur verið varið til framkvæmda eða ekki á yfirstandandi ári.

Út af lið b vil ég taka fram, að alls er áætlað að verja 14 millj. kr. á yfirstandandi ári, bæði samkv. Norðurlandsáætlun og vegáætlun, til þess að endurbyggja Ólafsfjarðarveg frá Hörgá að Reistará. Ekki verður annað séð en hér hafi eitthvað annað en fjármagnsskortur hamlað framkvæmdum, þar sem sáralítið hefur verið gert á þessum vegarkafla í sumar. Því er spurt: Hvað dvelur þessa framkvæmd?

Í þriðja lagi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. ráðh. um framkvæmdir á Akureyrarflugvelli. Enn þá heyrir slíkt að vísu ekki undir Norðurlandsáætlun formlega, en ég vænti þess, að þessu sé auðsvarað engu að síður, þar sem fjáröflunar- og framkvæmdaáætlunin hlýtur að vera vel á veg komin fyrir næsta ár. Á Akureyri er í smíðum viðbótarbygging við flugstöð, sem er hin brýnasta framkvæmd, því að þrengsli há nú allri afgreiðslu á flugvellinum. Um Akureyrarflugvöll fara nú yfir 50 þús. manns á yfirstandandi ári, að því er talið er, og aukning hlutfallslega meiri þar í farþegafjölda en víðast annars staðar á landinu.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur beint til mín spurningu í þremur bókstafsliðum, og verður þeim nú svarað.

Framkvæmdum samkv. Norðurlandsáætlun í vegáætlun á þessu ári er ekki öllum lokið. Það er gert ráð fyrir, að til vegaframkvæmda verði varið 100 millj. kr. í samræmi við þá sundurliðun framkvæmda, sem tilgreind er í 6. lið 4 í vegáætlun 1972. Þær 20 millj. kr., sem tilgreindar eru óskiptar í þessari sundurliðun og bætt var við Norðurlandsáætlun við afgreiðslu vegáætlunar á Alþ. á s. l. vori, hafa ekki komið til framkvæmda, þar sem lánsfjár til þeirra hefur ekki verið aflað. Er það raunar vafamál, að unnt hefði verið að koma í verk framkvæmdum fyrir þessar 20 millj. kr., þó að fé hefði verið fyrir hendi, sökum lítils tíma til undirbúnings og skorts á mannafla og tækjum til framkvæmdanna. Þetta var svar við a-liðnum.

Þá er það b-liðurinn: Hvað dvelur framkvæmdir ýmissa áætlaðra verkefna, t. d. á Ólafsfjarðarvegi norðan Hörgár?" Í umr. um stefnu forsrh. á Alþ. hinn 17. þ. m. var gerð nokkur grein fyrir gangi helztu framkvæmda samkv. vegáætlun og þar með framkvæmda samkv. Norðurlandsáætlun. Var þess þá getið, að nú er unnið að lagningu Ólafsfjarðarvegar milli Hörgár og Reistarár og áætlað, að unnt verði að ljúka þeim framkvæmdum í vetur. Óvenjumiklar framkvæmdir einstaklinga og opinberra aðila á Norðurlandi hafa valdið því, að eigi hefur reynzt unnt að ljúka öllum áætluðum framkvæmdum samkv. vegáætlun yfir sumarmánuðina, sökum þess að tæki og mannafli hafa hreinlega ekki verið fáanleg í þeim mæli, sem þurft hefði. Má í því sambandi geta þess, að 6.5 km kafla af Ólafsfjarðarvegi, sem boðinn var út á s. l. ári og lokið átti að verða 1. ágúst s. l., er enn ekki að fullu lokið, og mun drátturinn að mestu stafa af því, að verktakinn hafi ekki getað fengið tæki og mannafla til þess að ljúka verkinu á tilsettum tíma. Framkvæmdir á Grenivíkurvegi á Svalbarðsströnd fyrir 6 millj. kr. hafa ekki verið hafnar. Er það í samræmi við ákvörðun Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 12. maí um sundurliðun framkvæmda samkv. Norðurlandsáætlun, en þar er gert ráð fyrir því, að þessi fjárveiting megi ganga til þess að mæta því, sem á kann að vanta aðrar fjárveitingar vegna verðhækkana á öðrum framkvæmdum í Norðurlandsáætluninni, þar sem undirbúningi að lagningu þessa vegarkafla var mjög skammt á veg komið. Á fskj., sem ég hef hér, er heildaryfirlit um framkvæmdir í vegamálum samkv. Norðurlandsáætlun, en flestar þeirra upplýsinga, sem þar eru greindar, komu fram í umr. á Alþ. hinn 17. okt., en það fskj., held ég, að verði ekki tími til þess að lesa hér, og gæti þá fyrirspyrjandinn fengið þá skýrslu hjá mér.

Þá er það c-liður fsp. Hann er um flugmál. Í samgönguþætti Norðurlandsáætlunar fyrir árið 1972 er ekki veitt neitt til flugmála, og eru því framkvæmdir þær, sem nú eru í gangi á Akur-

eyrarflugvelli, utan þeirrar áætlunar. Ekki er kunnugt um, hvort veitt verður fé af Norðurlandsáætlun til Akureyrarflugvallar næsta ár, en í till. flugráðs um framkvæmdir þar árið 1973 og af fjárveitingum til flugmálanna er mælt með eftirfarandi, en það eru vitanlega ekki öruggar endanlegar tölur, þó að till. séu um það nú frá flugráði: í fyrsta lagi lenging flugbrautar 3 millj., í öðru lagi flugstöð, framhaldsframkvæmdir, 3.5 millj. kr. og brautarbíll 0.7 millj., eða samtals 7.2 millj. kr. Það er búizt við því, að hægt verði að taka í notkun viðbótarbyggingu þá, sem nú er unnið að við flugstöð Akureyrarflugvallar á næsta ári.

Þetta eru þau svör, sem ég get gefið hv. fyrirspyrjanda við spurningum hans, og kann að vera, að honum finnist þau ekki fullnægjandi, en svona standa málin, eftir því sem ég bezt veit.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Í svari hans kom fram, að það er ekki ráðgert að framkvæma vegaframkvæmdir á Norðurlandi fyrir 20 millj. kr., sem Alþ. gerði þó ályktun um í formi Norðurlandsáætlunar á síðasta þingi. Þetta kom skýrt og ótvírætt fram í svari hæstv. ráðh. og ég get ekki látið hjá líða að harma það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað séð sér fært að framfylgja vilja Alþ. að þessu leyti. Í svari ráðh. kom fram, að ýmsar aðrar framkvæmdir hafa tafizt. Ég gat þess, að 14 millj. kr. væru bæði á Norðurlandsáætlun og vegáætlun til framkvæmda milli Reistarár og Hörgár á Ólafsfjarðarvegi. En nú hefur aðeins verið framkvæmt þar fyrir tæpar 5 millj. kr., eftir því sem mér skilst. Það er komið nokkuð langt fram í nóv., þannig að mér sýnist, að það sé hæpið að fullyrða, að það sé hægt að ljúka þessari framkvæmd á þessu ári.

Einnig kom fram í svari ráðh., að á Norðurlandi hefði vantað verkfæri til vegaframkvæmda. Það má vel vera, að það hafi verið svo sérstakt neyðarástand í þessum efnum á Norðurlandi eingöngu, en ég hef ekki orðið var við, að vegaframkvæmdir hafi tafizt annars staðar á landinu af þessum sökum, t. d. Austfjörðum.

Þá vil ég fagna því, að það mætti ráða í það af svari ráðh., þó að hann tæki það skýrt fram, að hér væri aðeins um tillögugerð að ræða, að það yrði eitthvert verulegt átak gert á Akureyrarflugvelli á næsta ári. Það kom fram í svari hæstv. forsrh., að Norðurlandsáætlun yrði að þessu sinni látin ná til flugmála og 25 millj. kr. yrði varið til framkvæmda í flugmálum á Norðurlandi. Hann minntist að vísu ekki þar á Akureyrarflugvöll, en ég vænti þess, að þessum brýnu framkvæmdum á Akureyrarflugvelli verði lokið á næsta ári, þannig að það verði hægt að taka flugstöðina a. m. k. í notkun, sem er jafnmikil þörf á og ég gat um í minni frumræðu.

Samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur, fsp. (þskj. 54). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir nokkru fengu ýmsir aðilar innan þings og utan í hendur skýrslu frá n., sem um árabil hefur rannsakað samgöngur um Hvalfjörð. N. hefur kannað helztu hugmyndir, sem fram hafa komið um bættar samgöngur um fjörðinn, t. d. bílaferju eða farþegaskip milli Reykjavíkur og Akraness, bílaferju yfir Hvalfjörð sjálfan, jarðgöng undir fjörðinn eða brú yfir hann og loks varanlegan veg fyrir fjörðinn. Niðurstaða n. er sú, að hagkvæmast sé að leggja hraðbraut með varanlegu slitlagi inn fyrir Hvalfjörð, en hugsanlegt sé einnig að hafa farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur t. d. með skíðaskipi eða með þyrlum.

Þegar Alþ. fjallaði um vegáætlun áranna 1972—1975 snemma á þessu ári, var fjvn. skýrt frá niðurstöðu Hvalfjarðarnefndar, sem n. skilaði þó ekki frá sér formlega fyrr en nú nýlega. Í samræmi við þetta var ákveðið í vegáætlun að hefja á þessu áætlunartímabili framkvæmdir við hraðbraut fyrir botn Hvalfjarðar. Ákvörðun um framkvæmd þessa álits var því tekin meira en hálfu ári áður en álitið var fullgert ag birt.

Þessi óvenjulegu vinnubrögð gefa tilefni til þess að spyrja hæstv. samgrh., hvort hann líti svo á, að með þessari ákvörðun Alþ. og samþykki ríkisstj. hafi álit Hvalfjarðarnefndar verið samþykkt, án þess að nokkrar umr. færu fram um það, í heild innan Alþ. eða utan. Ég spyr um þetta mál af því, að mér er kunnugt um nokkra óánægju með niðurstöðu n., aðallega á Akranesi, og hefur komið til tals að halda þar borgarafund um málið. Virðist vera eðlilegt, að álitið verði kynnt og rætt, áður en frekari ákvarðanir eru byggðar á því.

Önnur spurning mín er, hvort hæstv. samgrh. hafi í hyggju að fara eftir till. Hvalfjarðarnefndar þess efnis, að fram fari frekari athugun á rekstri skips eða þyrlu til farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur. Ef það er ætlun ráðh., að slík athugun fari fram, hvernig verður hún framkvæmd og hvenær?

Loks spyr ég, hvort hæstv. ráðh. sé fáanlegur til að láta slíka rannsókn einnig ná til nýrrar bílaferju milli Akraness og Reykjavíkur? Hvalfjarðarnefnd gerir ráð fyrir, að í framtíðinni verði ekki bílaferja milli þessara staða, eins og verið hefur í áratugi. Núverandi skip, Akraborg, flytur um 50 þús. farþega og mikinn fjölda bíla á ári hverju milli þessara staða. Skipið er mjög úr sér gengið, og rík ástæða væri að öðru jöfnu til þess að endurnýja það. Hvalfjarðarnefnd bendir á, að hraðbraut milli Akraness og Reykjavíkur muni stytta aksturstíma svo mjög, að ferja gæti varla keppt við veginn. Þess er þó að gæta, að með núverandi framkvæmdahraða verður varanlegur vegur ekki kominn frá höfuðstaðnum til Akraness fyrr en eftir rúmlega 12 ár, svo að þessi samanburður á því varla við strax. Ég vil því leyfa mér að vona, að hæstv. ráðh. láti áframhaldandi athugun á bifreiðaferju fylgja þeirri rannsókn á farkostum fyrir leiðina á milli Akraness og Reykjavíkur, sem enn verður að gera þrátt fyrir margra ára starf Hvalfjarðarnefndar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. ber fram í fyrsta lagi þessa spurningu: „Er ráðh. sammála því, að með ákvörðun um lagningu hraðbrautar fyrir Hvalfjarðarbotn (sbr. vegáætlun 1972—1975),

hafi Alþ. fallizt á þá skoðun Hvalfjarðarnefndar, að hafna beri hugmyndum um brú, jarðgöng eða ferju, en leggja veg með varnalegu slitlagi fyrir fjörðinn?"

Í bréfi Hvalfjarðarnefndar til samgrn., sem dags. er 20. sept. s. l. og prentað er með nál., kemur fram, að við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 var fjvn. Alþ. gerð munnlega grein fyrir niðurstöðum n. Í framhaldi af því var svo tekin inn í vegáætlun fyrir árin 1972—1975 fjárveiting til lagningar á hluta af væntanlegri hraðbraut fyrir Hvalfjarðarbotn. Þar sem hvorki kom fram ágreiningur í fjvn. um þetta atriði né við afgreiðslu vegáætlunar á Alþ., verður að líta svo á, að Alþ. hafi samþykkt þessa niðurstöðu n., og á þetta auðvitað bæði við hv. fyrirspyrjanda og ráðh. sem og aðra þm.

Þá er önnur spurningin á þessa leið: „Ef svo er, ætlar ráðh. að framkvæma till. n. um, að rekstraröryggi og rekstrarafkoma farkosts til farþegaflutninga milli Akraness og Reykjavíkur verði könnuð til hlítar, þ. á m. skíðaskips og þyrlu? Sé svo, hvenær og hvernig á slík athugun að fara fram?

Svo verður að líta á, að nú sé lokið þeirri athugun á samgöngumöguleikum um Hvalfjörð, sem Alþ. óskaði eftir, að framkvæmd yrði með þál. hinn 18. apríl 1967. Þar sem mjög skammt er liðið síðan álit Hvalfjarðarnefndarinnar var lagt fram, hefur rn. ekki gefizt tími til að athuga þá ábendingu, sem fram kemur í nál. um, að æskilegt væri að rannsaka sérstaklega tiltekna möguleika til fólksflutninga beint milli Akraness og Reykjavíkur. Má vel vera, að nánari athugun leiði í ljós, að æskilegt sé að láta fara fram sérstaka könnun á heppilegustu lausn á fólksflutningum beint milli Akraness og Reykjavíkur. Væri og eðlilegt, að samgn. Alþ. hugleiddu það mál í sambandi við ákvörðun á ríkisstyrk til sjóflutninga þessa leið í fjárl. ársins 1973, sérstaklega þar sem nú er vitað, að skip það, sem notað er til þessara flutninga, muni vart verða nothæft til þeirra í mörg ár enn.

Þriðja spurning hv. þm. var á þessa leið: „Telur ráðh. rétt, að slík könnun verði einnig látin ná til frekari athugunar á nauðsyn og hagkvæmni nýrrar bifreiðaferju milli Akraness og Reykjavíkur, ekki sízt með tilliti til þess, að með núverandi framkvæmdahraða muni taka um 12 ár að fullgera hraðbraut fyrir Hvalfjörð til Akraness?" Í áliti Hvalfjarðarnefndar kemur fram á bls. 63—64, að sérstök athugun var gerð á rekstri bifreiðaferju á milli Akraness og Reykjavíkur, og varð niðurstaðan sú, að mjög mikið vantaði á, að það fyrirtæki gæti talizt arðbært. Verði hins vegar horfið að því ráði að láta gera sérstaka athugun á fólksflutningum milli Akraness og Reykjavíkur, og það tel ég mjög eðlilegt, að gert yrði, þá virðist ástæðulítið að binda þá athugun fyrirfram við aðeins tvo gefna valkosti, en hvor tveggja þeirra kæmi þó áreiðanlega mjög til greina.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. mínum þrem.

Það kemur í ljós af svari hans við fyrsta lið, að mig hefur grunað rétt, að svo verði litið á, að Alþ. hafi nú þegar samþykkt þessa skýrslu í heild, af því að það samþykkti hraðbraut fyrir botn Hvalfjarðar í vegáætlun s. l. vor. Ég vil þó benda á, að ég er ekki viss um hvort alþm. hafi almennt gert sér ljóst, að um leið og þeir samþykktu þennan veg fyrir Hvalfjörð, væru þeir að útiloka alla aðra möguleika, sem kunnir hafa verið og ræddir, þ. á m. að útiloka þjónustu, sem hefur verið fyrir hendi í áratugi, og á ég þar við bílaferju milli Reykjavíkur og Akraness. Að sjálfsögðu er ekki við því að búast, að ég eða aðrir greiði atkv. á móti, þegar möguleikar skapast til að leggja varanlegan veg fyrir Hvalfjörð og stytta þá leið. En það er ekki eðlileg afgreiðsla á svo stóru máli að telja samþykkt þessarar vegalagningar nægilega til þess, að allir aðrir möguleikar, sem við sjáum nú fyrst athugaða og rannsakaða í skýrslunni sem heild, hafi þar með verið útilokaðir. Þess vegna tel ég, að a. m. k. sumir þeirra möguleika hljóti að koma til frekari athugunar.

Ég get skilið, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert upp við sig enn þá, hvort hann ætlar að fara eftir till. Hvalfjarðarnefndar um frekari rannsókn á fólksflutningum milli Reykjavíkur og Akraness. Ég vil vona, að hann fylgi þó þeirri till. og láti slíka athugun fara fram hið fyrsta. Er ekki óeðlilegt, eins og hann stakk upp á, að hann hafi um það samstarf við nefndir Alþingis. Hins vegar fannst mér hæstv. ráðh. taka heldur litið undir það, sem viðkvæmast er gagnvart stóru bæjarfélagi, þ. e. Akranesi, að fella ekki niður bílaferju milli höfuðstaðarins og Akraness. Ráðh. bendir á, að í skýrslu sérfræðinganna sé sýnt fram á, að rekstur slíkrar bílaferju sé ekki arðbært fyrirtæki. En hve margir flóabátar á Íslandi eru arðbærir? Eru þeir ekki nauðsynlegir samt? Þetta er sá flóabátur, sem flytur fleiri farþega en allir hinir til samtals. Og í öðru lagi: Er Ríkisskip arðbært fyrirtæki? Ef það er ætlun hæstv. samgrh. að taka bílaferju af þessari leið á þeim grundvelli, að hún sé ekki fullkomlega arðbær, þá finnst mér, að hann mætti stöðva býsna mörg önnur skip, sem sigla meðfram ströndum landsins.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þetta er alls ekki einfalt mál. Meginröksemdin gegn því að reka bílaferju milli Akraness og Reykjavíkur er sú, að vegurinn verði svo góður, að það muni muna litlu, hvort ekið er fyrir fjörðinn eða siglt yfir hann. En eftir þeim framkvæmdahraða, sem er á vegáætlun samþykktri s. l. vor, er varla við því að búast, að slíkur vegur verði kominn til Akraness fyrr en eftir 12 ár, og 12 ár er langur tími, sem við getum ekki gengið fram hjá eins og það væru 12 dagar.

Orkumál Norðurlands, fsp. (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Síðustu árin hafa orkumál Norðlendinga verið mjög ofarlega á baugi. Hafa þær umræður fyrst og fremst snúizt um fyrirhugaða Laxárvirkjun. Hugmyndir manna um stórvirkjun í Laxá eru

úr sögunni, og þar var um að ræða mál, sem fyrst og fremst var deilumál heimamanna, og af hálfu stjórnvalda, bæði af fyrrverandi og núverandi iðnrh., var lögð fram lofsverð viðleitni í þá átt að sætta þá deilu. Eftir að það mál þróaðist í þá átt, sem ég gat um, að lausn á orkuþörf Norðurlands fengist ekki með þeim hætti, vaknaði að sjálfsögðu áhugi nyrðra á því að kanna aðra valkosti til þess að tryggja Norðurlandi nauðsynlega orku, því að það þarf auðvitað ekki að útskýra það fyrir einum eða neinum, að undirstaða atvinnulífs á hverjum stað og ekki sízt nyrðra, þar sem iðnaður er mikill, er að sjálfsögðu háð því, að nægileg orka sé til staðar, og orkuþörf Norðlendinga er á engan hátt fullnægt með viðunandi hætti, eins og er í dag. Norðlendingar hafa sýnt á þessu máli og þeim vanda, sem risið hefur, mjög mikinn skilning og víðsýni og hafa tjáð sig reiðubúna til þess að kanna alla valkosti í því efni. En þeir hafa að sjálfsögðu lagt á það mikla áherzlu, að endanlegar ákvarðanir verði ekki teknar varðandi lausn orkumála Norðurlands nema í samráði við heimamenn, og getur naumast nokkurn undrað það. Það virðist hins vegar vera svo, að af hálfu stjórnvalda hafi verið fyrirhugað að taka ákvarðanir, án þess að haft yrði slíkt samráð við Norðlendinga, sem þeir höfðu óskað eftir. Á s. l. vetri voru að tilhlutan forráðamanna Norðlendinga bornar fram óskir um, að sett yrði á laggirnar viðræðunefnd milli ríkisvaldsins og þeirra til þess að kanna hina ýmsu valkosti varðandi lausn á orkuþörf Norðlendinga. Held ég, að enginn geti annað sagt en að þetta hafi verið mjög sanngjörn ósk.

Ástæðan til þess, að þessi fyrirspurn er fram borin nú, — sem í fljótu bragði virðist vera næsta þarflaust, þar sem hægt virðist vera að kynna sér það mál með öðrum hætti, — er sú, að því miður hefur ekki fengizt enn þá svar frá hæstv. iðnrh. — eða hafði ekki fengizt, þegar þessi fsp. var samin, — um það, hvort orðið yrði við þessum óskum Norðlendinga. En síðasta ósk þeirra um þetta efni er borin fram á nýafstöðnu fjórðungsþingi og hefur verið send okkur þm. Norðlendinga með bréfi frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins. Þar segir svo í lok bréfsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur er vakin athygli yðar, hr. alþm., á samþykkt fjórðungsráðs, þar sem ítrekuð er krafa um, að skipuð verði nefnd af ríkisstjórninni og Fjórðungssambandinu, sem gerir hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og skipulagi á dreifingu orkunnar á Norðurlandi."

Þar sem ekkert svar hafði borizt frá hæstv. iðnrh. eða hæstv. ríkisstj. um, hvort orðið yrði við þessari ósk, sýndist mér eðlilegast, að það fengist skýrt og ákveðið hér á hinu háa Alþingi, þannig að það lægi fyrir, hvort ekki ætti að verða við þessari ósk Norðlendinga, og ef svo væri ekki, þá af hvaða ástæðum. Þess vegna hef ég leyf mér að leggja þessa fsp. fram.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. þm., Magnús Jónsson, tók fram, kom óskin um skipun n. til að taka upp byrjunarviðræður við Norðlendinga um raforkumál fjórðungsins fyrst fram fyrir rúmu ári, svo að mér finnst fsp. hv. þm. nokkuð síðbúin. Ég vil segja honum það, að ég legg ekki í vana minn að draga í heilt ár afgreiðslu mála, sem til mín er beint. Ástæðan fyrir því, að n. hefur ekki verið skipuð, er sú og sú ein, að þróunin hefur orðið miklu örari en Fjórðungssamband Norðlendinga gerði sér hugmyndir um í fyrra, og samráð stjórnvalda við ráðamenn á Norðurlandi eru komin miklu lengra en kemur fram við eina nefndarskipun.

Núverandi ríkisstj. hefur, sem kunnugt er, beitt sér fyrir skipulagsbreytingu í raforkuiðnaðinum í þá átt að gera vald og áhrif heimamanna í hverjum landsfjórðungi miklu meiri en verið hefur til þessa. Þannig er gert ráð fyrir því, að í hverjum landsfjórðungi starfi sérstakt fyrirtæki að öflun raforku og meginflutningi hennar. Þessi fyrirtæki verði í eigu heimamanna að hálfu á móti ríkinu. Á sviði orkudreifingar hefur ríkisstj. mótað þá stefnu að stórauka áhrif heimamanna á stjórn og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og gera á þeim nauðsynlegar skipulagsbreytingar í því skyni. Er þess vænzt, að með því séu sköpuð skilyrði til þess, að dreifiveitur í eigu sveitarfélaga sjái sér hag í því að sameina héraðsveitur nágarannahéraða, eftir að heimamenn eru orðnir svo miklu ráðandi um rekstur þeirra. Þessum dreifiveitum yrði að sjálfsögðu í sjálfsvald sett, hvort þær notfæra sér slíkt tækifæri til aukinnar hagkvæmni í rekstri, enginn yrði til þess neyddur. Reynslan frá nágrannalöndunum bendir hins vegar eindregið í þá átt, að þróunin hér yrði eftir þessa skipulagsbreytingu í átt til stærri og hagkvæmari rekstrareininga í raforkudreifingunni. Það er markmið stefnumótunar ríkisstj. á þessu sviði að stuðla að þessari þróun og búa í haginn fyrir hana.

Eitt megineinkennið á stefnu núv. ríkisstj. í raforkumálum og það, sem einkum greinir þá stefnu frá því, sem tíðkaðist í tíð fyrrv. ríkisstj., er einmitt, hversu mikið áhrif heimamanna í einstökum landsfjórðungum munu aukast frá því, sem verið hefur. Sú breyting er miklu stórfelldari en sú gamla hugmynd að skipa eina litla n. Í mótun á stefnu sinni í einstökum atriðum leggur ríkisstj. áherzlu á að hafa sem nánast samstarf við heimamenn í hverjum landshluta. Þannig voru að tilhlutan iðnrn. hafnar viðræður á s. l. sumri við aðila raforkuiðnaðarins á Norðurlandi og við fulltrúa Norðlendinga, þ. á m. Fjórðungssambands Norðurlands. Viðræður þessar hafa tveir embættismenn annazt af hálfu rn. Árni Snævarr ráðuneytisstjóri í iðnrn. og Jakob Björnsson prófessor, sem um næstu áramót mun taka við embætti orkumálastjóra. Þetta sýnir áherzlu þá, sem rn. leggur á samband við heimamenn í stefnumótun sinni, því að viðræður á þessu stjórnunarstigi fela vitanlega í sér miklu nánari tengsl stjórnvalda við íbúa Norðurlands en nokkur nefndarskipun. Þessum viðræðum er ekki lokið, en þess má geta, að undirtektir heimamanna hafa hvarvetna verið mjög jákvæðar, ekki aðeins á Norðurlandi, þar sem þessar viðræður eru hafnar, heldur einnig á Vestfjörðum og Vesturlandi, en ég hef í haust haft tækifæri til að ræða við forustumenn sveitarfélaga í þeim landshlutum.

Ríkisstj. hefur, sem kunnugt er, tekið ákvörðun um að leggja orkuflutningslínu frá væntanlegri Sigölduvirkjun til Norðurlands. Sigölduvirkjun mun um tíma hafa orku aflögu frá markaðinum hér Sunnanlands, sem þá verður notuð til að mæta aukinni orkuþörf á Norðurlandi. Nú s. l. sumar var hafizt handa um samtengingu Norðurlands eystra og vestra í eitt raforkukerfi. Lýkur því verki áður en langt um líður. Með því er mest allt Norðurland orðið einn raforkumarkaður, og orkan frá Sigöldu kemur því að gagni öllum Norðlendingum, sem vantar orku. Ef þessi ákvörðun hefði ekki verið tekin, hefði orðið að vinna að tveimur virkjunum á Norðurlandi samtímis Sigöldu, sem allar hefðu haft ónotaða orku nokkurn tíma eftir lúkningu. Allir sjá, að slík vinnubrögð eru molbúaháttur, hvernig sem á málin er litið. Í þess stað er lögð áherzla á að koma þeim virkjunum, sem gerðar eru, sem allra fyrst í fulla nýtingu til þess að halda raforkuverði niðri. Það táknar, að hafa verður raforkumarkaðinn sem stærstan með samtengingu einstakra hluta landsins. Svo hefur verið farið að í öllum þróuðum löndum. Slíkar samtengingar geta leitt til miðstjórnar og ofstjórnar, ef ekki er verið á verði og skipulagsháttum raforkumála þannig fyrir komið, að ekki sé hætta á slíku. Stefnumótun ríkisstj. miðar einmitt að þessu, að nýta út í æsar kosti stórra kerfa og samrekstrar undir lýðræðislegum stjórnarháttum, er tryggja, að allir íbúar landsins njóti góðs af og geti haft sín áhrif.

Þótt Norðurl. og Suðurl. verði þannig tengd saman, táknar það alls ekki, að ekki verði virkjað á Norðurlandi. Þvert á móti er nú lögð áherzla á virkjunarrannsóknir á Norðurlandi, Orkustofnun vinnur nú að rannsóknum og athugunum á virkjun Jökulsár á Fjöllum, Dettifoss, Skjálfandafljóts hjá Ísólfsvatni, Jökulsánna eystri og vestri í Skagafirði og virkjun Blöndu í Blöndudal, þ. e. í eigin farvegi aftur, þar eð virkjun hennar niðri í Vatnsdal er talin munu hafa óæskileg umhverfisáhrif. Auk þess hefur Orkustofnun nýlokið ítarlegri áætlun um jarðgufuvirkjanir á Kötlusvæðinu. Sumar þessara virkjana, svo sem Dettifoss og Blanda, eru taldar mjög álitlegar, en vel má vera, að um fleiri reynist svo einnig. Sameiginlegt flestum þessara virkjana er þó það, að þær mundu eiga mjög örðugt uppdráttar með norðlenzka raforkumarkaðinn einn sökum þess, hve stórar sumar þeirra yrðu. Þetta gerbreytist með tengingu við Suðurlandið með 10 sinnum stærri markað. Þá er það ekki lengur vandkvæðum bundið að fullnýta stórar og hagkvæmar virkjanir á Norðurlandi. Ríkisstj. hefur þannig með ákvörðun sinni um samtengingar beinlínis skapað grundvöll undir hagkvæmar stórvirkjanir á Norðurlandi. Af þessu má sjá, að hið væntanlega norðlenzka virkjunarfyrirtæki, sem ég geri mér vonir um, að verði stofnað fljótlega, mun ekki skorta verkefni, eftir að skilyrði hafa verið þar sköpuð.

Nú er unnið af kappi að undirbúningi línulagningarinnar norður. Kappkostað verður að vanda sem bezt til hönnunar þessarar línu þvert yfir hálendi Íslands. Margar leiðir verða kannaðar, og hefur verið unnið að því síðan í fyrra. Vegna mikilvægis þessarar línu verður undirbúningur hennar að ýmsu leyti vandaðri en tíðkazt hefur um ýmsar háspennulínur hér á landi til þessa, og eru línurnar á Suðvesturlandi þar ekki undantekningar. Þannig verður í hönnun stuðzt við beinar mælingar á aðstæðum á sjálfu línustæðinu, á ísingu og veðurfari. Slíkt hefur ekki áður verið gert hér á landi. Tekið hefur verið upp samband við norska aðila, sem hafa langa reynslu af lagningu lína um hálendi, þ. á m. til vesturstrandarinnar í Noregi. Nú á næstunni munu ung hjón taka sér bólfestu í mælingarstöð á brún Eyjafjarðardals í nálega 900 metra hæð. Munu þau dveljast þar fram á næsta sumar og athuga daglega ísingarmyndun og veðurfar. Auk þessa eru áformaðar ýmsar athuganir á öðrum stöðum á hálendinu. Það verður því ekki á neinn hátt flaustrað af þessari línulagningu, þvert á móti verður hún rækilegar undirbúin en flestar eða allar aðrar línur hér á landi.

Orkustofnun vinnur að athugun á samrekstri kerfanna norðanlands og sunnan, eftir að samtengingin er komin á. Verða rækilega kannaðir þeir möguleikar til nýtingar á orkuvinnslugetu, sem tengingin hefur í för með sér. Fljótlega þarf að gera sér grein fyrir því, hvernig virkjunum sunnanlands og norðan verður skynsamlega skipað í tímaröð, eftir að tenging er komin á. Þetta er m. a. nauðsynlegt til þess að ákveða, hver flutningsgeta línunnar eigi að verða í fyrsta áfanga, hvort betur borgi sig að hafa þá flutningsgetu sem mesta þegar frá upphafi eða auka við hana síðar. Margir möguleikar koma til greina um röð virkjana, svo sem: Sigalda, Dettifoss, Sultartangi, Hrauneyjarfoss, Blanda — eða: Sigalda, Sultartangi, Hrauneyjarfoss, Dettifoss — eða: Sigalda, Jökulsárnar í Skagafirði, Sultartangi, Hrauneyjarfoss, Dettifoss — eða: Sigalda, Sultartangi, Dettifoss, Hrauneyjarfoss o. s. frv. Þetta verður nauðsynlegt að kanna ítarlega og ræða, þótt of snemmt sé á þessu stigi málsins að fara nánar út í þessi efni.

Eins og ljóst verður af því, sem hér hefur verið rakið, hefur ríkisstj. nú þegar tekið upp stefnu, sem felur í sér það markmið, sem rætt er í fyrirspurninni, þ. e. mjög náið samstarf við heimamenn norðanlands um raforkumál. Þessi er stefna ríkisstj., og þær ráðstafanir, sem ég hef rakið, ganga miklum mun lengra í þessu efni og á myndarlegri hátt heldur en sú till., sem fyrirspurnin fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var út af fyrir sig ágæt og kjarnmikil ræða, sem hæstv. iðnrh. flutti hér um orkumál Norðurlands. En það virðist með einhverjum hætti vera svo hjá hæstv. ráðh., að hann leggur nokkuð annan skilning í viðræður og samþykktir ýmissa aðila um orkumál heldur en aðrir gera og þá jafnvel viðkomandi aðilar, sem gert hafa ályktanir. Þetta var ekki að koma fyrir nú í fyrsta skipti, heldur hefur hann æ ofan í æ fullyrt, að ýmsir aðilar styðji stefnu hans í orkumálum, þó að það sé alveg þverófugt og hafi komið í ljós við nánari athugun, að það eru uppi allt aðrar skoðanir í þeim efnum. Hann talaði um það með litilli virðingu, að það væri ekki vani sinn að

draga í eitt ár að svara óskum manna um samráð eða raunar hvað sem væri. Ég skal játa, að hann er röskur maður í ráðherrastól, svo að ég get efnislega fallizt á, að almennt sé það ekki svo. En með einhverjum hætti virðist hafa reynzt þannig í þessu tilfelli, að það er eins og þessir aðilar tali ekki sama mál, hæstv. ráðh. og hinir ágætu forráðamenn orkumála nyrðra. Með einhverjum hætti fer þetta ekki saman, eins og hefur viljað brenna við um fleiri samskipti hæstv. ráðh. við önnur orkumálayfirvöld í landinu.

Það bréf, sem ég gat hér um, var sent þm. Norðlendinga 9. okt. 1972, og þar er skýrt tekið fram af framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins, að ekki hefur enn verið skipuð sú n., sem hefur verið óskað eftir eftir, að yrði skipuð. Fjórðungsþingið gerði í haust ítarlega ályktun um raforkumál og sendi hana Sambandi íslenzkra rafveitna núna í októbermánuði. Í þessari grg., sem er mjög ítarleg og ég hef auðvitað ekki möguleika til þess að lesa hér í örstuttum fyrirspurnartíma, segir svo, með leyfi hæstv. ráðh., til þess aðeins að vitna um eitt atriði í henni:

„Fjórðungsþingið átelur, að í engu skuli hafa verið haft samráð við Fjórðungssambandið, Raforkumálanefnd Norðurlands vestra og norðlenzka raforkuframleiðendur um mótun orkumálastefnu fyrir Norðurland. Bendir þingið á, að þessi vinnubrögð skjóti skökku við fyrirheit ríkisstj. um aukið samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga og um eflingu sjálfsforræðis byggðarlaga. Því leggur fjórðungsþingið á það áherzlu, að ríkisstj. endurskoði afstöðu sína í orkumálum Norðurlands, enda telur þingið vonlaust að leysa jafnþýðingarmikið hagsmunamál eins og orkumálin eru fyrir framtíðarþróun fjórðungsins án fyllsta samstarfs við heimaaðila á Norðurlandi. Telur þingið nauðsynlegt, að mörkuð verði orkumálastefna fjórðungsins í fullu samstarfi við Norðlendinga, svo að skapist raunhæf skilyrði fyrir sameignarfélag um Norðurlandsvirkjun og samvinna um dreifiveitur á Norðurlandi."

Í ályktun fjórðungsþings er að finna í mörgum liðum till. Norðlendinga og hugmyndir um lausn á orkumálum Norðurlands. Það er ekki út af fyrir sig verið að finna að ýmsum meginstefnumiðum, sem hæstv. iðnrh. hefur haft í frammi, en hins vegar er talið, — og það kemur hvarvetna fram, — að allt þetta hafi verið gert með einhliða ákvörðunum hæstv. ráðh. og ekki verið höfð eðlileg samráð við heimamenn. Þetta er því ekki fundið upp af mér, heldur er hér verið að vitna í ályktun síðasta fjórðungsþings, sem haldið var í októbermánuði. Af þessu má sjá, að þetta skýtur einhvers staðar skökku við, og það kann því að vera, að það sé ágætt, að þessi skýring hæstv. ráðh. komi hér fram opinberlega, því að það liggur þá fyrir að kanna það hjá heimamönnum sjálfum, hvort þeir raunverulega hafi misskilið ráðh. eða hvort ráðh. hafi misskilið þá.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er ekki vettvangur til að fara út í neinar meiriháttar deilur um þessi mál. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hv. þm. Magnús Jónsson sagði hér áðan, lýsa yfir, að vissulega hefur núv. ríkisstj. markað nýja stefnu í raforkumálum. Það er staðreynd, sem ég vil á engan hátt víkjast undan að játa á mig, því að það höfum við sannarlega gert. Í þessari stefnumótun felst stóraukin aðild héraðanna bæði að orkuöflun, orkuflutningi og orkudreifingu, og ég hef orðið þess var, að þessi stefna fær mjög góðar undirtektir úti um land, m. a. á Norðurlandi. Ég geri mér vonir um, að það verði mjög fljótlega komið á laggirnar landshlutafyrirtæki, sem annist orkuöflun og orkuflutninga á Norðurlandi. Með því móti er gengið miklu lengra en talað er um í þeirri nefndarhugmynd, sem fram kom í fyrra og var ítrekuð núna af þeirri einu ástæðu, að Fjórðungssambandið ítrekaði fyrri samþykktir sínar um raforkumál. Á sama hátt er verið að endurskipuleggja Rafmagnsveitur ríkisins eða er ætlunin að gera það, þannig að þær fái stjórn í héraði, og einnig þetta er ánægjuefni úti um allt land, einnig á Norðurlandi. Á því er ekki nokkur vafi, að Norðlendingar almennt viðurkenna, að með þessari stefnu er verið að hafa miklu nánari samráð milli stjórnarvalda og Norðlendinga en áður hafa verið og að völd þeirra og áhrif verða allt önnur en þau hafa verið.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd. Það, sem skilur á um skilning heimamanna á Norðurlandi, og hæstv. ráðh. í þessum efnum, er það, að mér virðist, að hann segist vilja hafa samráð við þá, en neitar samt að skipa samstarfsnefnd við þá. Hann segist vilja hafa samráð við þá, en þeir leggja áherzlu á, að það sé leitað leiða heima fyrir til að afla þar orku, og benda á, að það sé þjóðhagslega betra og öruggara. Á sama tíma, sem þeir segja þetta, segir ráðh.: Ég ákveð að leggja línu norður. Þarna stendur hnífurinn í kúnni, og um þetta er misskilningur á milli Norðlendinga og hæstv. ráðh. í orkumálum. Hann hagar sér allt öðruvísi en hann segist ætla að haga sér um að hafa samráð við þá.

Friðun Bernhöftstorfu, fsp. (þskj. 61). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef á þskj. 61 leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Húsfriðunarnefnd hefur lagt til við menntmrh., að húsaröðin við austanverða Lækjargötu milli Bankastrætis og Amtmannsstígs svonefnd Bernhöftstorfa, verði friðlýst samkvæmt þjóðminnjalögum. Hver er afstaða ráðh. til þessarar till. nefndarinnar?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allmiklar deilur hafa risið á síðustu missirum um tilveru þessarar Bernhöftstorfu, sem stendur við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík. Hús þessi standa á lóð ríkissjóðs, og þar mun hafa verið í tilefni af 50 ára afmæli stjórnarráðs á Íslandi 1954, sem stjórnvöld tóku þá ákvörðun að reisa stjórnarráðsbyggingu á þessari lóð. Sú bygging hefði það í för með sér, að Bernhöftstorfuna svonefndu þyrfti að rífa

eða fjarlægja. Sú ákvörðun hefur kallað á mótmæli þeirra, sem telja, að með þeim ráðstöfunum yrði fórnað sögulegum minjum og yfirbragði þessa borgarhverfis, götumyndinni austan Lækjargötu, yrði spillt til mikils tjóns. Í því sambandi er bent á, að húsfriðunarnefnd, sem einróma hefur mælt með friðun og varðveizlu þessara húsa, hefur talið þessi hús vera mikil menningarverðmæti, sem undir engum kringumstæðum megi skemma, því að þarna sé einstakt tækifæri til að varðveita svolítinn hluta af yfirbragði Reykjavíkur um miðja 19. öld, eins og segir í áliti nefndarinnar.

Jafnframt auknum skilningi á umhverfisvandamálum mannkynsins og umræðum um mengun og náttúruvernd hefur þeirri stefnu mjög vaxið ásmegin, sem leggur áherzlu á varðveizlu sögulegra bygginga, sérstæðra borgarhverfa og manneskjulegs umhverfis. Það má e. t. v. heimfæra þessi sjónarmið upp á þá vistfræðilegu pólitík, sem við fengum lexíu um hér í síðustu viku. Íslendingar hafa löngum borið virðingu fyrir minjagripum og heimildum frá frumbýlisárum þjóðarinnar, en minna hirt um varðveizlu muna eða verndun umhverfis, sem skoðazt geta sem heimildir um sögu og menningu síðari tíma. Smám saman hefur þó skilningur vaknað fyrir því, að þróunarsaga í lifnaðarháttum, menningarstraumum og umhverfismálum er ekki síður merkileg, þótt hún sé ekki frá landnámstíð. Víða má finna slíkar heimildir og sögu-minjar, enda þótt stundum hafi tillitssemi og varðveizlusjónarmið mátt sín lítils í samkeppninni við kappsfulla uppbyggingu nútíma þjóðfélags.

Húsin og umhverfið austast í kvos gamla miðbæjarins í Reykjavík bera sína sögu. Þar er að finna afar merkilega heimild um byggingarstíl á síðustu öld. Menn geta deilt um, hversu þarft eða merkilegt starf hafi verið innt af hendi í þeim húsum, sem til eru af Bernhöftstorfunni, og sjálfsagt má gera lítið úr þeim „dönsku fúaspýtum", sem halda þessum húsum uppi. En enginn getur neitað því, að sú húsalína, sem markast af stjórnarráðshúsinu annars vegar og menntaskólanum eða Íþöku hins vegar, hefur á sér sérstakt yfirbragð, sem setur sterkan og eftirminnilegan svip á þennan borgarhluta. Þessi húsaröð er elzta ósnerta húsaröðin í Reykjavík frá síðustu öld og er, eins og fyrr segir, bezta dæmið um byggingarstíl þeirra tíma. Þjóðminjavörður hefur gefið þá umsögn, að það væri til mikils sóma, ef takast mætti að vernda þessar menningarminjar á komandi tímum. Öll getum við verið sammála um, að menningarverðmæti megi ekki fara forgörðum vegna ótímabærra ráðstafana eða vegna þess, að hlaupið sé í framkvæmdir að óathuguðu máli. Frumhlaup í þessu máli verða ekki aftur tekin.

Því er þessi fsp. borin fram, að í sumar bárust þær fréttir að hæstv. ríkisstj. hefði ítrekað fyrri boð til borgarstjórnar Reykjavíkur um að gefa borginni byggingar þær, sem hér um ræðir, til endurbyggingar í Árbæ, væntanlega með þeim ásetningi að hefja byggingu nýs stjórnarráðshúss á þessari lóð. Eins og fyrr segir, hefur húsfriðunarnefnd einróma lagt til að till. n. verði staðfestar af menntmrh., eins og lög um húsafriðun frá 1969 gera ráð fyrir. N. hefur margsinnis ritað ríkisstj., bæði fyrrv. og núv., erindisbréf, þar sem óskað er eftir þessari staðfestingu, og síðast var það gert í sumar, en engin svör hafa borizt önnur en bréfaskrif ríkisstj. til borgarstjórnar Reykjavíkur, sem bera það með sér, að ríkisstj. hyggst halda sig við þá ráðstöfun, að Bernhöftstorfan verði rifin eða fjarlægð. Samkvæmt þjóðminjal. frá 1969 er það á valdi hæstv. menntmrh. að taka af skarið í þessum efnum, og því er spurt um afstöðu hans til þessa máls.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. þm. er þetta:

Þegar ég tók við störfum, lágu fyrir óafgreiddar í menntmrn. ýmsar till. frá húsafriðunarnefnd um friðun húsa í Reykjavík. Þar á meðal er húsaröðin meðfram Lækjargötu milli Hverfisgötu og Bókhlöðustígs, að undanteknu Gimli. Um þessi hús segir húsafriðunarn. m. a.:

„Þarna er um einstaka byggðarheild að ræða, allt frá stjórnarráðshúsinu gamla og suður að Bókhlöðustíg 2. Næsta hús við stjórnarráðshúsið er Bernhöftshúsið með bakarríinu, eitt fornfegursta hús sinnar gerðar, smíðað 1838. Síðan tekur við vörugeymsluhúsið, fallegt og stílhreint í einfaldleik sínum. En þá kemur Gimli, sem er það eina af þessum húsum, sem brýtur mjög í bága við byggðarheildina og tilheyrir allt öðrum tíma en hin húsin. Sunnan við Gimli er síðan húsið, sem Stefán Gunnlaugsson bæjarfógeti reisti og bjó í og síðar Guðmundur Björnsson landlæknir. Hann lét reisa turninn sunnan við húsið, sem að vísu er framandi þar, en er teiknaður af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt, fyrsta menntaða íslenzka arkitektinum, sem starfaði hér heima, og í sjálfu sér mjög smekkleg bygging. Sunnan við Amtmannsstiginn tekur síðan við í þessari sömu röð menntaskólinn, glæsilegasta timburhús og hin sögulegasta bygging, sem til er hérlendis, þar sem í er t. d. alþingissalurinn gamli. Sunnan menntaskólans er svo bókhlaðan, merkilegt steinhús og nátengt skólanum. En þessi röð endar síðan á húsinu Bókhlöðustíg 2, sem nýlega hefur verið gert við mjög smekklega og ætlunin er að láta standa til frambúðar. Þessi húsaröð er elzta ósnerta húsaröðin í Reykjavík. Húsin eru öll frá svipuðum tíma, frá því um miðja síðustu öld, að stjórnarráðshúsinu undanskildu og Gimli, en þar sem það er nú, stóð ekkert hús áður. Þessi hús hafa alla tíð sett mjög sterkt svipmót á Reykjavík, og velflestar gamlar yfirlitsmyndir af Reykjavík eru teknar með það fyrir augum, að þessi hús sjáist á henni."

Eins og áður sagði, er till. um friðun þessarar húsaraðar ein af mörgum, sem húsafriðunarn. hefur gert og ekki hefur enn verið tekin endanleg afstaða til. Ég tel ekki rétt að taka eina af þessum till. út úr og lýsa afstöðu til hennar í umr. hér á Alþ., heldur mun ég fjalla um málið í heild og birta síðan niðurstöðurnar sem formlegar ákvarðanir í samræmi við ákvæði húsafriðunarkafla þjóðminjalaganna.

Hins vegar vil ég við þetta tækifæri láta í ljós það almenna sjónarmið, að mér þykir hafa

gætt nokkurrar sjónskekkju í almennum umræðum um friðun gamalla húsa. Ég tel, að þar hafi ýmsir lagt um of áherzlu á sögufrægð einstakra bygginga eða tilkomumikið útlit. Hins vegar hefur legið um of í láginni almennt menningargildi þess, að einkum í þéttbýli séu varðveitt mannvirki að því marki, að umhverfið veiti íbúunum og þá ekki sízt uppvaxandi kynslóð staðgóða hugmynd um byggingarsögu staðarins, samhengið í þróun verklegrar menningar, lifnaðarhátta og lífskjara í átthögum sínum. Án þessa umhverfisþáttar fæst ekki það lifandi samhengi hverrar kynslóðar við uppruna sinn og fyrirrennara, sem er forsenda þess, að rótfesta skapist. Til þess þarf umhverfisívaf, sem bendir aftur til fyrri kynslóða, engu síður en tengsl við bóklega menningu. Í breytingasamfélagi okkar daga er þörfin á að huga að varðveizlu mannvirkja — og þá frekar samstæðna en einstakra bygginga — ríkari en nokkru sinni fyrr. Hagkvæmnissjónarmið verða auðvitað að fá að njóta sín, en þau mega ekki vera einráð. Friðunarstarf í þágu lifandi menningarsögusþáttar í umhverfi okkar og eftirkomendanna tekst ekki, svo að vel fari, nema almennur skilningur skapist á því, að tilhlýðileg ræktarsemi við mannvirki frá liðinni tíð sé ekki sízti þátturinn í umhverfisvernd. Það er engum hollt, hvorki einstaklingi né samfélagi, að vilja ekki kannast við uppruna sinn.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svarið. Það kemur í ljós í svari hans, sem reyndar kemur mér ekki á óvart, að hann hefur á því ríkan skilning, að vernda þurfi slík verðmæti sem felast í þessum húsum, sem hér eru á dagskrá. Ég vænti þess eins, að hann fylgi þessari skoðun sinni eftir í þeirri aðstöðu, sem hann er í sem ráðh., og taki ákvörðun, sem hann hefur lögum samkvæmt umboð til, að þessi hús skuli friðuð. En það er ekki hægt að skilja þetta svar hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að enn þá sé eftir að taka ákvörðun um framtíð þessara húsa. Það væri vel, ef svo væri. En því er ekki að neita, að ég hef rökstuddan grun um, að sú ákvörðun sé þegar tekin og þá á annan veg en hugur okkar hæstv. ráðh. stendur til. Ég hef hér í fórum mínum bréf, dags. 26. júlí, sem forsrn. hefur sent borgarráði og undirritað er af hæstv. forsrh. Í þessu bréfi er minnt á ákvörðun ríkisstj., sem tekin var í maí 1964, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að gefa Árbæjarsafni tvö þessara húsa, Bernhöftsbakarí ásamt tilheyrandi geymsluhúsum og hús það, sem nefnt er Gunnlaugsenshús og Smithshús. Ríkissjóður mun kosta flutning og uppsetningu húsa þessara við Árbæ. Gert er ráð fyrir, að húsin megi flytja á næsta ári, og verður flutningi og framkvæmdum hagað í samráði við forstöðumenn Árbæjarsafnsins."

Þetta er sem sé ákvörðun frá 1964, en síðar segir í þessu bréfi, sem dags. er í júlí 1972:

„Væntir rn. heiðraðs svars borgarráðs um afstöðu þess til téðrar ákvörðunar ríkisstj. við fyrsta hentugleika, enda stendur framangreint boð."

Samkvæmt þessu bréfi fer ekki milli mála, hver tilgangur ríkisstj. eða hæstv. forsrh. er í þessu máli. Hann leiðréttir mig þá, ef ályktunin er röng hjá mér.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, enda er ekki aðstaða til þess í stuttum fsp.-tíma. Ég vil aðeins láta þess getið, að ég hef í hyggju að fylgja þessu máli eftir á þann veg að bera hér fram þáltill. um, að hæstv. ríkisstj. endurskoði afstöðu sína eða ákvörðun um að reisa stjórnarráðsbyggingu á þessum stað. Ég geri ráð fyrir, að það standi helzt í mönnum, hvar byggja skuli þessa stjórnarráðsbyggingu. Það hefur legið fyrir ákvörðun um, að hún skuli staðsett á þessari umræddu lóð. Ef Alþ. tjáir vilja sinn í því efni, að vel megi færa til og byggja stjórnarráðshúsið annars staðar en á umræddri lóð, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að fylgja eftir skoðunum okkar hæstv. ráðh. um, að friða megi Bernhöftstorfuna.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. vil ég gjarnan segja örfá orð. — Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, er það nær tveggja áratuga gömul ákvörðun, að stjórnarráðsbygging skuli rísa á lóðum ríkisins við Lækjargötu. Nokkurt fé hefur á hverju Alþingi hin síðari ár, að ég ætla, verið veitt til þessarar byggingar með þá ákvörðun í huga, þó að það hafi ekki verið tekið beinlínis fram í sambandi við fjárveitinguna, að á þessum stað skyldi stjórnarráðsbygging rísa. Munu nú vera í þeim sjóði um 20 millj. kr. Það hefur aldrei, svo að ég viti til, komið fram nokkur aths. á Alþ. um staðsetningu fyrirhugaðs stjórnarráðshúss. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. lét teikna og gera líkan að stjórnarráðshúsi á þessum stað, sem hún bað formenn stjórnarandstöðuflokkanna líka að líta á. Það gerði ég fyrir mitt leyti, og lagði ég yfir hana blessun mína. Mér er ekki kunnugt um, að aðrir hafi gert við hana neinar aths.

Viðvíkjandi þeim húsum, sem þarna standa, er þess að geta, að árið 1964 skrifaði hæstv. fjmrh., sem þá var, borgarstjórn Reykjavíkur og bauð henni að gefa húsin tvö, sem þarna standa, og flytja þau borginni að kostnaðarlausu upp í Árbæ. Þessu boði tók Reykjavíkurborg, og er fyrir hendi í stjórnarráðinu skriflegt svar frá Reykjavíkurborg, þar sem hún þiggur þetta boð með þökkum. Nú í sumar var spurzt fyrir um, hvort Reykjavíkurborg vildi ekki enn þiggja þessi hús með sömu skilmálum og áður.

Þó gerð hafi verið teikning að þessu húsi og ég hafi engar sérstakar athugasemdir við hana að gera, vil ég lýsa því yfir, að ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til þess að láta gera nýja teikningu af stjórnarráðshúsi á þessum stað í samráði við skipulagsyfirvöld borgarinnar, þannig að tryggt sé, eftir því sem bezt verður á kosið, að þarna rísi fögur bygging, sem á við það umhverfi, sem er í kring. Hitt liggur í augum uppi, að það er ekki hægt fyrir ríkisstj. að leggja í þann kostnað að nýju, nema ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur liggi fyrir um, að á þessum stað muni hún leyfa stjórnarráðsbyggingu eins og gengið hefur verið út frá áratugum saman.

Úr því að verið var að spyrja um afstöðu manna, en ekki leita eftir upplýsingum, eins og ég held að fyrirspurnir eigi að fjalla sérstaklega um, vil ég láta afstöðu mína koma hér alveg skýrt og undandráttarlaust í ljós. Hún er sú, að ég vil halda fast við fyrri ákvarðanir um byggingu stjórnarráðshúss á lóðum ríkisins við Lækjargötu, og þá verða þessi hús að víkja. Ég er þess vegna andvígur friðun þessara húsa á þessum stöðum. Ég verð að segja það frá minu leikmannssjónarmiði, þó að það hljómi kannske einkennilega í eyrum þeirra fagurkera, sem telja sig hafa vit á þessu öðrum fremur, að mér er engin eftirsjá að þessum húsum. Ég sé enga borgarprýði í þeim. Það er ástæðulaust annað en að segja þetta hreint út, og þetta meina miklu fleiri en láta í ljós. Þetta er skoðun yfirgnæfandi meiri hluta Reykvíkinga. Ég veit það.

Ég tel, að þessi hús séu engin borgarprýði og það mundi fara ólíkt betur á því og verða myndarlegra við Lækjargötu, ef þarna risi fögur, smekkleg stjórnarráðsbygging, sem færi vel við þær byggingar, sem þá stæðu henni hvor til sinnar handar, annars vegar menntaskólinn og hins vegar gamla stjórnarráðsbyggingin. Ég tel það í sjálfu sér góðra gjalda vert af hv. fyrirspyrjanda að boða hér flutning þáltill. um þetta efni. Ég álit nefnilega, að það sé sjálfsagt, að Alþ. láti í ljós á ótvíræðan hátt, ef það hefur skipt um skoðun, breytt um stefnu í þessu frá því, sem verið hefur síðustu tvo áratugi. Ég hef hér lýst skoðun minni alveg afdráttarlaust, og mér þætti það æskilegt, að formenn annarra stjórnmálaflokka stæðu hér upp og lýstu skoðun sinni á því, hvort þeir hafa breytt um skoðun í þessu efni, t. d. þeir, sem sátu í fyrrnefndri hæstv. ríkisstj. og létu þá gera og ganga frá teikningu og líkani af þessum lóðum.

Ég hef ekki lengri tíma hér og ekki tækifæri til þess að ræða þetta nánar í sambandi við þá þáltill., sem hv. flm. boðar. En ég vil taka það alveg skýrt fram, hver afstaða mín er í þessu efni, svo að það þurfi enginn að vera í vafa um hana. Ég vænti þess, að talsmenn annarra stjórnmálaflokka hér á Alþingi láti skoðun sína líka koma skýrt fram, hvort þeir hafa horfið frá þeirri stefnu, sem mörkuð var hér fyrir tveimur áratugum og hefur hvað eftir annað verið samþ. óbreytt á hv. Alþ.

Skipulag vöruflutninga, fsp. (þskj. 68). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á þingi 1970 var borin fram till. til þál. um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar. Flm. þessarar till. voru helmingur af þm. Framsfl. Þessi till. hlaut afgreiðslu síðla þess þings og var samþ. á Alþ. 5. apríl, efnislega eins og hún var flutt. Eina breyt., sem gerð var á till. í meðförum þingsins, var sú, að í staðinn fyrir að kjósa 5 manna milliþn. til að athuga þessi mál var ályktað að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun í sambandi við þetta mál. Þar sem ég hef ekki heyrt neitt um framkvæmd þessarar till., þó að liðið sé rúmlega eitt og hálft ár frá því, að hún var samþ. hér af hv. Alþ., hef ég leyft mér að leggja fram fsp. í fjórum liðum:

1. Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma þál. frá 5. apríl 1971 um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar?
2. Hverjir eru það, sem vinna að framkvæmd þessa máls og með hvaða hætti?
3. Hefur verið leitað samstarfs við helztu aðila flutningakerfisins og, ef svo er, hverjar eru undirtektir þeirra?
4. Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að leggja ákveðnar till. fyrir Alþ. það, sem nú situr, til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum?"

Ég ætla ekki að gera þessi mál að frekara umræðuefni, en bíða svars frá hæstv. ráðh. Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, minna á það, að flutningur á vörum út á land er sífellt að verða þungbærari fyrir landsbyggðina á öllum sviðum. Það er mjög eftirtektarvert, þegar landbúnaðarafurðir eru fluttar úr strjálbýli inn í þéttbýlið, er þar um jöfnun flutningskostnaðar að ræða. Þar er sama verð, þó að búið sé að flytja þær vörur hundruð km.

Þá spyr ég, hversu lengi á það fólk, sem býr úti á landi, að búa við það, að á þær vörur, sem fluttar eru úr þéttbýlinu og út um dreifðar byggðir landsins, bætist óhæfilega hár flutningskostnaður á flestum sviðum.

Eitt, sem till. fjallaði um, er skipulag flutninga, sérstaklega flutninga frá erlendum höfnum beint út á landsbyggðina. Við búum nú á árinu 1972 við það, að það eru nær engar fastar áætlunarferðir millilandaskipa frá erlendum höfnum til hafna úti á landsbyggðinni, og það ástand hefur farið ört versnandi á undanförnum árum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. ber fram fsp. í nokkrum liðum um framkvæmd á þál. frá 5. apríl 1971 um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar. Þál. sú, sem spurzt er fyrir um, var flutt af Vilhjálmi Hjálmarssyni o. fl., sbr. þskj. 60 á 91. löggjafarþingi. Lagt var til í þessari till., að Alþ. kysi 5 manna milliþn. til þess að athuga vöruflutninga landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra. Skyldi stefnt að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast, en án óhæfilegs tilkostnaðar og leita leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn gætu setið við sama borðið í þeim efnum, eftir því sem við yrði komið. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, var nokkur breyt. í meðferð málsins, því að allshn. Sþ., sem fékk málið til athugunar, gerði þá brtt., að í stað 5 manna milliþn. skyldi ríkisstj. falið, að láta fara fram hina umbeðnu athugun. Var till. þannig samþ. á Alþ. 5. apríl 1971 og send samgrn. 21. apríl 1971.

Hér er, eins og öllum má vera ljóst, um allmikið grundvallarmál að ræða, en erfiðleikar og mismunandi kostnaður landsmanna við aðdrætti nauðsynja spretta að mínu áliti ekki fyrst og fremst af ástandi samgöngukerfisins, heldur af því innflutnings- og verzlunarfyrirkomulagi, sem landsmenn búa við. Nægir í því sambandi að benda á, að samkv. hagskýrslum mun a. m. k.

¾ alls innflutnings landsmanna, miðað við verðmæti, vera landað í Reykjavík, en vörunum síðan dreift þaðan út um landsbyggðina. Þetta mundi vera svo, hvernig sem samgöngukerfinu væri háttað.

Eins og réttilega er rakið í grg. með nefndri þáltill., hefur verið komið á jöfnunarverði á ýmsum vörutegundum, t. d. olíum og benzíni, tóbaki, áfengi, sementi og tilbúnum áburði, og einnig er flutningskostnaður innlendra landbúnaðarvara jafnaður út, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða einkasöluvörur að meira eða minna leyti. Um almennar vörur gegnir allt öðru máli, þar sem þá er oftast um að ræða fjölmarga framleiðendur, innflytjendur eða seljendur sömu vörutegunda. Verðjöfnun verður þar vart komið við á sama hátt nema með óæskilega ströngum og víðtækum ríkisafskiptum, sem ég hygg, að allir yrðu ekki sammála um, og jafnvel gætu orðið til að draga úr nauðsynlegri samkeppni framleiðenda og seljenda bæði um verð og vörugæði.

Af ríkisins hálfu hefur verið reynt að jafna þennan aðstöðumun, sem er milli fólks eftir fjarlægð frá aðalinnflutningshöfnum landsins. Með því að stuðla að ódýrum vöruflutningum á sjó hefur Skipaútgerð ríkisins haft það hlutverk í áratugi, einnig hefur Alþ. í vaxandi mæli styrkt rekstur flóabáta og í þriðja lagi styrkt nokkuð vöruflutninga með bifreiðum, einkum til þeirra byggðarlaga, sem ekki verður þjónað sjóleiðis. Til slíkra mála eru veittar á yfirstandandi ari 24.7 millj. kr. til flóabáta og vöruflutninga með bílum og 37.5 millj. kr. til greiðslu rekstrarhalla strandferðaskipanna, eða alls 62.2 millj. kr. Þetta er það framlag, sem Alþ. og ríkisstj. hafa ákveðið til jöfnunar á flutningskostnaði, en að öðru leyti hefur ekki verið mörkuð nein ákveðin stefna af hálfu Alþ. né neinnar ríkisstj. í máli því, sem þáltill. fjallaði um.

Hinn 11. júlí s. l. sumar skilaði þriggja manna n. áliti til rn., en henni hafði verið falið að kanna umkvartanir Eimskipafélags Íslands h/f vegna misræmis, sem félagið taldi vera í skattheimtu hins opinbera af flutningum með skipum annars vegar og flugvélum og bifreiðum hins vegar. N. kannaði nokkuð flutningskostnað vara með skipum annars vegar og bifreiðum hins vegar til ýmissa staða á landinu. Hún sá fram á, að hér væri um miklu viðameira verkefni að ræða en svo, að umboð hennar næði til að framkvæma slíka athugun út í æsar. Taldi n. auk þess, þar sem n. var falið að rannsaka umkvartanir Eimskipafélagsins og félagið átti þar að auki einn af þremur fulltrúum í n., að hún væri ekki fær um að vinna verkið á hlutlausum grundvelli. Í framhaldi af þessu skipaði því rn. tvo embættismenn, Ólaf S. Valdimarsson skrifstofustjóra í samgrn. og Helga Ólafsson deildarstjóra í Framkvæmdastofnun ríkisins, en þeir áttu báðir sæti í ofangreindri n., og fól þeim að vinna að og skila grg. um, hvaða skipting milli vöruflutninga á landi, sjó og í lofti væri hagkvæmust frá þjóðhagslegu sjónarmiði, svo og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að ná þessu marki, og skyldi þá höfð í huga mismunandi aðstaða fólksins í dreifbýlinu úti um landið. Þessir menn voru skipaðir til starfans í septembermánuði, og hafa þeir fyrir nokkru byrjað athugun sína á þessu umfangsmikla og vandasama máli. Að sjálfsögðu munu þeir leita upplýsinga og samstarfs við helztu aðila flutningakerfisins, en öðruvísi verður svona athugun að sjálfsögðu ekki unnin. Hins vegar er hér um tímafreka og víðtæka athgun að ræða, ef gagn á að verða af niðurstöðunum, og verður því á þessu stigi ekki fullyrt um, hvenær þessir menn geta lokið þessu starfi. En það er mín skoðun, að þetta mál verði ekki fyrst og fremst leyst með umbótum eða breytingum á samgöngukerfinu, heldur sé þarna þörf á því að umbreyta verzlunar og viðskiptaháttum í landi okkar og jöfnuður fáist ekki að fullu, fyrr en svo hefur verið gert.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgmrh. þessi svör. Hins vegar verð ég að segja það, að ég harma, að framkvæmd þessarar þáltill. hefur gersamlega lent í undandrætti. Upptalning hæstv. ráðh. á því, hvað ríkið greiði til ákveðinna þátta samgangna, kemur þessu ekki við, það hefur ríkissjóður gert í fjöldamörg ár. Það er ekkert nýtt eftir samþykkt þessarar þáltill.

Samgöngukerfið skiptir auðvitað höfuðmáli í sambandi við öll viðskipti við landsbyggðina. Það þróast ekki innflutningsverzlun úti um landið, ef fastar ferðir frá helztu viðskiptaborgum okkar erlendis eru varla fyrir hendi. Þá er auðvitað grundvöllur undir slíkri verzlun og viðskiptum á þessum stöðum brostinn, þannig að viðskiptin verða að fara fram í gegnum Reykjavík, eins og hefur verið, frá því að innflutningshöftin voru sett á sínum tíma. Áður var blómleg innflutningsverzlun víðast hvar um land.

Ég harma því, að það hefur ekkert eða sama og ekkert verið gert til þess að framkvæma þessa till. Það verður að segja eins og er, að það er mikill munur á því, hvar fólk býr á landinu, hvort það býr úti um hina strjálu byggð landsins eða hér í Reykjavík. Það er hægt að hafa verðjöfnun á vöru, sem flutt er inn í tugþúsundtonnatali inn á þéttbýliskjarnann, en ef á að flytja iðnaðarvörur og aðrar vörur, sem er neyðzt til að flytja í gegnum aðalhöfn landsins út um landið, þá á að bæta við háum og miklum flutningsgjöldum og gera aðstöðu þess fólks erfiðari en ella. Stórsigur vannst, þegar jöfnunarverð á olíu var samþykkt hér á Alþingi, og það hafði mjög mikið að segja. Hitt má kannske segja, að hafi skipt minna máli, þegar ríkið vildi sýna réttlæti sitt með því að selja þá vöru, sem það græðir mest á, áfengi og tóbak, á sama verði á útsölustöðum úti á landi og í Reykjavík. Hitt er annað mál, að það hefur mátt bíða lengur eftir því að fá jöfnunarverð á sementi, sem Sementsverksmiðja ríkisins framleiðir. Ef hæstv. samgrh. fengi gefinn upp taxta Skipaútgerðar ríkisins á sementi og bætti við út- og uppskipun á það vörugjald, þá veit ég, að hann mundi fljótt sjá, hvílíkur aðstöðumunur er í sambandi við flutning á sementi og yfirleitt öllu byggingarefni út á land.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál hér. Ég taldi sjálfsagt og eðlilegt að spyrj-

ast fyrir um framkvæmd þessarar þál., en ég harma, að lítið sem ekkert hefur verið gert til bóta í þessum málum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér þóttu fróðlegar upplýsingar hæstv. ráðh. um þetta mál, en ég get ekki annað en látið í ljós undrun og hryggð yfir þeim seinagangi, sem verið hefur á framkvæmd þessarar þáltill. hjá fyrrv. og núv. ríkisstj.

Ég vil nota tveggja mínútna ræðutíma minn til að vekja athygli á því, hversu þróun vöruflutninga á sjó á árunum 1960—1970 var neikvæð fyrir strjálbýlið, ef það mætti verða til leiðbeiningar fyrir þá menn, sem starfa að þessum málum. Frá 1930 til 1962 var hægt að fá svokölluð „gegnumgangandi" vörufarmgjöld á allar viðurkenndar hafnir millilandaskipa eða strandferðaskipa, ef vörur voru þegar frá útlöndum skráðar á endanlegar ákvörðunarhafnir. Samtímis gátu stærri innflytjendur a. m. k. einnig fengið eigendur millilandaskipa til þess að veita „gegnumgangandi" flutningakjör, þ. e. greiðslu umhleðslu í Reykjavík og greiðslu framhaldsstrandferðafarmgjalds samkvæmt umsömdum afsláttartöxtum fyrir ýmsa þungavöru, þó að henni væri ekki skipt til sendingar út á land fyrr en í Reykjavík. Þessi kjör náðu í mörgum tilfellum einnig til fóðurs, sem blandað var í Reykjavík. Í þessu fólst mjög þýðingarmikil verðjöfnun.

Þetta kerfi var afnumið í þremur áföngum á árunum 1962—1968. 1. marz 1968 boðaði Eimskip, að umhleðslukostnaður og framhaldsfarmgjöld yrðu ekki greidd fyrir vörur, sem í útlöndum yrðu skráðar til annarra hafna en til Reykjavíkur og Akureyrar. Síðan bættust svo Ísafjörður, Húsavík og loks Reyðarfjörður við þessar tvær hafnir. Skipadeild SÍS setur í seinni tíð skilyrði um tiltölulega mjög stóran vöruslatta, ef þessir hagkvæmu flutningar eiga að fást. Þessi þróun hefur orðið dreifbýlinu dýr. E. t. v. er orsök hennar m. a. sú, að skipafélög, sem hafa skip í millilandasiglingum, hafi verið knúin til þess á undanförnum árum að flytja ýmsar vörur, einkum þær, sem höfðu veruleg áhrif á vísitöluna, fyrir óeðlilega lágt gjald, og nauðvörnin hafi svo orðið niðurfelling „gegnumgangandi" farmgjalda svokölluðu, sem þýddu stórfellda skattlagningu á atvinnulíf og neyzlu fólksins á ströndinni. Nýjasta dæmi, sem ég veit um, er, að 5 tonn af þilplötum, sem í haust áttu að fara til Austurlands og voru flutt frá Kotka til Reykjavíkur, fyrir 13 713 kr., tóku á sig 7718 kr. viðbótarkostnað vegna viðkomunnar í Reykjavík. M. a. á þessu sérstaka sviði þarf áreiðanlega að snúa við blaðinu, sbr. 4. lið þeirrar fsp., sem hér er til umr.

Steingrímur Björnsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að vekja athygli á því, að á síðasta þingi lagði ég fram fsp. um framkvæmd þál. frá 5. apríl 1971, hinnar sömu og hér er rætt um, og þá heyrði ég á svari hæstv. ráðh., að lítið hefði verið gert eða ekkert, en hins vegar skildist mér, að framkvæmd yrði fljótlega hafin. Ég heyri, að eitthvað er unnið að þessu máli, en mér þykir hlýða að láta í ljós vonbrigði mín með það, — og tek undir með síðasta hv. ræðumanni og fyrirspyrjanda, — að lítið hefur unnizt og langtum hægar en ég hafði gert mér vonir um.

Það er eflaust rétt hjá hæstv. ráðh., að það eru margir þættir, sem valda þessum ójöfnuði. Hann er gífurlega mikill, eins og fram kom hjá hæstv. síðasta ræðumanni. Það má vel vera, að það sé ekki fyrst og fremst samgöngukerfið sem slíkt, sem þarna ræður mestu, en það er sannfæring mín, að ýmiss konar framkvæmd á flutningi um landið er þarna mikill þáttur. Ekki er tími til að ræða þetta ítarlega í stuttri aths., en ég vil t. d. vekja athygli á því, að söluskattur er lagður á útskipun og uppskipun á flutningum út á land, og veldur það eitt út af fyrir sig töluverðri hækkun á vöruverði. Þarna er nefndur þáttur, sem er á valdi hins opinbera, og sýnist mér, að athugun og jöfnun á flutningskostnaði þurfi að ná til slíks alls, og vil ég leyfa mér að vona, að framkvæmd og athugun á þessu sviði verði hraðað.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa harmað þann seinagang, sem sé á athugun þessa máls, og má vel vera, að það hefði verið æskilegt að ljúka því fyrr. En málið er engan veginn einfalt, og mér þætti afar vænt um, ef þeir hv. þm., sem vildu hafa hraða á afgreiðslu þessa máls, kæmu með góðar hugmyndir um lausn þess við þá embættismenn, sem nú vinna að málinu, ef það mætti verða til þess að hraða afgreiðslu þess. En staðreyndin er sú, að það er verið að vinna að því af tveimur embættismönnum, sem hefur verið falið að finna lausn á því, hvaða skipting á milli vöruflutninga á landi, sjó og í lofti kunni að vera hagkvæmust frá þjóðhagslegu sjónarmiði og einnig hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að ná því takmarki. Ég hygg, að þetta sé það, sem fyrir hv. fyrirspyrjanda vakir og flm. þáltill., sem þetta byggist á. Ég vona, að embættismennirnir komist að niðurstöðu með því að hafa náið samráð við aðila flutningakerfisins. Við nána athugun komst ég að þeirri niðurstöðu, að það væri til lítils að setja fulltrúa í n. frá aðalþáttum flutningakerfisins, það mundu aðeins verða uppgjörsfundir um sjónarmið hvers þeirra um sig á hverjum fundi, og ég taldi ráðlegra að setja í þetta embættismenn, sem hefðu síðan samráð við aðila flutningakerfisins. Og hvað sem bráðlæti manna líður, lýsi ég því yfir, að ég rýk ekki í að gera breytingar í þessu máli án athugunar og geri það ekki fyrr en niðurstaða frá þessum embættismönnum liggur fyrir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég fagna því mjög, að hv. 2. þm. Vestf. skuli hreyfa þessu máli hér á Alþ. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að sá aðstöðumunur, sem dreifbýlisfólk á við að búa í samanburði við þéttbýliskjarnan hér á Reykjavíkursvæðinu varðandi það að fá vöru og þjónustu á sambærilegu verði, er geysilegur. Ég er ekki í neinum vafa um, að dreifbýlis-

hjarta hv. 2. þm. Vestf. hefur slegið jafn hratt til dreifbýlisins í þau 12 ár, er hann var í stjórnaraðstöðu, eins og það gerir nú. Og ég veit, að hann hefur hugsað á nákvæmlega sama hátt og hann gerir nú. En hann hefur ekki fengið því áorkað í þessi 12 ár, að neitt ynnist á í þessum efnum varðandi jöfnun á vöruverði og dreifingarkostnaði.

Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda og öðrum, sem hér hafa talað, að þarna er stórmál á ferðinni varðandi aðstöðumuninn, sem er úti í dreifbýlinu, miðað við það, sem gerist hér á Reykjavíkursvæðinu, og á þessu máli þarf að taka með röggsemi. Það var ekki gert í 12 ár undir viðreisn, en ég vona fastlega, að það verði gert á næstu mánuðum, — ég tala nú ekki um ár undir vinstri stjórn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil, að það komi alveg skýrt fram, hvað það er, sem ég er að harma. Ég er ekki að undrast, að það taki tíma að vinna þessi mál, heldur er ég að harma það, hversu mér virðist vera seint við brugðið. Mér virðist fyrrv. stjórn alls ekki hafa sinnt þessum verkefnum með skipun n. til þess að vinna að þeim, því að það er ekki einasta þessi þál., sem hér er rætt um, sem lá fyrir þá, heldur einnig þál., sem samþ. var ári áður og flm. var Björn Jónsson, um að athuga sérstaklega þessi mál með tilliti til atvinnurekstrar úti á landi. Eftir því sem ég skildi hæstv. ráðh., er það ekki fyrr en í sept. s. l., að það eru settir menn til að athuga þetta, og það harma ég. Ég er alveg sammála um, að það verður ekkert áhlaupaverk að koma hagkvæmu skipulagi á vöruflutninga innanlands. T. d. þarf að hefja vöruflutninga á sjó til eðlilegs hlutverks, eðlilegrar þáttöku, ef svo mætti segja, en með afnámi framhaldsfarmgjaldanna, sem ég vék að áðan, dró úr sjóflutningum með ströndum fram. Flutningarnir færðust yfir á aðrar leiðir, sem ég fullyrði að séu þjóðfélaginu óhagkvæmari. Sömu áhrif höfðu þær ráðstafanir, sem gerðar voru á sinni tíð að selja strandferðarskipin, áður en nýrra strandferðarskipa var aflað. Það olli oft og tíðum óreglu í ferðum og strjálli ferðum. Og einnig sá endalausi dráttur á úrbótum við höfnina í Reykjavík, á aðstöðu strandsiglinganna þar, í áratugi, liggur mér við að segja, átti sinn þátt í því að draga úr vöruflutningum á sjó og þoka þeim yfir í aðra farvegi.

Hér ber allt að sama brunni, neikvæðar aðgerðir og aðgerðaleysi.

Ég held, að menn verði að horfast í augu við þá staðreynd, að hliðstæður atvinnurekstur, t. d. við útgerð og fiskvinnslu, t. d. í iðnaði og landbúnaði, hvar sem hann er rekinn á landinu, verður að búa við svipuð flutningakjör, ef vel á að fara, og slíkt hið sama fólkið sjálft, sem þetta land byggir víðsvegar. Ég held, að það þýði ekkert annað en að horfast í augu við það, þó að það hafi gengið til á annan hátt um hríð, og einnig hitt, að auðvitað verðum við að gera okkur ljóst, að við íslenzka staðhætti verðum við að leggja mikla alúð við það og það kostar mikla vinnu og mikla fyrirhyggju í skipulagi að koma þessum málum í það horf, að viðunandi sé.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér virtist á hv. 7. landsk. þm., að hann gerði sér ekki grein fyrir, um hvað hefði verið spurt hér. Það var beinlínis spurt um framkvæmd á þál. frá árinu 1971, og þá till. hefur sjálfsagt fyrrv. samgrh. haft undir höndum í eina tvo mánuði eða svo, en það kom fram í svari hæstv. samgrh. skýlaust, að það hafi ekkert verið aðhafzt í framkvæmd þessarar till. Nú vill svo til, að þeir, sem voru flm. hennar á sinni tíð, eru í hópi núv. stjórnarsinna, svo að það er ekki óeðlilegt, þótt hv. 5. þm. Austf. sé órótt.

Mér virtist á sumu í svari hæstv. samgrh., að hann svararði í dúr, þegar hann var spurður í moll. Hann lét þess getið, að það væru tveir embættismenn að athuga, hagkvæmni á skiptingu flutninga á milli flugvéla, bifreiða og skipa. Ég fæ ekki komið því heim og saman, hvað þetta kemur beinlínis málinu við. Það getur verið einn þáttur þess, en ég get ekki séð, með hvaða hætti þetta getur verið einn aðalþáttur þess. Ég tel nauðsynlegt að skipuleggja það, hver skiptingin verði, en ég fæ ekki ráðið þá gátu, hvernig það á að vera aðallausn þess að koma á skynsamlegu skipulagi í þessum efnum og að dreifbýlismenn fái notið réttlætis í þessu efni. Greinilegt er, að hér þarf að taka til höndum, enda geri ég ráð fyrir, að svo verði gert innan skamms hér á Alþingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er greinilegt, að það kemur við kaunin á hv. stuðningsmönnum fyrrv. ríkisstj., þegar er minnzt á það hér á hv. Alþ., hvað þeir hafa vanrækt á þeim rúma áratug, sem þeir sjálfir voru í ríkisstj., en koma nú hér upp og kvarta undan. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að karpa mikið um þetta mál. Þetta hefur brunnið jafnmikið á dreifbýlisfólkið þau 12 ár, sem viðreisnarstjórnin var við völd. (Gripið fram í.) Það dregur enginn í efa, hvað sem hv. þm. Sverrir Hermannsson segir um það, og ég tek það vel upp hjá honum. Hann er að hlaupa undir bagga með sínum samþingmanni, hv. 2. þm. Vestf., sem fékk ekki að tala áðan, og ég er ekkert að taka það illa upp fyrir honum. En þetta er staðreynd. Það var ekkert gert til að létta þennan mun, meðan viðreisnarstjórnin sat að völdum í 12 ár, og nú koma þessir menn upp og kvarta undan aðgerðaleysi núverandi stjórnvalda um þetta. Það má vel vera, að þessum mönnum hafi snúizt hugur, og það er vel, og ég trúi því, að Sverrir Hermannsson sé einn af þeim.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ekki ætla ég heldur að efast um einlægni hv. 7. landsk. þm. í þessu máli. En ég spyr beinlínis, úr því að nú er komin að völdum vinstri stjórn í landinu, sem hefur fullan áhuga á þessu máli, hún hefur haft undir höndum samþykkt Alþ., sem mælir beinlínis fyrir um, hvað gera skuli: Hvers vegna framkvæmir hún þetta ekki og alls ekkert af því, sem henni er fyrirlagt að gera.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 14. nóv., að loknum 15. fundi.

Vegagerð yfir Sprengisand, þáltill. (þskj. 69). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar, þáltill. (þskj. 70). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 72). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggismál Íslands, þáltill. (þskj. 74). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 76). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leiga og sala íbúðarhúsnæðis, þáltill. (þskj. 46). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 46 að flytja till. til þál. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis. Efni þessarar till. er það, að ríkisstj. láti undirbúa frv. til l. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis og leggi það fyrir Alþ. og að í frv. verði kveðið á um hámark leigu og að þar verði einnig fjallað um skipulag fasteignasölu í landinu. Það er svo, að engin lög eru nú til um þessi efni.

Árið 1943 samþ. Alþ. lög um húsaleigu, sem voru lengi í gildi, en smám saman urðu þau úrelt vegna verðlagsþróunar í landinu. Það voru að vísu gerðar á þeim breyt. 1950 og 1952, en þegar var komið fram á 7. áratuginn var ljóst, að vegna þess að engar breyt. voru á þeim gerðar, voru þau orðin svo gersamlega úrelt, að enginn tók lengur mark á þeim, og þessar lagaslitrur hurfu endanlega úr sögunni 1965, um leið og lög voru sett um húsnæðismál. Þá var verið að lögfesta samninga verkalýðshreyfingarinnar við ríkisstj. og vinnuveitendur, þá hluta af þeim samningum, sem fjölluðu um húsnæðismál. Ríkisstj. hafði þá um sumarið gefið út yfirlýsingu um húsnæðismál, sem seinna varð undirstaða svokallaðra Breiðholtsframkvæmda, og þá var tækifærið notað, um leið og þau lög voru samþ. hér í þinginu, til að afnema þessi gömlu lög um húsaleigu, en ekkert annað kom í staðinn, og þar af leiðandi eru engin lög og engar reglur um þetta efni til. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að óvíða muni vera svo ástatt í nálægum löndum, að engin lög og engar reglur séu um þetta efni. Víðast hvar er einhver rammalöggjöf til og víða einnig hámarksákvæði um húsaleigu. Þetta er þeim mun einkennilegra hvað Ísland snertir, þegar haft er í huga, að verðlagsákvæði á flestum sviðum eru hér nokkuð ströng. Við reynum hvað við getum til að hemja verðlagið og koma í veg fyrir verðhækkanir, að vísu með heldur misjöfnum árangri, og við reynum hvað við getum til að halda niðri álagningu, en í húsnæðismálum hefur það verið svo, að allt hefur verið laust á þessu sviði, og það gildir jafnt um leiguhúsnæði og söluverð á húsnæði.

Hvað snertir húsaleiguna sjálfa, er staðreyndin sú, að leiga hér á landi er mjög misjöfn. Ég veit ekki til þess, að nein skipuleg athugun hafi verið gerð á því, hvað húsaleiga er almennt há, t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu, en af þeim fréttum, sem ég hef haft af þessu sviði, er út af fyrir sig ekki ósennilegt, að meiri hluti húseigenda, sem leigja út íbúðir, heimti fyrir það verð, sem getur talizt eftir atvikum hóflegt og eðlilegt, ef tekið er tillit til fasteignamatsverðs, vaxtakostnaðar og annars eðlilegs kostnaðar við húseignir. Hins vegar fer ekkert milli mála, að sums staðar a. m. k. er húsaleiga svimandi há og jafnvel margföld á við það, sem eðlilegt getur talizt. Leiga á íbúðum er aðallega uppsprengd, að því er virðist, þegar um er að ræða litlar og gamlar íbúðir. Það þarf út af fyrir sig enginn að vera hissa á því, að nýjar dýrar og stórar íbúðir séu leigðar út fyrir hátt verð í krónum talið. En staðreyndin er sú, að hér á höfuðborgarsvæðinu úir og grúir af eins og tveggja herbergja kjallaraholum, sem ekki standast jafnvel einföldustu heilbrigðiskröfur, og eru þó leigðar út fyrir býsna hátt verð. Ég sé ekki ástæðu til að nefna nein sérstök dæmi eða fara að fjölyrða frekar um það hörmulega ástand, sem ríkir á þessu sviði, vegna þess að það hefur verið gert að umtalsefni æðioft, bæði í dagblöðum í Reykjavík, í bæjarstjórn Reykjavíkur og víðar, og ég býst við, að flestum hv. þm. sé kunnugt um, að svona er þetta.

Ástæðan til þess, að ástand af þessu tagi getur skapazt, er að sjálfsögðu sú, að framboð á leiguhúsnæði er allt of lítið. Að öðrum kosti kæmust menn ekki upp með það, að misnota sér neyð fólksins á þann hátt, sem nú tíðkast allt of víða. Hins vegar er það eftirtektarvert fyrir þá, sem trúa og treysta á lögmál hins frjálsa markaðar, lögmál framboðs og eftirspurnar, að á þessu sviði virðist litlu skipta, þótt gróðaöflin hafi haft næstum ótakmarkaða möguleika árum saman. Peningaöfl þjóðfélagsins virðast ganga út frá því, að á öðrum sviðum sé þrátt fyrir allt skjótteknari gróði, og framboð á leiguhúsnæði er því eftir sem áður tiltölulega lítið. Á þessu vandamáli er að sjálfsögðu ekki til nema ein varanleg lausn. Opinberir aðilar verða að eiga frumkvæðið að byggingu leiguhúsnæðis í miklu stærri stíl en verið hefur. Það er út af fyrir sig ánægjulegt í sjálfu sér, hve margir hér á Íslandi búa í eigin húsnæði, og er engin ástæða til að fara að metast um það, hvort réttara sé, að meiri hluti fólks búi í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Það er atriði, sem ég ætla ekki að taka til umr. Hins vegar ætti að vera hverjum manni ljóst, að það er algjörlega fráleitt, að fólk geti yfirleitt ekki fengið þak yfir höfuðið öðruvísi en að byggja eða kaupa íbúðir fyrir 1 eða 2 millj. kr.

Meiri hlutinn af ungu fólki hefur ekki minnstu möguleika til að eignast íbúðir, það mun öllum vera ljóst, ekki fyrr en þá mörgum árum eftir að það hefur stofnað heimili. Það er því alveg

sérstaklega þetta unga fólk, sem er í húsnæðisklemmunni og verður að láta sér lynda þröngan og heilsuspillandi húsakost og þá oft með svo og svo mörg kornabörn.

Það verður að stórauka framboð á leiguhúsnæði, ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur einnig víðs vegar um land, þar sem víða stendur svo á, að ekki er unnt að fá aðflutta hæfileikamenn til að setjast þar að og gegna nauðsynlegustu störfum, vegna þess að svo til ekkert leiguhúsnæði er fyrir hendi á slíkum stöðum, og það er nú svo, að enginn snarar upp húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína á fáum dögum. Jafnframt því, að einhver varanleg lausn sé fundin á þessu vandamáli, og um það fjallar í sjálfu sér ekki þessi till. til þál., þá er hitt málið, sem eftir stendur og er ekki síður mikilvægt, að sett verði heildarlöggjöf um leiguhúsnæði, bæði hámarksákvæði um leigu og eftirlit með því, að reglur af þessu tagi séu haldnar. Ég vil lýsa því yfir, að ég hef þá trú, að séu þessi lög skynsamlega samin og hámarksákvæðin eðlileg og sanngjörn, sé þess að vænta, að lög af slíku tagi verði virt og að það þurfi ekki að fara fyrir þeim eins og lögunum, sem sett voru hér um árið, að þau yrðu nánast sjálfdauð. Í lögunum um húsaleigu frá 1943 voru hámarksákvæðin þannig orðuð, með leyfi forseta, eftir þær breyt., sem gerðar voru á þeim 1950 og 1952:

„Hámark þeirrar húsaleigu, að viðbættri vísitöluuppbót skv. 6. gr., sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera 7 kr. á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarinnar, séu húsin byggð fyrir árslok 1944, en 8—9 kr. fyrir hvern fermetra í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar. Nú er lofthæð íbúðar minni en 2.5 metrar, og lækkar þá hámark þetta hlutfallslega sem því nemur."

Ég les ekki meira af þessum ákvæðum, en ég býst við, að flestir hv. þm. geti verið mér sammála um, að ákvæði af þessu tagi séu ekki skynsamleg og að ekki komi til greina að hafa ákvæðin í væntanlegri löggjöf af þessu tagi. Það er augljóst mál, að íbúðir eru mjög mismunandi að gæðum, og það er alveg vonlaust að ætla sér að láta fermetratöluna ráða því, hver hámarksleigan skuli vera, og þá enn síður að fara að binda það í lögum, miðað við þá verðlagsþróun, sem hér hefur verið í gildi. En þetta er vafalaust meginástæðan fyrir því, að lögin stóðust ekki þróun tímans og urðu, eins og ég sagði áðan, sjálfdauð, urðu svo ómerk, að engum þótti taka því lengur að eltast við það, hvað í þeim stóð. Ég held, að í væntanlegum lögum, sem sett yrðu um þetta efni, yrði eðlilegast að miða við t. d. fasteignamat, sem nú hefur verið framkvæmt um land allt og ætti að geta orðið skynsamlegur grundvöllur að slíkum hámarksákvæðum, og ég tel því í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, að ársleigan yrði t. d. ákveðin sem einhver ákveðin prósentutala af matinu. Þetta skipulag hefur ýmsa kosti og m. a. þann, að húseigendur mundu þá væntanlega leitast við að hafa matið á sinni húseign í einhverju samræmi við raunveruleikann. Það er líka svo, að fasteignamat þarf að vera í sæmilegu lagi, sæmilega áreiðanlegt á hverjum tíma. Ég ætla ekki að rökræða frekar um þennan hluta till., þ. e. a. s. þann, sem fjallar um leiguhúsnæði og hámarksleigu. En eins og fram kemur í þáltill., fjallar hún einnig um sölu á húsnæði. Það er svo, að núna á einu ári er talið af þeim, sem til þekkja, að íbúðarhúsnæði í Reykjavík hafi hækkað um ekki minna en helming og sennilega ívið meira, kannske um 60—70%, og það á aðeins einu ári. Það hlýtur að vera algjörlega óviðunandi, að á sama tíma og reynt er með mjög harðvítugum ráðstöfunum að koma í veg fyrir hækkun verðlags yfirleitt, þá séu engar hömlur yfirleitt lagðar á verðhækkanir íbúðarhúsnæðis, þó að öllum eigi að vera ljóst, að verðlag á húsnæði hlýtur að snerta lífsafkomu almennings meira en flest annað. Þetta atriði hef ég talið sjálfsagt og eðlilegt að yrði skoðað, um leið og tekin yrðu til athugunar þau mál, sem snerta húsaleiguna, hvað hægt er að gera til að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði.

Það er fleira, sem þarf að hyggja að í sambandi við sölu á húsnæði, og þá ekki sízt, hvernig salan fer fram og hvernig skipulag á fasteignasölu er. Eins og mönnum er kunnugt, eru það svonefndir fasteignasalar, sem annast sölu íbúðarhúsnæðis hér á landi. Hér á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og nálægum bæjum, eru fasteignasölur líklega einar 30—40 talsins, og eru vonandi flestir sammála mér um, að þær mættu vera svo sem 10 sinnum færri. Víða á smærri stöðum úti á landi er hins vegar svo lítið um eigendaskipti á fasteignum, að afskipti fasteignasala þekkjast nánast ekki. Fólk, sem vill selja fasteign, veit varla lengur, hvert það á að snúa sér eða hvernig það á að fara að því að kaupa eða selja fasteignir.

Ég álít, að það skipulag á fasteignasölu, sem nú er ríkjandi, sé í raun og veru algjörlega fráleitt og þurfi gagngerðrar endurskoðunar við. Í fyrsta lagi álít ég, að það þurfi að koma því þannig fyrir, að fólk um allt land geti leitað til einhverra aðila, þegar það þarf að losna við fasteignir eða kaupa fasteignir, og kæmi til greina, að opinberir aðilar gerðu þetta auðveldara. En í öðru lagi er það skoðun mín, að þjónusta fasteignasala við kaupendur íbúða, þar sem þeir á annað borð bjóða þjónustu sína, sé langt fyrir neðan þær kröfur, sem við eigum að gera til fasteignasala. Þetta eru menn, sem taka 30—40 þús. kr. fyrir að selja eina íbúð, og það segir sig nokkuð sjálft, að fyrir slíkar upphæðir á eitthvað töluvert að koma á móti. En hver er svo þjónustan, sem menn fá, ef þeir leita til fasteignasala? Ég held, að flestir hafi þá reynslu, að þær upplýsingar, sem þeir fá hjá slíkum aðilum, séu æðioft af skornum skammti og ekki alltaf áreiðanlegar. Það er að vísu svo, að fasteignasalarnir telja sig hafa skoðað íbúðirnar til þess að kasta á þær einhverju verði, en flestir munu kannast við það, að gallar á íbúðum koma aðallega fram, eftir að íbúðin hefur verið seld, og ekki áður, eins og vera þyrfti. Annar galli er sá, að fasteignasalar taka raunverulega enga ábyrgð á því, að þær upplýsingar, sem þeir hafa safnað saman um þær íbúðir, sem þeir eru að selja, séu réttar. Ég get nefnt það dæmi, að til þess að kjallaraíbúð sé lánshæf hjá ýmsum lánastofnunum, þarf hún að vera samþykkt. Kaupandi fær sem

sagt ekki lán út á íbúðina öðruvísi en að yfirvöld hafi samþykkt, að þarna skyldi vera íbúð. En það er nú svo, að æðioft áttar kaupandi sig ekki á því, að þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir, og sér ekki fyrr en eftir á, að hann hefur keypt íbúð, sem alls ekki var samþykkt. Ég lít svo á, að það sé raunveruleg skylda fasteignasalans að sjá um, að upplýsingar af þessu tagi komist örugglega til skila til kaupandans, þannig að hann sé ekki blekktur í viðskiptunum, og að fasteignasali eigi ekki að njóta þess í þjóðfélaginu að fá tugi þúsunda fyrir sína þjónustu öðruvísi en hún komi að fullkomnu gagni. Ég þarf ekki að fjölyrða hér um þau vandræði, sem saklaus almenningur á við að stríða, þegar tilvik af þessu tagi koma upp, hvort heldur er um að ræða galla á íbúð eða að hún er ekki samþykkt, og menn lenda í því að verða að standa í málaþrasi, sem oftast tekur mörg ár, — tekur kannske tvö ár að fá málið tekið fyrir hjá viðkomandi dómstól, og svo eru kannske liðin 3—4 ár, áður en fallinn er hæstaréttardómur í málinu. Langflestir telja sig ekki hafa neina aðstöðu til þess að standa í þess háttar þrasi og láta því málið kyrrt liggja og hugsa með sér, að það sé aðalatriðið að láta ekki plata sig í næsta sinn.

Ég vil leggja áherzlu á það hér, að ég tel, að þessi mál þyrfti að taka til athugunar, þ. e. a. s. skipulag fasteignasölu yfirleitt. Það er skoðun mín að fasteignasölur eigi að vera fáar og um leið skyldar til að bjóða fullkomnustu þjónustu og að fasteignasalarnir eigi almennt að bera ábyrgð á upplýsingum, sem þeir gefa. Ég hef áður lýst því yfir og get endurtekið það hér, að ég tel, að vel komi til greina, að opinberir aðilar skipuleggi þjónustufyrirtæki, sem hafi það verkefni að bjóða fullkomnustu þjónustu við sölu fasteigna um allt land og tryggi þá að sjálfsögðu um leið sanngjarnt verð fyrir þá þjónustu. Ég vil taka fram, að það er ekki endilega víst, að þetta þyrfti að skipuleggja á vegum ríkisins. Það mætti kannske skipuleggja þessa þjónustu á vegum sveitarfélaganna undir yfirstjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Það má ekki síður láta sér detta í hug, að samvinnusamtökin fyndu hjá sér hvöt til þess að ráðast inn á þetta svið og taka að sér þetta hlutverk og létu þá kaupfélögin annast þessa þjónustu. Ég nefni bara þetta tvennt sem hugsanlegar leiðir, vegna þess að það er ekki skoðun mín, að það þurfi endilega að vera ríkið, sem taki þessa þjónustu að sér. En hvernig sem að því verður staðið, þá er hitt ljóst, að það þarf einhver félagslegur aðili að koma þarna til skjalanna til þess að veita fasteignasölunum nauðsynlegt og strangt aðhald og stranga samkeppni. Það þarf að athuga gaumgæfilega, hvernig má endurskipuleggja fasteignasölu almennt og um leið að sporna við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði, því að ég tel mig ekki vera að fara með neinar svívirðingar til einnar eða neinnar stéttar, þó að ég lýsi því yfir, að ég tel, að fasteignasalar hafi oft átt hlut að máli, þegar um hefur verið að ræða þessar miklu og hóflausu verðhækkanir. Það þarf sem sagt að minni hyggju að setja heildarlöggjöf um þessi mál öll, um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Ég vil leyfa mér herra forseti, að leggja til, að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér sýnist ekki úr vegi, að í sambandi við þá mjög svo gagnlegu till., sem hér er til umr., verði tekið til athugunar það erindi, sem okkur alþm. barst núna í vikunni sem leið, varðandi unga fólkið utan af landsbyggðinni, sem stundar nám í hinum ýmsu framhaldsskólum höfuðborgarinnar og er ofurselt því ástandi, sem hv. frsm. till. lýsti hér áðan, þ. e. skorti á leiguhúsnæði. Bréfið er undirritað af fulltrúum þriggja samtaka framhaldsskólanema, þ. e. a. s. fulltrúum Sambands ísl. kennaraskólanema, nemendaráðs Kennaraskóla Íslands og Landssambands ísl. menntaskólanema. Í bréfinu segir m. a., að námsfólk utan af landsbyggðinni sé algerlega háð sveiflum á húsnæðismarkaðinum hér í borginni og með tilliti til þess, að æ fleira námsfólk utan af landi stundi nám hér á Reykjavíkursvæðinu, sé ljóst, að slíkt sé með öllu óviðunandi ástand. Þetta er hverju orði sannara.

Háskóli Íslands starfrækir, sem kunnugt er, stúdentagarðana og mötuneyti og aðra slíka húsnæðisaðstöðu fyrir nemendur sína. En af öðrum framhaldsskólum hér í Reykjavík munu aðeins tveir geta boðið nemendum sínum að búa og borða í heimavistum, þ. e. Hjúkrunarskólinn og Stýrimannaskólinn. Hinir framhaldsskólarnir allir, þ. e. menntaskólarnir og hinir fjölmörgu framhaldsskólar hér, þ. á m. ýmsir þeir, sem einir eru til sinnar tegundar hér á landi, eins og t. d. Tækniskólinn og Kennaraskólinn, — en á þetta er einnig bent í bréfinu til okkar alþm., — þessir skólar eru allir starfræktir án nokkurrar heimavistaraðstöðu og án nokkurra mötuneyta, sem heitið geti. Nemendur þessara skóla, — samkvæmt upplýsingum, sem ég fékk nú í morgun, — eru í vetur 12020 talsins. Mun 1/10 hluti af nemendum a. m. k. vera fólk, sem á fast heimili utan þess svæðis, sem nefnt hefur verið Stór-Reykjavík, þ. e. a. s. utan höfuðborgarinnar sjálfrar, Kópavogs og Hafnarfjarðar. Flest af þessu fólki er í Kennaraskólanum, sennilega um 250 manns, enda er sá skóli, eins og ég hef þegar drepið á, hinn eini sinnar tegundar á öllu landinu. Hingað verður þetta fólk að koma, ef það ætlar að sækja sér menntun. Sumir af þessum nemendum ganga raunar að húsnæði vísu hjá ættingjum og kunningjafólki hér á höfuðborgarsvæðinu, og aðrir hafa verið svo heppnir að geta tryggt sér leiguherbergi á sanngjörnu verði hjá einhverju heiðarlegu og góðu fólki, meðan á náminu stendur. Það er, hamingjunni sé lof, til gott og heiðarlegt fólk, sem hefur tök á því að taka slíka leigjendur. En þeir eru líka margir, — ætli þeir séu ekki fullt eins margir þeir nemendur úr þessum hópi, sem verða að eyða löngum tíma í það haust eftir haust að þreifa sig fram og aftur um þann frumskóg, sem húsaleigumarkaðurinn hér á höfuðborgarsvæðinu er orðinn.

Ég hef átt þess kost að ræða við sumt af þessu unga fólki, og það hefur sagt mér dæmi um erfiðleika sína. Oft verður harla lítið, næstum má segja ekki neitt, úr skólanáminu fyrstu vikurnar, vegna þess að nemandinn er með allan hugann við þann ógnarvanda að fá einhvers staðar herbergiskompu leigða. Á meðan fær hann oftast nær til bráðabirgða að sofa í herbergi hjá einhverjum kunningja sínum, þar sem veitir kannske ekkert af plássinu handa einum. En fyrir það, sem þetta unga fólk missir í skólanámi, öðlast það talsverða þekkingu, sem e. t. v. mætti flokkast undir þjóðfélagsfræði. Það kvartar kannske undan því, að herbergi sé lítið, óvistlegt og kalt og umfram allt allt of dýrt, og það fær þá oft þetta svar: Jæja, farðu þá. Ég get fengið nóga leigjendur. — Svipað svar fær það, ef það minnist t. d. á leigusamning. Að nefna leigusamning er í augum furðumargra leigusala hin argasta ósvífni. Þannig öðlast þetta unga fólk mikilvæga fræðslu um réttarstöðu sína í þjóðfélaginu. Og þegar leigan er greidd, oft æðihá leiga og kannske allur veturinn fyrirfram, þá fær þetta unga fólk oft að heyra þessa setningu: Og svo mannstu að láta þetta hvergi koma fram. — Þannig öðlast þessi uppvaxandi kynslóð Íslendinga einnig hagnýta tilsögn í skattamálum.

Já, svona er þetta, og sannarlega ekki að ófyrirsynju, að í bréfi sínu til okkar alþm. kvartar þetta unga fólk undan ástandinu og hvetur til þess, að stofnaðar verði heimavistir til þess að leysa þennan vanda. Slíkar heimavistir virðist sjálfsagt að nota sem ferðamannahótel af ódýrara tagi að sumrinu, eins og löngum hefur verið um stúdentagarðana og heimavistir margra skóla úti á landsbyggðinni. En hvað þá um hótel Esju? spyr kannske einhver í þessu sambandi. Er það ekki rétt munað, að þegar sú hótelbygging var á döfinni, hafi fengizt sérstök fyrirgreiðsla í Seðlabankanum vegna þess, að forráðamenn fyrirtækisins höfðu heitið menntmrn. því, að hótelið yrði að vetrarlagi notað sem nemendabústaður að einhverju eða jafnvel öllu leyti? Jú, jú, þetta er alveg rétt munað, eða svo segir mér a. m. k. sá maður, sem þá var menntmrh. Hann er því miður ekki staddur í salnum núna, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Menntmrh. og Seðlabankinn munu hafa gert ráð fyrir, að íburði öllum yrði þarna svo í hóf stillt, að hægt yrði að leigja skólafólki herbergin á skaplegu verði. En hvernig sem á því stóð, varð úr þessu enn eitt lúxushótelið, og skólafólk, sem í vandræðum sínum leitaði til Hótel Esju núna í haust, fékk þau svör, að þar væri að vísu hægt að fá nóg af herbergjum, — í hótelinu munu vera rúm fyrir um það bil 270 manns, — en herbergið átti að kosta um 12 þús. kr. á mann á mánuði, jafnvel þó að um væri að ræða tveggja manna herbergi. Slíka húsaleigu getur að sjálfsögðu enginn venjulegur skólanemandi greitt, enda munu engir slíkir fyrirfinnast sem fastir gestir á Hótel Esju. — Svona fór sem sé um sjóferð þá.

En ég spyr: Væri nú ekki rétt fyrir stjórnarvöldin að athuga nánar um þetta fagra fyrirheit, sem forráðamenn hótelsins gáfu forðum? Mætti ekki athuga hvort ekki mætti einhvers staðar t. d. í Seðlabankanum grafa upp eitthvert plagg þar að lútandi, svo að hægt sé að herma fyrirheitið formlega upp á forráðamenninna og í krafti þess að uppáleggja þeim að leyfa nokkrum hópi skólafólks afnot af einhverjum herbergjum hótelsins á skaplegu verði. Ég held a. m. k., að fáum fyndist það nein goðgá, og varla getur það heldur flokkazt til þjóðhagslegra glæfraverka, þó að eitt af þeim mörgu lúxushótelum í höfuðborginni, sem standa hálftóm mestan part vetrarins, verði að einhverju leyti notað til þessara þarfa.

Víkur nú sögunni að öðru hóteli. Hér við Skipholt er lítið hótel, Hótel Nes, og þar er gistirými fyrir 28 manns. Núna í haust gerðu 28 kennaraskólanemar með sér félag og tóku þetta hótel á leigu, og þarna býr þetta fólk, 6 stúlkur og 22 piltar. Stúlkurnar, tvær eða þrjár, munu sjá um alla matargerð, en einhverjir piltanna annast aðdrættina, og hópurinn skiptist svo á um uppþvotta og ræstingu og önnur slík störf, sem snerta eðlilegt og gott heimilishald. Ég heimsótti þennan stað nú ekki alls fyrir löngu, dvaldist þar kvöldstund, og ég sannfærðist um það, að heimilisbragurinn er þar hinn prýðilegasti og dálítið svipaður því og gerist á friðsælum sveitaheimilum, enda munu margir þessir nemendur hafa fengið uppeldi sitt á slíkum heimilum. Andrúmsloftið, svo maður taki nánara dæmi, er þarna ekki ósvipað því prúðmannlega andrúmslofti, sem ríkt hefur á áheyrendapöllum Alþingis í dag. En skylt er að geta þess, að menntmrn. veitti þessu fólki nokkra fyrirgreiðslu, þegar það var að taka hótelið á leigu, og lagði fram fjárstyrk til að létta því húsaleigukostnaðinn, og fyrir þessa aðstoð er þetta fólk þakklátt og væntir þess, að það megi eiga vísan styrk og helzt nokkru meiri, ef hótelið fengist aftur til sömu nota næsta vetur. Þetta er ekki neitt lúxushótel, síður en svo. Og sá partur, sem hver þessara nemenda borgar af hinni sameiginlegu húsaleigu, er líklega heldur lægri en það, sem algengast er, að skólafólk borgi fyrir sæmileg herbergi í einkahúsum hér og þar um borgina. En þetta fólk nýtur svo þess að hafa sérstaka rétt þokkalega setustofu til eigin afnota.

Það er vikið að því í margnefndu bréfi til okkar alþm. um húsnæðismál skólaæskunnar, að þessi lausn sé að vísu hvergi nærri fullnægjandi, enda aðeins til bráðabirgða, en bréfritararnir vænta þess, að hún geti orðið yfirvöldunum til eftirbreytni, eins og það er orðað. Bréfritarar láta sem sagt vinsamlegast í ljós þá von, að sjálfsbjargarviðleitni þessa unga fólks, eins og hún birtist t. a. m. í þessu rösklega framtaki þess, verði yfirvöldum hvatning til að leysa vandann til frambúðar með því að koma upp myndarlegum nemendabústöðum eða heimavistum, og á meðan beðið er eftir þeirri lausn, verði sem mest reynt að leysa vandann til bráðabirgða með þessum hætti, þ. e. með því að útvega hús, sem heppileg væru til þess að gegna sama hlutverki og Hótel Nes gegnir í vetur og orðið gætu orfurlitlar heimavistir hvert um sig, og þyrfti þá að koma til að sjálfsögðu góð fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera, en unga fólkið

mundi fyrir sitt leyti ekki telja eftir sér að annast sjálft um rekstúrinn.

Í þessu títtnefnda bréfi til okkar alþm. er einnig minnzt á þörfina fyrir mötuneyti. Sú þörf er viðurkennd og henni fullnægt í flestum meiri háttar stofnunum, og maturinn er þar niðurgreiddur og það svo að um munar. T. d. liggur það fyrir, að útgjöld ríkissjóðs vegna slíkra niðurgreiðslna á fæðiskostnaði í mötuneytum ríkisstofnana var s. l. ár hvorki meira né minna en 60 millj. kr., sbr. ræðu hæstv. fjmrh. hér um daginn. Allir bankarnir, t. a. m. hér í miðbæ Reykjavíkur, reka mötuneyti, og starfsfólk mun víðast hvar vera látið borga um 40 kr. fyrir hverja máltíð, sem metin er annars á 100 kr., ef utanaðkomandi fólk borðar þarna. Bankarnir borga sjálfir mismuninn. Þetta er talin sjálfsögð þjónusta, jafnt í hinum stærri bönkum, eins og t. d. hinum stærsta, Landsbankanum, þar sem starfsfólkið mun vera hátt á þriðja hundrað, sem í hinum smærri, þar sem starfsfólk er ekki nema nokkrir tugir. Og hver neitar því, að þetta sé sjálfsögð þjónusta? Matur er mannsins megin. En hér í miðbænum, — svo að segja á sömu torfunni og allir bankarnir, og þessi torfa er stærri en sú, sem kennd er við Bernhöft gamla, þar sem eru þessir bankar allir og ríkisstofnanir og aðrar stofnanir með sín mötuneyti, þar eru tveir menntaskólar með samtals um 1600 nemendur, og þegar við bætist kennarafjöldinn, sem starfar við þessa skóla, lætur nærri, að þessir tveir skólar séu starfsvettvangur fyrir um 1700—1800 manns. En þar er ekki um að ræða neina þá sjálfsögðu þjónustu, sem nú var frá sagt, ef undan er skilið kókó og brauð, sem nemendur gamla menntaskólans geta keypt sér á morgnana í löngu frímínútunum í kjallaranum á Casa nova. Svipað er að segja um flesta hina framhaldsskólana. Nemendur þeirra eiga oft svo langt að sækja í skólana og stundatöflu þeirra oft þannig háttað, að ógerningur er fyrir þá að skreppa heim og borða í hádeginu, og gildir þetta að sjálfsögðu ekkert frekar um þá nemendur, sem eru utan af landsbyggðinni, heldur en hina, sem eiga fast heimili utanvert á því mikla og vaxandi flæmi, sem nefnt hefur verið Stór-Reykjavík. Samt geta þessir nemendur, þessi uppvaxandi kynslóð okkar, með alla sína vaxtarverki ekki fengið í húsakynnum skólanna neinn þann undirstöðumat, sem t. a. m. hver banki telur sjálfsagt að bjóða starfsfólki sínu, af því að bankastjórar skilja að sjálfsögðu manna bezt sannleiksgildi hins fornkveðna, að matur er mannsins megin. Hin uppvaxandi kynslóð okkar á ekki annars völ en hlaupa í næstu sjoppu, þar sem á boðstólum er þjóðarrétturinn frægi, Prince Polo og drykkurinn Coca cola.

Þetta er að sjálfsögðu geysilegt vandamál og alls ekki auðleyst, og um þetta er alls ekki við yfirvöld hinna ýmsu skóla að sakast. Það stendur yfirleitt ekki á þeim að bæta úr þessu, ef möguleikar bjóðast til slíks. Þannig t. d. er nú unnið að því að koma upp mötuneyti við Hamrahlíðarskólann. Það væri líka mikil ósanngirni að kenna núv. hæstv. menntmrh. um þetta allt, að ætlast til þess, að hann hafi kippt þessu öllu í lag á því aðeins rúma ári, aðeins 16 mánuðum, sem hann hefur gegnt embætti sínu. Þetta er aðeins eitt af svo fjöldamörgu, sem sigið hafði jafnt og þétt til vaxandi vandræða árum og áratugum saman, áður en hann tók við skólamálum. En ef hæstv. menntmrh. á að geta komið til leiðar einhverjum verulegum úrbótum á þessu sviði, verður hann að sjálfsögðu að geta treyst á liðsstyrk okkar alþm. Okkur ber skylda til þess að sjá svo um, að Alþ. láti ekki sinn hlut eftir liggja. Það er þess vegna, sem ég hef vakið máls á þessu hér, enda verið til þess hvattur af ýmsum forustumönnum þessa unga fólks, sem mál þessi varða, og það er þess vegna, sem svona margt fólk hefur verið á pöllum Alþ. í dag. Þetta fólk kom ekki vegna Bernhöftstorfunnar, eins og sumir munu hafa haldið.

Hugmynd mín er sú, að n., sem fær til meðferðar þá till., sem hér liggur fyrir, taki einnig til vinsamlegrar athugunar þessi mál, sem ég hef rætt hér sérstaklega, og sjái svo um, ef fært þykir, að einnig verði stefnt að varanlegri lausn þeirra í því lagafrv., sem till. gerir ráð fyrir, að undirbúið verði, en ella komi til annað frv. sérstaklega til lausnar þessum málum. Raunar munu vera til lagaákvæði um heimavistir og mötuneyti við nokkra af umræddum framhaldsskólum og drjúgur tími síðan þau voru sett sum hver, svo að segja má kannske, að ekki sé seinna vænna að fara að framkvæma þau. Þannig mun t. d. vera gert ráð fyrir hvoru tveggja, heimavist og mötuneyti, í lögum um Háskóla Íslands frá því herrans ári 1907.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að það væri ekki úr vegi að taka til athugunar bréf það, sem okkur þm. hefur borizt frá ungu skólafólki utan af landsbyggðinni, sem sækir framhaldsskólanám í Reykjavík. Ég minnist þess ekki, að hann hafi fyrr tekið svo á honum stóra sínum í þeirri orðsnilld, sem honum er lagin, þann tíma, sem ég hef setið hér á Alþ., og ekki hefur það áður komið fyrir, að alþm. hafi beinlínis auglýst það, að hann sé valdur að því, hve margir séu á áheyrendapöllum Alþingis.

En í sambandi við þetta vil ég skýra frá því, að við hv. 2. þm. Vestf. tókum svolítið öðruvísi á þessu máli, og í morgun lögðum við inn til prentunar till. til þál., sem felur í sér, að skorað verði á ríkisstj. að koma upp heimavistum og mötuneytum fyrir þetta fólk. Í þessari till. er m. a. bent á þær leiðir að reyna samninga við starfandi hótel. Hins vegar er aðeins bent á það sem eina leið í þessu máli. Í till. er gerð grein fyrir því, að á síðustu árum hefur farið mjög í vöxt, að ungt fólk utan af landsbyggðinni sæki sérskóla í Reykjavík, sem það á ekki kost á að sækja annars staðar. Það eru ýmsar ástæður fyrir því, m. a. stærri árgangar þessa fólks og eins betri og meiri möguleikar þess og meiri vilji til þess að sækja framhaldsnám. Við bendum á í grg. okkar, að það sé auðvitað fyrst og fremst stefna okkar, að þetta unga fólk eigi kost á því að sækja framhaldsnám sem næst sinni heimabyggð, en þar sem horfast verði í augu við það, sem er að gerast, að þetta unga fólk sækir í vaxandi mæli sérskóla á höfuðborgarsvæðinu, þá flytjum við þessa till.

Ég vil fagna því, að mér sýnist, að við eigum góðan hauk í horni í hv. 5. þm. Vesturl., og ég vænti þess, að hann og fylgismenn hans komi til drengilegs stuðnings við okkur flm. þessarar till. Okkur sýndist, að það væri þinglengra og eðlilegra að taka málið fyrir á þennan hátt. Hann hafði sín vinnubrögð. Á því eru nokkur blæbrigði, en ég vona, að það séu ekki þau blæbrigði, að hann bregði stuðningi við málið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá stórmál, sem er till. til þál. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis. En hér hefur komið sérstakur þáttur inn í þessar umr., sem hv. 5. þm. Vesturl. kom fram með. Það er vegna beiðni samtaka skólanemenda. Um þá beiðni vil ég aðeins segja, að það er sjálfsagt af hv. Alþ. að taka þessa beiðni alvarlega, ekki einungis að tala um hana, heldur að framkvæma eitthvað raunhæft. Hv. þm. hafa nú orðið áheyrandi og aðsjáandi, hvernig þetta mál hefur verið tekið fyrir, eins og síðasti ræðumaður sagði, með nokkuð mismunandi blæbrigðum. Annars vegar er það upplýst, hvernig hv. síðasti ræðumaður og hv. 2. þm. Vestf. hafa brugðið skjótt við og komið með till. um raunhæfar aðgerðir. Hins vegar hafa menn orðið aðsjáandi og áheyrandi leiksýningar af hálfu 5. þm. Vesturl. Ég fjölyrði ekki um þetta. Ég legg það í dóm skólanemenda sjálfra, hvort þeir meta meir raunhæfar aðgerðir í þessu máli til lausnar vandamálum þeirra eða leiksýningu þá, sem hér fór fram. Og læt ég útrætt um þennan þátt.

Ég vík þá að tali og ræðu hv. flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, hv. 4. þm. Norðurl. v. Eins og ég sagði áðan, er hér um mjög mikið mál að ræða. Ég verð að segja, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hv. flm., vegna þess að mér fannst eins og hann gerði sér ekki grein fyrir, — eða a. m. k. það kom ekki fram í tali hans, — hve umfangsmikið þetta mál er. Ég mun koma nánar að því. En áður finnst mér ástæða til þess að leiðrétta ýmislegt, sem hv. þm. sagði og ekki fær staðizt, er ekki í samræmi við staðreyndir. En ég skal ekki eyða löngum tíma í þetta né eltast við allt, sem e. t. v. væri ástæða til að gera. En mér finnst sumt lýsa nokkrum misskilningi eða fákunnáttu, og vík því sérstaklega að því.

Það segir t. d. í grg. með till. þessari, að hér á landi séu nú engin lagaákvæði um hámark húsaleigu. Þetta fær ekki staðizt og er a. m. k. ekki nákvæmlega rétt. Ef hv. þm. hefur ekki verið þetta ljóst, er fullkomin ástæða til að benda honum á, að það eru í gildi lög, sem banna hækkun húsaleigu í dag. Þessi ákvæði voru sett í lög nr. 94, 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Þetta er löggjöf, sem fyrrv. ríkisstj. stóð að. En löggjöfin þótti góð, svo sem kunnugt er, því að núv. ríkisstj. setti brbl. í júlí 1971 til þess að framlengja þessi lög til áramóta það ár. Og með l. nr. 94 frá 1971, um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 1960, voru sett ákvæði til bráðabirgða, sem framlengdu stöðvunarákvæðin frá 1970. Ef hv. þm. hefur verið búinn að gleyma þessu öllu, þá hefði hann kannske átt að taka eftir því, að félmrn. gaf út yfirlýsingu 10. apríl í ár til þess að undirstrika, að þessi ákvæði gilda enn. Það er naumast rétt að segja, að það sé engin ákvæði í lögum um hámark húsaleigu nú. Ég er ekki hér að dæma um, hvaða þýðingu þessi ákvæði hafa, ég læt það ósagt. En þau virðast hafa haft þýðingu frá sjónarmiði núv. ríkisstj., vegna þess að ákvæðin hafa verið framlengd tvívegis að tilhlutan ríkisstj.

Það væri ástæða til þess að fara nokkrum orðum um það, sem hv. frsm. sagði um húsnæðisl. frá 1943, breytingar á þeim og endalok þeirra, en ég sé ekki ástæðu til að skýra það nákvæmar en hann gerði, þó að það mætti að sjálfsögðu gera. Ég læt því þetta nægja um það, sem mér þótti ónákvæmt hjá hv. þm.

En það, sem vakti meiri vonbrigði hjá mér, var, að mér fannst ekki koma nægilega fram hjá hv. frsm. hið raunverulega eðli þessa máls. Hann talaði í einu orðinu um, að það þyrfti að setja heildarlöggjöf um leiguhúsnæði, og í hinu orðinu ræddi hann um málið, að því er virtist, á miklu þrengri grundvelli, þ. e. a. s. að setja sérstök ákvæði um hömlur varðandi leiguhúsnæði. En hér er um tvennt að ræða, að sjálfsögðu skylt, en samt grundvallarmismunur. Það er sjálfsagt og eðlilegt að setja almenna löggjöf um húsaleigu, — löggjöf, sem kveður á um réttarstöðu og viðskipti leigusala og leigutaka. Við höfum í dag enga slíka löggjöf í landinu, og við erum á eftir í því efni borið saman við flestar eða allar þær menningarþjóðir, sem okkur eru skyldastar. Það eru mörg ár og áratugir, síðan slík löggjöf var sett á hinum Norðurlöndunum. Það var einn færasti lögfræðingur Dana á sinni tíð, Vinding Kruse, sem vann sérstaklega að gerð þessarar löggjafar, og löggjöfin í hinum Norðurlöndunum mun vera sniðin eftir og samræmd við hina dönsku. En við hér höfum algerlega orðið eftirbátar.

Það er ekki svo, að mönnum hafi ekki komið í hug, að það þyrfti að setja slíka löggjöf hér á landi. Árið 1948 var borið fram á hv. Alþ. frv. til l. um slíka löggjöf. Það var stjórnarfrv., sem var vandlega undirbúið og viðamikið. Málið náði ekki fram að ganga á því þingi. 1951 kom málið aftur fram og var þá flutt af allshn. Nd. að beiðni félmrh. Það frv. náði ekki heldur fram að ganga. 1952 var frv. aftur flutt eftir miklar umr. um það í þinginu. Frv. náði ekki fram að ganga. Og 1953 var málið loks flutt og enn fór á sömu leið. En í raun og veru voru flestir, ef ekki allir alþm. sammála um nauðsyn frv. og sammála um efni þess nema að því leyti, að það var ágreiningur um það, hvort blanda ætti inn í þetta frv., sem fyrst og fremst fjallaði um atriði einkaréttarlegs eðlis, ákvæðum opinberréttarlegs eðlis um takmörk húseigenda á umráðarrétti húseigna.

Það er einmitt þetta, sem mér finnst að hafi komið fram í ræðu hv. flm., að hjá honum sýndist mér þessu ægja öllu saman. Árin 1948, 1951, 1952 og 1953 gerðu allir þeir, sem ræddu þessi mál, sér grein fyrir þeim mismun, sem hér er á. Það virtist mér ekki koma fram í framsögurræðu hv. frsm.

Það, sem ég hef sagt um þetta mál, þýðir ekki, að það sé mín skoðun, að það megi aldrei setja í löggjöf ákvæði, sem takmarka umráðarrétt hús-

eigenda yfir íbúðum sínum. Það getur verið fullkomin ástæða til þess að gera slíkt, ef einhver sérstök atvik ber til, ef einhver sérstök óáran er í landinu, ef það er t. d. ófriðarástand. Og þetta hefur hið háa Alþ. viðurkennt í verki, þegar á hefur þurft að halda. Í fyrri heimstyrjöldinni voru sett lög um húsaleigu. Þau voru sett 1917. Og strax í upphafi síðari heimstyrjaldarinnar voru sett lög um húsaleigu. Þetta var af styrjaldarástæðum. Það var enginn ágreiningur um þetta. Það þurfti að gera neyðarráðstafanir á neyðartímum. En þegar þessum neyðartímum lauk, voru þessar ástæður ekki lengur fyrir hendi. Neyðarástandið var ekki lengur fyrir hendi, og þess vegna áttu neyðarráðstafanir ekki lengur við. Lögin frá 1917 voru t. d. afnumin 1927. Eftir það höfðum við enga löggjöf, sem takmarkaði umráðarétt húseigenda yfir húseignum sínum varðanda leigumál. Það komu ekki hugmyndir fram um slíkt, eftir því sem ég bezt veit. Og það var ekki fyrr en það kom nýtt neyðarástand, að það þurfti á ný að beita neyðarráðstöfunum. Og það eru neyðarráðstafanir, sem beitt er, þegar eignarrétturinn er svo takmarkaður, beittur slíkum hömlum, sem gert er með húsaleigulöggjöf eins og lögunum frá 1939, 1940 og 1943. Lögin voru endurskoðuð 1943, og þau lög giltu lengst af.

Ég hygg, að það liggi nokkuð í augum uppi, hvers vegna það er, sem ég kalla slíka löggjöf sem lögin frá 1943 neyðarráðstafanir. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi ekki að benda á, hvílík óþægindi og réttarskerðing þau eru í mörgum tilfellum gagnvart húseigendum. Það þarf ekki að benda á áhrif missættis, sem verður milli húseigenda og leigjenda, þegar ekki er hægt að segja upp húsaleigusamningum með eðlilegum hætti. Það þarf ekki að benda á, hvaða áhrif þetta ástand hefur á sjálft framboð húsnæðis og byggingu nýs íbúðarhúsnæðis. Það er staðreynd, að meðan slík neyðarúrræði gilda í löggjöfinni, þá dregur úr viðhaldi húsnæðisins, þá dregur úr nýbyggingu húsnæðis og þá leitast húseigendur við að binda ekki íbúðir sínar í leigu. En þrátt fyrir öll þessi óþægindi er sjálfsagt að gera þetta allt sem neyðarúrræði á neyðartímum. En það á ekki að láta slík ákvæði gilda lengur, bæði vegna þess, að þetta er óréttlátt, og ekki síður vegna þess, að þetta er engin lausn á húsnæðisvandanum til langframa, þótt það geti verið bót í bili, og í þriðja lagi hefur það tilhneigingu til þess að gera húsnæðisástandið almennt lakara, vegna þess að það dregur úr framkvæmdum í íbúðarhúsabyggingum.

Það væri margt fleira hægt að segja um þann þátt í ræðu hv. frsm., sem fjallaði um húsaleiguna. En ég mun ekki gera það nú frekar, nema þá síðar að gefnu tilefni.

Annar þáttur í ræðu hv. flm. fjallaði um sölu húseigna. Ég skal vera stuttorður um þann þátt. Mér fannst, að eins og hv. flm. tók á því máli, þá gæfi það ekki tilefni til þess að fjölyrða um það á þessu stigi. Hann talaði mest um fasteignasalana. Mér skildist, að hann teldi, að sú stétt væri ekki fullkomlega starfi sínu vaxin. Hann benti á, að það kæmi m. a. fram í því, að þeir gæfu rangar upplýsingar í sambandi við milligöngu þeirra um samninga um húsasölu og að þeir væru ekki látnir bera ábyrgð gerða sinna. Ég efast ekki um það, að í stétt fasteignasala sé hægt að finna einstaklinga, einn eða fleiri, sem vinna störf sín þannig, að ábótavant er. En ég veit ekki um neina stétt í íslenzku þjóðfélagi, sem ekki kann að hafa einhverja slíka einstaklinga innan sinna vébanda. Mér er ekki kunnugt um það. Ég held, að þessi röksemd hv. frms. hafi lítið gildi í sjálfu sér.

Það kann vel að vera, að koma megi betra skipulagi á fasteignasöluna en nú er, en það er annað mál. Ég hef ekki trú á því, að það verði gert með því að setja upp eina allsherjar ríkisstofnun í þessu efni. Ég hef ekki heldur trú á því, að það sé eðlileg lausn að fela sveitarfélögunum eða Sambandi ísl. sveitarfélaga að annast þessi mál. Og ég sé ekki með fullri virðingu fyrir Sambandi ísl. samvinnufélaga, að það sé réttmætt eða eðlilegt að láta það verzlunarfyrirtæki hafa einhvern einkarétt á þessari þjónustu við almenning. Ég leyfi mér að halda, að það fyrirtæki mundi vísa þessu algerlega á bug. Því er stjórnað, eftir því sem forustumenn þess segja, undir merki hinnar frjálsu samkeppni. Og ég held, að þegar á allt er litið þrátt fyrir veikleika okkar mannanna, bæði fasteignasala og okkar hinna, sem ekki fást við þau mál, sé affarasælast að reyna að koma á sem mestri samkeppni í þessu efni til þess að tryggja, að þessir þjónustumenn við almenning inni störf sín, sem bezt af hendi.

Það, sem ég vildi segja að lokum, er, að þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er allrar athygli verð. Ég lít svo á, að innan hennar rúmist sú hugmynd, að Alþ. setji almenna heildarlöggjöf um réttarstöðu leigusala og leigutaka. En ég tel, að það sé ekki neyðarástand í dag, sem gefi tilefni til þess að gera neyðarráðstafanir. Ég veit, að ástandið er ekki fullkomið í þessum efnum, og ég veit, að því hefur hrakað mjög á síðustu missirum. En ég neita að trúa því, að núverandi ríkisstj. hafi staðið sig svo slælega í þessum málum, að eftir rúmlega árs setu sé komið slíkt neyðarástand í þessum efnum, að það verði að grípa til ráðstafana, sem jafna verður við neyðarráðstafanir á ófriðartímum. Það kann að vera, að hv. flm. hafi þessa skoðun. Þá hefur hann minna álit á hæstv. félmrh. en ég hef, og hef ég þó ekki mikið álit á honum í þessum efnum.

En það, sem er kannske alvarlegast og vekur hvað mesta umhugsun í sambandi við ræðu hv. frsm., er það, hve mér finnst athygli hans bundin við það að gera neyðarráðstafanir til að bæta úr sárasta vandanum í stað þess að ráðast að vandanum á þann hátt, sem er eina raunhæfa úrræðið, og það er að auka byggingu íbúðarhúsnæðis í landinu. Það er það, sem athygli okkar þarf að beinast að. Og ég er undrandi yfir því, að hv. flm. skuli gera sig beran að þessu. Og ég hef sérstaka ástæðu til að undrast, af því að ég man eftir því, að hann bar fram frv. til l. á hv. Alþ. 1966 ásamt Einari Olgeirssyni og Eðvarð Sigurðssyni um að byggja á árinu 1967 500 leigu-

íbúðir, að ríkið byggði 500 leiguíbúðir. Þetta er nokkuð annað viðhorf. Þetta er jákvætt viðhorf, því að 500 leiguíbúðir mundu bæta úr húsnæðisskorti. Nú bar hv. þm. þetta fram 1966, hefur væntanlega treyst bezt viðreisnarstjórninni til að framkvæma þetta. Till. var ekki samþykkt, vegna þess að einmitt á þeim árum voru meiri íbúðarhúsabyggingar í landinu en nokkru sinni hafði þekkst. Það voru allar horfur á því, að mál þessi leystust farsællega með því einka- og félagsframtaki, sem leyst var úr læðingi, þegar húsaleigulögin gömlu voru afnumin. En ég spyr hv. þm.: Hvers vegna ber hann ekki nú fram till. sína um, að ríkið byggi 500 leiguíbúðir og byggi þær á árinu 1973? Þá fyndist mér málflutningur hans í samræmi við það, sem hann hefur áður látið til sín heyra hér á hv. Alþ. um þessi mál.

Ég vil enn fremur benda á það, að hv. þm., sem greindi frá því, hvernig húsaleigul. voru afnumin 1965, hefur ekki séð ástæðu til að bera fram till. á Alþ. um, að þessi ákvæði verði aftur í lög tekin. Hann hefur aldrei séð ástæðu til þess, meðan viðreisnarinnar naut við. Þá gerir hann ekki till. um, að gerðar séu neyðarráðstafanir. Ég vil ekki ásaka hann fyrir, að hann skyldi ekki gera till. um það. Það var rétt mat hjá honum, þá þurfti ekki neyðarráðstafanir. En núna eftir eitt ár vinstri stjórnar er það orðið hans mat, að það þurfi neyðarráðstafanir. Um þetta er ég honum ósammála. Þó að vinstri stjórnin sé slæm, er hún ekki svo slæm enn, að við getum jafnað afleiðingunum af setu hennar við ófriðarástand.

Ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi það gaumgæfilega. Sérstaklega vænti ég þess, að hún athugi það, sem áður hefur komið fram á hv. Alþ. í sambandi við almenna húsaleigulöggjöf. Og ef þessi þáltill. getur ýtt undir það eða orðið þess valdandi, það verði sett ný almenn húsaleigulöggjöf, sem er nauðsynleg á venjulegum tímum, þá er vel farið. En hins vegar, ef þetta á að vera upphafið að stefnubreytingu á hv. Alþ. í þá átt að innleiða neyðarráðstafanir á venjulegum tímum, þá er það af hinu illa.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp til þess að gera aðeins örfáar ath. — Hv. síðasti ræðumaður sagði í sambandi við ræðu mína hér áðan, að hér hefði verið efnt til leiksýningar, og það er glöggt, við hvað hann á. Það heitir leiksýning, þegar fólk neytir þeirra sjálfsögðu lýðréttinda sinna að koma hér á pallana og fylgjast með umr. En ég segi: Má ég biðja um fleiri slíkar leiksýningar og jafnárangursríkar og þessa. Það er nefnilega ekki alls kostar rétt, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði hér áðan, að hann hefði lagt fram till. í þessum málum í morgun. Hann lagði hana fram í dag, eftir að leiksýningin hófst hér á pöllunum. (*LárJ:* Þetta er rangt.) Hv. síðasti ræðumaður talaði um, að í þessari till. fælust raunhæfar aðgerðir, sem hins vegar vantaði alveg í málflutning minn. Það er naumast, að þetta er till. Hann talar um hana, eins og það megi strax í fyrramálið fara að búa í þessari till. og það sé í henni löggjöf um eitthvað tilheyrandi. Og þó var ekki einu sinni farið að útbýta henni. En ég vil lýsa því yfir að lokum, að vitanlega styð ég þessa till., og af því að ég á enn eftir að sjá, hvað flm. hefur kannað þetta mál, vil ég bjóða honum það hér með, af því að það er svo stutt síðan till. var lögð fram, að það er enn ekki búið að prenta hana, að sú ræða, sem ég flutti hér áðan og byggð er á upplýsingum frá þessu unga fólki sjálfu, verði notuð sem grg. með till. hans. Ég efast ekkert um, að hinir raunverulegu höfundar þessarar ræðu minnar hér áðan, sem ýmsir eru býsna nærstaddir, mundu styðja þetta.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér þykir tilhlýðilegt að svara hérna fáeinum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 5. þm. Vestf., vegna þess að þær voru þess eðlis, að þær kynnu að valda nokkrum misskilningi, ef þeim væri látið ómótmælt.

Hann byrjaði á því, mjög alvöruþrunginn á svip að hafa uppi þungar áhyggjur í minn garð, vegna þess að ýmislegt af því, sem ég sagði hér áðan, fengi ekki staðizt, eins og hann orðaði það. Síðan, þegar hann vildi fara að tína til, hvað rangt hefði verið í málflutningi mínum, var það ekki nema eitt atriði, sem togaðist upp úr honum. Það var atriðið, sem fram kom í grg. till., þar sem segir, að engin lög séu á Íslandi um hámark húsaleigu. Þessu vildi hv. þm. mótmæla harðlega.

Ég hef sem sé fullyrt, að það séu engin lög í landinu um hámark húsaleigu, og ég stend við það áfram. Ég spyr: Hvað er það, sem afsannar þessa fullyrðingu mína? Ég heyrði ekki, að neitt það, sem hv. þm. nefndi, afsannaði þessa ákveðnu fullyrðingu mína, að það er ekki neitt hámark til í lögum um það, hver húsaleiga má vera.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar fer að nefna verðstöðvunarlögin í þessu sambandi og þykist þar með geta sannað, að ég hafi farið hér með rangt mál. Sér þó auðvitað hver maður, að þau lög koma þessu ákaflega lítið við. Segja verðstöðvunarlögin til um það, hve húsaleiga má vera há í landinu? Er eitthvað því til fyrirstöðu, að tveggja herbergja kjallaraíbúð sé leigð út fyrir 12 þús. kr. á mánuði? Ég sé ekki, að verðstöðvunarl. hindri það á nokkurn hátt. Eru þá nokkur önnur lög til, sem skipta máli í þessu sambandi? Ekki nefndi hv. þm. það. Nei, ég held, að öllum megi vera það ljóst, að verðstöðvunarl. í sjálfu sér koma ekki þessum málum við. Þau gilda einfaldlega ekki, þegar verið er að leigja t. d. íbúð í fyrsta sinn, og sá, sem í eitt sinn hefur samið um okurleigu, er ekki á nokkurn hátt varinn af verðstöðvunarl., því að það eru engin takmörk fyrir því, hvað þessi okurleiga má lengi halda áfram. Hún lækkar ekki við það, þó að verðstöðvunarl. hafi verið sett. Í þriðja lagi er það svo augljóst sem verða má, að verðstöðvun-

arl. sem slík voru almenns eðlis, og það er ekkert eftirlit með því, að þau séu framkvæmd á þessu sviði. Það er enginn aðili, sem þarna getur á nokkurn hátt fylgzt með á sama hátt og verðlagseftirlitið fylgist þó með verzlunarálagningunni. Það er ekki framkvæmt neitt eftirlit á þessu sviði, og þar af leiðandi hafa ekki verðstöðvunarl. í þessu sambandi neina raunhæfa þýðingu.

Aðalatriði málsins hlýtur hins vegar að vera, hvort hv. þm. er með eða móti þeirri till. eða þeim anda, sem í henni felst. Ég verð að viðurkenna, að það var dálítið óljóst, hver niðurstaða hans væri yfirleitt. Stundum endurtók hann aftur og aftur, að till. væri allrar athygli verð, en miklu oftar talaði hann um þetta sem einhverjar óviðurkvæmilegar neyðarráðstafanir. Hann kvartaði fyrst yfir því, að ég hefði ekki lagt áherzlu á, að bygging leiguhúsnæðis væri lausnin á þessu máli. Ég verð að segja það, að þetta er nú ekki í fyrsta sinn, sem ég undrast málflutning þessa ágæta þm. En ég lagði verulegan hluta af ræðu minni einmitt í að undirstrika nauðsyn þess, að bygging leiguhúsnæðis yrði stórlega aukin. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm., að ef till. okkar frá 1965 hefði verið samþ., væri ekki slíkt neyðarástand í landinu á þessu sviði og er í dag.

Hvað þessar neyðarráðstafanir snertir að öðru leyti, vil ég fara aðeins nokkrum orðum um þær. Hv. þm. Þorvaldur Garðar talar um, að þarna sé verið að framkvæma neyðarráðstafanir með því að takmarka eignarrétt manna, þeir megi sem sé ekki leigja húsnæði sitt óhæfilegu verði. Ég vil minna hv. þm. á, að við erum alltaf að takmarka heimildir eigenda yfirleitt, handhafa eignarréttar af ýmsu tagi. Við erum alltaf að takmarka heimildir þeirra til að nota eign sína, og það er yfirleitt alveg óhjákvæmilegt. Það er ósköp einfalt, að sá, sem á hamar, á eignarrétt á hamrinum, en hann hefur ekki ótakmarkaða heimild til að rota hvern sem er með honum. Við verðum að gera ráðstafanir til að hindra, að eignum sé beitt á óviðurkvæmilegan hátt. Sá, sem hefur peninga, hefur eignarrétt á þeim, enginn neitar því. En hann hefur ekki heimild til þess að lána þá út með okurvöxtum, og þjóðfélagið sér sig tilneytt að stemma stigu við því. Á nákvæmlega sama hátt er það, að sá, sem á íbúð, hefur eignarrétt á henni að vísu, en hann getur ekki og á ekki að geta notað hana til þess að hafa fé af eignalausu fólki með því að nota sér neyð þess á óviðurkvæmlegan hátt. Það eru sem sé ótal dæmi um það í löggjöfinni, að óhjákvæmilegt er að takmarka eignarrétt manna og meðferð þeirra á honum. Það eru ekki eingöngu neyðarráðstafanir, sem beita þarf í stríði, sem þar koma til greina.

Að lokum vil ég aðeins vikja að orðum hans um fasteignasalana og skipulag fasteignasölunnar. Hann sagði, að ég hafi verið að leggja til hér áðan, að Samband ísl. samvinnufélaga fengi einokun á fasteignasölu. Ég vil taka það fram, að því fer víðs fjarri, að ég hafi haldið því fram í ræðu minni. Ég benti hins vegar á, að það væri æskilegt, að annaðhvort einhverjir opinberir aðilar eða aðrir félagslegir aðilar tækju forustu í þessum efnum og kæmu upp myndarlegri þjónustustarfsemi á þessu sviði. Hvað fasteignasalana snertir að öðru leyti, vil ég taka undir það, sem hv. þm. sagði, að að sjálfsögðu eru þeir mjög misjafnir og sú þjónusta, sem þeir veita. Þetta er að sjálfsögðu ekki spurning um einstaklinga, heldur skipulagið í heild sinni. Því er nú þannig varið, að það geta ekki allir aðilar í þjóðfélaginu skammtað sér laun fyrir þá þjónustu, sem þeir veita. Spurningin hlýtur að vera sú, þegar um er að ræða þá fáu aðila, sem þetta geta, hvort við eigum ekki að gera sérstakar kröfur til þeirra, sem selja þjónustu fyrir hátt gjald, eins og í þessu tilviki. Eigum við yfirleitt að leyfa það, að menn selji þjónustu af þessu tagi fyrir hátt gjald, án þess að þeir veiti þá þjónustu, sem við hljótum að gera kröfu til? Það er þess vegna, sem ég hef lagt til, að skipulag fasteignasölunnar verði endurskoðað.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis hefur verið til umr. öðru hvoru undir þessum umr., en meiri tími farið í að ræða um vandræði nemenda utan af landi, um húsnæðisskort í Reykjavík, en það er kapítuli út af fyrir sig.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það hefði verið talað um leiksýningu, vil ég taka alveg undir það. Hér hefur farið fram frá hans hendi leiksýning með þeim hætti, að nemendur úr skólum eru boðaðir niður í Alþ. til að hlusta á þennan mann tala utan dagskrár um vandamál nemenda. En það hafa verið miklar raunir hjá Jónasi Árnasyni í allan dag. Ég hygg, að fáir menn hafi vaknað jafnglaðir í morgun og hann til að hafa leiksýningu með miklum „bravör". En það fór á annan veg. Hann rak sig á, að það var ekki hægt að komast að utan dagskrár, því að forseti fylgdi dagskránni um fsp.-tíma, eins og dagskráin segir til um, af sinni alkunnu röggsemi. Jónas gekk hér eirðarlaus inn og út um þingsalinn og gangana í allan dag. Það er ekki fyrr en þetta tækifæri gefst, þegar till. hv. þm. Ragnars Arnalds um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis kemur á dagskrá, að hann getur loksins farið að leika sitt hlutverk. Hann er búinn að hafa marga nemendur á pöllunum í allan dag til þess að bíða eftir þessum leikstúf, sem hann loksins flutti, og ég hygg, að flestir þessara nemenda muni þegar þeir þurfa að fara að læra í kvöld, muna hann Jörund í framtíðinni fyrir að hafa eytt svona fyrir sér deginum.

Mér finnst eðlilegt, að samtök námsmanna sendi Alþ. bréf, eins og þessi samtök hafa gert, með því að senda þetta bréf frá 1. nóv. s. l. Þar vitnar þetta fólk í, að eins og kunnugt sé af blaðaskrifum hafi húsnæðisskortur hjá námsfólki utan af landi, er stundar nám á Reykjavíkursvæðinu, mjög gert vart við sig að undanförnu. Það segir ekki, að þessi húsnæðisskortur hafi verið í mörg ár. Það segir í upphafi bréfsins, eins og ég las, að þessi skortur hafi mjög gert vart við sig að undanförnu. Svo býsnast hv. 5. þm. Vesturl. yfir því, að hér hafi ekki verið

gerð bragarbót fyrir mörgum árum. Ég spyr: Hvað hefur hann flutt margar till. til að bæta úr húsnæðisskorti námsfólks, sem kemur úr strjálbýlinu og stundar nám hér í Reykjavík? Hann er búinn að sitja hér 10 þing samkvæmt þm.-tali. Ég man ekki eftir till. hans til úrbóta í þessum efnum. Ég man ekki heldur eftir því, að hann hafi flutt till. um stærðarkokkhús við Lækjargötuna fyrir nemendur í menntaskólum og öðrum skólum hér í Reykjavík, því að mér skyldist, að þeir ættu að fá fæði selt á bankastarfsmannaverði, eins og honum varð tíðræddast um. Ég hef ekki orðið var við þennan áhuga, fyrr en þetta bréf kemur frá þessu unga fólki og hann býður hér til leiksýningar í dag með þessum hætti og raunum, sem því hafa fylgt, eins og ég hef áður lýst.

Hv. flm. þessarar till. segir í lok till., að jafnframt skuli skipulag fasteignasölu í landinu tekið til athugunar og að því stefnt í ákvæðum frv. að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði. Já, bragð er að, þá barnið finnur: að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði. Hann er einn af aðalstuðningsmönnum ríkisstj., og hækkanir hafa verið svo hömlulausar, að kostnaðurinn við byggingu íbúðarhúsa hefur hækkað um 20% á 9 mánuðum. Á meðgöngutíma hefur sem sé kostnaður við íbúðabyggingar hækkað um 20%. En það segir ekki alla söguna, frá því að hann varð stjórnarsinni. Hækkunin er mun meiri. Þessi hv. þm. hefur áður haldið því fram, þegar hann sat hér á þingi, að fyrstu einkenni óðaverðbólgu væru óhófleg hækkun á íbúðarhúsnæði. Það hefur sýnt sig, frá því að þessi ríkisstj. kom til valda, að það var fyrsta einkenni óðaverðbólgu, þessi gífurlega hækkun á verði á húsnæði í landinu, sem er auðvitað afleiðing þeirrar stjórnarstefnu, sem upp var tekin, þegar öllum var boðið upp í dans og enginn mátti vera að því að gæta að sér og sjá, að hverju stefndi. Svo segir þessi maður nú, að við verðum að taka upp strangt aðhald við þá, sem eiga og leigja fasteignir. Þetta segja sömu menn og margfaldað hafa kostnað fasteignaeigenda á s. l. ári, sett á háa fasteignaskatta, yfir 50% heimild til sveitarfélaga, sem velflest notuðu sér heimildina vegna þess, hvað hart var að þeim gengið, að hækka fasteignaskattana um 50%. Ríkisstj. hefur neitað mönnum, sem leigja íbúðir, um að hækka leiguna, þrátt fyrir það að kostnaðurinn við þessar fasteignir hefur stóraukizt.

Ég held, að það sé skynsamlegra að játa staðreyndir hverju sinni, leyfa, að það sé hækkað, þegar á mönnum er hækkað, þannig, að það sé ekki níðzt á eignarréttinum.

Mér fannst hv. þm. Ragnar Arnalds vera óheppinn, þegar hann sagði: Sá, sem á hamar, á eignarréttinn á honum. — Ég get bætt við af gefnu tilefni: Sá, sem kaupir skyr, má sletta því á menn. Hann fær þá sérstakt samtal í ríkisútvarpinu og myndir af sér í blöðunum. En þeir, sem eiga fötin, verða auðvitað að þrífa þau. En sá, sem á hús, á engu að ráða. Það eru aðrir, sem eiga að ráða fyrir hann. Það á að ráðast þar á eignaréttinn, en ekki á manninn, sem á hamarinn eða kaupir skyr til þess að sletta því á aðra. Þetta er kenning, sem ég get aldrei sætt mig við.

Ég hygg og get alltaf fallizt á það, hverjir sem stjórna, að ríkið eigi að hafa eftirlit með því, að óhóflegur gróði eigi sér ekki stað á kostnað almennings. Það get ég fúslega sætt mig við, en ég get engan veginn sætt mig við það, þegar ríkið gengur á undan með lítið fögru fordæmi, og íþyngir þeim, sem eitthvað hafa eignazt og komið sér upp húsi, — níðist á þeim á öllum sviðum. Það er atriði, sem ég kann ekki við og get ekki sætt mig við.

Hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að við hv. 5. þm. Norðurl. e. hefðum ekki borið fram þá till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. gat um í ræðu sinni áðan, fyrr en við hefðum séð, að leiksýningin átti að fara fram. Ég skal segja þessum hv. þm. og öðrum það, að eftir að þetta bréf kom til okkar þm., stungum við tveir saman nefjum um það, að við ættum að flytja um þetta hógværa þáltill. og stefna að því, að þarna verði gerðar úrbætur eins fljótt og auðið er. Við ræddum þessa till. í þingfl. okkar s. l. miðvikudag og svo aftur á fundi í gær, og þá gengum við endanlega frá till., og fyrri flm. till. lagði hana hér inn nákvæmlega kl. 1.30 í dag. En þó að ég ætti að detta hér dauður niður, vissi ég alls ekki um leiksýninguna, fyrr en fundur hafði verið settur í Sþ., sem var eftir kl. 2 í dag. Ég vona, að hv. þm. verði svolítið hughægra við þetta. Og jafnvel þó að við hefðum vitað um leiksýninguna kl. 2, hefðum við alls ekki lokið af, þó að við séum afburðamenn báðir, að semja till. og grg. og leggja hana inn til prentunar kl. 1.30.

Hitt er svo annað mál, að menn hafa mismunandi aðferðir til þess að vekja á sér athygli eða sínum málflutningi. Sumir telja rétt að senda bréf inn í skóla, þar sem fólk er, og segja, að áhugamenn hafi rætt við ákveðinn mann, sem sé sniðugur og skemmtilegur ræðumaður og hafi marga góða hæfileika til þess að berjast fyrir ákveðnu máli. Svo eru aftur aðrir, sem eru, eins og sagt var á lélegri íslenzku í gamla daga, svo „sveitó", að þeir telja betra að setjast niður og semja till. og grg., leggja hana með eðlilegum hætti fyrir hv. Alþ., fylgja henni á sínum tíma úr hlaði, reyna að vinna henni brautargengi og gleðjast auðvitað yfir stuðningi allra manna, líka þeirra, sem telja leiksýningar betri en þessa aðferð.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég á gott með að verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að lengja ekki þessar umr. mikið. Það er einfaldlega vegna þess, að ræða hv. frsm. gefur mér ekki beint tilefni til mikilla andsvara. Hann vildi halda því fram, að það hafi verið rangt með farið, að verðstöðvunarl. hefðu þýðingu í sambandi við húsaleigumálin. Ég geri ráð fyrir, að hann fullyrði þetta ekki gegn betri vitund, en hann veit greinilega ekki, hvað hann hefur verið að gera, því að hann hefur tvívegis rétt upp hendina hér á hv. Alþ. til að framlengja þessi ákvæði, sem gilda í dag. En þau eru, að það er óheimilt að hækka húsaleigu samkvæmt samningi fram yfir það, sem var í nóv. 1970. Þetta eru lög í dag. Hv. frsm. getur nú lagt

sér þetta á minni. En þetta var ekki höfuðatriðið í málflutningi mínum. Þó að hv. frsm. kveinkaði sér undan því, að ég hefði verið með harðar átölur í þessu sambandi, þá er það ekki rétt. Ég get skilið það hins vegar, að hann fyrirverði sig fyrir að hafa ekki vitað jafneinfaldan hlut og þennan, sem er þó nokkurt atriði í sambandi við þetta mál.

En það, sem mér fannst athyglisvert við síðari ræðu hv. flm., var það, að hann gerði sér enga grein fyrir mismuninum á almennri húsaleigulöggjöf og sérstakri löggjöf bundinni við ákveðinn tíma til að mæta ákveðnu ástandi. Hann gerði ekki greinarmun á almennri löggjöf og neyðarráðstöfun. Þó liggur það ljóst fyrir, að menn hafa hér í þessu landi alltaf gert sér grein fyrir þessu. Lögin um húsaleigu frá 1917 voru afnumin 1927, af því að lokið var því vandræðaástandi, sem ófriðurinn olli. Lögin frá síðari heimsstyrjöldinni voru líka afnumin. Það voru að vísu deilur á þingi um það, hvort afnema ætti vissan hluta þeirra 1952 eða 1953, um það snerust deilurnar þá. Ný lög um hámark húsaleigu voru sett 1952 eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur. Þau voru sett fyrst sem brbl. eftir ósk bæjarstjórnar Reykjavíkur, af því að hún óttaðist, að of geyst væri farið í afnám húsaleigulaganna frá 1943. En sá ótti stóð ekki nema stuttan tíma, því að um það leyti, eða fyrir u. þ. b. tveim áratugum, var lagður grundvöllur að nýrri húsnæðismálalöggjöf, lánalöggjöf, sem gjörbreytti ástandinu í landinu og er grundvöllur fyrir öllum þeim miklu framkvæmdum og framförum í húsnæðismálum, sem síðar hafa orðið. Það eru þessar aðgerðir, sem tóku af öll tvímæli um það, að ekki var lengur neyðarástand, sem hægt var að jafna við stríðsástand.

Ég gat um það í fyrri ræðu minni, og hv. frsm. forðaðist að koma nálægt því atriði, að frá því 1965, að húsaleigulöggjöfin var afnumin, hefur enginn á Alþ. komið með till. um að taka neyðarráðstöfun upp aftur, fyrr en þessi till. kemur fram. Ég vildi gera tilraun til þess að skýra tillöguna á hinn betri veg og lagði því áherzlu á, að hún ætti að verða til þess, að sett yrði heildarlöggjöf um réttarstöðu leigusala og leigutaka. Hv. frsm. tók það illa upp og talaði eins og hann gerði enn ekki greinarmun á slíkri löggjöf og neyðarráðstöfunum. Það er þetta, sem spáir ekki góðu.

Ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka það, að þó að þessi till. sé þannig úr garði gerð, að þar sé ruglað saman hinum óskyldustu hlutum, og þó að hv. flm. geri sjálfur ekki greinarmun á þessum atriðum, vænti ég þess, að málið verði gaumgæfilega athugað í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um málið. Ég á bágt með að trúa því, að ekki rætist úr þessum málum, þannig að hv. Alþ. fari ekki að gera samþykkt, sem jafngildir yfirlýsingu um, að stríðsástand sé í þessu landi og ástandið sé orðið svo hörmulegt eftir svo skamma stjórn vinstri stjórnarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, frv. (þskj. 82). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 82 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að það á að samræma tollskrá þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á Brussel-tollskránni frá 1968. Eins og kunnugt er, er íslenzka tollskráin gerð eftir tollskrárfyrirmynd Tollsamvinnuráðsins í Brussel, hinni svonefndu Brussel-tollskrá, eins og hún var árið 1959. En upphaflega Brussel-tollskráin er frá 1950 og samþykktin um hana frá sama tíma. Á árunum 1959—1968 voru samþykktar á Brussel-tollskránni 13 breytingaskrár, nr. 4—16, og hefur íslenzku tollskránni verið breytt í samræmi við þær. Enn hafa verið samþykktar breytingar á Brussel-tollskránni og segir í bréfi Tollsamvinnuráðsins, dags. 25. nóv. 1971, að breytingar þessar séu gerðar til þess, að Brussel-tollskráin megi fylgja þeirri tækniþróun, sem orðið hefur á síðustu árum, og þeim breytingum í alþjóðaviðskiptum, sem þessari þróun hafa verið samfara. Voru þær breytingar samþykktar í Tollsamvinnuráðinu 9. júní 1970.

Í 1. gr. þessa frv. eru teknar upp í íslenzku tollskrána þær breytingar, sem gerðar voru á Brussel-tollskránni samkvæmt fyrrnefndri samþykkt. Hér er fyrst og fremst um að ræða skýringargreinar í athugasemdum við flokka og kafla tollskrárinnar ásamt breytingum einstakra tollskrárnúmera.

Ég vil geta þess í sambandi við þetta frv., að þess er vænzt, að hv. þm. leyfi því að ganga í gegn án breytinga, því að það er ekki gert ráð fyrir, að neinar tollskrárbreytingar séu samþykktar í sambandi við það. Tekjuöflun ríkisins er hins vegar í endurskoðun, og eins og kunnugt er, þarf að breyta tollskránni um áramótin 1973—1974 vegna EFTA-samninganna, og fyrir þann tíma verða þau mál komin hér til meðferðar, en þess er vænzt, að hv. alþm. geti látið þetta frv. ganga í gegn án breytinga, því að það er ekki nema staðfesting á því, sem orðið er.

Ég legg svo til, herra forseti að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta þingi báru flm. þessa frv. fram frv. um sama efni og samhljóða því, sem hér er til umræðu. Málið fór þá til menntmn. þessarar hv. deildar. Hún tók það til athugunar og fékk umsagnir um málið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Vélskólans. Eftir að nefndin hafði athugað þessar umsagnir, mælti

hún með samþykkt frv. Málið fór síðan til neðri deildar, þegar mjög var liðið á tíma síðasta þings, og menntmn. Nd. afgr. málið frá sér og mælti einróma með samþykkt frv. En þrátt fyrir það, að nefndin í Nd. afgreiddi málið, fór svo á síðustu dögum þingsins og í því mikla annríki, sem þá var við afgreiðslu mála, að málið hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu í Nd. Þess vegna er það flutt hér á ný.

Vélskóla Íslands er falið það hlutverk að veita þá fræðslu, sem þarf til þess að búa menn undir að gegna vélstjórastarfi á skipaflota landsmanna. Nauðsynlegt er, að á þessu sviði sé veitt fullnægjanleg menntun í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru á hverjum tíma, og eðlilegt er, að þær kröfur fari vaxandi, um leið og skipaflotinn stækkar og vélarnar verða stærri og sótt er æ lengra út á fiskimiðin, svo að ekkert má út af bera um að fyllsta öryggis sé gætt. Fiskiskipaflotinn er endurnýjaður og vélarnar verða æ fullkomnari, og á hinum traustu skipum er sótt mjög djarft á fiskimiðin, svo að ekkert má á það skorta, að hæfir menn séu við vélgæzlu á hverju fiskiskipi. En að undanförnu hefur a. m. k. sums staðar á landinu ekki tekizt að fá menn með fullum réttindum á þessu sviði til að starfa á fiskiskipunum.

Í lögum um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum er það ákvæði, að ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamrn. eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leita umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra. Á grundvelli þessa lagaákvæðis, hefur a. m. k. sums staðar á landinu þurft að veita undanþágu allmörgum mönnum, til þess að þeir mættu gegna starfi á fiskiskipum. En þó að brýna nauðsyn hafi borið til, að þetta væri gert, er það ekki æskileg þróun til frambúðar, að þannig þurfi að halda á máli, heldur ber brýna nauðsyn til þess, að hægt sé að veita þá menntun, sem tilskilin er, nægilegum fjölda manna, sem hafa með höndum þau störf, sem hér um ræðir.

Vélstjóranám greinist í 4 stig, og veitir nám á hverju stigi þá menntun, sem krafizt er til þess að geta öðlazt tiltekin atvinnuréttindi.

Nám á fyrsta stigi fer fram á námsskeiðum á vegum Vélskóla Íslands, og sá, sem lokið hefur vélstjóranámi fyrsta stigs, fær þegar í stað réttindi til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 500 hestafla vél, og að loknum 12 mánaða starfstíma öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með allt að 500 hestafla vél.

Kennsla á 1. stigi vélstjóranáms er nú veitt í Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjum, en hins vegar hefur ekki verið að jafnaði gefinn kostur á slíku námi á Austfjörðum eða Vestfjörðum, en eins og ég tók fram áður, mun ekki sízt í þessum landshlutum hafa þurft að ráða menn til vélgæzlu á skipum með undanþágu frá tilskildum réttindum. Það er efni þessa frv., að kennslu á 1. stigi vélstjóranáms skuli eftirleiðis haldið uppi á Vestfjörðum, og er þá valinn staðurinn Ísafjörður, og einnig í Austurlandskjördæmi, og er þá valinn staðurinn Höfn í Hornafirði.

Það er almennt stefnt að því í fræðslukerfinu, að nemendur geti fengið fræðslu sem næst heimili sínu eða eigi greiða leið að sem fullkomnustu námi í hverjum landsfjórðungi. Sú till., sem fram er borin í þessu frv., er því mjög í þá stefnu, sem viðurkennd er í fræðslukerfinu um þessar mundir. Hún miðar að því að jafna aðstöðu ungmenna til náms í tiltekinni grein á verklegu sviði, en sú starfsgrein er svo mikilvæg, að menntun til undirbúnings í því starfi má sízt af öllu vanrækja.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta litla frv., en vænti þess, að því verði vel tekið í þessari hv. deild, eins og raun var á síðasta þingi, þannig að málið geti nú fengið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Menntaskólar, frv. (þskj. 64). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 79 er um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, og er það gamall kunningi hér á hv. Alþ. Þó er það svo, að það hefur heldur stytzt í meðförum undanfarinna ára, því að nú er gert ráð fyrir færri heimildum til viðauka en áður hefur verið, og stafar það af því, að sumt af því, sem hér var áður til meðferðar, hefur nú verið fellt inn í önnur lög. En hér er ekki um nein nýmæli að ræða, heldur farið fram á að mega innheimta með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum, en þau mál hafa verið fest í annað form, og með sama viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er ræðir í aukatekjulögum, nr. 104 1965.

Þetta mál hefur gengið yfirleitt í gegn hér á hv. Alþ. án þess, að til mikillar umr. hafi komið. Ég vona, að það verði eins í þetta sinn, og legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 81 er ábyrgðaheimild fyrir ríkisstj. vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands o. fl. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á erlendu láni, allt að 10 milljónum dollara, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa og smíði á togurum erlendis. Hér er aðeins gert ráð fyrir því að heimila fiskveiðasjóði að annast þessa erlendu lántöku á þennan hátt. Ekki er um að ræða nýtt lán, því að eins og kunnugt er, eru lán veitt erlendis út á þá togara, sem þar eru smíðaðir, og þessi lántaka er eingöngu gerð í sambandi við þau. Hins vegar þykir henta að láta fiskveiðasjóð taka heildarlán vegna togarasmíða erlendis. Sérstaklega er þar átt við togarasmíðina í Japan. Þetta lán, sem þannig yrði tekið, yrði til lengri tíma en þau lán, sem veitt eru með hverjum togara fyrir sig. Það er gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður geti þá á síðara stigi notað þetta fé almennt vegna togarakaupa. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir að breyta lánsskilyrðum einstakra togara frá því, sem áður hefur verið, heldur mundi það verða almennt notað. Ríkisstj. hefur ekki heimild til sjálfskuldarábyrgðar vegna lántöku fiskveiðasjóðs, eins og nú er, og fiskveiðasjóður hefur ekki heldur heimild til þess að lána ⅘ af verði slíkra togara. En vegna þess að fiskveiðasjóður er aðilinn, sem lánið á að taka, þarf að gera þessa lagabreytingu, þar sem hvort tveggja er um að ræða, að það er sjálfskuldarábyrgð hjá ríkissjóði á lánunum og fiskveiðasjóður má lána ⅘.

Þannig stendur á þessu máli, að það þarf vegna framkvæmda erlendis að hraða málinu, og ég mun því leita eftir samkomulagi um það við hlutaðeigandi aðila, að fjhn. beggja d. geti unnið saman, svo að afgreiðsla málsins geti átt sér stað á morgun. Ég vonast til, að um það geti orðið samkomulag, því að hér er ekki um neitt efnisatriði að ræða, heldur breytt form á lánsmeðferð í sambandi við togarakaupin.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16, n. 85, 87 og 89). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 85, 87 og 89, varð sjútvn. þessarar hv. d. ekki alveg sammála um afgreiðslu á frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þarna er um að ræða ákvæði til bráðabirgða, svo sem hv. þm. geta kynnt sér á þskj. 16. N. sendi frv. til umsagnar til ýmissa aðila, og bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum, sem allir hafa beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, og eigendum sjóðsins og stjórnendum.

Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna er prentuð í heild á þskj. 89, og þar geta menn lesið þá umsögn, en ég vil þó aðeins leyfa mér að lesa niðurstöður úr umsögn Landssambandsins. Þær eru svo hljóðandi:

„Að fengnum þessum upplýsingum frá sjútvrh. um afstöðu ríkisstj., var haldinn fundur í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem skýrt var frá afstöðu stjórnvalda. Niðurstaða þess fundar var á þá leið, að fallizt var á, að tekið yrði fé úr verðjöfnunarsjóði til að hækka fiskverð um 15%, en talið var, að sú hækkun mundi kosta sjóðinn um 60 millj. kr. til áramóta, og hagur vinnslunnar yrði bættur úr sjóðnum um 28 millj. kr. til áramóta, miðað við, að álíka fiskmagn komi á land til áramóta og var síðustu 3 mánuðina s. l. árs. Á ársgrundvelli mundu þessar breytingar kosta um 880 millj. kr.

Þessi afstaða stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna er byggð á því, að hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til næstu áramóta, eins og frv. gerir ráð fyrir. Stjórn L. Í. Ú. treystir því, að verðjöfnunarsjóði verði ekki eytt á næsta ári, heldur verði gerðar þær efnahagsráðstafanir fyrir framtíðina, er tryggi, að verðjöfnunarsjóður og hugmyndin að baki verðjöfnunarsjóðs fái að standa."

Þá ætla ég að leyfa mér að lesa umsögn frá sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga. Niðurstöður þeirrar umsagnar eru svo hljóðandi:

„Frv. þetta er byggt á samkomulagi á milli sjútvrh. og fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins vegna nýs fiskverðs frá 1. okt. s. l. Vér féllumst á það samkomulag á sínum tíma, og stendur það að sjálfsögðu óbreytt." Og að lokum: „Vér leyfum oss að benda á, að greiðslur vegna nefnds samkomulags áttu að hefjast fyrir um það bil mánuði síðan, og er því brýn nauðsyn, að þetta frv. nái fram að ganga sem allra fyrst."

Umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hljóðar svo:

„Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 2. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til l. um breyt. á l. nr. 72, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Við mælum eindregið með því, að umrætt frv. verði samþykkt. Við viljum nota þetta tækifæri til að vekja athygli á, að vinnslustöðvarnar greiða hækkað fiskverð frá 1. okt. s. l., sem byggist á, að þær fái þá hækkun endurgreidda úr verðjöfnunarsjóði. Allur dráttur á afgreiðslu málsins er því mjög bagalegur og skapar fjárhagsvandræði hjá vinnslustöðvunum."

Þarna eru komnar umsagnir frá útvegsmönnum og fiskiðnaðinum, og að lokum les ég hér, með leyfi forseta, umsögn frá sjómönnum, þ. e. frá Sjómannasambandi Íslands, sem hljóðar á þessa leið:

„Sjómannasambandið hefur móttekið bréf sjútvn. Nd. Alþ., þar sem óskað er umsagnar sambandsins um hjálagt frv. Stjórn Sjómannasambandsins hefur kynnt sér framangreint frv.

og lýsir sig eindregið fylgjandi því, að það verði samþykkt."

Eins og þessi upplestur umsagna ber með sér, eru umsagnir allar á þann veg, að mælt er með samþykkt frv. Treystum við, sem ritum undir nál. á þskj. 85, okkur ekki til þess að ganga á móti svo samdóma áliti umsagnaraðila, og eins og stendur á þskj. 85, leggjum við til, að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. rakti hér áðan, eru þessi nál. um frv. að l. um breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Og eins og hann gat um líka réttilega, var þetta frv. sent ýmsum aðilum til umsagnar, sem flestir sendu umsögn, þó ekki tveir, og allir eins og hann las, á þá lund, að þeir mæltu með samþykkt frv. Þó kom fram af einni umsögninni, sem síðar hefur verið staðfest í viðtölum víðar, að að sumu leyti er þessi afstaða umsagnaraðilanna byggð á því, að ríkisvaldið lét ekki annarra kosta völ til að leysa úr rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar en þess, sem frv. tilgreinir.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv., eins og kemur fram af nál., og afstaða mín byggist á því, að ég tel, að frv. fari í bága við tilgang verðjöfnunarsjóðs, eins og lög skilgreina hann, eða eins og stendur í 1. gr. laganna: „Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins."

M. ö. o.: tilgangur sjóðsins er að bæta upp óvæntar verðlækkanir á erlendum mörkuðum, en samkv. frv. á allt í einu að gripa ofan í sjóðinn til þess að bæta upp minni afla á vissum fisktegundum en ráð hefði verið fyrir gert í verðútreikningum og hækkaðan rekstrarkostnað. Þetta á að gera í bili, á meðan ríkisstj. er að hugleiða, hvernig hún eigi að bregðast raunhæft við vandanum.

Varla verður það misskilið af lögunum um verðjöfnunarsjóð, að hann er stofnaður af framlögum sjómanna, útgerðar og fiskiðnaðar og því í raun eign þeirra, deildaskipt eftir teg. afurða.

Í aths. við frv. er tekið fram, að nauðsyn hafi þótt við verðákvörðun á fiski fyrir verðlagstímabilið 1. okt. til 31. des. þessa árs að hækka fiskverð verulega til að bæta kjör sjómanna til samræmis við kjör annarra stétta og bæta hag útgerðarinnar, en þessa hækkun þoli fiskiðnaðurinn þó ekki bótalaust og því sé fangaráðið að gripa ákveðna lúku úr verðjöfnunarsjóðnum. Þetta er líkt úrræði og ef atvinnuleysistryggingasjóði yrði að hluta varið til þess að greiða verkamönnum og öðrum eigendum sínum, þó ekki nema sumum, uppbót á vinnulaunin, ef atvinnurekandinn teldist þess ekki umkominn að greiða þau að fullu, svo að viðhlítandi þætti.

Að öllu þessu athuguðu virðist það fráleitt, að Alþ. fari að lögleyfa umbeðna notkun á verðjöfnunarsjóði, og gæti enda boðið heim alls konar líkri ráðsmennsku með aðra sjóði stofnaða í sérgreindum tilgangi.

Hinu er ekki ástæðu til þess að andæfa, enda mun sjóðsstjórnin hafa til þess vald án lagasetningar, að lána ríkisstj. umræddar 85—90 millj. kr. rekstrarkreppu útvegs og fiskiðnaðar til úrlausnar, meðan valdhafarnir eru að finna og koma sér saman um sína endanlegu lausn á vandanum. Undirritaður leggur því, til að frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem frv. fer í bága við tilgang og anda l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en bráðabirgðatilgangi frv. má ná með láni úr sjóðnum, og til þess þarf enga nýja lagasetningu, telur d. ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um frv. þetta, en tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. 2. minni hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil, áður en ég hef mál mitt, beina því til hæstv. forseta og spyrja hann um það, hvort honum finnist það viðeigandi eða forsvaranlegt að ljúka hér 2. umr. um þetta mál, ef hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur í d. Eftir því sem ég bezt veit, mun hann vera hér á landi og hefur því fulla aðstöðu til þess að mæta hér, og mundi ég hiklaust telja það eðlilegt og sjálfsagt frá hans hendi, því að þótt það virðist á yfirborðinu ekki vera um miklar deilur að ræða í þessu máli, þá er það öllum vitanlegt, að um þá stefnu, sem þarna er verið að marka, að taka fé út úr verðjöfnunarsjóði umfram það, sem lög heimila, eru mjög miklar deilur og andmæli alls staðar frá á landinu. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð í byrjun.

Eins og fram kemur af nál. og fram kom hjá frsm. bæði meiri hl. og 1. minni hl. sjútvn., hefur n. langt frá því orðið sammála um afgreiðslu á málinu. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, 1. minni hl., að því verði vísað frá, en við, sem stöndum að áliti 2. minni hl., teljum, að vart verði komizt hjá þeim ráðstöfunum, eins og málum er komið, sem frv. gerir ráð fyrir, en teljum aftur á móti mjög varhugavert að samþykkja frv. óbreytt og höfum því leyft okkur að flytja við það brtt. í nál. okkar, og mun ég koma að henni síðar.

Þegar frv. var hér til 1. umr., urðu um það allmiklar umr., sem vonlegt var, þar sem ákvæði í 1. gr. þess raska raunverulega grundvellinum að stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ég benti á það við 1. umr., að samkv. 1. gr. l. um verðjöfnunarsjóð var tilgangurinn með stofnun hans sá einn að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðar. Þetta kemur greinilega fram í 1. gr. l. um verðjöfnunarsjóð, og er þar ekki að finna neina heimild til greiðslu úr sjóðnum, nema um verðsveiflur á erlendum markaði sé að ræða í sambandi við sjávarafurðir. Með ákvæðum til bráðabirgða í 1. gr. frv. er hins vegar beinlínis gert ráð fyrir því að nota hluta af sjóðnum til að hækka fiskverð og bæta afkomu fiskiðnaðarins umfram það, sem verðlag á frystum og söltuðum sjávarafurðum á erlendum markaði leyfir. Hæstv. sjútvrh. vildi halda því fram við 1. umr. um frv., að 7. gr. l. um verðjöfnunarsjóð leyfði jafnvel slíka ráðstöfun. Við, sem stöndum að nál. 2. minni hl., teljum þetta grundvallarmisskilning. Viðmiðun sú, sem þar er rætt um, getur aldrei gengið lengra en

að greitt verði út að fullu það verð, sem fæst fyrir sjávarafurðir erlendis eða fullt markaðsverð. Útilokað verður að teljast, að hægt sé að túlka ákvæði þessarar gr. á þann veg, að heimilt sé að nota fé sjóðsins til uppbóta á fiskverði eða til greiðslu rekstrarkostnaðar fiskiðnaðarins umfram það, sem fullt markaðsverð leyfir, enda hefði verið gersamlega ástæðulaust að leggja frv. það fram, sem hér um ræðir, ef lögin um verðjöfnunarsjóðinn hefðu heimilað slíkt. Það segir sig reyndar alveg sjálft, að hæstv. sjútvrh. hefði ekki farið að setja sig í þá aðstöðu að þurfa að standa hér í umr. um jafnviðamikið mál og breytingin á lögum um verðjöfnunarsjóðinn er, ef hann hefði ekki beinlínis talið sig knúinn til að lögfesta þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. sjútvn., að stjórn sjóðsins og fulltrúar eigenda hefðu mælt með frv. Þetta er rétt. En á þessu er vissulega skýring, sem frsm., hv. 5. þm. Sunnl., lét alveg undir höfuð leggjast að geta um, en hún er sú, að þessum aðilum var í haust beinlínis stillt upp við vegg og þeim tjáð af stjórnvöldum, að ef koma ætti í veg fyrir rekstrarstöðvun bátaflotans og fiskvinnslunnar, væri um ekkert annað að ræða en framlag úr verðjöfnunarsjóði. Frammi fyrir þessu stóð stjórn sjóðsins og fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna og fulltrúar fiskiðnaðarins. Þessir aðilar féllust því nauðugir á þetta til að afstýra því, að til algerrar stöðvunar kæmi hjá bátaflotanum og fiskvinnslunni. Og eins og fram kemur í umsögn sjávarafurðadeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, er með umsögn hennar aðeins verið að staðfesta það nauðungarsamkomulag, sem gert var til að halda þessum atvinnuvegi gangandi til n. k. áramóta. Umsögn hennar verður ekki misskilin. Þetta kemur alveg greinilega þar fram.

Þetta er skýringin á jákvæðri afstöðu þessara aðila, og hún er út af fyrir sig skiljanleg miðað við þá aðstöðu, sem þeir voru í, þegar samkomulagið var gert. En það er mjög rangtúlkað og fær á engan hátt staðizt, að þeir að fyrra bragði hafi óskað eftir þessum ráðstöfunum við hæstv. sjútvrh. eða ríkisstj. í heild. Þeir óttuðust ekki síður en aðrir, að hér væri um fordæmi að ræða, sem gengið yrði á lagið með að nota, jafnvel kannske þegar um næstu áramót, og er það ekki að ástæðulausu, þar sem hæstv. sjútvrh. hefur ekki fengizt til að gefa yfirlýsingu um, að svo verði ekki gert.

Í þeirri glórulausu grædgi hæstv. núv. ríkisstj. að tæma alla sjóði, hvar sem til næst, er hér vissulega um stórhættulegt fordæmi að ræða, ekki einasta fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, heldur einnig fyrir aðra sjóði. Hver er öruggur um það, að hæstv. ríkisstj. detti ekki í hug að ganga á lagið og grípa til t. d. atvinnuleysistryggingasjóðs, ef hún þyrfti í bili að brúa bilið milli getu atvinnuveganna til kaupgreiðslu og kröfu launafólks um hærra kaup? Það má segja, að þar sé um alveg hliðstætt dæmi að ræða og um verðjöfnunarsjóðinn. Hvorir tveggja þessir sjóðir hafa verið myndaðir sem nokkurs konar tryggingasjóðir til að mæta tímabundnum erfiðleikum þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli. Og báðir eru þessir sjóðir byggðir upp á svipaðan hátt eða með beinum og óbeinum framlögum verkafólks, sjómanna og atvinnurekenda. Ég tel því alveg nauðsynlegt til þess að hreinsa andrúmsloftið og létta kvíða af mönnum, að hæstv. forsrh., — ég sé nú, að hann hefur einnig, því miður, vikið úr salnum og er það að mínum dómi mjög óheppilegt undir umr. eins og hér eiga sér stað, — en ég tel það mjög mikilvægt, að hæstv. forsrh. gefi nú við þessa umr. skýlausa yfirlýsingu um, að ríkisstj. muni ekki grípa til greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins umfram það, sem lög heimila í dag, þegar rekstrargrundvöllur sjávarútvegs og fiskiðnaðar verður lagður um næstu áramót. Ég veit, að það er mjög mikill uggur í öllum um, að til þessa ráðs muni verða gripið og að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði þar með uppétinn. Ég tel alveg nauðsynlegt, að slík yfirlýsing liggi fyrir, áður en Landssamband ísl. útvegsmanna heldur aðalfund sinn, sem mun vera ákveðið að halda innan skamms. Og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. og vænti þess, að hæstv. forseti komi þessum boðum til hans, að gefa slíka yfirlýsingu, annaðhvort nú við 2. umr. eða við 3. umr., áður en frv. fer út úr þessari d. Hann mun vissulega verða um þetta krafinn, áður en umr. um málið lýkur endanlega hér í d., og væri að mínum dómi langbezt, að þessi yfirlýsing kæmi þegar við 2. umr., því að það mundi mjög breyta afstöðu manna til málsins og gera það ekki eins stórt í augum margra og það er í dag, og það mundi létta af þeim ótta og kvíða, sem er í mörgum manni vegna þessarar ráðstöfunar og þeirrar heimildar, sem í frv. felst.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég mundi gera grein fyrir brtt. þeirri, sem fram kemur í nál. okkar hv. 10. þm. Reykv., þar sem við leggjum til, að ríkisstj. ábyrgist endurgreiðslu á því fé, sem úr sjóðnum kann að verða tekið, ef frv. verður samþ. óbreytt. Ég sé, að hæstv. forsrh. er kominn í salinn og vil því endurtaka þá áskorun mína til hans, sem ég flutti hér að honum fjarverandi, en hún er sú, að ég tel alveg nauðsynlegt, að yfirlýsing komi frá hæstv. forsrh., annaðhvort nú við 2. umr. um þetta frv. eða við 3. umr., áður en frv. fer út úr d., um það, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði ekki notaður eins og frv. gerir nú ráð fyrir að nota hann til bráðabirgða, þegar rekstrargrundvöllur atvinnuveganna, sjávarútvegs og fiskiðnaðar, verður lagður um n. k. áramót. Ég benti á það, ég tel það nauðsynlegt, að þessi yfirlýsing liggi fyrir til þess að losa menn við þann kvíða og ótta, sem í mörgum er um, að þessi leið verði farin, og tel enda, að alveg sé nauðsynlegt, að slík yfirlýsing liggi fyrir, áður en fundur Landssambands ísl. útvegsmanna verður haldinn, sem gert mun verða mjög innan skamms, því að þar verður þetta mál óruggglega mjög mikið til umr., það er mér kunnugt um.

Viðaukatill. okkar hv. 10. þm. Reykv. byggist á því, að við viðurkennum ekki og teljum það í fullu ósamræmi með tilgangi við stofnun verðjöfnunarsjóðs að veita óafturkræft framlag úr sjóðnum, nema um sé að ræða verðlækkun á sjávarafurðum á erlendum markaði. Þetta er í samræmi við 1. gr. l. um verðjöfnunarsjóð, eins

og ég hef áður bent á. Hins vegar gerum við okkur það ljóst, að ef frv. yrði fellt, mundi það valda útgerð og fiskvinnslu erfiðleikum, sem sennilega mundu leiða til rekstrarstöðvunar hjá þessum atvinnugreinum þann tíma, sem eftir er til áramóta. Við teljum því eðlilegast, eins og málum er komið, að framlagið úr sjóðnum verði veitt sem lán, sem ríkisstj. ábyrgist endurgreiðslu á. Hér er ekki um svo stóra upphæð að ræða, að slíkt ætti að skapa hæstv. ríkisstj. nokkurn vanda, enda á hennar valdi að taka upphæðina inn í heildardæmið, þegar rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins verður fundinn fyrir næsta ár. Við leyfum okkur því að vænta þess, að hv. Nd. geti fallizt á þessa lausn málsins í stað þess að skapa fordæmi, sem enginn sér fyrir endann á, til hvers mundi leiða, ef frv. verður samþykkt óbreytt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að ræða efni frv. Það hefur þegar verið gerð grein fyrir afstöðu fulltrúa Alþfl. í n. til málsins, auk þess sem ég hafði talað við 1. umr. málsins. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að ég vil vekja athygli hæstv. forseta þd. og raunar Alþ. í heild á því, að sá ráðh., sem er flm. að þessu frv., hæstv. sjútvrh., er ekki viðstaddur í d. og hefur fengið fjarvistarleyfi frá því að sækja fundi á Alþ. um sinn sökum anna, að því er frá hefur verið skýrt í blöðum. Ég leyfi mér að vekja athygli á ákvæðum í nýsamþykktum þingsköpum Alþ. um skyldu þm. til að sækja þingfundi, en svo segir í 34. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Skylt er þm. að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er, og metur hann nauðsynina. Heimilt er forseta að veita þm. brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema d. samþykki."

Þessi ákvæði munu vera nokkuð breytt frá því, sem var í eldri þingsköpum, en þau eru skýrt orðuð og alveg ljóst, hvað í þeim felst. Það er ekki ætlazt til þess, að þm. fái leyfi frá því að sækja þingfundi, nema nauðsyn krefjist, og það er ekki heimilt að veita honum slíkt leyfi að nauðsynjalausu, nema d. samþykki.

Ég hef átt sæti á Alþ. í rúman aldarfjórðung, og þetta er í annað skipti, sem ég minnist þess á öllum þessum árum, að ráðh. hafi beðið um fjarvistarleyfi, þótt hann væri staddur í höfuðborginni, og óskað þess að þurfa ekki að sækja þingfundi og borið við önnum. Það var einmitt sami hæstv. ráðh. á s. l. þingi. Áður hafði það aldrei komið fyrir í þau rúm 25 ár, sem ég hef átt sæti á Alþ., að slíkt hafi gerzt, að ráðh. hafi verið við störf sín í stjórnarráðinu hér í höfuðborginni örfáa, nokkur hundruð metra frá þinghúsinu, en ekki treyst sér til þess að mæta á Alþ., sem hann þó sannarlega og vissulega ber ábyrgð gagnvart. Ég dreg það síður en svo í efa, að ráðherrann og ráðherrarnir allir hafi miklum störfum að gegna. Ég hef reynslu af því sjálfur, að það er rétt. Engu að síður taldi enginn það nokkru sinni vera utan við skyldu sína að mæta á Alþ., þegar um mál var að ræða, sem undir ráðh. heyrðu. Ég segi þetta ekki heldur til að finna að því að nokkru leyti, að sá varaþm., sem er varaþm. ráðh., hefur tekið sæti á Alþ. Hann hefur átt sæti á Alþ. áður og sýnt í störfum sínum og málflutningi, að hann er prýðilega til þess fallinn að gegna þeim störfum. Ég er að vekja athygli á grundvallaratriði, og það skiptir ekki máli, hvort ráðh. er staddur norður á landi þessa stundina eða ekki, heldur það, að honum hefur verið veitt fjarvistarleyfi í hálfan mánuð, og það er vitað, að hann er ekki norður á landi í hálfan mánuð. Hann ver meginhluta þessara 14 daga við vinnu í skrifstofu sinni í Reykjavík.

Þá er það spurningin, hvort það samrýmist ákvæðum hinna nýju þingskapa, að slíkt fjarvistarleyfi sé veitt. Öllum hv. þm. er kunnugt um það og ég tel, að þjóðinni eigi að vera það kunnugt líka, að þingflokkarnir hafa í góðu samstarfi, allir 5, verið að koma sér saman um reglur um að takmarka setu varaþm. á Alþ. Þetta hefur verið gert fyrir forgöngu forseta Alþingis, og hefur það mætt miklum skilningi af hálfu forráðamanna allra þingflokkanna. Það kvað allt of mikið að því, það var almenn hneykslunarhella með þjóðinni allri í fyrra, hversu mikið kvað að því, að varaþm. tækju sæti hér á Alþ. Það torveldaði störf þingsins stórlega. Um þetta urðu forsetar og allir þingflokkar sammála. Þess vegna var bundizt samtökum um það í upphafi þessa þings að takmarka sem allra mest sætistöku varaþm. hér á hinu háa Alþ. Þess vegna er það sannarlega mjög miður, að einn ráðh. skuli ganga þarna á undan með slæmu eftirdæmi um það að láta að vísu ágætan mann, varaþm. sinn, taka sæti sitt, að því er ég tel að nauðsynjalausu.

Það var erindi mitt í ræðustólinn að beina því til hæstv. forseta, — ég óska þess ekki, að hann úrskurði neitt um það eða svari neinu um það á þessari stundu, ég veit, að málið er vandasamt, og get vel skilið, að hann þurfi að taka svar sitt til rækilegrar athugunar, — en ég óska þess, að forseti d. og forsetar þingsins taki það til rækilegrar athugunar, hvort það geti samrýmzt þeim ákvæðum 34. gr. þingskapa, sem ég las áðan, að ráðh., sem sannanlega er í höfuðstaðnum og við störf í sinni skrifstofu, geti fengið leyfi frá því að mæta hér á hinu háa Alþ. og vera í forsvari fyrir þau mál, sem undir hann heyra. Þessi fsp. beini ég til hæstv. forseta og óska eftir því, að hann svari henni, þegar honum hefur gefizt tóm til að hugleiða málið og ráðfæra sig við starfsbræður sína, hina forsetana, og skrifstofu Alþingis.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að svara fyrir hæstv. forseta, en fsp. var beint til hans. En víst er um það, að sjálfsagt höfum við allir hv. þm. gott af því að fá öðru hverju svona vel flutta siðaprédikun yfir okkur. Í mínum augum er það jafnvel enn verra, ef menn fara án leyfis og eru utan þingfunda án leyfis, heldur en þó ef þeir hafa fengið fjarvistarleyfi. Og hafi forseti veitt þm. fjarvistarleyfi, efast ég um, að það sé annað vald, sem getur úrskurðað þar um, en ég skal ekki blanda mér í það. Að vísu þótti mér

það nokkuð mikil fullyrðing hjá hv. þm., að það væri vitað, að hv. sjútvrh. væri viðlátinn hér í bænum í skrifstofu sinni, þannig að hann gæti mætt hér nú og að mér skildist á þessum tíma, sem hann á að vera fjarverandi. Ég skal þó ekki blanda mér í það.

Það var aðeins út af þeirri fsp., sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason bar hér fram, eða ósk um það, að ég gæfi einhverja yfirlýsingu um, að verðjöfnunarsjóður yrði ekki framvegis og áfram notaður, eins og nú hefur verið gert til bráðabirgða, til að leysa vandamál sjávarútvegsins. Ég hef tekið það fram áður sem mína skoðun, — persónulega, ætti ég kannske að hafa innan sviga, — að ég teldi, að vandamál sjávarútvegsins yrðu ekki framvegis leyst með þeim hætti, sem til var gripið til bráðabirgða fyrir áramót. Og ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta. Ég álít, að vandamál sjávarútvegsins á næsta ári verði ekki leyst með því að sækja fé í verðjöfnunarsjóðinn á þann hátt, sem gert hefur verið nú.

Að öðru leyti vil ég bæta því við, að í mínum augum er þetta mál, sem hér liggur fyrir, tiltölulega einfalt. Það er til þess að taka af tvímæli um það, að útvegsmenn sjálfir og fiskiðnaðurinn fái leyfi til þess að nota sinn eigin sjóð til þess að leysa sín eigin vandamál um takmarkaðan tíma. Þess vegna vil ég til viðbótar þessari yfirlýsingu, sem ég gaf áðan, hafa þann fyrirvara á, að þessi sjóður er eign þessara aðila, sem að honum standa, og þess vegna verður auðvitað alltaf fyrst og fremst að hlusta á það, hvað þeir segja. Þess vegna vil ég áskilja mér allan rétt til þess að taka tillit til þeirra óska, sem kynnu að koma fram frá þessum aðilum, sem þennan sjóð eiga. Og ég held, að í þessu tilviki liggi það skýrt fyrir, að útvegsmenn sjálfir óskuðu eftir því að fá heimild til að nota fé sjóðsins með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég skal ekki vera að lengja þessar umr. að öðru leyti, en vona, að ég hafi svarað hv. þm., að svo miklu leyti sem ég get svarað, og vil endurtaka það, að ég tel, að ríkisstj. muni ekki beita sér fyrir því, að vandamál sjávarútvegsins verði leyst með þeim hætti til frambúðar, sem hér hefur verið gert til bráðabirgða.

Forseti (GíslG): Í tilefni af ræðu hv. 7. þm. Reykv. vil ég taka þetta fram:

Það er alveg rétt hjá honum, að forsetar þingsins hafa tekið fjarvistarmál þm. sérstaklega upp og rætt þau við formenn þingflokka og lagt á það áherzlu, að þm. leituðust við að hafa fjarvistir sínar í hófi og fylgja þeim reglum, svo sem framast er unnt, sem þingsköp mæla fyrir um.

Að því er snertir það sérstaka tilvik, sem hv. 7. þm. Reykv. vék að og gerði að umtalsefni, að hæstv. sjútvrh. og viðskrh. hefur leyfi frá störfum á Alþ. nú þessa dagana, vil ég taka fram, að þegar hæstv. ráðh. fór fram á það, að varamaður kæmi í sinn stað um hríð, þá var ráðið, að hann færi til útlanda í opinberum erindagerðum. Hann hætti við þá ferð vegna fyrirhugaðrar samningsgerðar eða hugsanlegra samninga við Breta í sambandi við landhelgismálið, en eins og kunnugt er, er jafnvel búizt við, að þeir samningar eða þær viðræður hefjist mjög bráðlega. En ég þarf ekki, hygg ég, að lýsa því fyrir hv. dm. og allra sízt fyrir hv. 7. þm. Reykv., að það stendur stundum þannig á, að ráðh. þurfa í opinberum erindum að bregði sér til útlanda, og það mun hafa alloft komið fyrir fyrrv. viðskrh., eins og alþjóð veit, að þurfa að fara í embættiserindum til útlanda. Og það hefur aldrei, að ég veit, verið reynt af hálfu forseta að koma í veg fyrir slíkt, þar sem þeir hafa vafalaust litið svo á, að slík ferðalög væru farin af nauðsyn. En eins og hv. þm. las sjálfur upp úr þingsköpum Alþingis, þá er í sambandi við heimild til fjarvista, ef um lengri tíma er að ræða en tvo daga, það að mati forseta, hvort þær fjarvistir eru að nauðsynjalausu eða ekki.

Ég vildi, að þetta kæmi fram í sambandi við það tilvik, sem hv. þm. gat um, að það hagaði þannig til, að hæstv. viðskrh. hafði ákveðið för til útlanda, sem hann hætti síðan við vegna hugsanlegra eða væntanlegra samningsviðræðna um landhelgismálið við Breta.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hefði óskað þess, að hæstv. forseti hefði beðið með svar sitt og hugsað sig dálítið betur um en hann hefur auðsjáanlega haft tíma til að gera, áður en hann svaraði, því að svar hans var að sumu leyti rangt og að öðru leyti út í hött. Það hefði ekki hvarflað að mér að gagnrýna fjarvistarleyfi hæstv. sjútvrh., ef því hefði opinberlega verið borið við, að hann væri á förum í embættiserindum til útlanda. Það var algerlega rétt, sem hæstv. forseti sagði, að það hefur tíðkazt í áratugi, að þm., ráðh. jafnt sem aðrir, fengju fjarvistarleyfi, ef þeir þurfa að gegna embættisstörfum erlendis, þ. e. fara til útlanda í opinberum erindagerðum. Fjarvistarleyfi hæstv. ráðh. var ekki rökstutt á þennan hátt. Það er mergurinn málsins. Það var rökstutt með embættisönnum hans, með önnum hans og þá væntanlega hér í Reykjavík. Ég hefði ekki heldur gert þetta að umtalsefni nema af því, að þetta er í annað skipti, sem slíkt kemur fyrir þennan hæstv. ráðh. Þetta kom fyrir í fyrra, og nær allan þann tíma var hann að störfum í skrifstofu sinni nokkur hundruð metra frá þinghúsinu, en neitaði að mæta hér á hinu háa Alþ.

Ég vil fyrir hönd okkar þm. ekki láta þetta líðast, án þess að athugað sé rækilega, hvort þetta raunverulega samrýmist þingsköpum eða ekki. Ég tel það ekki samrýmast þeim. Ef ráðh. er að ströfum erlendis, er sjálfsagt að skilja og afsaka og réttlæta fjarvist hans frá sölum Alþingis, en ef hann er í skrifstofu sinni, er honum skylt að mæta hér einnig og gegna sínum embættisstörfum á Alþ., sem eru ekki síður mikilvæg en þau, sem hann gegnir í stjórnarráðinu. Þess vegna endurtek ég þá áskorun mína til hæstv. forseta, að hann hugsi sig betur um og svari skynsamlegar næst.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mig langar aðeins til að lýsa yfir

undrun minni yfir því, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason skuli leyfa sér að halda hér uppi persónulegum árásum á hæstv. ráðh. Lúðvík Jósepsson að honum fjarstöddum. Ég held, að það hefði verið sæmilegra og drengilegra af þessum hv. þm. að bíða með slíkar persónulegar árásir, þangað til hann gæti talað um það beint við hæstv. ráðh. Lúðvík Jósepsson.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forseti minntist á áðan, að við höfum reynslu af störfum þessa hv. þm., Gylfa Þ. Gíslasonar, hér á þingi. Það kom ákaflega oft fyrir, meðan hann var ráðh., að hann gat ekki mætt hér í sölum Alþ., vegna þess að hann var á landsfrægum ferðalögum, og ég held, að þetta hafi verið umtalsefni þjóðarinnar allrar.

En hvað viðvíkur fundarsköpum, þá held ég, að þeir menn, sem sitja á þingi, hafi orðið mjög langa reynslu af störfum Lúðvíks Jósepsar. Hann hefur setið hér 32 þing, og ég held, að það séu ekki aðrir menn, sem hafa tekið verkefni sín alvarlegar, hvort sem hann hefur verið óbreyttur þm. eða ráðh., heldur einmitt hann. Ég held, að það stangist á við reynslu okkar allra, sem hér erum, að bera honum á brýn vanrækslu í störfum. Það eru mörg fordæmi fyrir því, að forsetar Alþ. hafa túlkað 34. gr. þingskapa þannig, að menn hafi leyfi til þess að sitja ekki á þingi vegna anna. Fyrir því eru mörg fordæmi gagnvart óbreyttum þm. Slík leyfi hafa verið gefin mönnum úr öllum flokkum, að ég hygg, líka mönnum, sem hafa haft annir hér í Reykjavík. Og ég veit ekki, hvers vegna aðrar reglur ættu að gilda um ráðh. í þessu tilviki heldur en óbreytta þm. Eigi að taka upp nýjar reglur í þessu efni, er sjálfsagt, að þær nái jafnt yfir alla. En það, sem ég vil víta alveg sérstaklega, er að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að fara með persónulegar árásir og hreinan róg um fjarstaddan þingbróður sinn.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ekki setið hér fundi s. l. 25 ár, en þó hef ég verið hérna nógu lengi til þess, að ég hélt, að það væri alveg undantekningarlaust, að þegar forseti hefur gefið manni orðið, ætti hann að fá orðið, hvað svo sem aðrir einstakir þm. kunna að hafa við það að athuga.

Ég vil ekki taka þátt í karpi um það, hvort hæstv. ráðh. Lúðvík Jósepsson sé fær um að gegna þeim störfum, sem hann hefur tekizt á hendur. Ég hélt, að það væri mál, sem engum dytti yfirleitt í hug að ræða í alvöru. Allir vita hans ágæti í störfum fyrr og síðar.

Ég ætlaði að koma hér með nokkrar aths. varðandi það, sem hv. 3. þm. Sunnl. lét falla hér í ræðu sinni áðan um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hann fullyrti, að þeim aðilum, sem eru stjórendur og eigendur sjóðsins, hefði verið stillt upp við vegg, og ég vil nú leyfa mér að mótmæla því, því að þeir komu sjálfir með till. um það að fyrra bragði, að tekið skyldi úr sjóðnum. En þeirra till. var að vísu með nokkuð öðru sniði. Það var till. verðlagsráðsins og fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna og fiskiðnaðarins, að farið skyldi þannig að því að ná þessum peningum að ákveða svokallað viðmiðunarverð verðjöfnunarsjóðs svo hátt, að þessir peningar gætu komizt á þann hátt, og með þeim hætti þurfti ekki neina lagabreytingu til, svo hátt mætti setja þetta viðmiðunarverð, að svo til allir þessir peningar hefðu getað komið inn á þann hátt. Þessu mótmælti ráðh. og eins fulltrúar hins opinbera í stjórn sjóðsins. Þeim þótti ekki heppilegt að fara þessa leið. Svo kom að því, að ráðh. og hinir opinberu aðilar að sjóðnum lögðu til, að farin yrði þessi leið, sem sjá má á brbl., þetta ákveðna tímabil, og um það náðist samkomulag við þessa aðila, sem ég gat um áðan, þá, sem sjóðnum stjórna og sjóðinn eiga.

Einnig sagði hv. 3. þm. Sunnl., að þarna hefði verið um nauðungarsamninga að ræða, og vitnaði þá í umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga, þ. e. a. s. sjávarafurðadeild SÍS. Ég get alls ekki séð, að það komi nokkurs staðar fram í umsögninni, og mig langar til að lesa þessa umsögn og athuga, hvort menn geta fundið þessa meiningu út úr umsögn sjávarafurðadeildarinnar, með leyfi forseta. Hér stendur:

„Frv. þetta er byggt á samkomulagi milli sjútvrh. og fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins vegna nýs fiskverðs frá 1. okt. s. l.“ Þarna er talað um samkomulag. „Vér féllumst á það samkomulag á sínum tíma“. Það stendur ekki þarna: Við höfum verið neyddir til — eða neitt í þeim dúr. Og það má vera anzi vel sjáandi maður, sem finnur einhverja nauðung út úr þessari umsögn.

Hv. þm. sagði einnig, að þarna væri um að ræða glórulausa græðgi, — það vantaði nú ekki orðin, — ríkisstjórnarinnar að krafsa úr sjóðnum til ríkisins. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að þarna er mikill misskilningur á ferðinni. Ég get ekki séð, að ríkisstj. eða ríkissjóður sé að hirða nokkurn skapaðan hlut úr þessum sjóði fyrir sig. Það er einmitt verið að taka úr þessum sjóði til þess að bæta upp það ástand, sem skapazt hefur með minnkandi afla eða verri samsetningu aflans. Það er verið að taka fé úr þessum sjóði handa þeim aðilum, sem eiga hlut að honum. Ég get ekki séð, að það sé sanngjarnt hjá hv. 3. þm. Sunnl. að tala um, að verðjöfnunarsjóðurinn verði uppétinn. Um það er hægt að segja það, að þarna er um ákaflega litla upphæð að ræða, sem gerir ekki meira en samsvara ársvöxtum sjóðsins, sem er upp á 1100 millj., og vextirnir eru þá mjög varlega reiknaðir 88 millj., það sem af er árinu. Og það er einnig skýrt tekið fram, að þarna sé um hreint bráðabirgðasamkomulag að ræða, sem eigi að gilda þrjá síðustu mánuði ársins.

Ég lít svo á, að þarna sé um ákaflega svipað að ræða, hvort sem litið er á 1. gr. frv. eða nokkrar setningar í 7. gr. frv. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta, að hlutverk sjóðsins sé að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Þetta er megintilgangurinn. En það verður einnig að gæta annars. Í 7. gr. laganna segir: „Skal hún,“

þ. e. a. s. sjóðsstjórnin, „þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar. „Þetta atriði, held ég, að sé rétt að hafa einnig í huga í þessum efnum.

Þegar svo stendur á, að verð á afurðunum lækkar erlendis, er heimilt eftir sérstökum reglum að bæta framleiðendum og aflamönnum það tjón með framlagi úr verðjöfnunarsjóði, þ. e. a. s. með lækkuðu verði erlendis kemur minna inn fyrir afurðirnar, og þá verður sá mismunur bættur að hluta úr verðjöfnunarsjóði. En með minnkandi og versnandi afla kemur einnig minna inn fyrir afurðirnar, þ. e. a. s. afleiðingarnar eru þær sömu, og hvers vegna þá ekki að hafa sama háttinn á við úrlausn þess máls?

Ég vil ekki lengja þessar umr. miklu meira. Það væri nú kannske ástæða til þess að taka í gegn fleiri atriði í því, sem hv. þm. sagði og reyndar aðrir, sem hér hafa tekið til máls um þetta efni, en ég læt máli mínu lokið að sinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess eins að andmæla því eindregið, að ég hafi haft í frammi nokkrar persónulegar árásir á hæstv. sjútvrh. og viðskrh. Slíkt er víðs fjarri mér. Jafnframt andmæli ég því, að í orðum mínum hafi falizt nokkur ádeila á hæstv. ráðh. fyrir vanrækslu hans í störfum sem ráðh. eða sem þm. Slíkt er einnig víðs fjarri mér. Ég kann ekkert síður að meta starfshæfni hæstv. ráðh., bæði sem ráðh. og þm., en ýmsir aðrir, sem hafa haft náin kynni af honum, og hef unnið með honum í ríkisstj., enda skil ég ekki, hvernig nokkur heiðarlegur maður gat hlustað á þau orð, sem ég mælti áðan, og túlkað þau nokkrum mínútum síðar þannig, að í þeim hafi falizt persónuleg árás á ráðh eða það, að ég væri að draga í efa starfshæfni hans sem ráðh. eða þm. Ekkert orð féll í þá átt, sem með réttu hefði mátt túlka þannig. Ég var að vekja athygli forseta þingsins á nýrri reglu, sem tekin var upp á síðasta þingi, hefur verið endurtekin nú og ég man ekki til, að komið hafi til framkvæmda áður í meira en aldarfjórðung, að ráðh. sé við störf sín í stjórnarráðinu, en mæti ekki hér á hinu háa Alþ. Þetta er nýbreytni. Ég vakti ekki máls á þessu í fyrra. Ég lét það fram hjá fara, þó að ég vissi, að ýmsir þm. töluðu mikið um það sem nýja og varhugaverða reglu. Þegar það kemur fyrir í annað skipti, hef ég ekki séð mér annað fært en vekja athygli þingforseta á því, einkum og sér í lagi vegna þess, að einmitt sömu dagana, sömu vikurnar er verið að ræða í mesta bróðerni sameiginlegar reglur um að takmarka fjarvistir þm. Ég er hér að vekja athygli á mikilvægu atriði varðandi nýsamþykkt þingsköp og starfsreglur þingsins, og í því getur með engum sanngjörnum hætti talizt nokkur persónuleg árás á hæstv. ráðh. né heldur það, að verið sé að draga starfshæfni hans í efa. Þegar starfsbróðir eða flokksbróðir ráðh. leyfir sér, nokkrum mínútum eftir að hafa hlustað á orð mín, að túlka þau á þennan hátt, sýnir það það eitt, að honum virðist fyrirmunað að fara nokkuð fram í sannleiksást.

Umr. frestað.

Neðri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., að loknum 13. fundi.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. lauk. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. varð við þeim tilmælum hæstv. ráðh. fyrr í dag að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls fyrir sitt leyti. Hún hefur tekið þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Það hefur ekki unnizt tími til að prenta nál. Þess vegna verð ég að afhenda það hæstv. forseta skriflega.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég sé, að n. hefur haft fullan hraða á að afgreiða þetta mál, og má það sennilega teljast mjög eðlilegt, þar sem þarna er um allveigamikið mál að ræða fyrir sjávarútveginn.

Af því að hér er um sjávarútvegsmál að ræða, vil ég nota tækifærið og flytja hér þakkir eða lýsa ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu, sem fram kom hjá hæstv. forsrh áðan, þar sem hann lýsti því yfir, að vandamál sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar mundu ekki verða leyst um n. k. áramót með því að ganga á fé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, eins og hér hefur áður verið rætt um. Ég vildi láta þetta koma fram hér strax, vegna þess að ég tek þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. ekki sem neina persónulega yfirlýsingu, heldur sem yfirlýsingu hans sem forsrh. og forsvarsmanns ríkisstj. og tel hana gefna jafnvel fyrir hönd stjórnarinnar allrar. Þetta hreinsar vissulega andrúmsloftið hjá þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og verður til þess að auðvelda þeim störf sín, þegar til þess aðalfundar kemur, sem ég minntist á áðan. Ég taldi nauðsynlegt að nota þetta tækifæri, sem hér gafst, þótt það snerti ekki beint það frv., sem hér er til umr., til þess að láta það koma fram, að ég tel yfirlýsingu hæstv. forsrh. svo mikilvæga, að mér finnst ástæða til að þakka honum fyrir hana og lýsa ánægju minni yfir, að hún skyldi koma fram þegar við þessa 2. umr., sem ég hafði þó varla búizt við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., að lokum 14. fundi.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunarsjóður fiskinaðarins, frv. (þskj. 16, n. 85, 87 og 89). — Frh. 2. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. með neinu málþófi eða löngu máli. Ég vil aðeins koma hér lítillega að því, sem hv. 5. þm. Sunnl. sagði hér áðan.

Hann virðist vera mjög trúr og tryggur lærisveinn hæstv. sjútvrh., því að hann endurtók þá staðhæfingu, sem þessi hæstv. ráðh. flutti hér við 1. umr., að forsvarsmenn verðjöfnunarsjóðsins og útvegsmanna og þeirra, sem eru í forsvari fyrir fiskiðnaðinn, hefðu komið að fyrra bragði til ríkisstj. og beðið um þessa lagasetningu. Ég tók það strax þannig, þegar ráðh. sagði þetta, að hann hefði hreinlega mismælt sig, því að hann hlaut að vita betur en þessi yfirlýsing hans gaf tilefni til að ætla. Sannleikurinn er sá, og það vita allir forsvarsmenn fiskvinnslu og útgerðar og sjóðsstjórnin, að þeim var, eins og ég sagði, hreinlega gefinn þessi eini kostur. Þeir áttu engra kosta völ og var hreinlega stillt upp við vegg með það, að ef ekki átti að koma til stöðvunar þessa atvinnuvegar, varð að fara í verðjöfnunarsjóðinn að þessu sinni sem bráðabirgðaráðstöfun. Þetta liggur fyrir og verður ekki á neinn hátt vefengt. Um þessa ráðstöfun má að sjálfsögðu deila. En það verður ekki um það deilt, að þannig bar málið að, og af þeim ástæðum einum eru meðmæli þessara aðila jákvæð. Þau eru aðeins, eins og ég sagði áðan, til að staðfesta það, sem þeir höfðu áður orðið að fallast á, — nauðugir, segi ég, því að þetta var vissulega ekki þeirra vilji. Þeir hafa orðið að fallast á það nauðugir. Þeir eru aðeins í umsögnum sínum að staðfesta það, sem þeir höfðu áður fallizt á við ríkisstj. undir þessum kringumstæðum og á þessum forsendum.

Ég vil óska hv. 5. þm. Sunnl. til hamingju með afstöðu sína, því að ég hygg, að hann eigi eftir að sjá það, að sjómenn í Vestmannaeyjum og kannske annars staðar séu ekkert ánægðir með að láta fara í þennan sameiginlega sjóð, sem þeir vissulega eru að vissu marki einnig eigendur að, og látnir greiða sjálfum sér kauphækkun með eigin fé. Ég hef orðið þessi greinilega var heima í héraði, að þetta er ekki á neinn hátt missýning. Menn vita alveg, hvað er að gerast. Það er farið í þeirra eigin bankasók í Seðlabankanum og kaup þeirra hækkað þessa þrjá mánuði með peningum, sem þeir telja sig eiga sjálfir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafnalög, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til nýrra hafnalaga er samið af n., sem í voru þessir menn: Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri í samgrn., sem var formaður n., Gunnar H. Ágústsson hafnarstjóri í Hafnarfirði, Matthías Bjarnason alþm., Tryggvi Helgason sjómaður á Akureyri og Ragnar Sigurðsson hafnarstjóri í Neskaupstað. Ég hugsa, að það verði ekki um það deilt, að þarna fjölluðu um mál hafnanna menn, sem eru þeim nákunnugir og gengu til verks sins með það fyrir augum að gera hinar nauðsynlegustu breytingar á gildandi hafnalögum og til þess að mæta brýnni þörf hafnanna fyrir löggjöf, sem létti eitthvað byrðar þeirra, sem hafa reynzt þeim nálega ofurefli í mörgum tilfellum. Við það virðist mér líka allar brtt. n. miðaðar að létta byrðar hafnanna og þar með færa nokkuð af þeim yfir á ríkið. Hvað sem öðru líður verð ég að viðurkenna, að undan þessu verður ekki komizt, eins og sakir standa.

N. lauk störfum á s. l. vetri, og var frv. að hafnalögum lagt fram á síðasta þingi. Það var lagt fram þá í hv. Ed., en varð ekki útrætt, enda varð tæpast til þess ætlandi, þar sem frv. kom fram seint á þingi.

Mér er kunnugt um það, að n. hafði náið samstarf við hafnamálaskrifstofuna og hafnarstjóra og einnig formann Hafnasambands sveitarfélaga og tók tillit til till. þessara aðila.

Það var álit n., sem samdi þetta frv., að ef brtt. hennar næðu fram að ganga, væri fengin allviðunandi lausn á alvarlegustu fjárhagsvandamálum hafnanna, þó vitanlega hvergi nærri gengið eins langt til móts við þarfir hafnanna og þær, sem þyngstu byrðarnar bera, hefðu sjálfsagt óskað. Auk þess, sem nú hefur sagt verið, hefur farið fram endurskoðun til samræmingar á gjaldskrám hafnanna, og hefur það verið gert mjög í samræmi við till. Hafnasambands sveitarfélaga. Flestar þessara gjaldskráa hafa nú þegar fengið staðfestingu, ég held allar þær, sem um hefur verið sótt, að yrðu endurstaðfestar.

Þýðingarmestu breytingarnar, sem felast í þessu frv. frá gildandi hafnal., eru þrjár, og sé gerð grein fyrir þeim í mjög stuttu máli, þá eru þær þessar:

Í fyrsta lagi, að framkvæmdir, sem styrktar eru með 75% framlagi af ríkisfé, eru með frv. auknar frá því, sem áður var, og jafnframt gerð skýrari mörk milli þeirra framkvæmda, sem njóta 75% framlags frá ríkinu, og hinna, sem njóta 40% framlags. Aðalbreytingin er fólgin í því, að bryggjur og viðlegukantar, sem áður nutu 40% ríkisstyrks, munu samkv. frv. njóta 75% ríkisstyrks. Samkv. upplýsingum Hafna-

málastofnunarinnar hefur meðalframlag ríkissjóðs til hafnaframkvæmda, síðan núverandi lög tóku gildi, numið um og yfir 60%, á árinu 1973 nam það 63% og gæti raunveruleg kostnaðarþátttaka ríkissjóðs því hækkað úr því, sem það hæst hefur verið, 63%, og um það bil í 72—74%. Nokkuð er enn þá af framkvæmdum, þar sem ríkissjóður greiðir 40% af stofnkostnaði, og eru þar dráttarbrautir þýðingarmestar.

Önnur meginbreyting frv. er sú, að hafnabótasjóður verði nokkuð efldur frá því, sem verið hefur. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að framlag til sjóðsins nemi 12% af árlegum framlögum ríkissjóðs á fjárl. hverju sinni til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. En það ákvæði er síðan sett, að framlagið verði þó aldrei lægra en 25 millj. kr. Meginreglan er 12% af framlögum ríkisins á fjárl. til lendingarbóta og hafnarmannvirkja, en lágmarksupphæð 25 millj. Auk þess koma svo eigin tekjur hafnabótasjóðsins, en þær eru enn sem komið er fremur lágar. Þessar till. um breytingu á ríkisframlagi og eflingu hafnabótasjóðs mundu að áliti n., miðað við framlög á fjárl. ársins 1972, hafa í för með sér útgjaldaaukningu ríkissjóðs, sem næmi milli 30 og 35 millj. kr.

Í þriðja lagi má svo geta þeirrar breytingar, að með frv. er ákvæði til bráðabirgða og gert ráð fyrir því, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði af löngum lánum þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir. Þeir eru sannarlega ýmsir svo illa staddir fjárhagslega, að ég held, að hjá því verði ekki komizt. Þó að byrðar þeirra framvegis um þátttöku í gerð hafnarmannvirkja séu léttar verulega með frv., verður líka að gera ráðstafanir til þess að létta áfallnar byrðar, sem nú hvíla eins og mara á þeim mörgum.

Ástæða er kannske til að fara nokkru nánar í helztu breytingar samkv. frv. Þær eru í fyrsta lagi í 3. gr. Þar segir, að Hafnamálastofnun ríkisins hafi umsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkv. þessum lögum. Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Ráðh. er heimilt, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til þess að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar. Þarna er um verulegt nýmæli að ræða. Þá er og heimilt, eftir því sem hagkvæmt þykir, að einstakar hafnarframkvæmdir eða hlutar þeirra verði unnir af verktökum samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Einnig þarna er um auknar heimildir að ræða frá því, sem verið hefur. Það er þó víðurkennt af flestum, sem til þessara mála þekkja, að útboð og framkvæmdir í hafnargerðum á ákvæðisgrundvelli séu ýmsum annmörkum háðar og geti þannig ekki orðið hin almenna framkvæmd, sökum þess að verktakar yfirleitt munu í mörgum tilfellum ekki hafa þeim tækjakosti á að skipa, sem til slíkra framkvæmda er nauðsynlegur.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um, hvaða sérhæfð tæki til hafnargerða væru í eigu hafnamálastjórnarinnar. Það eru ýmiss konar tæki, sem ekki eru almennt í eigu verktaka, og hygg ég, að menn fallist á það yfirleitt, að slík tæki verður hafnamálastjórnin að eiga og þar af leiðandi í ýmsum tilfellum að nota þau til framkvæmda samkv. reikningi varðandi hafnarbætur og hafnargerðir. Fyrir þessu er gerð grein á fskj. IV. Er þarna í fyrsta lagi um að ræða tæki til grjótvinnslu og neðansjávarsprenginga, loftþjöppur, bortæki, borvagna, grjótflutningsbíla, borðfleka og ýmiss konar lyftitæki, þ. e. a. s. stóra krana. Í öðru lagi eru tæki til rekstrar staura og þilja, stálþilja, loft- eða gufulóð, mismunandi stærðir, rammbúkkar, fallhamrar og lyftitæki ýmiss konar, einkanlega stórir vinnukranar. Þá eru það dýpkunartæki, sem verða að teljast til sérhæfðra tækja við hafnargerðir, stórir lyftikranar, grafskóflur, sanddæla. Það er ein sanddæla, sem hafnarstjórnin á, Hákur, fleki með grafkrana og grafskipið Grettir. Í fjórða lagi eru tæki til neðansjávarvinnu, svo sem köfunarbúningar og dælur, tæki til blöndunar köfunarlofts, afþrýstiklefi, köfunarhykli til djúpkafana, sérhæð verkfæri til neðansjávarvinnu, svo sem sjónvarpstæki og ýmiss konar önnur slík tæki. Þá á hafnamálastjórnin einnig vatnsdælur af mismunandi stærðum og gerðum og minni vélknúin smíðaáhöld til bryggjusmíða og margs konar mælitæki o. fl.

Ég hygg, að þessi tæki verði að vera í eigu hafnarmálastjórnarinnar, því að ólíklegt er, að einstakir verktakar útveguðu sér slík tæki. En þetta takmarkar auðvitað möguleika til almennra útboða í hafnargerðum, þó að menn kynnu að vilja hverfa að því sem meginreglu, og hygg ég því, að svo geti ekki orðið þrátt fyrir þær heimildir, sem þarna eru opnaðar til slíks í 3. gr. frv.

Þá er 7. gr. Í 7. gr. er ein af þeim meginbreytingum, sem ég gat um áðan, og er rétt að gera hv. þm. ljóst, hvað í þeirri gr. felst. Þar segir í fyrsta lagi, að ríkissjóður greiði 75% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum. Það eru öldubrjótar eða hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af rn., þó eru af bryggjum annarra en hafnarsjóðs. Nauðsynlegar uppfyllingar vegna framkvæmda við hafnargarða, bryggjur og öldubrjóta, siglingamerki. Innifalin í ofangreindum stofnkostnaði hafnargarða, bryggjna og viðlegukanta er kostnaður við vatnslagnir um mannvirkin og raflýsingu þeirra samkv. nánari ákvæðum í reglugerðum. Þetta eru þær hafnarframkvæmdir, sem falla undir regluna um 75% framlag af hendi ríkissjóðs.

Þá eru það hinir þættirnir í hafnargerðum, sem falla áfram undir 40% regluna. Það eru dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögubátar og hafnarvogir.

Þá eru í 10. gr., sem ein út af fyrir sig er III. kafli frv., allnokkur nýmæli. Þar segir, að hafnamálastjóri geri í samráði við hafnarstjórn-

ir till. að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Áður en gengið sé endanlega frá áætluninni, skuli hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar till. sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með aths. og brtt. Það er því ætlazt til, að það verði haft náið samráð við hafnarstjórnirnar, áður en fjögurra ára áætlunin um hafnarframkvæmdir er ákveðin. Hafnagerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun hefur verið gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda. Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir Sþ. sem þáltill. Það er nýmæli og þykir þinglegra, að áætlunin komi fyrir þingið sem sérstakt þskj. Áætlun þessi skal öðlast gildi, þegar Alþ. hefur samþykkt hana. Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi. En ráðh. skal árlega leggja fyrir Alþ. skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar fyrir næsta ár.

Í 13. gr. er ákveðið, að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja til hafnargerðar og rekstrar hafnar eða í þágu hennar og að hafnarsjóðir skuli vera undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Þá vil ég aðeins rifja upp ákvæðin um hafnabótasjóð, en þau er að finna í 18.—24. gr. frv. og eru þessi hin helztu, — ég fer ekki í efni allra þessara gr., heldur aðeins meginefnið:

Þar segir í fyrsta lagi í 18. gr., að hafnabótasjóður sé eign ríkisins og lúti stjórn þess ráðh., sem fari með hafnamál. Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjvn. Alþ.: 1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð. 2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs. 3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlagið af heildarframkvæmdakostnaði til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar eða fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Samkv. þessu er ýtrasta heimild til þess í einstökum tilvikum, að framlagið fari ekki aðeins í 75%, heldur 15% í viðbót, þ. e. a. s. upp í 90%. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkv. lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðar.

Þá segir enn fremur í 20. gr., að tekjur hafnabótasjóðs séu þessar: Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárl. hvers árs, en þó aldrei lægra en 25 millj. kr., og í öðru lagi almennar tekjur af starfsemi sjóðsins.

Að öðru leyti fer ég ekki út í efni einstakra gr. Hv. þm. geta borið þetta frv. saman við gildandi hafnalög fyrirhafnalitið, að öðru leyti en því, að ég vil vekja sérstaka athygli á ákvæðunum til bráðabirgða. Þar segir, að gera skuli sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði af löngum lánum þeirra hafnarsjóða, sem verst séu settir, og skuli þá miða við lánin eins og þau eru, þegar lög þessi taka gildi. Við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skal samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni, og ráðh. skal gera till. til fjvn. Alþ. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarinnar eða til hafnarsjóðs og af fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafi áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. N., sem undirbjó frv., taldi, að það væri ekki ástæða til að hafa þetta ákvæði í frv. sjálfu, þar sem búið væri með ákvæðum þess að létta þyngstu byrðar hafnarsjóðanna við hafnarframkvæmdir og færa þær að hluta yfir á ríkið, en þessar byrðar væru svo ofurþungar, að það yrði að gera bráðabirgðaráðstafanir til að létta þær með einhverjum hætti. Ég tel, að þýðingarmikið sé að finna rétta lausn á þessu samkv. bráðabirgðaákvæðinu með tilliti til þess fjárhagsástands, sem allmargir hafnarsjóðir búa nú við.

Þetta frv. er í 6 köflum, og fjallar I. kafli um yfirstjórn hafnamála. II. kafli um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl., III. kafli um framkvæmdaáætlanir, IV. kafli um stjórn hafna og rekstur þeirra, V. kafli um hafnabótasjóðinn, VI. kafli um ýmis ákvæði, og svo er þarna ákvæði til bráðabirgða, sem ég var að enda við að gera grein fyrir efnislega. Frv. fylgja svo ein 5 fskj., sem gefa margvíslegar upplýsingar um efnahagslegt ástand hafnarsjóðanna, og verður að játa, að ef hv. alþm. kynna sér þær upplýsingar, munu þeir sjálfir sannfærast um, að það eru engar ýkjur hjá mér, þegar ég segi, að hafnarsjóðirnir séu í ýmsum tilfellum nálega gjaldþrota fyrirtæki eða örugglega það og liggja sem mjög þung byrði á sveitarsjóðunum í mörgum tilfellum, svo þunglega, að sveitarsjóðirnir geta, ýmsir þeirra, vart öðrum verkefnum sinnt og verða að láta hafnirnar sitja fyrir, því að þar er að finna grundvöllinn að atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga og ekkert undanfæri með að leggja fram fjármagn af ýtrustu getu og jafnvel umfram það til þess að sjá borgið nauðsynlegustu hafnarframkvæmdum. Þannig eru margir sveitarsjóðirnir nú staddir, að þeir ráða orðið ekkert við þær byrðar, sem lagzt hafa á hafnarsjóðina og hvíla nú orðið að verulegum hluta á sveitarsjóðunum líka.

Helztu tekjustofnar hafnanna eru vörugjöldin. Að meðaltali munu þau vera um helmingur af tekjum hafnanna. Að öðru leyti eru það lestagjöldin, bryggjugjöldin og hafsögugjöld, og ýmsar hafnir hafa tekjur af dráttarbrautum og öðrum eignum sínum. En megintekjustofninn er sem sé vörugjöldin í langflestum tilfellum. Sannleikurinn er sá, að hjá þeim höfnum, sem teknar eru í yfirlitið, sem þessu frv. fylgir, eru það 22.5 millj. kr., sem vantar á, að hafnirnar hafi fyrir beinum rekstrarútgjöldum og vaxtagjöldum af tekjum sínum, eða það vantar þarna fyllilega milli 13 og 14%, til þess að hafnirnar hafi að meðaltali fyrir beinum rekstrargjöldum, og er þá ekkert ætlað fyrir afskriftum eða afborgunum af lánum þeirra. Það vantar þarna mjög mikið fé, til þess að endar nái saman hjá höfnunum yfirleitt. Vitanlega er hagur þeirra mjög

misjafn, og skal ég ekki fara út í það, það geta hv. þm. kynnt sér nánar, hvaða staðir eru þar verst staddir og hverjir aftur heldur skár. Niðurstaðan er þessi, að það er augljóst, að rekstrarafkoma hafnanna er mjög bágborin og tekjur þeirra hrökkva hvergi nærri fyrir beinum rekstrarútgjöldum og vöxtum, hvað þá fyrir afskriftum og lánaafborgunum.

Greiðslustaða hafnanna er líka mjög alvarleg. Heildarupphæð fastra lána, sem hvíla á höfnunum, er talin um 868 millj. kr. og afborganir af þeim á ári hverju um 86.8 millj. eða um það bil tíundi hlutinn. Þetta virðast því vera að meðaltali um 10 ára lán. Hér er eingöngu átt við föstu lánin.

Á bls. 17 á fskj. II er gerð grein fyrir því, hversu þungt afborganir af föstum lánum og vextir hvíli á sveitarfélögunum miðað við íbúatölu þeirra. Þar er svo komið á einum 7 stöðum, að miðað við einstakling, miðað við íbúa eru útgjöldin, sem hvíla á viðkomandi höfnum, um 4000 kr. á mann. Hæstur er þarna Neskaupstaður með 4895 kr., nærri 5 þús. kr. á mann, og næstu staðir Bakkafjörður, Þingeyri, Þórshöfn, Bolungarvík og Eyrarbakki með um og yfir 4000 kr. á mann sem greiðslubyrði í viðkomandi byggðarlögum. Aðrir hafnarsjóðir eru skár staddir en þetta. Þarna er sem sé greiðslubyrðin orðin slík, að viðkomandi staðir fá ekki undir risið með neinu móti.

Ég hef áður gert grein fyrir því, hversu þunginn af afborgunum og vöxtum af föstum lánum hvílir þungt á höfnunum, en auk þess er þess að geta, að um 121 millj. kr. hvíla á höfnunum að auki sem skammtímalán og lausaskuldir. Og þar sem þessi lán á að greiða yfirleitt á þriggja til fjögurra ára tíma, eru afborganir af þessum lánum 30—40 millj. kr. á ári.

Ef á það er litið, hvort hagur hafnanna fari heldur batnandi eða versnandi, þá er því miður niðurstaðan sú, að yfirlit yfir það sýnir, að greiðslustaða hafnanna hefur farið versnandi ár frá ári, og það sýnir alvöru þessa máls í hnotskurn.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta hafnalagafrv., en ég vil láta þá eindregnu ósk í ljós, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, reyni allt hvað hún getur með góðu móti til að hraða afgreiðslu þess, því að það er hin fyllsta nauðsyn á því. Og ég hygg, að um það verði allir hv. þm. sammála, að þessi nýju hafnalög þurfi að geta tekið gildi með næsta fjárhagsári, og ef það á að takast, þurfum við að ljúka afgreiðslu þess, áður en gengið er frá fjárl. Af þeirri ástæðu legg ég mjög þunga áherzlu á það að biðja hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hraða störfum sínum svo sem mest má verða og hún gæti með góðu móti.

Ég legg svo til, herra forseti, að þegar þessari umr. lýkur, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þau orð hæstv. samgrh., að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, sem væntanlega verður samgn., hraði eftir föngum störfum sínum og afgreiði þetta frv. fljótlega, þannig að stefnt verði að því, eins og mér skildist á hæstv. ráðh., að þetta frv. verði orðið að lögum, áður en endanleg afgreiðsla fjárl. fer fram. Þetta er auðvitað mjög mikið og flókið frv., en það skiptir miklu, að búið er að leggja það áður fyrir Alþ., síðasta þing. Þó að það hafi ekki orðið meira en að sýna það og hafa þar 1. umr. um málið, — ég held, að það hafi verið í Ed., — þá á það að greiða fyrir. Og sömuleiðis í sambandi við umsagnir um frv., þá hafa samtök sveitarfélaga og þó alveg sérstaklega Hafnasamband sveitarfélaga tekið þetta frv., eins og það var lagt fyrir síðasta þing, til yfirvegunar, og þar voru lagðar fram hvorki meira né minna en í 30 greinum aths. við frv., sem á að vera tiltölulega létt og auðvelt verk fyrir n. að athuga og sjá, hvað hægt er að taka til greina af þeim aths., sem þar koma fram.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., var þetta frv. samið af n., sem fyrrv. samgrh. skipaði, og núv. samgrh. skipaði svo til viðbótar. Nefnd þessi lauk störfum, að mig minnir, í febrúarmánuði s. l., og náðist fullt samkomulag um það frv., sem hæstv. ríkisstj. og samgrh. lögðu fram hér seint á síðasta þingi með örlítilli breytingu, sem ekki skiptir höfuðmáli að mínum dómi.

Mér er bæði ljúft og skylt að taka það fram, að í starfi þessarar n. reyndum við í fyrsta lagi að taka tillit til þeirra erfiðu fjárhagsástæðna, sem eru orðnar hjá mörgum höfnum á landinu, og jafnframt að taka tillit til, að það eru takmörk sett fyrir því, hvað ríkissjóður getur tekið á sig þunga bagga í einu. En þegar litið er á það alvarlega ástand í fjármálum flestra hafna, sem hafa staðið í framkvæmdum á undanförnum árum, að afborganir og vextir af lánum þeirra eru að mjög verulegu leyti þeim ofviða með öllu og hafa að sumu leyti lent á ríkissjóði, þá er auðvitað ekki um annað að ræða heldur en játa staðreyndir, að hér hefur orðið mjög mikil breyting, frá því að síðustu hafnalög voru sett. N. sú, sem samdi frv. að núgildandi hafnal., taldi, að ef till. hennar næðu fram að ganga, væri sköpuð viðunandi lausn á fjárhagsvanda hafnanna. En við umr. um það frv. hér á hv. Alþ. var fellt niður svonefnt hafnabótasjóðsgjald, sem átti að vera fastur tekjuliður fyrir hafnabótasjóð, og það var áætlað, að sjóðnum dygðu á þeim tíma um 12 millj. kr. árlegar tekjur, en þessi lög voru sett seint á þingi 1967. Það kom hins vegar fljótlega í ljós, að fjárhagserfiðleikar hafnanna urðu miklu meiri en útlit var fyrir, þegar lögin voru sett, m. a. vegna þess, að hafnabótasjóðsgjaldið var fellt niður og enginn tekjustofn annar kom í þess stað. Hitt ber líka að geta um, að það hafa orðið svo örar breytingar í sambandi við byggingu hafna, að þær hafa margfaldazt svo í verði, frá því að þau hafnalög voru sett, að þeir, sem þá unnu að undirbúningi þessarar lagasetningar, gerðu sér engan veginn grein fyrir því, hvað þessar breytingar yrðu örar og hve hafnarframkvæmdir almennt væru dýr mannvirki, svo að það má segja í þessu sambandi,

að það sé eðlilegt, að hafnirnar séu komnar í mikinn og erfiðan fjárhagsvanda, eins og kom skýrt fram hjá hæstv. ráðh. og sömuleiðis kemur skýrt fram hæði í aths. og grg. með þessu frv., ásamt töflum og upplýsingum, sem fyrir liggja. En þær upplýsingar, sem fyrir liggja, eru engan veginn tæmandi. Þær eru miðaðar við það, sem var, þegar var unnið að undirbúningi þessa frv. Erfiðleikar hafnanna taka á sig nýjar myndir, og þær hafnir, sem hafa fram á árið 1970 þurft að leggja mest að sér í greiðslu afborgana og vaxta og hæstv. ráðh. gerði að umræðuefni, þær sem voru hæstar 1970, eru kannske ekki í árslok 1972 þær hæstu. Það breytist ár frá ári, eftir því sem hafnir hafa lagt í framkvæmdir. Þegar við göngum frá þessum upplýsingum 1971, byggjum við á árinu 1970. Síðan eru komnar nýjar og tilkomumeiri afborganir hjá mörgum litlum byggðarlögum, þannig að sú upphæð, sem hæstv. ráðh. gat um og vitnaði í þessa töflu, getur í einstökum tilfellum verið orðin miklu hærri.

Hver sanngjarn maður hlýtur að sjá það og skilja og viðurkenna, að ef svona á að ganga til, þá er aðstöðumunurinn gífurlegur, eftir því hvar fólkið býr á landinu. Við skulum taka t. d. litinn stað eins og Bakkafjörð, sem 1970 á að greiða í fastar samningsbundnar afborganir og vexti af hafnarlánum sínum 4683 kr. á hvern íbúa, á börn sem gamalmenni.

Svo skulum við taka þann staðinn, sem hefur algera sérstöðu í þessum efnum, höfuðborgina, sem nýtur þess, að mestallur innflutningur til landsins fer um höfnina í Reykjavík. Reykjavík fær engan styrk frá ríkinu, en Reykjavíkurhöfn er rekin með miklum hagnaði og stendur fyllilega undir öllum sínum skuldbindingum og öllum framkvæmdum, sem lagt er í. Það er óþekkt fyrirbrigði, að lagt hafi verið í útsvörum á gjaldendur í Reykjavíkurborg að standa undir hafnarframkvæmdum, og þess vegna hefur auðvitað borgin getað farið út í ýmsa aðra uppbyggingu. En þegar við lítum á stað eins og Bakkafjörð, sem verður að greiða til ársloka 1970 tæpar 4700 kr. á hvern íbúa, þá getur hver og einn þm. spurt sjálfan sig að því: Hvað verður eftir á svona stað til þess að mæta ýmsum framkvæmdum og því, sem horfir til framfara og heilla í því byggðarlagi?

Við skulum einnig líta á stað eins og Bolungarvík, sem er með tæpar 4000 kr. 1970. En Bolungarvík hefur þá sérstöðu fram yfir, held ég, alla aðra staði, að hafnarframkvæmdir hafa verið mjög þungar á því byggðarlagi, ekki eingöngu síðustu ár, heldur áratugum saman, og munu verða um langa framtíð. Það er þungur skattur, sem er á þessum stöðum og gerir aðstöðu fólksins til að búa þar geigvænlega, og þetta er auðvitað ein ástæðan fyrir því, að fólkið segir: Hér á þéttbýlissvæðunum eru auðvitað framfarir miklu meiri. Það er miklu meira gert til félagslegrar uppbyggingar, til varanlegrar gatnagerðar o. fl., o. fl., sem of langt yrði upp að telja. En við, sem búum á litlum stöðum, eins og hér hafa verið nefndir, við verðum að sætta okkur við það að standa undir lánum af hafnarframkvæmdum okkar, sem eru auðvitað ekkert annað, hafnarframkvæmdirnar, en hluti af framleiðslukostnaði, sem er auðvitað fyrst og fremst og eingöngu fyrir þjóðina alla, hagur þjóðarinnar allrar, en ekki eingöngu þessara mismunandi stóru staða.

Hitt vitum við, að þarfir ríkisins eru einnig miklar, og það hefur oft komið í ljós á fundum, sem ég hef setið á og m. a. hæstv. samgrh. og þm., bæði úr því kjördæmi, sem ég er hér fyrir, og fleiri kjördæmum, — þar hefur komið fram ákaflega mikil gagnrýni frá hendi sveitarstjórnarmanna, hvað ríkið hafi í raun og veru sýnt litinn skilning á þessum þungu byrðum þessara staða, og sumir hverjir hafa litið á það sem einhverja allsherjarlausn að gera hafnirnar að landshöfnum. Ég get ekki og vil ekki láta hjá líða, að það komi hér fram, að ég er í raun og veru andstæðingur þess, að fiskihafnir í landinu verði gerðar að landshöfnum, þó að það séu þrjár landshafnir til, sem aldrei skyldi verið hafa. Og það er fyrst og fremst vegna þess, og þó að ég sé auðvitað fyrst og síðast upprunninn og búsettur í hinum strjálu byggðum og vilji gjarnan létta byrðinni sem mest af þeim, þá er þetta mál ekki eins einfalt og margir hafa haldið, því að ef ríkissjóður tekur að sér allar hafnirnar og gerir þær að landshöfnum, þá auðvitað breytist ekkert þörfin fyrir framkvæmdir og ríkissjóður verður að láta svo og svo margar hafnir bíða með framkvæmir. Við, sem höfum litið á aðstöðuna í landshöfn eins og Þorlákshöfn, höfum séð, að ríkissjóður hefur engan veginn — frekar en mörg önnur byggðarlög — getað orðið við kröfum þeirra íbúa um þær framkvæmdir, sem þeir telja nauðsynlegt, að þar séu gerðar. Þess vegna er það þannig, að ef allar hafnir væru orðnar að landshöfnum, væri biðin eftir framkvæmdum eftir sem áður mjög lík því, sem er með því fyrirkomulagi, sem hefur verið og er í sambandi við eignarhlutföll ríkis og sveitarfélaga. Hitt er svo annað mál, sem ég tel a. m. k. eins þungt á metunum, að ég tel, að þunginn af framkvæmdunum og matið á þörfinni fyrir framkvæmdir eigi að vera í höndum heimabyggðanna sem mest, en ríkið á auðvitað að sýna þá sanngirni að taka meira á sig, af því að hér er í raun og veru, eins og ég sagði áðan, um að ræða atvinnufyrirtæki. Útflutningsatvinnuvegirnir byggjast á höfnum.

Ég tel því, að forustan eigi að vera heima í byggðarlögunum sjálfum, og ég tel, að með þessu frv. sé komið mjög skynsamlega og hóflega á móti óskum flestra byggðarlaga í þessum efnum með því að fara inn á, að ríkissjóður styrki þessar hafnarframkvæmdir sjálfar um 75%, og sömuleiðis með því ákvæði í frv., sem lýtur að hafnabótasjóði, að fámennir staðir, sem eiga við fjárhagserfiðleika að etja sakir mjög dýrra framkvæmda við hafnargerðir, geti fengið styrk allt að 15%. Þá kem ég að því endanlega, sem er persónuleg skoðun mín, að ég tel það ekki vera of mikið, að byggðarlögin, þau smæstu byggðarlög, standi þá undir 10%, og þau, sem stærri eru og veigameiri, standi undir 25%, en njóti þess að hafa forustu fram-

kvæmda og stjórn á atvinnufyrirtækjum, sem eru á þessum stöðum.

Eins og ráðh. gat um, er ætlazt til, að framkvæmdir samkv. þessu frv., sem verði styrktar með 75% framlagi af ríkisfé, verði auknar frá því, sem áður var, og jafnframt eru sett skýrari mörk milli þeirra framkvæmda, sem njóta 75% og 40% ríkisstyrks. Aðalbreytingin frá gildandi lögum er sú, að bryggjur og viðlegukantar, sem áður nutu 40% ríkisstyrks, munu njóta 75% ríkisstyrks samkv. þessu frv. Samkv. þeim upplýsingum, sem hafnamálastofnunin gaf okkur í þessari n. í fyrra, hefur meðalframlag ríkissjóðs til hafnarframkvæmda, síðan núgildandi lög tóku gildi, numið um og yfir 60%, en á árinu 1971 námu þau 63%, og gæti raunveruleg kostnaðarþáttaka ríkisins því hækkað úr 63% í um það bil 72—74%, en enn þá er nokkuð af framkvæmdum, þar sem ríkissjóður greiðir 40% af stofnkostnaði, en þar eru dráttarbrautirnar þýðingarmestar.

Eins og ráðh. gat um, er lagt til, að hafnabótasjóður verði efldur, og er samkv. frv. lagt til, að 12% af árlegum framlögum ríkissjóðs á fjárl. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta verði greidd í hafnabótasjóð, en þó aldrei lægri upphæð en 25 millj.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um undirbúning að samningu þessa frv. eða um frv., eins og það var lagt fyrir á síðasta þingi. En þegar þetta frv., sem við erum nú að ræða, kom á borðið hjá mér, brá mér nokkuð, þegar ég sá, að hæstv. ríkisstj. hefur fellt niður úr þessu frv. ákvæði til bráðabirgða 2. En um það varð eins og um annað samkomulag í n., sem samdi þetta frv., að það væru tekin upp tvenns konar ákvæði til bráðabirgða í þetta frv. Eina breytingin, sem hæstv. samgrh. eða ríkisstj., sem hafði fengið nál. til yfirlestrar og umsagnar, áður en frv. var lagt fram í fyrra, hafði gert frá því, sem n. lagði til, var örlítil breyting á ákvæði til bráðabirgða 2. Ég tel það mjög mikilvægt, að þetta ákvæði verði haft með, og ég skal fyrir mitt leyti fúslega fallast á þá breytingu, sem hæstv. ríkisstj. gerði á ákvæði til bráðabirgða 2, og vil því leyfa mér að flytja skrifl. brtt. við frv. um það, að aftan við ákvæði til bráðabirgða komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða 2:

„Heimilt er að greiða úr ríkissjóði allt að 40% af stofnkostnaði þeirra dráttarbrauta, sem byggðar hafa verið frá árinu 1960 til gildistöku þessara laga af einstaklingum og félögum, eftir því sem fé er veitt til á fjárl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks framlags sé: 1. Eigi sé nema ein dráttarbraut í sveitarfélaginu. 2. Jafnframt dráttarbrautinni sé rekin skipasmíðastöð. 3. Í sveitarfélaginu sé rekin veruleg útgerð að dómi samgrn. 4. Viðkomandi hafnarsjóður eða sveitarsjóður leggi fram a. m. k. 10% stofnkostnaðar á móti framlagi ríkissjóðs. 5. Um dráttarbrautina sé stofnað hlutafélag, þar sem framlög ríkis og sveitarfélaga verði eignarhluti þeirra, enda nemi hann a. m. k. 50% hlutafjár."

Ég hygg, að ég þurfi ekki að skýra nánar þessa till. Hún liggur hér skýr fyrir. Þar sem hafnarsjóðirnir sjálfir eiga dráttarbrautir, þá eiga þeir rétt samkv. núgildandi l. á 40% styrk frá ríkinu, en ekki þar sem einstaklingar eða félög einstaklinga eiga þessar dráttarbrautir, en það er á örfáum stöðum á landinu. Ég tel, að skilyrði fyrir þessu framlagi til dráttarbrauta, sem eru í eigu einstaklinga, séu svo ströng og ákveðin, eins og þau voru sett upp upprunalega í ákvæði til bráðabirgða í nál. og síðar í frv. því, sem ríkisstj. flutti á s. l. ári, að það væri að mínum dómi mikið ranglæti að streitast á móti þessari breytingu frá núgildandi hafnalögum. Ég vona, þó að þetta ákvæði hafi verið fellt niður úr frv. núna, að hæstv. samgrh. setji sig ekki upp á móti því, að þetta verði aftur tekið inn í frv., og sú n., sem fær frv. til athugunar, grandskoði mjög vel þessa till., áður en henni verður hafnað

Í aths. þeim, sem Hafnasamband sveitarfélaga gerði á 3. ársfundi sambandsins 15. sept. í sumar, sem haldinn var á Akureyri, eru allmargar aths., sem eru í raun og veru að mínum dómi ákaflega lítilfjörlegar. En þó eru þar nokkrar aths., sem hafa töluverða þýðingu, m. a. við 2. gr. frv., en þar leggja þeir til m. a., að ráðh. skuli setja Hafnamálastofnuninni 5 manna stjórn, skipaða þremur fulltrúum frá ríki og tveimur fulltrúum tilnefndum af Hafnasambandi sveitarfélaga og ráðh. skipi formann stjórnarinnar. Þetta atriði kom mjög til álita hjá okkur í þeirri n., sem samdi þetta frv. En við töldum ekki ástæðu til að taka þetta upp í till. okkar. Ég skal fúslega játa, að það hlýtur að hafa töluverðan kostnaðarauka í för með sér að skipa stjórn yfir stofnun eins og þessa, þó að ég geti á engan hátt neitað því, að það sé engan veginn óeðlilegt, að Hafnasamband sveitarfélaga eigi aðild að þessari stofnun. Hins vegar er þó hér við að bæta, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér meiri kostnað, og þess vegna má því segja, að það sé minni ástæða til, að nýir aðilar fái aðild að þessari stofnun. En þá aths. vil ég gera, sem ég tel, að eigi að vera alltaf ráðandi, að ef verður horfið að því ráði, að ríkið skipi meiri hl. í stjórn og stjórn verði sett yfir þessa stofnun, þá er það mín skoðun, að ráðh. eigi ekki að skipa slíkar stjórnir, heldur eigi Alþ. að kjósa þá menn, sem í slíkar stjórnir eiga að fara. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að ég tel mjög eðlilegt, að ráðh. á hverjum tíma skipi formann stjórnar þeirrar stofnunar, sem heyrir undir hann. Þetta er að mínum dómi meginatriði, en ekki stefnt neitt gegn núv. ráðh. eða ríkisstj.

Ég vil líka geta þess, að í aths. Hafnasambandsins lýsir það yfir samþykki sínu með óbreytt ákvæði til bráðabirgða 2, bráðabirgðaákvæðið, sem ég hef nú tekið aftur upp með till. minni, en Hafnasambandið leggur til, að það komi þriðja bráðabirgðaákvæðið, svo hljóðandi:

„Endurskoða skal lög um landshafnir og rekstrarform þeirra með það fyrir augum, að þær verði afhentar viðkomandi sveitarfélögum til rekstrar."

Ég tel, að þetta atriði megi mjög koma til athugunar hjá þeirri n., sem fær frv. til athugunar. En ef það verður til þess, að um

málið verði miklar deilur hér á þingi, vil ég ekki leggja á það mikla áherzlu, a. m. k. ekki að þessu sinni, því að ég er mjög á því, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að hraða sem allra mest afgreiðslu á þessu nauðsynlega máli, og það eru margar sveitarstjórnir, sem bíða í miklu ofvæni eftir því, hvernig afgreiðslu þetta mál fær.

Ég fagna því, að samgrh. óskaði mjög eftir því, að afgreiðslu málsins yrði hraðað. En ég vil mjög gjarnan fá, ef hann getur gefið upplýsingar um, hvort það sé ætlun hans og þá ríkisstj. að stefna að því, að fjvn. taki þetta ákvæði til bráðabirgða til úrlausnar, áður en hún gengur frá till. sínum til Alþ., en í þessu ákvæði segir, að það skuli gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin eins og þau eru, þegar lög þessi taka gildi. Við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skal samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðh. skal gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðs. Nú, ráðh. er farinn (**Gripið fram í:** Ráðh. fór í símann.) Á ég þá ekki að bíða. Þetta eru einar þrjár fsp., svo er ég búinn svo að segja. (**Forseti:** Jæja, ef ræðumaður óskar þess, þá getur hann dokað við stutta stund. Ráðh. mun hafa farið í símann, er væntanlegur.)

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort það sé álit hans og hvort hann ætli þegar að vinna að framkvæmd á ákvæði til bráðabirgða, sem er í frv., um að gera sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og þá á að miða við lánin eins og þau eru, þegar lög þessi taka gildi. Segir í frv., að við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skuli samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni, og jafnframt, að ráðh. skuli gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjárins og skuli við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélaga til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Nú er mér ljóst, að þetta frv. er ekki orðið að lögum. En ef lík vinnubrögð verða nú eins og hafa verið í fjölda mörg undanfarin ár, að fjárl. verða afgreidd fyrir jól, og jafnframt, að þetta frv. verði að lögum rétt um það bil, sem afgreiðsla fjárl. fer fram, þá auðvitað er hér um töluvert mikla vinnu að ræða, sem þarf að fara í þegar og senda fjvn. um það till. í tæka tíð. Því spyr ég: Ætlar ráðh. að vinna að þessum till. í samræmi við þetta ákvæði til bráðabirgða í frv. og þannig, að hann hugsi sér, að hafnirnar verði réttar við á þennan hátt þegar 1. jan. 1973?

Í öðru lagi er mér forvitni á að vita, hvort það sé skoðun ráðh. og þá ríkisstj., að fjvn. og þá auðvitað um leið Hafnamálastofnunin vinni að till. til fjárl. fyrir hafnarmannvirki og lendingarbætur á þann hátt, að hún leggi til grundvallar hlutfallsþátttöku ríkisins samkv. hinum nýju lögum. Ef það kemur vísbending frá rn. og ríkisstj. um, að fjvn. vinni þannig að þeim málum og Hafnamálastofnunin, þá verður auðvitað undir flestum kringumstæðum lögð til grundvallar 75% þátttaka ríkisins, en ekki 40% eða eitthvað þar á milli, eins og verið hefur. Þess vegna hlýtur það að vera mjög aðkallandi, að þessi svör liggi fyrir hið allra fyrsta.

Það er kannske erfitt fyrir þá, sem telja, að fjárl. fari upp úr öllu valdi, og telja, að heldur þurfi að lækka útgjöldin en hitt, — og tel ég mig vera í þeirra hópi, — en ég vil þó undanskilja alveg sérstaklega frá því framlög til hafnamála, þar eru framlögin allt of lág. Þrátt fyrir hækkun fjárl. eru í fjárlagafrv. aðeins ætlaðar 175 millj. kr. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en í fjárl. yfirstandandi árs eru 161.8 millj. kr. á þessum lið. Framlög í fjárlagafrv. til hafnabótasjóðs eru 22 millj. kr. eða sama upphæð og er í fjárl. yfirstandandi árs. Það má því segja, að í fjárlagafrv. er töluverð lækkun frá því, sem er í gildandi fjárl., þegar við miðum við það, hvað framkvæmdakostnaður hefur stóraukizt á þessu ári, og allt úlit er fyrir, að hann aukist enn, bæði vegna verðbreytinga hér heima, sömuleiðis hækkunar erlendis á ýmsu efni, svo að við sjáum, að það verður erfitt að koma fjárl. saman með þessari upphæð, hvað þá ef það verður tekið upp að vinna samkv. hinu nýja hafnalagafrv., sem ég lít svo á, að ráðh. leggi kapp á.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti gefið upplýsingar um þessar spurningar, ef ekki nú, þá einhvern tíma mjög bráðlega, því að á því veltur mikið og liggur mikið á í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Að síðustu endurtek ég það, að ég vænti þess, að þetta frv. fái enga mótspyrnu hér í þessari hv. d. Þó að einhverjar breytingar kunni að verða uppi, þá verður að afgreiða þær, en verði um stórfelld deilumál að ræða um einhver atriði, þá tel ég betra að láta þau liggja á milli hluta eða bíða betri tíma heldur en tefja fyrir afgreiðslu þessa mikilvæga frv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég vona, að það hafi verið ljóst af framsögurræðu minni áðan, að ég legg mikið kapp á, að þetta hafnalagafrv. fái afgreiðslu, ekki aðeins á þessu þingi, heldur á fyrri hluta þess, nógu snemma til þess, að hægt sé að taka niðurstöður þess allar til greina varðandi afgreiðslu fjárframl. til hafnamála, þ. e. a. s. áður en frá fjárl. er gengið. Og ég veit það, að það veltur á miklu, að hv. samgn. vinni fljótt og rösklega að afgreiðslu málsins, og vil líka vænta þess, að hv. þm. fallist á það sjónarmið að láta ágreiningsefni, sem upp kynnu að koma, heldur bíða en frv. nái ekki gildistöku fyrir áramót.

Varðandi till. þær, sem hv. þm. réttilega gat um, að fram hefðu komið frá þingi Hafnasambands sveitarfélaga, þá er það að segja, að við kynntum okkur þær brtt. í rn., tókum nokkrar þeirra til greina, vinzuðum þær úr, sem við töldum, að sízt gæti orðið ágreiningur um, og

þær eru komnar inn í frv. Að öðru leyti tel ég alveg sjálfsagt, að till. Hafnasambandsins í heild fari til hv. samgn., sem þá gerir samanburð á þeim brtt. og kemst að niðurstöðu um, hverjar þeirra n. gæti fallizt á, og að öðru leyti verður meginstarf n. að bera þetta frv. saman við gildandi hafnalög. Ég vona því, að þetta starf n. geti gengið fljótt.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að nú, þegar frv. er lagt fram, hefur verið fellt niður bráðabirgðaákvæði 2, sem var með frv. í fyrra. Það er að nokkru leyti vegna þess, að aðstæður hafa breytzt. Það bráðab.ákvæði snerti að nokkru leyti skipabrautina á Akranesi, sem þá hafði nokkru áður orðið fyrir stóráfalli, og var hugsað til þess að vera við því búinn að taka þátt í að leysa vanda þessarar dráttarbrautar með ákvæðinu. Nú hefur sá vandi verið leystur með öðrum hætti, og þess vegna féllst ég nú á að fella bráðabirgðaákvæði 2 niður. En ég tek því ekki nema vel, að fram er komin till. frá hv. þm. um það að taka þetta ákvæði upp aftur, og fjallar þá hv. samgn. um það, og á þessu augnabliki skal ég ekki lýsa yfir neinni andstöðu a. m. k. við fyrstu athugun á því ákvæði og könnun á því, hvar það gæti komið að gagni eða leyst vanda, sem steðjaði að og við værum óviðbúnir að leysa.

Varðandi svo það, hvort ég ætli mér að verða við ákvæði til bráðabirgða, sem frv. fylgir, þá liggur það í augum uppi. Ég lét það fylgja með frv. og tel það mjög mikilsverðan þátt í afgreiðslu frv., eins og högum hafnasjóðanna yfirleitt er háttað. Og eftir þessu bráðabirgðaákvæði vil ég, að bæði rn. vinni og hafnamálaskrifstofan og fjvn., þegar málið kemur til hennar. En í upphafi ákvæðisins segir:

„Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin eins og þau eru, er lög þessi taka gildi."

Það verður því nú að leggja fyrir hafnamálaskrifstofuna að gera yfirlit yfir efnahagsstöðu hafnanna, eins og hún er nú, og byggja síðan till. til úrbóta á þeirri niðurstöðu. Ég geri mér ljóst, að hér er um mjög vandasama hluti að ræða, að finna út reglu, sem réttilega létti hlut hinna ýmsu hafnasjóða og sé ekki einum meira í vil en öðrum. En þá reglu verðum við að finna. Og ég held, að það sé grundvöllur, sem rétt sé að byggja á, að hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélagsins til hafnarsjóðs, fólksfjöldanum á staðnum og öðrum þeim atriðum, sem áhrif geta haft á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Þetta er grundvöllurinn, sem þessar reglur verða að byggjast á, hvaða reglu sem við finnum út til þess að fullnægja þessu. En svar mitt við spurningu hans varðandi þetta allt saman er játandi.

Umr. frestað.

Efri deild, 14. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., kl. 1½ miðdegis.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 81 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lántöku vegna Fiskveiðasjóðs Íslands. Hér er um að ræða, að Fiskveiðasjóður Íslands taki 10 millj. dollara lán og ríkið veiti sjálfskuldarábyrgð vegna þessarar lántöku.

Ástæðan til þess, að komið er með þetta mál hér á hv. Alþ., er sú, að fiskveiðasjóður hefur heimild til lántöku erlendis, en ekki með ábyrgð ríkissjóðs, nema fá hana sérstaklega, og í þessu tilfelli þarf að vera um sjálfskuldarábyrgð að ræða. Það er gert ráð fyrir að nota þetta lánsfé til að endurlána til kaupenda vegna togarasmíða erlendis. Kemur lán sjóðsins í stað þeirra erlendu lána til 8 ára, sem seljendur togara hafa yfirleitt látið í té. Hér er ekki um ný kaup á skipum að ræða, heldur það, sem áður hefur verið samþykkt, og kemur þessi ríkisábyrgðarheimild að þessu leyti í stað ríkisábyrgðar, sem ákveðin var á grundvelli l. nr. 28 frá 12. maí 1972. Ráðgert er, að hinum erlendu lánum fiskveiðasjóðs verði varið til greiðslu á ⅘ af kaupverði skipanna. Endurlán fiskveiðasjóðs til kaupendanna skiptast þannig, að ⅖ af kaupverðinu eru lánaðir samkv. reglum sjóðsins um lán þar að lútandi, en hinn hlutinn, upp að ⅘ af kaupverðinu, er veittur að láni skv. reglum, sem settar hafa verið þar um. Það er ekki gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður veiti þeim kaupendum skipa, sem lán hljóta vegna þessara laga, nein sérstök hlunnindi. Þau verða eins og hjá öðrum kaupendum 8 ára lán, en lánstími fiskveiðasjóðs verður hins vegar 15 ára lán, svo að andvirði þess mun á seinni hluta lánstímans verða almennt notað í þágu fiskveiðasjóðs.

Þannig er þetta mál vaxið, að nauðsyn ber til að hraða því, vegna þess að möguleikar til lántökunnar eru nú fyrir hendi, og þarf að afgreiða málið næstu daga, enda er þegar farið að afhenda suma togarana, sem smíðaðir eru erlendis. Þess vegna leyfði ég mér að fara fram á það í gær í hv. Nd., að málið yrði afgreitt þar á þrem fundum, sem var og gert. Og ég leyfi mér að fara fram á það við hæstv. forseta og hv. dm. þessarar d., að þetta mál verði afgreitt héðan frá hv. d. í dag og verði þar með að lögum vegna þeirrar nauðsynjar, sem ber til þess að hraða því. En málið hefur ekki borið að fyrr en nú, svo að það hefur ekki af neinum annarlegum ástæðum verið dregið, heldur hefur það verið í athugun, og sú athugun lá fyrir í upphafi þessarar viku.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að máli þessu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú gert grein fyrir þessari lán-

töku og fer fram á, að d. afgreiði málið mjög fljótt, og er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni. En vegna sérstakra atvika, sem eru tengd fiskveiðasjóði og lánsafgreiðslu hans, vildi ég nota tækifærið. Menn, sem hafa verið að taka lán hjá sjóðnum, hafa komið að máli við mig og kvartað yfir seinagangi á afgreiðslu þar. Það tekur jafnvel mánuði fyrir þá að fá skip sín metin og mál sín afgreidd, þannig að þeir eiga margir í mjög miklum erfiðleikum, jafnvel svo að sumir eru að kikna undir kaupum á nýjum skipum. Það er rétt vika síðan forstjóri einnar skipasmíðastöðvar kom til mín ásamt manni, er var að kaupa hjá honum togara, og kvartaði efnislega undan því sama, þannig að ég vildi koma þeirri beiðni til hæstv. ríkisstj. með milligöngu fjmrh., að þessi mál yrðu athuguð gaumgæfilega, þegar svona rösklega er á haldið fyrir vissan hóp manna.

Það er ekki tekið fram, hversu margir togarar hér eiga í hlut, en það munu vera japönsku togararnir, sem eru 9. Þeir fá þarna sérstaka fyrirgreiðslu, sérstök lög, og allt gengur með miklum hraða. Þá virðist sumum það óeðlilegt, að beiðnir þeirra fái ekki áheyrn, svo að mánuðum skiptir.

Nú kann að vera, að einhverjum finnist þessi aths. óeðlileg, á sama tíma sem það er vitað, að hinir margumræddu kommissarar hafa sent til fiskveiðasjóðs umkvörtunarbréf, þar sem fundið er að of mikilli útlánastarfsemi stjórnar fiskveiðasjóðs. Engu að síður vildi ég nota þetta tækifæri til að koma þessum umkvörtunum á framfæri og vænti þess, að þeir menn, sem telja sig fá seina afgreiðslu, fái leiðréttingu sinna mála.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr. né tefja afgreiðslu málsins.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Enda þótt ég sé sá í hópi þeirra, sem í ríkisstj. sitja, sem einna fjærst sé því að kunna nokkur skil á sjávarútvegi, enda sagt, að ég sé bæði sjóveikur og sjóhræddur, þá skal ég verða við tilmælum hv. þm. um að koma þessu áleiðis til þeirra, sem betri skil kunna og við málin fást. Hins vegar vil ég svo geta þess, að þessi afgreiðsla hér er ekki bundin neitt sérstaklega við afgreiðslu einna skipa né annarra, heldur formbreyting á því láni, sem um er að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 15. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., að loknum 14. fundi.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. tók þetta mál fyrir á fundi sínum núna, en þar voru aðeins mættir 4 menn, 3 voru fjarverandi.

Frv. gerir ráð fyrir því að heimila ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, sem fiskveiðasjóður hyggst taka. Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., hefur fiskveiðasjóður þessa lánsheimild fyrir hendi, en nú er gert ráð fyrir, að þetta verði í nokkuð öðru formi en verið hefur, og þarf sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs til. Máli þessu hefur þurft að flýta, m. a. vegna þess, að á næstunni stendur fyrir dyrum afhending þriggja þeirra nýju japönsku togara, skuttogara, sem samið hefur verið um smíði á. Reglan hefur verið sú, að seljendur skipanna hafa útvegað 80% af láninu, en þetta lán fiskveiðasjóðs verður notað í stað þess láns, sem seljendur skipa hafa allajafna þurft að útvega, þegar um slík kaup hefur verið að ræða.

Fjh.- og viðskn. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Forseti (EggÞ): Mér hefur borizt nál. um frv. til l. um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj. vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands o. fl. frá fjh.- og viðskn.:

„Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. rita Bjarni Guðbjörnsson, frsm., Páll Þorsteinsson, Jón Árm. Héðinsson og Benóný Arnórsson. Er þá þetta nál. tekið til umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 16. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., að loknum 15. fundi.

Lántaka Fiskveiðasjóðs Íslands, frv. (þskj. 81). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 94).

Sameinað þing, 17. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. (þskj. 88). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum, þáltill. (þskj. 91). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting orkulinda til raforkuframleiðslu, þáltill. (þskj. 37). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vátryggingastarfsemi, þáltill. (þskj. 45). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leiga og sala íbúðarhúsnæðis, þáltill. (þskj. 46). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaviarverksmiðja á Norðausturlandi, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafrannsóknastofnunin, þáltill. (þskj. 58). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins um ályktanir sveitarstjórna, þáltill. (þskj. 43). — Ein umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 43 hef ég leyft mér ásamt hv. 2. þm. Reykv. að flytja till. til þál. um endurskoðun laga varðandi úrskurðarvald félmrn., og annarra stjórnvalda um ályktanir sveitarstjórna. Gerir till. ráð fyrir því, að sérstaklega verði kannað, hvort ekki sé rétt og eðli málsins skv. að fela sérstökum dómstól að fjalla um tiltekin ágreiningsefni innan sveitarstjórna og ágreiningsefni einstakra aðila eða yfirvalda við sveitarstjórnir, sem nú er skotið til annarra stjórnvalda. Þá gerir till. ráð fyrir því, að skýrsla um athugun þessa verði lögð fyrir næsta Alþ., svo og frv. til l., sem athugunin þykir gefa tilefni til, að samin verði.

Í grg. með þessari till. er gerð ítarleg grein fyrir því, með hvaða hætti þessum málum er nú skipað. Stjórnlagalega byggist skipan þessara mála á 76. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir:

„Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum."

Á grundvelli þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar hefur verið sett hin fjölþætta löggjöf varðandi sveitarfélög og starfsemi þeirra. Orðin „með umsjón stjórnarinnar" í áðurnefndri grein stjórnarskrárinnar hafa verið túlkuð með þeim hætti, að þau gæfu löggjafanum vald til þess að ákveða, hvernig hægt sé að fara með ágreining, sem upp kann að rísa innan sveitarstjórnanna svo og á milli sveitarstjórnanna og einstaklinga varðandi ákvarðanir sveitarstjórna eða stjórnvalda skipaðra eða kosinna af sveitarstjórnum.

Þegar löggjöf varðandi þessi málefni hefur verið sett á Alþ., hefur ætíð verið tilhneiging til þess að halda úrskurðarvaldi um allan ágreining hjá því rn., sem fer með sveitarstjórnarmál eða stjórnvöldum ákvörðuðum af rn. Ekki hefur þar verið gerður greinarmunur á því, hvort ágreiningsefnið er risið út af matsatriðum, þ. e. skoðunum sveitarstjórnarmanna, m. a. stjórnmálalegum, eða hvort ágreiningsefnið fjallar um löggjafaratriði. Við setningu löggjafar, er varðar sveitarstjórnarmálefni, ber ætíð að hafa í huga, að sveitarstjórnirnar eru kjörnar í almennum kosningum. Þær sækja því umboð sitt til fólksins til ákvarðana um staðbundin málefni, en ætla verður, að þeir, sem kjörgengi hafa til hinna ýmsu sveitarstjórna, hafi betri þekkingu til að dæma um þau mál heldur en fjarlægt stjórnvald, auk þess sem sveitarstjórnarmenn eru í vaxandi mæli kjörnir pólitískum kosningum og því óeðlilegt, að stjórnmálalegar ákvarðanir þeirra sæti gagnrýni og verði jafnvel hnekkt af öðru pólitískt kosnu stjórnvaldi.

Með fjölþættari löggjöf um málefni sveitarfélaga hlýtur að verða vandasamara að kveða á um lögmæti stjórnvaldsathafna sveitarstjórna og reyndar óeðlilegt, að þar kveði upp úrskurð aðilar, sem jafnan hafa undirbúið löggjöfina, og því ekki hlutlausir og oft og tíðum aðilar, sem enga sérmenntun hafa á sviði lögskýringa né reynslu í meðferð dómsmála.

Ég skal ekki hér gera neina tilraun til þess að færa rök fyrir réttmæti þessa máls eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af þeirri löggjöf, sem gilt hefur um þessi mál hér hjá okkur. Fjölmargir úrskurðir hafa verið upp kveðnir, og ef farið væri hér að gagnrýna eða mæla með, mundi það að sjálfsögðu ekki verða gert með öðrum hætti en að sitt sýndist hverjum, og sjálfsagt væru fjölmörg atriði, sem við yrðum ekki sammála um, t. d. um úrskurði, sem kveðnir hefðu verið upp. Suma er hægt að gagnrýna, og um suma hægt að segja, að þeir séu af pólitískum toga spunnir. Einmitt til þess að forðast allt þetta, sýnist okkur flm. eðlilegra, eins og málin hafa þróazt, að matsatriði verði meira en hingað til leidd til lykta af þar til kjörnum fulltrúum fólksins, þ. e. a. s. sveitarstjórnarmönnum, en ágreiningi um lagaatriði verði unnt að skjóta til óháðs úrskurðaraðila, sem starfi eftir reglum, er greiði fyrir sem skjótustum úrslitum mála.

Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin orðið sú, sem hér er lagt til, að hún verði hjá okkur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till. Ég legg til, herra forseti, að henni verði vísað til hv. allshn. og umr. verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagasafn í lausblaðabroti, þáltill. (þskj. 47). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 47 hef ég leyft mér að flytja till. til þál.

um, að ríkisstj. verði falið að undirbúa útgáfu lagasafns, sem verði í lausblaðabroti og verði bundið með þeim hætti, að áskrifendur lagasafnsins geti framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum, svo að stöðugt verði fyrir hendi fullkomið, handhægt lagasafn fyrir lærða sem leika.

Eins og sjá má af þessari till., er hér ekki um stórpólitískt málefni að ræða, heldur fyrst og fremst vandamál, sem er tæknilegs eðlis, en þó vissulega vandamál, sem snertir æðimarga, bæði þá, sem fást við löggjöf og lögfræði hvers konar, alþm. og lögmenn, dómara og embættismenn, og þá auðvitað ekki síður allan almenning, sem verður að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um það, hvað eru lög og hvað ekki á hverjum tíma.

Lagasafnið hefur verið gefið út með 10 ára millibili síðustu áratugina. Síðast var það gefið út 1964 og þar áður 1954. Það er segin saga, að lagasafnið er ævinlega orðið úrelt, þegar það er gefið út, og vantar í það venjulega marga tugi nýsettra laga, a. m. k. er venjulega ekki liðinn langur tími frá því að lagasafnið kemur út og þar til það er orðið gersamlega úrelt og erfitt að notast við það. Það er að vísu svo, að þau lög, sem bætzt hafa við, eru finnanleg í Stjórnartíðindum og menn geta því flett þar upp, en í þessu er fólgin mikil vinna, og það er ekki nóg að hafa Stjórnartíðindin við höndina, heldur verða menn helzt að hafa Alþingistíðindin líka til þess að geta áttað sig á því, hvað kynni að hafa verið samþykkt í þinginu um viðkomandi efni.

Eins og nefnt er í grg., eru þess jafnvel dæmi, að alvarleg mistök hafi átt sér stað við uppkvaðningu dóma, vegna þess að þannig stóð á, að hvorki dómarar né viðkomandi lögmenn höfðu áttað sig á því, hvernig lögum hafði verið breytt. Ég held, að það blasi beint við, að fyrirkomulag á þessum hlutum er alger óhæfa og að útgáfa lagasafnsins þarf að komast í það horf, að notendur þess geti jafnóðum fengið í hendur uppprentanir á lagagreinum, hvort heldur það eru ný lög eða lög, sem breytt hefur verið, og bætt þeim jafnóðum inn í safnið. Menn kynnu að spyrja að því, eins og oft vill vera á erfiðum tímum, sem menn oftast hafa fyrir sér í fjárhagslegum málefnum, hvort þetta kunni ekki að vera allmiklu dýrara fyrirkomulag en það, sem nú er í gildi. Ég held, að ég geti leyft mér að fullyrða, að þetta fyrirkomulag væri þvert á móti að mörgu leyti einfaldara og ódýrara. Það er svo, að samþykkt lög eru nú sérprentuð sérstaklega á vegum Alþingis og síðan endurprentuð á vegum rn. og birt í Stjórnartíðindum, og ég held, að allt bendi til þess, að endurskipulagning mundi leiða til einföldunar og sparnaðar auk þess mikla hagræðis, sem að þessu yrði.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því og leggja það til, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í sambandi við þessa þáltill. vil ég upplýsa, að nýtt lagasafn er væntanlegt á næsta ári og þá að sjálfsögðu í sama formi og tíðkazt hefur. Eins og hv. flm. drap á, var síðasta lagasafn gefið út 1964 eða 1965, þannig að það munu nú ekki líða full 10 ár á milli þess, að nýtt lagasafn birtist. Ég geri ráð fyrir því, að þetta nýja lagasafn verði tilbúið fljótlega eftir áramótin. Prentun er langt komin, og það ætti að verða tilbúið, að ég vona, í febrúar eða marz á næsta ári, ef engin óvænt forföll koma til.

Þetta nýja lagasafn er prentað í 2800 eintaka upplagi, og er því að sjálfsögðu gert ráð fyrir því eins og áður, að það muni endast um nokkurn tíma. Það er svo, að útgáfa lagasafns er talsvert mikið fyrirtæki og þó nokkuð dýrt. Þannig er t. d. áætlaður prentunarkostnaður við þetta væntanlega lagasafn 2 millj. 732 þús. kr. og bókband á 1500 eintökum, sem gert er ráð fyrir að binda í fyrstu lotu, mundi sennilega kosta um 1.4 millj. Annar kostnaður við útgáfu þessa lagasafns verður væntanlega ekki undir 500 þús., þannig að útgáfukostnaður verður væntanlega um 4.5 millj. kr.

Nú er það svo, að þó að lagasafn sé mjög nytsamleg bók, er það ekki meðal þeirra bóka, sem seljast með allra mesta móti, enda munu nokkuð margir fá það ókeypis, þannig að hætt er við, að það verði nú eins og áður talsverður halli á útgáfunni.

Upp í þessa útgáfu hafa verið tekin lög til vorsins 1971, og það er gert ráð fyrir því, að í viðbæti við síðara bindi safnsins, — væntanlega verður það í tveimur bindum, eins og síðasta lagasafn var, — geti komið lög ársins 1972, þannig að vonir standa til þess, að þetta lagasafn geti, þegar það birtist, verið nokkuð svarandi til tímans.

Það er auðvitað rétt, eins og hv. flm. sagði, að lagasafnið verður alltaf fljótlega úrelt, vegna þess að á hverju Alþ. eru samþykkt ný lög og gerðar lagabreytingar, og þær er að finna í Stjórnartíðindum. Hafi menn ekki þá siðvenju að leiðrétta lagasafn sitt jafnóðum samkv. Stjórnartíðindum, getur það verið rétt, eins og hann sagði, að erfitt sé að átta sig á því, hverjar breytingar hafi verið gerðar.

Í þessari þáltill. er stungið upp á breyttu skipulagi á þessu, sem reyndar er ekki óþekkt annars staðar og getur vissulega komið til athugunar í framtíðinni, þó að mér sýnist, að það verði naumast tímabært alveg á næstunni vegna þess, hvernig stendur á, að nýtt lagasafn er alveg að koma út. Ég er á nokkuð annarri skoðun en hann um, að það verði tiltölulega lítill kostnaðarauki við þessa útgáfu í þessu formi. Ég er hræddur um, að slíkri útgáfu í lausblaðabroti, sem þyrfti þá stöðugt að vera að vinna að, fylgi allmikill aukakostnaður. Ég gæti satt að segja hugsað mér, að það yrði hreint og beint verkefni fyrir skrifstofu að sjá um það, ef þetta ætti að gerast alveg eftir hendinni.

Ég held, að það sé út af fyrir sig ágætt, að þessi till. er komin fram og þessi málefni verði athuguð. Ég held nefnilega, að það sé tímabært að taka til skoðunar lög, sem heita „lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda“ og lög um útgáfu lagasafns. Það er svo, að Stjórnartíðindi

eru gefin út á hverju ári, eins og menn vita og þekkja, nú orðið í þremur deildum, A-deild, B-deild og C-deild, og þessi útgáfa er líka nokkuð kostnaðarsöm. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að sumt t. d. í útgáfu B-deildarinnar sé orðið nokkuð úrelt og á eftir tímanum, þannig að þar sé að finna talsvert efni, sem ekki á eiginlegt erindi inn í árlega útgáfu slíka sem Stjórnartíðindin, t. d. alls konar reikningar, sem þar eru birtir, og jafnvel ýmis konar fyrirmæli tiltekinna aðila. Það kann að vísu að orka tvímælis, hvað eigi að birta þar og hvað ekki. En það eru stofnanir hjá okkur, sem gefa út allmikið af alls konar fyrirmælum árlega, t. d. siglingamálastjóri. Ég nefni það bara sem dæmi. Það getur verið spurning, hve mikið af slíkum fyrirmælum, sem vita að nokkuð sérstökum aðilum, á erindi inn í slíka almenna útgáfu, og þannig hygg ég, að sé um fleira, sem tekið er upp í þessa útgáfu. Aftur á móti eru t. d. þál. ekki birtar í þessu safni Stjórnartíðinda, en ég get vel hugsað mér, að sumar þál., sem fara frá Alþ., séu þess eðlis og snerti menn þannig almennt, að þær ættu erindi inn í slíka almenna útgáfu. Ég held sem sagt, að það sé full ástæða til þess að taka þessi mál til athugunar.

Ég vil ekki á þessu stigi lýsa neinni ákveðinni skoðun á þessari lausblaðaútgáfu. Ég átta mig ekki algerlega á því, hvernig hún kæmi út, það er, eins og hv. flm. sagði, tæknilegt atriði, og hvort það er hugsað að hafa safnið þannig að kippa út blöðum með úreltu efni og stinga inn nýjum, eftir því sem við á. En til þess að slíkt megi gerast, þurfa menn að vera nokkuð vel heima í þessum efnum, þ. e. a. s. ef þetta á að gerast eftir efnisniðurröðun, sem væntanlega er átt við. Það má vel vera, að þetta sé framkvæmanlegt, en ég held, að það mundi verða talsverð fyrirhöfn og kostnaður samfara þessari útgáfu. En það, sem mér finnst, að gæti komið til athugunar og gæti e. t. v. náð að einhverju leyti þeim tilgangi, sem vakir fyrir hv. flm., er, að það væri gefið út árlegt registur yfir þau lög og lagabreytingar, sem samþykkt hafa verið á árinu, og fært inn á tilsvarandi staði í registrinu, sem fylgir lagasafninu. Það held ég, að gæti orðið viðráðanlegra, en auðveldað mönnum þetta allt saman.

Það, sem ég hef hér sagt, ber ekki að skoða út af fyrir sig sem nein andmæli við þessari þáltill. Ég vildi aðeins upplýsa, hvernig á stendur nú um útgáfu lagasafnsins, og enn fremur benda á það, að mér þykir full ástæða til þess að taka þau ákvæði, sem að þessu lúta, til endurskoðunar. Auðvitað má segja, að stjórnin geti gert það að eigin frumkvæði, en e. t. v. væri ekkert fráleitt að breyta þessari þáltill. í það form að fela stjórninni að láta fara fram athugun eða endurskoðun á öllum þessum ákvæðum, sem hér að lúta, og þá m. a. taka til athugunar það sjónarmið, sem þarna er sett fram.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið í þessu máli. Hann hefur upplýst, að nýtt lagasafn sé væntanlegt þegar á næsta ári, og benti réttilega á það, að eftir að það er komið út, gæti svo farið, að nokkuð drægist, að nýtt átak yrði gert á þessu sviði, vegna þess mikla kostnaðar, sem er útgáfunni samfara. Hann hefur einnig upplýst, að prentun sé hafin á þessu verki. Nú er það svo, að ég veit að sjálfsögðu ekki, hversu langt þetta verk er komið frá tæknilegu sjónarmiði, en ég vil leyfa mér að vekja athygli á því hér, að framkvæmd þessarar hugmyndar eða þessarar till. er raunverulega fyrst og fremst spursmál um bókband og endanlegan frágang skjalanna. Það er svo, að það er hægt að hugsa sér útgáfu af þessu tagi með tvenns konar hætti, annars vegar að lögum sé raðað í tímaröð, þannig að fremst í slíku safni séu þau lög, sem elzt eru, og síðan stöðugt bætt við eftir aldri laga. Hin skiptingin, sem til greina kemur, er efnisskipting, að lögum sé raðað í lagasafnið eftir efni þeirra, og það er sú skipting, sem verið hefur í lagasafninu lengst af. Ég lít svo á, að að flestu leyti væri skynsamlegra að halda þeim hætti áfram að raða lögum niður í lagasafn eftir efni, og þar af leiðandi sýnist mér, að það mætti í sjálfu sér nota alveg sömu kaflaskipan í væntanlegt lagasafn og er í núverandi lagasafni. Þar af leiðir, að allt það verk, sem unnið hefur verið við ritstjórn bókarinnar, ætti að geta komið að góðum notum, og raunverulega ætti ekki mikið að þurfa til þess að breyta þessu í það form, að um geti verið að ræða útgáfu, sem þannig sé útbúin, að hægt sé að bæta nýjum lögum inn í safnið. Það þyrfti sem sagt fyrst og fremst að vera um það að ræða, að ekki væri beinlínis blaðsíðutalskerfi í bókinni, heldur eitthvert annað kerfi.

Ég get að sjálfsögðu ekkert um það sagt, hvort till. er óraunhæf af þessum ástæðum, sem hæstv. forsrh. nefndi, eða hvort það er enn möguleiki á því að koma þessari hugmynd á framfæri og í framkvæmd. En ég vil eindregið leyfa mér að óska eftir því, að kannað verði af hálfu þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, hvort ekki sé hægt að nota þá prentun, sem nú er hafin á lagasafninu, í því skipulagi, sem ég hef hér lýst. Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. forsrh. fyrir almennt jákvæðar undirtektir við málið. Ef svo reynist, að ekki er hugsanlegt eða framkvæmanlegt að koma þessu skipulagi á við útgáfu lagasafnins nú, verður það að sjálfsögðu svo að vera. En ég tek undir það með hæstv. forsrh., að það kæmi þá vel til greina, að Alþ. gerði ályktun um, að endurskoðuð yrði almennt birting skjala af hálfu hins opinbera. Það fer ekkert á milli mála, að það skipulag, sem nú er í gildi á þessu sviði, er orðið nokkuð úrelt, og er þörf á, að það verði endurskipulagt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér finnst hér vera hreyft athyglisverðu máli. Hins vegar vil ég ekki dæma um, hvort það sé framkvæmanlegt að breyta lagasafninu í það form, sem þarna er hreyft. Auðvitað er það svo, að svo að segja strax eftir að lagasafn hefur verið gefið út verður það að einhverju leyti úrelt, því að lögum er venjulega breytt á hverju þingi. Eftir 10 ár verður þetta lagasafn fjarri því að gefa rétta hugmynd um þá löggjöf, sem þá er í gildi. En það var nú

eiginlega ekki þetta, sem ég ætlaði að ræða, en ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. gat þess, að nokkuð væri sent út ókeypis af upplagi lagasafnsins, og var mér reyndar kunnugt um, að svo mundi vera. En í því sambandi vildi ég spyrjast fyrir um, hvort hreppstjórum landsins sé sent safnið á þennan hátt, ókeypis. Ég hygg, að svo sé ekki eða hafi a. m. k. ekki verið fyrir skömmu. En ég vil stínga upp á því, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, taki það til athugunar um leið, hvort ekki væri ástæða til þess, að hreppstjórum í landinu væri sent lagasafnið ókeypis. Allur þorri þeirra manna, sem gegna hreppstjórn, gegnir því starfi sem aukastarfi og fær fyrir það litla greiðslu, en starfið hefur hins vegar í för með sér mikla fyrirhöfn. Ég hygg að vísu, að þessir starfsmenn fái Stjórnartíðindi, en það er nokkuð tafsamt fyrir önnum kafna menn við önnur störf að kynna sér löggjöf í Stjórnartíðindum. Þess vegna vil ég í fyrsta lagi spyrjast fyrir um það, hvort þetta sé orðið svona, að hreppstjórar fái lagasafnið ókeypis, en ef svo er ekki, þá vil ég biðja n. að athuga, hvort ekki væri ástæða til, að það yrði gert eftirleiðis.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað þessari spurningu, en ég hafði haldið, að þeim, sem eru send Stjórnartíðindi ókeypis, væri einnig sent lagasafn. Um það þori ég ekki að fullyrða, en skal kynna mér það. Og mér finnst, að það væri eðlilegt, að þetta færi saman, að ef tilteknum embættismönnum eru send Stjórnartíðindi ókeypis gilti hið sama um lagasafnið.

Út af því, sem fram kom hjá hv. flm., vil ég segja það, ef það hefur ekki komið nægilega skýrt fram í fyrri ræðu minni, að ég tel, að prentun lagasafnsins sé að sjálfsögðu svo langt komin nú og frágangi öllum, að það yrði ekki hægt að koma við þeirri breytingu, sem hann ráðgerir um það. Prentun lagasafns er svo mikið verk, að það tekur langan tíma, og það er langt komið nú, þó að því verði sennilega ekki alveg lokið fyrr en í febrúarlok.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, þáltill. (þskj. 50). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 9 öðrum hv. þm. úr Norðlendingafjórðungi að flytja till. til þál. um fiskiðnskóla í Siglufirði. Till. er á þskj. 50 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því, að settur verði á stofn fiskiðnskóli í Siglufirði."

Það mun hafa verið á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem haldin var 2. okt. s. l., að samþykkt var shlj. till. þess efnis, að skorað var á okkur þm. beggja Norðurlandskjördæmanna að flytja frv. eða þáltill. á þessu þingi um stofnun slíks skóla í Siglufirði. Í þessari samþykkt bæjarstjórnar er vitnað til samþykktar, sem gerð var á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Akureyri í sept. í haust, þar sem einróma var mælt með því, að stofnaður yrði fiskiðnskóli í Norðlendingafjórðungi og honum þá helzt valinn staður í Siglufirði. Við flm. þessarar till. teljum marga kosti því samfara, að slíkum skóla verði valinn staður þar. Siglufjörður hefur verið og er mikill útgerðarbær, — þó að hann sé það e. t. v. ekki nú í sama mæli og hann var áður, meðan síldin veiddist, — og ég hygg, að svo muni verða áfram, að þar verði ávallt um mikinn útgerðarrekstur að ræða. Þar eru fiskiðjuver, sem vinna að fjölbreyttri fiskvinnslu, og má þar fyrst til nefna lagmetisiðju ríkisins, sem stofnuð var með lögum frá síðasta þingi, Lagmetisiðjuna Siglósíld, sem er á okkar mælikvarða mikið fyrirtæki og mikilsvert. Í Siglufirði starfa einnig tvö frystihús og þar starfa einnig ýmsar minni fiskverkunarstöðvar, og þar er enn fremur niðurlagningarverksmiðja, sem hefur starfað þar í mörg ár og býr yfir staðgóðri reynslu og kunnáttu í sínum verkum. Enn má á það benda, að nú er að því unnið að koma upp í Siglufirði miklu fiskiðjuveri sem hlutafélagið Þormóður rammi vinnur að. Og það er einmitt mikils virði, þegar unnið er að uppbyggingu þess fiskiðjuvers, að tillit verði tekið til þess, að þar megi koma að kennslu í fiskiðnaði, og sú aðstaða, sem þar myndast, verði einmitt notuð í sambandi við fiskiðnskólann.

Ég minntist á lagmetisiðjuna. Hlutverk hennar er býsna mikið. Það segir t. d. í lögunum um hana, að henni sé ætlað að vinna að niðurlagninu og niðursuðu og hvers kyns fullvinnslu matarréttar úr sjávarafurðum og öðrum íslenzkum hráefnum.

Það, sem einnig mælir með því að okkar dómi, að þessum skóla verði komið upp í Siglufirði, er, að við gerum ráð fyrir, að þar muni ekki fyrst um sinn þurfa að leggja í mikinn stofnkostnað við slíkan skóla. Húsnæði til kennslu er fyrir hendi, það mun vera hægt að fá í gagnfræðaskóla staðarins, sem engan veginn er fullnýttur nú sem stendur, og í Siglufirði er einnig góð aðstaða til heimavistar. Er vitanlega auðvelt að fá aðstöðu til heimavistar í þeim tveimur hótelum, sem eru á staðnum og lítið eru notuð að vetri til.

Ég vil taka það fram, að með flutningi þessarar till. okkar er engan veginn ætlað spilla fyrir því, að upp rísi fiskiðnskólar eða fiskvinnsluskólar á öðrum stöðum í landinu, þar sem það þykir henta og þurfa þykir. En fiskiðnaðurinn er svo mikilsverður þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga, að vart verður talið of í lagt, þó að á stofn verði settur a. m. k. einn slíkur skóli í hverjum landsfjórðungi, — skóli, sem hefur því hlutverki að gegna að sérmennta starfsfólk í hinum margvíslegu og þýðingarmiklu störfum við fiskiðnaðinn og fiskvinnsluna og við framleiðslu þeirra eftirsóknarverðu matvæla, sem sjávarafurðir okkar eru.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða frekar um þessa till., vitna til grg. og legg til, að nú, þegar fyrri hluta umr. verður frestað, verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, þáltill. (þskj. 51). — Ein umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Þáltill. shlj. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 51, var flutt á síðasta þingi, og gerði ég þá allítarlega grein fyrir málinu og tel mig því ekki þurfa að hafa um það langa framsögu nú.

Ég vil undirstrika það, sem fram kemur í grg. með till., að í 6. gr laga þeirra um fiskvinnsluskóla, sem samþykkt voru hér á Alþ. hinn 2. apríl 1971, er beinlínis ákveðið, að stofnaður skuli fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum. Þar segir svo, eftir að ákveðið hefur verið um stofnun skóla á Suðvesturlandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölul. 2. gr."

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á, að hér er ekki um heimild að ræða til stofnunar fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, heldur er hér um að ræða ákvörðun Alþingis, sem fortakslaust mælir fyrir um stofnun slíks skóla á þessum stað. Þegar þetta er athugað, verður að telja, að hér sé aðeins um framkvæmdaratriði fyrir hæstv. menntmrh. að ræða, sem honum beri að fullnægja samkv. ákvæði gildandi laga, og lítil afsökun sé fyrir því, að frekari dráttur verði á framkvæmd málsins en orðið hefur.

Ég held, að það sé orðið tímabært, að stjórnvöld landsins og allur almenningur geri sér grein fyrir, hver staða þessara mála raunverulega er. Allir vita og viðurkenna, að fiskiðnaðurinn er stærsta iðngrein landsmanna og sú, sem skilar þjóðarbúinu langsamlega stærstum hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem því er nauðsynlegur til að halda hér uppi eðlilegu menningarþjóðfélagi. En meðan svo er enn, að Íslendingar fluttu út svo að segja allar sjávarafurðir sínar sem óunnið hráefni til úrvinnslu fyrir aðrar þjóðir, má segja, að ekki hafi verið eins aðkallandi að veita því fólki, sem vann við framleiðslu sjávarafurða, sérstaka uppfræðslu eða almenna menntun og sérhæfingu í hinum einstöku greinum framleiðslunnar. En sem betur fer hefur orðið hér veruleg breyting á. Íslendingar eru í vaxandi mæli farnir að fullvinna sjávarafurðir sínar til útflutnings, og fiskiðnaðurinn er orðinn, eins og ég sagði áðan, stærsta iðngrein landsmanna. Þegar á þetta er litið, er næsta furðulegt, að allt fram að síðasta ári skuli enginn skóli hafa verið til í landinu, sem veitir uppfræðslu eða sérmenntar fólk til starfa í þessari iðngrein. Ég ætla engan að ásaka í þessu sambandi. Þessi iðngrein hefur einfaldlega orðið útundan í fræðslukerfi landsmanna langt umfram aðrar smærri iðngreinar, sem vissulega hefur í mörgum tilfellum verið séð vel fyrir hvað fræðslu og sérhæfingu snertir.

Þegar þetta er athugað, held ég, að það liggi alveg ljóst fyrir, að skjótra úrbóta er þörf á þessu sviði og stofnun fiskvinnslu- eða fiskiðnskóla sem víðast um landið sé þjóðarnauðsyn og það sé á engan hátt hægt að afsaka eða draga það lengur að stofna til þeirra skóla, eins og t. d. þess í Vestmannaeyjum, sem Alþ. hefur þegar fyrir meira en ári tekið ákvörðun um, að stofnaður skyldi.

Ég veit satt að segja ekki, hvort allir hv. alþm. gera sér grein fyrir, hvað þetta mál er aðkallandi eða hvernig við raunverulega stöndum í þessum efnum í dag. Allir vita, að skólakerfi landsins hefur á undanförnum árum verið endurbætt mjög verulega, bæði að því er almenna menntun varðar og einnig iðnmenntun, og ekki sízt hefur fræðslukerfið verið bætt fyrir það unga fólk, sem vill stunda framhaldsnám í bóklegum fræðum og sérhæfa sig til starfa í hinum ýmsu starfsgreinum þjóðfélagsins. En eins og kunnugt er njóta þeir, sem langskólanám vilja leggja á sig, verulegs stuðnings þjóðfélagsins í formi styrkja og námslána, og er sannarlega ekki nema allt gott um það að segja, á meðan þjóðfélagið hefur efni á því.

En það sorglega við þetta er, að í þeirri framþróun, sem orðið hefur í fræðslumálum landsmanna, hefur stærsta iðngrein þeirra, fiskiðnaðurinn, orðið algerlega út undan og það svo, að ungt fólk, sem í þessa iðngrein vill fara, á nær engra kosta völ, ef það vill afla sér aukinnar uppfræðslu eða menntunar. Ég segi alveg hiklaust, að þetta atriði hefur orðið fiskiðnaðinum og um leið sjávarútveginum í heild til verulegs tjóns að því leyti, að með hverju árinu sem líður verður erfiðara og erfiðara að fá fólk til starfa í þessari iðngrein. Verða þeir mest varir við þetta, sem eitthvað fást við þessi mál og bezt þekkja til þeirra. Og því miður er það svo, að það er beinlínis í vaxandi mæli farið að nota störfin við fiskvinnsluna sem keyri á börn og unglinga og við þau sagt, að ef þau ekki herða sig við lesturinn í barna- og unglingaskólum og nái góðum árangri, þegar til landsprófs kemur, lendi þau bara í frystihúsi eða til sjós. Ég tel þennan hugsunarhátt þjóðfélagslega séð hættulegan, þar sem frekara fráhvarf starfsfólks en orðið hefur í þessari starfsgrein hljóti óhjákvæmilega að leiða til samdráttar í útflutningsverzlun okkar og þjóðartekjum og að yfirbygging þjóðfélagsins verði undirstöðinni ofviða, sem aftur mundi leiða til erfiðleika, sem e. t. v. verður erfitt að ráða fram úr. Það segir enginn við unglinga í dag, að ef þeir standi sig ekki við námið, endi þeir bara í einhverri iðngrein, rafvirkjun, vélvirkjun eða sem hárgreiðslunemar eða annað slíkt, svo að einhverjar iðngreinar séu nefndar. Enda þurfa þessar iðngreinar ekkert að kvarta, þær fá, sem betur fer, nægilegt af ungu fólki til náms og starfa. Þetta á aðeins við í sambandi við fiskvinnsluna. Og við sjávarsíðuna er það fiskvinnslan, sem fyrst og fremst hefur orðið samdráttur í, hvað það snertir að fá starfsfólk og alveg sérstaklega ungt starfsfólk. Stóraukin vélvæðing hefur fram að þessu bjargað því, að ekki hefur skapazt hreint öngþveiti hjá þessum atvinnuvegi. En vélvæðingin er komin á það stig hjá flestum fiskvinnslufyrirtækjum, að ekki er hægt að reikna með því, að þau geti í framtíðinni með aukningu á þessu sviði bætt sér upp síminnkandi aðsókn vinnuafls, eins og því miður lítur nú út fyrir, að verða muni, ef engin breyting verður á frá því, sem

nú horfir. En menn hljóta eðlilega að spyrja, hvað til úrbóta sé.

Mér er ljóst, að hér er við allramman reip að draga, en tel alveg hiklaust, að Alþingi og stjórnvöld verði að marka þá stefnu, að því unga fólki, sem í framtíðinni vill leggja fram starfsorku sína í þágu fiskiðnaðarins, verði sköpuð sama aðstaða og því unga fólki, sem í aðrar iðngreinar vill fara, þannig að fiskiðnaðurinn geti í framtíðinni, eins og margar aðrar iðngreinar, byggt afkomu sína á faglærðu og ófaglærðu fólki, sem við fiskiðnaðinn vinnur, og að þeir aðilar, sem eytt hafa tíma og fjármunum í aukna þekkingu og sérmenntun, fái það bætt með hærra kaupgjaldi, eins og á sér stað hjá öðrum iðngreinum. Þetta mundi að mínum dómi verða hagur beggja aðila, bæði vinnuveitenda og verkafólks. En þetta gerist ekki, nema sköpuð verði aðstaða til aukinnar þekkingar og menntunar fyrir það fólk, sem starfa vill í þessari iðngrein, til jafns við þá aðstöðu, sem það nú í dag á kost á, ef það hefur hug á að fá að starfa hjá öðrum iðngreinum. Og ég tel, að stofnun fiskvinnsluskóla bæði í Vestmannaeyjum og þar annars staðar, sem eðlilegt getur talizt, að til þeirra verði stofnað, sé raunverulega spor í rétta átt.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að sú n., sem fær till. til meðferðar, taki hana til rækilegrar athugunar, því að ég held. að það liggi alveg ljóst fyrir, að ef við eigum að ná því marki, sem við erum öll sammála um að stefna að, — en það er að gjörnýta og gjörvinna allar sjávarafurðir okkar, eins og frekast er kostur á, — verði að fullnýta ákvæði laganna frá 1971 um fiskvinnsluskóla, bæði að því er varðar stofnun þeirra tveggja skóla, sem lögin gera ráð fyrir, að stofnaðir skuli, þ. e. á Suðvesturlandi og í Vestmannaeyjum, og einnig heimildarákvæði laganna um undirbúning að stofnun fiskvinnsluskóla annars staðar á landinu. Ef það verður ekki gert, er mikil hætta á, að sjávarútvegurinn og fiskvinnslan verði ekki fær um að gegna í framtíðinni því hlutverki, sem henni nú er ætlað, en það er að standa undir verulegum hluta af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þjóðartekjum. Og fari svo, er mikil hætta á, eins og ég sagði áðan, að margt fari úrskeiðis í því velferðarþjóðfélagi, sem við á undanförnum árum höfum verið að byggja upp hér á landi og erum sammála um að viðhalda í kannske enn ríkara mæli í framtíðinni.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn. Sams konar till. var í fyrra vísað til fjvn., og þar sem ákvæði það, sem hér er um rætt, um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, er þegar orðið að lögum, þá tel ég, að það sé eðlilegt, að þessi þáltill. fari til fjvn. Ég legg ríka áherzlu á, að n. reikni með stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum á næsta hausti og hún taki tillit til þess við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1973.

Ég skal að lokum geta þess, að í Vestmannaeyjum er aðstaða bæði til bóklegrar kennslu, ef skólinn yrði stofnaður, og eins til verklegrar kennslu. Það, sem hefur skeð frá því að till. var flutt í fyrra, er, að aðstaðan hefur enn batnað að því leyti, að nú í haust hefur, eins og kunnugt er, verið stofnuð þar Rannsóknastofa fiskiðnaðarins, sem starfar í fullu samráði við Rannsóknastofu fiskiðnaðarins í Reykjavík. Ég tel, að það sé nauðsynlegur þáttur í sambandi við rekstur fiskiðnskóla, að slík stofnun sé á staðnum eða fiskvinnsluskóli eigi greiðan aðgang að slíkri stofnun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu, þáltill, (þskj. 53). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er lögð fram á þskj. 53, um samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir viðræðum milli Íslendinga, Færeyinga og Norðmanna um samstarf þessara þjóða að skynsamlegri hagnýtingu fiskimiðanna á Norðaustur-Atlantshafi, verndun fiskistofna og að fisksölumálum. Jafnframt verði athugað, með hvaða hætti Grænlendingar geti orðið aðilar að slíku samstarfi."

Í grg. okkar meðflm. míns, Jónasar Árnasonar, hv. 5. þm. Vesturl., segir:

„Talið er, að rúmlega 70% af fiskafla Norðaustur-Atlantshafsins komi af fiskimiðum Íslands, Færeyja og Noregs. Með útfærslu fiskveiðilögsögu okkar í 50 sjómílur höfum við Íslendingar fengið vald á því að takmarka sókn í einstaka fiskistofna á landgrunni okkar við þol þeirra. Ljóst má telja, að Færeyingar og Norðmenn muni senn feta í fótspor okkar og færa út fiskveiðilögsögu sína á svipaðan hátt og við höfum gert og fá sams konar tök á fiskistofnum heimamiða sinna.

Fyrir skemmstu svöruðu Lúðvík Jósepsson sjútvrh. Klaus Sunnanaa fiskimálastjóri Noregs og Erlendur Patursson lögþingsmaður í Færeyjum spurningum, sem fyrir þá voru lagðar í Ríkisútvarpinu, um það, hvort þeir teldu samstarf þessara þjóða um nýtingu og vernd fiskimiðanna og um markaðsmál æskilegt. Þeir luku upp einum munni um, að náið samstarf um nýtingu fiskistofnanna væri ekki aðeins æskilegt, heldur sjálfsagt. Einnig hlyti að teljast eðlilegt, að Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn, sem hafa munda á hendi svo stóran hluta af fiskafla Vestur-Evrópu, sem að framan greinir, ynnu saman að markaðsmálum — og þá fyrst og fremst í Vestur-Evrópu, en einnig á öðrum mörkuðum.

Ýmsir nytjafiska okkar flakka á milli norskra, færeyskra og íslenzkra fiskimiða með þeim hætti, að friðunaraðgerðir á miðum eins þessara landa koma ekki að fullum notum, nema samsvarandi ráðstafanir séu gerðar á fiskimiðum hinna. Nægir að nefna örlög norsk-íslenzka síldarstofnsins sem dæmi um afhroð, sem sjávarútvegur þessara landa getur beðið samtímis vegna rányrkju á einum fiskistofni.

Er þessar þrjár þjóðir hafa náð valdi, hver um sig, á sókninni á fiskimiðin undan strönd-

unum, gæti samstarf þeirra um vernd fiskistofnanna einnig leitt til mikilsverðrar samvinnu um nýtingu þeirra.

Vafalaust er, að samkeppni Norðmanna og Íslendinga á fiskimörkuðunum, sem var e. t. v. afsakanleg, meðan þeir héldu, að Norðaustur-Atlantshafið væri þrotlaus nægtabrunnur sjófangs, og tíðum leiddi til undirboða, er fásinna nú, þegar ljóst er, að flestir arðbærustu fiskistofnarnir eru þegar í hættu vegna ofveiði og draga verður úr sókninni í ýmsa þeirra, ef komast skal hjá gjöreyðingu. Á hinn bóginn er ljóst, að Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn munu í sameiningu hafa mjög sterka aðstöðu á mörkuðunum við Norður-Atlantshaf og geta með samræmdum markaðsaðgerðum sparað sér stórfé í sölukostnaði og jafnvel afstýrt fjárhagslegum áföllum, sem leiðir af því, þegar draga þarf vegna verndunar á einum fiskistofni úr framboði einnar vöru á fiskimörkuðunum, en bjóða aðra í staðinn.

Sem fyrr segir, eru allar horfur á því, að Norðmenn og Færeyingar muni fyrr en varir færa út fiskveiðilögsögu sína í líkingu við okkar og er ljóst, að málstað okkar væri styrkur að slíkum aðgerðum af þeirra hálfu, eins og nú er ástatt. Má ætla, að gerðar verði tilraunir til þess að beita granna okkar þvingunum af hálfu andstæðinga okkar í landhelgismálinu til þess að koma í veg fyrir útfærslu af þeirra hálfu, og gæti þá verið styrkur í því fyrir þessar þrjár þjóðir, ef ljóst yrði nú þegar, að þær hygðu á mjög náið samstarf varðandi nýtingu og verndun fiskistofna og jafnframt um fisksölumál.

Í þessu máli ber að taka tillit til hagsmuna Grænlendinga, sem eru hinir sömu og hinna þjóðanna þriggja, og hafa samvinnu við þá, að svo miklu leyti sem pólitísk staða þeirra leyfir."

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða hér á hv. Alþ. um þýðingu fiskveiða fyrir afkomu þessara þjóða. Ég hygg, að velflestir hv. þm. geri sér ljósa grein fyrir henni, og þeir, sem e. t. v. hafa ekki gert það, hafa a. m. k. komizt upp á svo gott lag með að þykjast gera það, að þar verður litlu um bætt.

Till. sú, er við Jónas Árnason leggjum hér fram um, að hafnar verði viðræður við Færeyinga og Norðmenn um samstarf að skynsamlegri hagnýtingu fiskimiðanna á Norðaustur-Atlantshafi og að fisksölumálum, miðar að því, að við gerum bandalag við Færeyinga, sem líka eiga líf sitt undir því, að fiski verði ekki eytt á norðurslóð, og við Norðmenn, sem einnig eiga hér mikilla hagsmuna að gæta og hafa fyrir skemmstu kjörið sér það hlutskipti að treysta á gæði síns norðlæga lands öðru fremur og lifa af gagni þess. Í till. er einnig gert ráð fyrir því, að leitað verði ráða til þess, að grannar okkar, Grænlendingar, geti fengið eðlilega aðild að því samstarfi, sem hér er reynt að leggja drög að.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hafa Færeyingar sýnt samhug sinn í verki með þeim aðgerðum, sem við höfum gripið til í því skyni að vernda fiskimið okkar fyrir rányrkju og tryggja hag þess fólks, sem lifir af nytjum þeirra. Þarf enda eigi á að líta, að hagsmunir Færeyinga og okkar eru samkynja, og mun létt verk, sé að því unnið, að samræma bæði fiskveiðar og fisksölumál Færeyinga og Íslendinga báðum til mikilla hagsbóta.

Það er vert að minnast þess, að við eigum nú þegar mjög gott samstarf við Færeyinga í fisksölumálum, þar sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna annast sölu á hraðfrystum fiski fyrir Færeyinga vestanhafs. Samstarf Færeyinga og Íslendinga að fiskveiðum hefur verið miklu nánara á liðnum áratugum en nokkurs staðar er kveðið á um í lögum eða opinberum milliríkjasamningum. Fyrir austan, þar sem ég ólst upp, voru færeysku sjómennirnir til skamms tíma eins tíðir gestir og sjómenn annarra landsfjórðunga, og þrátt fyrir dálítið annarlegan málhreim, voru þeir ekki útlendingar í augum okkar eystra.

Á árunum eftir stríð hefur íslenzkur sjávarútvegur æ ofan í æ sótt styrk sinn í vinnu færeyskra sjómanna og verkafólks.

Á því leikur heldur enginn efi, að dómur alþjóðar var sá, að ríkisstj. gerði rétt í því að taka sérstakt tillit til Færeyinga umfram alla aðra, þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 50 sjómílur, enda kunnu þeir svo sannarlega að þakka kærlega fyrir sig. Raunar get ég ekki stillt mig um að gera þá aths., að óskandi væri, að viðbrögð okkar Íslendinga væru jafneðlileg og náttúrleg og viðbrögð Færeyinga gagnvart þeim þjóðum, sem gert hafa sig berar að fjandskap við okkur síðustu mánuðina.

Það er ljóst, að gagnkvæm réttindi Íslendinga og Færeyinga til fiskveiða samkv. settum reglum geta orðið sjávarútvegi beggja þjóðanna mikil stoð, þegar að því kemur, sem líkur benda til, að verði innan skamms, að Færeyingar færi einnig út fiskveiðilögsögu sína, og þarf tæpast að orðlengja um þau hlunnindi, sem okkur yrðu að síldveiðileyfum á Færeyjabanka og aðstöðu í færeyskum höfnum á Norðursjávarvertíð. Hér er ekki stefnt að því, að við ruglum saman reytum okkar og Færeyinga í sjávarútvegsmálum í einu og öllu, heldur að því, að við eigum frumkvæði að raunhæfu og fastmótuðu samstarfi, sem gæti bætt beggja hag.

Af sömu ástæðum og Færeyingar hafa Norðmenn næstir á eftir þeim sýnt málstað okkar beztan skilning. Er þar fyrst að telja einarðan stuðning norsku æskulýðssamtakanna gegn Efnahagsbandalaginu, flokkssamþykktir Miðflokksins og Sósialiska þjóðarflokksins og svo stuðningsyfirlýsingar fiskimannasamtakanna í Norður-Noregi. Eigi að síður var norska ríkisstj. undir forustu Trygve Bratteli okkur berlega andsnúin í málinu, en vafalaust má telja, að sú afstaða hafi markazt fyrst og fremst af þeim fyrirætlunum hægri aflanna í Verkamannaflokknum og svo Íhaldsflokksins, að Norðmenn gengju í Efnahagsbandalag Evrópu og afsöluðu sér þar með einkarétti sínum til fiskimiðanna. Nú féll stjórn Brattelis á efnahagsbandalagsmálinu, og er ekki að orðlengja það, að ósigur hægri aflanna í norska Verkamannaflokknum í samstarfi við Íhaldsflokkinn markar tímamót í stjórnmálum Norðurlanda og vita þeir, sem vilja, að einarðleg stefna Íslendinga í fiskveiðilögsögumálinu og útfærslan í 50 sjómílur hafði áhrif á þá stjórnmálabaráttu, sem leiddi til sigurs þessara þjóðlegu, róttæku afla í Noregi. Þeir

aðilar, sem nú fara þar með stjórn, hafa allt annað viðhorf til lögsögu strandríkja yfir fiskimiðum en þeir valdhafar, sem unnu að inngöngu Noregs í Efnahagsbandalag Evrópu. Og nú hefur það skeð með fárra daga millibili, að fiskimannasamtökin í Norður-Noregi hafa krafizt einhliða útfærslu lögsögunnar í 50 sjómílur og Vinstri flokkurinn hefur lýst yfir því í flokkssamþykkt, að hann styðji málstað okkar í landhelgismálinu.

Ljóst er, að fiskveiðilögsögumál Noregs hafa tekið á sig mynd prófmáls um það í norskri pólitík, hvort framfylgt verði þeim þjóðarvilja, sem fram kom í atkvgr. á dögunum, að Norðmenn standi utan Efnahagsbandalagsins eða ekki. Þannig leggja þeir aðilar, sem stóðu að andspyrnuhreyfingunni gegn inngöngu í bandalagið, höfuðáherzlu á það, að alls ekki verði mangað með rétt Norðmanna til útfærslu lögsögunnar í sambandi við viðræður þær, sem nú fara fram óformlega og síðar formlega í janúar í vetur um viðskiptasamning milli Noregs og Efnahagsbandalagsins.

Það liggur í augum uppi, að málstað okkar er mikil stoð í baráttunni, sem þegar er hafin fyrir því, að Norðmenn færi fiskveiðilögsögu sína út hið bráðasta. Útfærsla Norðmanna í 50 sjómílur jafngildir algerum sigri okkar í þessu máli á alþjóðavettvangi, er þar að kemur. Viðræður okkar við Norðmenn nú þegar um samstarf, sem byggðist á þeirri aðstöðu, sem stefnt er að af hálfu Norðmanna, gæti flýtt fyrir því, að tekið yrði mark á heildarhagsmunum strandríkjanna við Norðaustur-Atlantshaf af hálfu Efnahagsbandalagsríkjanna, og stuðlað að því, að Íslendingar, Norðmenn og Færeyingar taki fyrr en ella að mæla einum rómi um þau mál, sem nú lúta að nýtingu fiskimiða þeirra. Fram til þessa hafa norskir fiskimenn fremur sótt á íslenzk fiskimið en íslenzkir á norsk, og liggur í augum uppi, að íslenzkum sjávarútvegi gæti orðið stoð í því að fá samningsbundinn rétt til sóknar á norsk mið í framtíðinni. Samstarf að markaðsmálum er raunverulega orðið aðkallandi nú þegar í beinu samhengi við deiluna um notarétt fiskimiðanna. Ef við stöndum hver um sig einir, Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn, er hægt að hóta okkur afarkostum. Ef við stöndum aftur á móti saman og ljóst er, að eitt verði látið ganga yfir alla, hafa meginlandsþjóðirnar beinlínis ekki efni á því að beita okkur þvingunum. Þær mega ekki við því að missa 70% af fiskmeti sínu, og með hverju árinu sem líður mega þær síður við því.

Ég legg svo til, að umr. um þessa till. verði frestað og henni vísað til sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við þessa till. og þær hugmyndir, sem eru þar á bak við. Þær eru áreiðanlega mikilsverðar, og væri rétt að hugleiða þær mjög alvarlega. En frsm. ræddi nokkuð um fiskveiðarnar, og get ég því verið nokkuð stuttorður varðandi þann þátt. En ég vil mótmæla því, sem hann sagði um stjórn Brattelis varðandi afstöðuna í landhelgismálinu. Það mætti þá segja, að allur heimurinn væri að mestu leyti á móti okkur, ef við túlkum afstöðu Norðmanna þannig, að þeir séu á móti okkur í landhelgismálinu. Þeir lýstu yfir ákveðinni afstöðu, en hafa ekki sýnt neitt í verki, og mætti þá fara að flokka æðimarga, sem berðust á móti okkur, ef við hefðum sömu skýrgreiningu á þeirra afstöðu. Og ekki fleiri orð um það.

En það, sem ég ætla aðeins að fjalla um hér, af því að það var lítið um það í framsögurræðunni, er samstarfið í fisksölumálum. Það kom mjög greinilega í ljós í framsögurræðunni, að hún bar keim þess, að Norðmenn væru okkur alltaf mjög elskulegir. En það hefur ekki verið svo í fisksölumálum. Þó ber að geta þess, að í freðfiskmálunum tókst fyrir alllöngu það samstarf, að við ræðum við Norðmenn reglulega tvisvar á ári og einnig Kanadamenn varðandi bandaríska markaðinn. Þetta samstarf hefur leitt til þess, að við höfum getað haldið jafnara framboði og verði á afurðum okkar í freðfiski en ella. Þetta er mjög mikilvægt. En hér er ekki um frjálsa samkeppni að ræða, heldur hreina hringmyndun, sem væri af hinu illa, ef við litum á það frá öðru sjónarmiði. Það er önnur saga, sem ég ætla ekki út í hér. Það hefði þá leitt til margvíslegra umr. um slík samtök stórra auðhringa á markaðinum. En við njótum góðs af þeirri starfsemi í dag, sem allir eru ánægðir með.

Á hinn bóginn verðum við að minnast þess, að Norðmenn selja mikið af saltfiski, þeir hafa selt mikið af skreið, og þeir hafa ekkert verið sparir á að bjóða verð, sem við höfum engan veginn getað keppt við, og haft það hátt eða lágt eftir því, hvað þeim hefur hentað. Og það sama hefur gilt um síld. Þetta hafa þeir getað gert í mörg undanfarin ár vegna þess, að þeim er veittur styrkur, sem nemur milljörðum ár eftir ár, í einu eða öðru formi. Ef ég man rétt, fá þeir árið 1971 253 millj. noskra kr., sem er dreift út í útveginn, fiskvinnsluna og alla starfsemina kringum sjávarútveginn eftir flóknum reglum. Ég ætla mér ekki þá dul að segja, hvað þeir fá varðandi fisksölumálin, en þetta kerfi veldur því, að þeir hafa tök á því að selja við verði, sem við getum engan veginn keppt við. Þess vegna er þessi till. svo mikilvæg og að samstaða náist um það, að slíkt eigi sér ekki lengur stað, og það er kjarni málsins. Till. er þess vegna miklu mikilvægari en við gerum okkur grein fyrir við fyrstu yfirsýn. Hitt er svo annað mál, hvort þeir eru tilbúnir til slíks samstarfs. Ég dreg það persónulega í efa. Þó gerðist það núna í sumar, að saltfisksframleiðendur óskuðu eftir viðræðum við okkur á svipuðum grundvelli og með það í huga að reyna að ná fram samstarfi hliðstæðu því, sem væri um freðfiskinn. Viðræðurnar hafa átt sér stað, en um árangur skal ég ekki segja á þessu stigi.

Þegar við vorum að reyna að komast aftur inn á Nígeríumarkaðinn, mættum við þeirri afstöðu Norðmanna, að þeir gáfu mörg hundruð tonn af skreið til þess að fá betri stöðu en við. Auðvitað gátum við það ekki. Við höfðum engin tök á því, vegna þess að hér er sjávarútvegurinn undirstöðuatvinnugrein, en í Noregi skiptir hann tiltölulega litlu máli í þjóðarbúskapnum, sem heild, en miklu máli á vissum svæðum. Það er þess vegna, sem norska ríkisstj. veitir óhemju-

fjármagn á viss svæði til að halda fólkinu þar og halda starfseminni gangandi.

Nú skal ég ekkert segja um það, hvort þessi till. fær hér byr, en ég styð hana mjög eindregið. Ég styð það mjög, að við náum samstöðu með Norðmönnum og sérstaklega auðvitað Færeyingum. Ég vil undirstrika orð ræðumanns um jákvæða og góða afstöðu Færeyinga, sem eiga allt hið bezta skilið af okkar hálfu, sjálfsagt að gera fyrir þá allt, sem hugsanlegt er, til þess að hjálpa þeim í lífsbaráttu þeirra og leyfa þeim þær fiskveiðar, sem við treystum okkur til innan okkar fiskveiðilögsögu.

En vandamálið varðandi Noreg hefur alltaf verið miklu verra, og það er alveg ástæðulaust að dylja alþm. þess. Við Íslendingar höfum verið feimnir við að segja það hispurslaust og gagnrýna það í blöðum. Það kom m. a. fram hér fyrir 4 árum, þegar við hófum landanir á síld í Noregi, að það ætlaði allt vitlaust að verða þar. Það voru svívirðileg blaðaskrif, sérstaklega í Fiskaren og víðar, um skepnuskap Íslendinga og ódrengileg vinnubrögð. Danir tóku allt öðruvísi á þessu og vildu samstarf. Þetta mátti ekki gagnrýna á Íslandi. En það var mjög hvöss og leiðinleg gagnrýni í Noregi á þessu tímabili. Nú hefur lægt aftur, og vonandi hafa menn séð, að þetta var órökstutt. Vonandi er andrúmsloftið í Noregi miklu jákvæðara í dag en það var fyrir 3—4 árum. E. t. v. eru sárafáir einstaklingar, sem hér eiga hlut að máli í Noregi, en þeir hafa beitt mjög harðri gagnrýni á Íslendinga og óvæginni. Ég fagna því þessari till. og styð hana eindregið og vænti þess, að hún hafi það í för með sér fyrr eða síðar, að heiðarlegt og eðlilegt samstarf náist með frændþjóðunum og við getum boðið okkar fisk á jöfnum grundvelli til sem mests árangurs fyrir báða aðila, eða raunverulega alla aðila, því að við höfum hér Færeyjar með.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rækju- og skelfisksleit fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfi Konráð Jónssyni, sem átti sæti hér á Alþ. fyrir skömmu, að flytja till. til þál., er varðar rækju- og skelfisksleit fyrir Norðurlandi. Þessi till. er birt á þskj. 59 og er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram skipulega leit að rækju- og skelfiskmiðum fyrir Norðurlandi."

Eins og okkur er kunnugt, hefur rækjuveiði og vinnsla úr þeirri sjávarafurð verið mikilsverð atvinnugrein lengi, og þó að svo hafi raunar ekki verið víðs vegar um landið hefur hún verið það á einstökum svæðum alveg sérstaklega á Vestfjörðum, svo sem við Ísafjarðardjúp og í Arnarfirði og nú á síðari árum raunar víðar á landinu. Hefur þessi atvinnugrein stuðlað að mikilli atvinnu og gefur af sér verðmæta útflutningsvöru. Nú á síðari árum hefur skelfiskveiði og vinnsla úr skelfiski verið stunduð í vaxandi mæli og er að verða snar þáttur í atvinnulífi ýmissa staða á landinu. Á Norðurlandi hafa þessar atvinnugreinar fram að þessu ekki verið mikið stundaðar, en þó hefur rækjuveiði og vinnsla úr rækju verið veruleg búbót í sjávarplássum, t. d. við Húnaflóa. Þar hefur og verið um nokkra skelfiskveiði að ræða og einnig í Skagafirði.

Ég hef orðið var við, að það er álit margra manna, að þessa atvinnugrein megi auka til verulegra muna á Norðurlandi. En það, sem hefur á skort, er, að engin skipuleg leit hefur verið gerð að þessum verðmætum. Það hefur aðeins verið leitað að rækju og skelfiski á einstökum svæðum á stuttan tíma í einu, en aldrei um lengra tímabil, hvað þá að þessi leit hafi verið skipulögð þannig, að hún næði yfir nokkur ár. Þessar tiltölulegu litlu og óskipulegu tilraunir til leitar, sem gerðar hafa verið, hafa þó bent til þess, að líkur séu á, að verulegt magn af rækju og skelfiski sé að finna fyrir Norðurlandi. Það má á það benda, eins og drepið er á í grg. fyrir þessari till., að Árni heitinn Friðriksson fiskifræðingur benti á það þegar árið 1930, að mikið magn af rækju og skelfiski mundi vera í sjónum fyrir Norðurlandi. Það er því álit okkar flm., að ekki megi lengur dragast, að hafin verði skipuleg leit að þessum náttúruauðæfum og þau hagnýtt eftir því, sem skynsamlegt verður talið.

Það verður að teljast eðlilegast, að Hafrannsóknastofnunin vinni að verkefninu, sem þessi till. fjallar um. Þó að þessi stofnun hafi á undanförnum árum unnið mikið og gott starf að því er varðar fiskileit, leit að nýjum fiskimiðum og hagnýtingu fiskimiða, er það skoðun okkar, að skipuleggja þurfi enn betur starfsemi þessarar stofnunar og varðandi rannsóknir og verkefni þurfi stofnunin að gera sérráætlun, sem nær til lengri tíma. Ég leyfi mér að minna á, að á Alþ. var samþykkt 5. apríl 1971, svo hljóðandi þáltill., að því er ég held shlj. sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera þriggja ára áætlun um haf- og fiskirannsóknir við Ísland, enn fremur um fiskileit, veiðitilraunir og aðra slíka þjónustu við fiskveiðiflotann. Áætlunin sé gerð af Hafrannsóknastofnuninni í nánu samstarfi við samtök sjómanna og útvegsmanna. Áætlunina skal leggja fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má."

Hv. 1. þm. Austf., sem hreyfði þessu máli á þingi árið 1970, beindi nú fyrir skömmu þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvað liði framgangi þessarar þáltill. Af svari hæstv. ráðh. virðist mér mega ráða, að lítið sem ekkert hefði verið gert enn sem komið væri til þess að hrinda þessari þáltill. í framkvæmd, og það tel ég miður farið. Hefði verið unnið að því að framkvæma þessa þáltill., sem þingið samþykkti einróma og ætlaðist til, að unnið yrði að, mætti e. t. v. segja, að óþarfi hefði verið að flytja till. eins og þessa, sem hér er til umr. Ég vænti þess þó, að hv. alþm. taki þessari till. okkar vel og að hún verði til þess að ýta á eftir framkvæmd samþykkta, sem þingið hefur gert áður um áþekkt efni og þessi till. fjallar um.

Ég hef ekki þessi orð fleiri, herra forseti, vísa til grg. með till. og legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. atvmn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég kem hér aðeins til þess að lýsa fyllsta stuðningi mínum við *þessa till. um rækju- og skelfisksleit fyrir* Norðurlandi. Ég tel, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða og raunar grundvallarstörf fyrir mörg, einkum minni byggðarlög. Langtímaáætlun sem þessi er áreiðanlega mjög góður grundvöllur til þess að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf fjölmargra staða á þessu landssvæði, en það er einmitt það, sem hefur vantað, því miður. Ég tel, að það hafi verið gert allt of lítið að því að vinna að leit að nýjum miðum. Það hefur sýnt sig í mörgum tilfellum, þar sem þetta hefur verið gert, og ekki hvað sízt, eins og hv. frsm. nefndi, við Húnaflóa, að þetta hefur orðið veruleg lyftistöng fyrir atvinnulífið á stöðunum. Mér finnst satt að segja, að það megi ekkert til spara að koma þessari leit í reglulega gott horf, og það hygg ég, að sé einmitt bezt gert með því að gera langtímaáætlun í þessu skyni. Ég vil því lýsa fullum stuðningi mínum við till. og vona, að hún verði samþykkt og síðan framkvæmd eftir samþykktinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegagerð í Mánárskriðum, þáltill. (þskj. 62). — Ein umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Hv. varaþm. okkar sjálfstæðismanna í Norðurl. v. flutti ásamt mér, þegar hann átti sæti á hinu háa Alþ. fyrir skömmu, till. til þál. um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskiðum. Till. er á þessa lund:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um kostnað við vegagerð niðri við sjó í Mánárskiðum á Siglufjarðarvegi."

Þegar vegur var lagður frá Hraunum í Fljótum um Almenninga, Mánárskriður og Úlfsdali og jafnframt lögð göng í gegnum Strákafjall, er ekki að efa, að sú framkvæmd var ein hin stærsta, sem fram til þess tíma hafði verið unnin í vegamálum hér á landi, enda var það vissulega svo, að þessi framkvæmd varð feikileg samgöngubót fyrir Siglfirðinga og aðra. Nú er unnið að því að bæta mjög veginn í Fljótum í Skagafirði með því að endurbyggja hann. Þegar því verki er lokið, má vonast til þess, að leiðin til Siglufjarðar þurfi ekki að verða öllu þungfærari að vetrarlagi en ýmsar aðrar leiðir, sem um landið liggja, enda þótt þarna séu mestu snjóapláss á landinu.

En sá trafali er á þessari leið, að þegar vegurinn var lagður frá Hraunum og til Siglufjarðar, þótti ekki fært að leggja hann neðarlega í Mánárskriðum eða niðri undir sjó, og var hann lagður hátt uppi í skriðunum. Það hefur í för með sér, að þarna lokast vegurinn án þess að um mikla fannkomu þurfi að vera að ræða. Það mun á sínum tíma hafa verið horfið frá því að leggja veginn neðar, vegna þess að bæði var vegarstæðið erfitt og talið mjög kostnaðarsamt að leggja hann þar. En það er nú orðið nokkuð síðan þessi vegur var lagður, og við búum vissulega yfir miklu meiri tækni og betri tækjakosti til vegagerðar nú en þegar þessi vegur var lagður. Þess vegna sýnist okkur flm. einsýnt, að það sé rétt, að gerð sé á ný kostnaðaráætlun um þessa vegagerð og athugaðir möguleikar á því, hvort ekki muni vera hægt að færa veginn neðar í hinar svonefndu Mánárskriður. Ef það væri hægt, mundi það stuðla að því, að vegurinn yrði miklu snjóléttari, og leiða til þess, að stórfé sparaðist á ári hverju, sem fer í snjómokstur einmitt í þessum Mánárskriðum.

Herra forseti. Ég legg til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegagerð yfir Sprengisand, þáltill. (þskj. 69). — Ein umr.

Flm. (Benóný Arnórsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér till. til þál. um vegagerð yfir Sprengisand á þskj. 69, þar sem Alþ. ályktar *að skora á ríkisstj. að láta* fara fram athugun á hagkvæmni vegagerðar yfir Sprengisand.

Ég þarf ekki að vera langorður um þessa till., þar sem ég flutti hana á síðasta þingi, en hún náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Ég geri nú aðra tilraun, vegna þess að skoðun mín er sú, að hraða beri athugun á hagkvæmustu leiðum milli landshluta, ekki sízt milli dreifbýlis og þéttbýlis, og fleiri virðast raunar vera á sömu skoðun. Benda má á samþykktir Búnaðarþings og bæjarstjórnar Húsavíkur um Sprengisandsveg. Þá telur og þjóðhátíðarnefnd, að meiri hluti þess fólks, sem sækir þjóðhátíðina 1974 úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, muni koma Sprengisandsleið. Um það skal ég engu spá, en það sýnir aðeins, hvað í hugum manna býr um þessa gamalkunnu ferðamannaleið.

Ýmsum finnst kannske, að nóg verkefni séu framundan í vegamálum, þótt Sprengisandur sé látinn bíða. En því er til að svara, að hér er aðeins farið fram á að athuga um hagkvæmni vegagerðar.

Vegagerð um Sprengisand yrði mjög mikil samgöngubót stórra byggðarlaga norðaustan- og austanlands. Engum blandast hugur um, að samgöngumálin geta ráðið úrslitum um það, hvernig til tekst um byggðaþróunina. Ég held, að við höfum dæmið fyrir okkur, þar sem annars vegar er Egilsstaðakauptún og hins vegar byggðin niðri á fjörðunum austanlands, sem staðið hefur í stað á sama tíma og Egilsstaðabyggðin hefur blásið út. Skoðun mín er sú, að þarna ráði mestu hinar góðu og greiðu flugsamgöngur við Egilsstaði, því að afkomumöguleikar ættu ekki að vera síðri niðri á fjörðum, þar sem sjórinn og þeir möguleikar, sem hann býður, eru annars vegar.

Engan þarf að undra, þótt dreifbýlismenn ýti á um úrbætur í samgöngumálum, svo mjög sem á *þeim brennur, ekki sízt ef svo fer fram sem* horfir, að þeir eiga að fara að borga skatt vegna hinna steinlögðu stétta þéttbýlisins í formi hækkaðs benzínverðs. Þeir mundu þá ekki aðeins borga til jafns við þá, sem aka þessa steinlögðu vegi, heldur meira, þar sem þeir

eyða jafnan meira benzíni á hvern ekinn km. vegna hinna vondu vega.

Þungavöruflutningar á landi hafa aukizt mjög á undanförnum árum og allar líkur til, að svo verði áfram. Því rennir það stoðum undir, að athugaðar verði hagkvæmustu leiðir í þungavöruflutningum. Ferðamannaþjónusta er að verða stór þáttur í atvinnulífi okkar, og hún krefst athugunar og skipulagningar á vegum öræfanna, ef ekki á að fara illa, því að mér skilst, að víða sé ljótt um að litast, þar sem bílaslóðir liggja „þvers og kruss" til stórra skemmda og lýta.

Ég vil að lokum geta þess, að Norðurleið h/f hóf áætlunarferðir um Sprengisand á s. l. sumri og ætlar sér að halda því áfram. Ég álít, að það sé aðeins upphaf að því, sem koma skal, og ég vona, að hv. alþm. ljái þessari till. jákvæða afstöðu.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og till vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar, þáltill. (þskj. 70). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 70 höfum við hv. 12. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm. leyft okkur að flytja till. til þál. um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar. Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en kom seint fram og gekk aldrei til n., þannig að ég sé ástæðu til þess að rifja upp meginhluta þess, sem ég hafði um málið að segja, enda þótt eyrun séu ömurlega fá, sem orð mín ná til að þessu sinni.

Við lifum á nýrri upplýsingaöld í þeim skilningi, að meiri möguleikar hafa skapazt til söfnunar upplýsinga og gagnavinnslu en áður með tilkomu nýrra tækja og geymsluaðferðum. Jafnframt hefur þjóðlífið orðið flóknara og kröfur aukizt um, að ákvarðanir séu teknar á grundvelli haldgóðra upplýsinga. Einnig má bæta því við, að hinn almenni borgari gerir meiri kröfur til þess en áður, að leyndardómshulu sé svipt af starfsemi einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera. Verður þetta að teljast eðlileg ósk í lýðræðisþjóðfélagi og forsenda þess, að einstaklingar geti myndað sér skoðun sjálfir á grundvelli þeirra gagna, sem staðið hefur verið að með hlutlægum hætti. Samtök allra atvinnuvega á Íslandi hafa skynjað þörfina á því að safna upplýsingum og miðla fróðleik til félaga sinna og almennings. Sömuleiðis hefur að sjálfsögðu verið unnið að margs konar upplýsinga- og gagnasöfnun og útgáfustarfsemi á vegum hins opinbera. Má þar nefna til Hagstofu Íslands og Efnahagsstofnunina, meðan hún var og hét, rn., Seðlabanka Íslands og fleiri aðila.

Þegar talað er um höfuðatvinnuvegi Íslendinga, er einatt notuð fjórskiptingin í sjávarútveg, landbúnað iðnað og verzlun. Á vegum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar eru reknar samtök eða stofnanir í þágu þeirra, sem stunda margs konar upplýsinga- og rannsóknarstarfsemi. Þessir aðilar njóta stuðnings af hálfu hins opinbera í einu eða öðru formi. Það heitir að vísu ekki jafnan, að stuðningur sé beint til rannsóknarstarfsemi, en hún er kostuð af rekstrarfénu. Þetta á við um Búnaðarfélag Íslands í landbúnaði, Fiskifélag Íslands í sjávarútvegi, Iðnþróunarstofnun Íslands og útflutningsmiðstöð í iðnaði. Auk þess eru reknar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnuvega, sbr. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, fiskiðnaðarins, byggingariðnaðarins og sjálfs iðnaðarins í heild, að ógleymdri Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknaráði ríkisins, og enn fleira mætti nefna. Hér skulu ekki tilfærðar tölur um fjárveitingar til þessara stofnana. En greinilegt er, að verzlunin í landinu er mjög afskipt í þessum efnum. Það er þó ekki vegna þess, að ekki séu næg verkefni að vinna að eða ekki sé mikilvægt að efla upplýsingasöfnun og rannsóknir á íslenzkri verzlun. Samtök verzlunarinnar og opinberir aðilar hafa hvað eftir annað bent á tilfinnanlegan skort á upplýsingum um verzlunina og talið brýnna úrbóta þörf. Þá þáltill., er hér er flutt, ber að skoða í ljósi þessa.

Það er eðlilegt, að ríkisvaldið styðji verzlunina í því að safna frumupplýsingum um ýmsa þætti verzlunarinnar, sem opinberir aðilar hafa ekki komizt yfir að vinna, auk þess sem mikill akkur væri í að koma á staðlaðri upplýsingasöfnun á breiðum grundvelli innan verzlunarinnar sjálfrar í því skyni að geta fengið ferskar og sambærilegar upplýsingar um stöðu verzlunarinnar og þróun, þegar taka á mikilvægar ákvarðanir í verzlunarmálum. Auk þess eru ýmis atriði, sem varða almennan fróðleik, eins og um breytingu á skipulagsuppbyggingu verzlunarinnar, vörudreifingu um landið o. fl. Nú er verzlunin mjög margþætt grein, bæði með tilliti til mismunandi verzlunarstiga, verzlunarforma og tegunda vöru og þjónustu. Æskilegt væri, að allir aðilar verzlunarinnar gætu sameinazt um rekstur upplýsinga- og rannsóknarmiðstöðvar viðskiptalífsins og að þetta verði sérstök stofnun, sem fjármögnuð verði með fjárframlögum frá samtökum verzlunarinnar og hinu opinbera. Einnig kemur sterklega til greina, að þessi starfsemi verði tengd viðskiptadeild háskólans með einum eða öðrum hætti. Viðskiptadeild gæti t. d. átt aðild að stjórn stofnunarinnar eða tekið að sér að vinna tiltekin verkefni á hennar vegum. Mér er kunnugt um, að í a. m. k. bæði Noregi og Danmörk hefur hið opinbera veitt fjárframlög til upplýsingasöfnunar og rannsóknarstarfsemi verzlunarinnar.

Hér er ekki unnt að greina í smáatriðum, í hverju starfsemi rannsóknarmiðstöðvar viðskiptalífsins yrði fólgin, en til frekari glöggvunar á, hvað fyrir flm. þáltill. vakir, má nefna eftirfarandi atriði:

1. Að gera sams konar yfirlit yfir rekstur verzlunarinnar, helzt á ýmsum þáttum hennar aðgreindum, og Efnahagsstofnunin og væntanlega Framkvæmdastofnun ríkisins hafa gert fyrir sjávarútveg, iðnað og að nokkru leyti landbúnað.

2. Að gera yfirlit yfir fjölda heildverzlana og smásöluverzlana eftir veltu, fjölda starfsmanna, launagreiðslum, sköttum og gjöldum af ýmsu tagi, vöruflokkum, birgðamagni, starfs-

þáttum og þess háttar, auk þess sem kannaðar yrðu árabreytingar á framangreindum liðum með tilliti til mismunandi verzlunarstarfsemi.

3. Að flokka fyrirtækin eftir rekstrarformi og eignaraðild, svo og að kanna stofnun og slit fyrirtækja.

4. Að kanna skiptingu verzlunar í heildsölu og smásölu milli ríkisfyrirtækja, samtaka framleiðenda, Sambands ísl. samvinnufélaga og einkaaðila, eftir því sem við á. Að kanna vörudreifingu um landið og hvernig henni verði bezt hagað með tilliti til heilbrigðrar byggðaþróunar. Er það að mínum dómi mjög mikilvægt verkefni og snertir einmitt það málefni, sem hér var til sérstkrar umr. fyrir nokkrum dögum, en það var kostnaður við vörudreifingu um landið og hin misjafna aðstaða, sem fólk í landinu býr við í þeim efnum.

5. Að gera könnun á mismunandi dreifileiðum, bæði með tilliti til innfluttrar vöru og vöru framleiddrar innanlands. Einnig yrði gert yfirlit yfir, hvernig fjármögnun á mismunandi starfsháttum fer fram og hvaða greiðsluskilmálar eru á mismunnadi stigum í keðjunni frá framleiðanda til hins endanlega neytanda. Að gera samanburð á hliðstæðri starfsemi erlendis, eftir því sem kostur er á. Einnig að gera till. um skynsamlega flokkun á verzluninni með tilliti til framtíðarkannana, sömuleiðis að vinna eftir þessari flokkun og gera till. um staðlaða gerð framleiðslueyðublaða og könnunargagna með tilliti til þess, að handhægar upplýsingar fáist og úrvinnsla þeirra verði sem greiðust, m. a. með því að miða hana við notkun rafreikna. Eðlilegt er, að hér sé höfð náin samvinna við Hagstofu Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Seðlabanka Íslands og ríkisskattstjóra, svo að helztu aðilar séu nefndir. Má svo að lokum geta um, að út verði gefnar upplýsingar reglulega um verzlunina í landinu.

Með samþykkt þeirrar till., sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flm. till eru sannfærðir um, að nægja mundi til, að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verzlunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðra aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þegar þessari umr. verður frestað, verði till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hafnalög, frv. (þskj. 83). — Frh. 1. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var síðast til umr., og má segja, að tilefnið hafi ekki verið mikið, en ætlunin var að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. Í grg. þessa frv. til nýrra hafnalaga stendur um 7. gr.

„Á þessari gr. er sú mikilsverða breyting gerð frá gildandi l., að ríkissjóður greiðir nú 75% stofnkostnaðar við bryggjur og viðlegukanta, svo og siglingamerki."

Ég hef alltaf litið svo á, að samkv. 6. gr. l. hafi átt að greiða 75% af stofnkostnaði við viðlegukanta, sem gerðir eru innan á hafnargarða, en þar stendur í lögunum, með leyfi hæstv. forseta: „75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu." Nú var nokkur ágreiningur um það um skeið, hvernig ætti að skilja þetta ákvæði og hvort greiða ætti 75% eða 40% út á legukanta, sem byggðir eru innan á öldubrjót. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að rn. hafi verið búið að ákveða þá lögskýringu, að það skyldi greiða 75% út á þessa viðlegukanta. Ég byggi þessa fsp. á viðtölum, sem ég hef átt við starfsmenn í samgrn., en vil samt gjarnan fá svar við þessu frá hæstv. ráðh., ef hann er viðbúinn að veita það. En auðvitað má vera, að hann hafi ekki kynnt sér það mál til hlítar og geti ekki svarað því á stundinni, en ég vildi samt gjarnan fá svar við þessu nú eða síðar og hef svo ekki meira um þetta að segja.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að allir þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, séu á einu máli um, að í 7. gr. hafnalagafrv., eins og hún er nú orðuð, felist veruleg rýmkun frá gildandi hafnal. Hér segir, að nú skuli ríkissjóður greiða 75% stofnkostnaðar við bryggjur og viðlegukanta, svo og siglingamerki. Hingað til hefur verið litið svo á, að 75% ákvæðið gilti einungis um þá hafnargarða, sem væru öldubrjótar og útmannvirki hafna, og hefur það, hvort greiða ætti 75% til annarra mannvirkja, ekki valdið ágreiningi, svo að mér sé kunnugt um, nema þegar um hefur verið að ræða viðlegukanta innan á öldubrjótum, sem samkv. gildandi hafnal. eiga að njóta 75% framlags, hvort það ætti þá að reikna undir 75% framlag einnig það mannvirki, sem kæmi innan á öldubrjót. En samkv. frv. verður 75% framlag frá ríkinu án tillits til þess, hvort viðlegukantarnir eru í sambandi við öldubrjót eða ekki, hvort sem þeir eru við ytra eða innra mannvirki hafnar, þá verða viðlegukantar nú undir 75% ákvæðinu. Þetta er í raun og veru ein meginbreyting þessa frv., sem færir fjárhagslegar byrðar yfir á ríkið frá sveitarfélögunum og gerir það alveg óruggt, að allar bryggjur og viðlegukantar falla nú undir 75% regluna, en ekki var talið áður, að svo væri, nema þegar um var að ræða öldubrjóta sem útmannvirki hafna.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í þeim hafnalögum, sem giltu fram til ársins 1963, mun hafa verið ákvæði þess efnis, að verbúðir voru taldar til hafnarmannvirkja og nutu sem slíkar aðstoðar frá ríkissjóði. Með þeim l., sem enn eru í gildi og nú er lagt til að breyta, var þetta ákvæði fellt niður.

Öllum er kunnugt um hið langa og sögulega hlutverk verbúða hér á landi, en ég geri ráð fyrir, að 1963 hafi verið talið, að þörf fyrir þær væri minnkandi og því ekki sama ástæða og fyrr til að telja verbúðir til hafnarmannvirkja og veita þeim styrk af opinberu fé.

Reynslan hefur hins vegar sýnt, að þörf er enn rík fyrir verbúðir í verstöðvum umhverfis allt landið. Á þetta bæði við um starfsaðstöðu í landi fyrir bátana eða veiðiskipin sjálf og ekki síður um mannabústaði, því að enn gerist það í stórum stíl, að fólk flytur sig á milli staða, fer til útgerðarbæjanna á vertíðum og starfar þar um skeið, þótt það hafi fasta búsetu annars staðar. Mér er kunnugt um verstöðvar í mínu kjördæmi, þar sem þetta hefur orðið allveigamikið vandamál. Sveitarfélög hafa orðið að leggja í mikinn kostnað, svo að skiptir millj. kr., til þess að koma upp verbúðaaðstöðu, og hefur ástandið þó verið þannig, að vertíð eftir vertíð, þegar sæmilega og betur hefur aflazt, hefur verið skortur á fólki á þessum stöðum, en miklum vandkvæðum háð að fá aðkomufólk, vegna þess að ekki var nein aðstaða til að útvega því húsnæði. Við þetta má raunar bæta þeirri staðreynd, að lífskjör þjóðarinnar hafa batnað svo mikið, að engum dytti nú í hug annað en að bjóða vertíðarfólki sómasamlega aðstöðu. Eru því slíkar byggingar nú á dögum allmiklu dýrari að tiltölu við verðlag heldur en þær voru fyrir fáum áratugum.

Mér virðist sem ekki sé gerð sú breyting með því frv. ríkisstj., er hér liggur fyrir, að verbúðir séu aftur teknar í tölu hafnarmannvirkja og þar af leiðandi gerðar styrkhæfar, enda þótt allmikið hafi verið um þetta rætt og ýmsir sveitarstjórnarmenn hafi kvartað undan erfiðleikum sínum í sambandi við að leysa þennan vanda. Ég vil því leyfa mér að beina þeim spurningum til hæstv. ráðh., hvort þetta mál hafi borið á góma við undirbúning frv. og hvort ríkisstj. hafi tekið um það ákvörðun að bæta verbúðum ekki aftur í tölu hafnarmannvirkja. Ég vil enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkrar hugmyndir eða nokkur áform séu uppi um aðra lausn á þessum vanda sveitarfélaganna, ef það er ekki talið fært af einhverjum ástæðum, fjárhagslegum eða öðrum, að telja verbúðir til hafnarmannvirkja, eins og einu sinni var gert.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, að um visst tímabil var ákvæði í hafnal. um það, að verbúðir skyldu teljast styrkhæf hafnarmannvirki. Síðan var þetta fellt úr l., og mun ástæðan til þess hafa verið sú, að það taldist orka mjög tvímælis, hvort íbúðir fyrir sjómenn gætu talizt hafnarmannvirki í sjálfu sér, hvort slíkt verkefni væri ekki frekar á verksviði útgerðarmanna á stöðunum eða út-

gerðarmanna og sveitarfélaga. að standa undir slíkri útvegun íbúðarhúsnæðis fyrir aðkomusjómenn.

Þetta ákvæði var notað, á meðan það var í gildi, á nokkrum stöðum, og varð auðvitað til þess að leysa úr þörf, og ég hygg, að þeir, sem reynslu hafa af þessu ákvæði, mundu gjarnan vilja fá það inn aftur.

Vitanlega var þetta rætt í mþn., sem endurskoðaði nú hafnal., og menn töldu þetta álitamál. En niðurstaðan varð sú að taka þetta ekki inn í frv., og rn. hefur ekki gert till. um það heldur. Þannig er það rétt. að það er ekki í frv. nú. Hins vegar liggja fyrir, eins og ég gat um í framsögurræðu minni, allmargar till. frá Hafnasambandi sveitarfélaga, frá þingi þess á Akureyri núna í sumar, og hafa örfáar þeirra verið teknar inn í frv., eins og það liggur núna fyrir, þær sem talið var, að væri alveg sjálfsagt að taka með í frv. En að öðru leyti gerði ég ráð fyrir, að till. Hafnasambandsins mundu í heild fara til þeirrar n., sem fær frv. til meðferðar, sem mun verða fjhn., að ég hygg. 7. till. Hafnasambandsins er um það, að við upptalningu undir 2. tölul. í 7. gr. bætist: „hafnarskemmur, verbúðir." Þessi till. fer því ásamt öllum öðrum till. Hafnasambandsins til hv. n., sem fær frv. til meðferðar, og tel ég það standa opið til ákvörðunar, hvort taka skuli hið gamla ákvæði inn aftur, og er þá till. um, að hafnarskemmur komi þar líka. Væri vitanlega mikil réttarbót fyrir sveitarfélögin, ef þetta yrði tekið inn og þar með a. m. k. ákveðið 40% framlag til slíkrar mannvirkjagerðar. En þetta tel ég sem sé til athugunar fyrir hv. n. ásamt öllum öðrum till. Hafnasambandsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það bar til hér á hv. Alþ. á s. l. vetri, að a. m. k. einn hv. þm. taldi ástæðu til þess héðan úr ræðustól að vekja athygli þingheims á því, hversu þm. almennt gegndu litt þeirri þingskyldu sinni að sitja hér undir umr. á hv. Alþ. Mér kom þessi aths. í hug, þegar ég s. l. miðvikudag sat undir umr. um þetta mál, að því er ég kalla stórmál, og undir þessum umr. sátu þá 3—5 þm. og í þeim hópi var a. m. k. ekki sá hv. þm., sem með þessa aths. var á s. l. þingi.

Ég segi stórmál, þegar ég tala um þetta mál. Ég er ekki viss um, að allir hv. þm. hafi gert sér grein fyrir því, hversu geysilega stórt og þýðingarmikið þetta mál er og mun verða eftir þeirri afgreiðslu, sem það fær, fyrir hina ýmsu hafna- og sveitarsjóði víðs vegar í kringum landið. Ég held, að hvorki hæstv. ráðh., sem fylgdi þessu máli úr hlaði s. l. miðvikudag, né hv. 2. þm. Vestf., sem þá talaði einnig, hafi á neinn hátt tekið of stórt upp í sig, þegar þeir gerðu grein fyrir þeim geysilegu fjárhagsvandræðum, sem hafnarsjóðir og sveitarfélög og þá sérstaklega hin smærri sveitarfélög og staðir eins og sjávarþorp eiga við að etja varðandi þá bagga, sem hafnarframkvæmdir hafa bundið þessum sveitarfélögum á s. l árum.

Það má raunar segja, að það megi skipta efnisatriðum þessa frv. í tvennt: annars vegar þann þátt, sem gerir ráð fyrir aukinni þátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum, eftir að lög þessi öðlast gildi, og hins vegar varðandi það bráðabirgðaákvæði, sem í frv. er og gerir ráð fyrir, að gerðar skuli sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir. Hvort tveggja þessara efnisatriða er mikilvægt, og þó að fyrra atriðið, sem ég nefndi, sé í mínum augum mikilvægt, vil ég alveg sérstaklega undirstrika það, að hið síðara er ekki síður mikilvægt fyrir þá staði, sem á undanförnum árum hafa lagt geysilegar fjárhæðir í byggingu hafnarmannvirkja og fá ekki, — ég segi alls ekki, — undir þeim risið.

Ég sagði áðan, að ég væri ekki viss um, að allir hv. þm. hefðu gert sér grein fyrir, hversu geysilegt vandamál hefur verið og er hér á ferðinni. Ég hygg þó, að þeir geti fengið nokkra innsýn í það mál, þegar þeir lesa fskj. með þessu frv. og þegar þeir lesa á bls. 17 töflu 3, sem sýnir afborganir og vexti af föstum lánum á hvern íbúa á tilteknum stöðum, sem þar eru nefndir. Ég vil þó í því sambandi, að því er þá töflu varðar undirstrika það, að þar er um að ræða tveggja ára gamlar tölur, sem hafa geysilega mikið breytzt til hækkunar frá þeim tíma, sem taflan er gerð. Sem dæmi vil ég nefna t. d. stað eins og Bolungarvík. Þar er gert ráð fyrir, að það séu tæpar 4000 kr. á íbúa árið 1970, en að því er ég bezt veit, nú á þessu ári um 7000 kr. á íbúa. Ég hef í höndum tölur varðandi þessi atriði, um greiðsluhlutfall nokkurra hafnar- eða sveitarsjóða á Vestfjörðum, nýjustu tölur frá þessu ári, sem ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að fara hér um nokkrum orðum.

Þarna er annars vegar um að ræða brúttótekjur viðkomandi sveitarfélags og greiðsluhlutfall, sem viðkomandi sveitarfélag þarf að standa skil á vegna skuldbindinga að því er viðkomandi höfn varðar. Ég nefni í fyrsta lagi stað eins og Patreksfjörð. Þar var greiðsluhlutfall af heildartekjum sveitarsjóðs á árinu 1971 41% vegna þeirra skuldbindinga, sem viðkomandi höfn lagði sveitarfélaginu á herðar. Ég nefni Bíldudal, þar sem 52% af heildartekjum sveitarfélagsins þurfti til þess að standa skil á þeim klyfjum, sem hafnarframkvæmdir höfðu lagt þeim bæ á herðar. Ég nefni Þingeyri, sem þurfti 69% af heildartekjum sveitarsjóðs á árinu 1971 til þess að standa straum af þeim álögum, sem hvíldu á hafnarsjóði eða sveitarfélaginu vegna hafnarframkvæmdanna. Ég nefni stað eins og Suðureyri, sem þurfti 69% af heildartekjum sveitarsjóðsins til þess að standa skil á öllum skuldbindingum varðandi höfnina. Ég nefni stað eins og Bolungarvík, sem þurfti 99% af heildartekjum sveitarsjóðs á árinu 1971 til þess að standa við skuldbindingar sínar að því er höfnina varðaði. Og ég nefni í síðasta lagi Súðavík, sem þurfti 170% miðað við heildartekjur sveitarsjóðs á árinu til þess að geta staðið í skilum með skuldir og lán, sem hvíla á því byggðarlagi vegna hafnarframkvæmda.

Ég hygg, að þessar tölur gefi hv. þm. glögga mynd af þeim geysilegu vandkvæðum og vandræðum, sem hinir ýmsu sveitar- og hafnarsjóðir víðs vegar í kringum landið eru í vegna þessara dýru hafnarframkvæmda. Og að mínu mati skiptir miklu máli, hvernig verður farið með

það bráðabirgðaákvæði, sem í frv. er, til þess að létta greiðslubyrði einmitt þessara sveitar- og hafnarsjóða, sem búnir eru að leggja í framkvæmdir á undanförnum árum og standa með þessar drápsklyfjar, sem ég vil kalla, vegna hafnarframkvæmdanna. Það er augljóst mál, að í sveitarfélögum, þar sem svona er í pottinn búið, sitja allar aðrar félagslegar framkvæmdir gersamlega á hakanum og hafa gert. Það er ekki einungis, að það sé ekki hægt að standa í skilum með áhvílandi lán og skuldbindingar vegna þessara dýru hafnarmannvirkja, heldur hitt til viðbótar, að það liggja gersamlega dauðar allar aðrar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins vegna þessara þungu bagga. Ég held því, að sú mynd, sem upp hefur verið dregin varðandi þetta atriði, sé sizt of dökk.

Það er brýn þörf á því, að það verði að verulegu leyti létt undir með þessum sveitarfélögum, eftir að þetta frv. hefur náð fram að ganga, sem ég vona og legg áherzlu á, að verði fyrir þinglok, — þannig að þeir baggar, sem á þessi sveitarfélög verða settir eftir afgreiðslu frv., verði ekki þyngri en svo, að þau fái vel undir þeim risið.

Umr. frestað um stund.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 37 felld með 17:6 atkv.

Brtt. 89 felld með 17:15 atkv.

1. gr. samþ. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JónasÁ, KP, SBl, MK, SV, StJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, GilsG.

nei: MB, BrS.

BGr, EBS, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, ÓE, PJ, PS, RH, SvH greiddu ekki atkv.

7 þm. (BGuðn, FÞ, IG, JsK, Mán, ÓlJ, PP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 83). — Frh. 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég get tekið undir það með síðasta hv. ræðumanni, að hér er vissulega um stórt og viðamikið mál að ræða og það stefnir í átt til hagræðis fyrir sveitarfélögin, ef stjórnvöld hafa fjármagn til þess að standa undir þeim aukna kostnaði, sem ríkissjóður með frv. tekur á sig miðið við fyrri og gildandi lög.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að lesa frv. eins ítarlega og ég gjarnan hefði viljað og ekki heldur að kynna mér till. Hafnasambandsins, en hef þó farið yfir frv. og staldrað við nokkrar gr. þess. Mér sýnist, að enn eimi of mikið eftir af þeim anda, sem var í því frv., sem lagt var fyrir Alþ., ef ég man rétt, 1967 eða 1968, og þá mjög að því stefnt að draga sem mest valdið frá sveitarfélögunum og hinum einstöku hafnarstjórnum og færa það yfir til vitamálaskrifstofunnar. Þá var að vísu mjög dregið úr þessum ákvæðum við afgreiðslu málsins hér, bæði í þeirri n., sem þá hafði það til meðferðar, — ef ég man rétt, var það sjútvn., — og eftir að það kom hingað inn í d. til 2. og 3. umr. Þó tel ég, að því miður sé enn of mikið eftir af þeim anda, að vitamálaskrifstofan eigi að taka á sig raunverulega alla forsjá hafnanna.

Ég vil benda á það, að t. d. í 3. gr. er ákvæði um það, að bæjar- og sveitarfélög og hafnarstjórnir þurfa að sækja um leyfi til ráðh. og fá fyrir því samþykki hafnamálastjóra, að þær megi sjálfar framkvæma þær hafnarframkvæmdir, sem ákveðnar hafa verið. Það má vel vera, að þetta sé nauðsynlegt á einstaka stöðum, ef hafnarstjórnir hafa ekki aðstöðu til þess að vinna þær framkvæmdir, sem þær vilja láta gera í sínu sveitarfélagi. En a. m. k. er mér kunnugt um það, að á einstaka stöðum á landinu hafa hafnarstjórnirnar þá aðstöðu og eru það vel búnar tækjum, að þær geta mjög vel tekið að sér yfirleitt allar framkvæmdir, sem gera þarf í höfninni. Ég tel því, að það sé ástæðulaust að binda þetta eins ákveðið og gert er í frv., að það skuli endilega þurfa að fá leyfi viðkomandi ráðh. og leyfi hafnamálastjórnar til að annast þær framkvæmdir, sem báðir þessir aðilar eru fyrirfram búnir að samþykkja, því að það liggur ljóst fyrir samkv. gildandi l. og einnig samkv. þessu frv., að hafnarsjóðir þurfi að fá samþykki beggja þessara aðila, ef um styrkhæfar framkvæmdir er að ræða. Við það tel ég ekkert að athuga. Það er að mínum dómi eðlilegt, að um styrkhæfar framkvæmdir gildi sú regla, að viðkomandi aðilar, yfirstjórn þessara mála, þurfi að veita samþykki sitt fyrir þeim. En um framkvæmdir gildir að mínum dómi annað. Þar á það að vera alveg á valdi hafnarstjórna, hvort þær vilji sjálfar annast þessar framkvæmdir, bjóða þær út eða æskja þess, við Hafnamálaskrifstofuna, að hún annist framkvæmdirnar.

Þá benti hv. 8. landsk. þm. á það, að úr 7. gr. hefði verið felld niður ein framkvæmd, sem áður var styrkhæf samkv. gildandi hafnal., en það eru verbúðir, og er þetta rétt. Ég tel, að það sé mjög hæpið að gera slíka breytingu nema skoða málið mjög vel áður.

Ég flutti á næstsíðasta þingi till. um það, að holræsi innan hafnarsvæðisins yrðu tekin upp sem styrkhæfur liður samkv. hafnal. Sú till. náði þá ekki fram að ganga, og var helzt bent á það sem rök móti því, að þetta væri hreinlega mál sveitarstjórna, en kæmi hafnarstjórnum lítið við. Nú hafa að mínum dómi mál skipazt þannig, að ég tel, að þetta sé orðið mjög eðlilegt. Eftir að menn fóru almennt að átta sig á þeirri mengun, sem alls staðar á sér

stað nú orðið og mikið er um rætt, bæði á legi, landi og í lofti, þá er það orðið mjög eðlilegt, að það verði gert beint átak í mörgum höfnum landsins til þess að koma holræsakerfinu út úr höfnunum. Ég tel því, að það sé full ástæða til þess, að einmitt þetta atriði verði tekið beint inn í hafnalög, að slíkar framkvæmdir verði gerðar styrkhæfar, því að þetta er vissulega orðið mikið vandamál hjá mörgum höfnum, hvernig á að gera þær hreinar, hafa sjóinn þar ferskan og hreinan, eins og hann gæti verið að mestu leyti, ef holræsakerfin enduðu ekki víðast úti í höfnunum.

Þá er það 10. gr., sem ég staldraði við. Þar er gert ráð fyrir því, að hafnamálastjóri geri, að vísu í samráði við hafnarstjórnir, till. um eða áætlun um hafnarframkvæmdir til fjögurra ára í senn. Ég hefði talið viðfelldnara, að hver höfn fyrir sig gerði þarna sínar eigin till. um framkvæmdir og þyrfti þá auðvitað að hlíta samþykki og viðurkenningu hafnamálastjóra og viðkomandi rn., eins og þær reyndar þurfa samkv. öðrum ákvæðum laganna, ef um styrkhæfar framkvæmdir er að ræða. Ég tel alveg hiklaust, að heimamenn á hverjum stað viti bezt, hvar skórinn kreppi að, og þeir geti gert þar mjög gagnlegar ábendingar, þó að Hafnamálaskrifstofan tæki síðan við að útfæra hugmyndir og gera um þær kostnaðaráætlun, sem hún hlyti að gera, ef um styrkhæfar framkvæmdir er að ræða. En frumkvæðið tel ég, að sé eðlilegt að hafa heima í héraði hjá hverri einstakri höfn, þaðan komi hugmyndirnar um uppbyggingu hafnanna. Ég tel, að forsvarsmenn margra hafna hafi á bak við sig áratugareynslu í sambandi við hafnarmannvirki í sínu byggðarlagi og hafi við þessa reynslu vissulega orðið mjög til þess hæfir að koma fram með ábendingar um, hvernig þeir telja, að málum sé bezt farið á hverjum stað.

Þá er það í 12. gr., þ. e. í næstsíðustu mgr., að gjöld til hafnarsjóðs samkv. 1. tölul. a—d skuli ákveðin af rn. Þetta er ekki svo, ef ég man rétt, í gildandi hafnal. Þar eru það hafnarstjórnirnar sjálfar og sveitarstjórn, sem gefa út gjaldskrár, sem auðvitað þurfa staðfestingar rn. Ég vil ekki taka þetta atriði úr höndum hafnarstjórna eða sveitarstjórnarmanna, og ég er satt að segja ekki viss um, að þessu verði öðruvísi betur fyrir komið, því að ég held, að það verði ekki gefin út ein allsherjargjaldskrá fyrir allar hafnir á landinu. Ég hygg, að aðstaða í höfnum sé svo mismunandi, að það verði að vera mat heimamanna, hvað þeir vilja leggja til um gjaldskrá fyrir hina ýmsu þjónustu á sínum stað. Ég hygg, að það færi bezt á því og að það sé ekki eðlilegt að draga þetta úr höndum sveitarstjórnarmanna, þar sem það er nú, og færa það yfir um til stjórnvalda hér í höfuðborginni.

Þá er í 16. gr. ákvæði um, að óheimilt sé án samþykkis rn. að selja eða veðsetja eða leigja eignir hafnarsjóðs, þær sem notið hafa ríkisstyrks. Ég tel, að þetta þurfi nokkuð að skoðast betur, og mundi hafa kosið, að annað orðalag hefði verið á þessu. Það getur vel verið, að þarna sé eðlilegt, að nokkurt eftirlit sé með, en að binda það jafnfast um allar smærri og stærri eignir hafnarsjóðanna eins og gert er í þessari gr., það tel ég ekki eðlilegt og tel, að það mætti betur fara, ef gr. yrði nokkru frjálslegar orðuð gagnvart aðstöðu hafnarstjórna og sveitarstjórna en gert er ráð fyrir í frv.

Í kaflanum um hafnabótasjóð er að finna í 19. gr., að stjórn hans skuli heimilt að veita styrki til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrra hafnarmannvirkja, eða af annarri gildri orsök. Með þessu ákvæði getur ríkisframlagið, skilst mér, orðið allt að 90%, ef um vissar framkvæmdir er að ræða. Það er auðvitað matsatriði, hvað ríkisvaldið eða stjórnvöld treysta sér til þess að leggja mikið fé fram til einstakra framkvæmda. En ég staldraði við þetta ákvæði um sjóðinn. Mér er tjáð, að það sé fjvn., sem sé í sambandi við stjórn hafnarbótasjóðs, — ég er ekki kunnugur því en mér er tjáð, að svo sé, — en þá kemur þarna vissulega til mjög viðkvæmt matsatriði, hvaða hafnir umfram aðrar eiga að heyra undir þennan 3. tölul., sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða. Ég held því miður, að það sé þannig, að flestallar, ef ekki nær allar hafnir á landinu utan Reykjavíkurhafnar eigi við fjárhagsörðugleika að stríða, jafnvel þær hafnir, sem hafa háar gjaldskrár og áður hafa um langt árabil getað staðið undir skuldbindingum sínum með þeim gjöldum og eftir þeirri gjaldskrá, sem þar hefur verið. Ég hygg, að þannig sé komið hjá mörgum þeirra, að vegna verðlagshækkana, sem hafa orðið örari kannske en breytingar á gjaldskránum, séu flestar hafnir á landinu komnar í þá aðstöðu, að það sé hægt með fullum rökum að segja, að þær eigi við verulega fjárhagsörðugleika að stríða. Þarna yrði því beint matsatriði stjórnar sjóðsins, sem er þá fjvn., að taka út einstakar hafnir og gera þær styrkhæfar að 90%, miðað við 75% hjá öðrum höfnum, og hygg ég, að þar geti orðið um mjög vandasamt verk að ræða, ef réttilega ætti á því máli að halda og fullnægja réttlætinu í öllum atriðum. Þetta orðalag er einnig tekið upp í bráðabirgðaákvæði frv., þar sem gera skal sérstakar ráðstafanir til þess að létta greiðslubyrði. Þar er talað um hafnir, sem eru verst settar. Þetta kemur fram einnig í bráðabirgðaákvæðinu, og gildir um það alveg það sama, sem ég sagði um 15% aukaframlagið, að þetta hlýtur að verða matsatriði og að mínum dómi mjög erfitt matsatriði, ef fullnægja á öllu réttlæti í þessu sambandi.

Ég vil svo nota tækifærið og leiðrétta hér það, sem segir í grg. með till. um 3. gr., næstsíðustu mgr., þar sem sagt er, að „í mörgum tilvikum er hins vegar um framkvæmdir að ræða, sem krefjast sérhæfðs tækjakosts, svo sem dýpkunarskipa á borð við Gretti og Hák, sem hérlendis eru einungis í eigu Hafnamálastofnunarinnar". Þetta er ekki rétt með farið. Það eru einstaka hafnir úti á landi, sem eiga dýpkunarskip og hafa átt þau í 40 ár, svo að það má heita næsta furðulegt, að þetta skuli hafa farið fram hjá þeim aðilum, sem frv. sömdu og áreiðanlega hafa verið í mjög nánu

sambandi við Hafnamálastofnunina. Ég vil leiðrétta þetta atriði, sem er mjög mikilvægt í sambandi við uppbyggingu hafnanna. Það á ekkert að vera til fyrirstöðu hjá einstaka höfnum, að þær geti að öllu leyti unnið að þeim hafnarframkvæmdum og framkvæmt þær hafnarframkvæmdir, sem ráðnar hafa verið. Ég vil geta þess t. d., að umfram Reykjavík, sem heyrir ekki undir þessi lög, er t. d. Vestmannaeyjahöfn, sem á og hefur átt um áratuga skeið öll tæki til hugsanlegra framkvæmda á þeim stað. Hún hefur byggt sig þannig upp, að hún þarf ekkert til annarra að sækja, hvorki með dýpkun hafna né rekstur á járni í hafnirnar eða að öðru leyti, þannig að hún er fullfær um að hafa á hendi allar þær framkvæmdir, sem þar kunna að verða ákveðnar í framtíðinni.

Ég vildi sem sagt við þessa 1. umr. láta þessar aths. við einstakar gr. frv. koma fram, en mun skoða það betur, hvort ég tel ástæðu síðar til að flytja beinar brtt. við einstakar greinar, sem vel má verða, þegar ég hef kynnt mér málið nánar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, en út af orðum, sem mér heyrðist hv. síðasti ræðumaður láta falla, sýnist mér það mjög eðlilegt, að gerð sé allsherjaráætlun um hafnargerð í landinu, enda langt síðan það kom á dagskrá að gera slíka áætlun. Og ég held, að það mætti vel vera til athugunar á næstu tímum að breyta hafnalögunum nokkuð til samræmis við vegal., án þess að ég fari að útlista það nánar, hvað ég á við með því.

Ég get tekið undir mjög margt af því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði hér áðan um fjárhag hafnanna eða hafnarsjóðanna. Hann er víða mjög bágborinn og auðséð, að ýmsir hafnarsjóðir og þeir sennilega nokkuð margir geta alls ekki staðið undir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla, a. m. k. ekki á næstunni. Hitt er hugsanlegt, að þeir tímar komi, þegar hlutaðeigandi byggðarlög eflast og atvinnulíf þeirra, að þarna verði breyting á. En ég tel það mjög til bóta, sem í frv. er um aðstoð við hafnarsjóði, sem eru sérstaklega illa staddir. Og fleira er í þessu frv. til bóta.

Hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur hér núna, — en út af því, að gert er ráð fyrir aðstoð til hafnarsjóða, þá vil ég spyrjast fyrir um það og get þá alveg eins spurzt fyrir um það hjá þeim, sem fjallað hafa um þetta mál í n. eða unnið að undirbúningi þess, hvað þýði 4. tölul. 6. gr. frv., en þar stendur, að eitt af skilyrðunum fyrir greiðslukostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkv. 5. gr. sé, að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum. Hvað þýðir þetta skilyrði? — Hæstv. ráðh. er nú mættur hér. Hvað þýðir þetta skilyrði, sem sett er í 6. gr. frv. fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð, að fyrir skuli liggja athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af láni. Ég vona, að það þýði ekki, að það eigi að útiloka þær hafnir, sem hafa ekki eins og sakir standa möguleika til að standa undir þessum byrðum. En skilyrðið getur náttúrlega þýtt annað, og það væri gott að fá skýringu á því, hvað skilyrðið þýðir.

Það er nú svo, að þó að það sé nauðsynlegt að aðstoða illa stæða hafnarsjóði og ýmsar aðrar umbætur, sem þetta frv. felur í sér, þá verða menn að gæta að því að taka ekki allt of margar tegundir af framkvæmdum inn í hafnalögin. Hafnal. eiga fyrst og fremst að vera um hafnir, um uppbyggingu hafna og rekstur þeirra, en ef farið er að taka inn í lögin t. d. íbúðabyggingar, eins og einu sinni var í lögum, þá getur það haft þær afleiðingar, að það fé verði minna, sem til sjálfrar hafnargerðarinnar kemur, og líka nokkur vandi að koma í veg fyrir, að slík framlög verði misnotuð, sannast að segja. Þess vegna finnst mér, að það eigi að greina glögglega á milli þess, sem í raun og veru eru hafnarframkvæmdir, og annarra hluta, sem líka geta verið góðir, en á þá að leysa á annan hátt. Ef á að taka inn í hafnalög fjárframlög til annarra framkvæmda, sem eru höfnunum meira og minna óviðkomandi, þá er það ekki hafnagerð í landinu til framdráttar, heldur þvert á móti.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar við spurningu, sem ég kom fram með hér áðan, að vísu óformlega. Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að í 7. gr. frv. er um rýmkun að ræða á þeim ákvæðum, sem nú gilda. En spurningin, sem ég lagði fram, var varðandi greiðslur út á viðlegukanta, sem byggðir hafa verið innan á öldubrjóta. Í lögum eru ákvæði um, að út á öldubrjóta skuli greiða 75%, en nokkur ágreiningur um það, hversu skilja beri ákvæði l. um það, ef byggður er viðlegukantur innan á öldubrjótinn. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei verið í neinum vafa um þetta og lét það koma fram, þegar þetta mál var til umr. fyrir nokkrum árum, að það ætti einnig að greiða 75% á viðlegukant. Nú er mér kunnugt um, að þetta var til umr. jafnvel árum saman í samgrn. og það áður en núv. hæstv. ráðh. tók við, og ég veit ekki betur en að á það hafi verið fallizt að greiða á nokkrum stöðum 75% út á viðlegukanta, sem hafa verið byggðir innan á öldubrjóta. Og ég get tilgreint þá staði, því að mér er kunnugt um þá. Þetta hef ég skilið svo, að rn. hafi að lokum fallist á lögskýringu okkar, sem vorum þeirrar skoðunar, að greiða ætti 75% út á viðlegukantana, sem byggðir væru innan á öldubrjótana. En hafi ekki verið felldur úrskurður um þetta almennt hjá rn., þá hafa einhverjir undarlegir hlutir gerzt aðrir, sem verður þá að athuga á öðrum vettvangi. Ég held, að þetta hafi verið svona, að rn. hafi fallizt á það, að lögskýring mín og ýmissa annarra á 6. gr. núgildandi laga um greiðslu út á viðlegukantana hafi verið rétt. En það má vera, að hæstv. ráðh., sem ekki er nú búinn að stjórna rn. mjög lengi, hafi ekki fengið upplýsingar um þetta mál frá öndverðu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir vinsamleg orð hans um verbúðavandamálið, sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu. Ég fagna því, sem hann skýrði frá, að þetta atriði muni koma til athugunar

í n., enda væri þangað komið erindi varðandi verbúðir frá Hafnasambandinu.

Ég get vel fallizt á, að deila megi um, eins og hæstv. ráðh. benti á, hvort bygging verbúðar sé verkefni fyrir útgerðarmenn og sveitarfélög eða hafnarstjórnir. Þar sem ég þekki til, mundi ekki veita af sameiginlegu átaki allra þessara aðila, og þaðan er mjög sótt á um opinbera aðstoð við lausn á þessu vandamáli.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að varhugavert væri að setja of mikið af mannvirkjum í hafnalög, því að svo gæti farið, að þá yrðu framlögin til sjálfrar hafnargerðarinnar sem því nemi minni. Þetta er að sjálfsögðu matsatriði, og mætti þá benda á ýmislegt, sem er þegar í frv., er gæti haft mikil áhrif í þessa átt. Hafa menn gert sér grein fyrir því, hvað það gæti þýtt, að ríkið ætlar að borga 40% af stofnkostnaði við þurrkví. Ef einhver af stærri höfnum úti á landinu ákvæði að koma upp þurrkví, sem dygði fyrir mestallan íslenzka flotann, yrði það mannvirki, sem mundi kosta tugi, ef ekki yfir 100 millj. kr. Orðið „löndunarkranar" hefur vissa merkingu í hugum okkar, sem fjöllum að mestu leyti um fiskihafnir. En orðið löndunarkrani gæti orðið býsna dýrt, þegar iðnaður fer að dreifast út um landið. Ef reisa ætti t. d. einhvers staðar á Norðausturlandi höfn fyrir álver, gæti verið, að löndunarkranarnir í þeirri höfn yrðu dýrir, þegar ríkið ætti að fara að greiða 40% af þeim. Allt eru þetta matsatriði, og ég vil benda á, að mannabústaðir fyrir það fólk, sem verður að flytjast á milli byggðarlaga til að vinna við útgerð og fiskvinnslu á vertíð, eru ekki ónauðsynlegri en flest önnur mannvirki við hafnir.

Ég get þannig fallizt á, að það sé matsatriði, hvort verbúðirnar eigi að vera í l. og njóta opinbers styrks eða ekki. Ég vil gjarnan heyra rök þeirra manna, sem athuga þetta nánar í n., en vil benda sérstaklega á, að verbúðavandamálið er fyrir hendi og það er allerfitt viðfangs fyrir mörg byggðarlög umhverfis landið. Ef Alþ. leysir það ekki í þessum l., þá verður það að leysa það á einhvern annan hátt. Við verðum e. t. v. að setja verbúðir í lög um íbúðabyggingar eða sérstök lög til þess að gera byggðarlögunum kleift að hafa sæmilega góðum verbúðum á að skipa.

Skortur á bráðabirgðahúsnæði er í mörgum þeim byggðum, sem ég þekki bezt til, beinlínis þrándur í götu þess, að fólk flytjist til þessara staða, þar sem vinna er fyrir hendi og góðar tekjur, og þar af leiðandi augljósasta hindrun fyrir því, að ýmis byggðarlög vaxi hraðar en þau gera. Ég vil taka fram, að þegar ég tala um að leysa þetta vandamál, er ég ekki eingöngu að hugsa um beinan ríkisstyrk. Það gæti komið til greina aðstoð við lausn á þessu vandamáli í hagkvæmu lánaformi eða e. t. v. á einhvern annan hátt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka þær vinsamlegu umr., sem orðið hafa um hafnalagafrv., en vildi gjarnan, að umr. nú gæti lokið, svo að það kæmist til meðferðar í n., þar sem áherzla er lögð á það, að frv. nái sem allra fyrst afgreiðslu þingsins.

Út af því, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði hér aðan um, að það væri dregið vald úr hendi hafnarstjórnanna og sveitarstjórnanna með þessu frv., þá vil ég algerlega andmæla því. Ég held, að það finnist ekki í þessu frv. neitt í þá átt. Hins vegar vil ég segja það, að þess er varla að vænta, að mikið sé dregið af valdi ríkisins yfir hafnarmannvirkjum, þegar hlutur ríkisins í fjármagni til hafnarframkvæmda er stórlega aukinn. Það væri að stefna í öfuga átt með þau atriði. Hér er um að ræða aukin fjárframlög af hendi hins opinbera og því ekki gerandi ráð fyrir því, að jafnframt því séu lögleidd ákvæði um að gera samtímis umráð vitamálastjórnar, hafnamálastjórnar og ráðh. eða rn. minni. En samt sem áður er heldur stefnt í þá áttina í þessu frv.

Mér virtist koma fram alger misskilningur hjá hv. 3. þm. Sunnl. varðandi það, að ákvæði um, að verbúðir séu styrkhæfar, sé í gildandi hafnal. Svo er ekki. Það var skýrt tekið fram, bæði af mér áðan og af hv. 8. landsk., að þetta ákvæði hefði á sínum tíma verið í hafnal., en svo fellt niður og hefði ekki verið tekið upp í þetta hafnalagafrv. Það er engan veginn verið að fella það niður úr gildandi hafnal. nú. Það er alger misskilningur. — Ég held, að það hafi verið aðallega þessi atriði, sem ég taldi ástæðu til að leiðrétta.

Svo var hv. 1. þm. Norðurl. e. með fsp. til mín um það, hvernig bæri að skilja 4. tölul. 6. gr. frv. Í upphafi gr. segir: „Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs að láni samkv. 5. gr. eru:" Svo koma tölul. 1, 2 og 3, en spurt er um 4. liðinn: „Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum." Þarna eru heimtaðar upplýsingar um það, hvernig greiðslugetu viðkomandi hafnarsjóðs er háttað, og ég sé ekki, að þetta sé á nokkurn hátt hægt að misskilja. Að fengnum þessum upplýsingum yrði vafalaust að taka afstöðu til þess, hvort hægt væri að samþykkja mannvirkjagerðina eða ekki, að fengnum upplýsingum um greiðslugetu hafnarsjóðsins. Það er engan veginn óeðlilegt, að óskað sé slíkrar vitneskju, áður en ákvarðanir eru teknar um kannske rándýra mannvirkjagerð.

Þessi tölul. er nýr, segir í skýringum með frv., 4. tölul. er nýr og er settur til að skapa aukið aðhald, svo að ekki séu ákveðnar framkvæmdir, sem viðkomandi sveitarfélag geti fyrirsjáanlega ekki risið undir. Þessi liður er settur þar inn af þessum ástæðum og er engan veginn útilokandi samkv. sinni hljóðan, heldur til þess að vitneskja liggi jafnan fyrir um greiðslugetu viðkomandi hafnarsjóðs, áður en mannvirkjagerðin er samþykkt, og það tel ég mjög eðlilegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 21. nóv., kl 2, miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. nóv. 1972.

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Halldór Kristjánsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans því verið skoðað og samþykkt, og býð ég hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs utan dagskrár til þess að geta snúið mér að gefnu tilefni til hæstv. forsrh. eða þess ráðh., sem fer með embætti forsrh. í fjarveru hans, sem mun vera hæstv. utanrrh.

Í Þjóðviljanum nú um helgina og í morgun eru gefnar mjög umfangsmiklar upplýsingar og vitnað í opinbera aðila þeim til stuðnings um vöxt þjóðartekna á liðnum árum og hlutdeild launamanna í vexti þjóðarteknanna. Þessar upplýsingar, sem gefnar eru í blaðinu, er að mínum dómi alrangar og fá ekki staðizt við þær upplýsingar, sem ég hef haft og reyndar allir þm. ættu að hafa aðgang að, og þá á ég sérstaklega við hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, sem var á sínum tíma innan vébanda Efnahagsstofnunarinnar, en Efnahagsstofnunin heyrði undir forsrh. áður og m. a. þann tíma, sem ég gegndi embætti forsrh. Nú er auðvitað mjög hagalegt, ef verulega rangar upplýsingar eru gefnar um slíka hluti á sama tíma sem hér situr á rökstólum þing Alþýðusambandsins. En því er haldið fram, að launamönnum hafi verið mjög naumt skammtað af vexti þjóðarteknanna og svo lítið, að á síðasta áratug hafi orðið aðeins 7% kaupmáttaraukning hjá þeim, þ. e. innan við 1% á ári að jafnaði. Þetta er líka mjög alvarleg ádeila á fulltrúa launþegasamtakanna, sem hafa verið í fyrirsvari fyrir launþegasamtökin á undanförnum árum, ef hægt væri að sýna fram á, að þeir hefðu vanrækt hlutverk sitt svo mjög sem í þessu felst, ef rétt væri. Nú skal ég ekki hefja deilur um þetta á þessum vettvangi, en upplýsingar mínar eru þær, að þjóðartekjurnar hafi frá árinu 1959 til 1971 vaxið um 59.5%, en kaupmáttur atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á sama tíma um 74.4%.

Ég vil nú biðja hæstv. forsrh., en undir hann heyrir hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, að hlutast til um það, að hagrannsóknadeildin léti öllum alþm. í té, — og hún mun geta gert það eflaust án nokkurs fyrirvara, — réttar upplýsingar í þessu máli, og jafnframt, að hún leiðrétti þá þær upplýsingar, sem opinberir aðilar eru bornir fyrir, ef þær eru ekki réttar, eins og ég held fram, að þær séu, m. ö. o., að það komi í dagsins ljós án nokkurrar tafar, hvað rétt er í þessu máli, gagnvart alþm. og þjóðinni í heild.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., er hæstv. forsrh. nú ekki á landinu. Hann er staddur í Kaupmannahöfn á forsrh.-fundi Norðurlanda. Kemur það því í minu hlut að taka við þeirri ósk, sem hv. þm. setti hér fram.

Ég hef ekki í höndum neinar upplýsingar til þess að hefja umræður um það mál, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, enda ekki til þess ætlazt af honum og þá heldur ekki af mér. En ég skal, vegna þess að ég gegni um stundarsakir störfum fyrir forsrh., taka að mér að koma þessum óskum hv. þm. á framfæri.

Kaupábyrgðarsjóður, fsp. (þskj. 75). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. flutti ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. frv. til l. um kaupábyrgðarsjóð. Frv. þetta hlaut ekki formlega afgreiðslu Alþ. þá, m. a. af því, að því er sagt var í þn., að ríkisstj. mundi hafa hug á að tryggja vinnandi fólki þann rétt, sem í frv. okkar hv. 5. þm. Reykn. fólst. Áður en við nú tökum ákvörðun um endurflutning fyrrgreinds frv., taldi ég bæði rétt og skylt að fá svör frá hæstv. félmrh. við þeirri fsp., sem við höfum flutt á þeskj. 71, hvað líði undirbúningi þessa máls.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svarið við spurningunni: „Hvað líður undirbúningi frv. til l. um kaupábyrgðarsjóð eða hliðstæðrar löggjafar?" er já. Það er búið að semja frv. um þetta efni. Það verður frv. til l. um ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota. Þessi lagasmíð, sem gengið var frá alveg til fulls í rn. núna í septemberlokin, er byggð nokkuð á sænskum lögum frá árinu 1970, sem tóku þó ekki gildi þar fyrr en á árinu 1971, einnig með hliðsjón af dönskum lögum, sem gengu í gildi á þessu ári, og auk þess höfðum við í höndum uppkast að frv. til slíkra laga frá Noregi, sem var í smíðum þar á þessu ári. Þetta sýnir, að það er í öllum okkar nágrannalöndum verið að fást við lagasmíð um þetta efni alveg fram á þetta ár, engin reynsla komin af löggjöf í neinu þessara landa, ekki einu sinni í Svíþjóð, þar sem lögin tóku gildi í jan. 1971.

Frv., sem samið hefur verið um þetta efni, hefur síðan verið til umsagnar hjá þeim, sem fara með skipti þrotabúa hér á landi, til þess að athuga, hvort formshlið væri að einhverju leyti ábótavant miðað við íslenzk lög og reglur

varðandi skipti búa. Svör eru nú komin, svo að það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að leggja frv. fram hvenær sem væri.

..**Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson):** Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin og vænti þess fastlega, að ekki líði langur tími þangað til hv. alþm. fá að sjá frv. í því formi, sem ríkisstj. hyggst leggja það fyrir.

Afskipti ríkisstjórnarinnar af fjármálum Ríkisútvarpsins, fsp. (þskj. 86). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 86 til hæstv. menntmrh. um afskipti ríkisstj. af fjármálum Ríkisútvarpsins. Það er spurt um:

„1. Hvaða heimild telur ríkisstj. sig hafa til að skerða tekjur Ríkisútvarpsins, eins og þær eru ákveðnar samkv. fjárhagsáætlun stofnunarinnar, sem Alþ. hefur staðfest?

2. Hvers vegna hefur menntmrh. neitað að ákveða afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps fyrir árið 1972 samkv. till. stofnunarinnar, sem eru lagðar til grundvallar í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins fyrir þetta ár og Alþ. hefur staðfest?

3. Er það stefna ríkisstj., að dregið verði úr rekstrarkostnaði Ríkisútvarpsins með sparnaði m. a. í dagskrárgerð til að mæta þeim tekjumissi á þessu ári, sem sú ákvörðun menntmrh. veldur að ákveða afnotagjöld sjónvarps kr. 3100.00 og afnotagjöld hljóðvarps kr. 1300.00 í stað kr. 3600.00 og kr. 1650.00, eins og lagt var til og Alþ. hefur staðfest í fjárl. fyrir árið 1972?"

Það skal tekið fram, að í útvarpsl. frá 1971, 13. gr., stendur, að Ríkisútvarpið hafi sjálfstæðan fjárhag. Þetta atriði hefur ekki áður staðið í lögum, en þó verið meginlögmál í starfsemi stofnunarinnar í meira en 40 ár. Það segir einnig í lagagr. þessari, að útvarpsstjóri kynni fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir útvarpsráði og sendi hana menntmrh., en Alþ. staðfesti áætlunina endanlega. Þá segir í sömu gr., að menntmrh. ákveði afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps að fengnum till. útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Í sambandi við undirbúning fjárl. fyrir árið 1972 sendi Ríkisútvarpið með bréfi, dags. 28. júlí 1971, fjárhagsáætlun sína til menntmrn. Hér var um að ræða fjárlagatill. fyrir árið 1972, annars vegar fyrir sjónvarpið og hins vegar fyrir hljóðvarpið. Tekjuhlið þessara till. varðandi sjónvarp var að upphæð samtals 175 millj. 800 þús. kr. og var sundurliðuð þannig: Afnotagjöld: 42 þús. afnotagjaldendur á kr. 3600.00 eða 151 millj. 200 þús. kr. Auglýsingar 32.8 millj. Ýmsar tekjur 1 millj. Til frádráttar kom framlag í Byggingarsjóð Ríkisútvarpsins, 5% samkv. lögum, 9.2 millj. Niðurstöðutala teknamegin 175.8 millj. kr. Þessa upphæð nákvæmlega 175.8 millj., samþykkti Alþ. óbreytta í fjárl. fyrir árið 1972. tekjuhlið till. varðandi hljóðvarp var að upphæð 140.6 millj. kr. og var sundurliðuð þannig af hálfu útvarpsins: Afnotagjöld: 60 þús. afnotagjaldendur á kr. 1650.00 eða 99 millj. kr. Auglýsingar 48 millj. kr. Ýmsar tekjur 1 millj. Til frádráttar 5% í Byggingarsjóð Ríkisútvarpsins, 7.4 millj. Niðurstaða 140.6 millj. kr. Þessa upphæð, nákvæmlega 140.6 millj., samþykkti Alþ. óbreytta í fjárl. fyrir árið 1972.

Samkv. þessu hefur Alþ. lagt til grundvallar við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1972, að afnotagjald sjónvarps yrði 3600 kr., en afnotagjald hljóðvarps 1650 kr. Aftur á móti hefur menntmrh. virt þennan vilja Alþ. að vettugi með því að ákveða, að afnotagjald árið 1972 skuli vera fyrir sjónvarp 3100 kr. og fyrir hljóðvarp 1300 kr.

Herra forseti. Hér er um alvarlegt mál að ræða, sem gefur fyllsta tilefni til fsp. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh. um, hvaða heimild ríkisstj. telji sig hafa til að skerða tekjur Ríkisútvarpsins af afnotagjöldum frá því, sem fjárlög gera ráð fyrir. (**Forseti:** Hv. þm. hefur lokið ræðutíma sínum.) Já, ég á eina setningu eftir. (**Forseti:** Fsp. er prentuð á þskj., og það er engin ástæða til þess að lesa hana.) Nei, ég er ekki að lesa hana. Ég spyr einnig, hvað hafi komið ríkisstj. til að fremja slíkan verknað. Og loks spyr ég að því, hvort ríkisstj. hyggist spara á rekstri Ríkisútvarpsins með því að draga úr dagskrárgerð.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vestf. er í rauninni tvíþætt. Í fyrsta lagi er spurt um heimild til að ákveða afnotagjöld Ríkisútvarpsins og hvort handhafi þeirrar heimildar sé bundinn af þeim áætluðu afnotagjöldum, sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins í fjárl. 1972. Í öðru lagi er spurt, hvort það sé stefna ríkisstj., að dregið verði úr rekstrarkostnaði Ríkisútvarpsins með sparnaði, m. a. í dagskrárgerð.

Um fyrri þátt fsp. er það að segja, að í 13. gr. útvarpsl., nr. 19 1971, segir:

„Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntmrh. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Menntmrh. ákveður afnotagjöld og auglýsingataxta að fengnum till. útvarpsstjóra og útvarpsráðs."

Sá hluti lagaákvæðisins, er lýtur að ákvörðun afnotagjalda, er skýr og ótvíræður. Ákvörðunaraðilinn er menntmrh. Frá stofnun Ríkisútvarpsins og frá því að fyrst voru sett lög um það hefur ákvörðun afnotagjalds verið með þessum sama hætti og aldrei mér vitanlega verið dregið í efa, að þessi heimild væri hjá ráðh. samkv. þeim lögum, sem Alþ. hefur sett um útvarpsrekstur ríkisins, og heimildin væri ekki hjá Alþ. eða ríkisútvarpi. Ástæðan fyrir því, að ákvörðunarvaldið í þessum efnum er lagt í hendur ráðh., en ekki Ríkisútvarpsins sjálfs, er væntanlega sú, að ekki hefur þótt fara vel á því, að Ríkisútvarpið hefði sjálfdæmi um ákvörðun afnotagjalda og gæti þannig ákveðið á eindæmi tekjur sínar.

Ákvörðun afnotagjalda Ríkisútvarpsins hefur hlotið sömu málsmeðferð í minni ráðherratíð og mun hafa tíðkazt í tíð fyrrv. ríkisstj., þ. e. að till. um upphæð afnotagjaldanna berst menntmrn. frá útvarpsstjóra og útvarpsráði. Erindið er

síðan sent Efnahagsstofnun, nú Framkvæmdastofnun, til umsagnar. Þá er málið lagt fyrir ríkisstj. til endanlegrar ákvörðunar, og tilkynnir menntmrn. Ríkisútvarpinu síðan, hver gjöldin skuli vera. Ýmsar ástæður geta valdið því, að eigi er ávallt í einu og öllu unnt að fara eftir till. og óskum Ríkisútvarpsins um upphæð afnotagjaldanna. Hlutverk rn. í þessu efni er að leitast við að gæta bæði hagsmuna Ríkisútvarpsins og gjaldenda. Enn fremur þarf að huga að atriðum eins og þeim, að verðstöðvunarlög eru í gildi í landinu og að ekki er heppilegt, að opinberar stofnanir gangi á undan um hækkun á þjónustu sinni og verðskrám. Almenningur hlýtur að gera þá kröfu á hendur ríkisvaldinu, að leitazt sé við að halda verði á þjónustu opinberra stofnanna innan eins skynsamlegra marka og unnt er.

Þá skal vikið að þeim þætti fsp., sem lýtur að því, hvort ráðh. sé bundinn af till. Ríkisútvarpsins um upphæð afnotagjaldanna, sem lagðar eru til grundvallar í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins fyrir árið 1972 og Alþ. hefur staðfest í fjárl. Þegar menntmrn. sendi fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. fjárhagsáætlun útvarpsins fyrir árið 1972, fylgdi henni bréf frá menntmrn., dags. 7. ágúst 1971, þar sem segir:

„Vegna fjárlagagerðar 1972 sendir rn. hér með áætlun Ríkisútvarpsins um rekstur stofnunarinnar á næsta ári ásamt fskj. Rn. vekur athygli á því, að í áætluninni er gert ráð fyrir, að afnotagjald útvarps verði hækkað úr kr. 1180.00 í kr. 1650.00 á ári og afnotagjald sjónvarps úr kr. 2800.00 í kr. 3600.00 á ári. Rn. hefur ekki tekið ákvörðun um þessi atriði. Verði afnotagjöldin ákveðin óbreytt eða á annan veg önnur en þessi áætlun gerir ráð fyrir, þarf að sjálfsögðu að breyta fjárlagatill. útvarpsins í samræmi við það."

Af þessu bréfi má vera ljóst, að þegar rn. sendi nefnda fjárhagsáætlun áleiðis til Alþ., var fyrirvari gerður um upphæð afnotagjaldanna, og enda þótt slíkur fyrirvari hefði ekki verið gerður, hefur jafnan verið litið svo á, að samkv. eðli málsins væri slíkur fyrirvara jafnan undanskilinn, þegar rn. sendi fjárhagsáætlunina til Alþ. Eins og kunnugt er, eru fjárlög fyrst og fremst heimildarlög og venjulegum lögum verður ekki breytt með fjárl. Fjárhagsáætlun útvarpsins í fjárl. hefur því ekki áhrif á rétt ráðh. og skyldu til að ákveða afnotagjöldin eins og honum virðist réttmætast, þegar það atriði kemur til úrlausnar hverju sinni.

Þá verður einnig að líta svo á, að ríkisstofnanir, sem hafa sjálfstæðan fjárhag og óháðan ríkissjóði, hafa nokkra sérstöðu í fjárl., og hefur til skamms tíma verið undir hælinn lagt, hvort fjárhagáætlanir slíkra stofnanna væru teknar með í fjárlög.

Rétt er að geta þess, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1973 eru afnotagjöld Ríkisútvarpsins eins og þau eru í dag, þ. e. a. s. 3100 kr. sjónvarpsgjald og 1300 kr. hljóðvarpsgjald, lögð til grundvallar fyrir fjárhagsáætlun útvarpsins 1973. Er þetta gert samkv. ákvörðun fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. Þessi málsmeðferð bindur þó í engu hendur ráðh. til að ákveða gjöldin önnur, þegar þá ákvörðun þarf að taka á sínum tíma.

Þá er spurt, hvort það sé stefna ríkisstj., að dregið verði úr rekstrarkostnaði Ríkisútvarpsins með sparnaði, m. a. í dagskrárgerð. Ég hygg, að það hafi verið stefna allra ríkisstj. að leitast við að draga úr rekstrarkostnaði ríkisfyrirtækja með sparnaði. Hins vegar er það ekki ósk eða ætlan þessarar ríkisstj. frekar en annarra, að dregið verði úr dagskrárgæðum útvarpsins.

Ríkisútvarpið hefur jafnan legið undir gagnrýni fyrir ráðdeildarskort í fjármálum. Ég hygg, að sú gagnrýni hafi oftast verið orðum aukin. En engin stofnun er alfullkomin, ekki einu sinni Ríkisútvarpið. Vel má vera, að sparnaði megi koma við í rekstri þess á ýmsum sviðum. Engin hagsýsluleg athugun hefur t. d. farið fram á rekstri stofnunarinnar í heild, eftir að sjónvarp kom til sögunnar hér á landi, og vera má, að samstarfi hljóðvarps og sjónvarps megi koma fyrir með hagkvæmari hætti að einhverju leyti en nú er. Innheimtudeild Ríkisútvarpsins, sem reyndar fæst við fleira en innheimtu, þ. á m. skráningar- og eftirlitsstörf, kostaði á árinu 1971 18 062 355 kr. Hugsanlegt væri að draga úr þessum kostnaði. Til að mynda eru afnotagjöld útvarps í Finnlandi innheimt ásamt símgjöldum af finnsku póst- og símamálastjórninni. Væri athugandi, hvort sú leið kynni að leiða til sparnaðar á innheimtukostnaði þessum hér á landi. Fyrir nokkrum árum var skipuð n. til að gera till. um hagkvæmara form um innheimtu afnotagjalda útvarpsins, og lagði hún til, að afnotagjöldin skyldu innheimt sem nefskattur ásamt öðrum beinum sköttum.

Þau dæmi, sem ég hef hér nefnt, eru meira og minna tekin af handahófi og eru aðeins til vísbendingar um, að hugsanlegt hlýtur að vera að koma við sparnaði á ýmsum sviðum í rekstri Ríkisútvarpsins, og þyrfti að kanna til hlítar, hvernig þeim sparnaði mætti við koma, þannig að eigi þurfi að bitna á gæðum dagskrár.

Í fáum orðum sagt eru svör mín við fsp. hv. þm. þessi:

1. Menntmrh. hefur bæði rétt og skyldu til að ákveða afnotagjöld Ríkisútvarpsins eins og hann álítur réttast og sanngjarnast hverju sinni með tilliti til allra málavaxta, og verður þá ekki einungis að taka tillit til hagsmuna Ríkisútvarpsins, heldur einnig og ekki síður til almannahagsmuna.

2. Með birtingu fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins í fjárl. 1972 er ekki tekin endanleg ákvörðun um upphæð afnotagjalda útvarpsins fyrir það ár, eins og skýrt kemur fram í bréfi menntmrn., dags. 7. ágúst 1971. Fjárlög breyta ekki ákvæðum almennnra laga.

3. Það er ekki stefna ríkisstj., að dregið verði úr gæðum dagskrár Ríkisútvarpsins. Hins vegar telur hún æskilegt, að fyllsta sparnaðar verði gætt í rekstri þeirrar stofnunar eins og annarra ríkisstofnana, og vill hlutast til um, að kannaðar verði leiðir til þess, að svo megi verða.

Engum blöðum er um það að fletta, að heimildin til að ákveða afnotagjöld Ríkisútvarpsins er hjá menntmrh. samkv. skýlausum ákvæðum útvarpsl., nr. 19 1971. Er þetta sami háttur og

gildir t. d. í Danmörku og Finnlandi, en í Noregi eru afnotagjöldin ákveðin af löggjafarþingi. Ef breyta ætti til sama háttar og í Noregi, þyrfti að koma til breyting á núgildandi útvarpslögum.

Eg hef áður í svari við fsp. á Alþ. vikið að því, að hin nýju útvarpslög kynnu að þurfa endurskoðunar við í ýmsu tilliti. Eitt af þeim atriðum, sem væntanlega þyrfti að endurskoða, eru ákvæðin um fjármálaábyrgð Ríkisútvarpsins. Þau ákvæði eru að mínu mati hvergi nærri nógu glögg og verkaskipting milli útvarpsstjóra, útvarpsráðs, rn. og Alþ. eigi nógu skýrt afmörkuð.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar eð þm. er aðeins ætlaður tveggja mínútna ræðutími við slíkt tækifæri, ræði ég auðvitað ekki efni málsins, en kveð mér hljóðs til þess eins að koma einni viðbót við upplýsingar hæstv. menntmrh. á framfæri. Eins og við var að búast, fór hann algerlega rétt með þær lagaheimildir, sem gilda um rétt hans og skyldu til að ákveða afnotagjald Ríkisútvarpsins. Og ég er honum sammála um, að það þarf að gera hvort tveggja, taka tillit til þarfa Ríkisútvarpsins og til almannahagsmuna. Í áratugi og þangað til fyrir fáum árum hafði sá háttur verið í gildi, sem hann lýsti, að Ríkisútvarpið gerði fjárhagsáætlun sína snemma á ári. Hún var síðan grundvöllur að ákvæðum um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins í fjárlögum. En síðan hefur afnotagjald verið ákveðið, eftir að fjárlagaár var hafið. Þetta þótti mér fyrir nokkrum árum þurfa endurbóta við og beitti mér því fyrir þeirri breytingu á starfsháttum varðandi þetta efni, að ákvörðun um afnotagjald var tekin, áður en fjárlög voru samþykkt, venjulega á milli 1. og 2., stundum á milli 2. og 3. umr. fjárl., þannig að nú undanfarið hefur í nokkur ár verið í gildi sá starfsháttur, að afnotagjöld hafa verið ákveðin, áður en fjárl. voru samþykkt. Þetta breytir í engu rétti og skyldu hæstv. ráðh. til að ákveða gjöldin, svo að ég dreg að engu leyti í efa réttmæti þess, sem hann sagði um það efni. Þessum upplýsingum vil ég þó koma á framfæri til viðbótar. Þarna var komin í framkvæmd mikil endurbót á starfsháttum í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, en mér þykja þau gefa tilefni til aths., og skal ég víkja að því.

Það er í fyrsta lagi, að hann ræddi um heimild Alþ. til þess að ákvarða um fjárhagsáætlun og ráðh. að ákveða afnotagjöldin. Það var á sama veg greint frá þessu og ég gerði reyndar í ræðu minni, en við komumst að mismunandi niðurstöðu. Hæstv. ráðh. telur, að þó að það standi í lögum, að hann eigi að taka ákvarðanir um afnotagjaldið, þá þurfi hann ekki í neinu að taka tillit til vilja Alþ. í málinu. Ég tel, að þetta sé ekki rétt. Ég tel, að samkv. venjulegum þingræðisreglum beri honum að gera slíkt. Ákvæðið í útvarpsl. um, að ráðh. ákveði afnotagjaldið, hefur sjálfstæða þýðingu fyrir því, því að oft kemur fyrir, að það þarf að ákveða afnotagjaldið hærra en gert hefur verið ráð fyrir, þegar Alþ. gekk frá fjárhagsáætlun. Það er hliðstætt því, þegar þarf að hækka útgjöld ríkisins og leitað er heimilda til þess með fjáraukal. Ég tel, að þegar Alþ. er ótvírætt búið að láta vilja sinn í ljós, eins og það hefur gert í þessu sambandi, beri að virða hann, og þeim mun fremur þar sem það er nauðsynlegt fyrir rekstur stofnunarinnar.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði skotið þessu máli til Framkvæmdastofnunarinnar. Jú, það er alveg rétt. En Framkvæmdastofnunin fór yfir till. útvarpsstjóra og komst að þeirri niðurstöðu, að afnotagjaldið ætti ekki að vera eins og ráðh. ákvað, fyrir sjónvarp 3100 kr., heldur 3325 kr. Og Framkvæmdastofnunin komst að þeirri niðurstöðu, og ég vek athygli á þessu, að þessi hækkun Framkvæmdastofnunarinnar hefði, miðað við afnotagjald 1971, leitt til 0.1 kaupgjaldsvísitölustigahækkunar. En hækkunartill. Ríkisútvarpsins sjálfs leiddi samkv. sömu heimildum til hækkunar um 0.17 kaupgjaldsvísitölustig. Allur útreikningur Framkvæmdastofnunarinnar miðar að því, hvernig er hægt að fá útkomu til þess að hafa sem minnst áhrif á vísitöluna. Það er það sjónarmið, sem liggur til grundvallar athugunar Framkvæmdastofnunarinnar, sem hún vinnur fyrir hæstv. ríkisstj. Þetta er tillitið, sem hæstv. menntmrh. og ríkisstj. tekur til rekstrar Ríkisútvarpsins. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir einhverja tekjuaukningu launþega í landinu, ef svo skyldi vilja til, að eðlileg afgreiðsla á þessu máli hækkaði vísitöluna.

Hæstv. ráðh. sagði, að auðvitað vildu allar ríkisstj. spara, það hefðu allar ríkisstj. viljað spara. Mér þykir gaman að heyra þetta frá þessari ríkisstj., að hún vilji spara. En það, sem hér er að gerast, er algerlega óraunhæft, því að samkv. útreikningum Ríkisútvarpsins mun tapið á rekstri Ríkisútvarpsins á þessu ári nema a. m. k. 40 millj. kr., ef Ríkisútvarpið hefði ekkert aðhafzt. En síðan þessi ótíðindi dundu yfir Ríkisútvarpið, að það fær ekki eðlilega hækkun tekna eins og aðrar stofnanir í þjóðfélaginu, þá hefur auðvitað af hálfu Ríkisútvarpsins verið leitazt við allt þetta ár að reyna að spara, þannig að rekstrartapið verður væntanlega miklu minna en það hefði orðið ef það hefði ekki verið tekið tillit til þessarar ákvörðunar menntmrh. En á þessu ári verður samt stórkostlegt tap á rekstri Ríkisútvarpsins.

Það er engin lausn á þessu máli að segja, að það eigi að spara og það eigi jafnframt að hafa dagskrána sem vandaðasta. Öllum, sem nokkuð vita um þessi mál, er kunnugt um, að það er í algeru lágmarki sá kostnaður, sem er við dagskrárgerð og launagreiðslur í sambandi við dagskrárgerðina sjálfa, þannig að þetta er algerlega óraunhæft. Ég held, að það væri sæmra fyrir núv. ríkisstj. að virða vilja Alþ. í þessu máli, að koma fram sem ábyrgur aðili gagnvart Ríkisútvarpinu, þessu þýðingarmikla menningartæki landsmanna, og taka afleiðingunum af gerðum sínum með því að breyta um stefnu í þessu efni við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Samningur Íslands við Efnahagsbandalagið, fsp. (þskj. 86). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. utanrrh., hvenær samningur sá, sem gerður hefur verið milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, verði lagður fyrir Alþ. til staðfestingar.

Hinn 22. júlí s. l. undirritaði ríkisstj. samning við Efnahagsbandalagið um viðskipti Íslands og bandalagsins. Efni hans er í aðalatriðum sams konar og samningur Íslands við Fríverzlunarsamtök Evrópu, EFTA. Samningsumleitanir við Efnahagsbandalagið fylgdu í kjölfar aðildarumsóknar Breta, Dana, Norðmanna og Íra. Öll þau lönd Fríverzlunarsamtakanna eða EFTA sem sóttu ekki um aðild, ræddu viðskiptasamninga við bandalagið. Samningar við öll þau nema Finna hafa verið undirritaðir og eiga allir að taka gildi 1. jan. 1973. Er gert ráð fyrir því, að þeir hafi þá verið staðfestir af þjóðþingum hlutaðeigandi landa. Finnar hafa lokið samningum og gera ráð fyrir að undirrita þá og staðfesta fyrir áramót. Noregur hefur hér auðvitað sérstöðu, þar eð aðild Norðmanna var felld við þjóðaratkvgr. En viðræðum milli þeirra og Efnahagsbandalagsins eru hafnar, og er stefnt að því að ljúka þeim fyrir vorið.

Sú skoðun hefur heyrzt, að ekki sé hægt að fullgilda samning Íslands og Efnahagsbandalagsins hér á hinu háa Alþ. vegna bókunar af hálfu Efnahagsbandalagsins varðandi viðskiptafríðindi fyrir íslenzkar sjávarafurðir í Efnahagsbandalaginu. En þar segir, að Efnahagsbandalagið áskilji sér rétt til að láta ákvæði bókunarinnar ekki koma til framkvæmda, ef ekki fæst viðunandi lausn fyrir aðildarríkin og Ísland á efnahagserfiðleikunum, sem leiðir af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Af hálfu íslenzku ríkisstj. var talið algerlega óeðlilegt að blanda saman deilum um fiskveiðilögsögu Íslendinga og viðskiptamál. Var sú staðhæfing tvímælalaust rétt. Þess vegna var af hálfu íslenzku ríkisstj. því bætt við bókunina, að Ísland áskildi sér rétt til að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna. Þetta veldur því, að samningurinn getur tekið gildi 1. jan. 1973 og Íslendingar fengið öll fríðindi samkv. honum, að því er snertir viðskipti með iðnaðarvörur, jafnvel þótt landhelgisdeilan væri enn óleyst, en einnig að því er snertir viðskipti með sjávarafurðir, ef lausn hefði þá fundizt á henni.

Ef samningurinn verður ekki fullgiltur fyrir áramótin, gætu Bretar og Danir, sem hverfa úr EFTA um áramótin, lagt venjulega tolla á allan innflutning íslenzkra afurða frá áramótum, án þess að tollahækkanir þurfi að gerast í áföngum. Hér er því um hagsmunamál fyrir íslenzka útflutningsverzlun að ræða. Auk þess verður ekki annað séð en að leggja verði fyrir Alþ. nú ályktun um heimild fyrir ríkisstj. til þess að samþykkja þær breytingar á EFTA-samningnum, sem brottför Breta og Dana úr EFTA um næstu áramót veldur.

Þess er sjálfsagt að geta að lokum, að draga má fullgildingu samningsins, en síðustu forvöð til að fullgilda hann eru 30. nóv. 1973, og tekur hann þá gildi 1. jan. 1974. En það er hvímælalaust hagkvæmast fyrir Íslendinga að fullgilda hann nú og láta hann taka gildi um næstu áramót. Þess vegna er þessi fsp. fram borin.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það svar, sem ég flyt hér, er svo hljóðandi:

Svo sem kunnugt er, áskildi Efnahagsbandal. sér rétt til að láta ákvæði bókunnar við samninginn varðandi toll á sjávarafurðum ekki koma til framkvæmda, ef ekki næðist viðunandi lausn fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins og Íslands á efnahagserfiðleikum, sem leiðir af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi. Af Íslands hálfu var hins vegar áskilinn réttur til þess að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna með hliðsjón af beitingu fyrirvara Efnahagsbandalagsins, enda hefur ríkisstj. ekki viljað fallast á að tengja saman viðskiptasamkomulag og útfærslu landhelginnar. Viðræður við Breta um landhelgismálið munu fara fram í næstu viku, og ríkisstj. hefur ekki að svo stöddu afgreitt það mál, sem spurt er um. — Fleira hef ég ekki um fsp. að segja.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta svar er því miður algerlega ófullnægjandi. Það byggist á þeim misskilningi, sem ég er mjög hissa á að heyra af vörum hæstv. utanrrh., að fullgilding samningsins sé að einhverju leyti háð fyrirvara Breta varðandi fríðindi fyrir sjávarafurðir. Það getur enginn ágreiningur verið um það í þeirra augum, sem lesa samninginn, að hann getur tekið gildi varðandi viðskipti með iðnaðarvörur 1. jan. 1973, og það er þetta, sem ég tók fram í ræðu minni áðan. Hér er því um að ræða tvímælalausa heimild fyrir íslenzku ríkisstj. til að láta viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið að því er snertir iðnaðarvörur taka gildi um næstu áramót. Það er eingöngu spurning um það, hvort ríkisstj. vill það eða vill það ekki.

Söngkennsla í skólum, fsp. (þskj. 90). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hefur verið hugað að því sérstaklega, hvernig efla megi alhliða tónlistaruppeldi í skólum, svo og hversu leysa megi vanda þeirra skóla, sem enga söngkennslu hafa? Hvað voru þeir skólar margir á skyldunámsstigi s. l. skólaár?“

Fsp. er borin fram m. a. í þeim tilgangi að fá um það nokkra vitneskju, hvernig háttað er um eina og ekki þá þýðingarminnstu af skyldugreinum barnaskólastigsins, þ. e. hversu almennt henni er sinnt. Að vísu verður hér aldrei nema hálfsögð sagan, þótt refjalaust sé svarað, því að vitað er, að þótt söngkennslan sé á stundaskrá, getur þar verið um að ræða nánast nafnið eitt. Til þess að söngur sé kenndur svo sem vera ber, þarf töluverða sérmenntun, helzt söngkennaramenntun. Einmitt í þessu efni er ég hræddur um, að víða sé á nokkur misbrestur.

Sem skólastjóri reyndi ég t. d. ár eftir ár að hafa söng á stundaskrá, en eiginleg söngkennsla var þar ekki á ferðinni, en þó hlaut viðleitnin að vera betri en algert söngleysi.

Söngur er mikilvæg grein. Ásamt hinni menntandi hlið er söngurinn afar dýrmætur fyrir tjáningarþörf barna, og hópsöngurinn þroskar félagskenndina. Söngkennsla á framar öðru að vera lifandi og aldrei reyrð í form og fjötra.

Fsp. lýtur einnig að því, hve brýnt er að ráða bót á því ástandi, sem ég veit, að ríkt hefur og ríkir enn í tónlistaruppeldi mikils hluta barna hér á landi. Söngkennsla skólanna er snarasti þáttur þessa uppeldis víðast hvar. Ástandið hefur vissulega batnað síðustu árin, og er það ekki sízt að þakka áhuga fólks víðs vegar um land og forgöngu þess um stofnun tónlistarskóla, oft við erfiðar aðstæður. Við höldum uppi dýrri sinfóníuhljómsveit, sem ég neita ekki, að er þarft fyrirtæki til flutnings æðri tónlistar fyrir hljómelsk eyru þeirra, sem hafa nægan tónlistarsmekk, nægt tónlistaruppeldi til að njóta. En á sama tíma er ég ekki viss um, að við leggjum okkur nóg fram um söng og tónlistarmennt þeirra barna og unglinga, sem í dag telja poppið einu sönnu tónlistina fyrir sín eyru, og er ég þó alls ekki að fordæma þá tónlist, því að ég er sennilega sjálfur lýsandi dæmi um skort á tónlistaruppeldi eða tónlistarsmekk, þar sem ég kýs heldur létta tónlist fyrir mín eyru, þar með talið poppið, en flest af því, sem ég heyri af framleiðslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ég vildi svo aðeins víkja að aðalhluta fsp. um tónlistaruppeldið, þ. e. um aukna tónmennt í skólum almennt. Nú, þegar opnuð er ný námsbraut í tónlist við menntaskóla, hlýtur þessi vandi að knýja fastar á en áður í skólakerfinu. Þarft verkefni tel ég það vera að tryggja hverju barni á landi hér möguleika á að kynnast tónlist, bæði í söng og hljóðfæraleik, tjá sig í tónum, ef nokkur kostur er. Erfiðleikarnir á framkvæmd þessa eru sannarlega miklir, en kleift hlýtur það að vera. Enn er allt tónlistarnám hér stundað á einkaskólagrundvelli, þegar frá er talið það takmarkaða tónlistarnám, sem skyldunámið veitir. Hér þarf að verða á breyting. Tónlistarnám á að verða snar þáttur í öllu okkar uppeldisstarfi.

Við ræðum oft um unglingavandamál. Aðgerðaleysi í tómstundum er þar veigamikil orsök. Ég efa ekki, að aukin tónmennt í skólum mundi auðga og fylla tómstundir æríð margra og leysa þannig vanda einhverra. Því spyr ég almennt um þessi mál á breiðum grundvelli til að forvitnast um, hvort og þá hvernig að þessum málum er unnið.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Í rauninni er um að ræða þrjár fsp. af hálfu hv. 6. landsk. þm.

Fyrsta spurningin er: Hefur verið hugað að því sérstaklega, hvernig efla megi alhliða tónlistaruppeldi í skólum? Svarið við þessari spurningu er já. Í ágústmánuði s. l. kom út á vegum menntmrn. — skólarannsóknadeildar — nál. um endurskoðun námsefnis og kennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum. Í álitinu er fjallað um tíma til kennslu í tónmennt, námsmarkmið, námsefni, tengsl tónmenntanáms við nám í öðrum greinum, kennsluaðferðir, vinnuaðstöðu, kennslutæki, próf, kennaramenntun, kórstarf o. fl., auk þess sem álitinu fylgir rækileg framkvæmdaáætlun. Í till. n. að markmiðum náms í tónmennt er einmitt mjög mikil áherzla lögð á alhliða tónlistaruppeldi. Till. n. hafa verið athugaðar og yfirfarnar í rn., og er undirbúningur að framkvæmd tiltekinna þátta nál. þegar hafinn.

Þá er í öðru lagi spurt um, hversu leysa megi vanda þeirra skóla, sem enga söngkennslu hafa. Svar við þeirri spurningu, hvort að því hafi verið hugað, er einnig játandi. Þetta atriði hefur verið athugað, og eru till. þar að lútandi m. a. gerðar í fyrrgreindu nál. um tónmenntakennslu, einkum á bls. 116—121. Er þar lögð áherzla á það, að á svæðum, þar sem skólar eru of litlir og of dreifðir til þess að geta fengið sérmenntaða tónmenntakennara í fastráðinni stöðu, verði athugað, hvort leysa mætti vandann að einhverju leyti með því að veita almennum kennurum, tónlistarskólakennurum, kirkjuorganistum og kórstjórum viðbótarmenntun í tónmennt á námskeiðum, til þess að þeir gætu tekið að sér stundakennslu í tónmennt í barna- og gagnfræðaskólum og þá að nokkru leyti sem eins konar farkennslu milli skóla. Auk þess leggur n. til, að komið verði á fót í Reykjavík miðlunarstofnun fyrir tónmenntakennara, er rekin verði sameiginlega af tónlistarkólum og fræðsluyfirvöldum, og yrði stofnuninni falið að safna upplýsingum um kennaraþörf, í tónmennt í dreifbýli og reyna að útvega skólum kennara í greininni. Ljóst er, að hér er um mikinn og torleystan vanda að ræða, sem enn þarf að huga að á rækilegan hátt, eigi ekki ný námskrá og fyrirhuguð aukin kennsla í tónmennt á skyldunámsstigi að verða í reynd viðbótarforréttindi fyrir skóla þéttbýlisins.

Loks er í þriðja lagi spurt: Hvað voru þeir skólar margir á skyldunámsstigi s. l. skólaár, þar sem ekki átti sér stað tónmenntakennsla? Stefán Ólafur Jónsson fulltrúi í fræðslumáladeild menntmrn. hefur tekið saman upplýsingar um söngkennslu í skyldunámsskólum á grundvelli haustskýrslna skólanna fyrir skólaárið 1971 og 1972. Niðurstöðurnar eru þessar:

1. Barnaskólar 65 skólar af 185 alls höfðu ekki reglulega söngkennslu.

2. Unglingaskólar: 46 skólar af 66 samtals höfðu ekki reglulega söngkennslu.

3. Skyldunám, 1. og 2. bekkur unglingastigs í héraðs-, mið- og gagnfræðaskólum: 42 skólar af 62 samtals höfðu ekki reglulega söngkennslu.

Samandregið af 1.—3. lið: 153 skólar af 313, sem höfðu skyldunám s. l. vetur, höfðu ekki reglulega söngkennslu.

Taka verður fram, að áður greindar upplýsingar eru ekki öruggar, þar sem það er ekki fullvíst, að öll söngkennsla sé færð á skýrslurnar. Auk þess er aðeins miðað við tilfærða söngkennslu sem fastan lið á stundaskrá skólanna, en ekki talið t. d. kórstarf eða önnur söng- og tónlistariðkun utan reglulegrar stundaskrár. Þess skal getið, að þar sem unglingaskóli, miðskóli, héraðs- eða gagnfræðaskóli eru í

tengslum við barnaskóla, eru þeir í þessu yfirliti taldir sér, eins og um tvo skóla sé að ræða.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. skýr og greinargóð svör við fsp. mínum. Ég fagna því sérstaklega, að rn. hefur gert allmyndarlegt átak í þessum málum, sbr. það nál., sem hæstv. ráðh. sagði hér frá. En þess verður þá að vænta, að þarna verði ekki látið sitja við álitið eitt, heldur verði rösklega tekizt á við þann mikla vanda, sem hann réttilega benti á, að væri á ferðum. Í svari við síðasta hluta fsp., kom í ljós, að nær helmingur skólanna hafði enga reglulega söngkennslu. Markaði ég það af þeim orðum hæstv. ráðh., — sem ég vil alveg sérstaklega þakka, — er lutu að vanda hinna mörgu skóla í dreifbýlinu, sem eiga hér mjög erfiða aðstöðu, að hann vill þar úr bæta. Ég fagna því t. d. mjög, að hann minnti á þann möguleika, að komið yrði á farkennslu í söng í þeim skólum, sem ættu við erfiðasta aðstöðu að búa. Þetta er nefnilega fyrsti vottur um það, að eitthvað hafi verið gert í því að framkvæma till., sem ég flutti hér á Alþ. fyrir 15 árum og var samþykkt hér, en hún var einmitt á þá leið, að vandi þeirra skóla, sem við erfiðastan hlut byggju, yrði leystur með slíkri farkennslu. Ég fagna því alveg sérstaklega, ef það mál gæti komizt á einhvern rekspöl.

Laxarækt í Laxá, fsp. (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Í sambandi við Laxárdeiluna svonefndu héldu veiðibændur nyðra mjög á lofti þeirri röksemd, að ekki mætti raska lífkerfi Laxár og Mývatns með stíflugerðum, hvað þá vatnaflutningum. Ýmsir einlægir náttúruverndarmenn tóku miklu ástfóstri við þessar röksemdir, og ríkisvaldið tók einnig mikið tillit til þeirra.

Nýlega sátum við alþm. undir fjálgum lestri um vistfræði og hve vistfræðileg röskun gæti haft hættulegar afleiðingar í för með sér fyrir náttúru landa og búsetu manna. Nú er vitað mál, að veiðibændur við Laxá og Mývatn hafa sleppt tugþúsundum laxaseiða í Laxá ofan Brúa og hyggjast hefja þar umfangsmikla laxarækt, strax og Laxárvirkjun hefur orðið að byggja fyrir þá laxaleið upp fyrirfossana. Í Efri-Laxá og Mývatni hefur frá landnámstíð aldrei lax verið, svo að ýmsir spyrja, sem þó hafa áhuga á fiskrækt í ám og vötnum: Er ekki hér verið að raska lífkerfi efri hluta Laxár, valda vistfræðilegri röskun, sem enginn kann að segja fyrir, hvert leiðir? Því hef ég leyft mér að bera fram við hæstv. menntmrh. eftirf. spurningar:

„a. Telur menntmrh. ekkert við það að athuga frá náttúruverndar- og vistfræðilegu sjónarmiði, að stofnað verði til laxaræktar í Laxá í Suður-Þing. ofan Brúafossa og í Mývatni, þar sem aldrei hefur lax komið fyrr frá upphafi Íslandsbyggðar?

b. Hefur rn. í hyggju að banna slíka líffræði- og vistfræðilega röskun, eða aflað sér heimildar til slíks banns, hafi það ekki þá heimild?

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Spurningum hv. 5. landsk. þm. er ekki unnt að svara afdráttarlaust enn sem komið er. Málavextir eru þessir:

Á fundi náttúruverndarráðs 10. des. s. l. var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„ Lífkerfi Mývatns er með afbrigðum sérstætt um alla Evrópu og þótt víðar sé leitað, og efri hluti Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er að áliti flestra óaðskiljanlegur hluti þessa lífkerfis. Eins og er, er enginn lax í Laxá efri eða í Mývatni, og tilkoma lax á þessu lokaða svæði er breyting, sem kann að valda röskun á lífkerfi þess með afleiðingum, sem ekki er hægt án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar að segja fyrir um, hve alvarlegar kunna að verða. Náttúruverndarráð lítur því svo á, að ekki sé rétt að ráðast í gerð laxastiga við Brúar né flutnig lax á annan hátt upp í efri hluta Laxár, nema rannsókn hafi verið látin fara fram og sú rannsókn leitt í ljós, að ekki þurfi að óttast tilfinnanlega röskun á jafnvægi Laxár- og Mývatnssvæðisins."

Náttúruverndarráð sendi þessa ályktun síðan til iðnrn. og jafnframt var dýrafræðingi ráðsins, dr. Finni Guðmundssyni, falið að hafa samband við nefnd líffræðinga, sem unnið hafa að rannsóknum á Mývatni og Laxá. Varð það úr, að n. tók að sér að semja sérstaka álitsgerð um málið. Samkv. upplýsingum sérfræðinganna Péturs Jónassonar og Jóns Ólafssonar, sem báðir eiga sæti í n. þessari, mun n. skila bráðabirgðaálitsgerð í des. n. k., m. a. um þau atriði, sem hér ræðir. En endanleg álitsgerð mun væntanlega liggja fyrir að ári liðnu.

Málið er m. ö. o. til athugunar hjá sérfræðingum, er munu skila áliti um það í næsta mánuði. Að fenginni álitsgerð sérfræðinganna mun væntanlega unnt að taka afstöðu til efnis fsp. þeirra, sem hér hafa verið bornar fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota þessar tvær mínútur, sem ég hef til umráða til þess að vekja athygli á því, að tæpast er hægt að líta á fsp. hv. þm. Braga Sigurjónssonar til menntmrh. varðandi laxaeldi í efri hluta Laxár án þess að huga lítillega að fsp., sem hann hugðist bera fram við hæstv. iðnrh., sem nú er fjarverandi, þar sem ýjað er að því, hvort ekki muni vera hægt að koma því til leiðar, að svonefnd Laxá III verði fullvirkjuð. Skyndilegur áhugi hans á vistfræði og líffræði í ofanverðri Laxá stendur í greinilegu sambandi við fyrirhugaða Gljúfurversvirkjun og Suðurárveitu, sem svo var nefnd, hönnuð af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, sem átti sæti í fyrrv. náttúruverndarráði og bar fram fyrrgreinda till. 9. des. í fyrra í náttúruv.ráði, — sem að vísu var aldrei borin undir atkv. í ráðinu, — um það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir laxaeldi í Laxá ofan Brúa. Sannleikurinn er sá, að þegar laxinn er kominn upp fyrir Brúar, kemur engum manni til hugar meir að nota Laxá til raforkuframleiðslu. Það er satt, að seiði hafa þegar verið sett í Laxá ofan Brúa. Þar voru sett 100 þús. seiði í sumar sem leið, ekki nokkrir tugir þús. seiða. Aukin laxagengd í ána neðan Brúa á s. l. sumri stafaði af laxaeldinu í ofanverðri ánni. Bráðabirgðaathuganir,

sem gerðar hafa verið á uppeldisskilyrðum þar, benda til þess, að Laxá ofan Brúa geti alið upp undir millj. sjógönguseiða árlega, sem mundi samsvara 100 þús. löxum í gengd til baka, og áin yrði þá margfalt meira virði ofan Brúa heldur en neðan.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara út í það, að hv. 4. landsk. veit ekki mun á Laxárvirkjun III og Gljúfurversvirkjun, en þakka menntmrh. fyrir hans svör, sem þó því miður voru ófullnægjandi, því að ekkert kom hann inn á þá fsp., hvort rn. hefði eitthvað eða ekkert við það að athuga, hve miklu af laxaseiðum var sleppt í ána ofan Brúa og hvort það væri ekki byrjun á vistfræðilegri röskun. Að öðru leyti þakka ég svar ráðh.

Sameinað þing, 19. fundur.

Þriðjudaginn 21. nóv., að loknum 18. fundi.

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins um ályktanir sveitarstjórna, þáltill. (þskj. 43). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv og umr. frestað.

Lagasafn í lausblaðabroti, þáltill. (þskj. 47). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu, þáltill. (þskj. 53). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegagerð í Mánárskriðum, þáltill. (þskj. 62). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegagerð yfir Sprengisand, þáltill. (þskj. 69). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar, þáltill (þskj. 70). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verðaukaskattur af lóðum, þáltill. (þskj. 65). — Ein umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, fjallar um verðaukaskatt af lóðum og lendum. Flm. eru auk þess, sem hér talar, hv. þm. Bragi Sigurjónsson og Eðvarð Sigurðsson. Þessi þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðar- og atvinnurekstrarhúsnæðis. Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækkað hafa í verði sökum hinna öru verðhækkana undanfarinna áratuga án tilverknaðar eigenda."

Nú er rétt að fara um þessa till. nokkrum orðum.

Eins og kunnugt er, geyma skattal. ákvæðin um skattlagningu söluhagnaðar af fasteignum. Forsenda skattlagningar söluhagnaðar af hvers konar fasteignum er sá tími, sem eignin hefur verið í eigu viðkomandi aðila. Þarf fasteignin að hafa verið í eigu hans ýmist 3 ár eða 6, til þess að skattfrelsi náist af sölu eignarinnar. Skiptir þar meginmáli, hvort um íbúðar- eða atvinnuhúsnæði er að ræða. Segja má, að ekki sé ástæða til strangari tímamarka varðandi þessar fasteignir, svo að löggjafinn standi ekki í vegi fyrir því, sem kalla má eðlilega framþróun í vaxandi þjóðfélagi.

Allt öðru máli gegnir um ákvæði skattal., er varða skattlagningu söluhagnaðar af öðrum fasteignum, og er þar einkanlega átt við óbyggð lönd og lóðir. Engin sjáanleg ástæða er til að veita eigendum slíkra fasteigna skattfrelsi, hafi þeir átt eignina tilskilinn tíma. Aðgerðir stjórnvalda verða til þess að stuðla að því, að slíkar fasteignir seljast á himinháu verði, án þess að eigandi hafi lagt nokkuð af mörkum sjálfur. Hér er einkum átt við skipulagningu íbúðarhverfa í ört vaxandi borg eða bæ. Hver þekkir ekki dæmin hér í kringum Reykjavík, Arnarnesið, í Garðahreppnum, á Seltjarnarnesinu, í Fossvoginum, Mosfellssveitinni og nánast hvar sem augum er litið? Er sanngjarnt í nútímaþjóðfélagi, þar sem á að stefna að jafnrétti á öllum sviðum, að eigendur lóða og lendna greiði ekkert til samfélagsins af þeim hagnaði, sem orðið hefur til við örar breytingar samfélagsins og án þeirra tilverknaðar öðrum fremur?

Til þess að sýna stærðargráðu hvers vanda, sem hér um ræðir, skal ég taka eitt sérstakt dæmi,

sem má vera hv. þm. í fersku minni. Á fyrri hluta þessa árs keypti Keflavíkurkaupstaður af hlutafélagi nokkru lóðir og lendur í kaupstaðnum og utan við hann fyrir um 35 millj. kr. Þetta varð raunar, eins og nærri má geta, kaupstaðnum ofviða, og var tekið það ráð á síðasta Alþ. að breyta lögunum frá 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa þannig að heimila fjmrn. að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld á öllum lánsskjölum, sem sveitarstjórn gefur út í sambandi við kaup á landi eða lóðum með aðstoð ríkissjóðs, m. ö. o. greiðir ríkissjóður með þessum viðskiptum, til þess að af kaupum geti orðið. En endanlega geldur hinn almenni skattgreiðandi sjálft kaupverðið í hækkuðum lóðagjöldum, gatnagerðargjöldum og í margvíslegum sköttum. Hins vegar stingur seljandi eða lóðareigandi öllum hagnaði í eigin vasa og greiðir ekki eyri af söluhagnaðinum í skatt til samfélagsins, sem þó hefur myndað þennan gróða. Af þessu sést, að hér er oft um miklar fjárfúlgur að ræða. Þær skipta oft tugum millj. kr., og kæmi sér án efa vel fyrir ýmis sveitarfélög að fá hlut í þessari samfélagslegu arðmyndun.

Í þessu sambandi má einnig nefna sölu sumarbústaðalanda, sem gerist nú víða atvinna manna, sem búa í nágrenni þéttbýlis, og við gjörla þekkjum hér fyrir austan fjall. Þar gilda í meginatriðum sömu skattalög, og menn þurfa ekki að greiða eyri af söluvirði þessara landskika, sem seldir eru á þann hátt. Reyndar er í fæstum tilvikum í raun og veru um landsölu að ræða, heldur um tímabundinn afnotarétt sumarbústaðalandsins.

Eins og segir í grg. með þáltill., mætti innheimta verðaukaskatt annaðhvort sem ákveðið hlutfall af verðhækkun þeirri, sem ætti sér stað af lóðum og lendum, eða sem fasta hundraðstölu af heildarsöluverði þeirra. Ekki þykir rétt að svo stöddu að kveða upp úr um það, hvort skattur þessi skuli renna til ríkis eða sveitarfélaga, nema hvort tveggja sé. Er skynsamlegt að láta fara fram könnun á þessum skattstofni, áður en ofangreind atriði eru endanlega ákveðin? En það er skoðun flm., að skattlagning gróðamyndunar af því tagi, sem hér hefur verið lýst, eigi að vera veruleg.

Af framansögðu má vera ljóst, að fyrir flm. vakir ekki að vega að hagsmunum hins almenna skattborgara, heldur að reyna að stemma stigu fyrir óæskilegum, auðfengnum gróða tiltölulega fárra efnamanna, sem eiga auðsæld sína að þakka ýmiss konar samfélagslegum breytingum, svo sem skipulagsákvörðun stjórnvalda og öðrum aðgerðum, sem til koma. Það gegnir í raun og veru furðu, að skattur af þessu tagi, þ. e. a. s. verðaukaskattur, skuli ekki hafa fyrir löngu verið lögfestur á Íslandi, eins og samfélagsbreytingum er háttað í þessu landi. Fjölmargar nágrannaþjóðir hafa beitt slíkri eða svipaðri skattlagningu, þegar verðbólga hefur gerzt ógnvekjandi og haft óeðlileg áhrif á verðhækkun fasteigna.

Um leið og ég vænti þess, að hv. þm. ljái þessari till. lið, vil ég leyfa mér að leggja til, að henni verði vísað til hv. allshn. þingsins og umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, þáltill. — Framh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skattfrelsi elli- og örorkulífeyris, þáltill. (þskj. 67). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveim öðrum flokksbræðrum mínum að flytja till. til þál. um skattfrelsi elli- og örorkulífeyrisþega. Till. er stíluð til ríkisstj., af því að okkur flm. er það ljóst, að hér er um allflókið mál að ræða, sem þarf að athuga vel af þeim, sem eru að endurskoða skattal. Þó að við kveðum að vísu nokkuð fast á um það, hvað við teljum, að eigi að vera skattfrjálst eftir till., að okkar hyggju sjálfsagt, að þetta sé skoðað gaumgæfilega. Till. fylgir svo hljóðandi grg., sem ég ætla að leyfa mér að lesa.

„Flestum landsmönnum mun hafa brugðið mjög í brún, er þeir sáu af tekjuskatti á s. l. sumri samkv. skattal. nýju, hve aldraðir og öryrkjar yrðu margir hverjir illa úti. Er ekki tekið of djúpt í árinni, þótt sagt sé, að allvíða var um hreina skattáþján að ræða. Engum dettur þó í hug, að hér hafi kaldrifjaður ásetningur valdhafans verið að verki, heldur fljótræði og skortur á yfirsýn, enda var nokkuð reynt úr að bæta, þegar mótmæli risu sem hæst. Þó voru úrbæturnar hvergi nærri viðhlítandi.

Hér er í stuttu máli lagt til, að lögtekið verði, að tekjuskattur sé alls ekki lagður á elli- og örorkulífeyri þann, sem almannatryggingar greiða, né heldur á þann lífeyri frá öðrum lífeyrissjóðum, sem er framlagshluti lífeyrisþegans sjálfs í sjóðinn, skyldusparnaður undanfarinna ára til ellidaganna. M. ö. o.: tekjuskattur verði aðeins lagður á vinnutekjur lífeyrisþega, hluta atvinnuveitandans í lífeyri hans sem og aðrar tekjur, er lífeyrisþeginn kann að hafa og ekki eru skattfrjálsar samkv. lögum nú.

Ekki ætti að þurfa að orðlengja um það, að fráleitt er að skattleggja skyldusparnað manns í lífeyrissjóð fremur en sparifé hans eða annarra í banka, sem nú er tekjuskattfrjálst, né heldur að óeðlilegt er og raunar ósæmandi að taka með annarri hendinni aftur hluta af því, sem rétt er með hinni, þar sem elli- og örorkulífeyrir almannatryggingar er, og allir viðurkenna, að enn vantar drjúgan á, að hann sé svo hár, að lifa megi af honum einum."

Ég legg til, að till. verði vísað til allshn. og umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 72). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er alllöng, og ég ætla að leyfa mér að lesa hana þegar í upphafi máls míns, en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu. Við samningu frv. eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Að allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á, fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

3. Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkv. arðskrá.

4. Allur jarðvarmi undir 100 metra dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.

5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast ríkiseign og háð valdi þess.

6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skulu reiknast fyrir.

7. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum."

Þegar landið var numið í upphafi, fluttu landnámsmennirnir með sér til landsins eignarréttarhugmyndir og eignarréttarvenjur þjóða, sem höfðu fasta búsetu og lifðu fyrst og fremst á jarðargróða. Þeir námu landið, töldu sig eiga svo og svo stóran hluta af því, gáfu af landnámi sínu eða seldu. Landið skiptist upp í jarðir, sem gengu kaupum og sölum, en til fjalla, sérstaklega lengra úr byggð, voru almenningar, sem allir máttu nota, a. m. k. til beitar fyrir búfé. Slíkir almenningar virðast og hafa verið í stærri stöðuvötnum í byggð og óumdeildanlega í óbyggðum. Hitt virðist ekki ótvírætt, hvort slíkir almenningar töldust öllum heimilir eða fyrst og fremst þeim, sem byggðu nærliggjandi héruð. En í megindráttum var þetta í upphafi svo, að landnámshöfðinginn og búar hans ýmsir, seinna goðinn og búar hans, enn seinna sjálfseignarbændur almennt, áttu landið. Þjóðin lifði af gögnum þess og gæðum og var bændaþjóðfélag. Hugmyndir manna um eignarumráð á landi voru bundnar við heyöflun, beitarnot, eldivið, hlunnindi eins og veiðiskap í ám og vötnum, eggver og því um líkt, sem einstaklingsframtakið gat gengið að, en hvorki samtakamáttar né þjóðfélagslegrar forsjár þurfti til að afla. Þetta voru gögn og gæði landsins, sem lágu á yfirborði þess, og allt líf bændaþjóðfélagsins byggðist á því, að þeirra væri aflað og þau notuð. Engan þarf að undra, þótt nýjar hugmyndir um eignarréttinn létu lítt á sér kræla í slíku þjóðfélagi.

Í dag erum við Íslendingar ekki bændaþjóðfélag, sem á sínar jarðir, á sitt land og lifir af yfirborðsgögnum þess og gæðum nema að litlum hluta. Við höfum á nokkrum áratugum stokkið úr bændaþjóðfélagi yfir í borgar- og bæjaþjóðfélag að meginhluta. En um 3—4 þús. manns af 207 þús. manna þjóð teljast nú eiga landið, gögn þess og gæði. Þau hlunnindi, sem þjóðina munar mest um, vatnsaflið og jarðhitinn, notast henni ekki nema með alþjóðarátaki og undir ríkisforsjá. Gerbreyttar aðstæður kalla á breytt eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum, segjum við jafnaðarmenn.

Stökkbreytingin úr bændaþjóðfélagi í borgar- og bæjaþjóðfélag án aðlögunar eignarréttarins að breyttum aðstæðum hefur kallað fram ýmiss konar meinsemdir í þjóðlífi okkar, orðið undirrót brasks með lóðir, lendur, jarðir, ýmis hlunnindi og réttindi og valdið óeðlilegri og óréttmætri gróðasöfnun. Örreytisland frá sjónarhóli bændaþjóðfélags hefur vegna þéttbýlismyndunar bæjaþjóðfélags komizt í ofsaverð ekki vegna tilverknaðar eigenda, heldur athafna íbúanna á staðnum, sem orðið hafa að gjalda verðmyndun sína dýrum dómum, svo sem dæmi eru um lóðakaup Keflavíkur og Þórshafnar t. d. Hinn landlausi almenningur hefur orðið að greiða fáliðanum í landeigendastétt milljónir af skattpeningum sínum. Hvað halda Reykvíkingar, að mörg krónan af útsvörum þeirra hafi runnið í vasa lóðareigenda hér í höfuðborginni? Það eru örugglega hundruð og aftur hundruð millj. Sú upphæð á eftir að hækka hrikalega í náinni framtíð, ef ekkert verður að gert. Hið vinsæla og eftirsótta sport að veiða lax hefur á síðari árum varpað margri veiðijörðinni á braskmarkaðinn. Er nú svo komið, t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi, að peningamenn í höfuðborginni hafa keypt upp jarðir meðfram heilum veiðiám, en af landbúnaðaráhuga þeirra fara litlar sögur. Þarf engum getum að því að leiða, að græðgisein á jörð vegna laxveiða hennar orkar eins og drep á búsetu bænda í annars blómlegri sveit.

Þessi meðferð á eignarráðum yfir landi er landbúnaði og þar með bændum í heild hættuleg. Hún býður einnig upp á þann háska, að þeir Íslendingar séu til, sem vilji leppa kaup erlendra manna á hluta af landinu okkar. Hér þarf því að dómi okkar jafnaðarmanna að reisa rammar skorður við, og við trúum því ekki, að gjörhuglir bændur séu ekki sama sinnis.

Veiðileyfasalan er svo mál út af fyrir sig, sem hér verður ekki farið langt út í, en grunur minn er sá, að bændur skynji enn betur, að þau mál þurfi og að skoða vel, ef þeir vita, að hér í borg lifa a. m. k. 4 söluumboð góðu

lífi á veiðileyfasölu í ár úti um land, að því er kunnugir telja. Braskréttur veiðibóndans á veiðileyfum er harla dýru verði keyptur í mörgum tilvikum, sýnist mér.

Í umræddri þáltill. er lagt til, að þjóðin öll eða ríkið skuli vera eigandi allra fallvatna og stöðuvatna í óbyggðum, en þann hátt hafa ýmsar nágrannaþjóðir okkar á, svo sem Norðmenn, Svíar, Skotar, Englendingar og Írar, einnig Bandaríkja- og Kanadamenn, en hins vegar fylgi veiði í ám og vötnum viðkomandi jörðum sem hlunnindi og sé veiðin goldin eftir sérstakri arðskrá, er ríkið láti setja að fróðra og góðra manna yfirsýn. Er fyrirmyndin að þessu einnig sótt til fyrrgreindra þjóða. Á þennan hátt mundu veiðileyfin varla fara á braskmarkaðinn og veiðijarðirnar tæpast heldur, a. m. k. ekki ef arður veiðihlunnindanna gengi alltaf til ábúenda jarðanna, eins og við flm. till. ætlumst til.

Hugsanlegur væri líka sá eignarhátturinn á þessu, að veiðihlunnindi jarðanna væru bundin eign viðkomandi sveitarfélaga og arður af hlunnindum gengi til sameiginlegrar hagsældar íbúanna. Gæti þessi eignarháttur komið í veg fyrir það tekjubil, sem nú hefur skapazt og víða valdið sundurlyndi milli veiðibænda annars vegar og bænda, sem fyrst og fremst yrkja jörðina. Nú þykjast margir eygja þann framtíðarmöguleika, að fiskrækt í ám og vötnum geti orðið blómleg atvinnugrein, en til þess þarf félagsleg samtök og framlög af almannafé. Enn er það þjóðarheildin, sem þarf að koma til skjalanna, og því er hér lagt til, að fiskræktarrétturinn og ræktunarforsjáin sé í höndum ríkisins, þjóðarinnar allrar, ella þá sveitarfélaga, eins eða margra sameiginlega.

Þegar þjóðin sem heild er orðin eigandi allra fallvatna landsins, er hún og orðin eini handhafi virkjunarréttar á vatnsaflinu. Slíkt mundi einfalda virkjunarmál okkar öll ótrúlega mikið. Kemur hér enn að því, að hér er réttur, sem hið forna eignarráðshugtak átti ekki rúm fyrir. Virkjun vatnsorku var þá ekki til á nútímavísu. Til slíkra framkvæmda þarf samátak og samnotkun margra. Þetta er þörf fjöldans, sem ekki á og ekki má vera háð eignarrétti einstaklinga. Það er fjarri allri skynsemd að áliti okkar jafnaðarmanna, að fáir landeigendur, sem ekki geta leyst þessa auðlind úr læðingi af einkaframtaki sínu, hafi rétt á, ef þeim býður svo við að horfa, að neita hinum landlausa fjölda bæjarþjóðfélagsins um þessi eftirsóttu og nauðsynlegu auðæfi landsins. Hér á að vera nóg, að löggjafarþing þjóðarinnar segi til um, hvar virkja eigi og megi. Því verður að treysta til að meta þjóðarhag í þeim málum.

Í sambandi við virkjun fallvatna hafa ágjarnir og skammsýnir landeigendur freistazt til að gera ótrúlegar skaðabótakröfur á hendur virkjunaraðilum fyrir ýmis hugsanleg spjöll, sem aldrei verða sönnuð, eins og framtíðarveiðimöguleika, framtíðarfiskiræktarmöguleika og niður í það að heimta milljónir króna fyrir nakin braunlönd og hrísmóa, sem aldrei þótti krónu virði, fyrr en bæjarþjóðfélagið þurfti að leggja skika af þessu landi undir vatn, svo að hagkvæmasta virkjun yrði gerð í fallvatni, sem rann þar um. Skylt er að geta þess, að ekki breyta allir landeigendur svona, en við jafnaðarmenn teljum fráleitt, að einkaeignarráð yfir landi skuli vera með þeim hætti, að í þessa freistni skuli fallið, almenningi til stórra útgjalda og jafnvel útilokunar frá ódýrri vatnsorku.

Næst vatnsorkunni er jarðvarminn nú eftirsóttustu auðæfi landsins. Segja má, að allt suðvesturhorn landsins, þar sem meginhluti þjóðarinnar býr, sé ýmist þegar jarðhitavætt eða slík hitavæðing í undirbúningi eða vonum. Svo er og víðar um land. Meginhluti jarðvarmans, sem virkjaður er á þennan hátt, fæst úr iðrum jarðar við kostnaðarsamar boranir, sem fjöldinn borgar, en landeigandinn heimtar gögn og gæði af, oft milljónaupphæðir, án þess að þurfa að hreyfa litla fingurinn. Jarðir með jarðhita ganga á braskverði, og þurfi hinn landlausi íbúafjöldi bæjanna að leggja sína hitaveitu yfir mýri eða mó landeigandans, verður hann að greiða fyrir það stórfé fyrir landspjöll, heitir það. Enginn mundi hafa fárazt yfir greiðslum, ef í hófi væru, en slíkar eru nú fáar. Gott, ef ekki er sett lögbann á framkvæmdirnar, eins og Reykvíkingar fengu smjörþefinn af í sumar. Jafnaðarmenn telja einkaeignarráð yfir jarðvarma, sem almannafé þarf til að ná og nýta í þágu almennings, fráleitt og leifar af úreltum eignarréttarhugmyndum. Því leggjum við til, að allur jarðvarmi undir 100 metra dýpi verði lýstur alþjóðareign, sem og öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfi ríkisins þarf til að leita eftir, og skuli það háð valdi ríkisins.

Enda þótt margir í röðum okkar jafnaðarmanna telji þau eignarráðin á landinu einföldust og æskilegust og það hljóti að vera framtíðarmarkið, að þjóðin í heild eigi landið allt, þá gerir þáltill. þessi ráð fyrir, að bændur eigi bújarðir sínar sjálfir, meðan þeir kjósi þann háttinn á, fremur en hafa þær á erfðafestu, og jarðir geti gengið kaupum og sölum til búsetu og búrekstrar. Við, sem erum aldir upp í sveit, þekkjum, hve tengslin milli moldar og manns geta orðið tilfinningabundin og við virðum þá kennd og höldum í heiðri. En við teljum brask með jarðir ekki eiga rétt á sér. Því þurfi að setja glögg og ótvíræð ákvæði um jarðasölur og hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þessir aðilar hafi alltaf forkaupsrétt án þess að þurfa að sæta afarkostum brasksins og því þurfi að setja ákvæði í lög um það, hvernig bætur skuli reiknast fyrir þessi jarðargögn, eins og segir í 6. lið þáltill.

Þær eignarráðshugmyndir, sem hér eru settar fram um landið, gögn þess og gæði, hafa vakið mikla athygli og kallað bæði á jákvæð og neikvæð viðbrögð, þau síðarnefndu sum hver byggð á misskilningi að minni hyggju. Heyrt hef ég menn segja, að hér sé á ferð mjög róttæk breyting á eignarráðshugmyndum, jafnvel sé um eignarupptöku að ræða, ef að lögum yrði. Einn af andmælendum þessara hugmynda okkar jafnaðarmanna um eignarráð á gögnum lands og gæðum, þóttist fyrir tveimur árum sanna með einni setningu, að bændur landsins ættu ótvírætt allt landið. Þeir eiga landið, sem yrkja

það og nota það, sagði hann. Gott og vel. Að yrkja er að rækta. Notkun lands, eins og bændaþjóðfélagið fól í því hugtaki, hef ég þegar skilgreint. Hér er því haldið fram, að bóndinn eigi ræktarjörð sína, beitarjörð sína, heyöflunarjörð sína, hlunnindi þau, sem hann getur sjálfur nýtt. En þau gögn landsins og gæði, sem alþjóðarframtak, alþjóðarfé þarf til, að þjóðin fái notið, eiga að vera alþjóðareign, virkjunarréttur inn, fiskiræktarrétturinn, vatnsorkan, jarðvarminn, hugsanlegar námur. Landið á sá, sem yrkir það og notar það, í þessum tilvikum alþjóð, þjóðin öll, segjum við jafnaðarmenn.

Að lokum segir í þáltill. þessari: „Kveðið skal á um umgengnisvenjur við landið og viðurlög við spjöllum." Á síðustu árum hafa augu fjölmargra opnazt fyrir því, að mannkynið hefur þegar spillt umhverfi sínu stórlega á margan hátt, mengað loft og vatn, svo að jörðin kann að verða óbyggileg eftir nokkrar kynslóðir, verði ekki að gert hið bráðasta. Óspillt land, ómengað loft og vatn eru nú talin til hinna verðmætustu eigna hverrar þjóðar. Í þessum efnum erum við Íslendingar enn auðug þjóð, en ber þó að gæta fyllstu varúðar að spilla þeim ekki, jafnframt því sem við skulum nýta auðlindir okkar sem bezt. Hér þarf að varða veginn af fyllstu aðgæzlu, svo að hinn gullni meðalvegur verði genginn. Háskinn er á báðar hendur: of og van. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið, segir máltækið.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þáltill. þessa verði frestað að loknum þeim umr., sem nú kunna fram að fara, og málinu verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við 2. umr. ræddi ég þetta mál ekki efnislega, en það langar mig að gera með örfáum orðum nú við þessa 3. umr.

Það kom fram í framsöguræðum fulltrúa Alþfl. og Sjálfstfl. í þeirri n., sem um málið hafði fjallað, og í þeim nál., sem fram komu frá 1. minni hl. og 2. minni hl. sjútvn., að upplýsingar, sem hæstv. sjútvrh. hefði gefið um tilkomu þessa máls við 1. umr., væru ekki alls kostar réttar. Hæstv. sjútvrh. hafði sagt í framsöguræðu sinni fyrir málinu, að málið væri flutt að beiðni forsvarsmanna sjávarútvegsins, og mun þá fyrst og fremst hafa verið átt við Landssamband ísl. útvegsmanna, sem sérstakt samband hafði verið haft við um málið.

Í bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna til sjútvn. þessarar hv. d., undirrituðu af Kristjáni Ragnarssyni, kemur hins vegar fram, að hér er eitthvað málum blandað. Framkvæmdastjóri Landssambands ísl. útvegsmanna segir svo í bréfi sínu til sjútvn., með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúar L. Í. Ú. í verðlagsráði sjávarútvegsins áttu viðræður við sjútvrh. 22. sept., að hans beiðni, um þau vandamál, sem við blöstu við ákvörðun fiskverðs. Hann lýsti þar þeirri skoðun ríkisstj., að fiskverð þyrfti að hækka, án þess þó að tilgreina hve mikið. Hins vegar taldi hann, að fiskkaupendur gætu ekki staðið undir þeirri hækkun vegna erfiðrar rekstraraðstöðu og þyrftu jafnvel á aðstoð að halda. Þar sem ekki voru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. fyrir n. k. áramót til lausnar á þessu máli, teldi hann, að það fjármagn, sem til þyrfti að koma til að gera fiskverðshækkun mögulega, yrði að takast úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Fulltrúar L. Í. Ú. mótmæltu þessu," segir framkvæmdastjórinn, „og bentu á, að ekki væri ástæða til að taka fé úr verðjöfnunarsjóðnum, því að ekki væri um neitt verðfall að ræða á fiskafurðum."

Hér er m. ö. o. um það að ræða, að þegar ráðh. leggur frv. fyrir, telur hann það flutt í samráði við og nánast mátti skilja orð hans svo, að það væri gert að beiðni, en alla vega í samráði við þau samtök, sem hér skipta mestu máli, þ. e. a. s. Landssamband ísl. útvegsmanna. Nú hefur sambandið sagt það skýrt og skorinort við n. þessarar hv. d., að svo hafi ekki verið. Það er ekki hægt að líta þannig á, að frv. sé flutt í samráði, — svo að ég noti það orðalag, — við samtök, sem mótmæla því, að frv. sé flutt, þótt þau síðar, þegar þeim er ekki gefinn kostur á annarri fjáröflun til þarfar, sem þeir telja alveg óhjákvæmilega, þá fella þeir sig við þá ráðstöfun, sem hér er um að ræða, sætta sig við hana fremur en ekki neitt. Það liggur því algerlega ljóst fyrir, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafði mótmælt slíkri lagasetningu, hafði mótmælt því frv., sem hér er nú til 3. umr., áður en það var flutt, en sætti sig hins vegar við það, að frv. næði fram að ganga, fyrst útvegsmönnum er ekki gefinn kostur á öðru en þessu.

Þetta er hins vegar ekki í samræmi við það, sem hæstv. sjútvrh. sagði, þegar hann mælti fyrir frv. við 1. umr., og því nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvernig á þessari misklíð eða hvernig á þessu ósamræmi stendur. Ég tel því, að ekki sé hægt að ljúka þessari 3. umr. málsins, án þess að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur til þess að gera hv. þdm. grein fyrir því, hvernig stendur á misræminu milli orða hans við 1. umr. málsins og ummæla Landssambands ísl. útvegsmanna um sama mál.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja frá 2. umr. málsins, að hæstv. sjútvrh. hefur leyfi frá störfum og varaþm. hans hefur tekið sæti hans á Alþ. Mér dettur auðvitað ekki í hug, að varaþm. hans geti svarað fyrir hans hönd í þessu máli, og ætlast ekki heldur til þess af neinum af samráðh. hans, að þeir geri það. Það væri ósanngjarnt að ætlast til slíks. Hér getur hæstv. sjútvrh. einn gefið nauðsynlegar skýringar á því, hvernig á því stendur, að ummæli hans við 1. umr. málsins eru ekki í samræmi við það, sem mér finnst hann hefði átt að muna, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafði mótmælt því, að þessi leið yrði farin til lausnar þessum vanda, enda er nú staðfest bréflega til n., að

það hefur átt sér stað. Það kom sér ekki aðeins illa við 2. umr. málsins, að hæstv. ráðh. skyldi þá ekki vera við. Það kemur sér enn verr nú við 3. umr. málsins, þegar eftir því er leitað, að hann sé hér viðstaddur til að gefa skýringar á jafnalvarlegu atriði og því, sem hér er um að ræða.

Þegar ég við 2. umr. málsins óskaði eftir því, að hæstv. forseti í samráði við hina forsetana, starfsbræður sína, og í samráði við skrifstofu Alþingis athugaði, hvort fjarvistarleyfi hæstv. ráðh. samrýmdist ákvæðum í gildandi lögum, gildandi þingsköpum og kosningarlögum, þá var það vegna þess, að mér vitanlega væri fjarvist hans frá Alþ. ekki byggð á því, að hann gæti ekki mætt á þingfundum, heldur teldi sig ekki hafa tíma til þess, þá svaraði hæstv. forseti strax á þeim fundi, þó að ég hefði skýrt tekið fram og hefði orðað fsp. mína mjög hóflega og mjög varlega, að ég óskaði þess ekki, að hann svaraði á þeim fundi, heldur hefði samráð við aðra forseta þingsins og skrifstofu Alþingis, því að mér væri algerlegar ljóst, að hér væri um „þrinsip"-mál að ræða, vandasamt „þrinsip"-mál, sem þyrfti að taka afstöðu til ekki sízt með hliðsjón af því, að þingforsetar og formenn þingflokka höfðu þá alveg nýlega gert með sér óformlegt samkomulag um, að þm. skyldu ekki kalla inn varamenn, nema brýn nauðsyn krefði. Hæstv. ráðh. sem varaformaður þingflokks Alþb. var einmitt einn þeirra manna, sem á þeim fundi voru, og var aðili að því samkomulagi. Þess vegna taldi ég þeim mun meiri ástæðu til þess, að málið yrði athugað rólega um nokkurn tíma. Það, sem ég raunverulega meinti, var auðvitað það, að forsetar og formenn þingflokka hittust aftur til þess að ræða það vandamál, sem hér væri um að ræða, og finna á því einhverja skynsamlega lausn. Hæstv. forseti tók hins vegar þann kostinn, því miður, að svara mér þegar á þessum fundi, — ég segi enn: því miður, að mjög vanhugsuðu máli, vegna þess að hæstv. forseti sagði, að þegar hæstv. ráðh. hafi beðið um fjarvistarleyfið, hafi verið ákveðið, að hann færi til útlanda í opinberum erindagerðum. Ég vissi raunar þá þegar og hef kannað það til fullnustu síðan, að á þeim degi, sem hann bað um fjarvistarleyfi, og á þeim degi, sem honum var veitt það, hafði hann þegar afturkallað ferð sína til útlanda, enda er það ekki nefnt einu orði í bréfi hans né heldur bréfi forseta, að leyfið sé veitt vegna farar til útlanda í opinberum erindum, svo sem venja er, þegar þannig stendur á, heldur eingöngu borið við önnum. Það var því ekki rétt staðhæfing hjá hæstv. forseta, þegar hann sagði, að þegar hann hefði beðið um orlofið og verið veitt heimild til þess, að varamaður tæki sæti, hafi ferð hans til útlanda verið ráðin. Það hafði þegar verið horfið frá henni, þegar beiðnin var borin fram og leyfið var veitt. Það var einmitt þess vegna, sem ég bar fsp. mína fram. Annars hefði ég auðvitað ekki gert það.

Þá sagði hæstv. forseti líka í úrskurði sínum, ef ég má nota það orð um ummæli hans, að það væri undarlegt, að ég skyldi bera fram aths. við annað eins og þetta, og hagaði orðum sínum þannig, að ómögulegt var annað en að skilja þau þannig, enda eflaust þannig til ætlazt, að ég hefði marg gefið tilefni til sams konar ráðstöfunar og þeirrar, sem hér er um að ræða. Ég kunni svarið við þeirri ásökun á þessum degi, en vildi samt ekki hafa það yfir, nema ég væri alveg viss um, að ég færi með rétt mál. Þess vegna hef ég beðið skrifstofu Alþ. að athuga, hvernig beiðnum mínum um, að varaþm. tæki sæti mitt hér á Alþ., hafi verið háttað, og svarið er þannig frá skrifstofu þingsins:

Ég hafði verið þm. í 10 ár, áður en ég varð ráðh., frá 1946—1956. Ég hafði aldrei beðið um, að varamaður tæki sæti mitt á Alþ., í þessi 10 ár vegna fjarvistar. Ég var ráðh. í 15 ár, frá 1956—1971. Á þeim 15 árum það ég einu sinni um það, árið 1964, að þm. tæki sæti mitt á Alþ. vegna fjarvistar, — í eitt skipti. Síðan er það kunnara en frá þurfi að segja, að eftir að ég lét af ráðherrastörfum, dvaldist ég um þriggja til fjögurra mánaða skeið í Kaupmannahöfn við rannsóknarstörf, og það var einmitt á s. l. hausti. Þá tók að sjálfsögðu varamaður sæti mitt allan þann tíma. Það var þegar frá þingbyrjun, svo að ekki var um það að ræða, að ég hefði beðið um, að þm. tæki sæti mitt vegna þess, að ég þyrfti að fara frá þingstörfum. M. ö. o.: í þau skipti, sem ég þurfti í embættiserindum að fara til annarra landa, var fjarvistin jafnan svo stutt, að hvorki var talin ástæða til þess af mér, flokki mínum né heldur ríkisstj., að varamaður tæki sæti í minn stað. Í þeim mæli reyndi ég að gegna þeirri sjálfsögðu skyldu minni að hafa fjarvistir mínar sem allra stytztar.

Þessi ummæli hæstv. forseta, sem eins og önnur ummæli hans hafa eflaust verið mælt í fljótræði, hafa því við ekkert að styðjast og eru hvorki rétt né heldur smekkleg. En það skiptir auðvitað litlu máli í því sambandi, sem hér er um að ræða. Mergurinn málsins er sá, að ég tel ekki hægt að ljúka 3. umr. þessa máls, nema hæstv. ráðh. hafi tvímælalaus forföll frá því að geta komið hingað og rætt þetta mál við þm., sérstaklega gefið skýringar á því misræmi, sem var í framsögurræðu hans annars vegar og í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar. Ég leyfi mér því að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort honum sé kunnugt um, hvort hæstv. sjútvrh. sé í borginni eða ekki. Hann var í borginni í gær, hann var í borginni í morgun, og mér er forvitni á því að vita, hvort hann er í borginni nú á þessari stundi. Ef hann er í borginni á þessari stundu, tel ég alveg óforsvaranlegt að halda áfram umr. málsins, nema hann sé hér til fyrirsvars fyrir þessu máli sínu. Ég get vel skilið, ef hann væri á þessari stundu að gegna áríðand skyldustörfum á mikilvægum fundi eða í einhverjum mikilvægum viðræðum. Við því hef ég ekkert að segja. Þá er eðlilegt, að umr. málsins sé frestað. En ef hann er í borginni og ef hann er að gegna öðrum störfum, sem eru mikilvægari en þau að standa hér í umr., — og ég skal fúslega viðurkenna, að um þau störf getur verið að ræða, — þá óska ég, að umr. málsins sé frestað, þangað til hæstv. ráðh. sér sér fært að koma hingað og ræða við þm. um málið að gefnu þessu alveg sérstaklega tilefni, sem ég tel langt frá því að vera lítilvægt.

Forseti (GilsG): Ég mun ekki hafa ýkjamörg orð um þá einkar smekklegu ræðu, sem hv. 7. þm. Reykv. flutti hér. Ég vil aðeins í tilefni þess, að það er nú í annað sinn, sem hann ber mér ósannindi á brýn vegna þeirra fáu orða, sem ég sagði hér um daginn, lýsa því yfir, að það var hvert orð satt og rétt, sem ég sagði þá, og ég vísa því algerlega heim til föðurhúsanna, að ég hafi farið þar með rangt mál.

Hv. 7. þm. Reykv. reynir að gera mikið úr því atriðið, hvenær beiðni hæstv. sjútvrh. var dagsett. Hann reynir að gera það að aðalatriði, að hann hefði á þeirri stundu verið búinn að afturkalla þá utanför, sem var ráðin allmörgum dögum áður. Nú veit þessi hv. þm. eins og allir aðrir, að varamaður hæstv. sjútvrh. er búsettur austur á landi, og þegar ákvörðun þarf að taka um, að varamaður komi inn, verður að gera hana með einhverjum fyrirvara. Það var þetta, sem gerðist, og þetta, sem ég skýrði frá, að hæstv. sjútvrh. hafði ætlað að fara í opinberum erindagerðum sem viðskrh. á fund EFTA-landa og hafði gert í tilefni af því ráðstöfun til þess, að varamaður hans kæmi inn. Það var þetta, sem ég skýrði frá. En svo virðist sem hv. 7. þm. Reykv. hafi ekki þolað, **að ég nefndi það, að** e. t. v. mundi einhver eftir því, að einhvern tíma hefði það komið fyrir, að hann sem viðskrh. hafi þurft að bregða sér úr landi. Þetta virðist vera það, sem honum hefur sárnað svo mjög, að hann ber mér hér hvað eftir annað ósannindi á brýn. Ég get ekki annað en látið í ljós furðu mína á þessu, þar sem ég á slíku ekki að venjast af hálfu þessa hv. þm., að hann beri mér slíkt og þvílíkt á brýn.

Að því er varðar það atriði, hvort hæstv. sjútvrh. er hér í borginni nú og hvort hann gæti þá komið á þingfund til að ræða það mál, sem hér er til umr., þá vil ég aðeins vekja athygli á því, að í fyrsta lagi er varamaður ráðh. hér á þingmannabekk, auk þess sem ég hygg, **að** það væri alger nýjung og þyrfti að athuga betur að mínu viti, hvort ætti að taka upp þann hátt að fara þess á leit eða yfirleitt gefa kost á því, að ráðh. komi inn til starfa jafnhliða því, sem varamaður ráðh. er starfandi þingmaður. Ég held, að þetta hafi aldrei tíðkazt. (**Gripið fram í:** Það hefur oft gerzt.) Hefur það gerzt? Það kann að vera, að þetta hafi komið fyrir. Ég hygg þó, að það sé ekki algengt. En ég tel, að það geti verið mikið vafamál, hvort það sé rétt regla eða ekki.

En að síðustu vil ég spyrja hv. 7. þm. Reykv., hvort hann leggi á það mikið kapp, að málinu verði frestað. Ég skal verða við þeim tilmælum, ef hann gerir **það** að verulegu atriði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er mjög óvenjulegt, að þingforseti flytji ræður eins og þá, sem hann flutti áðan, og þá, sem hann flutti við 2. umr. málsins. Þingforsetar haga venjulega orðum sínum hlutlaust og kurteislega, en það hefur hæstv. forseti í hvorugt skiptið gert.

Varðandi það, hvort hæstv. forseti hafi farið með rangt mál eða rétt í ummælum sínum um daginn, þá er það að segja, að ég hef lesið ummæli hans, eftir að ég hlustaði á þau. Ég hef þau ekki við höndina núna, vegna þess að þau eru úti á skrifstofu minni í Þórshamri, en ég man þau alveg. Hann sagði, að þegar leyfi til ráðh. hafi verið veitt, hafi hann óskað eftir leyfi til utanferðar í embættiserindum. Það var þetta, sem ég þá vissi, að var rangt, og gekk úr skugga um á eftir, að er rangt.

Nú gerir hæstv. forseti veður út af því, að ég skuli hafa miðað við dagsetninguna, en ekki við hitt, að ráðh. hefði ætlað til útlanda viku eða hálfum mánuði áður og þá talað við varamann sinn. Þetta skiptir ekki nokkru minnsta máli. Ákvörðuninni hafði verið breytt, þegar hann biður um leyfið og þegar honum er veitt það. Eins og var hægt að hringja austur á land og biðja varamanninn um að koma, mátti hringja og segja varamanninum að koma ekki. Það hefði verið í fullkomnu samræmi við það, sem um var talað á sameiginlegum fundi forseta og þingflokkaformanna, þar sem hæstv. deildarforseti og hæstv. sjútvrh. voru. Þess vegna er ég að tala um allt málið. Ég tel það lið í því óformlega samkomulagi, sem þá var gert, að það skyldi teljast óeðlilegt, að menn fengju fjarvistarleyfi, ef þeir væru við störf í borginni. Það var engin ákvörðun tekin um þetta, enda ekki hægt. Eftir ítarlegar viðræður við hæstv. forseta Sþ. um málið get ég vel skilið, að forseti geti hvorki neitað þm. né heldur ráðh. um að taka inn varamann eftir gildandi reglum, ef þeir óska þess. Það hefur aldrei hvarflað að mér að bera hæstv. forsetum þingsins á brýn, að þeir hafi gert neitt ólöglegt með því að veita hæstv. ráðh. fjarvistarleyfi og taka inn varamanninn. Mér er jafnvel kunnugt um, að það var heimilt samkv. lögum og ekki aðeins heimilt, heldur ber þeim jafnvel skylda til að gera það, ef þm. óskar eftir því og tilgreinir forföll, jafnvel þó að það séu hvorki veikindi né utanferð, heldur segist ekki hafa ástæðu til að mæta hér á hinu háa Alþ. Einmitt þess vegna ræddum við málið. Ég leit þannig á og kalla þar til vitnis starfsbræður mína í formennsku þingflokkanna, að niðurstaða fundarins væri sú, að frá þessari reglu ætti helzt að hverfa. Mér er kunnugt um, að það hefur ekki verið horfið frá henni þegar á þessu þingi gagnvart a. m. k. einum þm. En ég tel, að þar hafi verið um sérstakt tilvik að ræða, vegna þess að sá þm. hefur átt við langvarandi veikindi að stríða og allir vita, að hann stendur í öðrum stórræðum hér í bænum og hefur staðið undanfarnar vikur og varla hægt að ætlast til þess með hliðsjón af heilsufari hans undanfarin ár, að hann gegni jafnviðamiklum störfum og þeim, sem hann nú annast, og sitji jafnframt hér á hinu háa Alþ. Þess vegna hafði mér ekki dottið í hug að finna að þeirri leyfisveitingu, þó að ég telji hana líka hafa verið í ósamræmi við óformlegt samkomulag okkar þingflokksformannanna og þingforsetanna. En alveg sérstöku máli hlýtur hér að gegna um ráðh., eins og líka var rætt á þessum fundi. Jafnvel þó að þm. sé veitt leyfi, eins og hefur komið fyrir einu sinni áður á þessu þingi, vegna anna í borginni, og þó að ekki kæmu til sérstakar veikindaástæður, þá gildir þar öðru máli en þegar um ráðh. er að ræða, vegna þess að venjulega getur varaþm. tekið við störfum þm., eins og á sér stað í hinu tilfellinu, sem ég nefndi, og allir þekkja, þó að ég nefni

hér engin nöfn. En varaþm. getur ekki tekið við störfum ráðh. Það þarf væntanlega engrar skýringar við. Ég var einmitt að leggja áherzlu á, að þó að varamaður hæstv. sjútvrh. sé ágætur og hæfur þm., þá getur enginn maður ætlazt til þess, að hann geti staðið hér í sporum ráðh. og svarað fyrir hans hönd, og það geta starfsbræður hans raunverulega ekki heldur, t. d. í því tilfelli, sem hér er um að ræða. Þess vegna þarf að fara sérstaklega varlega í sakirnar, þegar ráðh. biður um fjarvistarleyfi frá Alþ. og setur varamann inn fyrir sína hönd. Þetta hélt ég, að öllum sanngjörnum mönnum ætti að vera ljóst.

Eftir langar viðræður við forseta Sþ. um þetta, þó að hann sé hér fjarverandi í dag, þá veit ég, að ég brýt engan trúnað við hann, þó að ég segi frá því, að hann er sammála því, sem ég hef sagt um þetta. Hann er sammála efni þess, sem ég hef sagt um málið fram að þessu, svo að hér er ég ekki að segja neitt, sem eru einkaskoðanir mínar. Raunar held ég, að þetta séu skoðanir þm. yfirleitt. Í svo mörgum hef ég heyrt um þetta mál. Ég held því fast við, að það hafi verið óeðlileg beiðni af hálfu hæstv. sjútvrh. að fara fram á, að varaþm. tæki sæti hans hér á Alþ., og í ósamræmi við óformlegt samkomulag þingforseta og þingflokksformanna.

Ég endurtek það til þess að koma í veg fyrir allan misskilning, að það virðist vera tilhneiging sums staðar á sumum hærri stöðum, svo að ég líti nú aftur fyrir mig, til þess að misskilja augljós orð manna. Ég er ekki að deila á forsetana fyrir að hafa veitt leyfið. Ég tel það skyldu þeirra, ef haldið er við bókstaf kosningalaga og þingskapa. Það, sem ég er að gagnrýna, er beiðni ráðh. um að fá að vera fjarverandi í hálfan mánuð og láta varaþm. sitja hér í staðinn fyrir sig. Það er það, sem ég tel vera óeðlilegt og í ósamræmi við gert samkomulag, sem hann sjálfur tók þátt í og þessi hæstv. deildarforseti hér fyrir aftan mig líka.

Nú skal ég láta útrætt um þetta, en snúa mér að hinu, sem hæstv. deildarforseti gerði að aðalatriði í málinu, að dagsetning beiðninnar skipti ekki máli, heldur ákvörðunin um að beiðast þess, að varaþm. taki sæti. Ég tel alveg það sama gilda um hana. Ráðherrafundurinn í Vín átti að standa í tvo daga. Það er mér vel kunnugt um. Ráðh. þurfti því ekki að vera fjarverandi lengur en 4 daga til að geta gegnt embættisstörfum sínum erlendis. Það var líka um það talað á þessum margumræddu fundi, að þó að þm. og þá væntanlega ráðh. líka færu í stuttar embættisferðir til útlanda, jafnvel þó að þær tækju viku eða rúmlega viku, það var skýrt um þetta talað, þá skyldu ekki vera kallaðir varamenn inn í þingið, enda vita allir hv. þm. það núna, að 4 þm., að ég held, eru nýlega farnir í opinberum erindagerðum til funda í Bonn. Sú ferð mun taka um viku, er mér sagt. Það varð samkomulag um það og allir héldu það samkomulag að kalla ekki inn varamenn. Enginn varamaður hefur verið kallaður inn fyrir þá. Hæstv. forsrh. er nú um þessar mundir erlendis. Að sjálfsögðu kemur enginn varamaður fyrir hann, enda fjarvist hans mjög stutt.

Mergurinn málsins er því þessi, að jafnvel þó að við miðum við það, sem hæstv. deildarforseti vill miða við, þann dag, sem hæstv. sjútvrh. ákvað að taka inn varamann sinn, af því að þá ætlaði hann til Vínar í ferð, sem tók 4 daga, var það einnig óeðlilegt. Einnig sú beiðni um varamannssetu var óeðlileg og í ósamræmi við það samkomulag, sem fyrir tæpum mánuði var búið að gera á milli þingforseta og þingflokksformanna. Hvert einasta efnisatriði í gagnrýni minni varðandi þetta mál er því fullkomulega rétt.

Hæstv. forseti Sþ. hefur farið fram á það í viðræðum við mig um þetta vandamál, að ég gangist fyrir því, að formenn þingflokkanna hittist aftur og beri saman ráð sín. Honum er jafnljóst og mér, að hér er vandamál á ferð. Síðan skyldum við hafa samráð við þingforsetana um málið, eins og gert var fyrir rúmum mánuði. Þetta mun ég gera með mikilli ánægju, því að ég hef enga löngun til þess að efna til óþarfa úlfúðar. Það eitt, sem mér gengur til, er, að sé gert samkomulag, þá sé það haldið. Hitt er mér líka mjög umhugað um, að samkomulag um slík mál sé þannig, að Alþ. haldi virðingu sinni, en það gerist ekki öðru sinni, sem gerðist á síðasta þingi, að Alþ. hafði mikla vansæmd af því, hversu margir varamenn tóku hér þá sæti, og ekki aðeins mikla vansæmd í augum þjóðarinnar, heldur torvelduðust þingstörf stórkostlega af þeim sökum, eins og allir reyndust sammála um, þegar við hittumst í vor, flokksformennirnir og þingforsetarnir, og síðan aftur í haust. Hitt er mér ljóst, að það eykur enn á vandann, ef sú regla yrði tekin upp, að ráðh. mæti hér á þingi og taki sæti sitt samtímis því, sem varamaður hans á sæti. Að vísu hefur það oft gerzt áður, að ráðh. hafa, þegar þeir hafa verið í utanferðum, það löngum, að þm. hafa komið inn, ef þeir hafa komið heim tveim, þrem dögum áður en leyfið var útrunnið, komið inn á þing. En þá hefur, að því er mig minnir, aldrei verið um 1, 2 eða 3 daga að ræða.

En mér er jafnljóst og öðrum, að það yrði ákaflega varhugaverð regla, ef það héldi áfram, að ráðh. bæðu um frí vegna anna, væru í bænum, létu varaþm. koma inn fyrir sig og kæmu síðan öðru hverju hingað niður í þing til þess að taka þátt í umr. Þetta væri háttur, sem væri mjög illa til þess fallinn að auka á starfshæfni Alþ. og álit þess meðal þjóðarinnar. Þess vegna er hér um vandamál að ræða, sem að mínu viti algerlega óeðlileg beiðni hæstv. sjútvrh. hefur valdið. Mér er alveg sama um, hvort miðað er við þann tíma, sem hann hringdi austur á land, af því að hann ætlaði til Vínar. Það var óeðlilegt þá. Það var auðvitað enn þá óeðlilegra, að varaþm. kæmi, eftir að ráðh. var búinn að ákveða að hætta við ferðina og að hann skuli skrifa bréfið, eftir að hann er búinn að ákveða að hætta við ferðina. Það eru engin rök, þó að hann hafi áður verið búinn að tala við varaþm. sinn. Hitt skal ég fúslega játa, að úr því sem komið er, þá er hér úr vöndu að ráða.

Uppástunga mín er því sú, að þessari 3. umr. um málið verði frestað, þannig að forsetum þingsins, öllum þremur, og þingflokksformönnum gefist kostur á að ræða þann vanda, sem hér

er kominn upp. Vandinn liggur fyrir, og einhvern veginn þarf að greiða úr honum. Það mun áreiðanlega ekki standa á mér að stuðla að því, að úr honum verði greitt á skynsamlegan og sanngjarnan hátt, þannig að þau mistök, sem hér hafa því miður orðið, þurfi ekki að endurtaka sig.

Forseti (GilsG): Ég sé nú ekki, að það hafi neinn skynsamlegan tilgang, að ég fari að munnhöggvast hér frekar við hv. 7. þm. Reykv. um þetta mál. Mér þykir sérstök ástæða til að stytta mál mitt vegna þess, að milli mín og hv. þm. er enginn ágreiningur um, að það sé rétt og skynsamlegt að sporna eftir föngum við því, að varamenn komi inn að þarflitlu. Ég hef aldrei látið annað í ljós og mun ekki gera. En ég vil ekki fara að þreyta hv. þdm. á því að endurtaka það, sem ég hef áður sagt í sambandi við það einstaka tilfelli, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. talar um, að æskilegt sé að fresta umr. um þetta tiltekna mál vegna fjarvistar hæstv. sjútvrh. Ég sé ekki ástæðu til þess vegna þess atviks, sem hér hefur aðallega verið til umr., þar sem vitanlega er hægt að ræða það og stefnuna í varamannamálinu, í framtíðinni án tillits til þess, hvort þetta mál fengi afgreiðslu nú eða ekki.

Ég vil í sambandi við málið, sem á dagskrá er, benda á, að ég hygg, að það sé að verða nokkuð brýnt, að það verði að lögum í einhverri mynd, og það er enn í fyrri d. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort hann geti fallizt á það, að umr. um þetta mál ljúki hér í d., en hitt atriðið verði eftir sem áður tekið upp, sem hann hefur rætt hér aðallega um. En ef hann telur miklu máli skipta, að 3. umr. verði frestað, þá skal ég, eins og ég sagði áðan, verða við því.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég held, að það væri skynsamlegt allra hluta vegna að fresta 3. umr. að þessu sinni, þannig að þingforsetum og þingflokksformönnum gefist kostur á að ræða þann vanda, sem hér er upp kominn. Ég skal heita hæstv. forseta því fyrir mína hönd, — og ég veit, að mér er þar óhætt að tala fyrir hönd míns flokks, — að við munum enga tilraun gera til þess að bregða fæti fyrir það, að málið komist út úr d. á eðlilegum tíma, þannig að það geti fengið algerlega eðlilega meðferð í hv. Ed., þótt svo færi, að 3. umr. málsins yrði frestað nú í dag.

Umr. frestað.

Námsflokkar, frv. (þskj. 98). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um það, að greiðsla kostnaðar við svonefnda námsflokka falli undir skólakostnaðarlög.

Eins og allir vita, er skólakerfi okkar fyrst og fremst byggt á því, að þeir, sem ganga í skóla og nema, séu að búa sig undir það, sem þeir væntanlega komi til með að starfa á lífsleiðinni, og afla sér þekkingar undir þau störf. En í seinni tíð eru að vaxa mikið bæði kröfur og óskir um það, að þeir, sem eru komnir til starfs, geti á ýmsan hátt endurnýjað sig í starfi, endurnýjað þekkingu sína og aflað sér nýrrar þekkingar, m. ö. o., eftir að menn eru komnir á fullorðinsárin, geti þeir sótt sér aukna þekkingu, og þá er sú leið mjög farin nú, að myndaðir eru svokallaðir námsflokkar, oft á vegum viðkomandi sveitarfélaga, þar sem kennarar eru fengnir til að kenna ýmsar námsgreinar, tungumál og hitt og annað, en þessi kostnaður fellur yfirleitt á viðkomandi sveitarfélög og sem skólagjöld eða námsflokkagjöld, sem þeir, sem námsins njóta, verða að greiða og eru oft alltilfinnanleg.

Hér er lagt til, að til að létta þessa námstilhögun falli þessi kostnaður undir skólakostnaðarlögin, og er vísað til þeirra greina, sem vel gætu spannað yfir þetta. Það er 16. gr. í skólakostnaðarl., sem hljóðar svo með leyfi forseta: „Öll föst laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntmrn. ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.“ Og svo aftur varðandi kostnaðinn heima fyrir, sbr. 22. gr. skólakostnaðarl., sem hljóðar svo: „Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum till. skólastjóra.“

Frvgs. er stutt og á að ná til þessa hvor tveggja og hljóðar svo:

„Starfræki sveitarfélag námsflokka, sem aðgangur er frjáls að, skal fara um kostnað við rekstur þeirra eftir ákvæðum III. kafla laga um skólakostnað, nr. 49 1967, enda hafi menntmrn. samþykkt fjárhagsáætlun hvers skólaárs, námsskrá og ráðningu skólastjóra eða forstöðumanns og kennara.“

M. ö. o. menntmrn. hefur það að sjálfsögðu í valdi sínu, að ekki fari þarna neitt úrskeiðis með óeðlilegan kostnað. En verði farið inn á þessa braut, má létta mjög þessa námsbraut fullorðinna, og ég held, að það sé vissulega full þörf á því. Ég vil aðeins skjóta því hér fram, að t. d. á Akureyri starfa nú í vetur 200 manna námsflokkar. Mér er kunnugt um, að slíkt starf fer fram talsvert víðar, en þó er það fyrst og fremst á vegum stærri bæjarfélaga. En það er engu að síður þörf á, að þetta námsflokkakerfi nái til smærri sveitarfélaga, og ég hygg, að þetta gæti greitt götu þess.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. að loknum umræðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 20. fundur.

Fimmtudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Staðsetning nýrrar stjórnarráðsbyggingar, þáltill. (þskj. 103). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 72). — Frh. einnar umr.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Á síðasta þingi fluttu allir þm. Alþfl. till. af mjög svipaðri gerð og þá, sem hér er til umr. Till. sú fékk ekki fullnaðarafgreiðslu, en n. sú, sem till. hafði verið vísað til, klofnaði um málið. Meiri hl. n. lagði til, að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Ég var meðal þeirra nm., sem studdu dagskrártill.

Nú, þegar þetta mál kemur aftur til kasta þingsins, eða í þriðja sinn, að ég hygg, vil ég leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um málefnið. Það er þó rétt, að ég reki í höfuðdráttum efni till.

Till. gerir ráð fyrir algerri stefnubreytingu á þeirri skipan eignarréttar, sem ríkt hefur hér á landi. Till. miða að því, að allt land í byggð og óbyggð verði alþjóðareign. Auk þess verði stöðuvötn á afréttum og öll fallvötn lýst alþjóðareign. Ríkið eitt hafi öll fiskræktar- og veiðiréttarmál á sinni hendi og hirði allan arð til sín. Margvísleg önnur réttindi á ríkið enn fremur að taka til sín. Til þess að koma þessari stefnu í kring, eiga sérfróðir menn um lagagerðina að fjalla, og flm. till. telja hvorki meira né minna en að þessi till. þeirra muni leiða til úrlausnar eins hins mikilvægasta verkefnis, sem nú sé á sviði íslenzkrar löggjafar.

Það fer að sjálfsögðu ekki framhjá neinum, að hér eru á ferðinni einhver stórkostlegustu þjóðnýtingaráform, sem saga okkar geymir, og það verður alls ekki sagt, að hv. þm. Alþfl., flm. þessarar till., kveðji sér ekki hljóðs hér á Alþ. með þeim hætti, að um munar og eftir sé tekið, enda gat hv. 1. flm. till. um það, að eftir þessari till. væri tekið um land allt og áhugi manna mikill uppi að ræða hana og íhuga, hvaða efni hún geymir og til hvers hún megi leiða. Það var vitað, að Alþfl. taldi sig og sennilega telur sig enn fylgjandi þjóðnýtingu á ýmsum sviðum þjóðlífsins. En nokkuð mun þó hafa verið farið að fyrnast yfir þann þáttinn í stefnuskrá þessa flokks og þá ekki sízt meðan Alþfl. lifði í hinni einstöku og ástúðlegu sambúð við Sjálfstfl. hart nær um 12 ára skeið. En það verður að segja eins og er, að það er vissulega þörf þess, að ríkisvaldið láti til sín taka um ýmis þau atriði, sem grg. till. greinir, og þar beri að hafa af opinberri hálfu fulla gát á og færa til betra vegar það, sem aflaga kann að fara.

Nú er alkunna, að margs konar brask með lóðir og lendur á sér stað, og hefur svo verið lengi. En fyrst og fremst hygg ég, að það sé húsabraskið og lóða- og lendnabrask í sambandi við þéttbýlið eða í þéttbýli og þá einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Það er engan veginn heilbrigt, enda stríðir það gegn hagsmunum almennings, að eigendur lóða geti án minnsta eigin tilverknaðar hagnazt stórkostlega á aðgerðum hins opinbera, sem er að framkvæma verk, sem til almannaheilla horfa. Þá er enn fremur auðvitað, að fráleitt er, að erlendir jafnt sem innlendir geti keypt jarðir, sem þeir síðan skeyta ekki neitt um og leggjast í eyði. Okurleigu á veiðileyfum í ám og vötnum, þar sem um hana ræðir, ber að sjálfsögðu að koma í veg fyrir, eins og auðið er, og einnig þarf að gæta fyllstu varúðar til að spilla ekki landi, vatni eða lofti, svo að til tjóns horfi. Um þetta erum við öll að sjálfsögðu sammála, sem eitthvað hugsum til framtíðarinnar. Í þessum efnum er vissulega um margvíslegar og alvarlegar misfellur að ræða, — misfellur, sem oft og einatt leiða til ranglætis og félagslegra óþrifa. En spurningin er þá í raun og veru þessi, hvort sú kollsteypa í eignarréttarmálum Íslendinga þurfi til að koma, sem till. ber með sér, til þess að bæta megi úr því, sem úrskeiðis fer og mest kallar að að leiðrétta.

Formaður Alþfl. sagði fyrir nokkru í útvarpi, þegar rætt var um þessi mál, að framkvæmd á till. yrði áratugaverk, og sannarlega hlýtur að vera hægt að færa þetta til sanns vegar. Það getur ekki verið neitt áhlaupaverk að afnema eingarrétt einstaklinga, félaga og margs konar samtaka á lóðum og lendum um allt land, ásamt öllum þeim réttindum, sem fylgja eiga landareign, og færa síðan þessi allsherjareignarréttindi til ríkisvaldsins. Þetta hlýtur að taka sinn tíma, ef brugðið væri á það ráð. Og mundi þá vera langurinn að laga þær misfellur, sem kunna að teljast alvarlegastar í þessum efnum hér hjá okkur, að ekki sé talað um þær gífurlegu fjárhæðir, sem ríkið þyrfti að greiða í eignarnámsbætur til fyrri eigenda, því að enn þá eru í gildi ákvæði stjórnarskrár okkar um friðhelgi eignarréttar.

Fyrir þá, sem hafa mikinn áhuga á þjóðnýtingu alls landsins, væri auðvitað greiðasta leiðin að fella stjórnarskrárákvæði þetta hreinlega úr gildi. Þá væri gengið alveg brotalaust og beint til verks, og kem ég aðeins að því síðar. En óvíst er, að sú leið ætti fylgi að fagna meðal landsmanna, en það kæmi þá fram á sínum tíma.

Við Íslendingar höfum lítt verið kenndir við stórfelldar byltingar. Öll þróun, hröð eða hæg eftir atvikum, hefur verið okkur miklu fremur að skapi og til geðs og okkur þrátt fyrir það vegnað allsæmilega að kalla má. Getum við ekki sætt okkur við skynsamlega þróun, kannske af nauðsyn nokkuð hraða á sumum sviðum í þessum efnum, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. til þess að komast frá óhóflegri eða óeðlilegri auðsöfnun eða fjárhagslegri ágengni til meiri jöfnunar og réttlátari hátta í efnahagslegu tilliti og félagslegum efnum.

Ríkisvaldið hefur á hendi sinni að stýra æskilegri þróun mála til þeirrar áttar, sem landsmönnum má bezt að gagni verða, og til meiri jafnaðar, án þess að mínu viti að kasta

á hvaðeina sinni eign, þjóðnýta alla hluti. Hingað til hefur ríkisvaldið haft í hendi sér sköttun eigna og tekna til meintrar jöfnunar og færslu fjármuna til ríkissjóðs, sem síðan eru notaðir til sameiginlegra hagsmuna og þarfa fyrir alla þjóðina. Máttur þessa stjórnunartækis hefur verið og er mikill. Má ekki hefta margs konar óhæfilegan ofsagróða, sem mjög er hafður á orði, á vegum einstaklinga eða félaga með stjórnunaraðgerðum hins opinbera? Ef hugur fylgir máli, er þá ekki unnt með strangri löggjöf og eftirfarandi kröftugri framkvæmd að kveða niður að verulegu leyti það brask, sem talið er óhóflegt í húsa- og lóðasölum, t. d. hér í Reykjavík? Þarf ríkið endilega að kaupa upp allar lóðir og allar lendur og það dýrum dómum, til þess að sá ófögnuður verði kveðinn niður? Er nauðsynlegt, að ríkið slái eign sinni á alla afrétti landsins, til þess að þéttbýlisfólk, sem er allra góðra gjalda vert, geti notið útivistar þar?

Ég vil leyfa mér að ræða svolítið um afréttina. Nú er það svo, að á þessum landssvæðum hafa bændur og búalið öldum saman haft umsýslu af ýmsu tagi, og svo mjög eru íbúar sveitarfélaga, sem notið hafa afrétta í búskap sínum, tengdir þessum löndum, að þeir líta nánast á þau sem heimalönd væru og þannig sameiginlegt umráða- og eignarsvið sitt. Um aldir hafa hreppsbúar haft mikinn kostnað og þó enn meira erfiði af umhirðu og gæzlu afréttarlanda sinna. Í öllum þessum viðskiptum hafa bændur landsins í tímans rás tengzt órofaböndum við þessi stórbrotnu og notasælu lönd. Á því er enginn vafi, enda er það komið í ljós, að afrétti okkar má rækta til nytja, ef sæmilega er á haldið, allt í 600—700 metra hæð. Þannig geta þeir orðið dýrmæt uppspretta í fóðuröflun, sem bændurnir fyrst og fremst og jafnvel einir geta staðið að og notfært sér og allri þjóðinni til ómetanlegs gagns. Þarf ríkið að svipta bændurna eignar- og umráðarétti þessara landssvæða, til þess að þéttbýlisfólk geti yfirleitt notið þar yndisleika náttúrunnar, andað að sér hreinu lofti, bergt á heilnæmu vatni og leikið sér við lind og læk í ljúfum friði? Eru sveitarfélögin og bændurnir í vegi fyrir því, að þetta geti orðið? Eða eru bændurnir líklegir til þess að bregða á það ráð að menga land, loft og vatn þar efra? Ég hygg, að það séu engir ólíklegri til þeirra hluta, enda eru þar óskalönd þeirra og unaðsríki.

Mörg sveitarfélög og jafnvel bændur eiga að minni hyggju ótvíræðan eignarrétt til afréttarlanda. Önnur sveitarfélög þurfa ekki endilega að hafa í höndum afsalsbréf fyrir afrétti, en telja sig eigi að síður hafa eignazt hann fyrir aldalanga notkun og hefð. Og ríkið hefur ekki sýnt í verki sérstaklega, að það hafi haft vilja eða áhuga á eignarráðum þar efra.

Til frekari skýringar og þó kannske meira til fróðleiks vil ég taka dæmi, sem mér er mjög nærtækt, um tengsl sveitarfélaga við afrétti í Rangárþingi og viðskiptalegar athafnir sveitarfélaga á hreinum eignarréttargrundvelli. Enn fremur mun ég aðeins drepa á tengsl Gnúpverjahrepps í Árnessýslu, að því er varðar þann hrepp og afréttareign hans.

Hinn 18. sept. 1917 var svofellt tilboð gefið af hálfu oddvita hreppsnefndar Ásahreppps í Rangárvallasýslu til h/f Titans, norsks fyrirtækis, en þetta fyrirtæki ásamt nokkrum Íslendingum hafði ætlað sér að koma rafaflsstöð við Þjórsá, eða á þeim slóðum, svo sem kunnugt er, — ég ætla að lesa hér upp þetta tilboð, sem hreppurinn gerir, og enn fremur afsal í sambandi við tilboðið, með leyfi hæstv. forseta:

„Guðjón Jónsson, oddviti, Ási, fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps, gerir h/f Titan það tilboð að selja því eignarhluta hreppsins, helming í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt rétti til þess að nytfæra sér á hvern hátt, sem vera skal, vatnsaflið í fossinum og ánni fyrir neðan fossinn og þúsund metra upp fyrir hann, eftir því sem félaginu kann að þykja hentugt, svo og með rétti til þess að gera í landi hreppsins þar umhverfis öll mannvirki, hverju nafni sem nefnist, sem félagið vill nota landið til, m. a. til áveitu og fráveitu vatns, vatnsgeymslustíflur, brautir, vegi o. s. frv. og taka byggingarefni úr þessu landi að eigin vild."

Þá kemur afsalið, sem fylgdi á eftir þessu tilboði frá hreppsnefndinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir h/f Titan réttan eiganda að eignarhluta hreppsins, helmings í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og allra þeirra réttinda, sem til eru tekin í framanrituðu tilboði, að engu undanskildu, allt þó með þeim skilyrðum og skilmálum, sem um getur í tilboðinu."

Og þá kemur enn tilboð ásamt afsali, sem sama hreppsnefnd gerir, og það er á þessa leið:

„Hreppsnefndin í Ásahreppi gerir h/f Titan tilboð um að selja því:

1. Allan rétt til vatns og vatnsafls í Köldukvísl.

2. Rétt til þess að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi.

3. Rétt til þess að veita Köldukvísl úr farvegi sínum, eftir því sem félagið vill.

Hefur félagið heimild til þess að gera í sambandi við þessi réttindi öll mannvirki á afréttar- og öðru landi hreppsins, hverju nafni sem nefnast, eftir því sem félagið telur sér hentugt" o. s. frv. Og þá vil ég leyfa mér að lesa afsalið, sem fylgir þessu tilboði. Það er á þessa leið:

„Hreppsnefnd Ásahrepps veitir h/f Titan afsal í samræmi við framangreint tilboð, og hreppsnefnd Ásahrepps lýsir hér með yfir, að hún selur og afsalar fyrrnefndu hlutafélagi til fullrar eignar öll réttindi, þau sem ræðir í tilboðinu, með nánari skilmálum, sem þar eru teknir fram."

Sams konar viðskipti og við þetta erlenda félag er einnig um að ræða að því er varðar afrétt Landmanna, sem er næstur fyrir austan afrétt Ásahrepps. Á þeim slóðum voru líka gerð tilboð og afsöl af hálfu hreppsnefndar Landmannahrepps, og ég ætla að lesa upp svolítið úr þeim plöggum til enn frekari skýringa. Tilboðið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eyjólfur Guðmundsson, fyrir hönd hreppsnefndar Landmannahrepps, gerir Einari Benediktssyni svofellt tilboð: Gegn 6000 kr. skal selja nefndum herra Einari Benediktssyni vatnsafl og rétt til notkunar þess í Þjórsá fyrir Land-

mannahreppsafrétt á landi frá Tungnárósi til Merkifosslands og frá Galtalækjarlandi til Skarfanesslands."

Þetta tilboð er gefið Einari Benediktssyni, og nokkru síðar samþykkir svo sýslunefndin af sinni hálfu, að þetta tilboð megi gera og síðan megi fylgja eftirfarandi afsal, og það er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Landmannahrepps afsalar réttindum til h/f Titan, með því að fyrrv. sýslumaður Einar Benediktsson hefur með skjali frá 11. febr. 1917 framselt h/f Titan öll réttindi sín samkv. framanskráðu kauptilboði. Og með því að h/f Titan hefur fyrir lok s. l. árs greitt Landmannahreppi eftirstöðvar kaupverðs, þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hér með yfir, að h/f Titan er réttur eigandi allra réttinda, þeirra sem ræðir um í kauptilboðinu til Einars Benediktssonar."

Um öll þessi kaup, sem ég hef minnzt hér á, er ekki annað vitað en þau hafi verið gerð með fullri vitund stjórnvalda og með aðstoð hinna færustu lagamanna á þeirri tíð.

Svo kom að því, að ég held ég megi segja, að árið 1951 leysir ríkissjóður til sín þessar eignir h/f Titans, sem er náttúrlega orðið afhuga öllum virkjunarframkvæmdum á þessum slóðum; leysir til sín þessar eignir, sem hrepparnir seldu á sínum tíma. Það má geta þess, að svipuð viðskipti um afrétti og ég gat um áttu Gnúpverjahreppsbúar eða hreppsnefnd Gnúpverjahrepps við sömu aðila að því er varðaði afrétt hreppsins, og er óþarfi að lesa það upp, því að það er mjög líkt að efni til, bæði kauptilboð og afsöl, eins og ég hef þegar greint, að því er varðar hreppsnefndirnar tvær í Rangárvallasýslu.

Eins og sjá má af þessu, er ekki um það að villast, að sveitarfélögin, sem þarna er um að ræða, hafa talið sig eiga þetta land og enginn mælt því gegn á þeirri tíð, þannig að það er ofureðlilegt, að viðkomandi hreppar taki því ekki þegjandi, að þessi lönd verði af þeim tekin.

Þá vil ég leyfa mér í sambandi við þetta mál að lesa upp umsögn frá Dómarafélagi Íslands, sem lá fyrir á s. l. vetri um sama efni. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir setningu nýrra reglna um eignarráð og eignarréttindi yfir eignum, sem virðast geta verið 1) eign almennings eða ríkisins, 2) eign einstaklinga, félaga, sveitarfélaga eða annarra eignarréttaraðila, og 3) fullkominn vafi er á, hvort séu einstaklingseignarréttindi háðar eða ekki. Ekkert sýnist því til fyrirstöðu, að ríkisvaldið setji lagareglur um meðferð skýlausra eigna ríkisins eða almennings. En vara verður mjög eindregið við því, að setja lagareglur um eignar- og yfirráð yfir eignum, sem annaðhvort er ljóst, að háðar eru einstaklingseignarrétti eða mikill vafi er um eignarrétt. Sé talin brýn þörf á, að ríkið eða sveitarfélög eignist hinar fyrrgreindu eignir, þarf að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hver útgjöld yrðu af eignarnámi og hvort sveitarfélög kynnu að kæra sig um þær hugmyndir, sem koma fram t. d. í 3. tölul., en um hinar síðargreindu, eignir þær, þar sem vafi er á um eignarréttinn, telur félagið eðlilegri leið, að hæstv. ríkisstj. láti rannsaka, hvar slíkar vafaeignir eru, og fái skorið úr um eignarrétt fyrir dómstólum, áður en til lagasetningar komi. Telur félagið það hæpna afgreiðslu, að ríkið lýsi yfir eignarrétti sínum á slíkum vafaeignum og láti síðan borgarana, sem telja á stjórnarskrárverndaðan rétt sinn gengið, þurfa að kosta málssóknir."

Þetta segir Dómarafélag Íslands í sinni umsögn. Þá hef ég hér aðra umsögn. Hún er frá Búnaðarþingi Ísl., og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa úr henni nokkrar setningar:

„Í ofangreindum þingmálum kemur fram óþolandi ásælni í eignarrétt einstaklinga og hreppsfélaga. Búnaðarþing mótmælir því harðlega, að með einfaldri lagasetningu sé hægt að svipta þessa aðila landssvæðum og réttindum, sem þeir hafa frá öndverðu talið og farið með sem fulla og óskoraða eign sína, og leggja undir ríkið.

Búnaðarþing lítur svo á, að ríkið hafi frá öndverðu aldrei kastað eign sinni á ónumið land. Það eigi því ekki aðrar lendur eða réttindi en þau, sem það hefur beinar eignarheimildir fyrir. Því hljóti sönnunarskylda í hverju tilviki að hvíla á ríkinu um rétt þess, ef um það er að ræða, að það hefji tilkall til annarra lendna eða réttinda.

Búnaðarþing telur hér um mikið alvörumál að ræða, og má leggja á það sérstaka áherzlu, að land, það eigi því ekki aðrar lendur eða réttindi arfélaga og sveitarhluta, sem seilzt er eftir." — Það var áður en allar jarðir bænda á Íslandi áttu að renna undir ríkið, en það er sú breyting m. a. í þessari síðustu till. — „Því vill Búnaðarþing skora fastlega á hið háa Alþ. að móta afstöðu sína til ofangreindra þingmála út frá þeim sjónarmiðum, sem hér hefur verið haldið fram."

Af öllu þessu, sem hér hefur verið rakið, tel ég, að ríkinu sé í raun og veru með öllu þarflaust, hvað sem annað má segja, að ásælast rétt bænda eða sveitarfélaga á afréttarlöndum, hvað þá heldur að leysa til sín allar bújarðir landsins í einu lagi eða svo til. Nú er það vitað, að ríkið mun eiga um 20—25% af öllum jarðeignum hér á landi. A. m. k. hefur mér verið sagt það, og ég leyfi mér að trúa því. En hitt er svo allt annað, að ríkissjóður hefur vafalaust engin fjárhagsleg tök á því að leysa til sín allt þetta land, og í raun og veru er alveg óþarfi að eyða að því orðum. Það er mitt mat og margra fleiri, að ríkið hafi full tök á því að koma flestu, ef ekki öllu sínu fram, án þess að hafa á hendi allsherjareignarréttindi, getur í raun og veru gert hvað eina, sem lýtur að skynsamlegri notkun og meðferð landsins, svo að til hagsmuna horfi fyrir bændur og þjóðina alla. Ríkið getur sett reglur um sölu jarðeigna, beizlað fallvötn, skipað reglur um veiði í ám og vötnum, sett reglur, eins og það hefur líka gert, um umgengni og afnot almennings á upplendinu hvarvetna. Þar er náttúruverndarlöggjöfin gleggst dæmi. Þessi merka löggjöf hefur leitt til þess, að nú er tekið til að stjórna af opinberri hálfu þeim mikilsvarðandi málefnum, sem sú löggjöf fjallar um, án þess að ríkisvaldið hafi nokkur eignarráð á þeim svæðum, sem þar er um að ræða. Það má t. d. minna á stofnun útivistarsvæða. Þetta er unnt að gera, þó að ríkið eigi ekki neitt í þessum útivistarsvæðum eða því landssvæði, sem þar um ræðir. Og eins má segja um framkvæmd

friðlýsinga. Ríkið getur friðlýst þarna lönd, án þess að eiga, svo sem sneið úr landinu. Þetta er unnt að gera í mýmörgum öðrum tilvikum, að hafa stjórnun á vissum hlutum, sem aflaga kunna að fara.

Ef vilji er til þess, er margs konar löggjöf, eins og ég gat um, fær til að leysa þann vanda, margan, sem um getur í grg. fyrir till. Mér er t. d. kunnugt um, að n. manna er að vinna að lagagerð með því markmiði að tryggja sem eðlilegasta og hagkvæmasta nýtingu landsins utan skipulagsbundinna þéttbýlissvæða. Sjálfsagt mun stefnt í þessu efni að því, að sem mest þjóðfélagslegt hagræði megi verða af búsetu á jörðum og að eignarhald á jörðum og landi yfirleitt sé í sem fyllstu samræmi við hagsmuni sveitarfélaganna, allra þeirra, sem búskap stunda, og þjóðarinnar í rauninni í heild. Þau landssvæði, sem hljóta að falla undir slíka stjórnun, eins og hér er stefnt að, eru m. a. jarðir og jarðahlutar, afréttalönd, lóðir og landspildur ásamt tengdum réttindum, eins og vatnsréttindum, veiðiréttindum o. fl., sem leiðir af landeign. Með skipulegum hætti mætti ráðstafa þessum eignum, ef um eignarskipti ræðir, og ráðstöfun yrði þá háð, ef því skiptir, opinberu stjórnunarvaldi. Reglur af svipuðu tagi, sem ég hef vikið að hér lauslega, geta vafalaust þjónað, svo að um munaði, alþjóðarhagsmunum og komið í veg fyrir óeðlileg eignaskipti á réttindum þeim, sem ég taldi upp. Þá mætti álíta, að ekki væri úr vegi að skipa með stjórnunarlöggjöf lóðum og lendum í þéttbýli á skipulagsbundnum svæðum til þess að sporna við óhæfilegu braski með húseignir og leigu húsnæðis, sem talið er eiga sér stað, aðallega þó hér í Reykjavík. Allflestum þeirra réttinda, sem í till. getur, er löngu skipað með lögum. Slík réttindi eru varin af ákvæðum stjórnarskrár og verða ekki fengin öðrum í hendur, þ. e. a. s. ríkisvaldinu í þessu tilviki, nema með lagasetningu, og þá þarf brýna nauðsyn að bera til og komi fullt verð fyrir.

Af því er varðar eignarréttindi á afréttum, má geta þess, að það er kannske eitthvað um, að það sé ekki alveg víst, hver sé eigandi að afrétti, og þurfi að gera gangskör að því að rannsaka, hvernig með skuli fara og hverjir eigi. Íslenzk lög gera ráð fyrir því, að í þeim tilvikum sé hægt að höfða eignardómsmál svokallað til þess að fá úr því skorið af hálfu dómstólanna, hver sé hinn eðlilegi eigandi, þegar á allt er litið. En ég tel, að það sé alveg fráleitt, að ríkið lýsi yfir eignarrétti sínum á vafa- og umdeildum eignum, síðan verði svo þeir landsmenn, sem verða fyrir barðinu á slíku, að hefja málssókn á hendur ríkisvaldinu með ærnum tilkostnaði og margháttuðum öðrum vandkvæðum. Í raun og veru er það gersamlega úr vegi, að ríkisvaldið leiki þegna sína á þann hátt að neyða þá til slíkra varnaraðgerða, og ætti ekki að þurfa um það að ræða.

Og að lokum þetta: Ég álít, með skírskotun til þess, sem ég hef lítillega rakið hér, að af forsendum þeim, sem um getur í grg. fyrir till., sé dregin óhæf ályktun í tillgr. sjálfri:

1. Ríkisvaldið hefur ýmis önnur ráð en eignarnám, bæði nærtækari og skjótvirkari til lausnar vanda þeim, sem í tillögunni er talinn upp.

2. Eignarnámsbætur yrðu þvílíkar fjárhæðir, að fullvíst má telja, að ofraun væri ríkisvaldinu að greiða þær af hendi að óbreyttum ákvæðum stjórnarskrár um vernd eignarréttar.

3. En sé það aftur á móti ætlun flm. till., að almenn eignaupptaka á öllu landi í byggð og óbyggð ásamt tilheyrandi öðrum réttindum eigi fram að fara, væri það ólíkt hreinlegra að mínu viti, að flm. flyttu brtt. við ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttarins í því skyni að fella það ákvæði niður að einhverju leyti eða kannske öllu leyti. Þá væri komið í raun og veru að kjarna þess máls, sem hér um ræðir, og þá yrði hverjum landsmanni auðvelt að skilja, hvað í rauninni er átt við með till., og enn auðveldara yrði þá að skipa sér í sveit með eða móti áformaðri eignaupptöku.

Ég gat þess í upphafi ræðu minnar, að formaður Alþfl. hefði í útvarpi m. a. sagt, að það væri ekkert áhlaupaverk að koma þessu í kring, og það er sjálfsagt alveg hárrétt hjá honum. En hann bætti því líka við: Þetta er ekkert eignarnámsfrumhlaup. Gæti maður haldið, að þetta þýddi einvörðungu, að það ætti alls ekki að koma til eignarnáms samkv. þeim lögum, sem nú gilda. Í raun og veru er ekki önnur skýring á þessum orðum formanns Alþfl. en að tilgangurinn sé að ganga framhjá eignarnámsbótum með öllu, nema hann hafi meint eitthvað allt annað en það, sem orð hans virðast segja til um. — Herra forseti. Þá hef ég lokið máli mínu.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til þess að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.“ Öllum hv. alþm. er kunnugt, að svo hljóðar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ætla mætti, að þess gerðist ekki þörf hér á hinu háa Alþ. að rifja þessi ákvæði upp. Svo er þó komið við flutning þeirrar þáltill., sem hér er til umr. á þskj. 72, að ef sú till. yrði samþ., þá mundi væntanlega leiða af henni lagasetningu, sem færi gersamlega í bága við þessi grundvallarákvæði stjórnarskrárinnar. Þar á ég við tölul. 3—6 í till. þeirra hv. Alþfl.-manna, og kem ég nánar að því síðar.

Það hefur komið hér fram, bæði í ræðu hv. frsm. till., hv. 5. landsk. þm., og enn fremur í ræðu hv. 4. þm. Sunnl., að þessi till. er hér ekki flutt í fyrsta sinn, heldur hafa svipaðar till. verið fluttar á tveim þingum áður. Það segir í grg. þessarar till., að mál þetta hafi vakið mikla athygli og umtal um land allt. Þessu skal ekki mótmælt, nema síður sé. Hv. þm. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., sem var að ljúka máli sínu, leiddi fram vitni þessu til staðfestingar, þar sem var í fyrsta lagi Dómarafélag Íslands og í annan stað Búnaðarþing. Til viðbótar við umsagnir þessara aðila vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa fáeinar setningar úr ályktun, sem gerð var af sameiginlegum fundi allra oddvita Austur-Húnavatnssýslu, stjórnar Búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu og stjórnar Landeigendafélags Austur-Húnavatnssýslu. Sá fundur var haldinn 27. febr. 1972, og var fjallað um þá

till., sem lá fyrir Alþ. á síðasta vetri. Þar segir m. a.:

„Hins vegar bendir fundurinn á, að yfirlýsing Alþ. um eignaryfirráð yfir óbyggðum, þar sem ekki liggja fyrir skýlausar eignaheimildir, sé óþörf, því að eignarréttur ríkisins yfir landi, sem enginn annar á, er almennt viðurkenndur, enda staðfestur af dómstólunum. En þar sem ágreiningur er, hlýtur að verða að semja um þann ágreining eða fá úr honum skorið á annan hátt. Yfirlýsing Alþ. skapar þar engan nýjan rétt. Í þessu sambandi bendir fundurinn á ákvæði laga um fjallskilamálefni o. fl. frá 1969 um könnun á landamerkjum afrétta.

Þá vekur fundurinn athygli á, að um leið og ríkið gerist virkur eigandi lands, verði það að koma fram sem landeigandi og taka þátt í t. d. girðingakostnaði o. fl.

Fundurinn viðurkennir nauðsyn þess, að reglur verði settar um viðskipti virkjunaraðila orkulinda og landeigenda, svo að hagsmunir almennings verði tryggður og landeigendur fái raunverulegt tjón bætt og greiðslu fyrir nýtingu orkulindanna, og a. m. k. hluti þeirrar greiðslu verði í friðu, t. d. fyrir vatnsréttindi fái jörðin rafmagn og hitaréttindi heitt vatn, svo að það komi jörðinni að notum, en ekki aðeins eiganda hennar, þegar afnotin verða seld.

Hins vegar mótmælir fundurinn þeirri hugmynd, sem fram kemur í till., að ríkið eigi öll hitaréttindi neðan við 200 metra eða þau jarðefni, sem rannsóknarmenn þess finna. Slíkt er eignarán og algert brot á stjórnarskránni. Enda er engum nauðsyn eignaupptaka á þennan hátt, ef skynsamlegar reglur eru settar um nýtingu þessara auðlinda og hvernig arðurinn skiptist, enda ávallt hægt að grípa til eignarnáms, ef samningar ekki nást og almenningsheill krefur. Þá telur fundurinn, að veita eigi þeim jarðeigendum, sem ekki eiga námaréttindi jarða sinna, rétt til þess að innleysa þau, en við sölu þjóðjarða á sínum tíma var þessi réttur undanskilinn.

Fundurinn mótmælir þeirri hugmynd, sem fram kemur í till., að veiðiréttur verði tekinn af jörðunum og fenginn sveitarfélögunum."

Hér er vitnað í eina af fjölmörgum fundasamþykktum frá samtökum bænda um þessi mál, og hygg ég, að þau séu öll á eina lund, á þann veg, að það komi fram mótmæli gegn þeim hugmyndum um þá miklu skerðingu eignarréttarins og upptöku eigna, sem fram koma í þessum till.

Eins og till. þessi liggur fyrir nú á þskj. 72, þá er þar miklu lengra gengið en í fyrri till. þeirra Alþfl.-manna. Þar er í 1. lið, sem er svipaður og verið hefur, rætt um, að allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir liggja ekki fyrir skuli verða alþjóðareign. Um þetta atriði hefur hv. 4. þm. Sunnl. farið allmörgum orðum, og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. Okkur er sagt, að árið 930, í lok landnámsaldar, hafi landið allt verið numið milli fjalls og fjöru eða allt til jökla. Og þá var landið allt í einkaeign. Hv. frsm. till. fór nokkuð inn á þessi sögulegu rök og benti réttilega á, að frá upphafi landnámstíðar og allt fram undir síðustu ár hafi ríkið ekki verið eignaraðili að landinu og ekki fyrr en á síðustu árum að neinu leyti. Þetta átti m. a. rætur að rekja til þess, að ég hygg, að meðan Ísland lá undir Noregskonung og síðar Danakonung, hafi sá ótti verið ríkur í hugum landsmanna, að ef einhver skiki landsins kæmist í hendur ríkisins, þá væri hann jafnframt kominn í eignaryfirráð þess erlenda þjóðhöfðingja, sem þá ríkti yfir okkur Íslendingum.

Eftir að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, hafa að vísu nokkur landssvæði farið í hendur ríkisins, en þó hygg ég, að það sé ofmælt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að 20—25% af jarðeignum væru í ríkiseign. Um þetta atriði till. vil ég aðeins bæta því við, að ef ríkið yrði gerður eignaraðili hálendisins og þar með afréttanna, þá færðist vitaskuld yfir á þess hendur að standa straum af kostnaði við afréttarlöndin, sem er fólgin í t. d. smölun þeirra, vörzlu, þ. e. girðingum og kostnaði við refaveiðar. Vissa er fyrir því, að við það, að þessar lendur allar kæmust í opinbera eigu, mundi kostnaður af þessu tagi aukast, því að þess er ekki að dyljast, að meðan slíkur réttur er á hendi sveitarfélaganna og samtaka þeirra, sem eru upprekstrarfélögin, þá selja bændur gjarnan vinnu sína undir raunvirði við að annast þessa þjónustu. Kæmi þar fram aukinn kostnaður, sem mundi lenda á hinum nýja eiganda, ríkisvaldinu.

Enn fremur vil ég ítreka það, sem fram kom raunar í máli hv. 4. þm. Sunnl., að jafnan er þess getið, að hverri jörð fylgi hluti í sameign sveitarfélags eða hlutaðeigandi upprekstrarfélags, þar sem afréttarlöndin eru.

2. liður þessarar till. fjallar um það, að sú grundvallarregla skuli mörkuð, að stefnt verði að því, „að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á." Mikil er nú náð þeirra hv. þm. Alþfl., að bændur megi þó eiga sínar jarðir, meðan þeir æskja þess. Nú hef ég ekki orðið þess var, að fram kæmu óskir um hið gagnstæða frá bændunum sjálfum, nema þá rétt í einstaka tilvikum, þar sem um hrein neyðartilfelli er að ræða, eins og má nefna í sambandi við lagasetningu hér á hv. Alþ. á síðasta ári, þegar gerðar voru sérstakar ráðstafanir til þess að hjálpa einstökum bændum, sem voru í sérstökum kröggum fjárhagslega. Um þetta atriði vil ég fara örfáum orðum.

Það er skoðun mín, að eignaryfirráð bænda á jörðum sínum og afréttum sé kjölfesta landbúnaðarins og framleiðslu hans. Þessa skoðun mína vil ég styðja þeim rökum helztum að vísa til mismunandi viðhorfs leiguliða og sjálfseignarbænda gagnvart jörðum sínum. Þeir bændur, sem sjálfir eiga jarðir sínar, kosta jafnan kapps um að verða ekki eftir í þeirri þróun, sem er í uppbyggingu jarða og í sveitunum í heild. Þeir kosta kapps um það að ganga sem bezt um sína jörð og bæta hana svo, að hún haldi sem bezt verðgildi sínu og verðgildi hennar aukist ár frá ári. Þessa viðhorfs gætir fjarri

því í eins ríkum mæli hjá þeim bændum, sem ekki eiga jarðir sínar sjálfir. Og ég hygg, að hver geti skoðað sitt nágrenni og horft á mismuninn í meðferð, umgengni og framkvæmdum á þeim jörðum, sem eru í eigu bænda sjálfra, og hinna, sem eru í opinberri eigu. Það er því vissa fyrir því, að væri svo komið, að jarðir allar væru af bændum teknar og færðar í ríkiseign, þá yrði minna vart þeirrar ríku hvatar, sem verður vart hjá bændum landsins til þess að stuðla að framþróun, stuðla að umbótum og auknu verðgildi sinna jarðeigna. Á það er enn að líta, að ég þykist hafa orðið þess var í fjölmörgum viðtölum við forustumenn bænda víðs vegar af landinu, að þau lönd, sem eru í opinberri eigu, þ. e. þeir skikar af afréttum og beitilöndum, sem opinberir aðilar eiga, að allajafna séu það þessi lönd, sem verst sé um gengið, þar sé minnst gætt þeirra sjónarmiða, sem við höfum komið auga á í seinni tíð, að vel þarf að gæta, og speglast í umr. um umhverfisvernd og gróðurvernd. Ég gæti nefnt glögg dæmi þessari skoðun minni til staðfestingar, en læt það bíða að sinni. En sú er trúa mín, að ýmsir geti skoðað sína heimahaga og jafnvel lönd, sem ekki eru hér alls fjarri og eru í opinberri eigu, og séð, að þar er meira um það, að gengið sé nærri landinu, að ekki sé sagt, að níðzt sé á landinu, heldur en á því landi, sem bændur eiga sjálfir og vita, hvað er í húfi, að sæmilega sé að því búið og um það gengið. Þarna eru að mínu mati enn ein rök gegn því, að þessi till. verði samþ.

Þá er komið að þeim liðum till., sem ég vitnaði til í upphafi og taldi, að lagasetning, sem færi í kjölfar samþykktar á þessari till., mundi gersamlega fara í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þar segir í 3. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélög og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkv. arðskrá.

4. Allur jarðvarmi undir 100 metra dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til þess að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.

5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast ríkiseign og háð valdi þess.

6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landsnytjar færist úr einkaeign í eigu ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir."

Það er kannske rétt að víkja fyrst að þessum 6. og síðasta lið í þessari upptalningu. Það á eftir þessari till. að kveða á um það, hvernig landareign og landsnytjar færist úr einkaeign í eigu opinberra aðila. Það á ekki að fara að ákvæðum stjórnarskrárinnar í þessu efni. Þar eru skýlaus ákvæði, er að þessu lúta. Það á að setja einhverjar nýjar reglur, sem þá væntanlega fara í bága við þau ákvæði, sem gilda. Það mætti jafnvel ætla, að ef farið yrði að þessari gr. till., þá væri það álitamál, hvort nokkrar bætur skyldu koma fyrir. Þetta ákvæði fer því fjarri því saman við gildandi stjórnarskrá íslenzka lýðveldisins.

3. liðinn, að stöðuvötn og fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar með talinn virkjunarréttur, og ríkið eitt geti leyft fiskrækt og veiðirétt, er rétt að athuga örlítið nánar. Í grg. till. er gert mikið úr þeim háska fyrir landbúnaðinn, sem leynist í kapphlaupinu um veiðiár og jarðir, sem veiðiréttindin eiga. Þar er einnig talað um, að annars staðar stundi veiðibændur okurútleigu á veiðiám, á veiðidögum í ám, svo að þorra landsmanna gerist það fristundagaman ofviða að skreppa í lax og silung, en erlendir auðmenn sitji að þeim gæðum. Enn er talað um, að fiskeldi í ám og vötnum geti innan tíðar orðið blómleg atvinnugrein í landinu, þess vegna sé sjálfsagt að koma þessum réttindum í hendur ríkisins. Þetta er allt á þá sömu bók lært, að ef bændur landsins geti haft tekjur af þessum hlunnindum jarðanna, þá megi það ekki. Það sé sjálfsagt að koma þessu í hendur ríkisins. Og ef um það sé að ræða, að upp geti risið ný grein landbúnaðar, sem skili verulegum arði, þ. e. fiskræktin, þá sé sjálfsagt að gripa til þess, áður en arðurinn fer verulega að sjást, að koma þessari nýju búgrein og þessum réttindum öllum í hendur ríkisins, svo að það geti notið arðsins. Þessi hugsunarháttur er vissulega mjög í sama anda og hin róttækasta stefna, sem birtist í skoðunum þeirra stjórnmálaflokka, sem mest kenna sig við sósialisma, og það má vel vera, að þetta fari nákvæmlega saman við stefnu Alþfl. Og ef þetta er túlkun á stefnu Alþfl. í heild, þá er það vissulega góðra gjalda vert og þakkarvert, að hún skuli svo skýrt mörkuð og útskýrð sem gerist í þessu þskj. En þetta fer sannarlega ekki saman við þá stefnu, sem ég aðhyllist og minn stjórnmálaflokkur.

Þá vil ég fara örfáum orðum um hið svokallaða kapphlaup um veiðiárnar og þann háska, sem af því geti stafað. Það er sjálfsagt að viðurkenna, að það er rétt, að það er landbúnaðinum ekki til heilla og tæplega fyrir þjóðina í heild, að einstakir auðmenn, sem ekki eiga nein tengsl við landbúnaðinn, geti boðið svo í veiðijarðir, að heimaaðilar séu boðnir frá. Og það er alveg rétt, að nokkur brögð hafa orðið að þessu, og þarna er atriði, sem þarf að taka til rækilegrar athugunar. Mætti m. a. koma í veg fyrir þetta með því að tryggja, að sveitarfélögin gætu nýtt forkaupsrétt sinn að jörðunum betur en nú gerist. Og það gerist væntanlega með því að gera þeim kleift að fá lánsfé til þess að nýta forkaupsréttinn og kaupa jarðir, sem talið væri óæskilegt fyrir hagsmuni sveitarfélagsins, að kæmust í eigu annarra og utanaðkomandi aðila. Þarna er leið, sem þarf að gefa gaum, og þetta er leið, sem þarf að fara, en þessi leið á ekkert skylt við eignaupptöku á þessum réttindum.

Í annan stað um það atriði, að bændur stundi okurútleigu á veiðidögum í ám, svo að landsmenn geti ekki notið þessa sports, sem kallað er, laxveiði og silungsveiði, þá er þetta mjög orðum aukið. Út af fyrir sig er rétt að vitna til þess, að veiðileiga á veiðidögum í laxveiðiám hefur farið mjög hækkandi á síðustu árum

með vaxandi velmegun þjóðarinnar, auknum fjárráðum og því, að menn hafa kynnzt þeirri íþrótt að veiða fisk í ám og vötnum, og ekki kannske hvað sízt, að menn meta það mikils að geta við þessar aðstæður notið hinna hollu áhrifa óspilltrar íslenzkrar náttúru. Ég er í næsta nágrenni við eina af beztu veiðiám landsins, að ég hygg. Þar eru ekki leyfðar nema tvær stengur á dag, og þar er hámarksveiði 20 laxar á stöng á dag. Úr þessari á komu samt á síðasta ári yfir 1400 laxar, og ég hygg nú á síðasta sumri 1600—1700 laxar, svo að þarna er um mjög mikla veiðiá að ræða. Ég hef ekki orðið þess var, að það væri skortur á því, að Íslendingar gætu notað sér það að veiða í þessari á og það er svo, að jafnvel ári fyrirfram eru þeir búnir að tryggja sér nær alla daga í ánni. Með vaxandi fiskrækt fjölgar þeim ám, sem unnt er að stunda veiði í. Fiskræktin stækkar veiðisvæði landsmanna fyrir lax og silung. Þó að um það sé nokkuð að ræða, að erlendir menn komi hingað og sæki í veiðiárnar, þá er enn það mikið eftir fyrir landsmenn sjálfa, að ég veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi verið skortur á því, að þeir geti stundað þessa íþrótt og keypt sér þessi hlunnindi, fyrir misjafnlega hátt gjald vitaskuld, miðað við mismunandi veiðiskilyrði og ýmsar aðrar aðstæður.

Það heyrist stundum um það rætt, að það ætti að loka fyrir það, að erlendir menn gætu stundað veiði í laxveiðiám á Íslandi. Þessi er ég algerlega mótfallinn, bæði vegna þess, að þeir hafa vissulega átt sinn þátt í því, að verðið hefur stigið, þeir hafa með því fært eigendum laxveiðiánna, bændunum, auknar tekjur, og ekki síður hins, að þeir skila hingað í þjóðarbúið töluverðum gjaldeyristekjum. Okkar land, land fábreyttra atvinnuhátta og fábreyttrar útflutningsframleiðslu, má ekki loka fyrir leiðir, sem gefa okkur gjaldeyri til þess að kaupa fyrir nauðsynjar frá öðrum löndum.

Ég gæti rætt um þessi atriði mun meira og drepið á mörg fleiri atriði. Ég hygg þó, að ég hafi þegar drepið á þau atriði, sem í mínum huga skipta mestu máli í sambandi við veiðiréttinn, í sambandi við útleigu á veiðiánum og í sambandi við það, að ef fiskræktin í landinu færi að skila í stórauknum mæli arði til bændastéttarinnar, þá væri sjálfsagt að koma í veg fyrir það með því að láta ríkið yfirtaka þessi réttindi. Ég held, að ég hafi um það atriði ekki öllu fleiri orð. En það er líkast því, að ef svo virtist sem einhver atvinnuvegur, nýr atvinnuvegur, yrði sérstaklega arðvænlegur í framtíðinni, þá skyldi koma í veg fyrir það, að einstakir menn, sem stundað hafa þann atvinnuveg frá alda öðli og eiga öll þau réttindi, sem þarf til þess að geta aukið hann og bætt, — þá skuli þau réttindi af þeim tekin og þessi atvinnuvegur þjóðnýttur. Það er mjög svipað.

Ég vil láta það koma hér fram, eins og raunar kom nokkuð fram í máli hv. 4. þm. Sunnl., að á því er glöggur skilningur meðal bænda og annarra landeigenda, að þjóðin öll þurfi að eiga aðgang að landinu. Til þess þarf að koma á skipulögðum útivistarsvæðum í hverju héraði landsins. Slík útivistarsvæði eiga að hafa það til brunns að bera, að þar sé helzt sérstæð og nokkuð fjölbreytt náttúrufegurð, þar sé unnt að umgangast það bezta, sem finnst í íslenzku náttúrufari, og þangað geti fólk sótt í frístundum sínum og notið hollra samvista við landið. Svo kynni að fara, að í einstaka tilviki þyrfti að leita eftir eignarnámsheimild til að stofna slík útivistarsvæði, sem heppilegast er, að séu í eigu hlutaðeigandi héraða, en ekki ríkisins. En slíkt væri, að ég hygg, alger undantekning og þyrfti ekki að gerast nema í einstaka tilvikum. En það gerist þá á grundvelli þeirra laga og þess réttar, sem við búum við í dag. Til þess þarf ekki eignaupptöku á landinu öllu, og til þess þarf ekki að gera ráð fyrir lagasetningu, sem brýtur stjórnarskrána. En þetta er mikilsvert mál, og þetta mál er eitt af þeim atriðum, sem nú er unnið að athugun á af n., sem starfar undir forustu hæstv. forseta Sþ., og sú n. er kölluð landgræðslu- og landnýtingarnefnd. Þar er unnið að því að gera till. um heildarnýtingu landsgæðanna í landinu. Og þetta atriði um útivistarsvæðin og að skapa aðstæður fyrir þéttbýlisfólkið í landinu til að njóta íslenzkrar náttúru í friði er vissulega einn af þeim þáttum, sem þar er brýnt að vinna að.

Ég minntist í byrjun ræðu minnar á fundarsamþykkt frá ýmsum félagasamtökum í Austur-Húnavatnssýslu. Þessi félagasamtök hafa einnig gert ályktun um það atriði, sem hér um ræðir. Þar er ályktað, að gera skuli ráð fyrir því, að sýslunefndir í hverju héraði og samtök sveitarfélaga sjái til þess, að í hverju héraði séu opin svæði, fólkvangar öllum frjálsir. Það er einnig gert ráð fyrir því í ályktunum þessara félagasamtaka, að landshlutasamtök og sýslunefndir sjái til þess, að í hverju héraði verði, eftir því sem þörf krefur, séð fyrir leigulandi undir sumarbústaði, eftir því sem hentugt þykir, enda séu þau svæði skipulögð. Þessi tilvitnun mín er einungis til þess að veita nokkra innsýn í það, að þessi málefni eru mikið rædd ekki síður en till. þeirra hv. Alþfl.-manna. Þau eru mikið rædd um landið í heild, og bændur landsins, eigendur landsins, hafa á þeim fullan skilning.

Ég skal ekki á þessu stigi fara um þessi mál öllu fleiri orðum. Hv. 4. þm. Sunnl. velti nokkuð vöngum yfir því, hvað táknuðu þau orð formanns Alþfl. í útvarpi, að þær fyrirætlanir, sem hér um ræðir, væru ekki auðvelt verk. Hér þyrfti að kveða á með lögum á ýmsan hátt, eins og segir raunar í till. sjálfri, hvernig landið færist úr einkaeign í eigu ríkisins, og að hér væri um langtímaverkefni að ræða. Hv. 4. þm. Sunnl. velti nokkuð vöngum yfir því og hvað formaður Alþfl. hefði meint með þessu. Mér sýnist, að í þessum vangaveltum formanns Alþfl. komi það glöggt fram, sem raunar er augljóst eftir till., sbr. 3.—6. lið, að hér á að grípa til lagasetningar, sem fer algerlega í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég lít sem sagt svo á, að með þessari till. sé stefnt að lagasetningu, sem fer gersamlega í bága við þessi grundvallarákvæði stjórn-

arskrárinnar. Með till. er og gengið í berhögg við ýmsa löggjöf og hefðir, sem á þessu ákvæði byggjast, og með þessari till. er vegið að hagsmunum heillar stéttar í þjóðfélaginu, bændastéttarinnar. Þessa till. á því hv. Alþ. að mínu mati að fella.

Björn Pálsson: Herra forseti. Jafnaðarmenn hafa flutt þáltill. tvö undanfarin þing, sem ganga í svipaða átt og þessi till. gengur, en nokkru skemmra. Ég hef ekki talað í þessu máli á undanförnum þingum, vegna þess að ég hef ekki tekið þetta alvarlega, þennan tillöguflutning, og ég geri það ekki enn þá. Ég held, að reynslan hafi sýnt, þar sem jafnaðarmenn hafa verið við völd, að þeir hafi ekki gert neinar stórbreytingar og alls ekki farið inn á það, að ríkið eignaðist allt landið, þannig að ég held, að þeir séu að gera þetta sér til gamans og til þess að láta tala um sig, frekar en þeir meini mikið með þessu. En eins og till. er flutt núna, þá er hún allvíðtæk og þess vegna e. t. v. ástæða til að íhuga hana dálítið betur en gert hefur verið. Í 2. töluliið segir svo:

„Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga).“ — Ég skil nú alþjóðareign þannig, að það sé öll þjóðin, en ekki einstök sveitarfélög. Og ég álít, að þarna sé um hugsunarvillu að ræða. Fámenn sveitarfélög eru allt annað heldur en alþjóð. Svo er áframhald: „en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.“

Mér hefur skilizt, þegar menn hafa talað um, að ríkið ætti að eiga allar jarðeignir í landinu, að höfuðástæðan fyrir því hafi verið, að það væri ekki hægt að braska með þær, menn gætu ekki grætt á að selja þær eða kaupa, og það ætti að koma í veg fyrir brask. En samkv. þessu eiga menn að mega halda áfram að braska með jarðir, sem ríkið þykist þó eiga. Sennilega er átt við það, að ríkið eigi að eiga landið, en bændurnir eigi að eiga húsin, — ég veit ekki um ræktunina. Ég skil þessa till. þannig, að það sé ætlazt til, að það sé greitt verð fyrir það, þegar landið sé tekið. En við vitum það ósköp vel, að óræktað land hefur ekki verið metið mikils, þegar bændur hafa þurft að selja jarðirnar, og þeir hafa ekki fengið það verð fyrir jarðirnar, sem hús og ræktun hafa kostað, í flestum tilfellum, þannig að þegar þeir eru að rækta jarðir sínar, þá gera þeir það fyrst og fremst til þess að gera þær þannig, að það sé búandi á þeim, og þeir gera það ekki að öllu leyti í óeigingjörnum tilgangi, því að eins og kom glöggt fram hjá frsm., þá skilur hann tilfinningar bóndans gagnvart jörð sinni. Það eru svo mörg sambönd þar á milli, að þeir leggja fram krafta sína og eignir til þess að prýða það býli, sem þeir búa á, af því að þeir eru bundnir þessum jörðum sínum ákaflega sterkum böndum. En ég held, að kostirnir verði takmarkaðir við það, að ríkið eignist landið, ef bændurnir mega halda áfram að braska með það eftir sem áður.

Í öðru lagi á ríkið allmikið af jörðum. Ég sé ekki, að það sé neitt til fyrirmyndar, hvernig þær eru setnar. Ég hygg, að það séu þær jarðir, sem lengst eru á eftir hvað allar umbætur snertir. Og meðan svo er, þá sé ég enga ástæðu til þess, að ríkið sé að leggja áherzlu á að eign ast allar jarðir landsins.

Í 3. gr. segir svo: „Stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda samkv. arðskrá.“

Við vitum það ósköp vel, að mjög mikill hluti af ám í landinu eru hreinlega ræktaðar upp af þeim bændum, sem búa við þær, og það er ekkert nema gott um það að segja. Og ímyndið þið ykkur, að það hefði gengið betur að rækta upp þessar ár, ef ríkið hefði átt þær? Ég er sannfærður um, að svo hefði ekki verið, og bændur hafa unnið mjög gott verk í þessari fiskrækt. Ég er sannfærður um, að hún á eftir að taka miklum framförum enn.

Þó að við búum í harðbýlu landi, þar sem veðrátta er misjöfn, þá eigum við viss auðæfi og þar á meðal þessi vötn, sem eru enn þá ómenguð. Við eigum enn fremur vötn á heiðum, og það er ekki farið að rækta þau enn þá. Ég er viss um, að bæði má gera það og það verður gert. Það hefur réttilega verið bent á það, að útlendingar hafa fengið leigðar þessar ár til að veiða í þeim. Það má deila um það, hvort við eigum eingöngu að láta Íslendinga sitja fyrir. Útlendingarnir hafa fengið þessar ár, af því að þeir hafa borgað meira fyrir þær. Það má vera, að við höfum efni á því að neita því í framtíðinni og Íslendingar veiði eingöngu í þeim. En Íslendingar hafa vitanlega setið við alveg sama borð. Hæstbjóðandi hefur fengið þær.

Hitt er annað atriði, sem sjálfsagt er að athuga og það er að semja viturlega löggjöf í þessum efnum. Það getur vel komið til greina t. d., að viðkomandi sveitarfélög fengju einhverja ákveðna prósentu af veiðileigu og hún rynni ekki öll til bændanna, sem við árnar búa. Þess ber enn fremur að gæta, að í flestum sveitarfélögum eru það ekki öll býlin, sem fá gjald fyrir þessa veiðileigu. En við verðum að athuga það, að þegar vatnsfall myndast, þá er það visst vatnasvæði, sem vatnið safnast af, og það væri athugandi, hvort það ætti ekki að láta þessi vatnasvæði öll njóta þeirra tekna, sem verða af vatninu, sem safnast í árnar, en eigi aðeins þær jarðir, sem eiga einhverja landrönd meðfram ánum. Allt þetta má athuga. Það hefur enn fremur verið þannig, að ósjarðirnar hafa fengið mikinn hluta, mjög verulegan hluta af þessum leigum, og það er vissulega athugandi að dreifa því meira. Þetta er af því, að aðstaða þeirra er betri til að ná laxinum, en vitanlega væri enginn lax þarna, ef ekki væri vatnasvæði, sem myndaði vatnsfall, og væri þess vegna réttara að jafna þessum tekjum meira á milli þeirra, sem búa á viðkomandi vatnasvæði. Þetta er allt saman athugandi. En að ríkið færi að slá eign sinni á öll vötn í landinu, bæði ár og stöðuvötn, ég held, að það yrði ekki til bóta. Ég held

satt að segja, að ráðh. okkar hafi alveg nóg að gera, þó að við förum ekki að láta þá sýsla við að hafa yfirstjórn á allri fiskrækt í landinu og öllu því kerfi, því að sannleikurinn er sá, að ástæðan fyrir því, að bændurnir eru ekki farnir að gera meira með stöðuvötnin, er einfaldlega sú að, þeir hafa ekki haft tíma til að sinna því. Og í öðru lagi veit ég ekki til, að þetta hafi verið athugað nægilega vel. Það væri miklu meiri þörf á, að einhverjir færu til þeirra landa, þar sem þróunin er orðin meiri í þessu efni. Mér er sagt, að það sé í Ameríku, — ég held, að ég hafi lesið um það, að þeir gætu undir vissum kringumstæðum skipt um silungsstofn í vötnum og ræktað upp betri silung. — Það gæti komið til greina að fóðra þennan silung, þannig að það væri hægt að hafa meira magn af honum. Ég er alveg sannfærður um, að í heiðarvötnum okkar liggja mikil auðæfi, en get ekki fallizt á, að ríkið fari allt í einu að slá eign sinni á þetta,— mér skilst á þessari till., að það ætti að vera endurgjaldslaust. Ég hef enga trú á, að framtakið yrði meira af ríkisins hálfu heldur en ég ætla, að muni verða af hálfu bænda og sveitarfélaga. Í flestum tilfellum eru það afréttirnar, sem eiga vötnin, og hefur kannske minna verið gert einmitt af því, að einstaklingarnir í sveitunum eiga ekki þessi vötn.

Ég skil það vel, að fólkið, sem býr í þéttbýlinu, langi til að fara að sumrinu út á landsbyggðina og skemmta sér, fá að tjalda þar og jafnvel að veiða smávegis. En þetta hefur það fengið. Ég veit ekki til þess að á afréttunum okkar hafi nokkurn tíma verið bannað, að fólk ferðaðist um þær, að það reisti sín tjöld þar, að það renndi fyrir silung. Við höfum ekkert skipt okkur af þessu. Við höfum horft á ferðamenn gera þetta, og ég held, að það sé heimilt að veiða sér til matar í vötnum uppi á afréttum.

Annað er það, sem getur vel komið til greina og ætti ekki að þurfa neitt eignarnám til þess eða ríkið færi að eiga allar jarðir, og það er, að ríkið ætti viss svæði. Það eru t. d. komnar í auðn sveitir norðan til á Vestfjörðum og firðirnir á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda. Það væri ekkert við það að athuga, að þetta væri athugað og einhver sanngjörn þóknun þá borguð þeim, sem ættu, ef ríki eða bæjarfélög vildu girða þarna eitthvert ákveðið svæði, til þess að fólkið gæti verið þarna frjálst og óháð öllum. Ég fyrir mitt leyti hef ekkert við það að athuga og vildi gjarnan greiða fyrir, að svo yrði.

En ég held, að það yrði ekki til hagsbóta fyrir þjóðfélagsheildina á nokkurn hátt og allra sízt fyrir einstaklingana, sem í þéttbýlinu búa, þó að ríkið færi að eiga landið, við mættum eiga húsin. Ef ríkið á landið, þá hlyti það að eiga túnin. Og svo mættum við braska með þetta eins og okkur sýndist eftir sem áður. Ég sé ekki annað en þetta sé hrein vitleysa. Ef ríkið ætlar að slá eign sinni á vötnin, þá getur alveg eins farið að slá þannig eign sinni á sjóinn kringum landið. Það má vera, að það þykist eiga hann, en það hefur ekki komið neitt fram. Það hafa allir fengið að veiða. Það er alveg eins ástæða til þess að taka lóðirnar í kaupstöðunum og húsin í kaupstöðunum eins og fara að taka eignir bændanna. Ef menn á annað borð aðhyllast það, að einstaklingurinn eigi ekki að fá að eiga löndin, þá er það mál út af fyrir sig. En ég hefði haldið, að það hefði ekki mikið fylgi í þessu landi. Ég hef þá skoðun á eignarréttinum, að það sé eðlilegt, að einstaklingurinn fái að eiga það, sem hann þarf að nota, og það sé engum manni til meins, þess vegna sé það alveg eins eðlilegt, að einstaklingurinn fái að eiga íbúðina, sem hann býr í, eins og fötin, sem hann er í. En hitt er svo annað mál, hvort hann á að fá að eiga margar íbúðir, þar sem aðrir menn þurfa að búa. Það getur verið umdeilanlegt. Ég hef þá skoðun, t. d. um samvinnufélögin. Ég álít, að þau eigi að leysa verkefni, þar sem það er hagkvæmara, að þau geri það, heldur en einstaklingurinn, ef þau geta gert það betur, en ef einstaklingarnir geta gert það betur, þá hafi þeir rétt til þess og eigi ekki að setja neinar skorður við því. Þetta er mín skoðun á þessum hlutum. Ég er þess vegna fús að vera með umbótum á löggjöf um veiðiréttindi manna, þ. e. arðskiptinguna. Ég álít hana vera ósanngjarna, og ég gæti vel fallist á breytingar. Ég gæti líka fallizt á það, að sveitarfélögin fengju einhverjar ákveðnar prósentur af þeim veiðitekjum, sem yrðu í hverju sveitarfélagi. En ég álít, að við eigum að lofa eigendunum að sjá um framkvæmdir og umbætur á þessum sviðum.

Þannig er það líka með jarðeignirnar í landinu. Það er orðið okkur áhyggjuefni. Það er sérstaklega áberandi hérna í nágrenni við Reykjavík. Þá eru ótal menn komnir héðan úr þéttbýlinu að reyna að ná í eignarhald á þessum jörðum. Við höfum ekkert við þetta að athuga, ef þeir vildu koma og búa uppi í sveitunum, fjarri því. Við mundum fagna því. En það er allt annað. Sumir hafa þarna hross og aðrir hafa þarna einhvern sumarbústað og hirða ekkert um jarðirnar, og sveitarfélögin fá engar tekjur af þeim. Þetta getur ekki gengið, ef við ætlum að halda einhverju menningarlífi í sveitunum. Við vitum það, sem búum í sveitunum. Þess vegna er það, að ég er því mjög fylgjandi, að það sé sett fullkomnari löggjöf um kaup og sölu jarða heldur en nú er, en ekki í þeim tilgangi, að ríkið eigi að eiga þær, því að ekki er betur hirt um þær jarðir en aðrar, heldur til að hindra það, að jarðirnar séu sama og lagðar í eyði. Og ástæðan fyrir því, að sveitarfélög hafa ekki gert meira að því að kaupa þessar jarðir, sem seldar eru og efnamenn úr þéttbýlinu kaupa, er einfaldlega sú, að þau hafa ekki haft fjármagn til þess, og það er mál út af fyrir sig, hvort það ætti ekki á einhvern hátt að styrkja þau til þess. Ég get enn fremur vel fallizt á, að það verði settar einhverjar skorður við því, að menn græði á því að selja einhver svæði við þéttbýlið á uppsprengdu verði, eins og t. d. hefur gerzt í Keflavík. Það er alveg réttmætt að athuga það. En þetta er af því að það er ekki nógu viturleg löggjöf um þetta eignarnám. Það er ekkert vit í því, að menn geti grætt stórfé fyrirhafnarlaust á að eiga einhvern smáblett. En þá þarf bara að setja viturlega löggjöf um eignarnám.

Það er eðlilegt og sjálfsagt, að menn fái sanngjarnt verð fyrir það, sem af þeim er tekið, en það þarf allt að vera í hófi. En þó að þetta hafi átt sér stað í Keflavík, þá hefur það ekki alls staðar verið þannig. Það var t. d. tekið eignarnám við Blönduós, hluti af jörð, og borgaðar á þeim tíma 17 þús. fyrir, og þar fylgdi veruleg laxveiði, þannig að viðkomandi einstaklingur var féflettur. Og þannig hefur það komið víðar fyrir, að það hefur verið gert eignarnám í landi, og ef það hefur ekki verið við þessa stærri staði, þá hefur eigi verið ofborgað fyrir. En það er ekki talað um það. Það er ekki nema rétt og sjálfsagt, ef það gæti verið til bóta, að setja einhverja skynsamlega löggjöf um þessi atriði. En þetta er allt hægt að leysa án þess að fara að gera neina eignabyltingu. Það er ekki hægt að taka eignir bænda án þess að taka eignir annarra borgara. Þeir verða að athuga það, sem búa í þéttbýlinu, að það verða ekki teknar eignir með valdi af einni stétt, það verður þá gert hjá fleirum. En við, sem erum borgaralega sinnaðir, aðhyllumst ekki þá kenningu. Við álítum, að það sé engum til meins, að einstaklingur fái að eiga það, sem þeir þurfa að nota. Hitt má svo um deila, hvort það eigi ekki að vera takmörk fyrir því, að menn eigi þær eignir, sem aðrir þurfa að nota til þess að geta lifað.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þingið hefur nú hlýtt á þrjá fulltrúa hinna 3000 landeigenda tala gegn því, sem einn fulltrúi 200 þús. landlausra var að segja við ykkur í gær. Ekki veit ég, hvernig þm. hefur getizt að málflutningnum, á hvorn veginn sem var. En ég hjó eftir því, að hinir 3 fulltrúar landeigendanna sneiddu eiginlega gersamlega hjá því, sem ég taldi megininntak þessarar þáltill., að gera upp hinn gamla eignarrétt bændaþjóðfélagsins og sýna fram á röksemdir bæja- og borgaþjóðfélagsins fyrir því, að ýmsar eignir, sem hafa verið bundnar landinu og þeim, sem þar hafa setið á jörðum, ættu að fara yfir á hendur landsins alls, af því að þjóðin öll þarf á gögnum þeim og gæðum að halda, sem ég gerði aðallega þar að umtalsefni.

Ef við lítum á till. eins og hún liggur hér fyrir, — það er eins og menn séu að ræða um frv., en þetta er þáltill., — er þar kveðið svo á, að ríkisstj. láti sérfróða menn semja frv. að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir landinu. Þetta er ekki óskaplega hættulegt, að ríkisstj. skipaði sérfróða menn til þess að athuga þessi mál gaumgæfilega frá ýmsum sjónarmiðum. En einhverra hluta vegna eru fulltrúar landeigenda mjög hræddir við þetta. Þeir töluðu hér mest um viðhorf bóndans til jarðarinnar eða eign bóndans á jörðinni. En einmitt var í framsöguræðu minni bent á, að í raun og veru værum við ekki að róta svo mjög við því, sem bóndinn hefði áður og lengi talið fyrst og fremst eign sína, bújörðinni, bundið við það, sem hann gæti nýtt af gögnum hennar og gæðum á yfirborði jarðar. En það væri nauðsynlegt vegna breyttra hátta að breyta þessum eignarráðum á ýmsa lund, svo að fjöldinn, almenningur, sem býr í landinu, gæti notið þeirra gagna og gæða, sem allir sækjast nú eftir í þjóðfélaginu, og eru það þá fyrst og fremst vatnsaflið og jarðvarminn.

Hér var rætt um það áðan, að það virtist svo, að við hugsuðum okkur, að bóndinn mætti áfram braska með jörð sína í sambandi við búskapinn. Ég hygg, að það verði ekki ýkjamikið um brask, þegar jörð er seld úr hendi bónda til annars bónda til búrekstrar. En í sambandi við þetta þykir mér þó ástæða til að minnast á, að það hefur oft verið rætt um það af hálfu bænda, að það væri í raun og veru einkennilegt fyrirkomulag, að bóndinn, sem er búinn að yrkja jörð sína einn mannsaldur, eiga kannske og ala upp 4—5 börn, síðan væri hann að selja nýrri kynslóð þessa jörð og peningarnir, sem fyrir jörðina væru greiddir, gengju í flestum tilfellum til manna, sem væru að flytjast í þéttbýlið. Bóndinn væri að selja aftur og aftur jörðina, sem sæti kyrr í sveitinni, en peningarnir, sem fyrir hana væru greiddir, gengju í kaupstaðinn. Nokkuð mætti setja undir þennan leka með því, að jörðin, landið, væri alltaf ríkiseign og maðurinn, sem vill búa þar, þyrfti ekki að gjalda nema fyrir húsin og ræktunina. Og það er m. a. það, sem er skoðun okkar jafnaðarmanna, a. m. k. margra hverra. Í hverjum einasta flokki eru mismunandi skoðanir um ýmsa hluti, en það er skoðun okkar margra hverra, að þetta væri hagkvæmara fyrir bóndann. Og ég held, að maður, sem tekur jörð á erfðafestu, finni ekki, þegar frá líður, mikinn mun á því, hvort hún er hans raunverulega eign eða ekki. Hann mundi alveg eins vel sitja jörð, sem hann hefði að erfðafestu, eins og þótt hann hefði goldið fyrir hana svo og svo mikið fé.

Hér var líka gagnrýnt áðan og verið að tala um eignaupptöku. Í sambandi við það vil ég benda á, að það er ekki lengra síðan en í gær, að ég sat á fundi með fulltrúum frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og þar var einn í þeim hópi að ræða um það, hvort alþm. væru nokkuð farnir að hreyfa því, að sett yrðu lög um, hvernig meta skyldi eignir til endurgjalds, ef þær væru teknar eignarnámi, og benti á, að það væru um þetta harla óljósar reglur; mat á eignum, sem væru seldar eða teknar eignarnámi, virtist ekki fylgja neinum ákveðnum reglum. En í þessari till. er einmitt farið inn á það, að setja skuli um það skýlaus ákvæði, hvernig landeign og landnytjar færðust úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir. Um þetta hygg ég, að ættu að geta verið óskiptar skoðanir, að það er nauðsyn á að setja ákvæði um þetta í lög.

Áðan var hér sagt, að till. gerði ráð fyrir því, að t. d. veiðiréttur og fiskræktarréttur væri gerður upptækur, án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir. Þetta er ekki rétt. Það er tekið fram í till., að greiddur sé arður til landeigenda samkv. arðskrá. Þeim er ætlað að fá greiðslur eftir vissum ákvæðum fyrir þessi itök sín í veiðiárnar.

4. þm. Sunnl. las hér upp umsögn Dómarafélags Íslands frá fyrra ári um þá till., sem þá lá fyrir, en þessi er ofurlítið breytt. Einu sinni kom út þjóðsagnasafn norður í landi, sem hét og heitir Gríma. Ein af þjóðsögunum, sem þar var tilfærð, var höfð eftir manni, sem Baldvin Jónatansson hét. Hann kvað heimildarmann

sinn Önnu Jónsdóttur, þar eð hann hefði áður sagt henni. Mér datt þetta ósjálfrátt í hug, þegar hv. 4. þm. Sunnl. las upp umsögn Dómarafélags Íslands, því að ég veit ekki betur en hann sé höfundur að umsögninni sjálfur.

Umsögn Búnaðarfélags Íslands var, ef ég man rétt, samin af Halldóri Pálssyni búnaðarmálastjóra, og allir vita, að hann er ákveðinn fulltrúi landeigenda, svo að það lá nokkuð ljóst fyrir, hvað lá á bak við þá umsögn.

Enn fremur var hér sagt áðan, að það virtist ætlun tillögumanna, að ríkið leysti til sín allar bújarðir í einu lagi. Þetta er alls ekki sagt í till. Það er einmitt tekið fram, að bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósi þann hátt á fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Og hér kem ég að því, sem ræðumenn áðan voru töluvert að fara inn á, að formaður Alþfl. hefði sagt í viðtali, að þetta yrði ekki á örfáum næstu árum, að allt landið yrði að alþjóðareign. Það liggur í hlutarins eðli, að slíkt mun taka allmörg ár. Það eru sjálfsagt fleiri bændur en Pálmi Jónsson á Akri og Björn Pálsson á Löngumýri, sem vilja eiga sínar jarðir, þó að sett yrði undir þann leka, að þeir, ef þeir vildu, sem ég er ekki að væna þá um, vildu braska með jarðir sínar vegna veiðiréttindanna.

Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., var að tala um, að það gæti þá alveg eins komið til mála, að ríkið ætti sjóinn. Er það ekki það, sem við erum að halda fram, að við eigum landhelgina, að ríkið allt eigi landhelgina kringum landið og vilji hafa þar yfirráðarétt á. En okkur hefur aldrei dottið í hug, — og þetta er einmitt ágætt dæmi til samanburðar, — okkur hefur aldrei dottið í hug, að einhver ákveðinn landeigandi ætti þetta eða hitt miðið út af jörð sinni.

Hér var talað um veiðileyfin og það væri ekkert við það að athuga, að erlendir menn fengju að veiða í ánum, af því fengjum við þó nokkurn gjaldeyri, sem væri gott fyrir landsbúa að fá. Ég er því að vissu marki sammála. Þó hygg ég, að veiðiár okkar og veiði- og fiskræktarmöguleikar okkar eigi fyrst og fremst að vera bundnir við landsmenn og að gjaldeyristekjurnar, ef talsverðar eru, mættu gjarnan koma betur fram en grunur leikur á, að skilað sé í ríkiskassann nú. Man ég ekki betur en einmitt í viðlestnasta blaði landsins, Morgunblaðinu, væri í fyrra alllöng grein, þar sem var verið að benda á, að gjaldeyristekjur, sem bændur fengju í sinn lófa eða veiðifélög frá erlendum mönnum, skiluðust illa í ríkiskassann.

Eins og ég sagði í upphafi orða minna, er a. m. k. í mínum huga höfuðmark þessarar þáltill., að ríkið, þjóðin öll, fái umráð yfir fallvötnunum og jarðhitanum, þessum gögnum og gæðum, sem alþjóð þarf að nota, og einkaeignarrétturinn megi ekki hindra fyllstu og beztu nýtingu á þessum gögnum landsins og gæðum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það hefur orðið mikil breyting á búsetu í landi okkar á undanförnum áratugum, breyting frá því, að þetta var fyrst og fremst dreifbýlisþjóðfélag, til þess, sem nú er, að langmestur hluti þjóðarinnar býr í þéttbýli. Með þessu hefur einnig fylgt sú breyting, að verulegur hluti þjóðarinnar, eins og flm. hafa vakið athygli á, á að nafninu til lítið í þessu landi, það eiga fáir. Ég er því ekkert undrandi á því, að slík krafa komi fram, eins og birtist í þessu þskj., og það er fullvissa mín, að ef ekki verður fundin einhver leið til samkomulags milli þess mikla fjölda, sem byggir eyrina, og hinna, sem eiga landið, þá verði þessi krafa háværari. Og ég óttast, að þeir, sem hafa, að því er þeir telja, hagsmuni landeigenda fyrir brjósti, muni eiga erfiðara að verja þá hagsmuni, þegar fram líða stundir og meiri fjöldi landsbúa verður fjær þessum mönnum, þessum eigendum landsins, og skilur síður það, sem hér er um að ræða. Þá óttast ég, að þetta verði hrifsað.

Ég er mjög fylgjandi því, að einstaklingar eigi landið að skynsamlegu marki. Ég get ekki fylgt þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, eins og hún er nú, — alls ekki. Hins vegar hefur þess verið getið, að lögð var fram þáltill. á síðasta þingi, og að vísu var sagt, að till. hefðu verið svipaðar, en í mínum huga var þar mikill munur á. Sú till. gekk ekki nálægt því eins langt og þessi. E. t. v. eru þetta merki um vaxandi kröfur þéttbýlisins á hendur dreifbýlinu. Ég gat vel skoðað hug minn um það að fylgja þeirri þáltill., sem fram var lögð á síðasta þingi, e. t. v. með nokkrum breytingum þó. Ég fyrir mitt leyti harma því, að þeir Alþfl.-menn skuli hafa teygt sig svo langt í þessari till. Ég hefði kosið fremur, að við hefðum getað rætt þetta á einhverju plani, sem væri fremur aðgengilegt fyrir okkur fleiri.

Ég er í grundvallaratriðum fylgjandi 1. lið till., sem fjallar um hálendið, sérstaklega það, sem þeir kalla almenning, þó að það sé teygjanlegt hugtak. Mér sýnist eðlilegt, að þessi hluti landsins sé eign okkar allra, og það væri æskilegt, ef löggjafarvaldið vildi taka af öll tvímæli um það. Mér sýnist þetta einnig vera sú stefna, sem dómstólar hafa nokkuð markað upp á síðkastið. Þennan lið mætti skoða, og væri gott, ef n. á vegum hins opinbera kannaði það og legði fyrir frv. um þann þáttinn.

En það, sem hvatti mig fyrst og fremst til þess að standa hér upp, var að taka undir orð hv. 5. þm. Norðurl. v., þar sem hann sagði, að nauðsynlegt væri, að eitthvert samkomulag næðist með veiðiréttareigendum og þeim, sem vilja veiða. Ég veit, sem betur fer, að margir fulltrúar bænda hafa sagt svipað, og þeir skilja það, og kemur það mjög af því, sem ég sagði í upphafi. Þarna er um vissa eign að ræða, sem við íbúar þessa lands teljum okkur allir eiga nokkra hlutdeild í. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að í sambandi við eignaraðild að jörð t. d. er ekki leyfð frjáls ráðstöfun. Það er ekki leyft að ráðstafa slíkri jörð til erlendra manna. Í sambandi við afurðir af jörðum landsmanna er ekki heldur leyfð frjáls verzlun. Það er ekki leyft að flytja inn erlendar búvörur til þess að keppa við það, sem þannig er framleitt. Og ég vil taka það fram, að ég er þessu hvoru tveggja fylgjandi og tel það vera nauðsynlegt af þjóðhagslegum ástæðum og eðlilegt. En hvers vegna á að gilda annað þarna um eitt enn, þ. e.

a. s. veiðiréttinn? Á ekki veiðiréttinn að falla undir svipuð lög, ekki sízt með tilliti til þess, að eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gat réttilega um, þá lítur vaxandi fjöldi landsmanna á þessi hlunnindi sem mikilvægan þátt í sínum lífsgæðum og lífskjörum? Ég held því, að það þurfi einnig og það fyrr en síðar að verða samkomulag með þeim, sem eiga þennan veiðirétt, og öðrum landsmönnum, sem vilja gjarnan njóta hans. Ég hvet til þess, að stefnt verði að slíku samkomulagi fyrr en síðar, því að ég óttast, að annars muni hinn vaxandi fjöldi, sem þarna á ekkert, hrifsa til sín. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherzlu.

Hv. þm. gat sérstaklega um eina laxveiðiá fyrir norðan og taldi, að þar væri aldrei skortur á Íslendingum, sem vildu veiða. Það vill nú svo til, að ég þekki dálítið til þessara mála. Í þessari á er takmark sett, 20 laxar á stöng á dag. Það mun vera einsdæmi í þessu landi. Þetta er líka alveg sérstök á. Ég þekki ýmsa menn, sem þangað fara. Þeir fara þangað og greiða gífurlega hátt verð fyrir veiðileyfið vegna þess, að þeir sjá nokkra von í því að fá laxa upp í kostnað. Þetta er sá andi, sem alls ekki á að ríkja við slíka útivist. Þarna hefur verið hægt að veiða næstum því gegndarlaust og orðið að setja þetta hámark. Hins vegar held ég, að ég fari með rétt mál, þegar ég fullyrði, að hv. þm. á hlut í annarri á. Þar hefur að vísu ekki þurft að setja neitt slíkt hámark. Það er góð á, en langt frá því að vera eins fiskisæl og sú, sem hann nefndi. Sú á er leigð útlendum mönnum yfir allan bezta laxveiðitímann, og það kemst, að því er ég bezt veit, enginn Íslendingur þar að. Íslendingar komast þar aðeins að snemma á laxveiðitímanum og síðast, þegar hann er lélegastur. Og þannig mætti lengi rekja þessi mál. Það er sannfæring mín og ég hygg allra, sem til þekkja, að markaðurinn fyrir þessi lífsgæði er nálægt því ótakmarkaður og við erum aðeins að byrja að snerta við hinum alþjóðlega markaði. Hver erlendur maður, sem kemur hingað og greiðir jafnvel 20—22 þús. fyrir veiðina á dag, ber með sér marga á næsta ári. Þetta hefur verið reynslan. Þetta er ekki stórfé í augum þessara manna, sem hafa margfaldar tekjur á við það, sem hér tíðkast, — ég leyfi mér að segja sem betur fer, því að hér er meiri jöfnuður í launum, — og þetta eru lífsgæði, sem þeir hafa sóað og eytt í sínum löndum.

Ég held, að það beri að fara með þessi mál af mikilli varúð og mikilli alvöru, bæði réttinn til eignar landsins, og reyna að finna þar, eins og ég sagði í upphafi, eitthvert samkomulag, og ekki síður réttinn til gæða landsins, þar með talinn veiðiréttinn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þess er getið í grg. með þeirri þáltill., sem hér er til umr., að till. svipaðs efnis hafi verið fluttar af þm. Alþfl. á tveimur undanfarandi þingum. Það er rétt að minna á þetta, ekki sízt fyrir það, að mér sýnist, að þróunin, þegar maður ber saman till., sem lagðar hafa verið fram frá þingi til þings, stefni í þá átt að herða á þeirri kröfu, að allt land verði þjóðnýtt. Á síðasta Alþ. ræddi ég nokkuð um þetta viðhorf, þegar sú þáltill. var til umr., og ég lýsti þá áhyggjum mínum yfir því, að hér væri farið inn á braut, sem bryti algerlega í bága við þær hugmyndir, sem Íslendingar hefðu haft um eignarrétt, og eins og bent hefur verið á af hv. 5. þm. Norðurl. v., brýtur þetta einnig í bága við stjórnarskrána.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa mörg orð um þessa till. á þessu stigi. Hér hafa aðrir talað á undan mér, og get ég tekið undir fjölmargt af því, sem hefur komið fram í þeirra ræðum, og á ég þar sérstaklega við ræður þeirra 4. þm. Sunnl. og 5. þm. Norðurl. v. En mér þykir rétt að geta um það, að ég kem ekki auga á, að það þjóni neinum tilgangi að breyta um þessi eignarráð, þótt svo maður féllist á það að öðru leyti. Það hefur verið bent á, að þeim eigendum landsins, sem núna eru, hafi orðið á mistök í nýtingu landsins, og það má vel vera rétt, að það hafi orðið í ýmsum tilvikum. Og þess hef ég að sjálfsögðu orðið var, að bændur hafa sér til óhagræðis látið af löndum sínum, án þess að gera það með skipulegum hætti. En ég er ekki alveg öruggur um, að það væri algerlega komið í veg fyrir, að slík mistök gætu gerzt, þótt ríkið ætti löndin. Og ekki verður komið í veg fyrir slík mistök með neinum öðrum ráðum en þeim, sem eru tiltæk einnig til að forða því, að bændurnir eða eigendur landsins nú geri mistök. Á ég þar við, að það er að sjálfsögðu skylda Alþ. að ganga þannig frá reglum og lögum, að skipuleg nýting landsins fari fram. Og ég hygg, að ég tali fyrir munn flestra þeirra, sem hér eru kallaðir aðeins 3000 landeigendur, þegar ég segi, að það er ekki okkar ætlun, sem löndin eigum, að vera í stríði við þéttbýlisfólkið, og það mun ekki vera hægt að benda á, að við höfum staðið þannig að málum yfirleitt. Ég held, að það sé vaxandi skilningur á því meðal bænda og landeigenda, að þeir, sem ekki eiga lönd, þeir, sem búa í þéttbýli, hafi þörf fyrir að komast í snertingu við landið og þeir eigi að fá tækifæri til þess. Og ég hef ekkert á móti því að geta þess hér að láta það koma fram, þannig að eftir því verði tekið, að sveitarstjórnin í mínu sveitarfélagi, Gnúpverjahreppi, hefur nú þegar tekið til hliðar dálítla landspildu, sem hún er að láta skipuleggja fyrir sumarbústaði, og ég hygg, að það séu einmitt einhver slík viðbrögð, sem þarf að styrkja landeigendurna til að gera og örva þá til að gera, til þess að við getum verið sátt, allir Íslendingar, um þá nýtingu, sem á landinu þarf að vera.

Það var um það rætt, að það væri öðru máli að gegna nú um það, á hvern hátt skyldi haga eignarráðum landsins, heldur en á meðan þjóðfélagið var bændaþjóðfélag. Það má vel vera, að það megi komast að þessari niðurstöðu. En ég vil þó á þessu stigi alvarlega vara við því, að þannig verði staðið að málunum, að það ýti bændum burt af jörðum. Og ég hygg, að það verði töluvert öðruvísi, það þjóðfélag, sem yrði í landinu, eftir að enginn sjálfseignarbóndi

væri til, því að það er fullvissa mín, að bændastéttin og þjóðfélagið hafi nokkurn annan svip fyrir þá kjölfestu, sem eignarrétturinn hefur gefið bændastéttinni.

Ég gat um það í upphafi máls míns, að þó að andi till. frá síðasta þingi og þeirrar, sem nú er til umr., sé að nokkru sá hinn sami, þá hefur sú þróun átt sér stað, að nú er gengið miklu lengra í átt til þjóðnýtingar, eins og ég orðaði það áðan, heldur en í fyrri till. Og ég verð að segja það, að ég furða mig á því, fyrst farið var inn á þá braut að benda hér á jafnmikla þjóðnýtingu og talað er um, að ekki skuli þó gengið enn lengra. Þegar maður lítur t. d. á 4. liðinn, þá segir þar, að „allur jarðvarmi undir 100 metra dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til þess að bora eftir og virkja, verði lýstur alþjóðareign". Því ekki líka það, sem flýtur ofan á? Ef það er það, sem menn hugsa sér með þessari till., að þess sé gætt vandlega, að jarðeigandi fái ekki að auðgast, hann fái ekki hagnað af því, sem hann hefur á milli handa, þá er vissara að taka líka það, sem flýtur ofan á. Til þess hefur hann ekki þurft að kosta neinum verulegum fjármunum, og þann jarðvarma, sem kemur sjálfkrafa upp á yfirborðið, hefur tekizt að nýta ekki síður en þann, sem borað var eftir. Ég bendi á þetta til þess að undirstrika það, sem ég sagði áðan, að mér sýnist, að þessi þróun og þessi tillöguflutningur leiði til þess að gera kröfu um, að alger þjóðnýting verði á landeignum í landinu, þótt í till. sé gert ráð fyrir því, að enn þá megi þó bændur eiga jarðir sínar, ef þeir kjósa þann hátt fremur en vera á löndum með erfðafestu. Og ég hygg, að við þurfum eki að fráfælast það, að bændur eigi löndin, ef við aðeins gætum þeirrar skyldu okkar að hafa á því skipulag, hvernig farið er um nýtingu þess lands og þeirra gæða, sem landið býður okkur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs við umr. um þetta mál og þessa till., er, að mér finnst, að hv. 1. flm. geri nú tilraun til þess að gera lítið úr þessu máli. Hann vekur athygli þingheims á, að hér sé aðeins um þáltill. að ræða, eins og hann orðar það, sem feli í sér ákveðnar framkvæmdir, sem taki langan tíma, og hann vil gjarnan reyna, að því er virðist, að drepa málinu á dreif. Ég vil ekki gera lítið úr þessu máli. Ég tel þvert á móti, að hér sé um að ræða mjög veigamikla till., sem snertir grundvallaratriði, og í sjálfu sér finnst mér ekki óeðlilegt, að slíkar till. séu bornar hér fram, og mætti jafnvel vera meira um slíkar till., ekki vegna þess, að ég sé í sjálfu sér sammála þessari ákveðnu till., langt í frá, heldur hitt, að ég tel, að einmitt þessi vettvangur, hv. Sþ., sé sá rétti til þess, að stjórnmálamenn og þm. beri fram fleiri mál, sem snerta grundvallaratriði í stjórnmálum, og markaðar séu heildarlínur til slíkra till. og slíkra mála. Það er of mikið um það hér á þingi, að menn beri fram till., sem snerta þeirra áhugamál og hagsmunasvið, og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert, en það eru mjög afmörkuð mál og oftast nær þess eðlis, að það gæti hvaða þm. sem væri flutt slíkt mál án tillits til stjórnmálaskoðana eða flokka.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka hér til máls, en mér finnst þó ástæða til þess út af örfáum atriðum og ekki sízt þeim ummælum, sem féllu af hálfu 1. flm. till., að hann væri fulltrúi 200 þús. manna, meðan þeir, sem töluðu gegn þessu máli, væru fulltrúar 3000 landeigenda.

Hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, hafði að einhverju leyti sömu hugsun, þegar hann talaði um, að hér sé verið að verja hagsmuni þeirra fáu, sem landið eiga. Að vísu snýst þessi till. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. En enginn vafi er á því, að þetta mál snertir miklu víðara svið, er grundvallarmál og snýst raunverulega um eignarréttinn, um eignarráð á ekki aðeins landi, heldur á öðrum fasteignum, á verðmætum yfirleitt. Spurningin er sem sagt: Hversu mikil eiga eignarráð hins opinbera að vera, hversu verndaður skal eignarréttur einstaklinga vera?

Ég er ekki landeigandi, og ég tel mig ekki vera fulltrúa eða vera í hópi þessara 3000, sem hv. 1. flm. telur, að berjist gegn þessu frv., en ég vil þó taka upp hanzkann fyrir þá, sem standa gegn þessu máli. Ég geri það vegna þess, að hér er um að ræða grundvallarmál, sem snertir eignarréttinn almennt, og ég tel, að ef inn á þessa braut yrði farið, þessi till. t. d. yrði samþykkt, þá yrðu opnaðar flóðgáttir, þá mundi það hafa í för með sér afleiðingar, sem enginn sæi fyrir endann á, þá væri raskað þeim hugmyndum og þeim viðhorfum, sem íslenzka þjóðin hefur til eignarréttarins. Nú er enginn vafi á því, enda þótt hv. 1. flm. vilji gera minna úr en skyldi, að hér er um að ræða atlögu að eignarréttinum, hér er um að ræða allsherjar þjóðnýtingu, og þótt gert sé ráð fyrir því, að hún eigi sér langan aðdraganda eða komist ekki á fyrr en eftir langan tíma, þá er að sjálfsögðu um þessi „prinsip"-atriði að ræða, eignarrétt eða þjóðnýtingu.

Það var, eins og hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt, 1789, sem mannréttindaskráin var lögð fram og samþ. á þjóðfundi Frakka, og þar var eitt merkilegasta og að þeirra áliti skeleggasta ákvæði um eignarréttinn, þar sem hann var lýstur friðhelgur. Þetta ákvæði var sett inn í mannréttindaskrána á 18. öld til þess að stemma stig við yfirgangi ríkisvaldsins og þeirri misbeitingu, sem átti sér stað í skjóli einokunar og yfirgangsráðandi afla í þjóðfélaginu. Eignarréttur einstaklinga var einskis virtur og svo var komið, að ekki var lengur við það unað, og því var þetta ákvæði eitt af aðalákvæðum mannréttindaskrárinnar 1789. Þetta ákvæði, sem þá var sett inn og vissulega hafði áhrif, hefur síðan verið tekið upp í velflestar stjórnarskrár vestrænna ríkja og er, eins og kunnugt er, í okkar stjórnarskrá tekið óbreytt upp úr dönsku stjórnarskránni þáverandi. Það hefur haldist óbreytt síðan.

Í þessu ákvæði felst sá veigamikli skilningur, að eignarrétturinn sé friðhelgur, það sé ekki heimilt, hvorki fyrir ríki né aðra aðila, að fótum troða eignarréttinn og virða hann að vettugi.

Þetta ákvæði hefur verið að sjálfsögðu ómetanlegt í lýðfrjálsu landi og hefur verið vissulega vörn fyrir borgarana gegn hvers konar yfirgangi. Ég held, að það séu engar ýkjur hjá mér, þegar ég held því fram, að það sé eitt af grundvallarlífsviðhorfum Íslendinga almennt, að það skuli virða þetta eignarréttarákvæði.

Nú, þegar borin er fram till. til þál., sem felur í sér allsherjarþjóðnýtingu á landinu, gögnum þess og gæðum, þá felur það í sér breytingu á stjórnarskránni. Mér skilst, að hv. 4. þm. Sunnl. hafi farið um þetta nokkrum orðum, en ég var því miður ekki viðstaddur hans ræðu, svo að vera má, að ég endurtaki eitthvað af því, sem hann sagði áðan. Ég vil þó ekki láta hjá líða að láta þessa skoðun mína koma fram, þá skoðun, að ef þessi till. verður samþ. og á að framkvæmast, þá þýðir það breytingu á stjórnarskránni og þessu ákvæði, sem ég geri hér að umtalsefni.

Nú hefur það verið oft og tíðum matsatriði hjá lögfróðum mönnum, hvernig meta skuli þessi hugtök, eign og eignarrétt. Menn hafa ýmist viljað túlka það þröngt eða vítt, eins og sagt er. Það er líka svo, að í gegnum árin hefur það verið eitt vandasamasta viðfangsefni löggjafans og dómstólanna að túlka þetta stjórnarskrárákvæði. Ég leyfi mér þó að fullyrða, — það er að sjálfsögðu ekki mín einkaskoðun, — að það sé löngu viðurkennt, bæði af fræðimönnum og í framkvæmd, að stjórnarskráin með þessu orðalagi sé í mjög víðtækri merkingu. Í stjórnskipunarétti sínum vekur prófessor Ólafur Jóhannesson athygli á því, að Lárus H. Bjarnason telji, að þetta stjórnarskrárákvæði verji ekki aðeins tiltekna eignarmuni manns, heldur og veðrétt, afnotarétt, kröfuréttindi, einkaréttindi, rithöfundarétt og yfirleitt öll verðmæt réttindi manna. Bjarni Benediktsson, sem viðurkenndur var sem fræðimaður á þessu sviði í stjórnlagarétti, tjáði sig og um þetta í ritum, og hann taldi, að ákvæði þessarar gr. tækju til hvers konar fjárréttinda borgaralegs eðlis, hlutaréttindi, kröfuréttindi, atvinnuréttindi, rithöfundaréttindi og einkaleyfi. Í eignarrétti Ólafs Lárussonar segir m. a. um 67. gr., með leyfi forseta.

„En víst er, að orðið eign er notað í víðtækri merkingu. Það nær ekki aðeins til hins beina eignarréttar að fasteignum og lausafé, heldur og til óbeinna eignarréttinda, eins og veðréttinda, afnotaréttinda, ítaka og kröfuréttinda."

Síðan segir Ólafur Jóhannesson sjálfur í stjórnskipunarrétti sínum, með leyfi forseta:

„Samkv. þeirra áliti „— þessara manna, sem ég hef hér vitnað til —" er með orðinu eign í 67. gr. ekki aðeins átt við ópersónuleg, áþreifanleg verðmæti, svo sem fasteignir og venjulega lausafjármuni, heldur einnig hvers konar önnur verðmæt réttindi."

Þennan skilning hafa dómstólar staðfest margsinnis, og þarf vart um þetta að deila frekar. En ef við gefum okkur þá niðurstöðu, að 67. gr. eigi sem sagt við svo víðtækan skilning á eign og eingarréttindum, þá fer ekki heldur á milli mála, að þegar við höfum þessa till. hér fyrir framan okkur og í henni er talað um, að eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu sem óbyggðu landi skuli falla til ríkisins, sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign, eins og segir í 2. lið till., og þegar segir í grg., að íslenzka ríkið geri það að grundvallarstefnumiði, að með tíð og tíma verði landið, gögn þess og gæði, sameign þjóðarinnar, — þegar við höfum þetta í huga, hver tilgangur þessarar till. er, þá liggur ljóst fyrir, að hér er um allsherjar þjóðnýtingu að ræða á eignarráðum yfir landi og öðrum verðmætum, sem fylgja landinu. Þetta fellur því undir 67. gr. Ólafur Jóhannesson segir m. a. í sínum stjórnskipunarrétti um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Það er að vísu rétt, að upphafsákvæði 67. gr. „— þ. e. a. s. um friðhelgi eignarréttarins — „eitt út af fyrir sig setur löggjafarvaldinu litlar skorður. Á meðan það stendur óbreytt, er þó óheimilt að afnema einstaklingseignarrétt með öllu. Allsherjar þjóðnýting sýnist því vart geta átt sér stað að óbreyttri stjórnarskrá."

Þetta eru orð prófessors Ólafs Jóhannessonar. Þetta er tekið úr þeim stjórnskipunarrétti, sem kenndur er hér í lagadeildinni, og þetta eru skoðanir, sem eru viðurkenndar af fræðimönnum og lögfróðum mönnum almennt. Allsherjar þjóðnýting sýnist því vart geta átt sér stað að óbreyttri stjórnarskrá.

Ef ég held áfram út frá þessum ályktunum mínum og ef þessi till. verður samþykkt, þá þýðir það, að stjórnarskránni skal breytt og þá þessu ákveðna ákvæði, þ. e. a. s. 67. gr. En ef þessu ákvæði er raskað, — þessu grundvallarákvæði til þess að opna þessari till. leið og þeim framkvæmdum, sem hún felur í sér, — hver veit þá, hvað fylgir á eftir? Ef það er vilji löggjafans og þjóðarinnar að breyta ákvæðinu og hleypa þessu áfram, þessari allsherjar þjóðnýtingu, sem þessi till. felur í sér, hver segir okkur þá um það, hvort ekki verið haldið áfram að þjóðnýta aðrar eigur manna, fasteignir, lausafjármuni, atvinnufyrirtæki og yfirleitt önnur verðmæti, sem hingað til hafa verið í höndum einstaklinga og félaga og annarra aðila. Ég óttast afleiðingarnar af þeirri breytingu. En ég held líka, og það er mín bjargföst trú, að þjóðin hafi ekki áhuga á slíkum breytingum. Það er, eins og hefur verið sagt fyrr í þessum umr., lífsviðhorf Íslendinga að standa vörð um eignarréttinn, og þeir vilja ekki víkja frá þeirri grundvallarreglu, sem mörkuð er í stjórnarskránni, og því tel ég litla hættu á því, sem betur fer, að þetta mál nái fram að ganga né slík stjórnarskrárbreyting, sem ég geri hér að umtalsefni. Því er ég þeirrar skoðunar, að enda þótt 1. flm. telji sjálfum sér trú um það, að þeir, sem gegn þessu frv. tali, séu talsmenn 3000 landeigenda í landinu, þá er það mikill misskilningur hjá honum. Þeir, sem tala gegn þessu máli, og þá a. m. k. ég, tala gegn því út frá þessu grundvallarsjónarmiði, og ég held að sú skoðun mín eigi sér hljómgrunn meðal meiri hluta þjóðarinnar.

Hitt er svo annað mál, að margt í þessari till. er þess eðlis, að rétt er að athuga það. Ég vek athygli á því, að þrátt fyrir að ekki þurfi að ganga svo langt að grípa til allsherjar þjóðnýtingar til að koma á einhverjum réttlætismálum,

sem e. t. v. felast í þessu frv. og a. m. k. vaka fyrir flm., þá sé hægt að gera það með öðrum hætti. Það eru margs konar lög í landinu, sem hafa falið í sér að takmarka eignarrétt manna, og þarf ekki að fara mörgum orðum til að benda á slík lög. Ég minni á friðunarlög, vatnalög, girðingalög, náttúruverndarlög, skipulagslög, skattalög o. s. frv., sem allt miðar að því að takmarka eignarrétt manna. Og ég held, að þegar við tölum hér um brask á jörðum, þegar við tölum um það, að breyta þurfi reglum um eignarnám, þegar við tölum um, að setja þurfi skorður við veiði erlendra manna, þegar við viljum efla umhverfisvernd o. s. frv., þá getum við gert þetta með almennri löggjöf. Hér var um daginn til umr. till. frá nokkrum þm. um verðaukaskatt, vegna þess að þeir töldu, að óeðlilegur væri sá hagnaður, sem menn fengju af lóðum sínum og lendum, þegar þær hafa hækkað í verði með árunum vegna verðbólgu og annars. Það er út af fyrir sig eðlileg leið og íhugunarverð að setja þarna ákveðin takmörk á afnotum eigna, og þetta er sú leið, sem farin hefur verið almennt af löggjafanum og hefur verið samþykkt af þjóðinni.

Ég vil taka undir þær skoðanir, sem hér hafa komið fram hjá fjölmörgum þm. við þessa umr., að það sé fráleitt að samþykkja þessa till. Það er gott, að hún kemur hér til umr., sjálfsagt að skiptast á skoðunum um hana, en ég tek undir það, að hún skuli felld, en síðan eigi að snúa sér að því að reyna að búa til og ganga frá löggjöf, sem setur skorður við ýmsu, sem við teljum vera misnotkun og óeðlilegt í þjóðfélaginu, og getur stuðlað að auknu réttlæti og aukinni notkun og nýtingu allra þegnanna á þessu landi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram.

Hv. 5. landsk. þm. virtist ganga út frá því sem gefnu hér áðan, eins og þegar hefur verið drepið á af síðasta ræðumanni, að hann talaði hér sem fulltrúi 200 þús. manna, við hinir, sem andmæltum þessari till., værum hins vegar fulltrúar 3000 landeigenda. Þetta er að mínu mati mikill misskilningur, og nægir að vitna til þeirra grundvallarsjónarmiða, sem hv. síðasti ræðumaður rakti hér áðan og eiga m. a. sinn mikla þátt í að skipa mönnum í stjórnmálaflokka hér á landi og annars staðar. Þetta er að mínu mati alger misskilningur, og hér er ekki verið að takast á um neitt, sem er í hugum þjóðarinnar einungis hagsmunir, réttur og skoðanir 3000 manna, sem eiga land, og allir aðrir landsmanna eru á móti.

Hv. flm. kvartaði undan því, að við, sem andmælt hefðum till. hans, hefðum ekki farið neitt inn á það, sem hann kallaði aðalatriði þessa máls, en það væri uppgjör á milli hins forna og rótgróna bændaþjóðfélags, sem ríkt hefur hér á landi frá upphafi og fram undir þessa daga, og þess, sem hann kallaði bæja- og borgaþjóðfélagið í dag. Ég lít svo á, að á milli þessara viðhorfa þurfi ekki að fara fram neitt endanlegt uppgjör. Það er hins vegar ljóst, að með hliðsjón af þeim breyttu þjóðfélagsaðstæðum, sem orðið hafa í okkar landi m. a. af þessum sökum, er vissulega þörf á að skipa málum nokkuð með hliðsjón þar af. M. a. þess vegna kom ég inn á það, að þau viðhorf eru rík í hugum fólks nú, að það þurfi að sjá öllum landsmönnum fyrir aðgangi að landinu, frjálsum aðgangi að skipulögðum svæðum, þar sem fólk getur notið frístunda sinna í nánu samneyti við ferska og óspillta náttúru þessa lands. Þessum atriðum gerði ég nokkur skil í máli mínu hér áðan og ætla ekki að endurtaka það. Ég lít á það sem einn þáttinn í því að mæta þeim breyttu viðhorfum, sem nú eru í þjóðfélaginu, en þau breyttu viðhorf kalla alls ekki að mínu mati á þau þjóðnýtingaráform, sem þessi þáltill. boðar. Og þar skilur mjög á milli.

Hv. flm., 5. landsk. þm., taldi, að þessi till. væri aldeilis ekki hættuleg. Hér væri ekki um mikið mál að ræða. Að hans áliti var hér einungis um það að ræða að leggja fyrir ríkisstj. að skipa n. sérfróðra manna til þess að semja frv. að l. um eignarráð og eignarrétt yfir byggðu og óbyggðu landi, stöðuvötnum og fallvötnum og hvers konar gæðum og vinnslu þeirra úr jörðu. Hér væri aðeins um þáltill. að ræða. En hann virtist hafa gleymt framhaldinu. Hann virtist hafa gleymt því, að í næstu setningu segir á þskj. 72: „Við samningu frv. eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt", og þar koma aðalatriðin í þessu máli nánar skilgreind, sem eru eignaupptaka og ráðagerðir um að þjóðnýta landið allt — í fyrsta lagi hluta þess og sem framtíðaráform landið allt. Hér er því alls ekki smátt mál á ferðinni, eins og raunar hv. síðasti ræðumaður, 9. landsk. þm., hefur vakið glögglega athygli á.

Hv. 5. landsk. þm. lét þess getið, að svo virtist sem við andmælendur þessarar till. hefðum misskilið einn þátt hennar, sem sé þann, að veiðiárnar og arður af veiðiréttindum ætti ekki að falla bótalaust til ríkisins. Nú er út af fyrir sig um sjálfa eignaupptökuna það að segja, að það er opið í till. sjálfri, hvort bætur skuli koma fyrir eða hve miklar og hvernig þeim skuli háttað. Um það, sem flm. gerði hér að umtalsefni, vil ég vekja athygli á því, að ef veiðiárnar og veiðivötnin væru komin í eigu ríkisins, þá er það væntanlega skv. þeim röksemdum, sem lesa má út úr grg. frv., m. a. gert til þess að koma í veg fyrir ofsagróða einstakra manna og til þess að koma í veg fyrir brask og uppsprengt verð á þessum hlunnindum og þá ekki síður á leigu fyrir þessi hlunnindi til einstakra veiðimanna. Ef einhver meining er í þessu öllu, þá hlyti það vitaskuld að fylgja eign ríkisins á þessum réttindum, að komið yrði í veg fyrir, að þessi hlunnindi, þessi aðstaða að geta fengið að veiða lax og silung í veiðivatni, kostaði mikla fjármuni. Þar með væri vitaskuld sýnt, að arðurinn yrði ekki mikill eða a. m. k. stórum minni en hann er í dag og lítur út fyrir, að hann verði í framtíðinni með sömu skipan. Og svo segir einnig, að þessi arður skuli eftir arðskrá falla til jarðeiganda. Jarðeigandi er vitaskuld ríkið, eftir að þeim stefnumiðum, sem þessi till. boðar, er fullnægt, því að það segir í 2. tölul., að sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að

því, að allt landið verði með tímanum alþjóðareign", — og í 3. tölul.: „stöðuvötn í afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign. ... Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt". Þar með, ef litið er til lengri tíma, þá er vitaskuld tómt mál um það að tala, að þeir, sem nú teljast eigendur þessara réttinda, fái í sinn vasa þann arð, sem af þeim sprettur, þó svo að viðurkennt skuli, eins og flm. þessarar till. hafa hér talað um, að þetta gerist ekki í einni svipan.

Í sambandi við þetta vil ég aðeins víkja að því, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. um veiðiárnar, og þeim hugleiðingum hans, sem voru mjög á reiki, og hann sló engu föstu, en hann gat um það sem hugsanlega leið, að sveitarfélögin fengju ákveðinn hluta af veiðiarði. Þetta er e. t. v. hugsanleg leið. En hv. þm. láðist vissulega að geta þess, að sveitarfélögin fá talsverðan hluta af veiðiarði í sínar hendur í gegnum útsvör, og meira að segja, ef þessi réttindi eru í eigu utansveitarmanna, þá er þar mjög aukið álag á eða allt að áttfölduð sú skattheimta. Enn fremur fær ríkið í sínar hendur við skattlagningu mjög góðan hluta af þeim veiðiarði, sem einstakir veiðibændur fá í sinn vasa. Þessu atriði má vissulega ekki gleyma, þegar menn tala um, að þessi hlunnindi og arður af þeim renni eingöngu til veiðibændanna.

Það voru ekki mörg fleiri atriði, sem ég vildi gera aths. við í máli hv. 5. landsk. þm. Hann vitnaði til ræðu hv. þm. Björns Pálssonar um eignarráð á hafinu og sjónum kringum landið. Nú er það svo, að hverri jörð, sem á land að sjó, fylgir ákveðið belti, og er það til samræmis við vatnalög, eða um 115 metra beitt belti, sem hver jörð, sem land á að sjó, á. Það mundi auðvitað fylgja jörðunum, ef þær færu til ríkisins, eins og önnur réttindi. Í þessu sambandi vil ég aðeins drepa á eitt atriði, sem út af fyrir sig kemur þessu máli þó ekki mikið við. En ég hef orðið þess var, að ýmsir þeir bændur, sem eiga varplönd, eru mjög óánægðir yfir því, hvað þetta belti er mjótt, vegna þess, að þegar æðarfuglinn fer með unga sína til sjávar, þá hagar víða þannig til, að það er girt fyrir utan þetta belti af grásleppunetum svo þétt, að mjög mikill hluti af ungastofninum ferst þar. Þetta er auðvitað sérmál, sem ég vildi aðeins vekja hér athygli á, úr því að þessi þáttur kom inn í þessar umr.

Hv. flm. sagði í sinni framsögurræðu, að veiðisportinu og veiðiánum væri varpað á braskmarkaðinn, og hann talaði um græðgiseign á veiðirétti. Þetta voru mjög smekklegar kveðjur til okkar, sem eigum þessi réttindi. Ég gat um það hér áðan, að það er ekkert efamál, að þörf er á því að efla einhverja sjóði, sem sveitarfélögin geta sótt til, til þess að geta nýtt forkaupsrétt sinn, ef þau telja þetur henta, að sveitarfélagið kaupi jarðir, sem sótt er í af utanaðkomandi aðilum, og sú leið er vel fær til þess að koma í veg fyrir, að veiðiárnar og veiðijarðirnar lendi í höndum þeirra manna, sem það er ekki talið henta.

Um ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, 1. þm. Vestf., vil ég aðeins segja örfá orð. Hann talaði mikið um, að það þyrfti að finna einhverja millileið, og hann lýsti því þó yfir, að hann gæti ekki fylgt þessari till., og var þakkarvert. Hann sagðist hins vegar hafa skoðað hug sinn mjög um það, hvort hann fylgdi till. eins og hún var orðuð á síðasta Alþ. Í framhaldi af þessum hugleiðingum sínum um millileiðina virtist mér hann gera mér upp orð um ósamkomulag á milli veiðiréttareigenda og veiðimanna, — ég orðaði það ekki á nokkurn hátt, ég tel, að yfirleitt sé því svo háttað, að samstarf veiðiréttareigenda og leigutaka sé gott, — og eitthvert samkomulag sem millileið í því efni yrði, að mér skildist, á þann veg að veita leigutökum einhverja aukna hlutdeild í þessari eign. Ég gat ekki skilið ræðu hans á annan hátt, því að hann sagði í framhaldi af þessu: Til þess að koma í veg fyrir, að leigutakarnir hrifsuðu ekki til sín þessi réttindi. — Ég er honum öldungis ósammála um þetta atriði og tel, að eignarrétturinn eigi að gilda í þessu efni sem á öðrum sviðum þessa máls. Og ég lít svo á, að það sé a. m. k. yfir höfuð og alls staðar þar sem ég þekki til gott samstarf á milli leigusala og leigutaka um þessi réttindi.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira að sinni. Ég taldi mig þurfa að gera örfáar aths. við þau atriði, sem hér hefur verið drepið á, en ég ítreka það, að hér er um að ræða, að ég hygg, mestu þjóðnýtingartill., sem lögð hefur verið fram á Alþingi Íslendinga. Það er vitaskuld ekkert við því að segja, að hv. þm. einstakra flokka reyni á þennan hátt og annan að skýra stefnu sína sem bezt með flutningi einstakra mála, svo sem gert er með þessu þskj. En ég lít svo á, að hér sé um svo mikið grundvallarmál að ræða og mál, sem fari í berhögg við ekki einasta þau atriði, sem ég ræddi um í minni framsögurræðu, heldur einnig í berhögg við vilja og skoðanir meginþorra landsmanna, að það sé ekki áhorfsmál, að þessa till. á Alþingi Íslendinga beri að fella.

Bendedikt Gröndal: Herra forseti. Það er athyglisvert við þessar löngu umr., að svo að segja hver einasti ræðumaður, sem andmælt hefur till., sem er á dagskrá, hefur viðurkennt fleiri eða færri af þeim rökum, sem færð eru fram fyrir till. Þeir hafa viðurkennt þau vandamál, sem eru mörg og fer fjölgandi í okkar þjóðfélagi, sem eru meira eða minna tengd landinu sjálfu. Hins vegar er augljóst, að þeim fellur ekki við þá lækningu, sem tillögumenn hafa bent á. Þeir eru m. ö. o. eins og sjúklingar, sem vita af krankleika sínum, en finnst meðalið svo vont, að þeir ýta því frá sér. Ég tel, að það sé nokkur vinningur að þeirri viðurkenningu, sem felst í því, að vandamálin séu fyrir hendi og þau fari vaxandi, og ég tel eðlilegt, að við ræðum þá á þessum vettvangi og öðrum um úrræðin. Við jafnaðarmenn höfum okkar hugmyndir um meðölin. Ef aðrar till. koma fram, sem ná meirihlutafylgi, en lækna meinsemdirnar, þá er það vinningur fyrir þjóðina.

Ég tel, að það sé rétt túlkun, sem komið hefur fram hjá nokkrum ræðumönnum, að mál

sem þetta er nú komið upp vegna þess, hve þjóðfélagshættir eru breyttir hér á landi eins og annars staðar. Mikill meiri hluti þjóðarinnar býr nú í þéttbýli. Fyrst í stað var margt af þessu fólki komið úr sveit, en með nýjum kynslóðum, sem vaxa upp, breytast viðhorfin og það verða margir tugir þúsunda af fólki, sem þekkir ekkert nema mölina og malbikið og leitar í vaxandi mæli út til náttúrunnar af ýmsum ástæðum og í ýmsu skyni. Við skulum líta á þetta sem þjóðfélagsvandamál, reyna að sjá, að það spannar yfir langan tíma. Það hefur verið að vaxa og það á eftir að vera með okkur alllengi enn, áður en það verður leyst, ef endanleg lausn er þá nokkur til.

Það hefur komið fram hér í umr., að bændur líta á mál þetta sem eins konar árás á sig og hafa sem landeigendur litið á sig sem þann aðila, sem málið beinist gegn. Ég vil lýsa yfir, að ég harma það, að þessu máli skuli vera tekið á þennan hátt af bændum og talsmönnum þeirra. Ég held þvert á móti, að það mundi koma í ljós, þótt síðar verði, að grundvallarhugmyndir þessa máls eru eitthvert mesta hagsmunamál bændastéttarinnar, sem upp hefur komið, því að staða hennar í dag er þannig, að hún á í vök að verjast að mörgu leyti. Ein hættan, sem steðjar að bændastéttinni á Íslandi, er sú, að peningamenn þjóðarinnar sækjast nú meira og meira eftir því að kaupa upp landið, ekki til þess að setjast að á því, rækta það og búa á því, heldur til þess að festa peninga sína í því til að geta grætt á landinu, til að geta haft þar einhverja aukaaðstöðu, — ég tala nú ekki um, ef um hlunnindi er að ræða. Við erum ekki þeir einu, sem eiga við þetta vandamál að stríða. Í nágrannalöndum okkar er það einnig fyrir hendi. Þýzkir auðmenn kaupa svo upp jarðir í Danmörku og Írlandi, að það er talið vera allt að því plága í báðum þessum löndum og illviðráðanlegt vandamál, sem verði að finna einhverja lausn á. Þessi plága er komin hingað til lands. Ég hef sem alþm. oftar en einu sinni lifað það, að fjársterkir menn hafa spurt, hvort ég viti ekki um einhverjar góðar jarðir í Vesturlandskjördæmi, sem hægt sé að fá til kaups. Þetta þekkjum við allir, og ég tel, að þessi þróun sé bændastéttinni og landbúnaðinum hættuleg. Og það væri stórum öruggara, bæði fyrir bændastéttina og fyrir þjóðarheildina, að það land, sem einstakir bændur sitja ekki og rækta, væri í opinberri eigu, annaðhvort sveitarfélaganna eða ríkisvaldsins.

Það er athyglisvert, eins og ég sagði áðan, að þetta mál snertir marga fleiri en bændur. Þetta snertir sjálft þéttbýlið líka og e. t. v. einna mest svæðin, sem eru á mörkum þéttbýlis og dreifbýlis. Enda heyrðum við, að fyrstu mótmælin gegn þessari till., sem komu fram opinberlega, voru frá landeigendum í Mosfellssveit, þar sem lóðaverðið fer nú allört hækkandi, vegna þess að þangað hefur verið lagður svo góður vegur, að menn geta búið þar og stundað vinnu í Reykjavík. Þetta segir sína sögu.

Ekki langt frá höfuðborgarsvæðinu er lítill dalur, ákaflega fallegur og sérkennilegur. Þar eru tvö sæmileg býli, en ekki aðstaða fyrir neinn stóran búrekstur. Þessi dalur er eftirsóttur og ágætt útivistarsvæði fyrir fólkið á þessum mikla þéttbýlissvæði, og þar eru oft haldin ýmis mót, t. d. skátamót og annað slíkt. En helmingurinn af þessum dal er í einkaeign, þar er girðing, og börnin af Reykjavíkursvæðinu, sem koma í dalinn og dveljast þar vegna vinsemdar bændanna, sem lána þeim hluta af sínu landi, fá ekki að fara yfir á hinn helminginn eða gera nokkurn skapaðan hlut þar. Það er ekki bóndi, sem á þennan helming. Það er vellauðugur maður hér í Reykjavík, sem ekur á stórum amerískum bíl. Og það er þessi þróun, hálfi dalurinn, sem ég tel, að sé uggvænleg og eitt af því, sem við verðum að spyrna gegn. Ég vil ekki taka undir till. um að þurrka eignarréttinn út eða neitt slíkt. En það er hægt að misnota hann eins og öll önnur réttindi. Og eignarréttur á landi hefur að mörgu leyti algera sérstöðu. Þetta dæmi er glöggt, og svipað þessu er að gerast víðar. Ég gæti e. t. v. bent á dæmi úr fleiri dölum, þó að þau séu ekki eins áberandi og þetta.

Við skulum færa okkur úr dalnum og nær þéttbýlinu og athuga t. d. hér í höfuðstaðnum, hver stefna borgaryfirvalda hefur verið í landeignarmálum. Ef við lítum á það, kemur það í ljós, að stjórnendur Reykjavíkur byrjuðu á því um síðustu aldamót að kaupa jarðir kringum bæinn. Og þeir héldu því áfram. Fyrst í stað vantaði haga fyrir fénað bæjarbúa. Næsta skrefið var að kaupa lönd til að tryggja vatnsveitu og vatnsréttindi. Þriðja skrefið var að kaupa enn lönd vegna virkjunarmála. Og fjórða og e. t. v. stærsta skrefið, mestu landakaup Reykjavíkur, var réttlætt á eðlilegan hátt með því, að það vantaði land til útivistar fyrir borgarana og vegna sumarbústaða. Það hefur farið svo, að Reykjavík hefur keypt mjög mikið land og á bróðurpartinn af bæjarlandinu, ef ekki eitthvað út fyrir þau mörk. Þetta er eitt af því, sem borgaryfirvöld hér hafa gert, bæði fram að stofnun Sjálfstfl. og eftir að hann var stofnaður, því að alltaf hefur hann ráðið Reykjavík einn. Þetta er eitt af þeim stefnuatriðum í stjórn borgarinnar, sem njóta almennastrar viðurkenningar. Erlendir sérfræðingar, sem hafa fjallað um skipulagsmál hér, hafa talið til mikillar fyrirmyndar, hvað væri miklu léttara að þróa borgina og skipa málum hennar vegna þess, að hún gat eignazt svo mikið af landinu innan borgarmarkanna. Sennilega eru hlutfallslega fleiri borgarbúar á þessu svæði, sem eiga sínar íbúðir, heldur en í nokkurri annarri borg í veröldinni. Hvernig hefur þetta orðið mögulegt? Haldið þið, að þetta hefði getað gerzt, ef hver einasta fjölskylda, sem á íbúð í Reykjavík, hefði orðið að borga Arnarnesverð fyrir landið, sem húsið stendur á? Ég held, að það væru færri eigendurnir í dag, ef svo hefði verið. Þessi stefna borgarinnar, að eignast landið í kringum sig, koma því í eigu sveitarfélagsins, hefur gert þetta kleift. Má því segja með sanni, að þarna hefur þjóðnýtingin, — ég kalla það þjóðnýtingu, þegar Reykjavíkurborg eignast landið, alveg jafnt og þótt ríkissjóður ætti það, — orðið til þess að ýta meira en e. t. v. nokkuð annað í íslenzku þjóðfélagi undir það, að borgararnir

gætu eignazt íbúðirnar, sem þeir búa í. Menn geta rétt ímyndað sér, hvað útsvörin hefðu orðið miklu hærri, ef það hefði þurft að borga jafnóðum verð t. d. eins og ég nefndi í Arnarnesi fyrir hvern götubút og hvern garð í borginni, ég tala ekki um opinberar byggingar eða byggingar atvinnuveganna.

Þessu til viðbótar má benda á, að flest sveitarfélög í landinu, þar sem um þéttbýliskjarna er að ræða, hafa fylgt í fótspor höfuðborgarinnar og reynt að eignast landið, sem þau þurftu til þess að geta vaxið eins fljótt og hugsanlegt hefur verið. Víða hefur þetta gengið átakalaust. Sveitarfélögin hafa getað fengið til kaups næstu jarðir. Stundum höfum við hér á Alþ. samþykkt að selja sveitarfélögum ríkisland og þá væntanlega með betri kjörum en almennt gerast, en stundum hefur þetta leitt til erfiðleika, eins og nefnt hefur verið varðandi Keflavík, þar sem bæjarfélagið þurfti að eyða tugum millj. í að kaupa upp örlitið landrými, svo að hægt væri að halda áfram byggingu íbúðarhúsa.

Það er því ljóst, að jafnvel stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa ekki litið svo á, að einstaklingarnir ættu að eiga landskikana, sem þeir búa á, heldur talið, að stórar spildur ættu að vera í eigu hins opinbera. Þannig hefur Sjálfstfl. a. m. k. í framkvæmd, — og raunar býst ég við, að flestir flokkar megi kallast aðilar að þessari stefnu í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum, — fylgt þeirri stefnu, að landið þurfi að verða opinber eign, þar sem um útþenslu og vöxt þessara byggðarlaga hefur verið að ræða.

Ég þarf ekki að rökstyðja frekar þessa stefnu sveitarfélaganna. En ég vil aðeins benda á, að till. okkar Alþfl.-manna gerir í raun og veru ráð fyrir því í aðalatriðum, að nú sé kominn tími til að taka upp sömu stefnu fyrir landið í heild eins og Reykjavík og raunar flest önnur þéttbýlissveitarfélög hafa fylgt fyrir sjálf sig og næsta nágrenni. Mér finnst, að andstæðingar þessarar till. taki allt of mikið upp í sig, þegar þeir tala um hana eins og það sé nú þegar búið að breyta stjórnarskránni, fótumtroða hana og ég veit ekki hvað. Ég skil það, að þeir telji slíka breytingu á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar vera óhjákvæmilega afleiðingu af þeirri stefnu, sem í till. er boðuð. Það er þeirra skilningur. En ég er ekki á sama máli. Við flm. þessa máls höfum einmitt bent á, að framkvæmd till. mundi taka áratugi, og við það má bæta nokkrum árum, því að við kaup á jörðum mundi hið opinbera oft og tíðum geta borgað með skuldabréfum, sem enn ættu að greiðast á árum þar á eftir, þannig að kostnaðurinn mundi dreifast á alllangt tímabil. En sú hugmynd, sem við á þennan hátt bendum á, sýnir auðvitað, að við höfðum ekki í huga neina snögga stjórnarskrárbreytingu eða eignaupptöku. Það er ástæðulaust með öllu að nota slík orð. Ég get bent á, að sveitarfélögin hafa að vísu í einstökum tilfellum beitt lagaheimildum til að taka eignarnámi land, sem þau þurftu á að halda, en ég býst við, að meiri hlutinn af því landi, sem sveitarfélög hafa eignazt til sinna þarfa á undanförnum árum og áratugum, hafi fengizt án þess að beita slíkum aðferðum. Framkvæmd þessarar till. á nokkru árabili gæti því að minni hyggju hæglega rúmazt innan þeirra ákvæða, sem eru í stjórnarskránni, og e. t. v. ekki langt frá þeim ákvæðum, sem eru í lögum í dag, þótt að sjálfsögðu megi, eins og flestir aðrir hafa bent á, breyta ýmsum lögum, sem þessi mál snerta.

Ég vil að lokum benda á, að viðhorf mannsins almennt til landsins hafa á síðustu árum gerbreytzt af ástæðum, sem allir þekkja. Ég vil benda á, að vegna tækninnar hafa viðhorf atvinnurekstrar til landsins einnig stórbreytzt. Og ég vil loks benda á, að hættur á eyðileggingu landsins eru nú margfaldar við það, sem þær voru fyrir fáum árum. Það eru þessar stórkostlegu breytingar, sem valda því, að till. eins og sú, sem hér er til umr., hlýtur að koma á dagskrá, og við, sem að till. stöndum, teljum, að þjóðfélagið verði að bregðast við þessari þróun og gera það á myndarlegan hátt og gera það nógu snemma. Ég er sannfærður um, að þjóðfélag næstu framtíðar mun krefjast þess, að landið sé almannaeign, og ég er því sannfærður um, að þetta mál, hvernig sem fer um till. okkar á þessu þingi, verður á dagskrá og mun verða að veruleika fyrr eða síðar.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að þreyta þm. ekki með löngu spjalli, en ástæðan til þess, að ég kvaddi mér aftur hljóðs, var sú, að mér finnst hv. 5. þm. Norðurl. v. leggja dálítið annan skilning í ýmislegt í þessari till. heldur en ég sem einn af tillögumönnum geri. Að vísu tók hv. 8. landsk. fram sumt, sem ég annars hefði viljað koma hér á framfæri.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. lítur á þetta sem mjög mikla eignaupptökutill. og bendir á, hvað eigi að felast í frv. Hann tók t. d. 1. töluliið: „Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign". Þarna lít ég á, að sé verið að taka fram það, sem eru ekki skýlausar eignarheimildir á, og eins og flestir vita, þá hlýtur þarna að vera átt við afréttir, sem í margra hugum eru fyrst og fremst almenningseign, þó að viss sveitarfélög slái eign sinni á þær.

Í öðru lagi er hér sagt: „Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á, fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi." Hér er greinilega mörkuð sú stefna, að meðan bændur óska eftir, geti þeir átt sínar bújarðir, selt þær og keypt, eftir því sem þeir vilja, en þegar jarðir eru seldar til annarra, þá hafi ríki og sveitarfélög forkaupsrétt. Og í 6. lið er tekið fram, að glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis og sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir. Það er greinilega hugsað, að bætur komi fyrir, þegar eignin fer úr höndum bænda, svo að þetta er ekki eignaupptaka að minni hyggju. En það, sem má skilja sem eignaupp-

töku, er fólgið í 3., 4. og 5. lið, og hv. 9. landsk. gerði einmitt þau atriði að umtalsefni, og kom fram hjá honum, sem ekki var nema eðlilegt, þar sem hann er lögfræðingur að mennt, að hann fór að velta fyrir sér lögskýringu stjórnarskrárinnar. Að lokum, eftir að hann var búinn að skilgreina ýmis álit og álit sitt, mælti hann þessi orð: Þegar við gefum okkur þessar niðurstöður. — Það lá alveg greinlega í hans orðum, að hann var engan veginn alveg 100% viss um, að þetta væru réttar skýringar, m. ö. o., hann var ofurlítið hlynntur þeirri skýringu, sem ég var með hér í upphafi máls míns, að eignir, sem væru bundnar öðrum eignarhugtökum en giltu, þegar ákvæði stjórnarskrárinnar urðu til, m. ö. o. virkjunarréttinum, jarðvarmaréttinum og námuréttinum, væru alþjóðareign, en ekkert af þessu var verulega til í hugum landsmanna, þegar stjórnarskráin var sett, því að hún er gömul, eins og við vitum, aðallega eftir danskri fyrirmynd. Og það er þessi eignarréttur, sem ég hef hvað eftir annað lagt áherzlu á í mínum málflutningi. Eign, sem alþjóðarátak, alþjóðarfé, alþjóðarsamtök þarf til að nota, finnst mér og ég held okkur flm. öllum eðlilegt, að sé í höndum ríkisins: fallvötnin, sem eru undirrót vatnsorkunnar, jarðvarminn, sem ríkisfé eða ríkisforsjá þarf til þess að ná í, og námugröfturinn. Þetta mætti kannske skilja sem eignaupptöku, en er í mínum huga fyrst og fremst lögskýring á því, yfir hvað eignarrétturinn, eins og við skildum hann, á ekki að ná.

Þá vil ég aðeins geta um það, sem hv. 6. þm. Sunnl. drap á, hvers vegna við miðuðum ákvæðið um jarðvarma ekki við yfirborðið, heldur 100 metra dýpi. Hér koma fram ein rökin enn fyrir því, að við viljum ekki seilast lengra í ágangi, eins og þeir kalla það, á eignarréttinn en svo, að við erum ekki að ásælast það, sem liggur svo til á yfirborði og einstaklingurinn getur náð til með sínu framtaki, heldur viljum við, að það, sem almannaátak þarf til að ná, komi undir eign ríkisins.

Aðeins eitt að lokum: Það var í sambandi við afréttirnar, sem hv. 4. þm. Sunnl. var að minnast á í sinni ræðu, um umhirðu sveitarfélaganna og gæzlu þeirra. Mig langaði aðeins til að drepa á það, án þess að ég ætlist til, að það sé tekið sem ádeila, en t. d. á Suðurlandi hefur það verið margtekið fram í opinberum skjölum, að um afréttirnar sé ekki of vel hirt eða þeirra gætt af hálfu sveitarfélaganna, ofbeit sé að verða gengdarlítil hér á Suðurlandi, uppblástur og örfok víða, að ég held, að það veitti ekkert af, að ríkið færi að fylgjast betur með þessum málum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hef satt að segja ekki miklu við að bæta hér. Þessar umr. eru orðnar langar, margt hefur komið fram, og ég skal reyna að endurtaka sem minnst. En ég lýsi mig andvígan þeirri till., sem hér er til umr. Um leið flokkast ég sjálfsagt með þeim, sem verja hagsmuni landeigenda, sem mér skilst, að séu um 1.5% þjóðarinnar, en þeir Alþfl.-menn telja sig hér vera að gæta hagsmuna 98.5% þjóðarinnar. Ég satt að segja furða mig dálítið á því, hvers vegna Alþfl. er svona litill, þegar hann gætir hagsmuna svo margra, en ég skal ekki fara langt út í að reyna að finna skýringu á því. Ég hygg þó, að hún sé sú, að þær skoðanir, sem koma fram í þessari till., hafi engan hljómgrunn hjá þjóðinni, ekki nokkurn.

Hv. þm. Benedikt Gröndal taldi hér áðan, að mál þetta væri komið upp vegna breyttra þjóðfélagshátta. Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni, að málið sé frekar komið hér upp vegna þess, að Alþfl. telur sér hag í því að dusta rykið af áratugagömlum kenningum, það kunni að verða honum til fylgisauka.

Hv. þm. Benedikt Gröndal talaði hér um stefnu Reykjavíkurborgar og þar með stefnu Sjálfstfl., þar sem Sjálfstfl. hefur stýrt Reykjavíkurborg í áratugi. Það er alveg rétt, að Reykjavíkurborg hefur á undanförnum áratugum lagt mikið kapp á að kaupa upp jarðir og hefur gert það af ýmsum orsökum, eins og þm. taldi upp. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta hefur verið rétt stefna hjá Reykjavíkurborg, og ég er líka sannfærður um, að það er rétt stefna hjá sveitarfélögum, ekki sízt þeim, sem sjá fram á þéttbýlismyndun, að reyna að kaupa upp löndin, ef þau sjá það fyrir, að viðkomandi landssvæði muni ekki byggjast að öðrum kosti eða það ráðist ekki við að skipuleggja þau þannig, að skynsamlegt geti talizt. Hins vegar er líka ljóst, að mörg sveitarfélög hafa átt í miklum erfiðleikum með að kaupa lönd, sem þau hafa hug á, einfaldlega vegna þess, að þau hafa ekki haft til þess fjármagn. En því miður er það líka allt of algeng orsök, að þau hafi ekki haft þá framsýni, sem hefur þurft til þess, að jarðirnar yrðu keyptar, og gæti ég nefnt mörg dæmi um það, þó að ég ætli ekki að gera það hér.

Ef það er tryggt, að sveitarfélag byggist upp með skynsamlegum hætti, án þess að sveitarfélagið sjálft eigi landið, tel ég raunverulega öllum þörfum fullnægt, þó að lóðirnar séu seldar af upphaflegum landeiganda, sem er þá einstaklingur eða einstaklingar. Þm. nefndi hér áðan með nokkrum þunga svokallað Arnarnesverð. Ég held, að það sé nú ekki það alvarlegasta, sem hefur sézt í þessum málum, a. m. k. þekki ég lóðarverð margfalt hærra en er í Arnarnesi. Hins vegar hafa myndazt um þetta ýmsar þjóðsögur. Ég held, að ég fari rétt með, að lóðarverð þar hefur verið frá 100—150 þús. kr., og það eru stórar lóðir, upp í 1500 fermetra. Við þekkjum hins vegar miklu hærri tölur, og ég veit, að þm. þekkir þær sjálfur.

Keflavík hefur verið nokkuð nefnd í þessum umr., vegna þess að þar þurfi að greiða háa fjárhæð fyrir tiltekið land, sem Keflavíkurkaupstaður stendur á. Það er alveg rétt, að þarna er um talsvert háa fjárhæð að ræða, og satt að segja hef ég ekki skilið, hver þörfin var á því, að sveitarfélagið keypti þetta land. Ég held, að íbúum Keflavíkur hafi ekki verið neinn sérstakur greiði gerður með þessum ráðstöfunum, því að þær geta ekki þýtt annað en annaðhvort hærri álögur á bæjarbúa eða minni framkvæmdir. En það er nú einu sinni svona, að ýmsum fellur það mjög þungt, ef þeir þurfa að greiða lóðaleigu til einstaklings eða einstaklinga fremur en til sveitarfélagsins, og sjást þá ekki alltaf

fyrir í kröfum sínum í þá átt, að sveitarfélagið sjálft eigi landið. Ég held, að það sé dálítið svipað komið fyrir hv. flm. þessarar till., að þeir sjái ekki fyrir afleiðingarnar, ef hún verður samþ.

Það hefur verið dregið hér fram með skýrum orðum, hvað það mundi kosta ríkissjóð, ef ætti að greiða fyrir allt þetta land, sem taka þarf eignarnámi. Hitt viðurkenni ég líka, að mörgum sveitarfélögum hefur verið beinlínis nauðsyn að fá eignarnámsheimild til þess að ná undir sig löndum. Og þá hefur oft farið svo, að þau hafa orðið að greiða fyrir þau stórfé. Eignarnámsheimildin er til í lögum, og þess vegna þarf ekki að samþykkja þessa till. En varðandi þær miklu fjárhæðir, sem sveitarfélögin hafa þurft að greiða, vil ég aðeins segja það, að ég held, að þær byggist að mjög miklu leyti á röngu mati og rangri verðmyndun, sem hefur orðið til hér á landi, og þessi verðmyndun hefur ekki aðeins átt sér stað hér á höfuðborgarsvæðinu. Við vitum dæmi um eignarnámsmat úti um allt land í litlum þorpum, þar sem engin sérstök uppbygging á sér stað, en matsmenn hafa komizt að hinum ævintýralegustu niðurstöðum. Ég held, að þarna sé veruleg meinsemd. Og þess vegna m. a. er komið hér fram frv. um framkvæmd eignarnáms, sem á upptök hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem fór þess á leit við rn. og fékk flutta hér þáltill. um, að þessi löggjöf yrði samin. Orsökin er þessi, að sveitarfélögin hafa verið varnarlaus fyrir slíku eignarnámsmati.

Hv. þm. Benedikt Gröndal talaði hér um það, að mönnum hefði orðið tíðrætt um, að breyta þyrfti stjórnarskránni, talaði um, að breyting á stjórnarskránni væri einhver afleiðing af því, sem kæmi fram í þessu frv. Ég held, að breyting á stjórnarskránni sé ekki afleiðing af samþykkt þessarar till., hún er nauðsynlegur undanfari þess, að till. verði samþykkt.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann fyrir hv. þm. neitt verulega. Ég hef áður talað í þessu máli og lýst skoðunum mínum, að vísu í höfuðdráttum. Það eru aðeins örfá atriði.

Í þáltill. er m. a. þetta sagt í 2. tölul.: „Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt verði að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga).“ Hv. 3. þm. Norðurl. v. vék að þessu ákvæði og taldi, að ekki væri það endilega víst, að orðið alþjóðareign gæti náð yfir eign sveitarfélaga, og ég er alveg á sömu skoðun. Ég tel, að sveitarfélagseign heyri alls ekki undir alþjóðareign. En ef allt hálendi landsins og óbyggðir teljast vera í eigu sveitarfélaga að mestu leyti, tel ég alveg óþarft, að því sé lýst yfir, að þessi landssvæði skuli vera alþjóðareign, því að þá dugir í eðli sínu alveg sveitarfélagseignin. Ég vildi aðeins geta þessa til athugunar og ekki sízt fyrir þá n., sem tekur þetta til meðferðar, ef svo skyldi fara, að hún féllist á eitthvað úr þessum till. Hins vegar á ég ekki von á því, að þessi till. nái lengra á þessu þingi en á hinu fyrra. Þó má vera, að hún verði afgreidd til fulls.

Þá er annað og það er í sambandi við fiskræktina og veiðiréttindin. Ef ríkið sjálft slær eign sinni á landareignir, þar sem fallvötn eru, leiðir það af sjálfu sér, að veiðiréttindi og fiskræktarréttindi fylgja þar sjálfkrafa með. Þegar því er talað um landeiganda í till. í þessu sambandi og að hann fái arð til sín af veiði, þá er ríkisvaldið sjálft landeigandi.

Þá er það eitt atriði enn, sem ég vildi minnast á, því að rétt er að tína sem flest til, þar eð þetta er fyrri umr. málsins og málið yfirgripsmikið, og það er frv. um framkvæmd eignarnáms, sem liggur fyrir Ed. til afgreiðslu. Í því frv. er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á eldri l. um sama efni, sem eru frá 1917. Ein af meginbreytingum í því frv. er sú, að sérstök matsnefnd fjalli um matsgerðir í eignarnámsmálum. Áður hefur sá háttur verið, að hinir og þessir menn eru kvaddir til þess að meta, og vegna þess hafa matsgerðir verið lítt í samræmi hver við aðra, þó að líkt hafi staðið á um ytri aðstæður. Þetta er alkunna. Þessi breyting hlýtur að hafa það í för með sér, að til bóta horfi.

Í öðru lagi er tekið alveg af skarið um það í frv., að unnt sé að vísa matsgerðum til dómstólanna og þeir hafi endanlegt úrskurðarvald um matsgerðina og þá ekki sízt um fjárhæð eignarnámsbóta. Þetta sýnist mér vera mjög til réttaröryggis, bæði fyrir það opinbera, þegar því er að skipta, og ekki síður fyrir eignarnámsþola. Þetta eru tvær meginbreytingar, sem gerðar eru á eldri l. í þessu efni, og stefna að mínu áliti í rétta átt og verða til þess að koma eignarnámsmálum í heild til samræmis í vinnubrögðum um matsgerðir og allt það, sem að þeim lýtur. En í grg. fyrir frv. um framkvæmd eignarnáms segir m. a., að eigi hafi þótt rétt að fella inn í frv. ákvæði um fjárhæðir eignarnámsbóta, vegna þess að ákvæði í því efni væru margþætt mál og mjög flókið viðfangsefni yfirleitt og ekki nokkur leið að koma með tæmandi reglur þar að lútandi, sem lögfesta mætti. En nm., sem sömdu þetta frv., láta að því liggja, að þeir muni innan tíðar fara að vinna að sérstakri löggjöf einmitt að því er varðar vissar undirstöðureglur um mat og matsfjárhæðir. Þetta er vissulega þarft verk, ef hægt er að koma því sæmilega fram, og stefnir einnig í rétta átt.

Ég vildi geta þessa vegna þess, að ræðumönnum hefur verið mjög tíðrætt um ofsalegar fjárhæðir í sambandi við eignarnámsbætur og það er margt mjög réttilega sagt í þeim efnum. Auðvitað verður löggjafinn að koma í veg fyrir óhóflegar bætur, og hann hefur það á sínu færi í megindráttum. Annars hafa till.-menn þeir, sem hér hafa tekið til máls, verið að sverfa helztu broddana af ákvæðum tillgr., ég segi ekki halað í land, en viljað mýkja þetta mál sitt. Sannast sagna hafa gagnlegar umr. farið hér fram og verið til skýringar á málinu í heild. Það ber að sjálfsögðu að þakka, því að málið í sjálfu sér er mjög sérstaks eðlis og rétt, að því sé gefinn alveg sérstakur gaumur.

Að lokum vil ég segja þetta: 1. flm. till. taldi sig vera fulltrúa 200 þús. landlausra Íslendinga, en við hinir værum fulltrúar land-

eigenda og hefðum umbjóðendur á milli 2 og 3 þús. að tölu. Þótti honum að sjálfsögðu mikilsvert um þennan stóra og glæsilega hóp meintra umbjóðenda og það er í sjálfu sér vonlegt. En þrátt fyrir hógværan og að mörgu leyti myndarlegan málflutning, miðað við það efni, sem hann þurfti að flytja og enda verja, skaut hann hér illa yfir markið, vegna þess að hann hafði ekki tekið eftir því, sem sagt var hér áður í ræðu, að ¼ af jarðeignum í landinu er eign ríkisvaldsins sjálfs. Þannig eiga allir landsmenn töluverðan jarðarskika, og við, sem erum taldir verja landeigendur, höfum því að baki okkar álitlegan hóp manna. Auk þess er náttúrlega fjöldi lóða og lendna á skipulagsbundnum svæðum eða í þéttbýli hér og þar, þorpum, kaupstöðum og bæjarfélögum, í eigu einstaklinga og félaga. En þetta er aukaatriði, en ég vildi samt láta þetta koma fram.

Að því er varðar umsögn Dómarafélags Íslands, vil ég geta þess, að ég kom lítt við samningu þessarar umsagnar, og voru margir hinir mætustu lagamenn tilkvaddir á fund í félaginu til þess að ræða um, hvernig umsögnin skyldi hljóða. Ég held, að umsögnin gildi enn í dag, þó að till., sem nú er fram borin og rædd, sé öllu ákveðnari í eðli sínu í átt til þjóðnýtingar en sú till., sem var til umr. á síðasta þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum, þáltill. (þskj. 91). — Ein umr.

Flm. (Sigurður Blöndal): Herra forseti. Við hv. 6. landsk. þm. flytjum hér saman á þskj. 91 till. til þál. um, að alþm. gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa lög og reglur, sem feli í sér, að alþm. sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum á vegum hins opinbera."

Fyrir þessu vildum við hafa þau orð í upphafi, að á árinu 1971 urðu verulegar breytingar á launakjörum alþm. Laun þeirra hækkuðu svo mikið, að alþm. eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar, sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum. Breytingin fól í sér viðurkenningu á því, að þingmennska væri starf, sem launa beri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þm. hafa haldið fram, að starfið á Alþ. og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið svo umfangsmikið, að meira verði ekki af mönnum krafizt, ef leysa eigi það bærilega af hendi.

Þótt þetta tvennt, sjálf launakjör þm. og matið á starfi þeirra hafi breytzt, er annað óbreytt. Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% launa og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er, að þessi skipan mála er ekki sæmandi. Menn gegna ekki með fullum afköstum tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun, þótt skert séu. Á þetta atriði hefur vissulega oft verið minnzt áður, og ég rifja hérna upp til gamans, að í fyrsta skipti heyrði ég þessu haldið fram, þegar ég var hér þingskrifari fyrir meira en aldarfjórðungi. Þá vakti Gísli Jónsson athygli á þessari staðreynd, er hann sem formaður fjvn. var að kvarta undan því, að menn tækju að sér fleiri störf en þeir gætu skilað sómasamlega. Þeim alkunna dugnaðarmanni var einkum umhugað um, að menn ynnu störf sín vel og samvizkusamlega. Allir vita, að sá alþm. núverandi, sem lengst hefur setið á þingi, eða í hartnær hálfa öld, hæstv. forseti Sþ., hefur hér á hinu háa Alþ. hreyft líkum skoðunum.

Starfið á Alþingi, sem hið nýja launakerfi viðurkennir, að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag, nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna, sem sanna, að störf á Alþ. hafa tafizt, af því að þm. var önnum kafinn í starfi sínu einhvers staðar hér í borginni, og Alþ. er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæleg vinnubrögð í hinum þýðingarmestu störfum. Slíkt eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar.

Sú spurning kann að vakna, hvort sú skipan, sem till. felur í sér, kunni ekki að leiða til þess, að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Til þess má auðvitað ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsagt, að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni, þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð störf og þeir áður gegndu. En við teljum þó, að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu. Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþ., ættu að segja lausu starfi sínu. Það hæfir ekki, að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningabaráttu, þótt það hafi tíðkazt. Mig minnir reyndar, að það hafi verið Oscar Wilde, sem tók einu sinni svo til orða, að freistingarnar væru til þess að falla fyrir þeim. En svo illt vil ég ekki þeim mætu mönnum, sem ýmsir hverjir hafa látið undan þeirri gömlu venju að láta ekki þessi störf aftra sér frá þátttöku í stjórnmálum. Í þessu efni tel ég hollara að hafa hina gömlu íslenzku uppeldisreglu að hafa ekki freistingar á glámbekk.

Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakmörk á það, hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþm. Mér dettur í hug, að stytzti tími væri eitt kjörtímabil og lengsti tími tvö.

Í nánum tengslum við þetta er mál, sem ég vil aðeins koma inn á hér, staða ráðh., sem jafnframt eru alþm., og menn hafa hér að undanförnu heyrt talsvert rætt í hinu háa Alþ. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndarstörfum á Alþ., sem vissulega er gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun okkar flm., að Íslendingar ættu að taka upp þann hátt, sem á er hafður í Noregi, að ráðh. víki úr þingsæti, en varamaður taki sætið, meðan ráðherradómur hans stendur, og vona ég, að menn bregði mér ekki um það, að ég sé hér með persónulegan metnað. En auðvitað verður ráðh. eftir sem

áður að hafa rétt til þess að sitja þingfundi og taka þátt í umr., eftir því sem hann telur þörf á. Þessi breyting á skipan mála gæti líka réttmætt endurskoðun á launakjörum ráðh., sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun, svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Við viljum loks vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþm. Um leið og þetta er orðið heils árs starf, er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því, að þeir geti rækt það af meira innsæi en verið hefur oft og tíðum til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt, sem tíðkaður er víða um lönd, að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnast af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum, sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi, sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þm. af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþ., að þær ættu sjálfar frumkvæði eða gætu átt frumkvæði að málum, í stað þess, sem tíðkazt hefur, að þær taki aðallega við því, sem að þeim er rétt.

Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþ. og enn fremur að hinu, að það beri nafnið löggjafarsamkoma enn betur með rentu en verið hefur.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 2, n. 112, 113). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. shlj. því, sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi í þessari hv. d. Frv. kom fram seint á þingtímanum. Því var vísað til menntmn. N. vísaði því til umsagnar nokkurra aðila, og hafa síðan borizt frá þessum aðilum umsagnir, eins og ég mun síðar víkja að.

Frv. gerir ráð fyrir, að Fóstruskóli Barnavinafélagsins Sumargjafar, sem starfræktur hefur verið frá því árið 1946, verði gerður að ríkisskóla. Í grg. með frv. er rakinn starfsferill skólans, sem byrjaði með aðeins 9 nemendum fyrsta starfsár sitt, en s. l. haust, þ. e. haustið 1971, voru í skólanum 116 nemendur, og hann hefur nú brautskráð á fjórða hundrað fóstrur. Brautryðjendastarf Barnavinafélagsins Sumargjafar verður seint fullþakkað, en félagið rekur, eins og kunnugt er, dagvistarheimili fyrir börn í Reykjavík og sá fram á það á sínum tíma, og rak það ekki nema 3 barnaheimili þá, að í óefni stefndi, ef ekki yrði unnt að sjá þessum stofnunum fyrir sérmenntuðu starfsliði. Eins og fram kemur í grg. fékk félagið þegar í upphafi góðar undirtektir hjá Reykjavíkurborg, sem hét félaginu fjárveitingu gegn jafnháu framlagi frá ríkinu. Hefur félagið síðan fengið styrk til rekstrar skólans frá ríki og borg, en reyndin hefur orðið sú, eins og einnig er vikið að í aths. með frv., að Reykjavíkurborg hefur í vaxandi mæli borið meiri þunga af rekstrinum en ríkið með því að greiða rekstrarhalla þann, sem Sumargjöf hefur haft af skólahaldinu.

S. l. ár, sem er það seinasta, sem reikningar liggja fyrir um, nam styrkur borgarinnar til Sumargjafar vegna skólans 550 þús. kr. Það ár var hins vegar halli á rekstri Fóstruskólans, sem nam 1.2 millj. kr. Styrkur frá ríkinu var það ár 500 þús. kr. þannig að Reykjavíkurborg lagði skólanum samtals 1750 þús. á móti 500 þús., sem frá ríkinu komu, m. ö. o.: hlutur borgarinnar var á milli þrefalds og fjórfalds hluta ríkisins.

Nú er svo komið, að nemendum utan af landi hefur farið ört fjölgandi við skólann, og voru í undirbúningsdeild haustið 1971 34 nemendur utan af landi, en aðeins 19 úr Reykjavík. Það virðist því orðið tímabært, að ríkið taki að sér rekstur skólans, m. a. vegna þeirrar breytingar, sem orðið hefur í þessum efnum.

Fóstruskólinn hefur allt frá upphafi notið forstöðu núv. skólastjóra, frú Valborgar Sigurðardóttur uppeldisfræðings. Það hefur orðið hennar hlutverk öðrum fremur að móta þessa börfu menntastofnun á 26 ára þróunarferli hennar, frá því að vera nánast vísir að skóla fram til þess, sem orðið er nú í dag. N., sem undirbjó þetta frv., fól, eins og fram kemur í aths., frú Valborgu að semja drög að frv., og gekk n. síðan frá frv. á grundvelli þeirra draga. Með frv. er gert ráð fyrir, að skólinn starfi framvegis á svipuðum grundvelli og verið hefur, en þó eru í frv. ýmis nýmæli og tekið mið af framtíðarþróun skólans.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv., eins og það liggur fyrir, enda fylgir því ítarleg grg., en skal nú víkja að umsögnum þeirra aðila, sem menntmn. óskaði álits frá, en þeir voru Barnavinafélagið Sumargjöf, borgarráð Reykjavíkur og Fóstrufélag Íslands. Umsögn Fóstrufélagsins er stutt, en stjórn félagsins fagnar frv. og óskar eindregið, að það hljóti sem fyrst afgreiðslu, en gerir ekki aths. við einstakar gr. frv.

Ég skal þá víkja að umsögn Barnavinafélagsins Sumargjafar eða stjórnar þess. Þar er lagt til, að 2. gr. frv. orðist þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, skóladagheimilum, vistheimilum, leikskólum, leikvöllum og forskólabekkjum barnaskóla."

Í þessu felst m. ö. o. sú breyting á 2. gr., að því verði slegið föstu, að skólinn skuli þegar mennta fólk til starfa á skóladagheimilum og leikvöllum, til viðbótar öðrum stofnunum, sem upp eru taldar í 1. málsl. gr., en í frv. er hins vegar lagt til, að heimilt sé að fela skólanum það hlutverk. Í grg. með till. stjórnar Sumargjafar segir um 2. gr. og þá breytingu, sem félagið leggur til, að á henni verði gerð: „Nú þegar starfrækir Barnavinafélagið Sumargjöf tvö skóladagheimili á vegum borgarinnar, og er ekki annað að sjá en fóstrumenntun henti fyrir starfslið skóladagheimila ásamt með kennaramenntuðu fólki."

Þá leggur Sumargjöf til, að aftan við 5. gr. frv. komi ákvæði þess efnis, að skólinn skuli, svo fljótt sem við verður komið, mennta fólk, sem sé til aðstoðar fóstrum á barnaheimilum og víðar. Um námstíma og starfssvið verði nánar ákveðið í reglugerð. Um þessa till. sína segir stjórn Sumargjafar: „Svo sem kunnugt er, er *mikil vöntun á menntuðu starfsliði á barnaheimilin*, og má m. a. benda á, að nokkrar deildir á barnaheimilum Sumargjafar eru reknar, án þess að lærð fóstra sé fyrir hendi. Þá skal á það bent, að langflestar deildir hafa aðeins eina lærða fóstru, en með henni starfar fóstrunemi eða annar starfskraftur. Enda þótt þetta fyrirkomulag hafi tíðkazt, verður að telja hæpið, að í framtíðinni verði hægt að láta fóstrunema vinna svo sem gert hefur verið. Að mati stjórnar Sumargjafar er ekki nauðsynlegt, að allir starfsmenn á barnaheimilum hafi jafnmikla menntun að baki, og því er í breytingum þessum *gert ráð fyrir fóstruliðum, sem starfi með fulllærðum fóstrum.*"

Þá skal ég víkja að umsögn fræðsluráðs Reykjavíkur, sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 10. þ. m. og sendi áfram til n. Þær breytingar, sem fræðsluráð leggur til, eru þessar:

Við 2. gr. er till. um breytingu, sem er alveg shlj. till. stjórnar Sumargjafar, sem sé að leikskólar og dagheimili bætist inn í upptalning-

una í 1. málsl. gr., eins og hún er í frv. Segir fræðsluráðið svo um þessa breytingu:

„Í frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagheimila, 17. gr., er gert ráð fyrir, að starfslið, sem annast fóstrunarstörf, skuli hafa hlotið fóstrunarmenntun. Af því leiðir, að skóladagheimili á að vera í þeirri upptalningu, sem um getur í 2. gr. frv. um Fósturskóla Íslands.“ Enn fremur segir: „Starf á leikvöllum er mjög mikilvægt og eðlilegt, að gæzlukonur þar fái sömu menntun og fóstrur eða hliðstæða. Er því lagt til, að leikvellir bætist í áðurgreinda upptalningu.“

Í öðru lagi leggur fræðsluráð til, að 6. gr. frv. orðist þannig: „Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstra. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð“. Það, sem þarna er lagt til, er, að aftan við 1. málsl. í 6. gr. bætist orðin: „m. a. um framhaldsmenntun fóstra“. Um þetta segir fræðsluráðið í grg. fyrir till. sínum:

„Þörf fyrir fóstrur til starfa við uppeldi afbrigðilegra barna, svo sem vangefinna, heyrnarskertra og hreyfilamaðra, taugaveiklaðra og fjölfatlaðra, er mjög brýn hér á landi. Nauðsynleg þjónusta við afbrigðileg forskólabörn og foreldra þeirra verður væntanlega byggð upp á næstu árum, og þá verður að vera völ á nægilega mörgum sérhæfðum fóstrum til þeirra starfa. Fóstrum þarf því að tryggja inngöngu í væntanlegar framhaldsdeildir í kennslu og meðferð afbrigðilegra barna við Kennaraháskóla Íslands og samræma starfshætti beggja stofnana með tilliti til þess. Enn fremur væri æskilegt að fóstrur ættu kost á að auka við menntun sína í kennslu og uppeldisfræðum við Kennaraháskólann. Athuga þyrfti, á hvern hátt eðlilegt væri að skipa þessum málum, og kveða á um það í reglugerðum beggja skólanna.“

Að fengnum þessum umsögnum hefur menntmn. orðið sammála um brtt., sem hún flytur á þskj. 113, og ég skal þá fara nokkrum orðum um þessar brtt.

1. brtt. n. er við 2. gr. frv., að hún orðist svo sem þar segir. Sú breyting, sem í þessu felst, er, að í upptalningu í fyrri málsl. gr. er bætt leikvöllum. Þegar til álita kom að verða að öllu leyti við till. fræðsluráðs og stjórnar Sumargjafar, sem sé um að bæta bæði leikvöllum og skóladagheimilum inn í upptalninguna, komu ákveðin atriði til athugunar. Fyrst var það, að það var að sjálfsögðu ekki hægt að nota það orðalag, sem lagt var til, vegna þess að 1. málsl. miðast við stofnanir fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs og leikvellirnir falla auðvitað þar undir, en þegar á skóladagheimilin kemur, þá er þar um aðra aldursflokka að ræða, þ. e. börn, sem eru komin yfir þennan aldur, komin á skólaskyldualdur. Það var m. a. rætt við skólastjóra Fóstruskólans, að vísu utan fundar, um þessa till., — eða mér, ég átti viðtal við hana um þetta atriði, — þá var mér tjáð, að það hefði verið með vilja gert að hafa í heimildarformi það hlutverk skólans að annast menntun fólks til starfa á skóladagheimilum og leikvöllum. Nú má segja, að eðlilegt sé, að menntun gæzlukvenna á leikvöllum sé nokkurn veginn sú sama og fyrir barnaheimilin, sem eru fyrir þessa yngstu aldursflokka, og með viðbótar- eða valnámskeiði á síðasta námsári mætti veita fóstrunum þá fræðslu, sem talið yrði æskilegt, að þær hefðu, ef þær hugsuðu sér að leggja fyrir sig gæzlustörf á leikvöllum. Um skóladagheimilin gegnir nokkuð öðru máli, vegna þess að þar þarf að mennta starfslið fyrir aðra aldursflokka barna. Að vísu mun margt vera sameiginlegt um menntun þeirra, sem starfa á skóladagheimilunum og á stofnunum fyrir yngri börn, en það var álit skólastjórans, að undirbúa þyrfti það mál og þyrfti að fá sérmenntað starfslið til að kenna þessum fóstrum það, sem frábrugðið væri þeirra almennu menntun, sem einnig á við yngri aldursflokkana, og því hefði það verið með vilja gert að hafa þetta í formi heimildarákvæðis, því að skólinn yrði a. m. k. eins og stendur tæpast við því búinn að taka að sér þetta hlutverk, en að sjálfsögðu yrði þá að því stefnt að undirbúa það, að menntun slíks starfsliðs gæti einnig farið fram í skólanum.

Þá er 2. brtt. n. Hún er í samræmi við ábendingu Barnavinafélagsins Sumargjafar um, að aftan við 5. gr. bætist: „Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fóstrum.“ Ég sá ekki fyrr en í dag þskj. með brtt., eftir að þær voru komnar úr prentun, og sé, að þarna hefur fallið niður niðurlagið á þessari brtt., sem er svo hljóðandi: „Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.“ Ég hef gert ráðstafanir til þess, að þskj. verði prentað upp með þessari viðbót, sem fallið hefur þarna út, en það mun að sjálfsögðu ekki takast að útbýta því svo breyttu á þessum fundi. En ég vænti þess, að hv. forseti sjái sér fært að bera upp brtt. með þessari viðbót, sem nú hefur verið lýst og mun koma á endurprentuðu þskj.

Um þessa brtt. hef ég engu við að bæta það, sem fram kemur í umsögn Barnavinafélagsins Sumargjafar.

Þá er 3. brtt., við 6. gr. frv. Hún er í samræmi við ábendingu fræðsluráðs Reykjavíkur að bæta þarna inn í orðunum „m. a., um framhaldsmenntun fóstra“. Við töldum eðlilegt að taka inn þessa brtt., þótt að sjálfsögðu hafi þetta verið haft í huga við samningu þessarar gr., menntun fóstranna.

Þá er 4. brtt., sem er við 7. gr., að í stað þess, að skólanefnd sé skipuð til þriggja ára komi: fjögurra ára. Var það mat manna, að það væri í samræmi við ýmis önnur sambærileg ákvæði í okkar skólalöggjöf.

Ég kem þá að síðustu brtt. við 10. gr. Efnisbreyting er þar engin, það er einungis orðalagsbreyting, og ábending um þetta kom reyndar fram frá Barnavinafélaginu Sumargjöf, án þess að henni fylgdi sérstakur rökstuðningur. Það var mat manna í menntmn., að hugsanlegt væri, að það ylli einhverjum misskilningi að telja upp þessi inntökuskilyrði í tveim liðum, og væri eðlilegra að fella þau saman í einn tölul. eins og gert er í brtt. B- liður 5. brtt. er eingöngu afleiðing af þeirri breytingu, sem í a-liðnum felst.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. n. En við nánari yfirlestur frv. hefur komið í ljós, að þar er röng greinatilvitnun í einni gr. Í 8. gr. frv. stend-

ur í 2. málsl.: „Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 6. gr.“ Sú tilvitnun á að vera í 7. gr., þar sem ræðir um skólaráð og fleira varðandi innra skipulag skólans. Ég leyfi mér því fyrir hönd menntmn., — þó að ég hafi ekki getað ráðfært mig við alla meðnm. mína, þá veit ég, að við erum öll sammála um þessa brtt., sem er eingöngu leiðrétting, — en ég leyfi mér fyrir hönd n. að leggja fram þá skrifl. brtt. að í stað orðanna „sbr. 6. gr.“ í 2. málsl. 8. gr. komi: sbr. 7. gr.

Ég hef þá, hæstv. forseti, rakið efni frv. að nokkru leyti og umsagnir og gert grein fyrir þeim brtt., sem n. flytur við frv. Ég vil að lokum taka það fram, að n. mun milli 2. og 3. umr. hafa ákveðin atriði frv. til enn frekari athugunar. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 112, var einn nm., Jón Árm. Héðinsson, fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 113, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 113, 2 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 113, 3 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 113, 4 samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 113, 5 samþ. án atkvgr.

8.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 113, 6 samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 4. n. 108). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, og urðu nm. sammála um afgreiðslu málsins.

Stýrimannaskólinn í Vestmanneyjum var stofnaður með lögum frá árinu 1964. Þá var svo ákveðið, að kostnaður við stofnun skólans og rekstur skyldi greiðast úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. En það eru nokkur ár síðan með fjárlagaákvæðum var þessu breytt þannig, að skólinn hefur fengið fé árlega veitt í fjárl. Það ákvæði 12. gr. þessa frv., að kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði, er því í raunninni aðeins staðfesting á því, sem orðið er í þessu efni.

Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum er ætlað það starfssvið, bæði samkv. lögum, sem nú gilda um stofnunina, og einnig samkv. þessu frv., að veita fullnægjandi menntun á 1. og 2. námsstigi, þannig að hann veitir fullnægjandi menntun til fiskimannaprófs og farmannaprófs eftir nám á 2. námsstigi. Á þessu verður ekki breyting með þessu frv., þannig að Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum á að veita alveg sambærilega fræðslu á þessum námsstigum og veitt er í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hins vegar verður það eftirleiðis eins og verið hefur hingað til, að þeir, sem vilja ljúka prófi til að verða skipstjórar á varðskipum ríkisins, þurfa að stunda nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Á síðasta þingi voru sett ný lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, þar sem námsefni skólans var endurskoðað og að sumu leyti fært í annan búning en verið hafði. Þar sem stýrimannaskólarnir háðir eiga að veita sambærilega fræðslu á fyrsta og öðru námsstigi, ber nauðsyn til þess að samræma l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum hinni nýsettu löggjöf um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og það er aðalefni þessa frv. að færa lagaákvæðin til samræmis við það, sem þegar er orðið um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

N. leitaði umsagnar um þetta mál frá 4 aðilum, þ. e. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Umsagnir Landssambands ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasamband Íslands eru fáorðar, en eindregið jákvæðar, þannig að þessir aðilar mæla með samþykkt frv. En í umsögnum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og skólastjóra Stýrimannaskólans er að sjálfsögðu mælt með samþykkt frv., en jafnframt gerðar nokkrar bendingar eða tekin fram nokkur atriði, sem talin er ástæða til, að gerð verði breyting á. Þar er þó ekki um nein meiri háttar atriði að ræða. Brtt. þær, sem n. flytur, eru miðaðar við að koma til móts við ábendingar þessara aðila.

Nefndinni var bent á, að eðlilegt mætti teljast, að upptalningin um þær námsgreinar, sem kenna á í skólanum og 4. gr. kveður á um, yrði gerð nokkru fyllri en í frv. segir. N. tók þetta til greina að því leyti, að hún leggur til, að bætt sé inn í þessa upptalningu landafræði og viðskiptafræði. Felst í því, að ákvæðin um námsgreinar verða þá alveg eins orðuð í þessu frv. og þau eru nú í l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Hins vegar þykir n. ekki ástæða til að ganga lengra á þessari braut, einkum með tilliti til þess, að í 2. mgr. 4. gr. er kveðið svo á, að heimilt sé að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir, og kennslumagn í hverri grein skuli ákveðið í reglugerð. Ef tími leyfir, getur skólastjórinn samkv. þessari heimild bætt við námsgreinum frá því, sem ákveðið er í 1. mgr. 4. gr.

Í umsögn skólastjórans í Vestmannaeyjum kom fram, að sá háttur væri nú hafður á námi bæði í þessum skóla og víðar í skólakerfinu, að skipta náminu í námsáfanga eða svonefndar annir, og hann taldi ástæðu til, að ákvæðum frv. væri hagað á þann hátt, að próf mætti halda í lok hvers námsáfanga í vissum greinum. N. þykir rétt að taka þetta upp og leggur því til, að 7. gr. frv. verði breytt á þann hátt, að þetta rúmist innan þessarar lagagr.

3. brtt., við 9. gr. frv., er eiginlega ekki efnisbreyting. Þar er lagfært orðalag, og þykir n.

betur fara, að ákvæðið sé orðað eins og í brtt. segir.

Ég sé ekki ástæðu til að taka fleira fram um málið, en eins og nál. ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef lýst og prentaðar eru á þskj. 108.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 108, 1 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 108, 2 (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 108, 3 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturl., Skúli Alexandersson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jónas Árnason,
5. þm. Vesturl."

Skúli Alexandersson hefur áður á þessu kjörtímabili tekið sæti á Alþ., og hefur rannsókn á kjörbréfi hans farið fram, og býð ég hann velkominn til starfa.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 101). — 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Á þskj. 101 höfum við nokkrir þm. Sjálfstfl. leyft okkur að flytja frv. um breyt. á l. um almannatryggingar. Í frv. felast till. um tvær óskyldar breytingar á þessum lögum, og hvorug þeirra fjallar í rauninni um breytingu á núgildandi upphæðum bóta tryggingalaganna. Það býðir ekki það, að við teljum ekki, að ástæða hefði verið til endurskoðunar á þeim, en hins vegar eru þessi lög, eins og kunnugt er, í endurskoðun nú sem stendur, og búumst við fastlega við, að upphæðir bóta komi þar til endurskoðunar, og látum því við það sitja að bera fram till. um breytingar á vissum fyrirkomulagsatriðum, sem við teljum nauðsynlegt réttlætismál, að nái fram að ganga.

Fyrri breytingin, sem við leggjum til, að gerð verði, varðar mæðralaun. Eins og kunnugt er, eru þau nú greidd til 16 ára aldurs barna, en við leggjum til, að greiðslur mæðralauna nái til 17 ára aldurs. Það er í samræmi við þá breytingu, sem gerð var á því aldurshámarki, að því er varðar greiðslur barnalífeyris og meðlaga, í fyrra og hittiðfyrra. Eðlilegra þykir okkur, að sama aldursmark gildi um allar greiðslur vegna barna einstæðra mæðra.

Það þarf ekki að leiða sérstök rök að þessari till. okkar, þau hafa þegar verið fram borin í sambandi við breytingar, sem eru nú í lögum. Það er einfaldlega sá kostnaðarauki, sem verður af framfærslu unglinga, með hverju ári sem líður, og öllum er kunnugt, að hann er ekki minni á aldrinum 16—17 ára en fram til 16 ára aldurs. Sífellt fleiri unglingar sækja skóla á þessum aldri og eiga því erfiðara um vik að sjá um framfærslu sína sjálfir.

Við höfum birt í fskj. ýmsar talnaupplýsingar um mæðralaun. Þessar áætlanir eru gerðar af Kristjáni Sturlaugssyni tryggingafræðingi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Tekið er fram, að hér sé um nokkuð lauslega áætlun að ræða, þar eð nákvæmir útreikningar í þessu efni geta verið mjög flóknir, vegna þess að ekki er til skipting barna í aldursflokka í þeim hópum, sem hér um ræðir. Hins vegar held ég, að tryggingafræðingurinn hafi farið nokkuð nærri lagi í áætlun sinni. Ég vil geta þess, að heildargreiðslur Tryggingastofnunarinnar árið 1971 vegna mæðralauna námu samtals 74 863 276.00 kr., en áætlaður kostnaður af þeirri breytingu, sem við leggjum til, að gerð verði, er um 9.2 millj., svo að segja má, að stærri stökk hafi stundum verið tekin í breytingu þessara laga, án þess að menn létu sér mikið bregða, og vona ég, að mönnum sé ljóst, hvilíkt réttlætis- og hagsmunamál þetta er fyrir einstæða foreldra, þá, sem hafa fleiri en eitt barn á framfæri. Okkur er ljóst, að mæðralaunagreiðsla með einu barni er mjög lág og raunar allt of lág, en stökkið upp í mæðralaunaupphæðina með tveimur börnum er einkum mikið og enn stærra upp í mæðral.upph. með þremur börnum. Nú er upphæð mæðralauna þannig, að með einu barni eru greiddar 636 kr., — ég bið velvirðingar á því, að ég fer með þessar tölur eftir minni, en ég held, að ekki skeiki þá nema kannske 3—4 kr., — 636 kr. með einu barni, um 13450 með tveimur börnum og 6899 kr. með þremur börnum. Menn sjá, að þarna munar mjög miklu. Ef elzta barnið í þriggja barna hópi verður 16 ára, lækkar greiðslan, sem fæst í mæðralaunum frá Tryggingastofnun ríkisins, um helming. Að auki koma svo vitanlega greiðslur, sem nema barnalífeyri, meðlögum og fjölskyldubótum með þessum börnum, sem þarna er um að ræða.

Það er ljóst, að þetta mál liggur tiltölulega einfaldlega fyrir. Má í stuttu máli segja, að þessi breyting sé einungis til samræmis við þær breytingar, sem þegar hafa verið gerðar á aldursmarki varðandi greiðslur til barna einstæðra foreldra. Ég sé mér til gleði, að í almannatryggingalagafrv. frá ríkisstj., sem lagt er fram hér í dag, er gert ráð fyrir sams konar greiðslum, eftir því sem við á, til einstæðra feðra, sem

halda heimili fyrir börn sín, og er það að sjálfsögðu líka í réttlætisátt.

Varðandi hina breytinguna, sem við leggjum til, að gerð verði á lögum um almannatryggingar, vil ég nefna, að oft hafa orðið umr. um það hér í Alþ., hvaða grundvallarsjónarmið komi til greina við greiðslu lífeyris til aldraðra og öryrkja. Það er okkur öllum sameiginlegt, að við erum að reyna að finna þær leiðir, sem við teljum, að næst komist réttlætinu, og það getur orðið æði örðugt, en um þær greiðslur og það fyrirkomulag, sem nú er í gildi, er óhjákvæmilegt að segja, að menn hafa rekið sig á vissa örðugleika vegna þess, hve skörp skilin eru milli réttarins til tekjutryggingaruppbótarinnar, sem greidd er á ellilífeyrinn og örorkulífeyrinn, og þess að hafa ekki þennan rétt. Mönnum finnst það æði ranglátt, að hver einasta króna, — sem menn afla sér oft af takmarkaðri orku, en sér þó oft til þeim mun meiri lífsfyllingar og ánægju, — að hver einasta króna, sem fyrir slíka vinnu fæst, skuli koma til skerðingar á rétti til tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins. Við höfum alllengi velt fyrir okkur, hvernig bezt væri að fá framgengt leiðréttingu á þessu, og komumst að þeirri niðurstöðu, að réttara væri, að í stað þess, að hver króna, sem þetta fólk vinnur sér inn, kæmi til réttindaskerðingar, væri aðeins um að ræða visst brot af þeim tekjum, sem menn hefðu, og við leggjum til í frv., að það verði þriðja hver kr. að vissu marki tekna. Ef samanlögð upphæð lágmarkslífeyrisins og annarra tekna bótaþegans er innan við 134 400.00 kr., sem er það mark, sem nú er miðað við í greiðslu tekjutryggingar, þá skuli Tryggingastofnunin bæta við hans lífeyri, þannig að þessu marki verði náð.

Ég hef reynt með viðtölum við ýmsa embættismenn að fá upplýsingar um, hver kostnaður yrði af þessari breytingu, og mér þykir mjög leitt að skýra frá því, að tilraunir mínar í þá átt, sem hafa verið miklar, hafa ekki borið árangur. Að vísu mun vera hægt að fá ýmsar upplýsingar, sem þarna skipta máli, úr skýrsluvélum. Þær rannsóknir kosta visst fé, sem menn eru kannske efins um, að þeirra stofnanir hafi heimild til að ráðstafa, og þess vegna vil ég leyfa mér að æskja fyrirgreiðslu n., sem hefur með þetta mál að gera, og rn. til að afla þeirra upplýsinga, sem hér er um að ræða. Ég geri raunar ráð fyrir, að sú endurskoðunarnefnd, sem núna fjallar um almannatryggingal., hljóti að þurfa að fá þessar upplýsingar, svo að ekki ætti að þurfa að vera um sérstaka greiðasemi við einstaka þm. stjórnarandstöðu að ræða, þótt þessara upplýsinga væri aflað. Framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna hefur haft samband við Framkvæmdastofnunina um að gera áætlun um kostnað af þessari breytingu. Það mál er í athugun, og vona ég, að við fáum svör við því, áður en málið verður afgreitt úr n. Það eina, sem ég hef við að styðjast um hugsanlegan kostnað eða áætlanir um kostnað af þessari breytingu, eru þær upplýsingar, sem Tryggingastofnunin gaf hæstv. heilbr.- og trmrh. í vor í tilefni af fsp., sem gerð var um framkvæmd ákvæðanna um tekjutryggingu. Þar kom fram, hver fjöldi þeirra manna var, sem hafði fengið ellilífeyri og örorkulífeyri, annars vegar og hins vegar hver fjöldi þeirra manna var, sem hafði fengið tekjutryggingu greidda á þessar upphæðir og sömuleiðis heildarupphæðirnar. Þetta voru tölur, sem giltu um fyrsta ársfjórðung, og ég sé ekki betur en með því að margfalda þessar upphæðir með 4, þá fáum við nokkurn veginn þær upphæðir, sem á þessu ári mætti ætla, að verði varið til þess. Hins vegar er mjög erfitt að segja til um það, hver fjöldi fólks væri á því tekjubili, sem þetta snertir, þ. e. a. s. frv. á því bili að hafa innan við 12 þús. kr. tekjur annaðhvort af eigin vinnu eða úr lífeyrissjóðum. Þennan fjölda er mjög erfitt að finna, vegna þess að hugtakið tekjur í þessu tilliti er í raun og veru ákvarðað eftir vissum reglum, sem Tryggingastofnunin styðst við við útborgun tekjutryggingar, og þær reglur yrðu að sjálfsögðu að vera til grundvallar nákvæmri áætlun um þann fjölda.

Með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að endurtaka upplýsingar hæstv. ráðh. frá í vor, og hann getur þá kannske sparað sér lestur þeirra á eftir, ef hann skyldi ekki hafa heldur aðrar upplýsingar við að styðjast um þetta mál, en þær eru. „Á fyrsta ársfjórðungi í ár var fjöldi hjóna, sem hafði fengið elli- og örorkulífeyrisgreiðslur, 2710 og bótaupphæðir til þeirra á fyrsta ársfjórðungi voru samtals 124.5 millj. kr. Einstaklingar, sem fengið höfðu elli- og örorkulífeyri, eru 13080 talsins og bótaupphæðir til þeirra á tímabilinu jan.—marz eru 315 millj. Samtals nema greiðslur þessa fyrstu þrjá mánuði 439.5 millj. Því má skjóta hér inn í þessa tilvitnun sem ábendingu, sem kannske gæti borizt endurskoðunarnefnd tryggingalaganna, að alltaf kann ég dálítið illa við það orðalag tryggingalaga, að þar skuli einungis þeir vera kallaðir einstaklingar, sem ekki eru í hjúskap. En þetta er orðalagið þarna, og við verðum að halda okkur við það, þótt það hljómi dálítið undarlega.

Ef ég má aftur leyfa mér að vitna í upplýsingar ráðh., þá kom þar einnig fram fjöldi þeirra, sem á fyrsta ársfjórðungi höfðu fengið tekjutryggingu. Í Reykjavík höfðu þá 1612 bótaþegar fengið hækkanir vegna tekjutryggingarákvæða, og sú hækkun nam 15.8 millj. fyrir fyrsta ársfjórðung. Það er visst hlutfall, nokkuð fast, milli fjölda bótaþega utan af landi og í Reykjavík, og yrði það hlutfall vitanlega að koma til skoðunar í sambandi við útreikning á fjölda þeirra manna, sem þegar njóta tekjutryggingarinnar, en hins vegar liggja engar upplýsingar fyrir utan af landi, vegna þess að skýrslur berast ekki frá umboðum þar fyrr en í árslok.

Daginn eftir að við lögðum fram þetta frv. okkar, kom frv. til l. um breyt. á sama ákvæði tryggingal. frá hinum stjórnarandstöðuflokkunum, og í því frv. er eilítið betur boðið. Þar var lagt til, að hámarksupphæð tekjutryggingarinnar yrði hækkuð og viss tekjuupphæð skyldi ekki talin til tekna, þegar reiknað væri út, hvort bótaþegi ætti að fá tekjutryggingu eða ekki. Þetta er vitanlega ósköp fallegt og rausnarlegt boð, og ég sé ekki ástæðu til að vera því andsnúin, síður en svo. Vissulega væri mjög æskilegt, ef hægt yrði að sameina þessi tvö frv.

Væri hægt að hafa bæði vissa teknaupphæð utan við útreikning tekjutryggingar og síðan, að ekki kæmi heldur hver einasta króna til frádráttar á réttinum, eins og nú er. En eftir hinu frv. yrði sú útkoman, að viss tekjuupphæð yrði undanþegin, en eftir það kæmi hver einasta króna til frádráttar. — Ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því, að ég ræði þetta mál hér um leið, en mér sýnist hér vera allt að því um sama málið að ræða, og það er til flýtisauka, að ég fái að segja nokkur orð um þetta mál um leið. Ég sé, að hæstv. forseti kinkar kolli, og skil það svo, að mér sé leyft þetta.

Varðandi þetta mál vil ég aðeins vekja athygli á því, að þetta er vissulega leið, sem við höfðum haft í huga og höfðum látið okkur detta í hug að leggja til, en við nánari skoðun fannst okkur réttara að binda okkur einungis við hlutfall af tekjum. Jafnvel þó að viss tekjuupphæð kæmi algerlega til frádráttar eða væri undanskilin við útreikninginn, þá væri allavega að miða við hlutfall af tekjum, þegar tekjutrygg. væri ákvörðuð.

Við skulum taka lítið dæmi um núv. framkv. tekjutryggingar. Ég hugsa mér, að ég réði til mín í vist 67 ára gamla konu. Ég hugsa mér, að ég geri þetta sjálf, af því að það eru dálítið syndsamlegar hugleiðingar, sem ég ætla að gera viðkomandi vinnuveitanda upp, og ég kæri mig ekki um að gera öðrum rangt til. Ég hugsa mér, að ég ráði í vist til mín 67 ára konu, hún vinni hjá mér í þeim mæli, að hún eftir taxta ætti rétt á 10 þús. kr. í kaup. Þessi 67 ára gamla kona, sem er glögg og greinargóð kona, skulum við segja, og góð vinkona mín, segir við mig, þegar hún ræður sig, ef hitt frv. verður samþ. óbreytt: Nei, þú skalt ekki vera að greiða mér 10 þús. kr. á mánuði, þú greiðir mér bara 6 þús., því að 4 þús. greiðir Tryggingastofnunin mér. — Nú spyr ég: Finnst hv. þm. það sanngjarnt, að Tryggingastofnunin greiði þannig fyrir mig 40% af húshjálpinni? Það finnst mér ekki. Þess vegna finnst mér réttara, ef að því ráði verður horfið, að viss tekjuupphæð komi ekki til skoðunar við útreikning tekjutryggingar, sem mér finnst í sjálfu sér góð hugsun og rétt, að eftir að tekjur eru komnar eitthvað örlítið fram úr því marki, þá verði ekki hver einasta kr. til þess að skerða þann rétt, sem menn ella hafa til tekjutryggingar. Þannig er það nú, og það kemur oft allgrimmilega út fyrir menn, sem e. t. v. hafa verið skyldaðir til þess að greiða af naumum tekjum sínum til lífeyrissjóðs og fá svo á gamals aldri örlitla upphæð úr lífeyrissjóði, kannske 3 þús. kr. Þeirra tekjutrygging lækkar um 3 þús. kr. Við vitum mörg dæmi þess, að öldruðum mönnum, sem svo stendur á um, þykir sem þarna sé þeirra lífeyrissjóðsgreiðsla af þeim tekin. Í þessu máli koma vitanlega ýmsar leiðir til skoðunar, en þetta dæmi er mjög augljóst og nauðsynlegt að leiðrétta.

Sama máli gegnir, ef um það er að ræða, að menn afli sér lítils háttar tekna. Við skulum hugsa okkur konu, 68 ára gamla, sem alla sína ævi hefur fundið ánægju og lífsfyllingu í vinnu og því að geta bjargað sér með vinnu sinni. Hún notar tímann til þess að prjóna peysur, skulum við segja. Ef hún prjónar peysur fyrir 4 þús. kr. á mánuði, þá fær hún 7244 kr. í ellilífeyri. Ef hún heldur að sér höndum og prjónar engar peysur eða gefur þær, — við skulum segja Álafossi, þá fær hún frá Tryggingastofnun ríkisins 11200 kr. Það er augljóst, að þessi skipan er ekki sem skynsamlegust.

Með þessu tali mínu er ég ekki að deila á hæstv. núv. ríkisstj. Mér finnst ærið tilefni til þess oft og tíðum, en ég veit, að hugmynd um þessa tekjutryggingu var í tryggingal., sem samþ. voru vorið 1971, og menn vildu, að reynt væri að finna leið til þess, að þeir, sem minnstar tekjur hefðu, ættu öruggar vissar lágmarkstekjur. En framkvæmdin sýnir, að það verður að hafa mörkin svolítið liprari, ef þannig má að orði kveða, ekki eins skörp og nú er. Þau verða að vera þannig, að þau hvetji menn til að starfa sér og þjóðfélagi sínu til gagns, en letji menn ekki. Með þessu er engan veginn verið að segja, að aldrað fólk vilji ekki hreyfa hönd til vinnu án þess að hugsa um arð í aðra hönd. En hitt er annað mál, að ef við, eins og við flest gerum meira og minna, erum sí og æ að berjast fyrir því, að menn beri úr býtum það, sem þeir eiga skilið fyrir sitt erfiði, þá getum við ekki allt í einu hætt að láta þá reglu gilda, þegar fólk er orðið 67 ára gamalt.

Herra forseti. Ég tel, að ég hafi getið hér um þau rök, sem í huga okkar eru fyrir því, að við gerum þessar till. til breyt. á l. um almannatryggingar, og vona, að enn fyllri upplýsingar um kostnað af frv. liggi fyrir í n., sem um málið fjallar, og komi þá fyrir augu hv. þm. við 2. umr. málsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Í frv. þessu felast þrjár töluvert mikilvægar breytingar og tvær smærri, sem ég vil nú gera grein fyrir í stuttu máli.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að tekjutryggingin hækki úr 120 þús. kr. á ári í 150 þús. kr. Á þessu er m. a. sú skýring, að þegar þau lög voru sett, sem nú gilda að meginstofni um almannatryggingar, var um það töluverður ágreiningur í þeirri þn., sem að lokum fjallaði um málið, hvar ætti að setja þessi mörk, og var ég einn í þeim hópi, sem taldi, að það væri rétt að miða þá við 120 þús. kr. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að þá var miðað við 84 þús. kr., en síðan var það leiðrétt eða bætt undir lok s. l. árs. Ég tel hins vegar, að þær breytingar, sem orðið hafa

á verðgildi peninga og aðstöðu manna til lífsgæðanna, hafi breytzt þannig, að nú sé engu síður nauðsyn að hafa 150 þús. kr. tekjulágmark heldur en 120 þús. kr. lágmark um s. l. áramót. Því er hér lagt til, eins og ég gat um áðan, að lágmarkstekjurnar eða það, sem miðað er við, verði hækkað úr 120 þús. kr. á ári í 150 þús.

Í öðru lagi er lagt til í sömu gr., að ekki verði dregnar frá, þegar þessi mörk eru ákveðin, aðrar tekjur allt að 6 þús. kr. Rökstuðningurinn bak við það er sá, að þegar farið var að athuga þessi mál frá ýmsum sjónarhornum, kom það í ljós, að út féllu frá þessum tekjumörkum ýmsir þeir, sem voru með mjög lágan lífeyri úr lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna, og eins ýmsir, sem voru með mjög lágar vinnutekjur, eins og t. d. konur, sem gerðu hreint, eða menn, sem voru í mjög smávægilegum störfum, meira sér til ánægju heldur en beinlínis til tekjuöflunar.

Hér var verið að ræða um það í sambandi við annað frv. rétt áðan, að mér fannst ekki alveg laust við, að flm. væri að gera því skóna, að þetta væru yfirboð frá hendi okkar Alþfl.-manna, en ég vil hugga þm. með því, að þetta frv. var orðið til, áður en hitt frv. sá dagsins ljós hér í þingsölunum, svo að það er ekkert samband þar á milli, heldur liggur á bak við þetta einfaldlega sú skoðun, að þetta sé sanngjarnt og eðlilegt, eins og spilin liggja í dag.

Annað, sem hér er talsvert breytt frá fyrri lögum, er, hvernig reikna skuli eða líta á ekkjulífeyri. Breytingarnar eru tvær. Annað er heimildarákvæði og fjallar um það, að nú skuli miðað við, að ekkja þurfi ekki að hafa verið í hjónabandi nema 10 ár, til þess að hún eigi heimild á ekkjulífeyri, þó að hún sé ekki orðin fimmtug, þegar hún hættir að taka barnalífeyri. Bak við þetta liggur einfaldlega ein saga, sem ég þekki persónulega. Það má kannske segja, að það sé ekki rétt að taka svo mikið tillit til einnar sögu, en þegar hér er um heimildarákvæði að ræða, tel ég, að vel megi breyta því svo, því að auðvelt ætti að vera fyrir tryggingaráð að koma í veg fyrir misnotkun á ákvæðinu, þegar öll gögn eru skoðuð niður í kjölinn. En sú saga, sem þarna er á bak við og ég vildi geta um, er, að einn starfsmaður Kaupfélags Eyfirðinga fyrir mörgum árum dó frá ungri konu og 8 börnum. Ekkjan kom öllum þessum stóra hópi sínum upp, en var ekki nema 49 ára gömul, þegar hún hætti að taka barnalífeyri, og hún náði ekki í það að fá ekkjulífeyri skv. þessum ákvæðum, sem nú eru í gildi, og þótti mörgum hart.

Hitt ákvæðið, sem hér er lagt til, að komi til breytingar, byggist á því, sem nú er í lögum, að ekkjulífeyrir konu, sem er orðin sextug eða eldri, er miðaður við fullan ellilífeyri eða örorkulífeyri, en hins vegar fær þessi ekkja ekki tekjutrygginguna, sem felst að baki elli- og örorkulífeyrinum. Þótt hún hefði engar tekjur og væri komin um eða yfir sextugt, fengi hún ekki nema lágmarkslífeyri, þó að, eins og ég sagði áðan, aðstæður hennar væru kannske ekkert betri heldur en elli- og örorkulífeyrisþegans, því að öll þekkjum við það, að mörg ekkjan, þó að ekki sé nema um sextugt eða 62—63 ára, getur verið jafnþrotin til að ganga á vinnumarkaðinn eins og margur 67 ára gamall er.

Hin tvö atriðin, sem ég gat um, eru smávægilegri og eru eiginlega miklu frekar leiðréttingar. Má segja, að sé óþarfa nákvæmni í lögum og veldur oft leiðindum og stappi, en það er í 32. gr., þar sem getið er um bætur slysatrygginga í sambandi við sjúkrahjálp. Þar stendur nú í lögum undir f-lið, að bæta skuli að fullu sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl, fyrst eftir slys. Nú stendur oft svo á, að það er hægt að koma sjúklingnum á ódýrari og jafngóðan hátt með annars konar flugvél en sjúkraflugvél eða annars konar bíl en sjúkrabíl, og virðist einkennilegt, að endilega þurfi að miða bæturnar við flutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl. Því er hér lagt til í frv. að orða þetta svo: „Sjúkraflutning fyrst eftir slys“ o. s. frv., vera ekki að taka fram endilega um sjúkraflugvél eða sjúkrabíl.

Hitt atriðið er aðeins síðar í sömu gr. Þar er sagt, að greiða skuli að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni o. s. frv. Hérna er líka lagt til, að þetta sé orðað einfaldara og sagt: „Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni, sleppt þessu, sem nú er í lögum: „Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venzlamanns hins slasaða.“ Oft getur verið miklu auðveldara að koma hinum slasaða með bíl, sem er heima á staðnum, og sýnist engin ástæða til þess, að þann flutning megi ekki alveg eins greiða og ef hringt væri eftir leigubíl, beðið eftir honum og sjúklingurinn fluttur þannig.

Ég held, að ég þurfi ekki að gera öllu lengri grein fyrir þessum breytingum. Ég vænti þess, að menn hafi alveg gert sér ljóst, hvað á bak við þetta liggur, og treysti því, að allir vilji gjarnan undir þessar leiðréttingar taka og styðja þær.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er vissulega mikið fagnaðarefni, þegar fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. eru teknir til við að flytja frv. um endurbætur á almannatryggingal., því að það fór vægast sagt lítið fyrir slíkum tillöguflutningi á undanförnum áratug. Þá fóru þessir tveir flokkar með stjórn þeirra mála, og á því tímabili dröbbuðust almannatryggingarnar hreinlega niður á Íslandi, þannig að þær voru komnar langt aftur úr því, sem gerðist í nágrannalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum, sem við berum okkur einatt saman við. Því er það mjög ánægjulegt, að fulltrúar þessara flokka skuli nú hafa upptendrazt af áhuga á þessu máli, og er vonandi, að af því hljótist margvíslegt gott.

Hvað viðvíkur efnisatriðum þessara frv., vil ég gjarnan láta þess getið um það atriði, sem talað er um í 1. gr. frv. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur o. fl., að mæðralaun skuli greidd þar til börn hafi náð 17 ára aldri, þ. e. a. s. miðað skuli við 17 ára aldur, að ég er algerlega sammála því ákvæði. Ég tel, að rétt sé, að þar verði miðað við sama aldursmark og við greiðslu barnalífeyris og meðlaga. Hins vegar tel ég, að þetta

ákvæði ætti að orða þannig, að þessi greiðsla ætti ekki aðeins að falla til ekkjum, heldur einnig ekklum, þegar eins stendur á, að þeir hafi börn á framfæri á þessum aldri, þannig að þarna sé ekki gert upp á milli fólks eftir kynferði. Mér finnst sem sagt eðlilegt, að þessi breyting verði framkvæmd, hvort sem hún verður gerð í sambandi við þetta frv. eða í sambandi við önnur frv. um tryggingamál, sem hér liggja fyrir.

Hitt atriðið, sem kemur fram í báðum frv., er mál, sem oft hefur verið rætt hér á þingi, og það er um framkvæmd tekjutryggingarinnar. Eins og ég hef margsinnis tekið fram, er ég alveg sammála mönnum um það, að þarna er um að ræða tiltekið jaðarvandamál, sem unnt er að leysa. Hins vegar er ég algerlega ósamþykkur því, þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir talar um réttarskerðingu í þessu sambandi. Þarna er sannarlega ekki um neina réttarskerðingu að ræða. Tekjutryggingunni var ætlað að aðstoða það fólk, sem bjó við erfiðust kjör í þjóðfélaginu, fólk, sem hafði ekki neinar tekjur nema tekjur sínar frá almannatryggingunum. Og þó að þetta fólk fái lágmarksupphæð til sín, er ekki verið með því að skerða rétt nokkurs annars manns, og röksemdir af því tagi eru hvorki réttmætar né heldur stuðla þær að réttu siðferðilegu mati. Þarna var verið að taka tillit til tekjulægsta fólksins í þjóðfélaginu, þess fólks, sem bjó við verst kjör, það var verið að veita þessu fólki alveg sérstaka aðstoð, og með því var ekki verið að skerða rétt þess fólks, sem bjó við ögn skárri kjör áður, þótt það fengi sömu upphæð í sinn vasa.

Þetta er sjónarmið, sem við þekkjum ákaflega vel. Við þekkjum það úr verkalýðsbaráttunni t. d. Ef það er samið um einhverja kauphækkun fyrir það verkafólk, sem hefur lægst kaup, þá koma allir aðrir á eftir og segja: Það er gengið á rétt minn, ef ég fæ ekki þessa sömu tekjuhækkun. — En þetta sjónarmið er alls ekki rétt. Hitt er hins vegar sjálfsagt að athuga og kanna, hvort við höfum tök á því að hafa þessa tekjutryggingu víðtækari, þ. e. að hún nái til stærri hóps en þess, sem við vorum með í upphafi og einvörðungu hafði tekjur sínar frá tryggingunum. Það má vel hugsa sér að hafa tryggingu, sem nær yfir víðtækara svið. En á hitt vil ég leggja áherzlu, að hér er ekki um að ræða skerðingu á rétti nokkurs manns, heldur réttarbót fyrir þó nokkurn hóp af fólki og það fólk, sem mest þurfti á réttarbótum að halda.

Ég sagði áðan, að ég fagnaði því, að þm. úr Sjálfstfl. og Alþfl. væru farnir að flytja frv. til l. um tryggingamál, og ég segi þetta ekki sízt vegna þess, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir komst svo að orði, að í öðru frv., sem fyrir lægi, væri boðið betur, og hv. þm. Bragi Sigurjónsson tók það þegar til sín og túlkaði þetta sem yfirboð, og þannig er áreiðanlega litið á þetta í þjóðfélaginu, því að það muna allir, hvernig aðdragandi þessa máls var. Það er rifjað upp á dálítið einkennilegan hátt í grg. með frv. til l. frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni o. fl. Þar segir:

„Þegar lög um almannatryggingar voru endursamin og samþ. vorið 1971, voru þau nýmæli meðal ýmissa annarra, að hverjum elli- og örorkulífeyrisþega skyldu tryggðar a. m. k. 84 þús. kr. lágmarkstekjur, þ. e. að væru tekjur hans lægri alls en 84 þús. kr. á ári, skyldi skylt að hækka lífeyri hans svo, að bilið yrði brúað. Með lagabreytingu í des. 1971 var þetta tekjulágmark hækkað í 120 þús. kr., enda hafði almennt kaupgjald hækkað verulega frá vordögum eða fyrri lagasetningu og dýrtíð aukizt umtalsvert. Nú hefur verðbólguhjólið enn snúizt drjúgan síðan í des. 1971, og veitir því ekki af að hækka lágmarkið á ný, ef tekjutryggingin á ekki að sverfast af."

Hér er sem sé reynt að halda fram þeirri kenningu, að tekjutryggingarákvæðin hafi verið samþykkt vorið 1971, og ókunnugir kynnu að ætla, að þau hafi komið til framkvæmda þá. En svo var sannarlega ekki. Þetta frv. var gert að lögum vorið 1971 vissulega, en það var fellt með öllum atkv. Alþfl. og Sjálfstfl., að frv. kæmi til framkvæmda. Það átti alls ekki að koma til framkvæmda fyrr en um áramótin 1971—1972. Það voru felldar allar brtt. um hækkun, m. a. á tekjutryggingu. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðum til, að tekjutryggingin yrði 120 þús. Það var fellt með nafnakalli, þ. á m. af öllum þm. Alþfl. og Sjálfstfl., væntanlega þá líka af þessum hv. þm., sem sagði, að málið hefði verið í n. og hann hefði þar sjálfur talið, að þessi tekjutrygging þyrfti að vera 120 þús. Við lögðum einnig til, að þessi ákvæði tækju gildi á miðju árinu eða einhvern tíma áður en um áramótin 1971—1972. Það var einnig fellt. Það var ekki fyrr en núv. ríkisstj. var mynduð og það var mitt fyrsta verk í heilbr.- og trmrn. að láta vinna að því, að sett yrðu brbl. um, að þessar breytingar á almannatryggingunum kæmu tafarlaust til framkvæmda. Þetta voru fyrstu brbl., sem núv. ríkisstj. gaf út, þannig að það var engin afleiðing af ákvörðun Alþ. vorið 1971, að tekjutryggingin kom til framkvæmda 1. ágúst í fyrra. (Gripið fram í.) Já, en framkvæmdin var einvörðungu til komin vegna þess, að núv. ríkisstj. setti um það brbl., að þetta skyldi koma til framkvæmda. Og það var ekki afleiðing af neinni dýrtíð, að þessi tekjutrygging var síðan hækkuð í 120 þús. um síðustu áramót, heldur vegna þess, að núverandi stjórnarflokkar töldu, að þessi upphæð væri of lág. Það væri ekki sæmandi að ætla fólki að lifa af svona lágri upphæð.

Svo er að sjá sem hv. þm. Braga Sigurjónssyni sé ekki kunnugt um það, að tekjutryggingin hefur verið hækkuð síðan um síðustu áramót. Hún var hækkuð á miðju þessu ári í samræmi við hækkanir á almennu verkamannakaupi og er núna 11 200 kr. á einstakling eða 134 400 á ári. Það er svo að sjá sem þessi mikli áhugamaður um almannatryggingar hafi ekki veitt þessu athygli, því að það stendur í grg. með frv. og kom fram í ræðu hans, að hann virtist halda, að tekjutryggingin sé 120 þús. Það er ástæða til að minna á það einnig, að þegar núv. ríkisstj. hóf endurbætur á almannatryggingakerfinu, kvað við dálítið einkennilegan tón í málgögnum stjórnarandstöðunnar. Það var talað um, að ríkisstj. væri að slá upp veizlu. Það var talað um, að kjör þessa fólks, sem fékk tekjutrygginguna, væru slík, að það jafngilti veizluboði, að fólk fengi

fyrst sem svarar 84 þús. kr. á ári, síðan sem svarar 120 þús. og nú 135 þús. Það var talað um þetta sem veizlu og sem eyðslu úr opinberum sjóðum. Það er hægt að vitna í ákaflega mörg ummæli af þessu tagi, að þessi ríkisstj. hafi verið svo veizluglöð, að hún hafi ausið úr almannasjóðum í því skyni. Þetta heyrist raunar enn þá. Menn heyra þann málflutning hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, að efnahagserfiðleikarnir í landinu stafi einmitt af þessari eyðslusemi ríkisstj., að verja fjármunum til þess fólks, sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu.

Það hefur líka heyrzt sá tónn í Morgunblaðinu, að greiðsla á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja, sem ekki hafa aðrar tekjur, ýtti undir leti og ómennsku. Þannig var komizt að orði í Morgunblaðinu. (**RH:** Í aðsendu bréfi.) Í aðsendu bréfi í Morgunblaðinu, sem var birt með miklum virðuleik. (**Gripið fram í:** Það er allt birt í Morgunblaðinu.) Já, það má nú segja, það er allt birt í Morgunblaðinu, líka það, sem enginn annar teldi birtingarhæft. En þarna er líka uppi sjónarmið, sem mér finnst ákaflega ógeðfellt, og ég er sannfærður um, að þetta er sjónarmið, sem ekki er uppi hjá almenningi í landinu.

Ég hef oft minnzt á það hér áður, — og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók raunar undir það í orðum sínum hér áðan, — að það er ekkert böl, ef aldrað fólk og öryrkjar geta unnið, heldur er það mikil hamingja fyrir það fólk, sem getur starfað. Og það er ekki aðeins reiknað í peningum, heldur einnig í því, að þetta fólk lifir ánægjulegra lífi, hefur meira og betra samband við umhverfi sitt. Við skulum ekki vanmeta þetta viðhorf, því að að minni hyggju er þetta grundvallarviðhorf þeirra manna, sem vilja lifa heilbrigðu lífi. Þegar við skipuleggjum störf og athafnir í þjóðfélagi okkar, verðum við alltaf að minnast þess, að það er sjálf vinnan, sem verður að vera mönnum ánægja og lífsfylling. Það má ekki taka hana sem eitthvert böl, sem verði að taka greiðslu fyrir, og ef greiðslan sé ekki nægilega há, séu menn að leggja á sig einhverjar þjáningar án þess að fá það endurgoldið. Mér er fullkunnugt um það, að fólk af þessu tagi, aldrað fólk og öryrkjar, vinnur margt af mikilli ánægju einmitt til þess að geta verið í sambandi við þjóðfélagið og umhverfi sitt og við annað fólk.

En erindi mitt hingað upp var sem sagt aðeins að fagna því, að þarna hefur orðið alger andleg endurfæðing á fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl., og ég vona, að sú endurfæðing verði varanleg, að hún endist ekki aðeins meðan þessir flokkar eru í stjórnarandstöðu, heldur einnig, ef svo skyldi einhvern tíma til takast, að þessir flokkar lentu í ríkisstj., annar hvor eða báðir, því að reynsla aldraðs fólks og öryrkja og annarra viðskiptavina almannatrygginga af þessum flokkum á undanförnum 10 árum er slík, að ég hygg, að a. m. k. enn þá sé fólk ákaflega tortryggið gagnvart þeim og þeir þurfi að leggja á sig býsna mikið til þess að endurreisa mannorð sitt.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hæstv. trmrh., sem mér þótti rétt að gera aths. við.

Hann sagði hér áðan, að almannatryggingar hefðu drabbazt niður undir stjórn fyrrv. ríkisstj. Hann viðurkenndi þó, að hér hefðu verið sett ný lög um almannatryggingar, sem voru ekki lakari en svo, að þau eru nú að meginstofni það, sem breytt er eftir og unnið eftir, og það, sem aðallega hefur breytzt og hann nefndi, var, að fyrrv. stjórnarliðar ákváðu, að lögin tækju hálfu ári síðar gildi en hann síðar ákvað, þegar hann kom í ráðherrastól. Hann lagði þunga áherzlu á, að þetta hefði hann gert. Allir þekkja málflutning hæstv. ráðh. af því, hvað hann undirstrikar sterkt, hvað hann hafi gert. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að þegar fyrrv. ríkisstj. ákvað að hafa þennan háttinn á, hafði hún ekki ákveðið hinn þáttinn, sem núv. stjórn ákvað, þegar hún kom til valda, að hefja mikla veizlu á Sólheimum. Og það er þessi mikla veizla á Sólheimum, sem gerði það að verkum, að ráðh. taldi öruggara, svo að ekki kæmi veizlugleðin allt of illa niður á sumum, sem taka bætur frá almannatryggingum, að byrja greiðslu eftir nýju lögunum fyrr.

Hinu gleymdi þessi hæstv. ríkisstj., að hún lagði svo miklar skattaálögur á margt af þessu gamla fólki og ýmsa aðra, sem tóku lífeyri sinn úr almannatryggingum, að þar var tekið aftur með annarri hendinni mikið af því, sem veitt var með hinni. Og sá stjórnarhátturinn þótti mörgum ekki skynsamlegur og þ. á m. mörgum, sem tóku bætur frá almannatryggingum.

Hins vegar þykir mér vænt um að heyra það, að hæstv. ráðh. tekur þessum till. vel, og vil vona, að hann fylgi þeim þá eftir. Hann sagði hér áðan, að ég mundi ekki hafa vitað, að tekjutryggingin er 11 200 kr. á mánuði. Jú, ætli það ekki. En oft er okkur sagt, að til þess að lifa mannsæmandi lífi, veitti ekki af, að t. d. verkamaðurinn, sem vinnur hörðum höndum fyrir sínum launum, hefði a. m. k. 20 þús. kr. á mánuði. Margur slíkur verkamaður er þó einhleypur, eins og margur ellilífeyrisþeginn er líka. En það var að heyra svo á hæstv. ráðh., að þetta væri kannske ágætt, að ellilífeyrisþeginn fengi eins og helminginn af því, sem þætti mannsæmandi fyrir verkamanninn að lifa af.

Framangreindu vildi ég koma hér á framfæri og eitt enn. Ráðh. var að tala um, að ég mundi hafa greitt atkv. gegn því, að almannatryggingalögin tækju gildi 1. júlí, eins og hann hefði viljað, en ætlazt til þess, að bau tækju gildi 1. jan. 1972, eins og stóð í l. Þetta er alveg rétt. Það hafði orðið samkomulag um að leggja þetta til. En oft er í samkomulagi, að menn eru ekki ánægðir með það og gera þó ekki bókanir um það, sem þeir ætla að flagga seinna með, þegar þeim gott þykir.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ekki verra en vant er, þegar rædd eru mál, sem varða þann hæstv. ráðh., sem nú er hér og tekur þátt í umr. í hv. d. Þá efnir hann yfirleitt til mikils eldhúsdags um mál viðreisnarstjórnarinnar frá upphafi og hvað sé að gerast núna, hvað sé mikil endurhæfing að ske í okkar flokki og Alþfl. o. s. frv. Það má varla hreyfa nokkru máli hér, sem út af fyrir sig ætti ekki að vera póli-

tiskt þras um, þá leiðir hæstv. ráðh. umr. inn á þennan vettvang. Hann ræddi um jaðarvandamál, sem hefðu skapazt í sambandi við tekjutryggingarákvæði almannatryggingal. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh., ef hann segir, að þarna sé um jaðarvandamál að ræða: Í hverju er þetta jaðarvandamál fólgið, ef það er engin réttarskerðing — eða kannske ætti að orða það þannig: ef það er ekki óhöndulegt, að fólk, sem vinnur sér kannske fyrir 3—4 þús. kr. á mánuði eða á rétt á lífeyrisgreiðslum úr sjóði verkalýðsfélaganna, fær þeim mun minni greiðslur frá almannatryggingum? Ég hef skilið, að þetta jaðarvandamál sé í þessu fólgið, og ég hef verið að gagnrýna þetta jaðarvandamál. Ég hef bent á þetta bæði hér á hv. Alþ. og í blöðum, og stundum hefur svo borið við, að mér hefur verið mjög kröftuglega mótmælt út af þessu, m. a. í Þjóðviljanum af hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, sem skrifaði sérstaka grein um þetta. En ég vil fá að vita það frá bæði þessum hv. þm. og hæstv. ráðh., í hverju þetta jaðarvandamál er fólgið. Það hefur aldrei komið fram í þeirra málflutningi.

Þegar þessi mál eru rædd og með þeim hætti, sem nú hefur verið gert, þá er eðlilegt, að um þetta spinnist almennar umr. um kjör aldraðra í þjóðfélaginu. Hér hef ég fyrir framan mig grein úr Þjóðviljanum 27. júní 1972, úr Bæjarpóstinum, og væntanlega má vitna í þetta sem skoðanir Þjóðviljans, eins og hæstv. ráðh. vitnaði í bréf frá venjulegum borgara, sem birtist í Morgunblaðinu. Þar stendur:

„Þessar hækkanir á bótum almannatrygginga ber að þakka og þá sérstaklega ráðh. Alþb., heilbrmrh. Magnúsi Kjartanssyni.“ En síðan segir: „En hvernig stendur á því, að hækkun bótanna er tekin aftur með skattheimtu?“ Og spurningin er yfir bréfinu: „Er Eysteinskan enn þá lifandi í Framsfl.?“ Væntanlega á hæstv. núv. fjmrh. þessa pillu.

Sannleikurinn er sá, eins og kom fram hér, þegar ég í vor spurðist fyrir um upphæðir lífeyrisgreiðslna, bæði til aldraðra og öryrkja, þá kom fram í svari ráðh., að það eru ekki nema rétt um 8% af bótum almannatrygginga, sem eru greidd vegna tekjutryggingarákvæðisins. Að vísu voru þá ekki öll kurl komin til grafar, ég vil taka það skýrt fram, því að það kom fram í svari hæstv. ráðh., að það væru ekki öll kurl komin til grafar þá um það, hversu mikinn þátt tekjutryggingarákvæðið hefði í framkvæmd almannatryggingal. að þessu leyti, þar sem framkvæmdin var komin skammt á veg. En eins og kom fram hér í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, er samt hér um þessa staðreynd að ræða, hún gat um þessar upphæðir. Ráðh. nefndi, að það væru 439 millj. kr., sem væru greiddar í heild á fyrsta ársfjórðungi í lífeyrisgreiðslur til þessara aðila, en þar af aðeins 36 millj. vegna tekjutryggingarákvæðisins. Auðvitað er þetta vegna þess, að það er mikill fjöldi af eldri borgurum, sem hefur einhverjar tekjur og vill vinna. Ég tek undir þau orð ráðh., að auðvitað eiga menn ekki að skilja vinnuna þannig, að hún sé böl, og allra sízt eldra fólki, því að það er lífsnauðsynlegt fyrir það að fá að vinna. En mig minnir, að ég hafi heyrt þá menn, sem leggja nú höfuðáherzlu á, að eldra fólk eigi ekki að taka neitt tillit til þess, hvað það fær í aðra hönd fyrir vinnuna, — mig minnir, að ég hafi oft heyrt þá tala um, að t. d. sjómenn fengjust ekki á fiskiskip vegna þess, hversu lítil laun þeir fengju þar, og svo fram eftir götunum. Ég held, að allir hv. þm., sem hér eru nærstaddir, hafi oftar heyrt kröfur um launahækkanir til handa hinum og þessum í þjóðfélaginu frá þessum ágætu mönnum. Og það er alveg furðulegt, ef þær röksemdir eiga ekki að gilda fyrir fólk, þegar það er orðið 67 ára gamalt. Þá allt í einu á það að vinna einfaldlega vegna þarfarinnar fyrir að vinna.

Ég hef skilið það þannig, að bótaþegum, sem eru orðnir 67 ára að aldri, finnist, að það sé í alla staði óeðlilegt, að leggi þeir á sig að vinna fyrir smávægilegum tekjum, þá skerðist bætur þeirra frá almannatryggingunum. Það er ekki þess vegna, að þetta fólk sé haldið leti og ómennsku, eins og ráðh. hafði hér eftir Morgunblaðinu eða einstaklingi, sem hafði skrifað í Morgunblaðið. Það er ekki af því, sem þarna er um jaðarvandamál að ræða. Það er vegna þess, að fólki finnst óeðlilegt, að réttur þess skerðist að vissu marki við það, að það fer og aflar sér einhverra tekna, t. d. við störf, eins og hér var búið að ræða um áður.

Það hefur verið talað um einstök dæmi í þessum umr. um lífeyrisþega. Ég ætla ekki að fara að bæta miklu við það. En ég get getið þess, að ég þekki t. d. einn öryrkja, sem er alger öryrki að öðru leyti en að hann getur unnið einföld störf, sem gefa í arð, ef hann vinnur allan mánuðinn, um 4—5 þús. kr. Hann fær þeim mun minni bætur úr almannatryggingunum. Hann velur hins vegar þennan kostinn að vinna, vegna þess að það er honum lífsfylling, eins og hæstv. ráðh. komst réttilega að orði. En er þetta rétt?

Ég vil að lokum minna á það, að hæstv. ráðh. sagði hér í þessari hv. d. 17. des. 1971: „Ég er algerlega sammála hv. þm. um, að það er vandamál í sambandi við tekjutrygginguna, hvernig fara eigi með fólk, sem vinnur og hefur nokkrar tekjur í því sambandi.“ Nú er liðið um það bil eitt ár síðan hæstv. ráðh. komst svona að orði. Samt hefur hann ekki komið fram með neinar till. um endurbætur í þessu efni. Hann hefur ekki einu sinni fengizt til að skilgreina hér nákvæmlega, í hverju jaðarvandamálið, sem hann kallar, er fólgið, að öðru leyti en þetta, sem hann sagði þá við þessar umr.

Ég held, að ég láti þá máli mínu lokið að þessu sinni, en vona, að þetta mál nái fram að ganga. Mér sýnist, að hér sé verið að fara eins hóflega í sakir og hægt er til þess að leysa þetta svokallaða jaðarvandamál, sem eitt hefði í rauninni átt að vera hér á dagskrá, ef hæstv. ráðh. hefði ekki kastað hér svo úr klaufunum eins og hann gerði.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. ýkjamikið. Það var spurt að því, í hverju þetta jaðarvandamál væri fólgið. Ég þóttist hafa skýrt það út hér áðan. Ég benti á þann einfalda hlut,

að tekjutryggingin er miðuð við það fólk, sem ekki hefur neinar tekjur frá öðrum en almannatryggingum. Það er þessi hópur, sem verið var að aðstoða og verið að tryggja, að það fólk, sem bjó við erfiðust kjör í þjóðfélaginu, lyftist upp á tiltekið tekjustig. Með þessu er auðvitað ekki tekinn neinn réttur frá mönnum, sem hafa haft og hafa einhverjar smáræðistekjur. Það liggur í hlutarins eðli. Það er ekki verið að taka neinn rétt af þessu fólki. Jaðarvandamálið er hitt, hvort við eigum að hafa þessa tekjutryggingu víðtækari, hvort hún á að ná til stærra hóps, hvort það er fleira fólk en þetta, sem við eigum að aðstoða á þennan hátt. Í þessu er vandinn fólginn. Þetta er spurning um fjármuni og félagslega aðstöðu. Er þetta nauðsynlegt? Þurfum við að gera þetta? Og hvar eigum við þá að afla fjármunanna til þess? Hitt er mikil fjarstæða, að verið sé að taka rétt af nokkrum manni með þessu. Það liggur í hlutarins eðli, það er ekki gert.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði, að ég hefði viðurkennt, að lög um almannatryggingar hefðu verið sett, áður en núv. ríkisstj. tók við, og hún hefði síðan tryggt það, að þau tækju gildi. Þetta er alveg rétt. Í tíð fyrrv. ríkisstj. fluttum við þm. stjórnarandstöðunnar á einu þingi eftir annað till. um umbætur í almannatryggingamálum, og þær voru í sífellu felldar af þm. Alþfl. og Sjálfstfl. Svo leið að kosningaþingi, síðasta þingi fyrir kosningar, og þessir stjórnarflokkar gerðu sér ljóst, að mannorð þeirra á sviði trygginga var orðið heldur bágborið. Þá var gripið til þess ráðs að láta samþykkja á Alþ. lög fyrir kosningar, en lögin áttu ekki að taka gildi fyrr en eftir kosningar. Tilgangurinn með þessum einkennilegu vinnubrögðum var sá að geta flíkað lögunum án þess að þurfa að afla nokkurra peninga til þess að framkvæma þau, því að það fylgdu ekki þessari lagasetningu nokkur ákvæði um það, hvar ætti að taka fjármunina til að framkvæma þessi lög. Þetta var sýndarmennska af allra ómerkilegasta tagi. Ég held, að Alþ. Íslendinga hafi sjaldan stigið niður á lægra stig en þegar það framkvæmdi vinnubrögð af þessu tagi, því að þarna var einvörðungu verið að reyna að blekkja hv. kjósendur. En það var farið svo gróflega í þessar sakir, að ég held, að það séu ákaflega fáir, sem létu blekkjast af þessum vinnubrögðum.

Því var haldið fram hér áðan, að ég væri að halda því fram að umbætur í tryggingamálum væru mitt verk, síðan væri það fjmrh., sem stæði í því að leggja byrðar á fólk í þessu sambandi. Þetta er að sjálfsögðu mikil firra. Það var sammæli allrar ríkisstj., allra flokka, sem að henni stóðu, að gera endurbætur á almannatryggingunum eitt af veigamestu framkvæmdamálum sínum þegar í upphafi. Og ríkisstj. gerði sér það vissulega ljóst, að til þess að framkvæma þessar endurbætur, sem urðu einhverjar þær mestu, sem gerðar hafa verið í sögu almannatryggingana á Íslandi, þyrfti að afla mikilla fjármuna. Ef ég man rétt, voru þær breytingar, sem komu til framkvæmda um síðustu áramót, metnar í kringum einn milljarð á ársgrundvelli. Að sjálfsögðu er ekki hægt að verja slíku fé til viðskiptavina almannatrygginganna, nema þeir fjármunir séu frá einhverjum öðrum teknir. Ef það er ekki gert, þá eru slík framlög einvörðungu ávísun á aukna verðbólgu. Auðvitað þurfti að taka þessa fjármuni með sköttum af þeim, sem höfðu betri efni í þjóðfélaginu. Þetta hefur ríkisstj. gert, og það er engin ástæða til að draga neina fjöður yfir, að það þurfti að færa til fjármuni í þjóðfélaginu, til þess að hægt væri að rétta hlut viðskiptavina almannatrygginga, eins og gert hefur verið.

Það er alveg rétt, að það kom í ljós í sambandi við skattalög, að það voru lagðir of þungir skattar á aldrað fólk. Ríkisstj. leiðrétti þessi ákvæði og viðurkenndi, að henni hefðu orðið á mistök. Hins vegar skulum við gera okkur alveg ljóst, að það er ekki allt gamalt fólk á Íslandi, sem býr við slík kjör, að það þurfi að undanþiggja það sköttum. Það er þó nokkur og sístækkandi hópur af öldruðu fólki á Íslandi, sem hefur býsna háar tekjur t. a. m. embættismenn, sem hafa verið í hálaunuðum embættum og njóta þar mjög myndarlegra eftirlauna, sumir úr mörgum sjóðum meira að segja. Ég þekki dæmi um menn, sem hafa sennilega meiri tekjur, eftir að þeir hættu störfum, en þeir hafa nokkurn tíma haft áður á lífsleiðinni. Þessi hópur er anzi stór og hann fer stækkandi. Við skulum einnig gera okkur ljóst um lífeyrissjóðakerfið, þegar þessi frumskógur, sem núna er, — sem á sér sínar sögulegu forsendur, — þegar hann verður færður í endanlegt kerfi, sem hlýtur að gerast fyrr eða síðar, þá hljóta lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingum og þessir lífeyrissjóðir að falla saman í heildargreiðslu, og einmitt af þeim ástæðum munu þessi jaðarvandamál, sem um hefur verið talað hér, fara minnkandi sem betur fer.

Um það var spurt, hvers vegna ég hefði ekki flutt till. um lausn á þessum vanda. Ég hygg, að allir hv. þm. viti, að það er starfandi n., sem fjallar um endurskoðun á almannatryggingakerfinu í heild. Þessi n. hefur m. a. skilað frv., sem var lagt á borð þm. í dag, og þessari n. hefur verið falið að fjalla um þetta mál ásamt öðrum. Það er ætlunin að skoða allt tryggingakerfið og reyna að leggja niður fyrir sér, hvernig skynsamlegast sé að framkvæma það við okkar aðstæður, og ekki sízt á þann hátt, hvernig hægt er að tryggja það, að þeir miklu fjármunir, sem renna til Tryggingastofnunarinnar, komi fyrst og fremst þeim að gagni, sem þurfa á þessum fjármunum að halda. Ég er hræddur um, að það sé hægt að gagnrýna tryggingastarfsemina einmitt fyrir það, að þó nokkur hluti af útgjöldum hennar rennur til fólks, sem þarf ekki mjög mikið á slíkri aðstoð að halda, og það væri hægt með breyttum reglum að bæta til muna fyrirgreiðslu við þá, sem þurfa á bótum að halda, án þess að heildarútgjöld trygginganna þurfi að aukast af þeim sökum. Þetta held ég, að rétt sé, að n. skoði í einni heild, í stað þess að verið sé að leggja hér inn á þing till. um einstök framkvæmdaatriði. Í þessari n. eru fulltrúar tilnefndir af öllum þingflokkum, þannig að flokkarnir hafa ákaflega góð tækifæri til þess að koma á framfæri till. sínum og hugmyndum innan n. Þegar þessi n. hefur lokið störfum, skal sannarlega ekki á því standa, að till. hennar

verði lagðar hér fyrir Alþ., ef ég gegni þá áfram þeim störfum, sem ég gegni nú.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hluti af ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan olli mér sárum vonbrigðum. Ég gleðst þó yfir þeim hluta ræðu hans, sem fjallaði um mæðralaunin og framkvæmd á þeim ákvæðum, og þar erum við í einu og öllu sammála. Að því er það ákvæði frv. okkar varðar, sem fjallar um tekjutryggingu til aldraðra og öryrkja, kveður aftur á móti við annan tón. Það olli mér miklum vonbrigðum, að hæstv. ráðh. skyldi bregða hér á það gamalkunna ráð að fara að álasa stjórnarandstæðingum um fortíðarávirðingar, án þess að renna nokkrum stoðum undir þær fullyrðingar. Ég mun ekki fara út í karp um þá hluti. Mér þykja þær fullyrðingar, sem fram komu, svo fjarri lagi, og veit, að hver sem hefur fylgzt með þróun mála hér síðasta hálfan annan áratug veit, hve hér var farið með staðlausa stafi og getur raunar metið það bara með því að horfa á staðreyndir og þarf hvorki fullyrðingar mínar né hæstv. ráðh. þar um.

Hæstv. ráðh. gat um ýmsar umbótatill. frá honum og flokki hans, sem hefðu verið felldar. Það eru ótalmargar umbótatill. á sviði almannatrygginga, sem hægt er að bera fram og við vitum, að verða felldar. Við gætum lagt til, að allir fái 10 þús. kr. í örorkulífeyri undireins eða frá næstu áramótum, eða 12 þús. kr. eða 15 þús. kr. Svo getum við komið hér aftur og aftur, ár eftir ár, og sönglað það yfir þingheimi, að þessar ágætu till. okkar hefðu verið felldar af því samvizkulausa stjórnarliði, sem lét sér detta í hug að vera á móti svona ágætum umbótatill. En það er ekki þetta, sem okkur greinir á um. Við erum öll sammála um, að það þarf að bæta hag þess fólks, sem ég nefndi. Þó að hæstv. ráðh. gangi svona skelegglega fram í því að halda fram, að ríkjandi ástand í þessu sé rétt, þykist ég vita, að honum finnist, að þarna megi margt betur fara. Ég vil ekki trúa því, að það, sem hann nefndi hér áðan, að hann fyndi frv. okkar til foráttu, sé hans hjartans meining. Ég bið hann að skoða hug sinn grannt hér á eftir, þegar hann hefur jafnað sig eftir þennan fund, drukkið kaffisopa og fengið gott meðlæti hér niðri. Þá þykist ég vita, að hann sjái, að þessar hugmyndir, sem við höfum borið fram, geta varla hóflegri verið. Við leggjum ekki til neinar tölulegar hækkanir. Við vitum þó, að frv. okkar kemur til með að hafa einhvern kostnað í för með sér.

Hæstv. ráðh. sagði hér sjálfur áðan, að hægt væri með vissum tilfæringum innan tryggingakerfisins, eins og það er, að bæta hlut þeirra bótaþega, eða einhverra þeirra bótaþega, sem þess þyrftu, án þess að auka útgjöldin. Ég vona, að hæstv. ráðh. hafi þessi ummæli sín fast í huga. Það mun vera alveg rétt, að búi hann yfir þessum ráðum, þarf fyllilega á þeim að halda. Við hefðum getað borið fram till. um miklar hækkanir á lífeyri, stóraukna tekjutryggingu og að ákveðnar tekjur fólks, kannske 12 þús. kr. tekjur, kæmu alls ekki til skoðunar, þegar tekjutrygging væri útborguð, o. s. frv. Við vitum hins vegar, að til þess að þetta sé hægt, þarf að taka peninga einhvers staðar frá. Ég stend í þeirri meiningu, að þetta sé ábyrg stjórnarandstaða. Ef við erum að gera till. um stórútgjöld, megum við gjarnan hafa í huga, að það verður að vera hægt að framkvæma þessar till. Ég spyr, hvort hæstv. ráðh. hafi haft þau úrræði á takteinum, þegar hann bar fram till. sínar, sem hið ljóta lið í Sjálfstfl. og Alþfl. felldu fyrir honum í tíð fyrrv. stjórnar. Síðan hefur ýmislegt breytzt.

Hæstv. ráðh. gagnrýndi hér mjög, að þegar almannatryggingal. voru samþykkt vorið 1971, hafi ekki legið fyrir nákvæmar áætlanir, um fjáröflun. Hann, taldi þó, að átt hefði að framkvæma þau þá strax. L. fólu í sér ákvæði um, að þau ættu að koma til framkvæmda um áramótin og yrðu vitanlega fjárlög næsta árs miðuð við þau útgjöld, sem l. gerðu ráð fyrir. Þetta fannst hæstv. ráðh. gróft hneykslí. En hvernig var afgreiðsla fjárl. hér á hv. Alþ. í fyrra? Þá fengum við þær upplýsingar, að tekjuhallinn ætti að greiðast með tekjum, sem síðar yrði ákveðið, hvernig ætti að afla. Það var ekki hneyksli!

Ég held, að við gætum bætt umr. hér á Alþ. talsvert með því að vera ekki að slá fram hvað eftir annað atriðum eins og þeim, sem komu fram í ræðu hæstv. ráðh., t. d. þess efnis, að engar umbætur í tryggingamálum hafi verið gerðar á 12 ára stjórnartímabili Alþfl. og Sjálfstfl. Fyrir hverja er hæstv. ráðh. eiginlega að tala? Heldur hann, að fólk hafi ekkert fylgzt með? Svona tal, held ég, að við gætum alveg að skaðlausu lagt niður. Við skulum heldur reyna að líta á málefnin, sem til umr. eru, athuga, hvort ekki gæti jafnvel leynzt svo heiðarleg hugsun hjá þessu illþýði í Sjálfstfl., að verið sé að bera fram af góðum hug till. til umbóta á mjög erfiðu máli. Vissulega er hér um að ræða erfitt mál í framkvæmd. Það hefur hæstv. ráðh. sjálfur áreiðanlega oft rekið sig á. Mér er mætavel ljóst, að þessi mál eru í endurskoðun í stjórnskipaðri nefnd. Það þýðir ekki, að þm. eigi að hætta að nota frumkvæði sitt til flutnings mála. Ef þeim dettur í hug einhver lausn á málum, sem þeir telja, að geti verið til bóta án þess að stofna fjárhag ríkisins í voða, eiga þeir að bera fram till., hvort sem till. verður svo afgreidd hér eftir hálfan mánuð, þrjár vikur, mánuð eða jafnvel tvo mánuði. Aðalatriðið er, að málið verði leiðrétt.

Hæstv. ráðh. eyddi löngum tíma í að hæðast að umbótaáhuga okkar. Hann um það. Ef hann kýs að láta þær hugrenningar sínar koma hér fram og getur ekki haldið þeim í skefjum, verðum við að láta þær yfir okkur ganga. En ég legg eindregið til, að við reynum að athuga þær umbótatill., sem fram koma, af góðum hug og skilningi.

Hæstv. ráðh. talaði um, að við hefðum undarlegt viðhorf til vinnunnar. Þessi tillöguflutningur okkar væri nánast merki um það, að við teldum vinnuna svo mikið böl, að það yrði að greiða fé fyrir vinnuna. Hvaða hugmyndir hefur hæstv. ráðh. og flokkur hans um launapólitík? Mér hefur virzt, að þeir teldu, að menn ættu að fá greitt fyrir vinnu sína. En það er kannske

öðruvísi, þegar maður er orðinn 67 ára eða hefur takmarkaða orku? Þá er vinnan svo mikil blessun, að hann á ekki að vera að hugleiða það, hvort greitt er fyrir hana eða ekki. Það var einu sinni fyrir mörgum árum kveðin vísa:

Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti hann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt.

Þetta telur hæstv. ráðh., að sé það, sem muni gilda um hina öldruðu sveit, sem við erum hér að ræða um. Við teljum, að það sé réttur þess fólks, sem af takmarðaðri orku sinni ver tíma til starfa, að fá greitt fyrir þau. Ég þykist þess viss, að þegar hæstv. ráðh. skoðar hug sinn, sé hann því sammála, og þótt orð hans féllu einhvern veginn svona hér í ræðustól áðan, trúi ég því ekki, að það sé einlæg meining hans. Við teljum líka, að þau ákvæði um greiðslu tekjutryggingarinnar, sem almannatryggingal. hafa að geyma, feli í sér rétt handa því fólki, sem þar er um að ræða. Í lagaákvæðinu stendur, að þegar svo standi á, að tekjur bótaþega séu ekki, eins og nú er, aðrar en ellilífeyririnn, skuli viðkomandi bótaþega greidd þar sú viðbót, sem við köllum tekjutryggingu. Þetta er sem sé skylda Tryggingastofnunarinnar og réttur bótaþegans. Það, sem við leggjum til er, að þegar bótaþeginn hefur nokkrar tekjur, sem við greinum nánar í okkar frv., sé það skylda Tryggingastofnunarinnar að greiða honum tekjutryggingu og það sé réttur hans að fá þessa tekjutryggingu. Þess vegna get ég ekki séð, að það sé rangt hjá okkur, eins og hæstv. ráðh. segir, að tala um, að þær tekjur, sem bótaþeginn núna kunni að vinna fyrir eða hafi úr lífeyrissjóði, valdi honum réttarskerðingu. Það er eðlileg notkun á mæltu máli að segja, að hver króna, sem bótaþegi, sem á rétt á ellilífeyri, vinnur sér inn núna, skerði rétt hans til tekjutryggingar. Það er enginn vafi á því, að sá, sem vinnur sér inn 2000 og hefur ellilífeyri, fær 2000 kr. minna en ella væri í tekjutryggingu. Hitt er svo annað mál, að mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram, að það sé ekki góð meining í þeirri hugsun að tryggja tekjulágu fólki lágmarkstekjur, eins og ákvæðið hljóðar í tryggingal. Við erum öll sammála um, að það sé nauðsynlegt. En við viljum láta laga þetta ákvæði þannig, að það dragi úr þeim biturleika, sem framkvæmd þess getur því miður haft í sumum tilfellum, að því er varðar suma bótaþega, sem örlítlar tekjur hafa.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mjög í þessar umr., en mér finnst einhvern veginn sem sumir hv. þm. hafi í raun og veru ekki gert sér ljóst, hvernig þessi tekjutrygging í sjálfu sér var til komin, þegar lögin voru samþykkt hér 1970 og breyting síðan gerð um áramótin síðustu. Það var þannig, að á undanförnum 2—3 árum voru stórir hópar að fá lífeyrissjóðsréttindi, t. d. verkamenn og bændur. Það voru samt sem áður ýmsir í báðum þessum hópum, sem lífeyrissjóðsgreiðslurnar náðu ekki til, og var verið að hugleiða það, hvernig hægt væri annaðhvort að breyta lífeyrissjóðsl. þessara starfshópa eða tryggja þeim á einhvern annan hátt tekjutryggingu. Ef þessi lög áttu að ná til allra, til hvers var þá verið að hafa þessa tekjutryggingu? Því var þá ekki bara hækkuð sú greiðsla, sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar fengu? Það var verið að tryggja einmitt því fólki, sem hafði engar tekjur nema ellilaunin, vissa lágmarksgreiðslu með þessu móti.

Mér fannst það dálítið einkennilegt, þegar hv. þm. Bragi Sigurjónsson var að tala um hér áðan, að hann hefði lagt það til, að tekjutryggingin 1970 væri 120 þús. eða 10 þús. á mánuði. Það vill nú svo til, að við vorum báðir í heilbr.- og félmn., og ég er einmitt með fyrir framan mig þskj. frá meiri hl. þeirrar n., þar sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson var fundaskrifari, og þar leggur hann til, að frv. sé samþ. óbreytt, þ. e. a. s. með 84 þús. kr. tryggingu. Það vildi svo til, að ég var einmitt frsm. minni hl. þessarar n. og minni hl. lagði til, að upphæðin væri miklu hærri eða það, sem hún er nú. Við gerðum ýmsar aðrar brtt. við þetta frv., sem voru felldar af þeim meiri hl., sem þá var, t. d. þá, að ekklar fengju sama rétt og ekkjur, en skv. frv. var ekki skylda að borga þeim barnalífeyri, þeir gátu fengið hann undir vissum kringumstæðum, skv. heimildarákvæði. Þetta var aftur lagfært síðar. Á síðustu fjárl. viðreisnarstjórnarinnar voru 3 milljarðar og 144 millj. lagðar til tryggingamála. En á fyrstu fjárl. þessarar ríkisstj. voru 5 milljarðar og 743 millj. lagðar til þessara mála, og miðað við þær till., sem eru í því fjárlagafrv., sem liggur nú fyrir, eru þetta 6 milljarðar og 674 millj. Ef fólk sér ekki, að allmikil breyting er á þessum árum, veit ég ekki, hverju fólk tekur eftir. Það má draga frá þessari upphæð 764 millj., þ. e. a. s. það, sem ríkissjóður tók frá sveitarfélögum og einstaklingum, sem þau greiddu áður. En fyrirhuguð er hér um bil tvöföldun á greiðslum til þessara mála á árinu 1973 að óbreyttum lögum.

Það er auðvitað ýmislegt, sem þyrfti að lagfæra og æskilegt væri, að lagfært yrði í lögum um almannatryggingar. En það er bara spurning, hvað hægt er að ganga langt, því að einhvers staðar verður að taka þessa fjármuni, og ef það er rétt hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar, að við höfum tekið við blómlegu búi, þegar þessi ríkisstj. kom til valda, en nú sé allt saman á niðurleið og í raun og veru blasi ekkert við annað en gjaldþrot, hvernig stóð þá á því, að þeir gerðu ekki myndarlegar á síðustu árum viðreisnarstjórnarinnar? Það er spurning, sem almenningur hlýtur að hugleiða í sambandi við þessi mál.

Það er, eins og ég sagði, sjálfsagt ýmislegt, sem þyrfti að lagfæra. En þær tölur, sem ég hef lesið hér upp, sýna, hvernig staðið hefur verið að þessum málum og með allt öðrum hætti en var á valdaferli viðreisnarstjórnarinnar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var einkum út af þeim ummælum hæstv. ráðh., að setning almannatryggingal. árið 1971 hefði verið sýndarmennska af allra ómerkilegasta tagi, sem ég

kvaddi mér hér hljóðs. Mér finnst dálítið djúpt tekið í árinni af hæstv. ráðh., sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þetta eru að meginstofni þau lög, sem hann er að framkvæma nú og hefur ekki lagt til neinar verulegar breytingar á, að öðru leyti en hækkun tekjutryggingarinnar. En það má segja, að hækkun tekjutryggingarinnar, sem var gerð af núv. ríkisstj., hafi í fyrsta lagi auðvitað gert þetta svokallaða jaðarvandamál, sem hæstv. ráðh. vill nefna svo, að stærra vandamáli en áður. Í öðru lagi hefur það verið upplýst við þessar umr., að einungis munar um 8% af heildarútgjöldum almannatryggingannna um þetta ákvæði. Ég er ekki með þessu að draga neitt úr gildi ákvæðisins fyrir það fólk, sem fær þessar greiðslur. Það liggur í augum uppi, að það á við sérstök vandamál að stríða, sem yrðu e. t. v. ekki leyst með öðrum hætti. En á hinn bóginn verður ekki dregin fjöður yfir það, það hefur komið greinilega fram hjá hæstv. ráðh. sjálfum, að ekki er um meiri réttarbót í heild að ræða en þetta, og var þó þetta ákvæði fyrr í l., þannig að hækkunin frá því, að það var sett í lög árið 1971, og hækkunin, sem hæstv. núv. ríkisstj. gerði á því, er ekki einu sinni þessi stærð. Aftur á móti felldi núv. ríkisstj. niður sérstakan skattfrádrátt aldraðra upp á 46 þús. kr. fyrir einstakling og 76 þús. fyrir hjón. Það stendur því alveg óhaggað, sem stóð í þessu bréfi Bæjarpóstsins, að ríkisstj. gaf aldraða fólkinu með annarri hendinni og tók með hinni.

Hún gerði fleira. Hún felldi niður nefskatta, sem ekki voru á gamla fólkinu, og hagræddi með því vísitölunni, þannig að vísitalan mælir ekki aldraða fólkinu bætur í samræmi við hækkanir á verðlagi, eins og verið hefði. Þetta hafa hv. núv. stjórnarsinnar raunverulega viðurkennt margir hverjir í blaðaskrifum, þegar ríkisstj. neyddist til þess að leiðrétta skattalögin.

Ég tel, að það hefði kannske verið réttara hjá hæstv. ráðh. að kalla þessar aðfarir sýndarmennsku af allra versta tagi. Hann talaði um það hér, að það þyrfti að afla fjár til réttarbóta á almannatryggingal., menn mættu ekki koma fram með óraunhæfar till., það þyrfti að afla fjár til þess. Þetta er alveg hárrétt. En þegar lögin 1971 voru sett, voru fjárlög afgreidd, og ég man ekki betur en hér á hv. Alþ. hafi sérstaklega verið talað um það sem einn af vondum arfi frá viðreisnarstjórninni, að afla þyrfti fjár til að framkvæma þessi lög. Ekki getur það bæði verið sýndarmennska af allra ómerkilegasta tagi að setja þessi lög og líka vondur arfur, þegar afla þarf til þeirra fjár, og þá sé á það bent, að það sé vegna viðreisnarstjórnarinnar, sem þurfi að afla þessara tekna og hækka skatta af þeim sökum.

Mér sýnist, að nauðsynlegt sé að gera heildarúttekt á kjörum aldraðra, þannig að það komi skýrt í ljós, hvað núv. ríkisstj. hefur raunverulega gert gagnvart kjörum þeirra. Hún hefur komið fram með ýmsar réttarbætur, eins og t. d. tekjutryggingunna, sem er mjög óveruleg, miðað við heildarupphæð almannatryggingagreiðslna. En hún hefur tekið þetta aftur með hinni hendinni með sköttum, sem voru óverulega leiðréttir. Allt þetta er hægt að kalla sýndarmennsku, — ég vil ekki segja eins og hæstv. ráðh. af ómerkilegasta tagi, ég er vonandi ekki eins óorðvar maður og hann, — en þetta er sýndarmennska.

Ég vil svo aðeins ljúka þessum umr. af minni hálfu með því, af því að hæstv. ráðh. man aldrei eftir öðru, þegar hann er að tala um þetta margumtalaða tekjutryggingaákvæði og jaðarvandamál sitt, en lesendabréfi Morgunblaðsins, að vitna í aðra grein í Þjóðviljanum, ekki þá, sem ég vitnaði í áðan. Þar skrifar maður grein um þetta mál og lýsir því, hvernig það, að menn vinna sér fyrir einhverjum tekjum, dregur af rétti þeirra til þess að fá greitt úr almannatryggingunum. Hann víkur að vísu mikið máli sínu að hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, og þykist vera að skamma hann undir rós, af því að þetta er í Þjóðviljanum. Sjálfsagt meinar hann Magnús Kjartansson, hæstv. heilbrmrh., því að hann ber ábyrgð á framkvæmd almannatryggingal. Hann segir hér, þessi ágæti maður, þegar hann er búinn að lýsa þessu öllu undir fyrirsögninni „Smásálarskapur“:

„Ég sé ekki annað en ríkisstj. sé með þessum smásálarskap að hvetja gamla fólkið, sem hefur vilja til smáigripavinnu eftir sínu starfsþreki, að sitja heima, því að ég held, að það séu fáir, sem hafa löngun til að vinna og láta allar atvinnutekjurnar renna til ríkissjóðs óskertar.“

Þetta segir Þjóðviljinn. Þetta mættu hv. stjórnarsinnar allir hafa í huga, þegar þeir eru að tala um, að það sé einungis Morgunblaðið og við sjálfstæðismenn, sem lítum svo á, að þessi ákvæði hafi letjandi áhrif á fólk.

Ég vil svo að lokum aðeins undirstrika það, sem raunar hefur komið hér fram hjá hv. 12. þm. Reykv., að við, sem erum meðflm. að þessu frv., teljum, að þarna sé um að ræða algera lágmarksleiðréttingu á þessu svokallaða jaðarvandamáli, sem hæstv. ráðh. hefur nefnt svo og er ágætisheiti á þessu fyrirbrigði, þó að hann hafi ekki enn skýrt nægjanlega, í hverju vandamálið sjálft er fólgið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja örfá orð í belg í þessum umr., en ætlunin var að beina þeim til hæstv. trmrh. Hér er til umr. frv., sem fjallar aðeins um þrjú einstök og aðgreind atriði í tryggingalöggjöfinni, en hæstv. ráðh. hefur sjálfur notað umr. til þess að hefja allsherjar eldhúsumr. um þróun tryggingamála undanfarinn hálfan annan áratug. Síðan sýnir hann Alþ. þá vinsemd og virðingu að rjúka af fundi með fylgdarlið sitt, sem sat hér í hliðarsölum, áður en þessari umr., sem hann sjálfur stofnar til, er lokið.

Það er orðið harla einkennilegt ástand á þessu þingi, þegar annar af ráðh. Alþb. má ekki vera að því að sinna hér skyldustörfum, þó að allir viti, að hann situr í skrifstofu rétt hjá þessu húsi. Hinn rétt stingur inn nefninu til að koma af stað almennum umr., en er svo rokinn, áður en fleiri en tveir eða þrír þm. fá tækifæri til að taka þátt í þeim umr. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á það, að hinum venjulega umræðutíma er að ljúka. Ég er fús til þess að fresta þessari umr., ef hv. þm. leggur kapp á, að hæstv. trmrh. verði við framhald umr.) Ég ætla að þiggja þetta höfðinglega boð forseta og þakka honum fyrir það, en það var töluvert eftir

af venjulegum fundartíma, þegar ráðh. hvarf af fundi. Ég mun því gera hlé á ræðu minni og ef tækifæri gefst til aftur segja þau fáu orð, sem ég ætlaði að segja við ráðh.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. nóv. 1972.

Ellert B. Schram, 9. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Halldór Blöndal kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Verður að fara fram skoðun á kjörbréfinu samkv. þeirri ósk, sem lesin hefur verið, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið og veiti til þess 5 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Halldórs Blöndals kennara, 1. varaþm. landsk. þm. Sjálfstfl., en hann tekur sæti í forföllum 9. landsk. þm., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum. N. leggur til, að kosning Halldórs Blöndals sé metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Sigölduvirkjun, fsp. (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Af umr., sem fram hafa farið hér á Alþ. fyrir skömmu, sem og fréttum um forútboð á Sigölduvirkjun, er ljóst, að iðnrn. hefur fullráðið að hefjast þar handa innan tíðar. Meðal almennings gengur þó þrálátur orðrómur um, að enn hafi ríkisvaldið ekki tryggt sér fé til þessara framkvæmda. Ekki er ljóst, hve mikill markaður er fyrir hendi, strax og virkjunin kemst í gagnið, en á því veltur að sjálfsögðu, hve viturleg og hagkvæm þessi virkjun er, og ekki heldur, hvað hún muni kosta samkv. nýjustu áætlun, en svo sem vitað er, er allur framkvæmdakostnaður á fleygiferð upp.

Allur þorri landsmanna fylgist af áhuga með öllum virkjunarframkvæmdum og virkjunarfyrirætlunum, og er ljóst, hve miklu þær varða framtíð þjóðarinnar. Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. iðnrh.:

„1. Hefur ríkisstj. tryggt sér lán til Sigölduvirkjunar, og ef svo er, þá hvar og hve há?

2. Hvað er áætlað nú, að Sigölduvirkjun muni kosta?

3. Fyrir hve mikinn hluta orkuframleiðslunnar er þegar tryggður markaður, og hver er hann?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson spyr í fyrsta lagi, hvort ríkisstj. hafi tryggt sér lán til Sigölduvirkjunar og ef svo sé, þá hvar og hve há.

Stjórn Landsvirkjunar hefur nú um skeið átt í viðræðum við Alþjóðabankann um lán til byggingar hluta Sigölduvirkjunar, og benda líkur til þess, að lán þetta fáist á næsta ári. Þá er og í útboði gert ráð fyrir lántöku í sambandi við kaup á vélum og búnaði, og leikur lítill vafi á, að slíkt lán fáist, því að fjöldi fyrirtækja hefur sýnt áhuga á að gera tilboð með slíkum skilmálum. En bæði þessi lán áætlast samtals á þriðja milljarð kr. Þá vinnur stjórn Landsvirkjunar einnig að undirbúningi að lántöku á hinum alþjóðlega peningamarkaði, en hversu hátt það lán þarf að vera, fer eftir því, hve endanleg framlög eiga að verða og hver hagnaður verður af rekstri Landsvirkjunar á næstu árum.

Í annan stað spyr hv. þm., hvað sé áætlað nú, að Sigölduvirkjun muni kosta.

Forráðamenn Landsvirkjunar tjá mér, að vegna yfirstandandi útboða sé óvarlegt að birta nú opinberlega nákvæmar tölur um áætlaðan stofnkostnað, og verð ég því að láta mér nægja að greina frá því, að hann er áætlaður á fjórða milljarð kr.

Hv. þm. spyr í þriðja lagi, fyrir hve mikinn hluta orkuframleiðslunnar sé þegar tryggður markaður og hver hann sé.

Áður en ég svara þessari spurningu, vil ég greina frá því, að samkv. tölvuathugunum, sem Landsvirkjun hefur látið gera, bætir Sigölduvirkjun árlega um 800 gígawattstundum af tryggðri orku við vinnslugetu landsvirkjunarkerfisins, sem á næsta ári verður um 2150 gwst., þegar Þórisvatnsmiðlun hefur að fullu verið lokið. Þessi orka, 800 gwst. á ári, miðast við, að orkukaupin séu að hluta stöðug allt árið um kring, eins og að jafnaði er, þegar orkufrekur iðnaður á í hlut. Séu hins vegar öll orkukaupin mun minni á sumrin en á veturna, en það er einkenni hins almenna markaðar og húshitunar, verður sú árlega orkuaukning, sem Sigölduvirkjun lætur í té, minni eða um 700 gwst. á ári.

Til viðbótar er þess að geta, að í kerfi Landsvirkjunar er allmikil ótryggð orka eða afgangsorka, eins og hún er oft nefnd, sem hinn almenni markaður og húshitun geta ekki nýtt nema þá að litlu leyti. Athuganir Landsvirkjunar sýna, að eftir tilkomu Sigölduvirkjunar verða allt að 300 gwst. á ári af þessari orku ekki ótryggari en svo, að iðnaður eins og t. d. járnmelmisiðnaður getur vel nýtt sér hana, enda slíkt gert víða erlendis, en þá eðlilega á lægra verði en

fást mundi fyrir tryggða orku. Má sem dæmi nefna, að vel kemur til greina, að iðnaður af þessu tagi kaupi ótryggða orku að hálfu. Við það verður meiri tryggð orka aflögu til annarra þarfa en ella, auk þess sem tekjur fást af orku, sem annars væri ekki seljanleg.

Fyrsta hlutverk Sigölduvirkjunar er að sjálfsögðu að fullnægja hinum almenna markaði, en árið 1980 áætlast hann um 255 gwst. á ári á orkuveitusvæði Landsvirkjunar umfram það, sem núverandi kerfi getur annað, og er þá miðað við sama vöxt og verið hefur. Þessu til viðbótar er svo aukin húshitun með rafmagni, en það er yfirleitt stefna stjórnarinnar að vinna að því, að innlendir orkugjafar komi í stað innflutts eldsneytis, í samræmi við 4. lið 2. gr. l. um Landsvirkjun. Tiltölulega varlegar áætlanir sýna, að þrátt fyrir hitaveitur hlýtur þáttur raforkunnar að verða svo mikill í þessu efni, að hitunarmarkaðurinn getur verið kominn í um 175 gwst. árið 1980, ef vel er á haldið, eða að meðtöldum almenna markaðinum um 430 gwst. Þetta gefur svigrúm til nokkurrar sölu á raforku til orkufreks iðnaðar, eins og ég gat um áður, því að tími á að vinnast til að koma upp annarri virkjun fyrir lok áratugsins. Með þetta í huga og eins til þess að auka fjölbreytni í framleiðslu landsmanna hefur sérstök n. á vegum iðnrn. átt viðræður við ýmis erlend fyrirtæki, sem hafa sýnt áhuga á að stofna hér orkufrekan iðnað í samvinnu við Íslendinga, og eru öll líkindi á, að slík samvinna geti tekizt á þeim forsendum, sem ég hef margsinnis áður gert grein fyrir hér á þingi, þ. e. a. s. að Íslendingar eigi slík fyrirtæki að meiri hluta og þau lúti íslenzkum lögum í einu og öllu.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka upplýsingar ráðh., en af þeim kemur fram, að lán hefur ekki verið tryggt enn til þessarar virkjunar og markaður er ekki tryggður heldur nema að mjög litlu leyti. Þess vegna hygg ég, að mörgum hrjósi nokkuð hugur við, hvernig að þessum framkvæmdum er staðið. En sem sagt, ég þakka þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram. Þær töluðu sínu máli.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera nokkrar aths.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að tafir hafa orðið á samningaumleitunum við Alþjóðabankann og í sambandi við hönnunarundirbúning Sigölduvirkjunar, en hvort tveggja þetta er tengt. Tafirnar á samningunum við Alþjóðabankann stafa af því, að Alþjóðabankinn dregur í efa fjárhagslegan grundvöll Sigölduvirkjunar án stóriðjusamninga.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að allar horfur eru nú á því, að fyrsta vél verði ekki tekin í notkun í Sigölduvirkjun 1. des. 1975, heldur fyrst 1. apríl 1976, en almenningsþörf fyrir aukna raforku veturinn 1975—1976 er svo mikil, að fyrirsjáanlegur er orkuskortur, ef þessi töf verður að veruleika, og þá verður að kaupa gastúrbínustöð, sem auðvitað mundi auka virkjunarkostnaðinn í heild mjög mikið.

Í þriðja lagi er það svo, að þrátt fyrir sölu á 20 megawöttum til ÍSALs og hámarkssölu til hitunar samkv. bjartsýnustu áætlunum, — áætlunum, sem m. a. eru gerðar til þess að sannfæra Alþjóðabankann og ég skal út af fyrir sig ekki draga í efa, þá verður fyrirsjáanleg 25% hækkun á heildsöluverði rafmagns frá Landsvirkjun, ef ekki nást samningar um rafmagnssölu til stóriðju.

Í fjórða lagi vil ég svo benda á það, að orkusölusamningur til stóriðju í tengslum við Sigölduvirkjun þarf nú að vera helmingi hærri en hann var áður. Hæstv. iðnrh. gagnrýndi, þegar orkusölusamningur frá Búrfelli var gerður að upphæð 2.5-3 mills, að þar væri um allt of lágt raforkuverð að ræða. Nú þyrfti slíkur samningur að nema 5—6 mills miðað við virkjunarkostnað annars vegar að Búrfelli og hins vegar að Sigöldu. Ég er mjög ánægður, að hæstv. ráðh. er bjartsýnn um, að slíkir samningar geti tekizt, því að ekki verður um hann trúað, að hann sé að hugsa um óhagstæðari samninga en hann gagnrýndi svo mjög áður fyrr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. gat þess, að svonefnd viðræðunefnd um orkufrekan iðnað á nú í viðræðum við ýmsa erlenda aðila um orkufrekan iðnað hér á landi í sambandi við Sigölduvirkjun. Ég á sæti í þessari n., og þykir mér rétt að koma á framfæri nokkrum upplýsingum.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að verið er að ræða við allmörg fyrirtæki, og staðreyndin er raunar sú, að orðið hefur vart við mikinn áhuga hjá erlendum fyrirtækjum á þátttöku í slíkum iðnaði hér á landi með þeim skilyrðum, sem hæstv. ráðh. gat um, að þau yrðu í meirihlutaeigu okkar Íslendinga og féllu að öllu leyti undir íslenzk lög. Viðræðunefndin á mjög annríkt um þessar mundir, því að vandinn er fremur sá að velja heldur en að leita. Það eru a. m. k. þrjú fyrirtæki á járnmelmissviðinu, sem hafa sýnt verulegan áhuga, og auk þess, eins og fram hefur komið í blöðum, hefur fyrirtækið Alusuisse sýnt áhuga á því að stækka álbræðsluna í Straumsvík. Við, sem sitjum í þessari n., gerum okkur fyllstu vonir um það, að takast megi að ná afar hagstæðum samningum við slík fyrirtæki og það fljótlega, vil ég leyfa mér að segja, örugglega fyrir mitt næsta ár.

Orkuflutningur frá Sigöldu til Norðurlands, fsp. (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. lét svo ummælt hér á dögunum við tillöguflutning sinn um nýtingu orkulinda landsins til raforkuframleiðslu, að við hana yrði að taka mið af skynsamlegri búsetu í landinu. Mér fannst hv. þm. hitta naglann á höfuðið, því að allri þjóðarheildinni er slíkt brýn nauðsyn, ekkert síður þéttbýlingunum hér við Faxaflóann en strjálbýlingunum úti um land. Og þá komum við strax að málum málanna í dag, hinu ómissandi rafmagni og eftirsótta jarðvarma. Hið síðara er fyrst og fremst kostgripur þéttbýlisins hér syðra, en rafmagnið getur komið í stað jarðvarma, ef það er ekki notendum þess of dýrt.

Nú hagar svo til í stærsta bæ á Norðurlandi, Akureyri, sem og á fleiri þéttbýliskjörnum þar, einnig nær öllum sveitabæjum landsins, að hitaveitum, jarðvarmaveitum, verður þar ekki komið við, eftir því sem nú er bezt vitað. Því brenna þessar spurningar í hugum okkar Norðlendinga, eftir að okkur hefur verið tjáð, að Sigöldurafmagnið verði næsta lausnarorðið í rafmagnsmálum okkar:

1. Hvað er áætlað, að háspennulína frá Sigöldu til Akureyrar muni kosta með núgildandi verðlagi og við hve mikinn orkuflutning verður hún miðuð?

2. Hvert verður kostnaðarverð þessa rafmagns komins til Akureyrar miðað við gildandi verðlag?

3. Mega Norðlendingar vænta þess, að þeim verði ekki selt rafmagn leitt sunnan yfir fjöll á hærra verði en Sunnlendingum — þar með taldir Reykvíkingar, — verður selt rafmagn frá Búrfellsvirkjun á sama tíma?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er: „Hvað er áætlað, að háspennulína frá Sigöldu til Akureyrar muni kosta með núgildandi verðlagi, og við hve mikinn orkuflutning verður hún miðuð?

„Ekki er enn þá unnt að birta annað en bráðabirgðaniðurstöður um stofnkostnað orkuflutningslínu frá Sigöldu til Norðurlands. Ástæðan er sú, að endanleg hönnun línunnar bíður eftir niðurstöðum þeirra athugana, sem nú er unnið að af kappi, eins og ég hef nýlega gert grein fyrir á þessum stað. Orkuflutningslína, sem ætlað er fyrst og fremst að flytja raforku til almennra þarfa á Norðurlandi, hefði nálægt 50 megawatta flutningsgetu og mundi samkv. bráðabirgðaáætlun kosta nálægt 250 millj. kr. Flutningslína, sem nægir til flutnings á raforku til stóriðju á Norðurlandi eða til samtengingar milli stórvirkjunar á Norðurlandi, svo sem Dettifossvirkjunar, og kerfisins á Suðurlandi, þyrfti að hafa nálægt fjórum sinnum meiri flutningsgetu eða um 200 megawött, en hún mundi einnig samkv. bráðabirgðaniðurstöðum kosta um 600 millj. kr. Eins og lýst hefur verið yfir, er markmiðið með samtengingu Norður- og Suðurlands að tryggja einn sameiginlegan orkumarkað, er taki yfir báða þessa landshluta, og að þeir, sem þar búa, sitji við sama borð í raforkumálum, bæði um heildsöluverð raforku, um möguleika á orkufrekum iðnaði og um möguleika á gerð hagkvæmra stórvirkjana. Enginn vafi er á því, að stefna ber að síðarnefndu flutningsgetunni, um 200 megawött, í samtengingu Norður- og Suðurlands. Hvort slíku marki verður náð í einum áfanga eða hvort nauðsynlegt muni reynast að fara leiðina að þessu marki í tveimur áföngum, er mál, sem kanna þarf nánar, og er unnið að þeirri könnun.

Þá spyr hv. þm.: „Hvert verður kostnaðarverð þessa rafmagns komins til Akureyrar miðað við gildandi verðlag?"

Af því, sem ég sagði áðan, er ljóst að markmiðið með samtengingu Norður- og Suðurlands er miklum mun víðtækara en það eitt að sjá fyrir orkuþörf Norðlendinga til brýnna, almennra þarfa, en svo virðist sem fyrirspyrjandi hafi það einkum í huga. Línunni er sem sé ætlað að gegna samtímis margs konar hlutverkum. Það er því út í hött að leggja allan kostnað hennar á eitt markmið einungis, að flytja norður orku frá Sigöldu. Álitamál getur líka verið, hvernig skipta beri kostnaði línunnar á hin einstöku markmið með lagningu hennar, og um það verða ekki gefnar fastar reglur. Samtengingu Norður- og Suðurlands verður að ræða út frá allt öðru viðhorfi. Spurningin, hvort þessi samtenging skuli gerð eða ekki, er einfaldlega spurningin um það, hvort menn vilja eða vilja ekki skapa sameiginlegan orkumarkað norðanlands og sunnan, sem tryggi íbúum beggja landshluta sömu aðstöðu til notkunar raforku almennt, til stofnunar orkufrekra iðjuvera og til stórvirkjana. Jafnri aðstöðu Norðlendinga og Sunnlendinga í þessu efni verður trauðla komið á með öðru móti en því að tryggja sameiginlegan orkumarkað með tengingu landshlutanna. Þetta er mergurinn málsins, og það verður að ræða út frá þessu sjónarmiði.

Svo virðist sem ýmsir líti svo á, að lína yfir hálendið og áframhaldandi virkjanir norðanlands séu andstæður. En svo er ekki. Þvert á móti gerbreytist öll aðstaða til hagkvæmra virkjana norðanlands til hins betra með tilkomu tengilínunnar.

Þriðja spurning hv. þm. er þessi: „Mega Norðlendingar vænta þess, að þeim verði ekki selt rafmagn leitt sunnan yfir fjöll á hærra verði en Sunnlendingum — þar með taldir Reykvíkingar, — verður selt rafmagn frá Búrfellsvirkjun á sama tíma?"

Eins og ég hef áður rakið, er það stefna ríkisstj. að jafna aðstöðu landsmanna í raforkumálum án tillits til búsetu. Áfangi á þeirri leið er sama heildsöluverð raforku um land allt. Þetta er sett skýrt fram í þeirri þáltill. um raforkumál, sem birt var sem stefnuyfirlýsing ríkisstj. á síðasta þingi. Að því verður vitanlega stefnt, að menn greiði ekki hærra verð fyrir raforku fyrir þá sök, að þeir búa á Akureyri, en ekki í Reykjavík. Þetta er margyfirlýst stefna ríkisstj., og byrja verður á því að jafna heildsöluverðið. En frumforsenda slíkrar jöfnunar raforkuverðs er vitanlega samtenging kerfanna, þannig að unnt sé að vinna raforkuna og flytja hana á sem hagkvæmastan hátt með nútímalegum vinnubrögðum.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. svörin, að því leyti sem þau voru svör við spurningum mínum, en það kom fram, að enn þá er alveg óljóst fyrir ráðh., hvernig sú lína verður og hve mikið hún á að flytja, sem norður yfir fjöll verður lögð. Við skulum segja, að það sé eðlilegt á þessu stigi málsins. En ég vil gera aths. við þá yfirlýsingu hans, að það sé spurningin um það, hvort við viljum samtengingu eða ekki, hvort þessi lína er lögð. Spurningin er núna sú, hvort rétt sé að gera þessa samtengingu eins fljótt og ráðh. vill eða þykist vilja, hvort ekki sé réttara að halda áfram enn um sinn virkjunum á Norðurlandi, eins og ég held, að sé vilji flestra Norðlendinga. Það er vafalaust ekki í huga neinna nein andúð gegn því að tengja saman

raforkukerfi landsins. Spurningin er, hvenær eigi að gera það, en ekki að vilja eða vilja ekki, eins og hér var sagt áðan.

Ég þakka þær upplýsingar og þá skoðun ráðh., að allir eigi að sitja við sem líkast raforkuverð. Það er ágætt. En í hugum allra er þó það, að séu dýrar framkvæmdir gerðar, þá kemur það alltaf í hlut neytanda, hvar á landinu sem er, að borga þetta dýra rafmagn, og þó að það sé ágætt kannske fyrir Norðlendinga, að það sé létt af okkur nokkrum hluta, þá er það með nokkurri íhugun, ef það er lagt á aðra að verulegum hluta, svo að þeim kunni að verða það þungbært. Þess vegna tel ég, að þessi mál þurfi öll að skoðast betur en enn hefur verið gert. Ég vil líka gera þá aths. við þá yfirlýsingu ráðh., að það hafi verið lögð fram stefnumið ríkisstj. í þessu máli hér á Alþ. í fyrra, að mér skilst eftir ýmsum umr., sem fóru fram í sumar, að það hafi verið stefnuyfirlýsing ráðherrans, en ekki ráðherranna.

Laxárvirkjun III. fsp. (þskj. 96). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Þriðja fsp., sem ég hef leyft mér að bera fram um orkumál, er varðandi Laxárvirkjun III.

Á allfjölmennum fundi, sem háskólastúdentar gengust fyrir á Hótel Sögu í fyrravetur um Laxármálið svonefnda, lýsti Sigurður Thoroddsen verkfræðingur, einn þekktasti virkjunarfræðingur núlifandi hérlendis og einnig kunnur náttúruverndarmaður, mjög eindregið yfir þeirri skoðun sinni, að fullvirkjun Laxár við Brúar væri tvímælalaust hagfelldasta lausn orkumála Norðlendinga á Laxársvæðinu miðað við 15—20 næstu ár, ef þar risi ekki orkufrekur iðnaður, sem enn er ekki vitað um. Sem miðlunarleið við veiðibændur við Laxá var hönnuð svonefnd Laxárvirkjun III, sem gerir aðeins ráð fyrir 20—22 metra stíflu í Laxárgljúfrum, svo að varla umtalsvert land fer undir vatn og hvergi rækt-að land. Allur þorri íbúa Norðurl. e. er inni á þessari virkjunarlausn, sem öll fer fram á eign eða umráðasvæði ríkisins. Vegna forvitni kjördæmisbúa, sívaxandi orkuþarfar og ótta við yfirvofandi orkuskort, jafnvel skömmtun nú í vetur, leyfi ég mér að spyrja:

1. Hefur iðnrh. ekki í huga að freista þess að afla sér lagaheimildar til að láta fullbyggja Laxárvirkjun III?
2. Hvert væri kostnaðarverð hennar á núgildandi verðlagi?
3. Hvert væri kostnaðarverð á rafmagni frá henni miðað við stöðvarvegg á Akureyri?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. er þessi: „Hefur iðnrh. ekki í huga að freista þess að afla sér lagaheimildar til að láta fullbyggja Laxárvirkjun III?“

„Iðnrn. hefur margsinnis áður lýst yfir því, að virkjanir í Laxá umfram þær, sem nú er unnið að, séu ekki á dagskrá. Þar af leiðir, að ekki verður leitað neinnar lagaheimildar um frekari virkjanir þar.

Þá spyr hv. þm.: „Hvert væri kostnaðarverð hennar á núgildandi verðlagi?“

Virðist mér, að þar muni vera átt við þá Laxárvirkjun, sem yrði með 23 metra stíflu. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur tjáir mér, að heildarkostnaðarverð slíkrar virkjunar yrði 720 millj. kr. að meðtöldum kostnaði við háspennulínu frá Laxá til Akureyrar. En kostnaður við þá virkjun, sem nú er verið að vinna að og er senn lokið, er 473 millj.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hvert væri kostnaðarverð á rafmagni frá henni miðað við stöðvarvegg á Akureyri?“

Mér skilst, að þar sé átt við, hvert yrði kostnaðarverð á rafmagni frá þessari stóru virkjun, sem ekki er fyrirhuguð af iðnrn. hálfu. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur hefur tjáð mér, að meðalorkukostnaður 1. og 2. stigs Laxár III ásamt tengilínu yrði 70 aurar á kwst., en orkukostnaður við fullnýtingu 1. og 2. stigs yrði 58 aurar á kwst. Meðalorkukostnaður hins vegar frá því stigi Laxár, sem nú er unnið að, er 1.10 kr. á kwst., og orkukostnaður við fullnýtingu frá þeirri stöð yrði 98 aurar á kwst. Það er þannig ljóst, eins og ég hygg, að allir viti, að með því að stækka þessa virkjun fæst þar hagkvæmara orkuverð, þó að þar sé ekki um að ræða hagkvæmara orkuverð en fæst úr mörgum öðrum virkjunum. Þetta var rn. að sjálfsögðu fullkunnugt um, þegar það tók þá ákvörðun að leita ekki eftir frekari lagaheimild um virkjanir á þessum stað. Ákvörðun rn. um það efni byggðist á allt öðru, sem sé því, að önnur sjónarmið beri stundum að setja ofar en hin efnahagslegu og svo beri að gera varðandi virkjun Laxár. Þetta vil ég, að komi skýrt fram. Ákvörðun rn. um, að ekki verði um frekari virkjanir að ræða í Laxá, er tekin út frá því einu sjónarmiði, að við ákvörðun um framtíð Laxár beri að setja önnur markmið ofar því að afla ódýrari raforku en takast mun með þeirri virkjun, sem nú er verið að ljúka.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar, sem ég vissi raunar allar fyrirfram, en ég vildi, að ráðh. gæfi þessa yfirlýsingu hér. Ég vil bæta því við, að ég hef í höndum upplýsingar um það, að þegar og ef Laxárvirkjun III væri að fullu byggð og fullu nýtt, þá kostaði rafmagnið þar 32 aura. Þetta er það, sem ráðh. segir um, að önnur sjónarmið verði að hafa og veita mönnum norður frá miklu dýrara og óhagkvæmara rafmagn, enda þótt allir kunnugir viti, að þó að Laxárvirkjun III væri byggð, mundi það á engan hátt lýta eða skemma Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er kannske rétt, að það komi hér fram, að enn hefur ekki fengizt leyfi til þess að ganga frá inntaksmannvirkjum við I. áfanga Laxárvirkjunar III, þannig að sú virkjun, sem ráðh. þó telur, að hann ætli að leyfa, hefur ekki fengizt fullgerð, eins og hún átti að verða, fyrir 1. des. á þessu ári. Og nú horfa allir íbúar á Laxárvirkjunarsvæðinu fram á það í vetur, að skömmtun á rafmagni verði á öllu

orkuveitusvæðinu, því að ekki einu sinni þessi litla virkjun, 6.5 megawött, fæst unnin, og langt er enn í fyrirheitna landið hjá iðnmrh., Sigölduvirkjun.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil leiðrétta þá missögn hv. þm., að orkukostnaður frá Laxá III yrði 32 aurar á kwst. Það er hrein fjarstæða. Orkukostnaður þeirrar viðbótar, sem fengist með stíflu og línu til Akureyrar, yrði 32 aurar á kwst., en það byggist að sjálfsögðu á því, að inn í fyrri áfanga þessarar virkjunar, eins og hún var fyrirhuguð á sínum tíma, þann áfanga, sem nú er unnið að, var lagður mjög verulegur kostnaður með tilliti til þessa síðari áfanga, sem engin lagaheimild var þó fyrir. Þetta leiðir til þess, að sú virkjun, sem nú er unnið að þarna, verður mun dýrari en hún hefði ella orðið, ef unnið hefði verið að henni á þeim forsendum, að það yrði endanleg virkjun. En hún var öll miðuð við það, að hægt væri að bæta þarna við, enda þótt engin lagaheimild væri fyrir þessari viðbót. Reikningskúnstir eins og þær að leggja meginkostnaðinn á fyrri hlutann og taka svo hugsaðan seinni hluta út af fyrir sig eru auðvitað ekki í samræmi við nokkurn veruleika.

Svo var að heyra á hv. þm., að iðnrn. bæri einhverja ábyrgð á því, að orkuskortur kynni að verða á Norðurlandi í vetur. Þetta er mikil fjarstæða. Iðnrn. hefur ekki tafið framkvæmdirnar við Laxárvirkjun um einn einasta dag. Það hefur ekki staðið á neinu atriði, sem Laxárvirkjun hefur farið fram á til rn. í sambandi við það mál. Ef það verður orkuskortur á Norðurlandi í vetur, bera þeir menn einir ábyrgð á því, sem stjórnuðu raforkumálum fyrir minn tíma í stjórnarráðinu, því að þá voru teknar ákvarðanir um þær virkjanir, sem nú eiga að framleiða raforku handa Norðlendingum. Sú töf, sem orðið hefur á framkvæmdum við Laxá, stafar á engan hátt frá stjórnarvöldum, heldur stafar hún af því, að verkið hefur gengið miklum mun hægar en áætlað var, vegna þess að verktakarnir hafa ekki staðið við þá tímaáætlun, sem sett var. Þar við bætist svo að sjálfsögðu Laxárdeilan, sem allir þekkja, og það er að sjálfsögðu forsenda þess, að þessi virkjun geti hafið starfsemi, að það takist að ná sáttum í þessari deilu. Ég hef áður lýst því yfir hér á þingi, að ég geri mér vonir um, að slíkt megi takast. En það tekst að sjálfsögðu því aðeins, að allir menn hafi á því góðan vilja og leggi sig fram til þess að lægja þá miklu og alvarlegu óvild, sem komin var upp á Norðurlandi í sambandi við þetta mál. Ég vil beina því til hv. þm., að þeir geri sér ekki leik að því að blása þar að glæðum á nýjan leik. Ég hygg, að það sé skynsamlegt fyrir alla aðila að vinna að þessum málum af stillingu, og þá geri ég mér vonir um, að takast kunni sættir í þessu máli, áður en mjög langur tími líður.

Sameinað þing, 22. fundur.

Þriðjudaginn 28. nóv., að loknum 21. fundi.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 72). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36. shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþingismenn gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum, þáltill. (þskj. 91). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36. shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám vinveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 76). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Á þskj. 76 flytjum við 5 þm. úr jafnmörgum stjórnmálaflokkum till. til þál. um afnám vinveitinga á vegum ríkisins. Tillgr. er stutt, þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hætta vinveitingum í veizlum sínum."

Grg. með þessari till. er einnig fáorð, á þessa leið:

„Stöðugt sigur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flm. þessarar till. er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi, í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri."

Þessi grg. segir nálega allt það, sem ég kýs að taka fram um leið og ég fylgi till. okkar fimmmenninganna úr hlaði. Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég þó geta þess, að frá minni hendi a. m. k. er till. ekki flutt í sparnaðarskyni. Ég hef ekki kynnzt því í áttbögum mínum eða annars staðar á landinu, að gestgjafar spari við gesti sína. Ætlast ég ekki heldur til þess af ríkisvaldinu, þegar ráðamenn telja hæfilegt að halda uppi risnu á annað borð. Enn fremur vil ég segja þetta: Þrásinnis hef ég heyrt fyrirliða þjóðarinnar lýsa ugg sínum út af vaxandi vindrykkju ungmenna, en engan lofa núverandi ástand á því sviði. Þegar svo er komið, sýnist mér einboðið, að ríkisvaldið taki upp þá hætti, sem till. greinir, enda hef ég satt að segja aldrei heyrt í efa dregið, að gott fordæmi sé góðra gjalda vert.

Þessi till. fjallar um tiltölulega mjög afmarkað atriði, og hún ætti því að vera fremur auðveld í meðförum og afgreiðslu. Ég vil leggja til, að till. verði vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Frsm. fyrir þessari till. er nú þegar búinn að segja, eins og hans var von og vísa, það, sem í raun og veru þurfti að segja um þetta mál, og kannske

óþarfi við að bæta. En ég vildi samt sem áður koma hér á framfæri örfáum sjónarmiðum mínum varðandi þetta mál.

Það er staðreynd, að ríkið hefur stórkostlegar beinar tekjur af áfengissölu. En við skulum líka gera okkur fulla grein fyrir því, að ríkið hefur einnig mörg bein og óbein gjöld vegna áfengisneyzlu þjóðarinnar. Ríkið hefur þess vegna meiri skyldur en aðrir til varnar í áfengismálum, og hefur vissulega ýmislegt verið gert í þeim efnum á undanförnum árum og áratugum. Vandinn í sambandi við þau — ég vil segja yfirþyrmandi vandamál, sem áfengisneyzlan hefur í för með sér í dag, hlýtur þess vegna að hvíla þyngra á ráðamönnum þjóðarinnar heldur en öðrum. Einmitt af þessum sökum fer ekki illa á því, svo að ekki sé meira sagt, að þessir hinir sömu aðilar skapi fordæmi, sem þeir þurfi a. m. k. ekki í sumum tilfellum, — ja, ég vil jafnvel taka svo sterkt til orða — að blygðast sín fyrir.

Það er staðreynd, að opinberar veizlur og athafnir ýmiss konar eru sýndar í sjónvarpi. Það koma einnig myndir af þessum athöfnum í blöðum. Það eru myndir af brosandi fyrirfólki með glas í höndum, einmitt mjög ákjósanleg sýnishorn af kennslu í drykkjusiðum. Maður sér nóg að mínu viti af slíkri kennslu í drykkjusiðum í sjónvarpinu hér, þó að þetta þurfi ekki ofan á að bætast. Þó að ekki væri nema af þessari ástæðu einni, væri full ástæða til þess, að við slíkar athafnir væri ekki veitt vín. Það vill nefnilega verða svo, að þegar við sjáum skálandi þjóðhöfðingja og valdamenn, bæði hérlendis og erlendis, verður mönnum hugsað sem svo, að það, sem „höfðingjarnir hafast að" o. s. frv., — og menn líta á þetta þeim augum, að þessi neyzla sé enn sjálfsagðari en hún annars kannske yrði hjá ýmsu fólki. Það vill einmitt verða svo, að eftiröpun í þessu þjóðfélagi er þýsna áberandi, bein eftiröpun. Og til er nokkuð í þessu þjóðfélagi einnig, sem heitir snobb.

Það eru líka mörg og ég vil segja sorgleg dæmi þess í okkar þjóðfélagi einmitt varðandi þetta tiltekna atriði, vínveitingar á vegum hins opinbera, að vínveizlur ráðh. og annarra fyrirmanna þjóðfélagsins, t. d. á ýmsum ráðstefnum og fundum, sem hér eru haldnir í höfuðborginni, hafi beinlínis orðið upphaf að allsherjarfylleríi þeirra fulltrúa, sem á þessum samkundum sátu. Ég vil segja, að um þetta eru mörg hryllileg dæmi. Vínveitingar í veizlum hins opinbera eru nefnilega sannarlega ljótur blettur. Og það er eitt, sem er þó einkennilegt og ég hef fundið vel, eftir að við fluttum þessa till. okkar, og það er það, að í jafnvinmenguðu lífslofti og við hrærumst þó í hér, þá er yfirgnæfandi meiri hluti fólks með þessari till. okkar. Það er ekki hin margfræga öfund í garð náungans, sem hér er á ferð. Það er einfaldlega heilbrigð skynsemi og heilbrigð lífsskoðun, sem brátt fyrir allt kemur þarna fyrst og fremst til álíta hjá fólkinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tók eftir því, þegar 1. flm. og frsm. fyrir þessari till. gekk í ræðustól áðan, að þá annaðhvort brostu ýmsir eða hristu höfuðið. Það skyldi ekki vera, að einhverjir hv. alþm. teldu, að hér væri um gamanmál að ræða. Það má vel vera, að það hvarfli að einhverjum hv. þm., að við fimmmenningarnir, sem þessa till. flytjum, séum svo fanatískir og kreddufullir, að engu tali taki. Það má vel vera, en ég vona, að ekki sé svo. En hvað um það, hitt veit ég eða a. m. k. vona, að allir hv. alþm. séu mér sammála um, að áfengisbölið í okkar þjóðfélagi er eitthvað það versta, sem við eigum við að stríða nú. Ég þykist mega dæma nokkuð um þetta eftir að hafa starfað að löggæzlumálum á annan áratug. Ég hef orðið vitni að fjöldamörgum dæmum þess, að áfengið hefur orðið þess valdandi, að fjöldi heimila hefur lagzt í rúst. Ég bið hv. alþm. að hugleiða þetta, þegar þessi mál eru hér á dagskrá.

Hv. frsm. sagði, að að sínu mati væri þessi till. ekki flutt í sparnaðarskyni, og geri ég ráð fyrir, að hann hafi þá átt við sparnað í beinhörðum peningum. En hversu margir eru þeir einstaklingar, sem hafa orðið áfengisbölinu að bráð? Það er að mínu viti sparnaður, ef við gætum á einhvern hátt orðið til aðstoðar í því að koma til liðs við það fólk, sem þannig hefur orðið úti, og fyrirbyggt, að fleiri einstaklingar en þegar er orðið yrðu þessum bölvaldi að bráð.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði hér áðan, að fylleri í veizlum á vegum einstakra samtaka er hneyksli, og það er hneyksli, að forráðamenn þjóðfélagsins, í þessu tilviki ráðh., bjóði til veizlu, þar sem vínveitingar eru hafðar um hönd. Það er tími til þess komin, að forráðamenn þjóðfélagsins, sem í tíma og ótíma tala um það vandamál, sem hér er um að ræða, spyrni við fótum og hafi fordæmi, því að það skulu menn hafa í huga, að hið forna spakmæli á enn við í þessum efnum sem öðrum, að eftir höfðinu dansa limirnir. Það er tekið tillit til þess og það er tekið eftir því, og skyldi ekki vera, að margur einstaklingurinn tæki fyrsta sopann í veizlu á vegum ríkisins, hjá opinberum aðilum og ráðh.? Ég segi: það er hneyksli, ef forráðamenn ríkisvaldsins, forráðamenn þjóðarinnar hafa frumkvæði um að kynna drykkjusiði á vegum hins opinbera.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér um ræðir, er að ýmsu leyti merk till. Í fyrsta lagi er okkur öllum það ljóst, að vandamál áfengisneyzlunnar er mjög stórt, og þótt aðrir vímugjafar séu e. t. v. vandamál meðal okkar þjóðar, þá kemst þó enginn í hálfkvisti við áfengið. Allt það, sem getur lagt þeim mönnum lið, sem vinna gegn ofneyzlu áfengis, er af hinu góða. Þessi till. á í fyrsta lagi að vera siðferðilegur stuðningur við alla þá, sem vilja ráða bót á því mikla böli, sem áfengið er í mörgum fjölskyldum í okkar landi.

Við vitum, að það þýðir ekki að tala um algert áfengisbann. Við vitum líka, að fjöldi manna fer þannig með áfengi, að ekki verður til stórskaða. Hitt er svo annað mál, að það eru kannske vissir starfshópar, sem beinlínis vegna starfa sinna þurfa og nærri verða að

neyta áfengis fram úr öllu hófi. Og þar sem áfengi er viðurkennt ávanaefni, þá er mjög líklegt, að starfsaðstaða stórra starfshópa verði einhverjum að falli í baráttunni gegn áfenginu. Þetta á ekki sízt við einmitt um ýmsa þá starfshópa, sem vinna á vegum hins opinbera. Ég held því, að það liggi meira á bak við þessa till. og það mætti vænta af henni meiri umbóta heldur en virðist við fyrstu sýn.

Í öðru lagi er þetta sannarlega sparnaðartill. Ég á þó kannske ekki fyrst og fremst við, að hún spari innkaup á áfengi, en ég hef trú á því, að a. m. k. fyrsta kastið yrðu kannske haldnar færri veizlur og færri mundu mæta í veizlunum.

En varðandi það atriði, að hér sé ólíklegt um árangur, þá vil ég geta þess, að það er til árangur í áróðri fyrir slíkum hlutum. Fyrir nokkrum árum var varla haldin hér fermingarveizla, án þess að áfengi væri haft um hönd. Nú er þessi siður lagður niður vegna áróðurs góðra manna. Við þekkjum, að vín hefur verið haft hér um hönd í erfisdrykkjum frá upphafi okkar byggðar, en slíkt hefur farið mjög minnkandi á síðustu árum af sömu orsökum. Næði þessi till. samþykki og framkvæmd, þá er ekki nóg með það, að af henni yrði sparnaður, heldur mundum við eignast heilbrigðari þegna. Sannleikurinn er nefnilega sá, að áfengið er mjög hættulegt heilsunni, og það þarf ekki endilega að vera notað í miklu óhófi til þess. Þeir, sem hafa t. d. þann sið Íslendinga að drekka sjaldan en drekka sig illa fulla, geta orðið fyrir allmiklum áhrifum með tímanum þess vegna. Það er vegna þess, að áfengið hefur þann illa ávana, að það ræðst einkum á heilasellurnar. Fróðustu menn segja, að í hvert skipti sem maður drekkur sig fullan, drepist milljónir af þessum heilasellum. Og þær eru með þeim ósköpum gerðar, að þær eru einar af fáum frumum líkamans, sem ekki endurnýja sig sjálfar. Það ganga því margir með lík í hausnum.

En þetta er aðeins ein hliðin á málinu. Það er vitað mál, að æviskeið þeirra, sem drekka áfengi, er styttra en þeirra, sem ekki nota það, og enn fremur, að það leggst illa á ýmis mikilvæg líffæri, eins og lifrina, og veldur einnig þar heilsufarslegum skaða. Þetta er þó einungis það, sem kemur fram við þá, sem áfengisins neyta Hitt er kannske ekki síður alvarlegt, og það eru áhrifin á heimilin og fjölskyldur þeirra, sem ofnota áfengi. Ég ætla ekki að rekja slíkt, við þekkjum það öll. En ég hika ekki við að fullyrða, að áfengisneyzla er stærsta félagslega vandamál þessarar þjóðar. Og ég held í raun og veru, að það sé engin leið að hafa veruleg áhrif á áfengisneyzlu í okkar landi, nema ef vera kynni með áróðri og þá helzt að hann kæmi frá okkur rosknu mönnunum. Ég hef ekki mikla trú á því, að unglingarnir gleypi við og hætti að drekka brennivín, af því að alþm. hætta að nota það í sínum veizlum, en ég hef mikla trú á því, að þetta muni hafa áhrif smám saman í þá átt, að ýmsar veizluvenjur breytist, sem sagt að venjulegt fólk fyrirverði sig ekki lengur fyrir að hafa síðdegisdrykkju eða veizlu í heimahúsum án þess að nota áfengi.

Það eru margir einstaklingar í þessu landi, sem ofnota áfengi. Hér eru a. m. k. 2000 hreinir sjúklingar vegna áfengis, og hér eru 4000 manns, sem eru á þeirri braut að vera áfengissjúklingar. Það er líklegt, að 80—90 þús. manns í okkar landi noti áfengi. Könnun, sem nýlega var gerð, sýndi, að 30% af 15 ára drengjum höfðu neytt áfengis og 24% stúlkum, og af tvítugum drengjum höfðu 90% neytt áfengis og 83% af stúlkum.

Við erum ekki vel settir til að lækna þá, sem sjúkir verða af völdum áfengis. Við höfum að vísu áfengisvarnastöð og við höfum hæli til þess að sinna þessu fólki. En hvort tveggja er í allt of litlum mæli, og það má segja, að þessi mál okkar séu í hreinasta ólestri. Okkur vantar staði til þess að veita fyrstu hjálp og ráðleggingar, okkur vantar staði til þess að taka þá, sem eru léttveikir af áfengisskýkinni, og okkur vantar hæli fyrir varanlega áfengissjúklinga. En mest af öllu, held ég, að okkur vanti þó sterkt almenningsálit gegn ofneyzlu áfengis. Það er í þeim tilgangi, sem þessi till. er flutt, fyrst og fremst til þess að vekja athygli á vandanum og til þess að gera tilraun til að hafa áhrif á almenningsálitið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er ekki hægt um vik fyrir þm. að æskja upplýsinga frá einhverjum hæstv. ráðh. í sambandi við mál, sem eru á dagskrá og hér til umr. Ég hygg, að þær upplýsingar, sem ég ætlaði hér að gerast svo djörf að fara fram á, að veittar yrðu, gætu hvort heldur væri komið frá hæstv. menntmrh., sem við vitum, að er nú upptekinn við að semja um fiskveiðilögsögu, eða hæstv. heilbr.- og trmrh., hæstv. félmrh. eða jafnvel hæstv. viðskrh., sem líka er að semja um fiskveiðilögsögu. (**Forseti:** Ég mun fresta umr., ef hv. þm. óskar þess). Já, það væri ekki úr vegi, því að þetta er fsp., sem varðar það mál, sem hér er á dagskr. Ég get annars hvort heldur er borið fram þessa fsp. núna og forseti . . . (**Forseti:** Óskar þm. eftir, að ég fresti umr.?) Já, takk.

Umr. frestað.

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. (þskj. 88). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, að flytja till. til þál. á þskj. 88, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót mötuneytum og heimavistum á vegum hins opinbera, sem ætlaðar verði þeim nemendum af landsbyggðinni, sem sækja verða þá sérskóla í Reykjavík, er ekki starfa annars staðar á landinu. Í þessu sambandi verði m. a. kannað, hvort ekki komi til greina að semja við starfandi hótel um slíkan rekstur".

Tilefni þessarar till. er fyrst og fremst, að undanfarin 2—3 ár hefur vandi skólafólks af landsbyggðinni, sem sækir framhaldsnám í skól-

um Reykjavíkur, við öflun húsnæðis og fæðis farið ört vaxandi. Athygli okkar hv. þm. á þessu var vakin í bréfi frá framhaldsskólanemendum og hversu mjög kastar nú tólfunum í þessu efni á yfirstandandi hausti. Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, lýsti ástandinu á þessu sviði í snjallri ræðu hér á hv. Alþ. við góðar undirtektir viðstaddra, og hef ég litlu við það að bæta, sem hann sagði um það efni. Ég tel þó rétt að greina frá því, að tvær ofureðlilegar ástæður liggja einkum til þess, að nemendum af landsbyggðinni hefur fjölgað hér í höfuðborginni við framhaldsnám á síðustu árum. Hin fyrri er sú, að árgangar framhaldsskólanema hafa farið stækkandi, og þó hygg ég það veigameiri ástæðu, að nemendur, sem sækja vilja skóla utan heimabyggðar sinnar, fá nú nokkurn styrk til þess úr ríkissjóði, en sá háttur var upp tekinn, eins og hv. þm. er eflaust kunnugt, árið 1970. Þessar styrkveitingar hafa án efa auðveldað ýmsum að sækja framhaldsnám utan sinnar heimabyggðar, sem annars hefðu ekki átt þess kost, og þá einnig í Reykjavík, enda er það megintilgangur umræddra styrkja.

Eins og vikið er að í grg., erum við flm. þessarar till. þeirrar skoðunar, að fyrst og fremst beri að leysa þörf nemenda af landsbyggðinni til framhaldsnáms með byggingum og rekstri skóla sem næst heimabyggðum nemendanna. Þá meginstefnu ætti ekki að þurfa að rökstyðja. Á hinn bóginn teljum við, að horfast þurfi í augu við þá staðreynd, að þrátt fyrir slíka meginstefnu í skólamálum muni jafnan vera mikill fjöldi nemenda frá landsbyggðinni, sem sækja þurfa og vilja nám í Reykjavík. Á þessum forsendum og til þess að freista þess að fá aðstöðu þessa fólks bætta, er þáltill. okkar flutt.

Ég hef áður hér á hv. Alþ. vakið athygli á þessu sérstaka vandamáli, sem þáltill. þeirra, sem hér um ræðir, er ætlað að koma á framfæri og stuðla að lausn á. Á síðasta þingi mælti ég fyrir till. um könnun á kostnaði og fjárhagslegri getu æskufólks í strjálbýli til framhaldsnáms. Sú till. fékk ekki formlega afgreiðslu, þar sem meginefni hennar var tekið upp í lög um jöfnun námsaðstöðu, sem samþykkt voru seinna á þinginu. Þegar ég mælti fyrir fyrrgreindri till., komst ég þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er ekki úr vegi að drepa á einn mikilvægan þátt framangreinds máls, og þá hef ég í huga þá spurningu, í hvaða formi eigi að greiða fyrir framhaldsnemendum úr strjálbýli, sem sækja skóla fjarri heimabyggð sinni, þannig að fyrirgreiðslan verði sem eðlilegust og komi að sem mestu gagni. Ég tel engum vafa undirorpið, að sumpart eigi að halda áfram beinum styrkveitingum, eins og verið hefur, bæði í fyrra og á yfirstandandi ári. Það er t. d. augljóst að því er varðar endurgreiðslur ferðakostnaðar. Um dvalarkostnað gæti þó sumpart gengt nokkuð öðru máli. Spyrja mætti, hvort ekki væri skynsamlegt að verja nokkru fé úr ríkissjóði til þess að styrkja starfrækslu mötuneyta eða jafnvel heimavista, t. d. hér í Reykjavík, þar sem hundruð nemenda utan af landi sækja framhaldsskóla í stað þess að veita beina dvalarstyrki til nemenda vegna fæðiskaupa og húsaleigu á eigin vegum. Benda mætti í því sambandi á, að mörg hótelanna í Reykjavík eru illa nýtt yfir vetrarmanuðina. Væri ekki hugsanlegt, að hið opinbera gæti samið við einhver þeirra í þessu skyni og jafnframt greitt þeim beint úr ríkissjóði vegna þjónustunnar í stað þess að greiða nemendum hærri dvalarstyrki."

Ég held enn, að þetta sé raunhæfasta leiðin til þess að leita lausnar á heimavista- og mötuneytisvanda nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja skóla í Reykjavík. Benda má á, hversu hagkvæmt væri á margvíslegan hátt að leigja hótel í þessu skyni. Hótelin sjálf nýttust betur og um leið drægi úr eftirspurn eftir venjulegum íbúðum til leigu, þar sem vitað er, að skólanemar slá sér oft saman og leigja slíkt húsnæði. Með þeirri ráðstöfun að stuðla að bættri nýtingu hótelanna á þann hátt, að hið opinbera leigi hluta þeirra til starfrækslu mötuneyta og heimavista fyrir utanbæjarnemendur í Reykjavík, væri því á fljótvirkastan og auðveldastan hátt unnt að létta að nokkru á þeim þrýstingi, sem nú er á almennum leigumarkaði á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem aðstaða nemenda af landsbyggðinni yrði stórlega bætt. Þótt hér sé fyrst og fremst bent á þessa leið, þá koma að sjálfsögðu ýmsar aðrar til greina.

Á þessu stigi tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, svo augljós sem þörfin á úrbótum í þessu efni hlýtur að vera öllum hv. þm.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós ánægju mína yfir því, að till., sem þessi er fram komin hér á hv. Alþ., hún er áreiðanlega ekki flutt að nauðsynjalausu.

Eins og hv. frsm. drap á, er það svo með ýmsa skóla hér á höfuðborgarsvæðinu, að þeir eru einir sinnar tegundar í landinu og allir, sem ætla sér að afla sér þeirrar menntunar, sem þeir veita, verða að koma hingað og dveljast hér. Á hinn bóginn eru nokkrir skólar, sem eru svo fáir sinnar tegundar, að margir, sem ætla að sækja þá, þurfa að fara úr sínum byggðarlögum og dveljast þar, sem skólar þessir eru, án þess að eiga þar kost á heimavistaraðstöðu.

Það er ekki langt síðan tekið var að veita beinan fjárstuðning nemendum, sem þurfa að sækja menntun sína á fjarlæg mið, ef svo mætti segja. Um þau mál er hins vegar nokkuð löng saga, aðdragandinn var nokkuð langur. Ár eftir ár voru fluttar hér á hv. Alþ. till. um að kanna þörfina á þessu. Þær fengu lítinn hljómgrunn fyrst framan af, en voru að lokum samþykktar. Athugun fór fram, og tekið var að veita fé í þessu skyni, fyrst í mjög smáum stíl, 10 millj. kr., minnir mig, fyrir eitthvað þremur árum, en síðan hefur þessi upphæð vaxið hröðum skrefum, því að í stjórnarsamningi núv. ríkisstj. var svo fyrir mælt, að áfram skyldi haldið á þeirri braut að jafna aðstöðu nemenda að þessu leyti. Í samræmi við það beitti ríkisstj. sér fyrir því strax á sínu fyrsta þingi, að sett var löggjöf um þetta efni, þar sem gert var ráð fyrir að auka þennan stuðning í áföngum.

Þrátt fyrir þetta held ég, að þessi till. eigi fyllilega rétt á sér. Það hefur farið í vöxt, að nemendur eigi erfitt með að fá inni hér í Reykjavík, og alveg sérstaklega nú, þar sem húsaleiga hefur hækkað ofsalega, að því er mér er tjáð og altalað er. Menn kannske kenna því um, að hér sé vaxandi húsnæðisekla. Ég er ekkert viss um, að svo sé. Ég dreg það í efa og miða t. d. við þær viðræður, sem ég hef átt við skólafólk utan af landi, sem hefur verið að berjast í þessu. Það vantar ekki, að það fái mörg tilboð, þegar það auglýsir eftir herbergjum, en gjaldið, sem upp er sett, er yfirþyrmandi hátt. Mér finnst þess vegna full ástæða til þess að leita félagslegra aðgerða í þessu efni.

Í till. er vikið að þeim möguleika að nýta hótelrými, sem kynni að vera lítið notað yfir veturinn, fyrir utanbæjarnemendur. Þetta finnst mér sérstaklega mikið sanngirnismál. Lítum bara á, hvað gerzt hefur í þessum efnum úti á landi. Dreifbýlið, sem hér á börn sín í vanda stödd, hefur nefnilega rækt merkilegt hlutverk í gistimálum. Ég á ekki við þá oft rómuðu gestrisni íslenzku sveitaheimilanna, ég þarf ekki að sækja svo langt. Ég vil minna á það, að samtök dreifbýlisfólks hafa ekki einasta komið á fót gistiaðstöðu í fjölmörgum — og ég vil segja öllum fjölmennari dreifbýliskjörnum sinna byggðarlaga, heldur hafa samtök dreifbýlisfólks einnig hlaupið í skrápana hér í höfuðstaðnum og byggt hér, þegar mjög brýn þörf var fyrir það, myndarlegt hótel og rekið það með myndarbrag. Þar að auki er það staðreynd, að mjög margir af heimavistarskólunum úti í strjálbýlinu eru nýttir að sumrinu sem gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðalanga. Ef á þetta er litið, finnst mér það ákaflega eðlilegt og einkar sanngjarnt, að hugsað sé fyrir því og a. m. k. vandlega kannað, hvort ekki er hægt að nýta hér að vetrinum hótelpláss, sem kynni að vera lítil þörf fyrir til almennrar gestamóttöku, einmitt fyrir skólafólk dreifbýlisins, eins og till. fjallar um. En fyrir utan þetta sanngirnissjónarmið er merguinn málsins, að hér er um mjög brýnt og aðkallandi vandamál að ræða.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég kom hér aðeins í ræðustól til þess að lýsa yfir fyllsta stuðningi mínum við þessa till., sem er hvort tveggja í senn tímabær mjög og tekur á miklu vandamáli, sem er reyndar alls ekki nýtt. Segja má, að varðandi vanda þess mikla fjölda skólafólks, sem sækir hingað nám, hafi hið opinbera á undanförnum árum brugðizt mjög hlutverki sínu að aðstoða þetta fólk, þótt, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, töluverð breyting hafi orðið þar á allra síðustu árin. Í n. þeirri, sem ég átti sæti í í fyrra og fjallaði um stuðning við skólafólk af landsbyggðinni og átti að semja ný lög um þessi atriði, þá kom það einmitt í ljós við öflun upplýsinga, hve gífurlegur mismunur var þarna á aðstöðu skólanemendanna og hve margir þeirra höfðu neyðzt til þess, að því er virtist, að búa við alls óviðunandi kjör, sérstaklega varðandi húsaleigu og einnig fæðiskostnað.

Hér var á dögunum rifðjuð upp heldur ljót saga um viðskipti opinberra aðila við eitt hótel hér í bæ. Það væri sannarlega ástæða til þess, að það mál yrði að fullu upplýst, þannig að skýrt kæmi í ljós, hvort þarna sé um hreinar vanefndir hótelsins að ræða eða ekki.

Menntmrh. hefur, að því er ég bezt veit, eitthvað kannað þessi mál og veitt fáeinum nemendum nú í haust sérstaka aðstoð varðandi þeirra vanda. Það væri mjög gott, ef þessi till. gæti orðið til þess að ýta þar frekar á, og ég lýsi yfir fyllsta stuðningi mínum við hana.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér eins og síðasti ræðumaður að lýsa fylgi við þessa till. og þakka það, að hún er fram borin. Hér hafa tvívegis komið fram ummæli þess efnis, að í samningum við ákveðið hótel hér í borginni hafi e. t. v. orðið vanefndir, — eins og kom fram í orðum síðasta ræðumanns, — af hálfu forráðamanna þar, að því er varðar fyrirgreiðslu fyrir námsmenn utan af landi. Ég reyndi að grafast fyrir um þetta mál, eftir að ég heyrði það hér í þingsölum, því að mig minnti, að annað hefði verið uppi á teningnum, þegar þessi mál voru á döfinni á sínum tíma. Rétt er það, að það kom til tals, þegar hótel það, sem um er rætt, var í byggingu, að möguleikar gætu orðið á því að hýsa skólafólk utan af landi í einhverjum hluta hótelsins, þegar það annars væri ekki fullnýtt. Hér á þingi var því haldið fram, í ræðu, að þetta hefði verið úrslitaástæða fyrir því, að hótelið fékk fjárhagslega fyrirgreiðslu. Mér er tjáð í Seðlabankanum, að raunveruleg úrslitaástæða fyrir þeirri fyrirgreiðslu, sem þarna var um að ræða, hafi verið tvíþætt: Þegar þetta hótel var í byggingu, var erfitt atvinnuástand hjá iðnaðarmönnum og erfitt gjaldeyrisástand hjá þjóðinni. Með því að stuðla að þessari stóru framkvæmd fengu margir iðnaðarmenn atvinnu, og með þessari hótelbyggingu var einnig stefnt að því að útvega þjóðinni erlendan gjaldeyri með gistingu ferðamanna og erlendra ráðstefnugesta hér á landi. Hins vegar var svo, þegar til kom, haft samband við forráðamenn ýmissa skóla, sem ekki eru í mjög mikilli fjarlægð frá þessu hóteli, og af þeirra hálfu var ekki áhugi á málinu þá. Þetta vildi ég aðeins, að fram kæmi, úr því að tvisvar hefur verið að þessu vikið á annan veg. Hitt er svo allt annað, að það kann vel að vera, að núna sé sá áhugi fyrir hendi, enda aðstæður aðrar, og vel getur verið, að slíkir samningar náist núna. Um það skal ég ekkert segja. Ég vildi aðeins, að það, sem réttara er, kæmi fram í þessu máli.

Annars væri í sambandi við þetta mál, sem hér er á dagskrá, önnur lausn, sem gæti að mínu viti mjög vel komið til álita við hliðina á þeirri lausn, sem bent er á í till. Sú hugmynd, sem ég ætlaði að varpa fram þm. til umhugsunar, kom fram á fjölmennum kvennafundi, sem ég átti sæti á í sumar sem leið. Þar voru konur víðs vegar að af landinu og úr ýmsum stjórnmálaflokkum. Það kom fram hjá húsfreyju austan úr lóni, Sigurlaugu Árnadóttur, að verið gæti mjög mikilsverð lausn á þessu máli, að komið væri á eins konar nemendaskiptum milli dreifbýlis og þéttbýlis. Við höfum séð, að hafa verið nemendaskipti milli landa, milli mismun-

andi skóla með góðum árangri. Þau hafa farið fram á þann hátt, að nemendurnir hafa eignazt heimili hvor í annars landi, þegar um það var að ræða. Það, sem fyrir konunum vakti, var, að sveitaheimili, sem þyrfti að kosta ungling, kannske fleiri en einn, í skóla í höfuðborginni eða á þéttbýlisstöðum, gæti leyst það mál á fjárhagslega léttbærari hátt og í mörgum tilvikum skemmtilegri hátt fyrir ungling sinn með því að fá unglinginn hýstan á heimili í borginni, þar sem hann væri rétt eins og einn heimilismanna, og síðan tæki það sveitaheimili, sem í hlut ætti, barn af borgarheimilinu til sumardvalar að liðnum vetrinum. Að sjálfsögðu eru höfð í huga heimili, þar sem eru börn á ýmsum aldri og börn á þeim aldri, sem við vitum, að oft er mjög erfitt að koma til sveitadvalar, þó að allir séu sammála um gagnsemi slíks fyrir börnin. Þau gætu þarna líka fengið nokkra úrlausn sinna mála. Auk þess sem þetta leysti að þessu leyti húsnæðis- og uppihaldsmál viss fjölda nemenda utan af landi, hefði þessi lausn líka almennt menningargildi. Við tölum oft um það, hvílíkan skaða þjóð okkar hefur beðið af því, að fjarlægð eða sambandsleysi milli sveitafólks og þéttbýlisfólks verður sífellt meiri. Þessir hópar þurfa að kynnast betur störfum hvor annars, og ég held, að engin leið gæti verið áhrifaríkari til slíks en einmitt tengsl og gagnkvæm kynni heimili í borg og byggð.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari hugmynd, sem fram kom á kvennafundinum. Þetta var á landsþingi Kvenréttindafélags Íslands, sem haldið var í júní s. l. Gæti e. t. v. komið til athugunar að taka ábendingu um þessa lausn inn í till., ef hv. n. sýndist svo. Annars er ég að öllu leyti fylgjandi þessu máli, sem hér hefur verið fram borið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðvörunarkrefi á hraðbrautir, þáltill. (þskj. 102). — Fyrri umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 11. landsk. þm., Ólafi G. Einarssyni, og hv. 1. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 102 um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautum með varanlegu slitlagi. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að koma upp sjálfvirkum hálkuviðvörunarkerfum við hraðbrautir með varanlegu slitlagi, einkum við vegarkafla, þar sem athugun hefur leitt í ljós, að sérstök hætta er á hálkumyndun. Kostnaður við framkvæmdina teljist stofnkostnaður viðkomandi hraðbrautar."

Umferðarslys valda dauða og örorku nokkurs fjölda hér á landi árlega. Vaxandi umferðarhraði veldur þar nokkru um, einkum það, að ökumenn taka ekki nægilegt tillit til aksturs skilyrða. Reykjanesbraut hefur nú verið í notkun nokkur ár. Þar hafa orðið mörg umferðaróhöpp og allmörg dauðaslys. Þar urðu á árinu 1970 96 umferðaróhöpp, og í þeim meiddust 24 og eitt dauðaslys varð. Árið 1969 urðu þar 59 umferðaróhöpp, þar sem 13 meiddust. Og árið 1968 urðu óhöppin 78, og 18 meiddust það árið.

Augljóst er, að allt verður að gera, sem unnt er, til þess að draga úr tíðni umferðarslysa, og þótt okkur sé fullljóst, að hálkan er aðeins einn af mörgum þáttum í þessu vandamáli, lítum við svo á, að nokkru sé vert að kosta til til þess að vara við henni.

Sjálfvirk viðvörunarkerfi, sem gefa merki, þegar það veðurlag kemur, sem líklegt er til þess að valda hálku hafa verið í notkun víða um heim alllengi. Því verður þó ekki neitað, að þau eru dýr, þótt ekki séu þau mörg prósent af kostnaðarverði hraðbrautanna. Hér hefur komið í ljós, að á ákveðnum vegarköflum er hætta á hálku miklu meiri en annars staðar. Sjálfsagt væri þá að byrja á því að setja viðvörunarkerfið upp á þessum köflum og sjá, hvernig það reyndist.

Ég hef nú í augnablikinu ekki fullkomlega öruggar upplýsingar um kostnað. Hins vegar er mér ljóst, að tap þjóðfélagsins vegna slysa á Reykjanesbraut nema a. m. k. á annan tug millj. árlega, og þegar við bætast Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur, má okkur öllum vera ljóst, að allt það, er orðið gæti til þess að draga úr slysum, er þess vert, að athugað sé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og fjallar um breytingu á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, er fram borið í beinu framhaldi af samkomulagi, sem gert var, þegar fiskverð var ákveðið fyrir síðasta fjórðung ársins eða í byrjun okt. Þegar verðlagsráð sjávarútvegsins fjallaði þá um nýja fiskverðsákvörðun, kom brátt í ljós, að ýmis rök mæltu með því, að fiskverð yrði hækkað talsvert frá því, sem verið hafði, m. a. vegna þess, að afli hafði minnkað talsvert verulega frá því, sem áætlanir höfðu verið gerðar um, og samsetning aflans var líka önnur en ráð var fyrir gert. Af þessu leiddi það, að launakjör sjómanna höfðu orðið lakari en ráðgert hafði verið, og það var almennt skoðun aðila í verðlagsráði, að ekki yrði undan því vikizt að bæta kjör sjómannanna frá því, sem orðið var. Þá hafði einnig komið í ljós, að hagur fiskiðnaðarins í landinu hafði versnað af þessum sömu ástæðum, vegna minnkandi afla og vegna óhagstæðari samsetningar á fiskaflanum, sem fjárhagslega kom verr út fyrir fiskiðnaðinn. Að sjálfsögðu hafði hagur fiskiskipanna einnig versnað með minnkandi afla. Um það var síðan gert samkomulag í verðlagsráði sjávarútvegsins á milli allra þeirra aðila, sem þar áttu hlut að máli, að leggja til, að fiskverð

yrði hækkað um 15% að meðaltali á tímabilinu frá 1. okt. til ársloka. En þetta samkomulag var þó háð því skilyrði af hálfu fiskkaupenda, að greiðslur yrðu að koma annars staðar frá en frá fiskiðnaðinum, þar sem hann gæti ekki tekið á sig aukin útgjöld.

Þeir aðilar, sem standa að verðlagsráði, komu sér síðan saman um að gera till. til sjútvrh. um, að sú upphæð, sem talið var, að greiða þyrfti í þessum efnum vegna þessarar fiskverðshækkunar og vegna hinna versnandi rekstraraðstöðu fiskiðnaðarins, yrði greidd úr verðjöfnunarsjóði. Að vísu var það svo, að upphaflega till., sem kom frá þesum aðilum í verðlagsráði, var um talsvert meiri greiðslu úr verðjöfnunarsjóði en endanlegt samkomulag varð um, þar sem ég hafði ekki viljað fallast á hina hærri till., sem gerði ráð fyrir enn þá meiri greiðslu úr sjóðnum til fiskiðnaðarins. Samkomulagið, sem gert var í sambandi við þessa fiskverðsákvörðun, var það, að greidd skyldi úr verðjöfnunarsjóði með sérstökum hætti fjárhæð til sjávarútvegsins, sem næmi 88 millj. kr. á þessu tímabili, frá októberbyrjun til ársloka, miðað við tiltekið aflamagn, sem á land yrði lagt á þessum tíma. Þar var lagt til grundvallar, að heildaraflamagnið, sem greitt yrði út á þessum tíma, væri að verðmæti 400 millj. kr., reiknað út á því verði sjávarafurða, sem gilt hafði fram að þessari verðlagningu 1. okt. Var þá reiknað með því, að miðað við þessa fjárhæð yrði greiðslan úr verðjöfnunarsjóði 88 millj. kr., en hún yrði að sjálfsögðu hærri, ef aflinn yrði meiri, en lægri, ef aflinn yrði minni. Skiptingin á þessu fé var þannig, að áætlað var að greiða 15% meðaltalsverðhækkun á fiski á magn, sem næmi 400 millj. kr., þ. e. a. s. að fiskverðshækkunin sjálf næmi þá 60 millj. En síðan var gert ráð fyrir að greiða sérstaklega til fiskiðnaðarins 28 millj. kr. til þess að lagfæra þar rekstrargrundvöllinn, og var þá við það miðað að 26 millj. rynnu til frystihúsanna, en 2 millj. til annarra fiskverkunargreina.

Það hefur nokkuð verið um það rætt, að það hafi verið hæpið að taka þessa greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, og þá væntanlega ráð fyrir því gert af þeim, sem hafa uppi þær aths., að einhver annar ætti að greiða þessa fjárhæð, t. d. ríkið. Í sambandi við það vil ég taka fram, að lögin um verðjöfnunarsjóð eru þannig, að ákveðnir aðilar ráða þar, hvort fé er greitt úr sjóðnum eða ekki. Fulltrúar fiskiðnaðarins og fiskseljenda eru með meiri hluta atkvæðamagn í stjórn verðjöfnunarsjóðs. Það verður því ekki greitt fé úr þessum sjóði að óbreyttum lögum nema með vilja þeirra. Hins vegar þarf einnig að koma til staðfesting ráðh. á greiðslum úr sjóðnum.

Nú er það svo, að það var ráð fyrir því gert í lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, að það fé, sem í sjóðnum væri á hverjum tíma. ætti fyrst og fremst að nota til þess að vega upp verðfall á útflutningsafurðum eftir þar til settum reglum. En þó var skýrt tekið fram í l., og það hefur síðan verið framkvæmt æ ofan í æ, sem segir í 7. gr. l., að við ákvörðun á viðmiðunarverði, sem allar greiðslur úr sjóðnum miðast við, skuli stjórn verðjöfnunarsjóðs, eins og segir orðrétt: „Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar.“

Það er þetta, sem hefur verið gert við flestar fiskverðsákvarðanir, sem gerðar hafa verið, síðan þessi lög voru sett, að miðað hefur verið við rekstraraðstöðu framleiðslunnar, þegar viðmiðunarverð hefur verið ákveðið og greiðslur úr sjóðnum ákveðnar. Nú var það svo, að í þessu tilfelli lögðu þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, það til, að viðmiðunarverði yrði breytt samkv. þessum reglum, og þá hefði ekki þurft að koma til nein lagabreyting, því að það er auðvelt að ákveða viðmiðunarverðið þannig, að um útstreymi úr sjóðnum verði að ræða. Það taldi ég hins vegar ekki rétt, og hinir stjórnskipuðu fulltrúar, sem eru í stjórn verðjöfnunarsjóðsins, töldu einnig óæskilegt að ákveða viðmiðunarverðið það hátt, enda væri það þá eins og ákveðin vísbending um, að ætlað væri að halda áfram að greiða á þennan hátt úr sjóðnum. En hér var um bráðabirgðasamkomulag að ræða, sem aðeins átti að standa þrjá mánuði, frá októberbyrjun til ársloka, og því varð að ráði og allsherjarsamkomulag gert um það á milli aðila, að gerð yrði breyting á l. með sérstöku bráðabirðaákvæði, sem gerði ráð fyrir tiltekinni greiðslu úr sjóðnum, án þess að breytt yrði viðmiðunarverði á þann hátt, sem annars hefði þurft.

Hér er sem sagt um það að ræða, að vegna minnkandi afla og lakari, verðminni afla, voru gerðar þessar ráðstafanir til þess að hækka fiskverðið, bæta afkomu útgerðar og sjómanna og afkomu fiskvinnslunnar á þremur síðustu mánuðum ársins, sem eru jafnan þeir lökustu fyrir reksturinn, og verja til þess fé úr þessum sjóði, sem gæti orðið í kringum 88 millj. kr., en sú fjárhæð nemur varla vaxtagreiðslum úr þessum sjóði, eins og hann er nú orðinn.

Því miður hefur tekið lengri tíma hér á hv. Alþ. að fá afgreitt þetta frv., sem til er komið með þessum hætti, en æskilegt hefði verið. Þeir aðilar, sem hafa gert ráð fyrir því að fá þá fiskverðshækkun, sem hér er um að ræða, hafa þurft að bíða eftir henni allan þennan tíma. Og það er út af fyrir sig heldur óskemmtilegt, enda í nokkrum tilfellum beinlínis kvartað undan því af aðilum, að þeir treysti sér ekki til að halda áfram róðrum, ef þeir fá þetta ekki greitt. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að sú n., sem fjallar um málið í hv. Ed., hraði afgreiðslu þess. Það hefur jafnan verið gert um hliðstæð mál hér á hv. Alþ., þar sem um samkomulagsmál er að ræða og jafnsjálfsagt mál og þetta.

Ég tel mig hafa skýrt meginatriði þessa frv., enda vænti ég, að það sé flestum hv. alþm. kunnugt. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu, og leyfi ég mér að vænta þess, að hún bregðist vel við og afgreiði málið úr þessari d. hið allra fyrsta.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. lýsti vonbrigðum sínum yfir því, hvað hafi dregizt að afgreiða þetta mál hér á þingi, og

hvatti til, að það gengi skjótt í gegnum þessa d., þar sem hér væri um samkomulagsmál að ræða, sem ætti ekki að þurfa að taka langan tíma. Ég skil ekki í, að neinn hafi löngun hér í þessari hv. d. til að tefja fyrir málinu. Hins vegar skilst mér, að það hafi verið til meðferðar einn mánuð eða um það bil í hv. Nd., sem ég skal ekki segja, af hverju stafar. En það er vitanlega mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að hér sé um neitt samkomulagsmál að ræða. Það hefur að vísu enginn snúizt gegn því, að þetta verði að gerast, úr því sem komið er, en því fer víðs fjarri, að samkomulag sé um málið sem slíkt.

Í sannleika sagt er það alveg einstök árátta á núv. hæstv. ríkisstj., ef hún veit um nokkurn sjóð, að reyna að koma honum í lóg og það sem allra fyrst. Og það hefur tekizt með flesta sjóði. Ég held, að þetta sé sá eini, sem eitthvað teljandi er eftir í, og þá varð náttúrlega að gera ráðstafanir til þess að höggva þar í nokkurt skarð. Ég skal játa, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki enn sem komið er höggvið þar stórt skarð, það er rétt, hvað sem kann að vera á næsta leiti í þeim efnum. Ég skal koma að því síðar.

En mér fannst það skemmtilegast við ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, í hve mikilli barátttu hann hefði staðið við að vernda þennan sjóð fyrir ágangi þeirra, sem áttu sjóðinn, og að hann hefði ekki viljað fallast á að veita úr sjóðnum í rauninni allt það fé, sem hefði verið farið fram á, heldur spyrnt þar við fótum og leitazt eftir megni við að koma í veg fyrir, að sjóðurinn væri notaður með þessum hætti. Þetta væri allt vafasamt, og sú ósk, sem fram hefði verið borin um viðmiðunarverð, hefði að hans mati og hans samstarfsmanna verið hæpin, þannig að sjóðsstjórnin og aðilar sjóðsins hefðu hér viljað ganga lengra en góðu hófi hefði gegnt.

Ef málið lægi raunverulega svona fyrir, væri það vissulega virðingarvert og þakkarvert, að hæstv. ráðh. hefði sýnt þennan áhuga á að vernda sjóðinn, því að auðvitað er sjóðurinn hér algerlega misnotaður. Myndun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er einhver merkasta ráðstöfun, sem gerð hefur verið til þess að reyna að skapa jafnvægi í okkar óstöðuga efnahagskerfi á sviði sjávarútvegsins. En það er sjávarútvegurinn, eins og við vitum, sem jafnan hefur ráðið úrslitum um þau efnahagsvandamál, sem skapazt hafa á undanförnum árum og áratugum og oftast hafa verið til meðferðar hér í Alþ. Ég held, að það geti naumast nokkrum blandazt hugur um, hve skynsamlegt það var, þegar þessi sjóður var stofnaður, og hversu æskilegt það var, og má þá saka auðvitað bæði fyrrv. ríkisstj. og fyrri ríkisstj. um það að hafa ekki löngu fyrr myndað þennan sjóð, þannig að það hefði verið hægt að mæta með þeim hætti þeim geysilegu sveiflum, sem verða í sjávarútvegi.

En hvað sem því líður er þessi sjóður til, og honum hefur verið ætlað ákveðið hlutverk, eins og hæstv. ráðh. réttilega gat um, og það er að standa undir verðhruni eða verðfalli, sem verður á erlendum mörkuðum í sambandi við framleiðsluvörur sjávarútvegsins. Hér er sjóðurinn notaður til allt annars en honum er ætlað samkv. verkefni hans, og vitanlega var það rétt hjá hæstv. ráðh., að ákvörðun viðmiðunarverðs, sem ekki byggðist á neinu verðfalli, heldur einhverju öðru, var röng og að því leyti var afstaða ráðh. í því efni rétt. En það er auðvitað jafnrangt að nota sjóðinn með þessum hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þó að menn nálgist þar málið frá nokkuð annarri hlið og séu ekki að vefja það í rauninni fyrir sér, að þarna sé verið að gera undantekningarráðstöfun.

Ráðh. lagði málið þannig fyrir hér og gerði það einnig í hv. Nd., að hann hefði í rauninni verið að framkvæma vilja aðila sjóðsins og eigenda hans, þ. e. a. s. þeir hefðu farið fram á það, sem er það eina, sem gert hefur verið hér í þessu efni, að leyfa þeim að nota sitt eigið sparifé. Sjávarútvegurinn á þetta fé, og þess vegna er ekki um annað að ræða hér heldur en leyfa eigendum fjárins að taka það út úr sinni sparisjóðsbók, ef svo má segja. Hér er ekki um neina opinbera aðstoð að ræða á einn eða annan veg.

Málið liggur auðvitað alls ekki svona fyrir, heldur þannig, að þegar það var ljóst, að fiskverð varð að hækka, eins og hæstv. ráðh. gat um, fóru aðilar sjávarútvegsins, fyrst og fremst L.Í.Ú., fram á það, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að skapa sjávarútveginum æskilegan grundvöll, og í bréfi, sem liggur fyrir og sent var sjútvn. hv. Nd., er tekið fram af Landssambandi ísl. útvegsmanna, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í ljósi þessarar staðreyndar, sem áður er getið um," þ. e. a. s. útreikningum á afkomu sjávarútvegsins, „var augljóst, að fiskverð varð að hækka frá 1. okt., ef ekki átti að koma til algerrar rekstrarstöðvunar." Þegar þetta lá fyrir, voru teknar upp viðræður við sjútvrh. samkv. umræddu bréfi og þar farið fram á, að veitt yrði aðstoð til að leysa þennan vanda. Þetta er auðvitað alveg með sambærilegum hætti og gerzt hefur æ ofan í æ undanfarin ár og áratugi. Og því hefur jafnan verið mætt með einhverri sérstakri fjáröflun til þess að mæta vandanum, annaðhvort með beinum framlögum úr ríkissjóði eða sérstakri fjáröflun eftir öðrum leiðum, og það hefur auðvitað verið ríkissjóður og ríkisstj. sem slík, sem að þeirri fjáröflun hefur jafnan staðið. Það svar, sem veitt var fulltrúum útgerðar og fiskiðnaðar í þessu efni af hæstv. sjútvrh., var eftir upplýsingum þessara aðila sjálfra, að það kæmi ekki til neinna mála, að nein slík aðstoð yrði veitt, og eina ráðið til þess að leysa vandann væri að gera verðhækkunina mögulega, eins og það er orðað í bréfinu, með því að taka fé úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þetta var ábending hæstv. ráðh. og beinlínis þessum aðilum tilkynnt, að þeir gætu ekki komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins með öðrum hætti en þessum. Þess vegna er ekkert að undra, þó að það hljómi næsta einkennilega í eyrum manna, þegar hæstv. ráðh. stendur hér upp og heldur því fram, að hann hafi staðið dyggan vörð um sjóðinn og reynt að hindra, að honum væri ekki tortímt í þeirri aðför, sem að honum hafi verið gerð af eigendum sjóðsins. Hér er málinu svo gersamlega snúið við, að mig undrar það, að jafnglöggur maður og

hæstv. ráðh. er og margreyndur skuli reyna til að snúa málinu svo við. Það eru sem sagt aðilar sjóðsins, sem er sagt hreint og klárt: Þið fáið enga opinbera aðstoð til að koma í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins. Þið megið nota ykkar eigið sparifé, sem átti að vera til erfiðu áranna, þegar verðfall yrði, til þess að mæta ykkar vanda nú. Og ég skal góðfúslega fallast á það, að þið notið ykkar eigin peninga. — Þannig liggur málið einfaldlega fyrir. Og þetta er það, sem Alþ. er beðið um að lögfesta, af því að með öðrum hætti hefði það ekki verið framkvæmanlegt.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að vera að vefja þetta mál, en gat ekki stillt mig um að láta þetta sjónarmið koma hér fram, þar sem málið horfir á allt annan veg við heldur en hæstv. ráðh. leggur það fyrir, ekki á þann hátt, að það væri ekki full þörf á þessu fé, heldur að því leyti til, að málið ber að með allt öðrum hætti en hæstv. ráðh. vill vera láta. Það var aldrei vilji aðila verðjöfnunarsjóðs og eigenda hans að nota hann í þessu skyni, heldur voru þeir neyddir til þess. Þetta liggur ljóst og skilmerkilega fyrir, og tjóar ekki fyrir hæstv. ráðh. að hrista höfuðið út af því. (Gripið fram í.). Ég veit ekki — það getur vel verið, að Landssamband ísl. útvegsmanna fari með ósannindi í sínu bréfi, ég veit það ekki. Hæstv. ráðh. þá kannske upplýsir það hér á eftir, og þá liggur það fyrir, ef þeir fara með ósannindi. Ég hef ekki fyrir mér önnur rök en þeir hafa tilkynnt Alþ. sjálfu, að hæstv. ráðh. hafi vísað þeim á, að þeir skyldu nota sitt eigið fé með þessum hætti. Hann telur sig hins vegar hafa orðið að standa vörð um það, að þeir eyddu ekki of miklu af sínu fé, og gert það af miklum drengskap að sjá til þess að gera það ekki og hann hafi ekki neitað, eftir því sem mér skilst þó eftir innskoti hans hér, að veita aðstoð í þessu skyni. En ég veit, að hann hefur lesið þetta bréf, og því er fullkomlega haldið fram þar, að það hafi verið synjað um þá aðstoð, sem um var beðið, og vísað á þennan sjóð, þannig að ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. telji neitt undarl., þó að ég bendi á þetta atriði hér. Ég legg ekki allt upp úr þessu, þó að það sé auðvitað mikils virði að fara rétt með staðreyndir í málinu, en frá mínum bæjardyrum séð álít ég, að það hefði ekki átt að nota sjóðinn á þennan hátt, vegna þess að hann á að notast með þeim hætti, sem hann efnislega er hugsaður til, þ. e. a. s. mæta verðfalli á sjávarafurðum, og það hefur sannarlega ekki orðið neitt verðfall á sjávarafurðum. Það er rétt, að það hefur orðið samdráttur í afla, það er allt annað mál og er annað vandamál, sem við þurfum auðvitað hverju sinni að horfast í augu við, að getur orðið, en sjóðnum er ekki ætlað að mæta þeim vanda, heldur verðfalli. Það er a. m. k. fróðlegt fyrir þingmenn að vita, hver fer hér með rétt mál, en ég tel hins vegar, að það breyti á engan hátt a. m. k. minni afstöðu. Jafnvel þó að þessir aðilar hefðu beðið um þetta, þá væri ég á móti ráðstöfun sjóðsins á þennan hátt.

Ég vonast til þess, að það sé a. m. k. efnislega ekki ágreiningur um það atriði, sem skiptir meginmáli, að hér verði um algjöra bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem gildi aðeins til áramóta, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort því megi treysta örugglega, að það verði ekki reynt að leysa vanda sjávarútvegsins á næsta ári með því að nota verðjöfnunarsjóðinn og eyða honum til að mæta þeim vanda. Í því sambandi vil ég jafnframt leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti upplýst hv. þd. um það, hver sá vandi er, eða hvort nokkuð liggi fyrir um það, með hvaða hætti hugsunin sé að leysa vandann. Ég vil ekki endilega krefja hæstv. ráðh. um svar við þessu, það kann að vera, að þetta sé allt mjög óljóst, en hann ætti þó e. t. v. að geta svarað okkur um það, hvort hann er ekki sammála mér um, að hver sem þessi vandi verður, þó að hann geti ekki svarað, hver hann sé, þá verði ekki gripið til þess óyndisúrræðis, og ég vil segja fráleita úrræðis að éta upp Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í þann vanda, nema til komi verðlækkanir, sem geri það eðlilegt, það er önnur saga.

Eins og ég sagði, gildir þetta frv. aðeins til áramóta, þannig að um það tjóar ekki að fást út af fyrir sig. En það hefur verið á það bent í hv. Nd., að hér sé um algjörlega ranga notkun sjóðsins að ræða, sem ríkisstj. og ríkissjóði ber með einhverju móti að bæta aftur, því að eftir þeim venjum, sem alltaf hefur verið fylgt varðandi afkomu sjávarútvegsins, þá hefur það alltaf verið á þann veg, eins og ég sagði áðan, að ríkið hefur með einhverjum hætti útvegað þetta fé. Því tel ég eðlilega þá tillögu, sem kom fram í Nd., að ríkissjóður í sambandi við framhaldsráðstafanir fyrir sjávarútveginn á næsta ári útvegi þetta fé og endurgreiði verðjöfnunarsjóði það, sem út hefur verið lagt til bráðabirgða með þessum hætti. Ef gæti orðið um það samkomulag að fara þá leið, þá á áreiðanlega ekki að þurfa að vera nein deila um málið efnislega hér í þessari hv. d., en hæstv. ráðh. hefur algjörlega á sínum valdi að ráða, hvort um þetta verður friður eða ekki friður.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að segja eins og síðasti ræðumaður, að ég hafði það út úr orðum hæstv. ráðh., að hér hafi verið um samkomulag að ræða, raunverulega að frumkvæði fiskveiðenda og fiskseljenda. Ég hef nú talað við þessa menn og reynt að sjá þeirra bókanir um málið og alls ekki fengið þennan skilning út úr því eftir þær athuganir, og þess vegna verð ég að gera hér nokkra grein fyrir því, sem ég tel, að hafi átt sér stað. Hins vegar má búast við, að ráðh. hafi nokkuð við það að athuga á eftir. Ég ætla — með leyfi forseta — að vitna hér í skýrslu, sem lögð var fram núna á aðalfundi L. Í. Ú., en á bls. 9 og 10 í þeirri skýrslu er fjallað um þennan vanda, og þar segir orðrétt:

„Fulltrúar veiða og vinnslu skýrðu frá því, að þeir hefðu verið kallaðir á fund sjútvrh. s. l. föstudag, 22. sept., þar sem hann gerði grein fyrir afstöðu sinni til lausnar á þeim vanda, sem þessar greinar standa frammi fyrir við ákvörðun fiskverðs frá 1. okt. til áramóta. Að hans áliti væri óhjákvæmilegt, að fiskverð hækkaði til að bæta hlut útgerðarmanna og sjómanna

vegna samdráttar í afla og kostnaðaraukningar. En jafnframt gerði hann sér grein fyrir því, að vinnslan gæti ekki staðið undir þessum hækkunum og þyrfti hún einnig að fá bættan rekstrargrundvöll frá því, sem nú er. Þar sem ekki væru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. fyrir áramót til lausnar þessu máli, teldi hann (þ. e. hæstv. ráðh.), að það fjármagn, sem þyrfti til þessara lagfæringa, yrði að takast úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins."

Fulltrúar veiði og vinnslu sögðu, að þrátt fyrir að þeir telji ákvörðun um þetta langt umfram þekkt markaðsverð brjóta í bága við anda laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þá ynnu þeir að því að ná samkomulagi um fiskverð, sem skapi báðum aðilum viðunandi rekstrargrundvöll. Og eftir samtölum við þessa menn, þá er ég óyggjandi á þeirri skoðun, að þeir hefðu ekki talið sig eiga neins annars úrkosta, en að reyna að ná samkomulagi um verð, sem menn sættu sig við á þessum erfiða tíma, sem er seinasti hluti ársins í útgerð, eins og hæstv. ráðh. gat réttilega um. Og því náðu þeir samkomulagi, og málið fór ekki til yfirnefndar á þeim grundvelli, að fá við lagabreytingu fé tekið út úr verðjöfnunarsjóði. En það hefur örugglega komið fram í viðtölum mínum við þessa menn, að þeir voru knúnir til þess, og það vil ég undirstrika. Þeir sáu enga aðra leið. Og það kemur líka fram í ræðum, sem yrði of langt mál að eyða tíma í hér núna, — það kemur fram í ræðum í Nd., að ráðherra hefur ekki verið inni á þeirri hugmynd eða fulltrúar ríkisvaldsins í sjóðsstjórn að hækka viðmiðunarverðið það, að greiðsla fengist með því móti til þess að bjarga frá þessum vanda, sem er áætlaður 80—90 millj. kr. eftir aflamagni. Og þetta er kjarni málsins. Þess vegna þarf að breyta lögunum um verðjöfnunarsjóð.

Ég vil undirstrika það, að hér er farið út á hættulega braut. Og ég vil leyfa mér að spyrja mjög ákveðið: Á að halda hér lengra? Á að reyna að leysa þann vanda, sem fram undan er, með því að eyða þessum sjóði, sem hæstv. ráðh. undirstrikar mjög rækilega í ræðu sinni í Nd. að er eign afla og vinnslu? Hann undirstrikar það mjög réttilega að mínu mati, og ég veit, að hann breytir ekki um skoðun í því efni. Þess vegna vil ég leggja á það áherzlu og vona, að hann fari ekki lengra en í þetta sinn í sjóðinn til að bjarga þessum tímabundna vanda, en sjóðurinn fái að jafna út alvarlegar verðsveiflur á erlendum markaði, því að það er útveginum heppilegt, þegar til lengdar lætur. Einnig vildi ég vita um það vegna orðróms, hvort það sé fyrirhugað að nota nú hið háa verð, sem er á loðnuafurðum, til þess að færa á milli deilda, því að þá erum við komnir út á svið, sem er enn hættulegra og ég veit ekki hvar tæki enda, ef slíkt yrði upp tekið, því að þá má setja allan afla í einn sjóð og úthluta síðan eftir einhverju kerfi og tölvuspám, hvað hver á að fá, ef slíkt yrði upp tekið. En ég vona nú, að þessi orðrómur sé algjörlega hugarórar hjá einhverjum mönnum, og vænti þess, að ráðh. staðfesti það hér nú, að slíkt komi aldrei til greina, slík vinnubrögð.

Það má deila um það hvað fiskverðshækkun eigi að verða mikil. Það kemur hér fram í frv., í grg., að það er sagt, að um 10% almenna fiskverðshækkun sé að ræða og síðan 5%. Ég spurði rækilega um þetta og leitaði að bókun í verðlagsráðinu um þetta. Þessu afneituðu þeir allir og sögðust ekkert vita, hver væri höfundur að svona sundurliðun. En þetta var aldrei rætt hjá þeim og ekki hægt að fá stafkrók frá þeim um þetta að skipta þessu þannig upp. Menn geta skipt þessu með einhverjum hætti til eða frá. En þetta kemur ekki svona frá þeim, a. m. k. neita þeir algjörlega að sýna þetta, og í þeim gögnum, sem ég hef í höndum, kemur þetta hvergi fram. Þvert á móti hefur þessari grg. verið mótmælt í samtali. Hitt kann að vera, að þeir af öðrum ástæðum kunni ekki við að mótmæla því opinberlega. En það væri fróðlegt að vita, hver er höfundur að svona sundurliðun.

Hér er auðvitað um erfiðleika að ræða fyrir sjávarútveginn af ýmsum orsökum, minnkandi afla og hækkandi rekstrarkostnaði hér heima fyrir. En einhvern tíma hefði það ekki þótt stór tala að bjarga 80—90 milljónum, og við höfum annan sjóð, sem ekkert hefur verið minnzt á í þessu sambandi, sem heitir aflatryggingasjóður. Hann er sæmilega stæður, þó má hann vera miklu betur stæður. Hann varð að borga mikið í vetur vegna lélegra aflabragða. En hann gegnir þessu hlutverki hliðstætt og bjargráðasjóður við landbúnaðinn, að hlaupa undir bagga, þegar illa árar. Tilgangur verðjöfnunarsjóðs er allt annar, og ég vara eindregið við því að fara út á þá braut, að kippa út úr verðjöfnunarsjóði undir svona tímabilsbundnum erfiðleikum, vegna þess að eins og réttilega var drepið á áðan af 2. þm. Norðurl. e., þá er jafnan hér á Alþingi mjög barizt við að bjarga framleiðslunni til sjávarins út af verðsveiflum. Þess vegna var það mjög merk löggjöf að mynda verðjöfnunarsjóð, sem drægi úr þessum áhrifum og hefði meiri kjölfestu en verið hefur í þjóðarbúinu og öllum rekstri og öllu atvinnulífi. Ef þetta á nú að rífa niður, þá tel ég illa farið. Hins vegar vil ég mjög undirstrika það, að það verður að meta það í hófi, hvað á að leggja í þennan sjóð frá ári til árs. Það er engin ástæða til þess, að sjávarútvegurinn einn taki slíkar kvaðir á sig, ef mikil þensla er í landinu og hagsæld þar ríkjandi. Þá væri vel hugsanlegt, að jafnvel iðngreinar, sem byggju við mjög góð skilyrði, legðu líka fyrir til þess að jafna sveiflur hjá sér á milli ára. Þess vegna sagði ég á sínum tíma við undirbúning þessa frv., að meira en 10% til eða frá væru ekki að mínu skapi, 5—8% væri skynsamlegt frá ári til árs, hitt væri of mikið, sérstaklega þegar það er haft í huga, að hér er aðeins ein framleiðslugrein, sem hefur þessa kvöð á sinni könnu.

Ég vona, að hæstv. ráðh. staðfesti það, að hér verði ekki haldið áfram og að þetta sé einstakt tilfelli til þess að bjarga frá erfiðleikum í ár, bundið við haustúthaldið, og ég skal þess vegna ekki lengja umræður hér, þó að það væri hægt að fara út í ýmislegt í kringum þetta, — frv. er búið að velkjast furðulega lengi hér í Alþingi, — vegna nauðsynjar á, að það fari í gegn. Ég er í grundvallaratriðum ekki samþykkur þeirri aðferð, sem um er að ræða, vegna þess að við höfum annan sjóð, sem átti að grípa til í þessu tilfelli og hefur verið notaður. Hæstv.

ríkisstj. ber ábyrgð á þessu, og hún auðvitað leiðir það áfram með sínum meirihl. Það má reikna með því a. m. k. En ég vil óska eftir svörum við þessum grundvallarspurningum um, hvort hér á að halda áfram á þessari braut og hvort hæstv. ríkisstj. hefur í huga að skattleggja nú loðnuafurðir og færa á milli yfir í aðrar vinnslugreinar, því að þá er hún komin út á hála braut.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil víkja nokkuð að þeim umr., sem hér hafa farið fram, og vík þá fyrst að því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, sagði hér um málið. Hann var ekki í miklum vafa um það, að hann hefði efni á að segja allt ósatt, sem ég sagði, og fullyrti hér allt annað en það, sem ég hafði skýrt frá, — þó að hann hefði engin sérstök gögn í höndunum til þess að halda slíku fram. (**Gripið fram í:** Ég vitnaði í bréf.) En það bréf sagði ekki það, sem hv. þm. sagði. En það er kannske rétt, að ég rifji þá nokkru nánar upp, hvað gerðist í þeim efnum, sem hér er verið að skýra frá, og bendi á það, hvernig þetta mál hlaut lögum samkvæmt að bera að.

Það var nokkrum dögum áður en ég fór vestur um haf á fund, að ég kallaði fyrir mig þá aðila, sem eiga fulltrúa í verðlagsráði sjávarútvegsins. En þeir höfðu þá til meðferðar lögum samkvæmt að gera tillögur um nýtt fiskverð, og ef þeir gætu ekki komið sér saman, áttu þeir að vísa málinu til sérstakrar yfirnefndar. Þeirra verkefni skv. lögum var ekki annað en það að ákveða um fiskverð. En af því að ég var að fara í burtu, þótti mér rétt að tala við þessa aðila og spyrja þá um það, hvort hugsanlegt væri, að málið gæti á einn eða annan hátt komið til minna aðgerða í næstu viku á eftir, því að ef svo væri, þá færi ég ekki þessa för vestur. Þeir lýstu því allir yfir, að þeir væru ekki komnir lengra en svo í málinu, að þeir mundu hafa málið með höndum a. m. k. næstu viku og að þeir ætluðu að freista þess að ná samkomulagi, eins og lög gera ráð fyrir, en ef málið færi til yfirnefndar, þá vitanlega hlyti það að taka nokkurn tíma í yfirnefnd líka. Þegar þetta gerðist, urðu nokkur orðaskipti á milli okkar um ástandið í þessum efnum, og það kom að vísu skýrt fram hjá mér, að ég teldi fyrir mitt leyti engan vafa leika á því, að það væri þörf á því, að fiskverð hækkaði. Ég býst líka við því, að það hafi flestir, sem eitthvað þekktu til þessara mála, búizt við því, að svo mundi fara, þar sem á næsta verðtímabili á undan hafði ekki verið hreyft við fiskverði. En frá hálfu þeirra aðila, sem ég ræddi við á þessum fundi, komu engar tillögur, því að þeir höfðu ekki lokið sínu verki. Þeir báðu því hvorki um einn né neinn stvrk og hafa aldrei komið fram með neina beiðni um styrk í sambandi við þessi mál. Og ég skora á hv. 2. þm. Norðurl. e. að leggja hér fram nú eða síðar sönnunargögn um það, að þessir aðilar hafi farið fram á einhvern sérstakan styrk.

Það var ekki á mínu valdi að hafa nein áhrif á það, hvort þessir aðilar legðu til, að fiskverð yrði hækkað um 10% eða 15%. Samkv. lögum höfðu þeir þetta vald í sínum höndum. En við framvindu málsins kom það í ljós, að aðilar, sem standa að verðlagsráði, fiskseljendur og fiskkaupendur, vildu koma sér saman, og þegar þeir komu sér saman um að leggja til, að fiskverð hækkaði um 15%, þá stóð ekkert á mér að samþykkja það, enda var það ekki í mínu valdi að hafa neitt um það að segja. Þeir hefðu alveg eins getað ákveðið 20% verðhækkun. En þeir gátu ekki náð samkomulagi sín á milli um það að hækka fiskverð um 15%, nema einhver væri til staðar til að kaupa fiskinn á þessu nýja, hækkaða verði. Og því var það, að þeirra samkomulag, sem þeir tilkynntu mér, þegar ég kom til baka aftur, var um það, að þeir í verðlagsráðinu væru sammála um hækkun á fiskverðinu um 15%, en þetta samkomulag þeirra stæði og félli með því, að ég sem ráðh. sjávarútvegsmála staðfesti till. þeirra um greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Ég hafði sagt þeim það áður, ekki aðeins í þetta skipti, heldur enn áður, að ég mundi meta till. þeirra hverju sinni, þegar þeir færu fram á að fá að skipta upp verðjöfnunarsjóði, því að ég samþykkti þar ekki þeirra till. blindandi. En þessir aðilar höfðu áður gert till. um það, að þeir mættu ráðstafa sjóðnum að sinni eigin vild. Þegar till. þeirra komu til mín, þær einu till., sem til mín komu um þetta, þá voru þær um það, að breyta mætti viðmiðunarverði úr verðjöfnunarsjóði þannig, að hægt yrði að ná ákveðinni fjárhæð út úr sjóðnum, sem var til muna hærri en sú, sem samkomulag varð um við mig. Svo kemur hv. 2. þm. Norðurl. e. hér og einnig hv. 5. þm. Reykn. og tala um aðför mína eða ríkissti. að sjóðnum. Það hefur ekki verið nein sérstök till. okkar, að þetta fé yrði greitt úr sjóðnum, það er rangt. En vandinn var vitanlega fiskiðnaðarins að standa undir þeirri fiskverðshækkun, sem fiskseljendur kröfðust. Málið lá þannig fyrir, að fiskkaupendur gátu staðið við þessar kröfur varðandi einstakar tegundir. Það var ekki deilt um það, að þeir, sem keyptu þorsk, gætu borgað þessa fiskverðshækkun. En það voru margar fleiri tegundir, sem hér áttu hlut að máli og þurftu líka að fá sína verðhækkun, og því þurfti meira að koma til. Og einnig kom sú krafa fram að þessu sinni frá forsvarsmönnum frystihúsanna í landinu, að þeir þyrftu breyttan rekstrargrundvöll frá því, sem áður var, þeir þyrftu breytt skipti. Það er því með öllu rangt, að ég eða ríkissti. höfum vísað þessum aðilum á þennan sjóð og við höfum neytt þá til þess að taka fé úr þessum sjóði. Ég efast að vísu ekkert um það, að þeim aðilum, sem eiga þennan sjóð, hætti auðvitað afskaplega gott að þurfa ekki að hreyfa við honum í einu eða neinu tilfelli, ef einhver annar vildi borga fyrir þá. En á því gat ekki leikið neinn vafi, að við hlytum að hafa okkar skoðun á því, hvort fiskiðnaðurinn í landinu gæti staðið undir að greiða það fiskverð, sem verðlagsráð sjávarútvegsins ákvæði, eða ekki. Auðvitað var það ljóst, að í þessu tilfelli var vandinn fiskkaupendanna, en ekki ríkisstj. Málið lá þannig fyrir.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að ég hefði flutt málið þannig, að ég hefði staðið hér í því að reyna að verja þennan sjóð fyrir aðför eigendanna. Hvar ætli hann finni þetta í ræðu minni? Skyldu þetta ekki vera hans eigin orð? Ég hafði

aðeins skýrt frá því, að þessir aðilar, sem höfðu komið sér saman um ákveðna hluti í verðlagsráði sjávarútvegsins, höfðu óskað eftir því, að greitt yrði meira úr sjóðnum en samkomulag varð um við okkur. Mér hefði aldrei dottið í hug, þó að þeirra till. hefði verið samþ., að kalla það einhverja aðför að sjóðnum, og satt að segja fannst mér málflutningur hv. 2. þm. Norðurl. e. bera mjög vott um það, að hann hefur alls ekki áttað sig á þeim grundvallaratriðum, sem þessi sjóður vinnur eftir, þó að hann ætti hlutdeild að því að setja þessi lög. Hann virðist halda, að greiðslur úr þessum sjóði hafi aldrei átt sér stað nema nú og í tíð núv. ríkisstj. Hann hefur ekki áttað sig á því, að viðmiðunarverðinu í þessum sjóði hefur verið breytt svo að segja við hverja einustu verðlagningu, og þá hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að breyta því hlutfalli, sem rynni í sjóðinn eða úr sjóðnum, í samræmi við lög sjóðsins. Hv. þm. reyndi auðvitað ekki heldur að neita því, sem ég las hér upp um bein lagaákvæði þessa sjóðs. Hann bara fullyrti einfaldlega, að úr þessum sjóði ætti aðeins að greiða, þegar um verðfall á afurðum væri að ræða. En ég las hér upp hluta úr 7. gr. l., þar sem alveg tvímælalaust segir, að við ákvörðun á viðmiðunarverði, sem ræður greiðslum í eða úr sjóðnum, skuli stjórn sjóðsins taka tillit til afkomu framleiðslunnar.

Þegar lög voru sett á sínum tíma um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, benti ég mjög á, að það væri vitanlega alveg fráleitt að hugsa sér, að framkvæmd í þessum efnum gæti orðið þannig, að alveg tiltekin greiðsla rynni í sífellu í þennan sjóð, aðeins eftir því, hvernig verðlag væri á erlendum markaði, þ. e. a. s. að alltaf rynni tiltekinn hluti, eins og menn höfðu þá gert ráð fyrir, eða 50% af verðhækkunum erlendis rynnu alltaf í sjóðinn, alveg án tillits til þess, hvernig rekstrarafkoma sjávarútvegsins væri. Þessu var líka breytt í meðförum hér á Alþ., og gildandi ákvæði voru tekin upp, því að það er vitanlega algerlega óhjákvæmilegt að taka fyllilega tillit til þess, hver er rekstraraðstaða framleiðslunnar. Væri nokkurt vit í því að haga viðmiðunarverði þannig, að hluti af útflutningsverðinu væri tekinn af framleiðendum og lagður í sjóðinn, á sama tíma sem framleiðslan sjálf berðist í bökkum og gæti í raunninni ekki staðið undir eðlilegum rekstrarkostnaði? Þetta hefur ekki heldur verið gert. Það hefur verið farið eftir þessum ákvæðum í öll skipti, þegar viðmiðunarverð hefur verið ákveðið og fiskverð hefur verið ákveðið.

Ég hef margsinnis hér á Alþ. undirstrikað það, bæði þegar þessi lög voru sett á sínum tíma og nú við umr. um þetta mál, að það er skoðun mín, að það leiki enginn vafi á því, að það sé sjávarútvegurinn, sem eigi það fé, sem er í þessum sjóði, það séu fiskframleiðendur, þ. e. jöfnum höndum sjómenn og útvegsmenn og þeir, sem fást við fiskiðnaðinn í landinu. Þeir eiga þetta fé. En þar sem það er ákveðið í l., að það megi ekki taka fé úr sjóðnum, nema ráðh. staðfesti það, staðfesti allar breytingar á viðmiðunarverði, þá hef ég fyrir mitt leyti haft þá afstöðu, að ég get ekki samþykkt ráðstöfun á fé úr þessum sjóði, þó að það gangi að nafninu til til sjávarútvegsins, ef það eru tillitslausar greiðslur. Ég álít, að það verði að reyna að taka tillit til þess, að þeir fái aftur þetta fé, sem raunverulega lögðu það til. Það væri t. d. alveg fjarstætt að mínum dómi að haga greiðslum úr þessum sjóði þannig, eins og komið hefur til tals áður, að greiðslur úr sjóðnum færu fram í mjög ríkum mæli, t. d. á vetrarvertíðinni fyrri hluta árs, þannig að sjóðurinn eyddist upp kannske að öllu leyti og þá væru allir þeir, sem raunverulega hafa lagt í sjóðinn og starfa að yfirgnæfandi meiri hluta á öðrum árstímum, þeir sviptir þeim möguleika að fá sinn sanngjarna hluta til baka aftur af því fé, sem þeir hafa lagt í sjóðinn. En mér hefur aldrei dottið annað í hug en það, að þetta fé ætti að renna til sjávarútvegsins aftur eftir þeim reglum, sem við er miðað í l. og í raunninni þeir, sem fyrst og fremst eiga þetta fé, geta komið sér saman um.

Það er auðvitað þýðingarmest, að úr sjóðnum sé greitt, þegar um verðfall er að ræða, en að mínum dómi getur þarna margt annað komið inn í, sem verður fyllilega að taka tillit til. Og það verður einnig að taka tillit til þess, þegar um áföll verður að ræða í sjávarútveginum, t. d. svipuð þeim, sem hér er um að ræða. Ég er í þessum efnum alveg sammála formanni Sjálfstfl., sem greinilegt er nú, að hv. 2. þm. Norðurl. e. er ekki sammála, um það, sem kom fram í ræðu hans í Nd., þegar þetta mál var rætt, að hann vildi gjarnan, að við kæmum okkur saman um að lýsa því yfir, að þennan sjóð ætti ekki að nota, nema þegar um bein meiri háttar áföll væri að ræða fyrir sjávarútveginn, eins og t. d. mikinn aflabrest eða verðfall. Þetta er öryggissjóður. Hann hefur verið tekinn hreinlega með valdi. Það hafa verið tekin ákveðin verðmæti af framleiðendum með valdi og lögð til hliðar í góðu ári, þegar vel stóð á, og það ber vitanlega að nota það aftur framleiðslunni til hagsbóta, þegar illa stendur á. Ég fyrir mitt leyti geri ekki mikinn mun á því, hvort áföllin stafa af því, að verð hefur fallið nokkuð á erlendum markaði, eða hvort aflinn hefur hrapað. Það er afkoman í þessum efnum, sem ræður hér auðvitað fyrst og fremst úrslitum. Hitt er mér alveg ljóst, að það eru tómir hv. þm. hér í stjórnarandstöðunni, sem í öllum greinum sperra sig sí og æ að reyna að haga öllum málum þannig, að það verði sem allra erfiðast fyrir ríkisstj. að leysa vandann, og segja svo í tilfellum eins og þessu: Þið megið ekki nota þennan sjóð, þið verðið að nota ríkissjóð. Ef þið notið ríkissjóð, þá eruð þið að eyða fé o. s. frv. — Nei, hér var vitanlega um slíka ráðstöfun að ræða á fé úr sjóðnum, sem var fullkomlega eðlileg.

Núv. ríkisstj. hefur sýnt þessum sjóði meiri skilning en fyrrv. ríkisstj. sýndi. Hún stóð fyrir því að fella till. hér á Alþ. um að verðtryggja þennan sjóð, en í tíð núv. ríkisstj. hefur hann verið verðtryggður. Hér er um smávægilega greiðslu úr sjóðnum að ræða, sem rennur óruggglega til þeirra, sem sjóðinn eiga, og hér er ekki einu sinni um eins árs vaxtagreiðslu að ræða, svo að það er óþarft að tala um, að hér sé verið að skerða sjóðinn meira en gert hefur verið margsinnis áður, bæði í tíð fyrrv. ríkisstj. og núv., við fiskverðsákvörðun. En ég minnist þess,

að Morgunblaðið geystist mjög hér og hélt því fram, að búið væri að éta upp allan verðjöfnunarsjóðinn, þegar ákveðnar greiðslur fóru fram með breytingum á viðmiðunarverði, þannig að ekki hélt áfram að renna í sjóðinn jafnmikið og áður hafði gert eða ekki jafnhátt hlutfall, — það hélt reyndar áfram að renna enn þá hærri fjárhæð á hverjum mánuði í sjóðinn en gert hafði, en ekki jafnhátt hlutfall. Þá var það básúnað út, að þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar til þess að hækka hlut sjómanna, þýddu, að það væri verið að éta upp þennan sjóð, það væri verið að eyða honum. En auðvitað sýndi reynslan, að sjóðurinn hélt áfram að vaxa og óx alveg sérstaklega þar á eftir og náði þeirri hæð, sem hann er í nú.

Þá spurði hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, og einnig hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, mig um það, hvort ég vildi ekki lýsa því yfir, að áfram yrði ekki haldið á þessari braut og fé yrði ekki áfram tekið úr þessum sjóði á þennan hátt. Í rauninni eru þessar spurningar hv. þm. einkennilega mikið út í bláinn. Þeim hlýtur að vera það ljóst, eins og ég hef sagt hér áður, að það er ekki hægt að taka fé úr þessum sjóði, nema til komi samþykki meiri hlutans í stjórn sjóðsins, sem eru eigendur sjóðsins, fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna og fiskverkenda, nema þá að til komi sérstök lagabreyting á Alþ. Spurning þeirra hlýtur þá að vera sú til mín, hvort ég vilji ekki gefa yfirlýsingu um það, að Alþ. breyti ekki þessum lögum. Það er nú kannske farið fram á nokkuð mikið af mér, að ég segi til um það einu sinni fyrir allt, að Alþ. breyti ekki l., sem þessir hv. þm. hafa auðvitað fulla aðstöðu til þess að taka þátt í ekki síður en ég. (**Gripið fram í:** Þetta er nú frjálsleg túlkun.) Frjálsleg túlkun, þetta er bara þannig. Það eru til tveir möguleikar. Annar er sá, að meiri hl. í stjórn sjóðsins samþykki að greiða úr honum, eigendurnir sjálfir. Hinn er sá, að Alþ. geri það. Hver er þriðji möguleikinn? Vilja þessir hv. þm. minnast á hann? (**MJ:** Við skulum ræða um hann á eftir.) Já, ég er tilbúinn að ræða um það. Það verður afskaplega fróðlegt fyrir mig að heyra þessa þriðju leið. Mér er ekki kunnugt um, að aðrir möguleikar séu til að taka fé úr þessum sjóði.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé að vísu mjög þýðingarmikið fyrir sjávarútveginn að geta haft sjóði eins og þennan til þess að hlaupa upp á, þegar erfiðleikar steðja að, þegar verðfall verður á erlendum mörkuðum eða annað slíkt ber að. En mér er líka vel ljóst, að sjóður af þessu tagi er mjög sérstaks eðlis, og ég hef bent á það í umr. á Alþ. áður, að ég er ósköp hræddur um, að aðrir aðilar í landinu tækju því ekki allt of vel, ef þeim væri gert að byggja upp sjóð af þessu tagi. Hér er sem sagt ákveðið með grundvallaratriðum þessara laga, að ákveðinn hluti af því verði, sem fæst fyrir útfluttar sjávarafurðir, skuli tekinn og ekki afhentur eigendum fjárins, heldur féð lagt í sjóð. Meginhugsunin er: Þarna leggjum við fé til hliðar, sem hægt er að nota síðar, þegar þörf krefur. — Ætli það væri ekki hægt að segja þetta við fleiri aðila í landinu? Ætli væri t. d. ekki hægt að segja þetta, við skulum segja við alla embættismenn í landinu, segja við þá: Það er búið að ákveða ykkur hátt kaup, það var ákveðið í góðæri. Væri ekki rétt að setja lög um það, að þið legðuð í ákveðinn sjóð 10—15% af kaupinu og það yrði fest í ákveðnum sjóði, svo að hægt væri að hlaupa upp á það og halda uppi hinum háu launagreiðslum til ykkar, þegar hallaði undan fæti hjá þjóðinni? Hvað halda hv. þm., að sagt yrði, ef till. kæmi fram um myndun á slíkum sjóði? Og ætli mætti ekki taka marga aðra fleiri. Ég hef nokkrum sinnum bent á það áður, að þessi ráðstöfun, sem vissulega er gott að geta stuðzt við, þegar sérstaklega vel gengur, er þó gerð með mjög sérstökum hætti fyrir sjávarútveginn einan, en slíkar kvaðir eru ekki lagðar á aðra. Við höfum fundið það, bæði nú og áður, að afleiðingin verður svo þessi, að þegar búið er að leggja þetta fé til hliðar, þá eru ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, sem aldrei mega heyra nefnt, að það verði tekið út aftur.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði líka um það, hvort ætlunin væri að gera hér ráðstafanir til þess að færa fé á milli deilda í sjóðnum, eins og loðnuverðjöfnunardeildarinnar og annarra deilda. Þetta er ekki heimilt að gera, og ég fyrir mitt leyti mundi aldrei vilja standa að slíku. Ég tel, að það væri í rauninni herfileg misnotkun á megintilgangi þessara laga. En það yrði að sjálfsögðu að vera Alþingis að fjalla um það, þegar þar að kæmi, ef fram kæmu till. um slíkt.

Það, sem er aðalatriðið í þessum efnum, er, að verðlagsráð sjávarútvegsins á samkv. lögum að ákveða um fiskverð. Ef það hefði ekki náðst samkomulag, átti verðlagsráðið að áfrýja málinu til yfirnefndar, sem hefði þá úrskurðað um fiskverðshækkun. Verðlagsráðið kaus hina leiðina, að ná samkomulagi milli fiskseljenda og fiskkaupenda, og þessu samkomulagi náðu þeir á þann hátt að samþykkja fiskverðshækkun með því skilyrði, að þeir styddu hvor annan í stjórn verðjöfnunarsjóðsins til að fá tilteknar greiðslur úr sjóðnum til að standa undir fiskverðshækkuninni. Þannig bar málið að, og það gat í rauninni ekki borið að á neinn annan hátt, nema þá þessir aðilar hefðu flutt um það sérstaka till. að óska eftir því, að ríkið borgaði þá fiskverðshækkun, sem þeir voru að ákveða. En þá var miklu sennilegra, að það hefði orðið að vera ákvörðun í yfirnefnd, en ekki verðlagsráði sem slíku.

Hv. 5. þm. Reykn. minntist á það, að sagt hefði verið, að þessi fiskverkshækkun, sem ákveðin var í óktóberbyrjun, væri tvenns konar: annars vegar 10% almenn hækkun og hins vegar 5% sérstök hækkun, og hann taldi, að þeir aðilar, sem hann hefði rætt við úr verðlagsráðinu, könnuðust ekki við þetta og vissu ekki, hvaðan þetta væri komið. Mér þykir fróðlegt að heyra það, að þeir segi þetta. En þegar ég féllst á till. þeirra varðandi greiðslur úr verðjöfnunarsjóðnum, til þess að hægt væri að framkvæma þá fiskverðshækkun, sem þeir vildu knýja fram, þá setti ég eftir nánari ákvörðun frá ríkisstj. það skilyrði, að fiskverðshækkunin yrði með þessum hætti, vegna þess að hér var um mjög misjafna aðstöðu hinna einstöku framleiðslugreina að ræða, þ. e. a. s. að hér yrði um almenna 10% hækkun að ræða og hins vegar

yrði um 5% hækkun að ræða, sem gengi órugglega yfir allar fisktegundir. En það lá fyrir á þessum tíma, að vissar fisktegundir, eins og bæði karfi og ufsi, hefðu ekki hækkað neitt við þessa almennu fiskverðshækkun, ef ekki hefði komið til einhver slík sérstök ákvörðun. Það fór svo í verðlagsráðinu, að þeir féllust á að taka við þessum skilyrðum og ákveða nokkra verðlagshækkun einnig á þessum fisktegundum. En eins og skiljanlegt var frá þeirra hálfu, tilkynntu þeir bara tiltekna hækkun á hinum ýmsu fisktegundum. Þannig hækkaði þorskurinn samkv. þeirra ákvörðun um 19%, en ufsi og karfi hækkuðu um 6% og aðrar fisktegundir þar á milli. Það er ósköp eðlilegt, að þeir hafi hagað þessu svona, en krafa kom fram frá hálfu ríkisstj. um, að verðlagningin yrði miðuð við þetta, við 10% almenna hækkun og 5% sérstaka hækkun.

Ég skal nú ekki orðlengja frekar um þetta. Það gefst eflaust tækifæri til þess að ræða þetta mál á eins breiðum grundvelli og hv. þm. óska eftir, þegar málið kemur hér úr n. En það mun ekki standa á mér að ræða við þessa hv. þm. um málið. Ég hef lengi haft mjög ákveðnar skoðanir á þessum sjóði, sem þarna er um að ræða, og hef það enn. En þær eru ekki bundnar við það, að greiðslur úr sjóðnum séu eingöngu og tillitslaust að öðru leyti miðaðar við verðbreytingar. Ég er á þeirri skoðun, sem fram kemur í 7. gr. laganna, að það beri einnig og verði einnig við ákvörðun viðmiðunarverðs í sjóðnum að taka tillit til rekstrarafkomu atvinnuvegarins í heild.

Ég ítreka svo það aðeins til þeirrar n., sem fær með málið að gera, að ég vænti þess, að hún afgreiði málið fljótlega, af því að það er orðið mjög brýnt, að þeir aðilar, sem bíða eftir þessum peningum, sem hér er um að ræða, geti fengið þá greidda.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sýndist vera mjög þungt í skapi yfir því, að ég hefði verið hér með ómaklegar árásir á hann fyrir það, að hann hefði farið með rangt mál í frumræðu sinni og túlkað ranglega það, sem væri efnisatriði málsins. Til þess að brekja þetta flutti hann langa ræðu, og ég verð því miður hreinskilnislega að játa það, að ég er litlu nær um það eftir ræðuna, hvað hæstv. ráðh. raunverulega var að fara eða hver væri raunveruleg skoðun hans á málinu, því að hann sló harla mikið úr og í varðandi sjóðinn og notkun hans og eitt og annað í þessu efni. En ég byggði ræðu mína og ummæli um það, að ráðh. hefði farið mjög frjálslega með sannleikann a. m. k., svo að ekki sé meira sagt, í frumræðu sinni, á bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem sent var sjútvn. hv. Nd. Hæstv. ráðh. gekk að vísu algerlega fram hjá þessu bréfi, en hann talaði um, að hann hefði átt orðræður við menn um ákvörðun fiskverðs og annað þess konar. En það var í rauninni ekki það, sem var kjarni málsins. Ég hélt því ekki fram, að deila þyrfti um, að fiskverð hefði þurft að hækka, heldur hvernig ákvörðun um fjármagn, sem þurfti til þess að mæta þessum vanda, hefði verið meðhöndluð. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér stuttan kafla úr bréfi L.Í.Ú., þar sem er að finna efnisástæður fyrir því, að ég leyfði mér að halda því fram, að ráðh. hefði ekki farið með rétt mál í frumræðu sinni. Þessi kafli hljóðar svo:

„Fulltrúar L.Í.Ú. í verðlagsráði sjávarútvegsins áttu viðræður við sjútvrh. 22. sept. að hans beiðni um þau vandamál, sem við blöstu við ákvörðun fiskverðs. Hann lýsti þar þeirri skoðun ríkisstj., að fiskverð þyrfti að hækka, án þess þó að tilgreina hve mikið. Hins vegar taldi hann, að fiskkaupendur gætu ekki staðið undir þeirri hækkun vegna erfiðrar rekstrarstöðu og þyrftu jafnvel á aðstoð að halda. Þar sem ekki voru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. fyrir n. k. áramót til lausnar á þessu máli, taldi hann, að það fjármagn, sem þyrfti til að koma til að gera fiskverðshækkun mögulega, yrði að takast úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins."

Þetta er úr bréfi frá L.Í.Ú. og enn fremur segir:

„Fulltrúar L.Í.Ú. mótmæltu þessu og bentu á, að ekki væri ástæða til að taka fé úr verðjöfnunarsjóði, því að ekki væri um neitt verðfall að ræða á fiskafurðum."

Þetta var sá grundvöllur, sem ég byggði þá skoðun mína á, að þarna færi eitthvað á milli mála, og skaut því að, sem hæstv. ráðh. vék ekki sérlega að í ræðu sinni, hvort L.Í.Ú. og fulltrúar þess væru hér að fara með ósannindi um, hvað fram hefði komið af þeirra hálfu eða ekki. Þessu gekk ráðh. fram hjá. Um bollaleggingar hans um fiskverðsákvörðun er ekki deilt. Það er heldur ekki deilt um, að það hefði orðið að taka þetta fé einhvers staðar. Hann sagði hins vegar sjálfur í ræðu sinni hér áðan, að hann hefði ekki vísað á sjóðinn, ég held, að ég hafi tekið alveg rétt eftir því. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Já, en L.Í.Ú. segir, að hann hafi vísað á sjóðinn. Einhver segir ósatt. (Gripið fram í.) Já, ég býst við því. Spurningin er þá, hver gerir það. Því verða menn að reyna að komast til botns í, og það var ástæðan til þess, að ég skaut þessu fram hér. (Gripið fram í.) Ég vildi ekki fullyrða neitt um það endilega, en ég byggði það á þessari skoðun, sem hér kemur fram. Hæstv. ráðh. hélt því ekki heldur fram hér í ræðu sinni áðan, að þetta væri ósatt. Það er gott, ef það kemur staðfastlega fram, að hann segi, að L.Í.Ú. fari hér með ósannindi, og skiptir mín skoðun um það efni engu máli. Ég sagði hins vegar áðan, að jafnvel þó að L.Í.Ú. hefði beðið um þetta, hefði ég talið rangt að gera það. Það er allt önnur saga.

Svo segir ráðh. um ákvörðun fiskverðsins: Það er auðvitað vandamál fiskkaupenda, ef þeir geta ekki borgað fiskverðið, sem sett er upp, en ekki ríkissjóðs. Ég skil nú ekkert í jafn greindum manni og hæstv. ráðh. að segja þetta, vegna þess að margoft hefur borið við áður, að fiskvinnslan hefur ekki getað borgað það verð, sem fiskseljendur hafa þurft að fá. Á því hefur byggzt, að þurft hefur að gripa til aðstoðar við sjávarútveginn. Ef fiskverð þurfti að hækka meira en fiskiðnaðurinn getur staðið undir, og það var, að því er mér skilst, skoðun hæstv. ráðh. líka, að fiskiðnaðurinn gæti ekki staðið undir þessu, varð auðvitað að bæta úr því með

einhverjum hætti. En það var ekki sjálfsagt að bæta það úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Mig undraði satt að segja, að hann skyldi víkja allhvasslega að mér fyrir það, að ég hefði leyft mér að halda því fram, að hann hefði staðið í vegi fyrir, að það væri gerð aðför að sjóðnum. Mér finnst það nú ekkert slæmt, að hann hafi gert það, þó að hann hafi sagt, að aðförin hafi að vísu ekki verið ýkjastór. En það skiptir ekki efnislega miklu máli. Ég hef skilið fyrri ræðu hans rétt þannig, að hann hafi sagt, að aðilar hafi viljað fá meira úr sjóðnum en hann hafi viljað fallast á. Ég fæ ekki skilið, hvernig ráðh. getur reiðzt yfir þessum orðum mínum eða þau hafi verið hneykslanleg eða ávítur á hann.

Sannleikurinn er sá, að *þetta virðist vera eitthvað einkennilegt allt saman.* Það er víðar en hjá L.Í.Ú., sem þessi skoðun hefur komið fram, *að hér beri á milli varðandi* það, hvernig þetta allt hafi til komið um greiðslur úr þessum sjóði. Ég hef hér vitnað í bréf L.Í.Ú. Ráðh. getur e. t. v. sagt, að L.Í.Ú., eða talsmenn þess, fari með ósannindi. Hv. 5. þm. Reykn. upplýsti hér enn fremur, að hann kannaðist með engum hætti við það og við það kannaðist enginn, sem hæstv. ráðh. hélt hér fram áðan, hvernig ákvörðun fiskverðs og aukafiskverðs hefði borið að og hvernig þetta hefði verið ákveðið. Kannske eru þá þessir menn líka að segja ósatt. Segir þá enginn satt nema hæstv. sjútvrh.? Ja, ég spyr. Hvað álíta menn? Þetta voru ekki mín orð. Ég vitna aðeins í það, sem hv. 5. þm. Reykn. upplýsti hér áðan, að það virðist vera úr einkennilega mörgum áttum, sem mönnum ber ekki saman við hæstv. ráðh. af einhverjum ástæðum, þó að hann kunni að vera hinn eini sanni postuli sannleikans í þessum málum. Ég veit það ekki. Um það verða menn að hafa sína skoðun.

Varðandi hugleiðingar hans um það, að ég þekkti lítið til þessara laga, skal ég ekkert fara í meting um, hvor okkar þekki betur þessi lög. Ég hygg, að ég þekki í grundvallaratriðum lögin það vel, að ég viti, hvað í þeim er. Mér er fullkunnugt um það, að viðmiðunarverði hefur verið breytt og það af þeirri eðlilegu ástæðu, að fiskverð hækkaði geysilega mikið og urðu *miklu stærri stökk en menn höfðu raunverulega séð fyrir.* Auðvitað lá í augum uppi, að ekki var hægt að taka sama hlutfall og gert var ráð fyrir af þessu stórhækkaða fiskverði. Það varð að hækka viðmiðunarverðið. Og ég held, að það hafi í raun og veru aldrei verið hugsun neinna, sem að þessu máli stóðu, að það væri aldrei tekið tillit til kostnaðar útgerðarinnar. Ég held, að það sé ekki neinn ágreiningur um það. Viðmiðunarverðið hækkaði auðvitað vegna þess, að tilkostnaður útgerðarinnar jókst, fiskverð hækkaði verulega innanlands og tilkostnaður, þannig að það varð að hækka viðmiðunarverðið. En það breytir engu um það, hvort rétt sé að borga úr sjóðnum. Það er önnur saga.

Greiðslur úr sjóðnum og ákvörðun um það, hvernig eigi að miða árgjöld eða framlög til sjóðsins, eru tvö mismunandi mál. Hér er verið að tala um, hvort rétt sé að hverfa yfir í þá hliðina, sem hér er gert, að fara beinlínis að borga úr sjóðnum. Þar kemur til annað mál. Það er það, sem okkur greinir á um, hvaða mat þurfi þar að koma til. Það er mín skoðun og reyndar fleiri, að það mat hafi ekki verið rétt í þessu tilfelli.

Varðandi það, að það beri í einhverjum grundvallaratriðum milli mín og formanns Sjálfstfl. um það, hvað sagt hafi verið um þetta efni, *þá fylgdist ég ekki gerla* með ræðu formanns Sjálfstfl. í Nd., en ég sé nú, að það, sem hann hefur sagt um það efni er allt með miklum fyrirvara. Hann hefur orðað það svo: „*Ég get* að vísu alveg skilið, að það sé ekki óeðlilegt að taka aflabrest og verðbreytingar erlendis að einhverju leyti saman.“ *Mér finnst þetta engin grundvallaryfirlýsing* um það, að sjálfsagt sé að fara þá leið, sem hæstv. ráðh. virtist í lokin vera kominn *inn á hér áðan, að í rauninni* væri eðlilegt að taka aflabrestinn líka með. Ég get vel fallizt á, að meta þyrfti, hvort eigi að taka það að einhverju leyti saman. Ég er ekkert viss um, að það sé svo langt frá því, að við séum sammála að vissu leyti. Ég er sammála hæstv. ráðh. eftir atvikum eftir því, hverju hann er að halda fram í það og það skiptið. En ég deili ekki alltaf með honum. Ég er sammála um viss atriði, sem hann heldur fram. En í grundvallaratriðum er ég þeirrar skoðunar, og ég vona, að hæstv. ráðh. sé það líka, að þau séu verðbreytingarnar, sem fyrst og fremst eigi að koma til álíta, hitt geti kannske komið að einhverju leyti til álíta sem aukaatriði. Við getum þá verið sammála, ef hæstv. ráðh. vill fallast á þennan skilning. Þá þurfum við ekki að deila um þetta atriði. En hér liggur heldur ekkert fyrir, sem réttlæti það. Það hafa ekki orðið neinar þær ófarir í íslenzkum sjávarútvegi, hvað aflabresti snertir, þegar heildaraflinn yfir árið er tekinn, sem réttlæta þessa breytingu. Við skulum ekki fara að hefja deilur um það.

Ef það hefur verið alltaf hugsunin, og ef það er skilningur hæstv. ráðh., að 7. gr. l. megi skiljast þannig, *að það megi nota þetta í sambandi* við þau atvik, sem nú hafa gerzt, þá verður manni náttúrlega að spyrja: Af hverju þurfti *þá þessi sérstöku lög, ef hægt var að gera* þetta með eðlilegum hætti? Ég hygg, að þetta stafi af því, eins og hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðu sinni, að hann telji, að í rauninni hafi þetta ekki getað fallið þarna undir nema með sérstökum lagaákvæðum. Lagagr. ber það greinilega með sér, að það er mat hæstv. ráðh., að hér sé um undantekningaratriði að ræða, sem er algerlega tímabundið. Það sýnir í rauninni greinilega skoðun hans um það, að hann er sammála því, sem ég hef sagt, að þetta er atriði, sem a. m. k. er það sérstætt, að það fellur ekki undir lögin, eins og þau eru úr garði gerð.

Við hv. 5. þm. Reykn. beindum sameiginlega þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort það mætti ekki ganga út frá því sem öruggu, að hann mundi ekki leysa vandamál þau, sem nú blöstu við sjávarútveginum, með því að vega í sama knérunn og ganga á Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í annan stað spurði ég hann að því, hvort hann gæti gert okkur grein fyrir þeim vanda og hve stór hann væri. Hann vék að vísu ekki að því nú. Það er e. t. v. ekki hægt að ætlast

til þess, að hæstv. ráðh., eins og ég áðan sagði, geti á þessu stigi vitað, hver hann er. Það er ekki heldur aðalatriðið, heldur hin spurningin, sem við hv. 5. þm. Reykn. spurðum sameiginlega, hvort ætti að vega aftur í sama knérunn. Þessu svaraði hæstv. ráðh. algerlega út í hött og lýsti hneykslun sinni yfir því, hvað við spyrðum barnalega. Hann sagðist ekki þekkja aðra leið í þessu en þá, að annaðhvort gerðist þetta með eðlilegum hætti, með samkomulagi þeirra aðila, sem eiga sjóðinn, og við deilum ekki um, hver á sjóðinn, eða þá að breyta yrði lögunum hér á Alþ. Þess vegna þyrftum við ekkert um þetta að spyrja og hann gæti engu um þetta svarað. Sannleikurinn er sá, að þriðja leiðin er til, og það er hin leiðin. Það er leiðin, sem hæstv. ráðh. hefur farið. Það er að þvinga aðila sjóðsins til þess að biðja um að fá að nota sitt eigið fé með því að setja þá andspænis þeim vanda, að annaðhvort geri þeir þetta eða þessir atvinnuvegir stöðvist. Þetta er leiðin, sem hæstv. ráðh. fór núna með þessu frv., og sú leið, sem hann gæti ósköp vel farið aftur, þannig að hann þyrfti ekki lög frá Alþ. Það þyrfti alls ekki að vera frjáls vilji þessara aðila, hann kom ekki til núna. Það liggur alveg ljóst fyrir, hvað sem hæstv. ráðh. segir. Það var enginn hrifinn af því að fara þessa leið. En hann getur vitanlega neytt menn til að fara þessa leið, nota sitt eigið fé, ef hann segði, eins og hann sagði við þá, sem komu til hans nú í haust: Það er ekki um neitt fé að ræða, og ríkið hefur ekki þetta fé. Það verður að leysast með öðrum hætti. — Þessa leið er hægt að fara.

Hins vegar hefur hæstv. forsrh., — hann tók að visu fram, að það væri sin persónulega skoðun, en það er góðra gjalda vert, — hann hefur svarað þessu alveg afdráttarlaust í hv. Nd., sé ég í ræðu, sem ég hef hér fyrir framan mig. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef tekið það fram áður sem mína skoðun, persónulega ætti ég kannske að hafa innan sviga, að ég teldi, að vandamál sjávarútvegsins yrðu ekki framvegis leyst með þeim hætti, sem til var gripið til bráðabirgða fyrir áramót. Og ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta. Ég álít, að vandamál sjávarútvegsins á næsta ári verði ekki leyst með því að sækja fé í verðjöfnunarsjóðinn á þann hátt, sem gert hefur verið nú."

Þetta var skoðun hæstv. forsrh., og það hefði óneitanlega verið dálitið skemmtilegra, ef hæstv. sjútvrh. hefði svarað jafnákveðið og hér er gert, jafnvel þó að hann hefði bætt því við: Þetta er min persónulega skoðun. — Það hefur líklega mikið að segja. Það hefði verið skemmtilegra svar en að svara fsp., sem beint var til hans í fullri hógvæð af okkur hv. 5. þm. Reykn., fullkomlega að gefnu tilefni og af fullum rökum miðað við það, sem búið er að gera, eins og hann gerði hér áðan, nánast algerlega út í hött.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er varla möguleiki á að fara að teygja umr. mikið, ef afgreiða á fleiri mál á dagskrá, svo að ég skal vera stuttorður. Hv. 2. þm. Norðurl. e. kom inn á spurningu, sem var næstum barnaleg og einkennilega út í bláinn, eins og hún var orðuð. Hún var einmitt um það efni, hvort halda ætti áfram að reyna að hanga á 7. gr. og fjalla þar um afkomu framleiðslunnar og önnur hliðstæð atvik, eins og segir í þessari gr. Nú veit ég ekki um það, hvort komin er út reglugerð fyrir sjóðinn. En það verður þá fróðlegt að vita, hvort hún hefur verið samin og skilgreini nokkru nánar, í hverju þetta er fólgið. Hitt er alveg rétt, að alltaf hefur þurft meiri hl. til þess að fá fé úr sjóðnum. Sú ákvörðun meiri hl. eða ákvörðun sjóðsstjórnar, því að sjóðurinn hefur stjórn, er borin undir viðkomandi sjútvrh. og hann staðfestir hana. Það hefur hæstv. sjútvrh. gert. En þessi ákvörðun var engu að síður gerð undir vissum kringumstæðum, með vissri pressu frá hæstv. sjútvrh. eða ríkisstj. Það hefur hver einasti maður í sjóðsstjórninni, sem ég hef spurt í þessu sambandi, sagt við mig.

Ég er því fenginn, að ekki er gert ráð fyrir að halda áfram í sömu átt. Mér fannst það koma fram í seinni ræðunni, og sérstaklega vil ég undirstrika og þakka hæstv. ráðh. yfirlýsingu þá, sem hann gaf og mætti koma fram í ræðu, er hann heldur á morgun á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, að hann muni aldrei standa að því að færa á milli deilda, þ. e. a. s. frá loðnu yfir í bolfisk eða öfugt. Þetta er grundvallaratriði, sem ég ætla að þakka honum fyrir og vona, að hann muni standa við í framtiðinni, hvort sem hann verður lengur eða skemur ráðh. Eins og hann kom réttilega inn á síðar í ræðunni og ég drap einnig á, er hér verið að taka fé með löggjöf af mönnum úr aðeins einni starfsgrein, og er mikilvægt, að ekki sé ráðskazt með það eftir atvikum, þegar grundvallarlöggjöfin fjallar um ákveðna verðbreytingu og ráðstöfunarmyndun í því sambandi til eða frá, þ. e. a. s. tekjuöflun eða greiðslur úr sjóðnum. Ef slíkt yrði gert, er það alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að fara má að fiska eftir því, æðivíða í þjóðfélaginu, að aðrir starfshópar eða greinar komi með hliðstæða kvöð og leggi til hliðar til þess að mæta hugsanlegum vanda í það og það skiptið. En kjarni málsins er sá, að þrátt fyrir nokkra aflaminnkun er vandamálið heimatilbúið, sem hæstv. ríkisstj. ber auðvitað mesta ábyrgð á. Það liggur í hlutarins eðli. Ég er hræddur um, að það hefði eitthvað hvinið í hv. stjórnarliðum í dag, ef stuðningsflokkar fyrrv. ríkisstj. hefðu staðið að slíkum aðgerðum. Svo mikið heyrði maður á sínum tíma í þessari hv. d. um þau vandamál, sem við var að glíma þá, þó að þau væru risavaxin miðað við það, sem hér er um að ræða. Aðalkjarninn er sá, að þetta er heimatilbúinn vandi. Hann þarf auðvitað að leysa. Þetta var handhæg leið, og eigendum var bókstaflega vísað á eigið sparifé, og sagt að gera svo vel. En það er oft flott að bjóða manni út, en segja honum síðan að borga brúsann.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. var áðan að vitna í yfir-

lýsingu, sem ég hafði gefið í Nd., og las nokkuð upp úr henni, að sjálfsögðu réttilega. En hann hefði þurft að lesa aðeins lengra og ég ætla nú að gera það, með leyfi hæstv. forseta. Í framhaldi af því, sem hv. þm. las, sagði ég:

„Að öðru leyti vil ég bæta því við, að í mínum augum er þetta mál, sem hér liggur fyrir, tiltölulega einfalt. Það er til þess að taka af tvímæli um það, að útvegsmenn sjálfir og fiskiðnaðurinn fái leyfi til þess að nota sinn eigin sjóð til þess að leysa sín eigin vandamál um takmarkaðan tíma. Þess vegna vil ég til viðbótar þessari yfirlýsingu, sem ég gaf áðan, hafa þann fyrirvara á, að þessi sjóður er eign þessara aðila, sem að honum standa, og þess vegna verður auðvitað alltaf fyrst og fremst að hlusta á það, hvað þeir segja. Þess vegna vil ég áskilja mér allan rétt til þess að taka tillit til þeirra óska, sem kynnu að koma fram frá þessum aðilum, sem þennan sjóð eiga."

Ég get endurtekið það hér, að ef svo kynni að fara, að óskir kæmu fram frá þessum aðilum, sem sjóðinn eiga, að leysa að einhverju leyti þann vanda, sem framundan er, með þátttöku þessa sjóðs, þá mun ég að sjálfsögðu taka tillit til þeirra óska. Ég álít, að það sé rétt og eðlilegt, að þeir ráði þessum sjóði. Eins og hér hefur verið sagt, er þetta þeirra eigið fé. Hvers vegna skyldu þeir ekki hafa siðferðilegan rétt til þess að óska eftir því að fá að nota þennan sjóð að einhverju leyti til að mæta áföllum, sem verða kunna og verða því miður oft í þessum atvinnuvegi? Þess vegna held ég, að ég hafi orðað þetta eins og ég gerði í þessari yfirlýsingu, að ég teldi, að þetta frv. væri flutt til þess að taka af tvímæli í þessu efni, því að í raun og veru álít ég það alveg í samræmi við anda þessara laga, hvað sem bókstafnum líður, að þessir aðilar, sem eiga sjóðinn, megi nota hann í því skyni að mæta aflabresti alveg eins og t. d. verðbreytingum.

Ég verð að segja það, að mér finnst hv. þm. gera helzt til lítið úr þessum aðilum, þegar hann lætur að því liggja, að þeir hafi verið kúgaðir til þess að setja fram þessar óskir. Ég held, að þessir menn, sem þarna er um að ræða, séu ekki þess háttar menn, að þeir láti kúga sig til eins eða neins. Hitt get ég vel skilið, að þeim þyki eðlilegra, þegar á bjátar, að leita fyrst í sinn eigin sjóð, áður en þeir gera kröfu til þess, að vandræði þeirra séu leyst með tilstuðlan almannafjár, því að vissulega eiga þeir sinn rétt einmitt í þessum sjóði. Það getur alltaf orkað meira tvímælis, hvaða kröfur menn geta gert til almannafjár. Vissulega verða þær kröfur að vera vel rökstuddar, og ég hef skilið þessa hv. þm. og aðra hv. stjórnarandstæðinga þannig, að ríkissjóður væri ekki of vel á vegi staddur og ekki aflögufær. En í þessu tilfelli skilst mér, að ekki hafi verið nema um tvennt að velja, annaðhvort að taka þetta fé af almannafé, úr ríkissjóði, eða úr eigin sjóði útvegsins. Ég skildi hv. þm. svo, að hann féllist algerlega á það, að fiskkaupendur, ef svo má segja, hefðu ekki haft ráð á því, eins og á stóð, að greiða þá upphæð, sem þarna félli til. Þá sé ég ekki, að sé nema um tvennt að ræða: annaðhvort komi til styrkur af almannafé eða þeim sé leyft að nota örlítið brot af af eigin sjóði.

Ég held hins vegar, að það blandist engum hugur um það, að ef um varanleg vandræði er að ræða og fyrirsjáanlegur er stórfelldur halli hjá þessum grundvallaratvinnuvegi okkar, verður sá vandi ekki leystur með því einu að ætla að sækja í þennan sjóð. Það er það, sem ég sagði með yfirlýsingu minni. Hitt er allt annað mál, að svo gæti staðið á, að útvegurinn teldi það sanngjarnt, þegar farið væri að skoða öll þessi vandamál og glíma við að leysa þau, sem við verðum auðvitað allir að taka þátt í, og ekki óeðlilegt að verja einhverjum hluta af þessum sjóði til að ná endum saman. Ég veit, að hv. þm., sem svo lengi var vörzlumaður ríkiskassans, skilur betur en margur annar, að það verður ekki allt sótt þangað, enda hefur mér skilizt, að hann hefði einhverjar áhyggjur af því, að það væri tómahljóð þar.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota tíma minn hér. Mér fannst hins vegar, þegar ég hlustaði á hæstv. forsrh., útskýra ræðu þá, sem hann flutti í Nd., að það minnti mig á ræður, sem hann flutti hér í hv. Ed., fyrst mjög góða ræðu og síðan mjög slæma ræðu, þegar hann dró í land með það, sem hann var búinn að segja í fyrri ræðunni, því að í þessu efni dró hann mjög í land og fór að lesa hér upp atriði, sem ekki kom í raunninni því við, sem ég var að tala um. Og mig langar svo aðeins að lokum til að halda áfram að lesa úr ræðu hans, þar sem hann endaði.

„Ég skal ekki vera að lengja þessar umr. að öðru leyti", sagði hæstv. forsrh., „en vona, að ég hafi svarað hv. þm., að svo miklu leyti, sem ég get svarað, og vil endurtaka það, að ég tel, að ríkisstj. muni ekki beita sér fyrir því, að vandamál sjávarútvegsins verði leyst með þeim hætti til frambúðar, sem hér hefur verið gert til bráðabirgða."

Á þessu lauk ráðh. máli sínu, og ég vona, að þetta sé bæði persónuleg og raunveruleg skoðun hans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta litla frv. er tengt þeirri áætlun um sveitarafvæðingu, sem gengið var frá á síðasta ári og þá var kynnt hér á Alþ. Mig langar til að fara örfáum orðum um þessa almennu rafvæðingu sveitanna. Þegar hafizt var handa um hana, var í upphafi sett það mark að tengja öll býli samveitum, þar sem eigi væri lengri meðalfjarlægð milli bæja en 1.5 km í einni og sömu sveit. Þessum áföngum var lokið á árinu 1971, og var á árinu 1970—1971 hafizt handa um gerð áætlunar um áframhald rafvæðingarinnar og lúkningu hennar. Í málefnasamn-

ingi núv. ríkisstj. er kveðið á um, að rafvæðingu strjálbýlisins skuli ljúka á þrem árum. Iðnrn. og Orkustofnun gerðu í sameiningu till. í samræmi við þetta, og þær till. samþykkti ríkisstj. í sept. 1971, og þær voru skömmu síðar kynntar hér á hinu háa Alþ.

Í árslok 1971 var gert ráð fyrir, að um 930 býli á landinu væru utan samveitna. Þau skiptust þannig eftir kjördæmum: Reykjanes alls 6 býli, þar af 3 rafvædd frá einkamótorstöðvum og 3 órafvædd með öllu. Vesturland 138 býli, 93 rafvædd frá einkamótorsstöðvum, 10 frá einkavatnsaflsstöðvum og 35 órafvædd með öllu. Á Vestfjörðum 233 býli, 155 rafvædd frá einkamótorstöðvum, 31 frá einkavatnsaflsstöðvum og 47 órafvædd með öllu. Á Norðurlandi vestra 81 býli, 30 rafvædd frá einkamótorstöðvum, 41 frá einkavatnsaflsstöðvum og 37 órafvædd með öllu. Norðurland eystra 76 býli, þar af 20 rafvædd frá einkamótorstöðvum, 44 frá einkavatnsaflsstöðvum og 12 órafvædd. Á Austurlandi 278 býli, þar af 192 rafvædd frá einkamótorstöðvum, 45 frá einkavatnsaflsstöðvum og 41 órafvætt. Á Suðurlandi voru 118 býli utan samveitna, þar af 50 rafvædd frá einkamótorsstöðvum, 45 frá einkavatnsaflsstöðvum og 23 órafvædd með öllu.

Athugun hefur leitt í ljós neðanskráða flokkun eftir meðalfjarlægð milli býla: Með meðalfjarlægð 1.5—2 km ca. 350 býli, 2—3 km ca. 330 býli og meira en 3 km ca. 260 býli.

Í áætluninni er, eins og ég nefndi áðan, gengið út frá því að ljúka rafvæðingu sveitanna á næstu þremur árum, þ. e. a. s. á árunum 1972—1974 að báðum meðtöldum. Er þá ráðgert að tengja öll þau býli samveitum, sem talið er fært að gera af fjárhagslegum og tæknilegum ástæðum. Framkvæmdaáætlunin var þessi miðuð við kjördæmi: Á Vesturlandi 51 býli 1972, 39 býli 1973 og 36 býli á árinu 1974. Á Vestfjörðum 69 býli á þessu ári, 41 býli á næsta ári og 38 býli á árinu 1974. Á Norðurlandi vestra 26 býli á þessu ári, 20 býli á næsta ári og 19 býli á árinu 1974. Á Norðurlandi eystra 38 býli á þessu ári, 15 býli á næsta ári og 8 býli á árinu 1974. Á Austurlandi 100 býli á þessu ári, 92 býli á næsta ári og 66 býli á árinu 1974. Og á Suðurlandi 44 býli á þessu ári, 32 býli á næsta ári og 31 býli á árinu 1974. Þegar lokið verður á þremur árum tengingu þeirra býla, sem hér er rætt um, eru enn samtals 157 býli ótengd eða hefur að svo stöddu eigi verið gefinn kostur á samtengingu. Lausleg sundurliðun sýnir, að 86 þeirra hafa mótorrafstöðvar, 27 hafa vatnsaflsstöðvar, en 49 eru alveg rafmagnslaus. Það er ljóst, að þessi býli, að undanteknum þeim, sem hafa nothæfar vatnsaflsstöðvar til frambúðar, þarf að rafvæða með mótorrafstöðvum eða með nýjum vatnsaflsstöðvum, þar sem virkjunarmöguleikar eru fyrir hendi. Nú fá bændur lán til kaupa á mótorrafstöðvum, sem nemur ca. 70% af kaupverði stöðvar. Eru lánin til 9—10 ára, afborgunarlaus 1—2 ár, en greiðast upp með jöfnum afborgunum á 8 árum og eru vextir 6%. Í þessari áætlun er lagt til, að þessi kjör verði bætt að því er snertir lánsupphæð, þ. e. að hún miðist við 100% af kaupverði stöðvar. Verð algengustu mótorrafstöðvanna er um 175 þús. kr. Heimild Orkusjóðs til lána vegna mótorrafstöðva er bundin í 71. gr. orkulaga, nr. 58 frá árinu 1967. Til þess að unnt sé að hrinda framangreindum till. í framkvæmd, er lagt fyrir Alþ. frv. það til breytinga á orkul., sem ég hef nú verið að kynna, og ég vænti þess, að það fái góðar undirtektir í hv. Ed.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend vissulega ekki upp til þess að andmæla þessu frv. Þvert á móti vil ég gjarnan í upphafi míns máls lýsa yfir stuðningi mínum við það frv., sem er til umr. Ég vil einnig lýsa yfir ánægju minni með þá miklu framkvæmd, sem nú er á rafvæðingarmálum, þar sem ætlunin er að koma rafmagni frá samveitum til þeirra bæja og býla, sem unnt má telja, að geti fengið slíka orku, og að framkvæma það á næstu þremur árum.

Ég stend upp fyrst og fremst til þess að leggja ríka áherzlu á, að sú fyrirgreiðsla, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, má alls ekki verða til þess að draga á nokkurn máta úr því, að býli fái rafmagn frá samveitum. Okkur er öllum kunnugt um það, að sú áætlun, sem lögð var fram á síðasta þingi, er nú til endurskoðunar, og við vitum, að það hafa komið fram ýmsar mjög góðar hugmyndir til fjölgunar þeim býlum, sem gætu fengið slíka orku frá samveitum, og þó innan þeirra marka, sem talin hafa verið hagkvæm og skynsamleg. Þetta mun nú vera allt í endurskoðun.

Ég get ekki neitað því, að mér hefur stundum þótt, að þau sjónarmið, sem ráðið hafa því, hvaða býli fá rafmagn frá samveitum, séu ekki nægilega mannleg. Iðulega virðist gæta listarinnar. Stundum virðist fremur leitazt við en ég vil fyrir mitt leyti sætta mig við að útiloka einstök býli, sem eru á mörkum, heldur en að reikna þau inn, ef ég má orða það svo.

Þetta vildi ég gjarnan láta koma hér fram, um leið og ég lýsi sérstakri ánægju minni með rafvæðingarmálin sem heild. Ég vil einnig taka það fram, að ég ber fullt traust til þeirra embættismanna, sem störfin vinna. Það er mannlegt að reyna að spara, eins og kallað er, en ég held, að það þurfi að taka ríkara tillit til hinna mannlegu sjónarmiða en í sumum tilfellum er gert, að því er mér virðist. Því er það von mín, að sú endurskoðun, sem nú fer fram, verði til þess að fjölga þeim býlum, sem fá rafmagn frá samveitum. Ég get jafnframt getið þess hér, að í sambandi við framkvæmdir í Vestfjarðakjördæmi, sem mér er að sjálfsögðu kunnugastar, liggja fyrir slíkar till. nú.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar hugleitt er efni þess frv., sem hér er til umr., þá rifjast upp, að það er ekki nema stuttur tími síðan hægt var að benda á það með nokkurri vissu, hvaða bær mundu trúlega verða utan við samveitur, þ. e. eftir að sú heildarrafvæð-

ingaráætlun var gerð, sem hafin var af fyrrv. ríkisstj. og nú hefur verið yfirfarin. Mér skildist á ræðu hv. 1. þm. Vestf., að hún sé enn í endurskoðun og tala þessara bæja muni geta breytzt. En mér verður hugsað til þess, að ég hef reynt alla mögulega þætti þessara raforkumála. Ég hef átt við það að búa að búa við algert rafmagnsleysi, ég hef átt við það að búa að notast við ófullkomna vindrafstöð, ég hef átt við það að búa að nota dísilrafstöð, og ég hef átt við að búa rafmagn frá samveitum. Og öllum þeim, sem þessi þróunarskeið hafa lifað, verður það ljóst, að þeim finnst hið fyrra ástand vera það, sem ekki er hægt að sætta sig við.

Ég segi þetta ekki til þess að gera lítið úr þeirri endurbót, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á fyrirgreiðslu til þeirra bænda, sem lenda utan samveitnanna. Ég bendi á þetta til þess að minna á þá sérstöku erfiðleika, sem þeir menn eiga við að búa, sem ekki eru tengdir samveitum. Ég vil benda á það t. d., að þó að um dísilvélar sé að ræða, þá eru viðhaldserfiðleikar þessara manna svo miklir, að þeir mega heita torleystir fyrir hvern einn einstakling. Það er einstök undantekning, ef hann getur fengið viðgerðarmann til að leysa sinn vanda, ef eitthvað verður að stöðinni. Honum er kannske ekki sjálfum fyllilega ljóst, hvort það er dísilvélin, sem hefur bilað, eða hvort það er rafallinn. Og ef hann er svo óheppinn að biðja fyrst um rafvirkja til þess að gera við hjá sér og ef það er svo dísilvélin, sem er biluð, þá kostar þetta tvo menn heim, því að það eru ekki ýkjamargir menn, sem eru menntaðir til þess að geta sinnt viðgerðum á báðum þessum tækjum. Vegna þess arna, sem ég hef nú verið að lýsa, og vegna þess að það fer að verða ljóst, um hversu stórt dæmi er að ræða, þegar rætt er um erfiðleika þeirra, sem standa utan samveitnanna, þá flýgur manni það í hug, hvort ekki megi ganga nokkuð lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég vildi aðeins koma hér fram með hugmyndir í því efni, til þess að sú n., sem þetta frv. fær til athugunar, geti hugleitt það, sem mér finnst, að þarna komi til greina. Mér finnst, að þegar dæmið er ekki orðið allt of stórt, þá geti komið til greina, að einhver opinber aðili, Orkusjóður Rafmagnsveitur ríkisins eða einhver annar ætti blátt áfram stöðvar þær, sem eru hjá þessum aðilum úti á landi, og tæki eftir þær leigu, eins og t. d. Landssíminn tekur af talstöðvum hjá bátum og öðrum, og hefði um leið viðhaldsskyldu á stöðvunum, skyldu til þess að veita þá þjónustu. Það mætti líka hugsa sér að ganga frá þessu eins og hér er gert ráð fyrir, að sá, sem á rafvæðingunni þarf að halda, fái lán, sem nemur kostnaðarverði stöðvarinnar. En ég tel, að það sé á engan hátt nægilega séð fyrir þessum málum, ef viðhaldsþjónustan verður ekki leyst hjá sameinuðum aðila, til þess að sá, sem verður að notast við rafvæðingu með þessum hætti, þurfi ekki að leita til fleiri manna um að leysa vandræði sín.

Eins og ég sagði fyrr í þessum fáu orðum mínum, þá ber að þakka það, að þarna er aukin nokkuð sú fyrirgreiðsla, sem hið opinbera hefur haft við þá menn, sem eru illa settir hvað varðar rafvæðinguna. Það ber að þakka það, og ég vil styðja það, svo langt sem þetta nær. En ég vildi óska eftir því, að iðnn. tæki þessar hugmyndir mínar til athugunar og hugleiddi það, hvort ekki væri hægt að fella þær saman við þessi lög. Allavega tel ég, að það verði mjög fljótlega að skipa þessum málum betur en enn er ráðgert að gera.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil eins og þeir, sem hér hafa talað á undan mér, lýsa ánægju minni með þetta frv. Það stefnir vafalaust í rétta átt, því að gera verður ráð fyrir, að við komumst aldrei svo langt í rafvæðingu landsins, að öll býli undantekningarlaust njóti rafmagns frá samveitum. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að einhver býli þurfi sérstaka aðstoð, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

En ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á það sjónarmið, sem fram kom hjá 1. þm. Vestf., að þessi stuðningur við einkarafstöðvar verði ekki til þess, að það verði síður haldið áfram þeirri viðleitni, sem hefur markað þessi mál frá upphafi, að sem flest býli njóti rafmagns frá samveitum. Það þarf ekki að færa rök fyrir því, hvað það er hagkvæmara fyrir ábúendur jarðanna að vera þannig settir, heldur en þurfa að standa í því að reisa einkarafstöðvar.

Ég vil taka undir þær ábendingar, sem fram komu í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Mér finnst, að það sé nauðsynlegt að taka þær til gagngerðrar athugunar í þeirri n., sem kemur til með að hafa þetta mál til meðferðar.

En ég vil leyfa mér að vekja athygli á einu atriði. Í þessu frv. er talað um lán til að koma upp mótorrafstöðvum. Þetta, sýnist mér, nær ekki til þess, ef einstök býli eru þannig sett, að það kunni að vera hagkvæmt og jafnvel hagkvæmara að koma upp vatnsaflsstöðvum. (**Heilbr.- og trmrh.:** Það er þegar í lögunum.) — Ráðh. segir, að það sé í orkulögunum, — mig grunaði það reyndar, en var ekki búinn að fá tækifæri til þess að fletta því upp, en ég sé, að Stjórnartíðindin eru nú, meðan ég er að tala, komin á borðið við sæti mitt.

En ég vil leyfa mér þá að spyrja, hvort þau ákvæði í orkul. ná eins langt og gert er ráð fyrir í þessu frv., að aðstoðin nái, ef um mótorrafstöðvar er að ræða, þ. e. a. s. að samkv. gildandi orkul. sé heimilt að veita lán fyrir öllu kostnaðarverði vatnsaflsstöðva. Ef svo er ekki, þá tel ég, að það sé þörf á því að koma slíku ákvæði inn í þetta frv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að þakka hv. alþm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir mjög góðar undirtektir við þetta mál. Ég vil leggja áherzlu á það, að sú þriggja ára áætlun, sem nú er í framkvæmd, er í sjálfu sér ákaflega stórt átak, og vegna þess, hversu mörg býli voru utan samveitna, eða 930, eins og ég gat um, þurfti að sjálfsögðu að setja einhverja reglu um, hvernig ætti að leysa meginhluta þessa vanda, því að annars hefðu menn komizt í þá aðstöðu að þurfa að gera upp á milli á einhverjum ann-

arlegum forsendum. Þessi regla var sett, og hún felur það í sér, að hátt í 800 býli komast í tengingu við samveitur á aðeins þremur árum. Þetta er ákaflega mikið átak. Þetta er mikið fjárhagslegt átak, og þetta er ákaflega mikið vinnuátak líka, og ég segi það hreinskilnislega, að ég hygg, að það kunni að verða mjög örðugt og rafveiturnar verði mikið á sig að leggja, til þess að hægt verði að standa við þessa áætlun. En þessi áætlun er svo stórfelld t. d., að ef við tökum Vestfirðina, þá lætur nærri, að það sé gert ráð fyrir því, að jafnmörg býli á Vestfjörðum séu tengd við samveitur á þremur árum núna og áður gerðist á 25 árum.

Þegar þessu stóra verkefni er lokið, eru eftir rúmlega 150 býli, og þá kemur til álita að minni hyggju að meta þetta á allt öðrum forsendum og þ. á m. á þeim mannlegu forsendum, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson minntist á, og ýmsum forsendum öðrum. Þegar við sjáum, að um er að ræða býli, þar sem er rekinn myndarlegur búskapur og allar líkur á því, að hann muni haldast um langa hríð, þá er hægt að setja allt aðrar reglur en þær, sem stuðzt er við, meðan verið er að framkvæma þennan áfanga, sem núna er. Og ég hygg, að þegar þessum áfanga er lokið, muni Ísland vera eitt þeirra landa í heimi, — ef tekin eru lönd, sem eru strjálbýl og fjöllótt og erfið eins og Ísland, — eitt þeirra landa, þar sem rafmagn frá samveitum kemur til langflestra þegna, gott ef við erum ekki komnir í fremstu röð á þessu sviði. En ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að það á að gera eins vel og hægt er við þá bændur, sem nú verða utan þessa kerfis, vegna þess að fjarlægðin er talin svo löng, að það svari ekki kostnaði fjárhagslega að leggja línu þangað, — það eigi að gera eins vel við þá og unnt er og meta að sjálfsögðu í því sambandi búnaðaraðstæður á hverjum stað. — Ég ítreka svo þakkir mínar til hv. þm. fyrir góðar undirtektir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 119, sbr. 4). — 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem hér er lagt fram, er annað frv., sem n. sú, sem ég skipaði í ágúst 1971, hefur samið. Haustið 1971 skilaði n. frv., sem fyrst og fremst miðaði að tekjutryggingu fyrir aldraða og öryrkja, enda var n. fyrst og fremst falið að sjá til þess, að greiðslur almannatrygginga til aldraðs fólks og öryrkja yrðu hækkaðar að því marki, að þær nægðu til framfæris þeim bótaþegum, sem ekki styddust við aðrar tekjur. N. var jafnframt falið að endurskoða allt almannatryggingakerfið, og hefur hún haldið áfram starfi sínu. Upphaflega voru skipuð í n. þau Geir Gunnarsson alþm., Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur, Tómas Karlsson ritstjóri og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, en í febr. 1972 var tveimur mönnum bætt í n., þeim Oddi Ólafssyni alþm. og Sigurði Ingimundarsyni forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Jón Ingimarsson skrifstofustjóri rn. hefur verið ritari n. allan tímann.

Eins og fyrr segir, hefur n. miðað tillögugerð sína við ákveðinn áfanga, og þegar um er að ræða málaflokka eins og almannatryggingar, er nauðsynlegt, að nefnd eða nefndir séu sífellt starfandi til þess að fylgjast með og koma á framfæri þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru á tryggingakerfinu. Með brágabirgðaákvæðum laganna á s. l. ári voru beinar greiðslur einstaklinga til tryggingakerfisins algerlega afnumdar, og einn þáttur í því frv. til l., sem hér er lagt fram, er að afnema endanlega þessar greiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga svo og greiðslur sveitarfélaga til lífeyristrygginga. Í lögum nr. 96 frá 1971 voru þessar greiðslur felldar niður árið 1972, þannig að nauðsynlegt er að ákveða með lögum fyrir lok þessa árs, hvernig farið skuli með þessar greiðslur framvegis. Þá var í bráðabirgðaákvæðum l. nr. 67 frá 1971 gert ráð fyrir því, að gildistöku lagaákvæða, sem vörðuðu fækkun og stækkun sjúkrasamlaga, yrði frestað til ársloka 1972, og varð því n. að taka afstöðu til þess, hvaða lagaákvæði skyldu gilda um sjúkrasamlög frá 1. jan. n. k. Með bráðabirgðaákvæðum l. nr. 96 frá 1971 var gert ráð fyrir ákveðnu uppgjöri sjúkrasamlaganna miðað við ársbyrjun 1972, og því var talið af rn., að bráðabirgðaákvæði l. nr. 67 frá 1971 um málsmeðferð væru fallin brott.

N. hefur orðið sammála um, að ákvæði 37. og 38. gr. l. nr. 67 1971 eigi að koma til framkvæmda 1. jan. n. k., og miðar breytingar sínar við það. Í þessum lagaákvæðum eru afnumin þau tengsl, sem áður voru milli héraðssamlaga og sýslumannsembætta. Þess vegna þótti n. eðlilegt að fella á sama hátt niður þau tengsl, sem hafa verið milli Tryggingastofnunar ríkisins og embætta sýslumanna og bæjarfógeta, þar sem ekki verður lengur um að ræða neina innheimtu hjá einstaklingum. Af þeim orsökum taldi n. eðlilegast, að sérstök umboð Tryggingastofnunarinnar sjálfrar önnuðust þessi samskipti við þá, sem tryggingal. ættu að þjóna.

Nú, þegar gera má ráð fyrir, að sjúkrasamlagakerfinu, sem gilt hefur í landinu um árabil, verði breytt, er ekki úr vegi að rifja upp í stuttu máli, hvernig þetta kerfi hefur þróazt og hvers vegna það hefur runnið í þann farveg, sem nú á að beina því.

Með alþýðutryggingalögunum frá 1. febr. 1936 var ákveðið, að í hverjum kaupstað skyldi starfa sjúkrasamlag. Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaða var ekki skylt að stofna sjúkrasamlög, en atkv. skyldu greidd um það eftir ákvörðun hreppsnefndar eða ósk fimmta hluta

kjósenda. Með l. frá 30. des. 1943 var síðan ákveðið, að atkvgr. skyldi fara fram á árinu 1944 í öllum þeim sveitarfélögum, sem ekki höfðu starfandi sjúkrasamlag. Það kom í ljós fyrstu árin eftir að alþýðutryggingalögin tóku gildi, að sjúkrasamlögum fjölgaði mjög lítið. Árið 1937 voru þau 9 í landinu, árið 1940 19, árið 1943 35, en síðan fjölgaði þeim upp í 139 árið 1945.

Í lögum um almannatryggingar frá 1946 var gert ráð fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins tæki að sér sjúkratryggingar á öllu landinu í stað sjúkrasamlaga, og þá áttu sjúkrasamlögin að hætta störfum. Í l. var gert ráð fyrir því, að sá kafli kæmi til framkvæmda 1. jan. 1948. Framkvæmd þessa kafla almannatrygginga var síðan frestað ár frá ári. Hins vegar var ákveðið hinn 28. des. 1950, að sjúkratrygging skyldi ná til allra landsmanna, 66 ára og yngri, og skyldu þá stofnuð sjúkrasamlög í þeim hreppum, þar sem þau voru ekki tekin til starfa. Þetta varð til þess, að sjúkrasamlögum fjölgaði í 226 á árinu 1951. Fjöldi sjúkrasamlaga hefur síðan haldizt svipaður og þeim aðeins fækkað nokkuð við það, að byggð hefur lagzt af í nokkrum sveitum.

Á fyrstu árum sjúkrasamlaga alþýðutryggingalaganna stóðu iðgjöld samlagsmanna undir ⅔ af tekjum samlaganna, en framlög ríkis og sveitarfélaga ⅓ og voru jafnhá frá báðum aðilum. Árið 1956 er gerð heildarbreyting á almannatryggingal. og þar með á ákvæðum sjúkratryggingakaflans. Ákvæðin frá 1946 um eitt sjúkratryggingakerfi fyrir landið allt voru numin úr gildi og fjöldi sjúkrasamlaga hélzt óbreyttur, en til viðbótar voru stofnuð héraðssamlög, og var stofnað héraðssamlag í hverju sýslufélagi, þannig að eftir það urðu til þrenns konar sjúkrasamlög, þ. e. kaupstaðasamlög, hreppasamlög og héraðssamlög, og hreppssamlögin mynduðu héraðssamlagið. Hlutverk héraðssamlaganna var fyrst og fremst að vera umboðsaðili Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart sjúkrasamlögum á svæðinu og ráðgjafi um málefni samlaganna. Í þessum l. var gert ráð fyrir, að iðgjöld stæðu undir ⅔ hlutum kostnaðar vegna sjúkratryggingannа, en ríki og sveitarfélög undir ⅓ hvort.

Þegar hér er komið sögu, verður á það að minna, að á öllu þessu tímabili náðu sjúkratryggingarnar ekki yfir alla sjúkrahúsvist. Nokkru áður en lögin um alþýðutryggingar voru samþykkt eða um svipað leyti voru samþykkt lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem of langt mál yrði að rekja ítarlega, en í stuttu máli annaðist ríkið greiðslu vistar á sjúkrahúsum eða heilsuhælum vegna langvinnra sjúkdóma, og skiptist kostnaður við ríkisframfærsluna milli ríkis og sveitarfélaga. Með breytingu á almannatryggingal., sem tók gildi 1. jan. 1968, var ákveðið að leggja ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla niður, en flytja alla tryggingu vegna sjúkrahúsvistar til sjúkrasamlaga og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, — og þannig er þessum málum háttað nú. Með þessari lagabreytingu var héraðssamlögunum fengið nýtt hlutverk, þ. e. að annast tryggingu vegna sjúkrahúsvistar einstaklinga í þeim hreppasamlögum, sem í héraðssamlaginu voru. Hlutverk sjúkratryggingadeildar varð hins vegar að taka við þeirri sjúkrahúsvistartryggingu, sem var á vegum ríkisins vegna sjúkra manna og örkumla, og taka síðan við sjúkrahúsvistartryggingu vegna langlegusjúklinga. Um nokkurt árabil, áður en þessi breyting varð, hafði hlutfallsframlag ríkissjóðs til sjúkratryggingannа farið vaxandi, og með þessari lagabreytingu varð framlag ríkissjóðs um 57% af heildarútgjöldum sjúkrasamlaga og framlag sveitarfélaga tæp 20%, en iðgjöld stóðu aðeins undir um 23% af heildarútgjöldunum. Flestir litu á þetta skref, að taka sjúkrahúsatryggingunа frá hreppasamlögunum, sem spor í þá átt að fækka sjúkrasamlögum, þar eð allir voru sammála um, að hreppasamlög væru of lítil tryggingareining, a. m. k. vegna sjúkrahúsvistartryggingar, sem er um 70% af öllum kostnaði sjúkratryggingannа. Því var það, að í lögum þeim, sem samþ. voru á síðasta vori, voriö 1971, og tóku gildi 1. jan. 1972, var gert ráð fyrir því, að framvegis yrðu aðeins kaupstaðar- og héraðssamlög í landinu, og þó gert ráð fyrir, að hægt væri að fækka samlögum enn meir, þ. e. sameina í eitt samlag samlagssvæði, tveggja eða fleiri sjúkrasamlaga. Það er þetta stig, sem við höfum nú komizt á. En af ýmsum ástæðum hefur ekki þótt tímabært að taka upp að nýju hugmyndina frá 1946 og gera landið allt að einu sjúkratryggingaumdæmi með sjúkratryggingu í sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, enda þótt líklegt sé, að sú þróun verði innan tíðar. Þó að hin nýju sýslusamlög nái yfir svipað eða sama umdæmi og héraðssamlög áður, eru þau annars eðlis, og því þótti eðlilegt, að um þau giltu líkar reglur hvað stjórnun snerti og um sjúkrasamlögin áður.

Vegna einstakra gr. frv. vil ég geta þessa:

Um 1. gr. Gert er ráð fyrir, að í 6. gr. l., d-lið, verði rýmri ákvæði en nú er, þannig að gert sé ráð fyrir, að Tryggingastofnunin geti gert samning við fleiri aðila en lækna og sjúkrahús, og er þar t. d. haft í huga, að Tryggingastofnunin geti gert samninga við sjúkraþjálfa, hjúkrunarkonur, ljósmæður og við læknamiðstöðvar eða heilsugæzlustöðvar.

2. gr. felur í sér þýðingarmikla skipulagsbreytingu á samskiptum Tryggingastofnunarinnar og þeirra, sem rétt eiga á greiðslum frá stofnuninni. Samkv. gildandi lögum skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hver í sínu umdæmi. Með lagabreytingunni er gert ráð fyrir, að settar verði á stofn umboðsskrifstofur um landið, eftir því sem þörf krefur. Hvað snertir staðsetningu þessara stofnana, á að fara eftir ákvæðum ráðh. að fengnum till. tryggingaráðs. Þá er gert ráð fyrir, að sérstakir trúnaðarmenn verði auk þess tilnefndir í hverju sveitarfélagi, og er það sveitarstjórnar að tilnefna slíkan trúnaðarmann, þar sem ekki er starfandi umboðsskrifstofa. Hugmyndin með þessari breytingu er að koma á nánari samskiptum fólksins í landinu við Tryggingastofnunina, en misbrestur hefur þótt vera á því, að fólk, einkum úti á landi, hafi vitað um rétt sinn, og hefur það einkum staf-

að af ófullkomnum upplýsingum og því, að fólkið hefur ekki átt kost á að afla sér upplýsinga eins og skyldi. Þessi starfsemi sýslumanna, sem hér var vikið að, hefur verið næsta umfangsmikil. Þar hefur verið um að ræða 24 umboð, og að þessu efni hafa starfað á vegum sýslumannanna 26 menn.

Innan n. þeirrar, er frv. samdi, hafa orðið allmiklar umr. um það, hvernig umboðsstörfum Tryggingastofnunar ríkisins ætti að koma fyrir utan Reykjavíkur. Auðsætt er, að utan Reykjavíkur geta orðið til annars vegar skrifstofur kaupstaðarsamlaga, eins og nú er, nýjar skrifstofur héraðssamlaga og svo umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyris- og slysatrygginga. N. varð sammála um, að stefna bæri að því að sameina sem mest þessa starfsemi í eina afgreiðslusmiðstöð á hverjum stað, og með það í huga var talið nauðsynlegt, að tryggingaráð og ráðh. hefðu óbundnar hendur bæði um staðarval og um það, hvaða aðila yrðu falin umboðsstörfin eða hvort Tryggingastofnunin sjálf setti á stofn umboðsskrifstofur með eigin starfsliði. Enginn vafi er á því, að mismunandi aðstæður á hinum ýmsu stöðum geta valdið því, að mismunandi leiðir verði valdar. Þannig er ekki ósennilegt, að sums staðar verði sameinað í eina skrifstofu kaupstaðarsamlag, sýslusamlag og umboðsstarf, án þess að það sé í tengslum við sýslumannsembætti, en á öðrum stöðum verði talið heppilegra að reyna að ná samkomulagi við sýslumann um, að þessi starfsemi öll verði í tengslum við sýslumannsskrifstofuna. N. hefur lagt á það áherzlu, að nauðsynlegt sé, að umboðsskrifstofur verði meira en útbreiðslustaðir. Leggja þyrfti miklu meiri áherzlu en fram að þessu hefur verið gert á upplýsingaþjónustu, og er það í beinu samræmi við 79. gr. gildandi l. um almannatryggingar og þá reglugerð, sem nú nýlega hefur verið sett um félagsmála- og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem að sjálfsögðu mundi reyna að sinna verkefni sínu með milligöngu umboðsskrifstofanna úti um landið. 1. gr. þeirrar reglugerðar hljóðar þannig:

„Við Tryggingastofnun ríkisins skal starfa deild, sem annist velferðarmál aldraðra og annarra bótaþega almannatrygginga, og sjá um kynningu og upplýsingaþjónustu á vegum Tryggingastofnunarinnar samkv. því, sem frekar er ákveðið í þessari reglugerð."

Ég hef áður greint frá þessari reglugerð hér á hinu háa Alþ. og sé ekki ástæðu til að ræða frekar um hana, en starfsemi samkv. henni mun hefjast um næstu áramót. Hér er sem sé verið að leggja áherzlu á það, að Tryggingastofnunin gegni þjónustuhlutverki sínu á mun virkari hátt en hún hefur gert að undanförnu. Í þessu sambandi þykir mér rétt að greina einnig frá því, að nú í haust fól ég hagræðingarfyrirtæki hér í Reykjavík, Hagvangi h/f, að athuga starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins með tilliti til þess, hvort hægt væri að bæta þjónustu stofnunarinnar við viðskiptavini hennar, án þess að tilkostnaður ykist, og geri ég mér vonir um, að niðurstöður þeirrar könnunar liggi fljótlega fyrir, og verða þær þá athugaðar af þeirri n., sem fjallar um tryggingamálin í heild, en heildartilgangurinn með þessu er sá, eins og ég sagði, að Tryggingastofnunin verði mun virkari þjónustustofnun en hún hefur verið.

Í 3. gr. frv. felst heimild tryggingaráðs til að greiða einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, og einstæðu fósturforeldri sambærileg laun við mæðralaun. Samkv. gildandi lögum er nú aðeins skylt eða heimilt að greiða mæðralaun til einstæðra mæðra eða fósturmæðra, en með þessari breytingu er verið að auka nokkuð rétt karla að þessu leyti, enda þótt skrefið sé ekki stigið til fulls og karlmenn gerðir jafnréttháir konum í þessum efnum.

Í 4. gr. eru tekin upp í lög bráðabirgðaákvæði l. nr. 96 frá 27. des. 1971, þar sem rætt var um, að fella skyldi niður hlut hinna tryggðu og hlut sveitarfélaga til lífeyristrygginga árið 1972. Þetta var liður í breytingu á skattal. og l. um tekjustofna sveitarfélaga. Lagagr., sem er 20. gr. gildandi l., verður því þannig, að ríkissjóður greiði 86% og atvinnurekendur 14% af kostnaði lífeyristrygginganna.

Í 5. og 6. gr. eru felldar niður tvær gr., og stafar það af niðurfellingu b- og c-liðs 20. gr.

7. gr. er þess efnis, að Ríkisendurskoðunin skuli annast endurskoðun reikninga sjúkrasamlaganna, og er gr. tilkomin vegna þess, að það er skoðun n., að við þá fækkun og stækkun sjúkrasamlaganna, sem kemur til framkvæmda, hækki svo verulega þær fjárhæðir, sem reikningar samlaganna fjalla um, að talið er eðlilegt, að hin opinbera endurskoðun, Ríkisendurskoðunin, hafi reikningslegt eftirlit með fjárreiðum sjúkrasamlaganna.

Með 8. gr. er felld niður innheimta hjá hinum tryggðu, en núgildandi 40. gr. er mjög úrelt, og var því nauðsynlegt að endursemja gr. að fullu. Eina skuldbindingin um sjúkratryggingu í sjúkrasamlagi samkv. gr. er, að viðkomandi eigi lögheimili á sjúkrasamlagssvæðinu.

9. og 10. gr. þarfnast ekki skýringa og raunar ekki heldur 11. gr., því að í henni felst engin efnisbreyting, aðeins leiðrétt misræmi vegna aldursviðmiðunar, sem var við setningu l. nr. 96 frá 1971, og auk þess eru bótafjárhæðir greindar með núgildandi tölum til vinnuhagræðingar.

12. og 13. gr. þarfnast ekki skýringar.

Í 14. gr. er sú meginbreyting gerð, að tilkynning um lögheimilisbreytingu samkv. l. um þjóðskrá er látin gilda sem flutningur manna milli sjúkrasamlaga.

15. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 16. gr. er breyting í samræmi við bráðabirgðaákvæði l. nr. 96 frá 1971. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 90% af kostnaði vegna sjúkrasamlaga, en sveitarsjóðir 10%.

17., 18., 19., 20., 21., 22., 23. og 24. gr. þarfnast ekki skýringa með vísan til þess, sem áður hefur verið sagt.

Um ákvæði til bráðabirgða er það að segja, að augljóst er, að það tekur nokkurn tíma að koma þeim breytingum á, sem hér er rætt um, og því nauðsynlegt að kveða á um stjórnun sjúkrasamlaga, meðan á þessu stendur, og er fyrra bráðabirgðaákvæðið við það miðað.

Síðara bráðabirgðaákvæðið er í raun framlenging bráðabirgðaákvæða l. nr. 96 frá 1971, þar sem sagt var fyrir um, hvernig uppgjöri reikninga samlaganna skyldi hagað. Hér eru þessi ákvæði tekin upp aftur, en þó með nánari skýringum, m. a. að því er varðar skiptingu milli sveitarsjóða innan sama sjúkrasamlagssvæðis.

Eins og ég hef oft sagt, verða lög um almannatryggingar seint fullsamin, og ég tel því nauðsynlegt, að áfram verði haldið á þeirri braut, sem lagt var út á s. l. haust, þ. e. a. s. að hafa starfandi n., sem sífellt endurskoðar almannatryggingalög og gerir till. til Alþ. um breytingar. Ég hef því beðið n. þá, sem vann að þessu frv., að halda áfram starfi sínu, og mér þætti mjög sækilegt, að nýjar till. til breytinga á almannatryggingalögunum kæmu frá n. síðar á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú fylgt frv. þessu úr hlaði með greinargóðri ræðu, eins og hans var von og vísa, en ég tel rétt að segja um það nokkur orð á þessu stigi málsins.

Í grg. segir, að frv. þetta gegni fyrst og fremst því hlutverki að afnema endanlega einstaklingsgreiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga og greiðslur sveitarfélaga til lífeyristrygginga. Þetta er þó aðeins formleg staðfesting á því, sem áður er búið að ákveða, og því ekkert nýmæli. Hæpið er því að telja þessi ákvæði kjarna málsins, eins og sagt er í grg.

Þá segir í ákvæði til bráðabirgða, að sýslusamlög eigi að taka við hlutverki núverandi héraðs- og hreppasamlaga. í almannatryggingal. frá 1971 eða þeirri breytingu, sem þá var gerð, var ákveðið að leggja sjúkrasamlög hreppanna niður, sbr. 37. gr. þeirra laga. Þó var fram tekið í ákvæði til bráðabirgða, að fresta skyldi gildistöku þeirra ákvæða l., er vörðuðu fækkun og stækkun sjúkrasamlaga, til ársloka 1972. Ákvæði almannatryggingal. um héraðssamlög áttu einnig að haldast í gildi þangað til. Varla geta þessi ákvæði frv. því talizt ný af nálinni. Nefna má þó sem nýmæli eða nýyrði sýslusamlög, sem virðast benda til þess, að hinni viðurkenndu umdæmaskiptingu landsins eigi þó að fylgja að einhverju leyti enn um stund, að því er varðar sjúkratryggingar.

Þá er tekið fram í grg. frv., að gert sé ráð fyrir nokkrum minni háttar lagfæringum á heildarlöggjöfinni, fínpússningu á smíðinni. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en telst þó varla stórtíðindum sæta, því að það hefur að einhverju leyti verið gert í hvert einasta skipti, sem löggjöfin hefur verið endurskoðuð. Hún hefur oft verið endurskoðuð, og henni hefur oftlega verið breytt. Sem dæmi má nefna, að þegar almannatryggingal. voru sett árið 1971, voru afnumin, 18 lög, ef ég man rétt, 18 lagabreytingar, sem gerðar höfðu verið á l. frá 1963.

Hið eina raunverulega nýmæli þessa frv. er að finna í 2. gr. þess. Sú gr. felur í sér þýðingarmikla skipulagsbreytingu á samskiptum Tryggingastofnunarinnar og bótaþega að dómi höfunda frv., sbr. grg. með 2. gr. En hver er þessi þýðingarmikla skipulagsbreyting, þessi dásemd, sem allur landslýður á í vændum? Ég ætla að leyfa mér að fara um þetta efni nokkrum orðum.

Verður þá fyrst að gera grein fyrir þeirri skipan, sem gildir nú og gilt hefur lítt breytt frá upphafi almannatryggingar hér á landi árið 1936. Sú skipan er í aðalatriðum á þann veg, að utan Reykjavíkur hefur landinu verið skipt í 25 almannatryggingaumboð. Umboðsmenn hafa verið og eru enn bæjarfógetar og sýslumenn, hver á sínu svæði. Þetta var að vísu ekki lögboðið í fyrstu, þótt svo yrði í framkvæmd strax, heldur byggðist það á frjálsum samningum. En n. sú, sem skipuð var af ríkisstj. 7. maí 1954 til að endurskoða löggjöf um almannatryggingar í heild, orðar frv. sitt, sem síðar varð að l., þannig í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi."

Um þetta atriði segir svo í aths. við 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Það nýmæli er í þessari gr., að hún ákveður, að sýslumenn og bæjarfógetar fari með umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina. Stofnunin hefur til þessa samið við stjórn Félags héraðsdómara um þessi umboðsstörf. Samkv. því samkomulagi hafa bæjarfógetar og sýslumenn annazt umboðsstörfin víðast hvar. Á nokkrum stöðum hafa sjúkrasamlögin annazt umboðsstörfin. Umboðsstörf sýslumanna og bæjarfógeta hafa yfirleitt gefizt vel að dómi Tryggingastofnunarinnar, og vill því n. lögbjóða þessa skipan."

Á þessa skipan var þá komin nær 20 ára reynsla. Í n., sem svo hagaði orðum sínum, sátu m. a. hv. 1. þm. Norðurl. e. og Gunnar J. Möller hrl., sem hæstv. ráðh. hefur vottað traust sitt með því að endurskipa hann formann tryggingaráðs, og er það vel, því að þar fer maður með mikla þekkingu og reynslu í þessum málefnum. 8. gr. almannatryggingal., sem ég nú nefndi, hefur staðið óbreytt síðan. Þó hefur aðeins orðið vart hræringa til að hagga því skipulagi, og á ég þar við till. til þál. um endurskoðun l. um almannatryggingar, sem flutt var árið 1969 af hv. 10. landsk. þm., að ég ætla, núv. formanni fjvn. og fulltrúa í tryggingaráði. Þar tæpir hann á þeirri hugmynd að breyta um í þessum efnum og telur, að sú skipan, að sýslumenn og bæjarfógetar hafi slík umboðsstörf á hendi, sé óheppileg, þar sem — eins og segir í grg. — flm. telja þessa skipun að ýmsu leyti óeðlilega og um of mótaða af innheimtusjónarmiðum. Og fleira færir hann þar fram í þessu efni. En þessi hugmynd, sem þarna er tæpt á, virðist hafa fengið byr undir báða vængi í frv. því, sem hér um ræðir. Hvernig er þá hin nýja skipan, hið nýja skipulag, sem hæstv. trmrh. gerir að fagnaðarboðskap?

Í 2. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur, og fer um staðarval eftir ákvörðun ráðh. að fengnum till. tryggingaráðs.

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn tilnefna sérstakan trúnaðarmann tryggingaskrifstofunnar, sem annast upplýsinga-

störf og tengsl íbúa sveitarfélagsins við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna."

Samkv. þessu á það að vera ráðh. og ráðh. einn, sem ákveður fjölda umboða, staðarval og annað í þessum málum. Hann á m. ö. o. að skipta landinu í umdæmi að eigin geðþótta. Ætla má, að með þessum hætti yrði byggt upp frá grunni nýtt dreifikerfi almannatryggingabóta um gervalla landsbyggðina. Varla yrðu höfuðstöðvarnar færri en 25. Að vísu hefur þeirri hugmynd verið hreyft, — og ég get aðeins nefnt það hér, — úr þessari sömu átt eða svipaðri átt að gera landið allt að einu umdæmi og senda bætur almannatryggingа út um allt land eftir allsherjar gírókerfi frá einni höfuðmiðstöð í Reykjavík, og þær yrðu þá væntanlega sendar á nafnnúmer, þegar fram líða stundir. En sleppum því. Sú hugmynd virðist ekki hafa öðlazt nægilegt fylgi enn sem komið er.

Þá er rétt að athuga tvennt. Eru horfur á því, að hið nýja dreifikerfi verði ódýrara í uppbyggingu og rekstri en það, sem nú er? Í öðru lagi: Eru líkur til þess, að hin nýja skipan yrði hagkvæmari og hentugri fyrir allan almenning, fyrir bótaþegana, fyrir fólkið í landinu? Um hið fyrra atriði má segja eða spyrja: Var nokkur að tala um sparnað eða hagsýni? Slíkt er fáséð í ræðum og ritum hæstv. núv. ríkisstj. Þó segir á einum stað í Ólafskveri, þar sem rætt er m. a. um almannatryggingar, að jafnframt skuli gerð ítarleg athugun á rekstrarkostnaði ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja í þeim tilgangi að gera rekstur-inn einfaldari og draga úr kostnaði. Ég held, að óhætt sé að segja, að næsta lítil líkindi séu fyrir því, að hin nýja dreifiveita mundi draga úr heildarkostnaði við tryggingakerfið. Þá er á hitt að líta, hvort þessi skipan hentar betur fólkinu í landinu. Um það segir svo í aths. með 2. gr., 2. mgr.:

„Þessi breytta skipan stefnir að miklu nánari samskiptum fólksins í landinu við Tryggingastofnunina. Hún ætti að stuðla að betri þjónustu og aukinni þekkingu hvers og eins á rétti sínum."

Þetta eru fögur fyrirheit. En á þessu stigi málsins leyfi ég mér aðeins að segja það, að ég dreg mjög í efa, að hin nýja skipan samræmist betur óskum og þörfum fólksins. Ég held, að hinir nýju umboðsmenn og hinar nýju, væntanlegu umboðsskrifstofur muni varla þekkja betur til í þessum efnum en þeir umboðsmenn og það starfsfólk, sem að þessum málum hefur unnið samfellt um langan aldur í náinni samvinnu við aðalskrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins í Reykjavík og átt mjög góð samskipti við bótaþega. En þar sem ég þekki til, hefur í hvívetna verið reynt að greiða götu bótaþega og veita þeim fullnægjandi upplýsingar. Með hliðsjón af þessu mun ég, ef ekki fæst breyting á þessu frv. á annan hátt, flytja brtt. við frv., þar sem ég mun leggja til, að 2. gr. þess verði felld, og láta reyna á það, hvort ég fæ einhverja meðflm. eða einhverja, sem eru sama sinnis og ég í þessu máli.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann mikið nú við þessa umr. málsins. Það má vel vera, og er sennilega alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það verði seint sett endanleg löggjöf eða ákvæði um almannatryggingar, enda ber reynsla því nokkur vitni, að þessari löggjöf hefur oft og tíðum verið breytt, en þó e. t. v. ekki svo mjög í grundvallaratriðum fyrr en með löggjöf frá árinu 1971. Hins vegar er það rétt hjá hv. 4. þm. Vesturl., að í raun og veru er 2. gr. eina nýmælið í þessu frv. og mér finnst of miklar umbúðir hér um eitt nýmæli í löggjöfinni. Ég verð að taka undir þau sjónarmið, sem fram hafa komið, að það er ákaflega hæpið að gera ráð fyrir því, að af þessu leiði mikinn sparnað miðað við það, sem verið hefur, eða samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefur af umboðsmönnum Tryggingastofnunarinnar um langt árabil. Mér finnst í raun og veru dálítið annarlegt, þetta sjónarmið, sem kemur fram í grg. fyrir 2. gr. frv., að þessi breytta skipan stefni að miklu nánari samskiptum fólksins í landinu við Tryggingastofnunina og hún ætti að stuðla að betri þjónustu og aukinni þekkingu hvers og eins á rétti sínum. Þeir, sem þekkja nokkuð til starfsemi sýsluskrifstofanna undir stjórn sýslumannanna í landinu vita, að það eru á margan hátt mjög náin tengsl á milli þessara skrifstofa og fólksins í landinu og milli sýslumannanna sjálfra og starfsmanna þeirra og ósennilegt, að í fljótu bragði verði fundið annað kerfi, sem miklu heppilegra er. Auðvitað þýðir þetta ekki það, að menn ekki vilji reyna að bæta margs konar starfsemi og þjónustu stofnunar eins og Tryggingastofnunar ríkisins við almenning, hvar sem er í landinu, en við vitum þó, hvað við höfum í þessu efni, en það er að mínum dómi töluvert ósýnt, hvað við hreppum.

Ég skal nú ekki, eins og ég sagði í upphafi, lengja mál mitt um frv. núna. Þetta eru jafnan mjög erfið frv. fyrir þm., þegar breytingar eru, hvort sem þær eru meiri eða minni, á jafnmargslungnu kerfi og tryggingakerfið er, og það er eðlilegt, að um þetta mál verði fyrst og fremst fjallað í þeirri n., sem fær það til meðferðar. Þess vegna hef ég ekkert á móti því, að málið gangi nú til n., en ég vildi aðeins taka undir þau ummæli, sem fram komu hjá hv. 4. þm. Vesturl. Það þarf vissulega að athuga miklu nánar og betur, áður en frá þessu máli er endanlega gengið, hvort við hreppum betra kerfi eða æskilegra með þeirri breytingu, sem í 2. gr. frv. felst, heldur en það, sem við höfum nú. Það er að vísu rétt, og það kom fram hjá hæstv. ráðh., að þetta gæti verið með ýmsum hætti og þannig m. a., að ráðh. gæti falið þeim sýsluskrifstofum undir stjórn sýslumannanna, sem nú eru, umboðin. En hins vegar þegar á málið er litið og grg., sem með því er eða skýringar, þá hlýtur maður í raun og veru að ætla, að í langflestum tilfellum, ef ekki öllum, yrði gerð gagnger breyting á þessu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég tek undir aðvaranir, sem fram hafa komið í þessu máli, og vil mælast til þess sérstaklega við þá n., sem fær málið til meðferðar, að það verði vandlega kannað, áður en til slíkra grundvallarbreytinga er stofnað. Það er að vísu mjög illt til þess að vita, að það kom fram

í máli ráðh., að ef ætti að gera slíkt frv. að l., þá þyrfti að afgreiða það fyrir áramót. Þá eru nú ekki nema eitthvað þrjár vikur til stefnu til að fara í gegnum báðar deildir, og mér finnst fyrir mitt leyti mjög lítill tími ætlaður til meðferðar slíks máls sem þessa.

Ég læt svo máli mínu lokið, en óska eftir því sérstaklega, að n. geri sér far um að kanna þetta mál og kanna það til hlítar. Það eru geysilega miklir fjármunir, sem um þessar umboðsskrifstofur, hverju nafni sem nefnast, munu fara, og áreiðanlega miklum vafa undirorpið, að hér sé til stofnað af sérstakri hagsýni. Ég hef leyft mér að draga í efla, að þjónustustarfsemin við fólkið í landinu verði miklu meiri. Það eru að vísu aðrar breytingar, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir í frv. Þær eru kannske veigameiri en ég hef gert mér grein fyrir, en eins og ég sagði: ef það er rétt, að hér sé um aðalbreytinguna að ræða, þá held ég, að við ættum að staldra við og athuga málið nánar, áður en kapp væri lagt á afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, 4 þm. í Norðurl. e., hér í hv. d. í samráði við þm. sama kjördæmis í hv. Ed. að flytja á þskj. 118 frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Grýtubakkahreppi jarðirnar Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Í Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar er sjávarþorpið Grenivík. Þar hefur lengi verið nokkur útgerð, en þorpið er vaxandi í seinni tíð og þar hefur nú verið unnið undanfarin ár að hafnargerð, frystihúsbyggingu og fleiri framkvæmdum til eflingar atvinnulífi, og er þetta þorp nú mjög vaxandi í seinni tíð. Það er ósk hreppsins, þ. e. a. s. Grýtubakkahrepps, sem fram kemur í ályktun, sem einróma var gerð þar í hreppsnefndinni, að fá keypta jörðina Grenivík, sem þorpið stendur á, og er það auðvitað fyrst og fremst gert vegna þorpsins og líklegs vaxtar þess.

Hér er einnig gert ráð fyrir, að heimilt verði að selja hreppnum eyðibýlið Svæði. Á þessu eyðibýli var fyrir nokkuð löngu stofnað lítið nýbýli, sem heitir Höfðabrekka. Liggja þessi lönd að Grenivík og er þar um lítið land að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mörg orð fyrir hönd okkar flm., en vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn. og vil mega vænta þess, að það fái góðar undirtektir í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuborgarsvæðinu, þáltill. (þskj. 88). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðvörunarkerfi á hraðbrautir, þáltill. (þskj. 102). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Öryggismál Íslands, þáltill. (þskj. 74). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þegar forustumenn Íslendinga í frelsisbaráttunni gerðu sér ljóst, að takmark þjóðarinnar hlyti að verða fullur aðskilnaður og stofnun lýðveldis, komu þeir fljótlega auga á þá erfiðleika, sem öryggismál mundu valda íslenzku lýðveldi. Opinberar umr. urðu um þetta mál þegar fyrir aldamót, en hámarki náðu þær í kosningum um uppkastið. Var þá þegar deilt um, hvort sjálfstætt Ísland gæti verið varnarlaust, hvort stofna þyrfti íslenzkt varnarlið eða leita samninga við önnur ríki um að ábyrgjast öryggi þjóðarinnar. Fyrsta ákvörðun í þessum efnum var tekin með sambandslögunum 1918, þegar lýst var yfir ævarandi hlutleysi Íslands. Enn var þá deilt um málið, og bentu ýmsir á, að hlutleysi mundi ekki duga þjóðinni til öryggis. En fátt var um aðra kosti, eins og málum var háttað í lok fyrri heimstyrjaldar.

Hlutleysið brást þegar í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar, og viðurkenndu Íslendingar þá staðreynd með samningunum við Bandaríkin 1941. Eftir ófriðinn var það von margra, að Sameinuðu þjóðirnar mundu tryggja frelsi og öryggi smáþjóða eins og Íslendinga, en því miður reyndust það fljótlega vera tálvonir. Þegar þessi staðreynd varð ljós og kalda stríðið hófst, komst meiri hl. Alþingis að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar yrðu að tryggja öryggi sitt með þátttöku í bandalagi, sem nágrannaþjóðir þá mynduðu, Atlantshafsbandalaginu. Síðan hefur þjóðin verið klofin í afstöðu til flestra utanríkismála, ekki sízt til aðildar að Atlantshafsbandalaginu og dvalar varnarliðsins.

Þegar Íslendingar gerðust aðilar að bandalaginu, var þeim heitið því, að ekki þyrfti að dveljast erlent varnarlið í landinu á friðartímum. Að vísu hafa allar aðstæður breytzt svo mjög, að óraunhæft er fyrir Íslendinga að krefjast beinna efnda á þessu gamla fyrirheiti. Hitt er þó rétt að minna á, að í meginatriðum mun það skoðun langflestra landsmanna eins og áður, að þeir vilja vera lausir við erlent varnarlið, ef þess er nokkur kostur. Um þetta vitna m. a. yfirlýsingar allra flokka. En margir hafa í tvo

áratugi fallizt á dvöl varnarliðsins sem illa nauðsyn. Alþfl. hefur samþykkt dvöl varnarliðsins, af því að hann hefur talið varnarleysi Íslands óraunhæft og stundum hættulegt. Hins vegar hafa jafnaðarmenn borið þá von í brjósti eins og allur þorri landsmanna, að heimsfriður yrði svo tryggður, að varnarliðs yrði hér ekki þörf.

Till. þá, sem hér er til umr., verður að skoða í þessu ljósi. Alþfl. hefur ekki breytt grundvallarstefnu sinni í varnarmálum, en hann hefur hugleitt leiðir til breytingar á skipan þeirra, — leiðir, sem Íslendingar gætu e. t. v. til frambúðar unað betur við en núverandi ástand. Arangur þeirra athugana hefur orðið sá, að síðasta þing Alþfl. ályktaði, að rétt væri að kanna þær nýju leiðir, sem um getur í till.

Það er af mörgum ástæðum tímabært fyrir Íslendinga að athuga þessi mál frá grunni einmitt nú. Sambúð stórvelda hefur ekki verið betri frá stríðslokum en nú í seinni tíð, og líkur á ófriði í Evrópu eða á heimsófriði eru að flestra hyggju minni en nokkru sinni síðan annarri heimstyrjöldinni lauk. Einmitt í s. l. viku kom saman í Helsinki undirbúningsfundur fyrir öryggisráðstefnu Evrópu og Norður-Ameríkuríkja, og er það eitt sterkur vottur um batnandi ástand. Að vísu er enn háð víghúnaðarkapphlaup á heimshöfunum, ekki sízt á Norður-Atlantshafi, en við verðum í þessu máli að gera hvort tveggja, að líta á aðstæður næst okkur, en rífa þær ekki úr samhengi við batnandi heimsástand, sem að sjálfsögðu ræður úrslitum um ályktanir í þessum efnum.

Till. okkar jafnaðarmanna byggist á samþykkt síðasta þings Alþfl. og er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, ályktar Alþ. að fela ríkisstj.:

1. að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og

2. að rannsaka, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum og tekið við þessum þýðingarmesta hluta af verkefni varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna."

Til þess að skýra þær hugmyndir, sem liggja að baki þessari till., er rétt að rekja mjög stuttlega þróun landvarna á Íslandi síðustu 21½ ár, eða síðan varnarliðið kom hingað. Liðið, sem steig á land á Íslandi vorið 1951, var skipað rúmlega 5000 mönnum úr landher og flugher Bandaríkjanna. Reistar voru 4 ratsjárstöðvar á landshornum og komið fyrir sveit orrustuflugvéla á Keflavíkurflugvelli. Deildir landhersins voru vopnaðar til þess að verja landið gegn hugsanlegri innrás og höguðu sér samkv. því í tíðum skotæfingum. Augljóst er, að þessi varnarskipun var ekki aðeins fyrir Ísland, heldur hluti af keðju stöðva í línu frá Alaska yfir norðanvert Kanada, Grænland, Ísland, Færeyar og til Bretlands. Þetta varnarkerfi byggðist á þeirri skoðun, að nýr ófriður kynni að brjótast út á þann hátt, að flugvélar og flugskeyti með kjarnorkuvopn kæmu svífandi yfir norðurhvel í áttina til Bandaríkjanna. Þessar hugmyndir voru ríkjandi á árum kalda stríðsins og viðbúnaði hagað eftir þeim með þirri tækni, sem þá var fullkomnust.

Um 1960 tóku viðhorf að breytast. Kafbátar búnir kjarnorkuflugskeytum komu til sögunnar. Það varð ljóst, að þrátefli kjarnorkuvopna gæti haldizt lengi, en búast mætti við, að ýmislegt annað valdatafl héldi samt sem áður áfram.

Sumarið 1961 var gerð mikil breyting á varnarliðinu. Landherinn var kallaður á brott, en í hans stað voru eftirlitsflugsveitir bandarísku flotans fluttar frá Nýfundnalandi til Íslands. Flotaforingjar tóku við stjórn varnarliðsins af flugforingjum. Fækkað var í liðinu úr 5000 í rúmlega 3000, og ratsjárstöðvar urðu aðeins tvær. Vopnaburður í Keflavík minnkaði til muna, en meginstarf varnarliðsins varð og er enn í dag eftirlitsflug um sundin milli Grænlands, Íslands og Færeyja og annars staðar í nágrenni við landið.

Í margar aldir hafa Engilsaxar, fyrst Bretar, en síðan Bandaríkjamenn, haft alger yfirrráð á Atlantshafi og raunar öllum öðrum heimshöfum. Þetta hefur haft víðtæk áhrif á mannkynssöguna og örlög margra þjóða, þ. á m. okkar Íslendinga. Á síðustu árum hafa Sovétríkin ráðist í stórfellda uppbyggingu Rauða flotans. Sovézku herskipin eru af nær öllum gerðum og hin fullkomnustu. Þau sigla í vaxandi fjölda um heimsins höf og sýna fána sinn í höfnum allra meginlanda. Rauði flotinn skiptist í fjóra hluta, og hefur hinn stærsti og öflugasti þeirra Norðurflotinn svokallaði, heimkynni í höfnum á Kólaskaga. Þessi floti hefur stækkað og umsvif hans aukizt á hverju ári nú undanfarið. Norskir sérfræðingar við utanríkismálastofnunina í Osló hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að Sovétríkin telji nú tvímælalaust, að framvarnarlína þeirra á Norður-Atlantshafi sé á milli Íslands og Færeyja. Margir fleiri aðilar hafa látið í ljós sömu skoðanir um hernaðarstöðu og þýðingu Íslands í dag, en rökstudd andmæli hafa verið lítil sem engin. Ísland hefur því nú á dögum aðra, en að ýmsu leyti meiri hernaðarlega þýðingu en áður.

Enda þótt sambúð stórvelda haldi áfram að batna og líkur á heimsófriði að minnka, bendir ekkert til þess, að víghúnaðarkapphlaupið á hafinu sjálfu verði stöðvað í næstu framtíð. Það er því með öllu óraunhæft að okkar hyggju, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, eins og rök benda mjög eindregið til, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geta tekið það hlutverk að sér og þar með rekstur varnarstöðvanna. Reynist þetta við nánari athugun fært, er ástæða til að ætla, að ríkisstj. Íslands muni í fyrirsjáanlegri framtíð jafnan eiga ýmissa frekari kosta völ til að tryggja öryggi þjóðarinnar, ef ástand alþjóðamála breytist til hins verra og talin er ástæða til að gera sérstakar ráðstafanir.

Meðan hlutverk varnarliðsins var að mestu vopnaburður, kom ekki til mála, að Íslendingar tækju við því. Nú krefst meginhlutverk varnarliðsins, eftirlitsflugið, ekki vopnaburðar.

Þess vegna er varpað fram þeirri spurningu, hvort ekki nægi að hafa hér vopnlausa eftirlitsstöð, en Íslendingar taki að sér eftirlitið. Landhelgisgæzlan eða annar aðili mundi þá koma á fót eftirlits- og björgunarsveit, sem gæti fylgzt vandlega með öllum siglingum, fiskveiðum og annarri hagnýtingu á auðæfum hafsins, hættum á mengun og öðru, sem máli skiptir. Á nokkrum árum mundu Íslendingar taka alveg við rekstri og stjórn varnarliðsstöðvarinnar. Meðan Atlantshafsbandalagið starfar og Íslendingar eru í því, hlyti þessi starfsemi að verða í nánum tengslum við það. Í framtíðinni kemst vonandi á almenn afvopnun eða a. m. k. víðtæk takmörkun á vopnaburði undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Að því stefnum við öll og það hlýtur að vera það mark, sem Sameinuðu þjóðirnar vinna að. Ef slík skipan kæmist á, gæti Ísland gegnt mjög mikilvægu hlutverki sem eftirlitsstöð með samningum eða eftirlitsstöð með afvopnun.

Að sjálfsögðu er á þessu stigi fjölmörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál. Hugmyndum þeim, sem fram komu á flokksþingi Alþfl., er varpað fram til athugunar og íhugunar. Einmitt nú, þegar boðaðar hafa verið viðræður við Bandaríkjastjórn um varnir landsins í byrjun næsta árs, virðist slík athugun vera tímabær.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef hug á því að segja aðeins örfá orð um þá till., sem hér er til umr., till. frá öllum þm. Alþfl. um öryggismál Íslands.

Þessi till. er mikið breytt frá þeirri till. um sömu mál, er sömu hv. alþm. fluttu á síðasta þingi. Hún er allt annars eðlis. Þá var lögð áherzla á afskipti utanrmn. af beirri endurskoðun varnarsamningsins, sem fyrirhuguð er. Ég lýsti afstöðu minni til beirrar till. í fyrra. hún er óbreytt, að við utanrmn. beri að hafa mikið samráð og náið um þá endurskoðun, sem hér um ræðir. En efni þessarar till. er tvíþætt, annars vegar að láta rannsaka, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, Atlantshafsbandalagið, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna, og svo hins vegar, að það verði einnig rannsakað, hvort Íslendingar geti með fjárhagslegri þátttöku bandalagsins komið upp sveit fullkominna, en óvopnaðra eftirlitsflugvéla, svo og nauðsynlegum björgunarflugvélum og tekið við þessum þýðingarmesta hluta verkefnis varnarliðsins og stjórn varnarsvæðanna, eins og í till. segir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál mörg orð, en ég vil aðeins segja það, að ég tel þessa till. góðra gjalda verða. Ég lít á hana sem eina leið eða tilraun í þá átt að hrinda í framkvæmd því ákvæði í málefnasamningi ríkisstj., er um öryggismálin fjallar, en þar segir, svo sem þm. er kunnugt, að að óbreyttum aðstæðum skuli núgildandi skipan haldast að því er varðar aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, en varnarsamningurinn við Bandaríkin skuli tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Og þar segir líka, eins og kunnugt er, að stefnt skuli að því, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu.

Tilhögun sú, sem gert er ráð fyrir í þessari till., sem hér er um að ræða, að rannsökuð verði, hlýtur vissulega, eins og hv. frsm. sagði, að verða eitt af þeim atriðum, sem til greina kemur, og auðvitað verður þessi leið athuguð í sambandi við þá endurskoðun, sem fyrirhuguð er, en undirbúningur hennar mun hefjast í jan. n. k. Mun ég þá fara til Bandaríkjanna til viðræðna við stjórnvöld þar um þá endurskoðun.

Eins og segir í grg. með þáltill., liggur ályktun frá 34. þingi Alþfl., er haldið var hinn 22. okt. s. l., að baki till. Þessi ályktun sýnist mér vera talsvert frábrugðin því, sem Alþfl. hefur áður ályktað um þessi mál. Það er að mínu mati góðs viti, að annar stjórnarandstöðuflokkurinn skuli nú þegar hafa nálgazt stefnu ríkistj. í öryggismálunum, og ég vona, að það geti orðið upphaf meiri tíðinda, því að vissulega væri það vel, ef þjóðarsamstaða gæti náðst um þessi þýðingarmiklu mál. Ég vil fyrir mitt leyti ekki heldur að óreyndu trúa því, að nokkrum Íslendingi sé það keppikefli að hafa hér erlendan her um alla framtíð, heldur hljóti allir góðir menn að óska þess, að það ástand skapist, að við getum lifað einir í þessu landi. Hitt er svo annað mál, að á fleira er að líta en óskhyggjuna eina, og ég hef áður lýst því yfir og geri enn, að engin ákvörðun í þessu máli verður tekin án samráðs við Alþ. og að vel athuguðu máli. Ég hygg líka, að í umr., sem urðu hér á Alþ. um þessi mál af öðru tilefni á síðasta þingi, hafi glögglega komið fram, að enginn þm. telur það sitt stefnuskráratriði, að hér skuli vera her um aldur og ævi, þannig að ég hygg, að menn séu sammála um það, að miklu betra væri, ef svo þyrfti ekki að vera.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. flm. till., hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sagði hér áðan, að frá almennu sjónarmiði er óneitanlega ýmislegt, sem bendir til þess, að nokkur bjartsýni um framvindu þessara mála eigi rétt á sér. Öllum er okkur kunnugt um hann mikla kosningasigur, sem stjórn Willy Brandts kanzlara vann í Vestur-Þýzkalandi fyrir tæplega hálfum mánuði. Samskipti austurs og vesturs eru að færast í eðlilegt horf. Viðurkenning Austur-Þýzkalands liggur nú í loftinu, og við höfum fyrir okkar leyti í ríkisstj. ákveðið, að Ísland viðurkenni austur-þýzka alþýðulýðveldið eigi síðar en um næstu áramót, og vonandi getur það orðið enn þá fyrr. Svipað mun vera um hin Norðurlöndin, og fleiri ríki munu þar á eftir koma áreiðanlega eftir þeim fréttum, sem um þessi mál berast.

Þá hefur það einnig gerzt, að undirbúningur að öryggismálaráðstefnu Evrópu er nú loks hafinn í Finnlandi, og þessa dagana situr ráðuneytisstjóri utanrrn. þar á fundum fyrir Íslands hönd. Í nánum tengslum við öryggis- og samvinnuráðstefnu Evrópu, eins og ráðstefnan í

Finnlandi er kölluð, verður rædd gagnkvæm áætlun um niðurskurð herafla. Fleira mætti tína til, sem gæti stuðlað að því að skapa það ástand, sem um ræðir í margnefndum málefnasamningi íslenzku ríkisstj., þ. e. að friði milli þjóða verði bezt borgið án hernaðarbandalaga. Það ber vissulega að vona, að framhald verði á þeirri hagstæðu þróun, og svo að ég vitni enn til hv. frsm., að það ástand geti skapazt, að til almennrar afvopnunar komi eða verulegrar takmörkunar á vígbúnaði undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, eins og nú er stefnt að.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess, herra forseti, að vera að gera þessi mál hér frekar að umtalsefni eða eyða tíma í að ræða þau hér frekar, nema þá sérstakt tilefni gefist til. Ég vil styðja það og tel sjálfsagt, að þessi till. fái gaumgæfilega athugun í hv. utanrmn., og ég get fyrir mitt leyti lofað þessari till. atkv. mínu, þegar hún kemur þaðan. Það má kannske út af fyrir sig segja, að e. t. v. sé hennar ekki þörf, þar sem alltaf hefur staðið til að athuga mjög nákvæmlega þá leið, sem hún bendir á. Engu að síður tel ég, að sá andi og það viðhorf, sem till. sýnir, sé vissulega mikils virði, og þess vegna fagna ég því spori, sem hv. Alþfl.-menn nú hafa stigið í þessum mikilsverðu málum, öryggismálum landsins.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar til þess að víkja að nokkrum atriðum nú í sambandi við þessa till. til þál. við fyrri umr. hennar og áður en hún fer til n., sem telja verður eðlilegt.

Það er ekki nema eðlilegt, að bæði hér á Alþ. og annars staðar komi fram hugmyndir og till. um, að ýmis atriði varnarmálanna séu endurskoðuð og athuguð, enda hefur reyndar verið svo fyrr og síðar. En ég verð þó að segja það, að í sambandi við þennan tillöguflutning finnst mér bæði gæta þess, að tillögumenn gefi sér vissar forsendur, sem hæpið er að gera ráð fyrir, að vitneskja geti legið fyrir um fyrr en að undangenginni þeirri rannsókn, sem till. beinist að, að framkvæmd verði. Og í öðru lagi finnst mér till. með sinni grg. vera í vissum atriðum nokkuð mótsagnakennd. Um þessi atriði vil ég fara nokkrum orðum og önnur atriði, sem tengjast við málefni eins og þetta, svo veigamikið sem það er á hverjum tíma.

Flm. gera grein fyrir því, að í raun og veru sé verið að viðra hér hugmyndir, sem fram hafi komið á flokksþingi Alþfl., eins og segir í grg., en bæði þar og einnig í tillöguflutningnum nú er kveðið svo á eða ályktað, að hernaðarleg þýðing Íslands felist nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja. Þetta er í upphafi till., en í tölulið 2 er einnig talað um þýðingarmesta hlutann af verkefni varnarliðsins, þ. e. a. s. eftirlitshlutverkið, sem sé þýðingarmesta hlutverk varnarliðsins, og stjórn varnarsvæðanna, eins og þar stendur, en mér er nú ekki alveg ljóst, hvað við er átt. Ég efast um, að það sé hægt að gera sér grein fyrir því, hvort varnarhlutverk varnarliðsins hér á landi sé þýðingarmeira en eftirlit sama liðs, fyrr en fyrir liggur gaumgæfileg athugun á því, sem lengi hefur nú staðið til og hæstv. utanrrh. hefur síðast boðað, að muni hefjast í viðræðum við Bandaríkin upp úr áramótum. Og mér finnst, að það liggi í hlutarins eðli, að ef eftirlit með hernaðaraðgerðum eða hreyfingum hernaðartækja þjóða er eins þýðingarmikið og látið er í veðri vaka, þá sé auðvitað þýðingarmeira, að vörnin sé í lagi, sem við á að taka, þegar eftirlit gefur merki. Nú veit ég það, að flm. þessarar till. eru ekki að gera því skóna, að varnarmáttur Atlantshafsbandalagsins minnki, og gerði frsm. till. einmitt grein fyrir því, að að því leyti væri óbreytt afstaða Alþfl., og þá geri ég ráð fyrir, að þeirra hugsun sé sú, að ef eftirlitið hér á landi sé rækt með vissum og tilteknum hætti, þá ætti það að vera okkur nægjanleg vörn, vegna þess að varnarmáttur eða skjöldur Atlantshafsbandalagsins að öðru leyti, enda þótt ekki væri neinn hluti af honum staðsettur hér, mundi duga okkur til lífsbjargar, ef því væri að skipta.

En þá vil ég víkja nokkrum orðum að því, sem mér finnst vera dálítið mótsagnakennt, eins og ég sagði áðan, í till. og grg. Það er fyrst og fremst það, að hér eru settar fram hugmyndir um óvopnaða eftirlitsstöð í sambandi við Atlantshafsbandalagið og hugmyndir um athugun þess, hvort við Íslendingar værum færir um að taka að okkur að reka hana. Í grg. og eins og fram kom hjá hv. frsm., þá segir hins vegar, að Ísland hafi nú á dögum aðra og að ýmsu leyti meiri hernaðarlega þýðingu heldur en áður og það sé með öllu óraunhæft, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn, eins og þar stendur. Og síðan heldur áfram í grg.: „Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geta tekið það hlutverk að sér.“ En þarna er einmitt verið að staðfesta það, sem ég sagði, það er réttara að gera sér grein fyrir fyrst, hvort óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, eða hvort önnur tilhögun varna landsins sé ekki síður þýðingarmikil. En þessar staðhæfingar, sem fram koma í máli frsm. um hernaðarlega þýðingu landsins og hversu óraunhæft það sé, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað annað komi í staðinn, er framhald af upplýsingum og álitsgerðum um þýðingu Íslands nú á tímum í hernaði. Þar er fyrst og fremst vitnað til þess, að Norðurflotinn, sem svo er kallaður, hluti Rauða flotans, sé nú orðinn stærsti hluti af fjórum, sem Rauði flotinn aðallega greinist í. En Norðurflotinn er sá floti, sem staðsettur er spölkorn frá landamærum Noregs á Kólaskaga og er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að sinna hernaðarþörfum Sovétríkjanna á Norður-Atlantshafi. Allt er þetta nánar tilgreint samkv. álitsgerðum sérstakra stofnana, enskrar stofnunar annars vegar og norskrar stofnunar hins vegar. Það kemur fram í mörgum töluliðum, sem greint er, hvað talið er vera aðalhlutverk Norðurflotans. Hann á m. a. að hafa það hlutverk að rjúfa samgönguleiðir og siglingar Atlants-

hafsbandalagsins, m. ö. o. skera á naflastrenginn, ef svo mætti segja, lífæðina, þegar þar að kæmi eða ef til þess kæmi að veita flotastyrk við sovézkar hernaðaraðgerðir á þessu svæði, þ. á m. kannske talið Ísland, því að vissulega er Ísland á þessu svæði, og að sýna sovézkt vald og draga úr trú á ábyrgð Atlantshafsbandalagsins á öryggi aðildarríkja þess í Norður-Evrópu, og þar kemur innan sviga: Noregs, Danmerkur og Íslands.

Það er einnig vitnað til þess, að utanríkismálastofnunin í Osló hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að Sovétríkin telji nú alveg tvímælalaust, að framvarðarlína þeirra á Norður-Atlantshafi sé milli Íslands og Færeyja. Þeir segja, eins og þar stendur: „Varnarlínan svo framarlega með Noreg að baki gefur til kynna, að Rússar í flotaæfingum sínum líti í vaxandi mæli svo á, að Noregshaf sé Mare Soveticum.“ Minna má nú ekki gagn gera. Rómverjar, þegar veldi þeirra var mest að fornu, kölluðu Miðjarðarhafið Mare Nostrum, þ. e. a. s. þeir kölluðu það sitt haf. En nú er hafið kringum Ísland og austur af Íslandi og allt í kringum það orðið sovézkt haf að skoðun þeirra, sem hér er vitnað til, eða Mare Soveticum. Ég held, að við hljótum öll að gera okkur grein fyrir því, að þegar svo er ástatt, þá eru varnarmál landsins í miklu ríkari mæli heldur en nokkru sinni áður alvarleg og veigamikil, og veltur því á miklu, hvernig við stöndum að aðgerðum eða ráðagerðum um breytt fyrirkomulag eða nýtt fyrirkomulag í sambandi við varnarmálin, sem hafa verið með sérstökum hætti um 20 ára skeið. En þá geta menn líka varpað fram mörgum spurningum, og hv. frsm. vék að því, að mörgum spurningum væri ósvarað. Hvaða tilgangi á að þjóna hinn geysilegi flotastyrkur Sovétríkjanna á Norður-Atlantshafi með aðsetri á Kólaskaga? Flotinn byggður á því tímabili, sem varnarsamningur við Bandaríkin hefur gilt. Hann var ekki til á árunum upp úr 1950, en er nú orðinn stærsta flotadeildin. Það eru líka margar sagnir um það og upplýsingar, að það sé mikið lið samandregið við bækistöð þessa flota á Kólaskaga, að landgönguliðssveitir sé sífellt verið að efla þar o. s. frv. Dettur nokkrum í hug, að þessum landgönguliðssveitum sé ætlað það hlutverk að taka land í Bandaríkjum N.-Ameríku? Ég efast um, að því verði haldið fram og þær séu þar í þeim tilgangi. En hvaða hlutverk er þeim ætlað? Er þeim ætlað hlutverk í Norður-Noregi, eða er þeim ætlað hlutverk á Íslandi, eða er þeim aðeins ætlað það hlutverk, eins og hér kom fram áðan og ég vitnaði til, að sýna vald Rómverja nútíma vorra, þ. e. a. s. Sovétríkjanna, á þessu hafi þeirra, sem þeir kalla svo, sem í kringum okkur liggur? Valdbeitingin út af fyrir sig eða það að sýna valdið, sýna tennurnar, getur haft sína þýðingu, m. a. til þess að veikja samstöðu varnarríkja, hinna vestrænu lýðræðisríkja, sem töldu sig á sínum tíma knúin til þess að mynda sitt varnarbandalag vegna yfirgangs kommúnismans í Evrópu, vegna yfirgangs Sovétríkjanna, vegna þeirrar nútíma nýlendustefnu, sem þetta ríki rak. Það er nútíma nýlendustefna, sem rekin hefur verið af hálfu Sovétríkjanna í Eystrasaltsríkjunum og í mörgum öðrum Austur-Evrópuríkjum, þar sem herir þeirra hafa haft aðsetur og brotið undir sig ríki í raun og veru eða þeir hafa ráðið í skjóli þessa hers hinum pólitísku hreyfingum í þessum löndum. Þetta gerist að vísu á sama tíma sem gömlu nýlenduþjóðirnar hafa verið að gefa sínum nýlendum frelsi í svo ríkum mæli sem kunnugt er og ég þarf ekki að rifja upp fyrir mönnum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta atriði, sem mér fannst vera vitnisburður um nokkra mótsagnakennd, en ég vil ekki heldur leggja of mikið í það, og þess vegna endurtek ég það, sem ég sagði áðan, að ég held, að fyrir flm. þessarar till. — og það hefur komið fram hjá hv. frsm. — sé alveg fullur skilningur á varnarmætti Atlantshafsbandalagsins eða þeirra ríkja, sem í því taka þátt.

Hæstv. utanrrh. minntist hér áðan á breytingar, sem orðið hefðu í Evrópu, sem virtust boða þíðu, bæði í sambandi við fyrirhugaða öryggismálaráðstefnu og einnig vegna úrslita kosninga í Vestur-Þýzkalandi, þar sem Willy Brandt kanzlari vann hinn glæsilega sigur. Mig langar til í því sambandi að minna á, að það var Willy Brandt öllum öðrum fremur, sem sendi hið svokallaða „Reykjavíkursignal“ frá ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins hér 1968, en meginefni og inntak þessa svokallaða „Reykjavíkursignals“ var það, að fylgt skyldi fram þeirri stefnu í Atlantshafsbandalaginu að reyna að nálgast Austur-Evrópuþjóðirnar og reyna að skapa þíðu á milli þessara aðila, en umfram allt með gagnkvæmum aðgerðum á báða bóga og hvergi einhliða aðgerðum, sem ekkert gerðu annað en veikja varnarmátt og veikja stöðu hinna vestrænu lýðræðisríkja eða tefja fyrir, að þau næðu árangri í að skapa þá þíðu, sem þessi ágæti maður og margir aðrir aðilar hafa haft forustu um. En hann var í forsæti á þessum ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var hér í Reykjavík 1968 og lagði mikla áherzlu á, að menn gripu ekki til einhliða aðgerða, en allt, sem gert væri, yrði að byggjast á gagnkvæmum skilningi á milli austurhlutans og vesturhlutans, á því að tryggja betur en áður hefði verið frið í heiminum. Þessi stefna var miklu eldri en frá 1968, en hún var túlkuð í ályktunum fundarins hér 1968, hún var eldri hjá Atlantshafsbandalagsþjóðunum og hún hafði ekki hlotið neitt andsvar að austanverðu frá. Og ég held, að það sé rétt munað, að það sé ekki fyrr en á árinu 1970, sem hún hlýtur sitt andsvar frá Sovétríkjunum, þegar farið er að fallast á það af þeim, að það sé eðlilegt, að Bandaríkin og Kanada, þessi Ameríkuríki, séu aðilar að þeirri öryggisráðstefnu Evrópu, sem nú er verið að undirbúa, að geti orðið haldin í byrjun árs 1973.

Varðandi yfirlýsingu núv. hæstv. ríkisstj., sem till. snertir, og þegar hæstv. utanrrh. telur, að flm. séu að nálgast stefnu ríkisstj. í varnarmálum með flutningi þessarar till., þá svara þeir náttúrlega fyrir sig. En ég vil gjarnan af því tilefni taka það fram, að það eru einkum tvö atriði, sem vakið hafa athygli í sambandi við utanríkismálastefnu eða varnarmálastefnu núv. hæstv. ríkisstj. Annað er dvöl varnarliðsins hér á landi, og um það vil ég fyrst segja þetta, að

ég hef aldrei haft aðra skoðun en að það væri eðlilegt að endurskoða stöðu varnarliðs hér á landi og með hverjum hætti því yrði bezt fyrir komið. En hitt er annað mál, að þessi yfirlýsing hefur valdið miklum ágreiningi hér innanlands, efasemdum hér innanlands og kannske misskilningi á erlendum vettvangi, m. a. vegna þess, hversu loðin þessi yfirlýsing er. Það þurfti að ræða um þessi mál mánuðum saman á s. l. þingi til þess að fá samstöðu í svörum ráðh. við því, hvað í henni fælist. En nú liggur sem betur fer það ákveðna svar fyrir, hæstv. utanrrh. hefur tekið af öll tvímæli um það, að málið verður athugað og endurskoðað og á grundvelli þeirrar endurskoðunar, niðurstöðu þeirrar endurskoðunar, verður tillögugerð byggð og ákvörðun tekin í samráði við Alþ. Ráðh. hefur jafnvel gengið svo langt að segja í sjónvarpinu, að ef niðurstöðurnar yrðu þær, að það væri talið nauðsynlegt að hafa varnarlið hér á landi, þá yrði varnarliðið áfram.

Hitt atriðið í varnarmálayfirlýsingu hæstv. núv. ríkisstj. er að mínum dómi miklu þýðingarmeira og miklu alvarlegra. Það er þar sem því er lýst yfir, að það sé ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Því er beinlínis lýst yfir, að það sé ágreiningur innan ríkisstj. um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins, en núverandi skipun skuli haldast fyrst um sinn. Ágreiningurinn er svo mikill, að sumir aðilar í ríkisstj. telja eintómt hjóm og vitleysu að láta sér detta í hug að vera aðilar að þessu vestræna varnarbandalagi, en hins vegar er það vitað, að mikill meiri hl. eða kannske allir þm. og þorri fylgjenda annarra flokka í ríkisstj. telja jafnveigamikil aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu eins og áður. En ég efast um, að það yrði víða á byggðu bóli í hinum vestræna heimi, að það settist á laggirnar samsteypustjórn flokka lýsandi því yfir, að það væri ágreiningur innan flokkanna um alvarlegustu málefni viðkomandi lands, þ. e. a. s. varnarmálin, eins og ástandið er, hefur verið og var, þegar þessi yfirlýsing var gefin. Slíkar yfirlýsingar eru mjög óvarlegar að mínum dómi og til þess líklegar að varpa rýrð á álit okkar út á við og veikja öryggi landsins. Þessi yfirlýsing var þess vegna og hefur verið að mínum dómi miklu alvarlegri en hin, þó að menn vildu endurskoða varnarsamninginn og stöðu varnarliðsins hér á landi með einhverjum loðnum yfirlýsingum þar um.

Þessi till., sem hér er flutt og til umr., er, eins og ég sagði, til þess að viðra hugmyndir, sem fram hafa komið á flokksþingi Alþfl. Ég vil af því tilefni leyfa mér aðeins að vitna til þeirra skoðana og yfirlýsinga, sem fram komu á nýlega afstöðnum flokksráðsfundi og formannaráðstefnu Sjálfstfl. og snerta þessi mál, án þess að ég þó ætli að fara að lesa hana hér upp fyrir hv. þm., en ég vil mega vitna til nokkurra atriða úr henni, sem snerta málið, styðja þær skoðanir, sem ég hef verið að reyna að láta í ljós, og afstöðu okkar sjálfstæðismanna. Þar er m. a. sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hið jákvæða starf Atlantshafsbandalagsins í þá átt að draga úr spennu í Evrópu virðist nú vera farið að bera árangur. Kjarninn í þessari viðleitni er gagnkvæm afvopnun og minnkun herafla. Einhliða aðgerðir raska varnarmætti lýðræðisríkja og spilla þeim árangri, sem þegar hefur náðst."

Þetta er einn þátturinn í yfirlýsingu okkar sjálfstæðismanna, og hann er í samræmi við þær skoðanir, sem fram hafa verið settar af Willy Brandt, kanzlara Vestur-Þýzkalands, sem ég minntist á áðan, og öðrum fyrirsvarsmönnum Atlantshafsríkjanna. Þær voru glöggt mótaðar á fundinum hér, sem ég vék að áðan, 1968, og eftir þann tíma. Og það er í samræmi við skoðanir margra á þeim málum, að það sé einmitt tilvera Atlantshafsbandalagsins og varnarmáttur þess, sem sé uppsprettan að þeirri þíðu, sem menn eru nú að gera sér vonir um, að geti verið fyrir hendi og eigi eftir að gera vart við sig í Evrópu. Við sögðum enn fremur — með leyfi hæstv. forseta á þessa leið:

„Flokksráðið telur, að öryggi landsins og stöðu sé stefnt í hættu með því, að ágreiningur skuli vera innan ríkisstj. um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu."

Þetta er í samræmi við það, sem ég var að reyna að gera grein fyrir áðan. Hins vegar, þegar við sjálfstæðismenn erum að reyna að gera okkur grein fyrir stöðu varnarliðsins annars vegar, varnarhlutverki þess og eftirlitshlutverki, þá eru okkar viðhorf á þessa leið, sem ég vildi mega vitna hér til, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk varnarliðsins er enn sem fyrr annars vegar fólgið í vörnum Íslands og svæðisins umhverfis landið og hins vegar að viðhalda jafnvægi og stuðla að stöðugleika á Atlantshafssvæðinu. Stóraukin umsvif og útþensla sovézka flotans hafa því aukið þýðingu landsins í varnar- og öryggiskerfi Atlantshafsbandalagsins. Ekki verða dregin skörp skil milli eftirlitshlutverks og varnarhlutverks varnarliðsins nema að undangenginni ítarlegri könnun. Endanlegt ákvörðunarvald um það, hvernig hvoru þessara hlutverka verður síðan sinnt, hlýtur að vera í höndum Alþingis, sem ályktar á grundvelli þeirra athuguna, sem framkvæmdar eru hverju sinni."

Þá kem ég að því, að mér finnst eðlilegt, eins og ég hef víst sagt áður, að þessi till. fari til n., utanrmn. Þá hygg ég, að framgangur málsins mundi verða sá, að í utanrmn. yrði athugun þessarar till. að verulegu leyti og óhjákvæmilega að samtengjast þeirri athugun, sem hæstv. utanrrh. hefur forgöngu um varðandi öryggis- og varnarmál okkar og mun hefja upp úr áramótum. En hæstv. utanrrh. hefur eins og hann endurtók í sinni ræðu áðan, lýst því yfir, að þegar þeirri athugun sé lokið, muni niðurstöður þeirrar athugunar og kynning á málefnunum, sem hann stöðu sinni samkv. ber að hafa forustu um, verða lagðar fyrir Alþ., og koma málin þá til meðferðar þingsins í þeirri veru. En hins vegar finnst mér, að hæstv. ríkisstj. sé búin að sitja svo lengi að völdum, að það hljóti að vera nokkrar athuganir, sem nú þegar sé búið að framkvæma, og kunnugt er, að hæstv. utanrrh. hefur talað um, að hann hafi verið að kynna sér þetta mál, og ég teldi mjög eðlilegt, að hann léti utanrmn. við fyrstu hentugleika í té upplýsingar um það, hvaða kannanir hafa

þar verið framkv., og hef ég sérstaklega orðað þetta við hæstv. ráðh. í sambandi við þá fundi, sem að jafnaði eru haldnir í utanrmn. og verða sjálfsagt á næstunni, eins og venja er, en þar hafa verið haldnir fastir fundir mánaðarlega. En okkur hefur enn gefizt lítið tóm til þess að fá upplýsingar um varnarmálin sérstaklega, og ég er ekki út af fyrir sig að gagnrýna það. Það hefur verið skýrt með því, að ríkisstj. væri önnum kafin, fyrst og fremst í sambandi við meðferð landhelgismálsins. Þó tel ég, að það væri mjög æskilegt, að við fengjum jafnóðum upplýsingar um málin.

Það er einnig okkar niðurstaða, sem ég vil leyfa mér að vitna til með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta, að leiði athuganir á þessum málum til þess, að unnt sé að tryggja varnir landsins með betri hætti en nú er, þá beri að fylgja því fram, að svo verði gert. Hér er vikið að því, að það sé eðlilegt að okkar dómi að endurskoða aðstöðuna á hverjum tíma og þeim mun fremur sem breytinga sé að vænta eða breytingar hafi gert vart við sig í heiminum. Við minnumst þess, að 1956, 28. marz, þá var ályktað hér í Alþ., að það væri rétt að láta varnarliðið fara, hverfa á brott, vegna þess að þá var skoðun þeirra þm., sem að þessu stóðu, að það væri ekki þörf á því lengur vegna svokallaðrar þíðu, sem þá átti að vera í Evrópu. Ríkisstj. var svo mynduð eftir kosningar sama ár til þess að framkvæma þessa ályktun Alþingis. Það var svo í nóv. sama ár, nokkrum mánuðum síðar, að sama ríkisstj. endurnýjaði með ákvörðun sinni í samkomulagi við Bandaríkin, að nauðsynlegt væri, að varnarliðið héldi áfram að vera á Íslandi, m. a. vegna þess hversu aðstaðan væri ótrygg og fljót að breytast frá því í marzmánuði 1956 og þar til í nóv. sama ár. Og þá má auðvitað benda á mjög alvarlega atburði, sem þá gerðust. Það var bæði ófriðurinn við Súezskurðinn, sem enginn vissi, hvað mundi geta breiðzt mikið út, þar sem landssvæðin þar í kring höfðu verið, eru og verða kannske enn, því miður, hálfgerð púðurtunna, og einnig hafði þá átt sér stað innrás Sovétherjanna í Ungverjaland, þar sem brotin var á bak frelsishreyfing þeirrar þjóðar með hervaldi. En við skulum líka muna það, að eftir „Reykjavíkursignalið" 1968 átti sér stað innrásin í Tékkóslóvakíu, mánuði eða hálfum öðrum mánuði seinna, — ég man það ekki nákvæmlega, — þannig að það skipast oft skjótt veður í lofti í þessum málum, og ber vissulega að hafa á því fulla gát og láta sér a. m. k. ekki missýnast um áætlaða þíðu, þó að ég vilji á engan hátt draga úr því, að svo sé. Við Íslendingar höfum hiklaust tjáð okkur samþykka því að vera aðilar að öryggisráðstefnu Evrópu. Það gerði fyrrv. ríkisstj., og það hefur núv. ríkisstj. einnig gert. Megináherzlan í tíð fyrrv. stjórnar, — og ég efast ekki um, að það sé eitthvað svipað ástatt nú, — var lögð á það, að ráðstefnan yrði að vera svo vel undirbúin, áður en hún hæfist, að líklegt væri, að hún mundi ekki bara vekja tálvonir, heldur væri líkleg til þess að bera einhvern árangur. Og við skulum vissulega vona, að svo verði.

Ég vil svo ljúka máli mínu, herra forseti, með því að mega vitna enn til lokamgr. í ályktun flokksráðsfundar sjálfstæðismanna, sem ég minntist á áðan, þar sem segir eftirfarandi:

„Íslendingar óska eftir friði í heiminum. Þjóðin vill tryggja og viðhalda sjálfstæði sínu og fullveldi, og þetta takmark breytist ekki. Ein helzta skylda sjálfstæðs ríkis er að veita þegnum sínum öryggi. Utanríkisstefna Íslands hefur fram til þessa haft slíkt takmark. Að þessu vilja sjálfstæðismenn vinna og telja, að aðildin að Atlantshafsbandalaginu og hlutdeild í vörnum þess og friðaráætlunum stuðli að því, að markmiði þessu verði náð."

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. utanrrh., að till. sú til þál., sem hér er til umr., er fullrar athygli verð. Það verður ekki annað séð en hér sé um að ræða athyglisverða breytingu á stefnu Alþfl. varðandi þau mál, sem hér um ræðir, og raunverulega sé um það að ræða, að Alþfl. hafi nálgazt stefnu ríkisstj. á þessu sviði.

Það mikilvægasta í þessari till. er að sjálfsögðu það, að í henni kemur fram það grundvallarviðhorf, að hér eigi að stefna að því, að ekki séu herstöðvar í landinu á friðartímum og raunverulega alls ekki, hvort heldur ástandið er á þennan veginn eða hinn í heiminum. Ég held, að þetta sé kjarni málsins, að till. gengur út frá því, að hér sé ekki erlendur her. Það er langt síðan Alþfl. hefur komið fram með slík sjónarmið, og ég held, að það sé fyllsta ástæða til þess að óska flokknum til hamingju með þessa endurheimtu stefnu sína.

Í grg. till. eru miklar vangaveltur um skipaferðir umhverfis Ísland og þá sérstaklega um Rauða flotann, og það reyndist vera það mál, sem var hv. síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Reykv., hugstæðast í ræðu hans hér áðan.

Það er út af fyrir sig alveg rétt, sem fram kemur í grg., að Bandaríkjamenn og Engilsaxar almennt hafa verið allsráðandi á Atlantshafi í margar aldir og haft þar alger yfirráð. Það er einnig rétt, sem þar kemur fram, að Sovétríkin hafa ráðizt í miklar skipabyggingar og byggt upp mikinn flota, sem siglir um flest heimsins höf. Þetta er í sjálfu sér ekkert umdeilt. Ég held líka, að þessi þróun geti tæpast komið neinum á óvart að einu eða neinu leyti. Það kann að vera visst áhyggjuefni fyrir hershöfðingja í Atlantshafsbandalaginu og í Bandaríkjunum, að fleiri sovézk herskip sigla um Atlantshafið en áður var. Það er þeirra starf að hafa áhyggjur af þess háttar hlutum. Ef þeir hefðu það ekki, héldu þeir ekki atvinnu sinni, og það er þeirra verkefni að velta fyrir sér valdahlutföllunum milli stórveldanna. En ég tel algerlega fráleitt af okkur Íslendingum að fara að gera mikið veður út af þessum staðreyndum, enda er það svo, að þær virðast ekki geta breytt einu eða neinu um stöðu okkar.

Það er nú svo og er nú sem betur fer flestum kunnugt, að vopnaburður hefur breytzt mjög verulega frá því, sem var fyrir 30 árum, þegar skipaferðir á Norður-Atlantshafi höfðu úrslitaþýðingu og Ísland var í lykilaðstöðu hvað skipaferðir snerti milli Evrópu og Ameríku. Það

hefur orðið mjög veigamikil breyting á vopnaburði, og herskip skipta ekki jafnmiklu máli, þegar á heildina er litið, eins og áður var. Og ég held, að flestir hljóti að geta verið sammála um það, að spurningin um erlenda hernaðarinnrás á Íslandi velti tæpast á því, hversu mörg skip af þessu eða hinu þjóðerninu eru á sveimi hér í kringum landið. Það er áreiðanlegt, að þeir, sem hefðu áhuga á því að ná tangarhaldi á Íslandi, gætu haft til þess allmiklu fleiri ráð heldur en þau að fylla fyrst hafið af skipaflota.

Ég held, að það sé sízt af öllu ástæða fyrir okkur Íslendinga til þess að láta hræða okkur með stórum og miklum tölum um fjölda erlendra skipa á höfunum hér í kring. Ég held, að við eigum sem sagt ekki að láta hræða okkur frá því að lifa einir í þessu landi án erlendrar hersetu, og við eigum að hafa það skýrt fyrir augum, að bezta vörn Íslendinga er einmitt sú að flækja sig ekki í stríðskerfi annars hvors hernaðaraðilans, heldur er okkar vörn fyrst og fremst í því fólgin að reyna að halda okkur utan við þess konar hernaðarbrölt.

Í till. Alþfl. er vikið að þeim möguleika, að Ísland geti orðið óvopnuð eftirlitsstöð. Ég tel, að þarna sé um athyglisverða hugmynd að ræða og vil vekja á því athygli, að þarna er í raun og veru um sama atriði að ræða og það, sem varpað var fram hér á Alþ. í fyrra, reyndar í svolítið öðru samhengi, en þá af hv. 5. þm. Vesturl., Jónasi Árnasyni, þegar hann vakti athygli á þeim möguleika, að Norður-Atlantshaf yrði lýst friðað eða friðlýst svæði. Það er augljóst, að til þess að sú hugmynd verði að veruleika, þarf að sjálfsögðu að ná samkomulagi um eftirlit á þessu svæði. Og Jónas benti réttilega á það, að þá kæmi einmitt til greina, að Keflavíkurflugvöllur yrði óvopnuð eftirlitsstöð í þessu skyni. Ég verð hins vegar að viðurkenna það, að mér finnst það heldur ógeðfelld hugsun, sem kemur fram í till. þeirra flm., að þessi óvopnaða eftirlitsstöð verði í sambandi við það öryggisbandalag, sem landið er aðili að, eins og orðað er í till. Mér lízt stórum betur á niðurlag þessarar mgr., þar sem gefið er í skyn, að til greina kæmi, að eftirlitsstöðin yrði á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ég vil sem sagt láta það hér koma fram, að ef flm. till. væru reiðubúnir að hnika þar til orðalagi í nokkrum, — að vísu veigamiklum atriðum, þannig að þessi óvopnaða eftirlitsstöð yrði hugsanlega á vegum Sameinuðu þjóðanna, — yrði ekki á vegum hernaðarbandalags, ekki í þágu þröngra hernaðarhagsmuna, heldur í þágu allra þjóða, bæði þeirra, sem eru í hernaðarbandalögum, og þeirra, sem eru ekki í hernaðarbandalögum, — ef þannig gæti tiltekizt, að unnt væri að ná samkomulagi um að hnika til orðalagi, bæði hvað þetta snertir og reyndar nokkur fleiri atriði í till., þá teldi ég ekki óhugsandi, að Alþfl. og Alþb. gætu átt samleið í þessu mjög svo mikilvæga máli.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hygg, að það teljist til nokkurra nýmæla, að flutt er allveigamikil till. um varnarmál Íslands á Alþ. og fulltrúar fjögurra stærstu flokkanna virðast allir vera henni í grundvallaratriðum hlynntir. Það eru áreiðanlega mörg ár síðan slíkt hefur komið fyrir. Ég vil því fyrir hönd flm. þakka þrem síðustu ræðumönnum fyrir það, sem jákvætt var í máli þeirra. Ég vil þó taka fram vegna þess, sem tveir stjórnarsinnar sögðu, að tilkoma og flutningur þessarar till. er algerlega óviðkomandi þeim sviptingum um varnarmál, sem hafa verið innan ríkisstj., og við óskum ekki eftir, að það verði sett í beint samband hvort við annað, þótt það fjalli að nokkru leyti um sama efni og lýsi okkar hugmyndum um það. Mér þykir ánægjulegt að heyra, að við eigum atkv. hæstv. utanrrh. víst, og ég fagna þeim orðum hans, að ætlunin hafi verið að kanna leiðir sem þessar í endurskoðun varnarmálanna, hvort sem till. kæmi fram og fengi afgreiðslu eða ekki. Ég hygg þó, að það ætti ekki að skaða, að till. yrði afgreidd hér á Alþ.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á það, sem hann taldi vera nokkra mótsögn í till. og röksemdum fyrir henni. Það er dálítið til í þessari skoðun þm. Sú mótsögn stafar af því, hvílík þverstæða það er, að annars vegar er um verulega þíðu að ræða í Evrópu, á meginlandinu, — þar hefur hver viðburðurinn rekið annan, sem bendir til vinsamlegri sambúðar, — en hins vegar hefur á sama tíma verið vaxandi víghúnaðarkapphlaup á heimshöfunum. Vegna þess að við erum eyland úti í stóru hafi, kemur þetta víghúnaðarkapphlaup á heimshöfunum að sjálfsögðu okkur við. Í þessu er viss mótsögn, og ég kom að því í framsögurræðu minni, að við yrðum að meta þetta tvennt, annars vegar það, sem er að gerast á hafinu í kringum okkur, og hins vegar hina meiri háttar þróun utanríkismálanna. Það getur vel farið svo, að þrátt fyrir vaxandi herskipasmíði og siglingar verði friðarþróunin á öðrum sviðum til þess að tryggja, að þetta víghúnaðarkapphlaup stofni ekki friðinum í beina hættu, enda bendir allt til þess, að þessar auknu siglingar séu ekki sízt liður í almennu valdatafli, og mætti benda á ýmis svæði í heiminum þeirri skoðun til styrktar.

Hv. 1. þm. Reykv. ræddi einnig um, að erfitt væri að meta, hvort varnarhlutverk eða eftirlitshlutverk varnarliðsins á Íslandi væri þýðingarmeira. Í grg. með till. okkar bendum við á þá þróun, sem hefur orðið í skipan varnarliðsins sjálfs, og teljum það nokkra vísbendingu. Ég vil þó benda honum og öðrum á, að till. sjálf fjallar um rannsókn. Hún fjallar um athugun, svo að við viljum, enda þótt við færum fram röksemdir, sem við byggjum m. a. á því, hvernig þróun sjálfs varnarliðsins hefur verið, samt sem áður láta fram fara formlega og nákvæmlega athugun á þessu máli.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. viðurkenndi þá breytingu, sem hefur orðið á hafinu í kringum okkur, og hann sagði, að það þyrfti ekki að koma neinum á óvart, þó að Sovétríkin byggðu upp voldugan flota. Ég tek algerlega undir þetta. Þetta er rétt mælt hjá honum. Það eina, sem kemur mönnum á óvart, er, að Sovétríkin skyldu ekki byrja þessa flotauppbyggingu mörgum árum fyrr. En það er annað

mál. Hinu er ég ekki sammála í ræðu hans, að það, sem gerist í slíkum málum á hafinu í kringum okkur, komi okkur ekkert við. Hvort sem okkur þykir betur eða verr, skiptir slíkt okkur verulegu máli, og við verðum að hafa hliðsjón af því, þegar við tökum ákvarðanir fyrir Íslands hönd í varnarmálum. Enda þótt talað sé um uppbyggingu sovézka flotans á hafinu hér í kring og að hann sé nú óðum að nálgast styrk þeirra þjóða, sem hafa ráðið hafinu í margar aldir, vil ég taka það skýrt fram, að frá mínum bæjardyrum séð þýðir það ekki, að innrás í Ísland sé fyrir dyrum. Það getur verið um svo margt annað að ræða, áður en slíkar hættur birtast. Ég tel ekki, að það sé nú nein hætta á innrás í Ísland, og ástand heimsmála þyrfti að breytast mjög mikið frá því, sem nú er, til þess að slík hætta væri fyrir hendi, enda geta menn rétt ímyndað sér það, hvort Bandaríkin, sem hafa varnarlið hér á Íslandi, mundu láta sér nægja, að kokkar og skrifstofumenn hafi byssur heima hjá sér til landvarnar fyrir utan þær fáu flugvélar, sem eru vopnaðar hjá þeim, ef einhver slík hætta væri á næsta leiti. Hitt er annað mál, að ef snöggar og verulegar breytingar verða í friðarhorfum, má búast við, að allar þjóðir geri einhverjar ráðstafanir, hver eftir sínum eigin aðstæðum.

Ég vil að lokum benda á, að við flm. teljum ekki raunhæft að tala um þessi mál án samhengis við Atlantshafsbandalagið, meðan það starfar og meðan við erum í því. Hins vegar höfum við bent á þann möguleika, að Ísland verði í framtíðinni óvopnuð eftirlitsstöð Sameinuðu þjóðanna, sem eins konar draumsýn í dag, sem vonandi getur þó rætzt. Hernaðarbandalögin, sem nú móta öryggismál í Evrópu og á Atlantshafi, verða ekki eilíf. Við getum lært það af fenginni reynslu, að það er mjög erfitt að hugsa sér, að Ísland geti orðið algert tómarúm í þessum efnum. Við verðum því fyrr eða síðar að horfast í augu við þá spurningu, hvort við getum ekki leyst okkar öryggismál á einhvern hátt, sem okkur er aðgengilegur, og hvort við eigum þá ekki að fara að vinna að þeirri lausn frekar fyrr en síðar. Við höfum með þeim rökum, sem við höfum fært fram og gætu verið miklu fleiri, bent á þennan möguleika, sem okkur virðist nú vera fyrir hendi og rétt sé að athuga, að Keflavíkurstöðin gæti fljótlega orðið vopnlaus eftirlitsstöð, sem í fyrstu yrði að vera í samhengi við varnarbandalagakerfið, sem við enn búum við, en jafnframt væri hugsuð þannig, að það væri hægt að laga hana að breyttum aðstæðum, og þegar þar að kæmi, að Sameinuðu þjóðirnar hefðu komið á afvopnunarsamningum, værum við tilbúnir til þess að hafa hér eina af eftirlitsstöðvunum með þeirri afvopnun. En það er ekki raunhæft að tala um, að hér verði vopnlaus eftirlitsstöð á vegum Sameinuðu þjóðanna, fyrr en eitthvað í líkingu við almenna afvopunarsamninga um allan heim hefði gerzt. Við vitum, að Sameinuðu þjóðirnar sjálfar eru í miklum fjárhagskröggum og vantar háar upphæðir til þess eins að greiða rekstrarkostnað. Það bendir ekki til þess, að þær hefðu ráð á því að setja upp slíkar stöðvar, nema þær væru í samhengi við aðra viðburði, sem hefðu gerzt á undan.

Ég vil benda á, að enda þótt till. bindi þessi mál við Atlantshafsbandalagið, á meðan við erum í því, horfir hún að vissu leyti lengra fram í tímann. Ég vil vænta þess, að þær vinsamlegu undirtektir, sem hún hefur fengið, verði til þess, að till. verði afgreidd og að sú athugun, sem hún fer fram á, — því að lengra gengur hún ekki, — verði látin fara fram. Hæstv. utanrrh. nefndi till., sem við fluttum um þetta leyti í fyrra. Hún og þessi till. hafa það sameiginlegt, að vera báðar um athugun á þessum málum og byggjast á þeirri hugsun, að fyrst fari fram ítarleg athugun, en síðan verði tekin afstaða til einstakra atriða.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., hefur nú gert svo glögga grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna í varnarmálum, að ég þarf ekki margt um þetta að segja. En mér kom til hugar, að það væri samt eðlilegt að segja nokkur orð í tilefni af því, að það hefur verið vitnað til þess, að hv. Alþfl.-menn væru að nálgast stefnu ríkisstj. í varnarmálunum. Þeir, sem það segja, gera náttúrlega ráð fyrir því, að það sé aðeins ein stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur í þessum málum. En það hefur komið fram, bæði í dag og oft áður, að svo er ekki. Það kom glögglega fram, þegar hv. 4. þm. Norðl. v. talaði hér áðan, að hann hefur allt aðra stefnu en hæstv. utanrrh.

Hv. 4. þm. Norðl. v. sagði hér áðan, að það kæmi Íslendingum ekkert við, hvað gerðist hér á hafinu í kringum landið. Þótt Rauði flotinn, eins og hann nefndi svo, yrði sterkur, væri það Íslandi óviðkomandi. Það væri bezt fyrir okkur að binda fyrir augun og skipta okkur ekkert af því, sem gerðist meðal stórveldanna í varnareða hermálum. Hlutleysið væri okkar bezta vörn, sagði hann. Þetta hefur komið fram áður, bæði hjá þessum hv. þm. og flokksbræðrum hans, þegar um varnarmálin hefur verið rætt. Þeir hafa sagt: Það á að segja upp varnarsamningnum og láta varnarliðið fara á kjörtímabilinu skilyrðislaust. Hæstv. utanrrh. hefur sagt: Það á að endurskoða varnarsamninginn. Við sjálfstæðismenn teljum eðlilegt, að eftir 20 ár fari fram endurskoðun á samningnum. Hæstv. utanrrh. hefur sagt í sjónvarpi og ég ætla víðar, að ef endurskoðunin leiði það í ljós, að varnarliðsins sé þörf hér áfram, þá eigi það að vera hér. Þetta finnst mér skynsamleg og ábyrg afstaða hjá hæstv. utanrrh. Ég vona, að hann haldi við sannfæringu sína í þessu efni og víki ekki frá henni.

Hæstv. ráðh. hefur boðað það, að viðræður við Bandaríkin hefjist í jan. n. k. Þá verða þessi mál skoðuð til grunna. Þá verður athugað, hvernig varnarmálum Íslands verði bezt komið fyrir. Hæstv. utanrrh. telur, að það sé Íslandi fyrir beztu að vera í Atlantshafsbandalaginu áfram, og ég hygg, að hans flokkur sé einnig sammála um það. Ekki er heldur að efa, að Alþfl.-menn, þrátt fyrir þessa till. styðji það. Þetta er einmitt stoðin undir því, sem ég sagði

hér áðan, að ríkisstj. hefur ekki eina skoðun í varnarmálinu.

Nú vil ég ekkert fullyrða um, til hvers endurskoðun varnarsamningsins kann að leiða. En líklegt má telja, að hún leiði til þess, að það þyki ástæða til og nauðsynlegt að hafa varnarlið hér áfram. Það er talað um í þessari till. að láta fara fram athugun á því, hvort Íslendingar sjálfir gætu annazt gæzlu hér á landi og til þess yrði þjálfað lið Íslendinga. Það er vitanlega ekki rétt að fullyrða nokkuð um þetta fyrr en að athugun lokinni. En margur mundi vilja spyrja: Hversu fjölmennt þyrfti þetta gæzlulið að vera? Geta Íslendingar látið mannafla til slíks? Vitanlega þarf að fá það upplýst, hvað þetta gæzlulið þyrfti að vera fjölmennt, ef varnarliðið færi. Og vissulega mundi margur hugsa sem svo: Væri nóg að hafa hér gæzlulið, sem gæfi til kynna, ef eitthvað væri að gerast á sjónum, í lofti eða annað slíkt, sem væri hættumerki? Væri þá ekki of seint að sækja varnarliðið til þess að snúast gegn hættunni?

Það hafa tveir hv. ræðumenn vitnað hér í dag í Willy Brandt. Hann vann frægan kosningasigur, eins og kunnugt er. Hann er mikill friðarsinni, enginn efast um það. Hann hefur unnið manna mest að því að koma á þíðunni, eins og það er kallað, milli austurs og vesturs. En hver er afstaða Willy Brandts til erlends varnarliðs í Þýzkalandi og hjá öðrum Evrópuþjóðum? Hvað sagði Willy Brandt, þegar það kom til umræðu í Bandaríkjaþingi að draga heim ameríska varnarliðið, sem nú er í Þýzkalandi, Bandaríkjaþing vildi skera niður fjárveitingar til varnarliðsins í Evrópu? Hvað sagði Willy Brandt? Við viljum ekki missa ameríska varnarliðið frá Þýzkalandi. Ef ekki fæst fjárveiting frá Bandaríkjaþingi, þá viljum við, Þjóðverjar, kosta þetta lið. Og hvers vegna? Vegna þess að Willy Brandt er þrátt fyrir þíðuna, sem nú er, ekki öruggur um varanlegan frið. Hann gerir sér grein fyrir því, að til þess að tryggja friðinn þarf að hafa varnir og jafnvægi í hernaðarmálum. Vitanlega viljum við Íslendingar vinna að friði. Og hvers vegna skyldum við ekki kjósa það að mega vera hér einir í landinu án þess að hafa hér útlent varnarlið? En við höfum tekið þá afstöðu að vera í varnarbandalagi vestrænna þjóða, þeirra þjóða, sem eru okkur skyldastar að hugarfari, stjórnarfari og viðurkenna rétt smáþjóðanna til þess að vera frjálsar. Það er viðurkennt, að síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað og það efldist hefur yfirgangurin að austan að mestu orðið að láta staðar numið. Þótt Tékkóslóvakía hafi að vísu verið innlimuð eftir þetta og Ungverjaland, hefur þó orðið stöðvun á framrás Rússa, eftir að Atlantshafsbandalagið varð jafnöflugt og það nú er. Ef það er að áliti fróðustu manna, að það veiki varnarmátt vestrænna þjóða að láta varnarliðið fara héðan, þá segi ég eins og hæstv. utanrrh. í sjónvarpinu forðum, að þá verður varnarliðið hér áfram. Réttur Íslendinga verður bezt tryggður með því, að varnarbandalag Vestur-Evrópuríkjanna haldi áfram að styrkjast og þjóna þeim tilgangi, sem það var stofnað til.

Um þessa till., sem hér hefur verið rætt um, ætla ég ekki að fara fleiri orðum. Það, sem er aðalatriði í till., er það, að Alþfl.-menn vilja vera áfram í Atlantshafsbandalaginu og þeir segja beinlínis, að ef varnarliðið fari héðan, þá verði eitthvað annað að koma í staðinn, eitthvað annað, sem dugir. Ég fagna því, að hv. Alþfl.-menn eru sama sinnis og við sjálfstæðismenn og hæstv. utanrrh. um þetta. Ég held þess vegna, að við þurfum ekki að hafa sérstaklega miklar áhyggjur af varnarmálunum að svo stöddu, vegna þess að því verður að trúa að hæstv. utanrrh. fari eftir sannfæringu sinni og beztu samvizku í þessu máli.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Mér þykir nokkur ástæða að leggja hér örfá orð í belg, þar sem hér liggur nú fyrir að mörgu leyti merkileg till. frá Alþfl. Ég vil taka það skýrt fram, að ég fagna þessari till., því að ég les í hana eins og aðrir fulltrúar stjórnarflokkanna, að hér sé Alþfl. að reyna að losna úr þeirri sjálfheldu í pólitískri afstöðu sinni til varnarmála, sem hann hefur verið bundinn í á undanförnum árum, og ég fagna því alltaf, þegar menn endurskoða úrelta afstöðu sína til mála. Hitt er svo eðlilegt, að síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Sunnl., legði mikla áherzlu á það, að viðhorf Sjálfstfl. og Alþfl. væru enn hin sömu, og sýnir það berlega, að hann vill sem lengst fá liðsstyrk úr þeirri áttinni, og er það eðlilegt.

Um þessa till. verð ég því miður að segja, að hún virðist nokkuð óraunhæf, og skal ég nú gera grein fyrir því. Það er tekið fram í grg., að hernaðarleg þýðing Íslands sé að ýmsu leyti meiri en áður. Þessi röksemd hefur heyrzt í þingsölum og í blöðum, alla tíð síðan herinn kom hingað til lands. Hernaðarlegt gildi varnarliðsins hefur farið sívaxandi með hverju árinu, og ég veit ekki, hvar það endar að lokum. En þetta er ósköp eðlilegt, vegna þess að við Íslendingar kunnum fátt til hernaðarlista og þurfum að leita umsagnar erlendra rannsóknastofnana í hernaðarfræðum, enda er vitnað í slíkar rannsóknarstofnanir og þá að jafnaði utanríkismálastofnunina í Osló, þar sem komizt er að þeirri niðurstöðu, að hafið í kringum Noreg sé orðið Mare Soveticum, hvorki meira né minna en rússneskt haf. Virðist okkur, þeim fákunnandi í hernaðarlistinni, að þarna sé nokkuð djúpt tekið í árinni, a. m. k. er óhætt að segja, að þarna er ákveðin viðleitni í viðhorfunum, ákveðin viðleitni til þess að magna þann vanda, sem við er að etja.

En hvað um það, ef svo er í rauninni, eins og hér kemur fram, að hernaðarleg þýðing Íslands sé meiri nú en nokkru sinni áður, er þá eðlilegt, að NATO eða það hernaðarbandalag, sem við erum aðilar að, fallist á, að hér verði óvopnuð eftirlitsstöð og hér annist eftirlitið óvopnaðar eftirlitsflugvélar, m. ö. o. hið raunverulega varnarhlutverk varnarliðsins sé þar með úr sögunni? Er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að Atlantshafsbandalagið fallist á þessa breytingu, þar sem hernaðarlegt mikilvægi Íslands er meira nú en nokkru sinni fyrr? Ég vil líka benda á það, að í grg. kemur fram efst á bls. 2, að stefnubreyting hafi orðið hjá Atlantshafsbandalaginu eftir Kóreustyrjöldina,

þannig að ekki var lengur við það unandi að hafa eftirlitsstöðvar, heldur var nauðsynlegt að koma á sameiginlegu varnarkerfi og herstjórn, sem átti að vera við öllu búin, og sendur her til Grænlands, Íslands og Azoreyja. M. ö. o.: stefna Atlantshafsbandalagsins samkv. þessari grg. er sú að hafa á staðnum her. Ég fæ því ekki betur séð en að grg. sjálf og till. séu í hrópandi mótsögn hvor við aðra. Hér gætir alveg einstakrar bjartsýni. Hins vegar legg ég ríka áherzlu á, að þótt ég hafi enga trú á því, að þessi könnun leiði til þess, að hernaðarsérfræðingar NATO fallist á það, að í stað varnarliðsins á Íslandi komi hér óvopnuð eftirlitsstöð og óvopnaðar eftirlitsflugvélar, þá er engu að síður fagnandi, að Alþfl. skuli nálgast vinstri flokkana í þessum málum, og það tel ég höfuðávinning í þessari tillögugerð, þ. e. a. s. að reyna að víkja frá þeirri hugsun, að hér þurfi að vera varnarlið um aldur og ævi. Það er þetta, sem er grundvallaratriðið.

Næsta skrefið verður svo væntanlega hjá Alþfl. að koma alveg yfir til stjórnarflokkanna og vinna að því, að hernum verði komið á brott.

Að lokum ætla ég aðeins að segja nokkur orð. Það er mikið talað um endurskoðun varnarsamningsins og lögð mikil áherzla á það, að brottför hersins verði komin undir því, hver verður niðurstaðan af endurskoðun varnarsamningsins. Um þetta vil ég segja: Það verður þá að halda þannig á endurskoðun varnarsamningsins, að réttir aðilar séu að spurðir. Ef endurskoðun varnarsamningsins á að fara fram á þá lund að láta Pentagon í Bandaríkjunum eða aðalstöðvar NATO segja okkur um, hversu mikilvæg þessi hernaðarstöð er, þá er tómt mál að ræða um endurskoðun. Það er barnaskapur og það er bara að fresta málinu, ef menn halda, að endurskoðun varnarsamningsins leiði eitthvað sérstakt í ljós, ef spurðir eru bara ákveðnir hernaðarsérfræðingar. Það er bara að blekkja sjálfan sig. Það verður líka við endurskoðun varnarsamningsins að athuga íslenzkar röksemdir, og ég kalla það bæði félagslegar og menningarlegar röksemdir. Þetta legg ég mikla áherzlu á. En þeir menn, sem treysta því, að leitað verði eingöngu umsagnar einhverra hernaðarsérfræðinga og í trausti þeirrar niðurstöðu fái þeir að halda hernum hér áfram og jafnvel auka herliðið á Keflavíkurflugvelli, mega ekki fara með sigur af hólmi í þessu máli. Hér verður að taka miklu fleira til greina heldur en hernaðarsérfræðinga, sem hafa það eitt á dagskrá að verja hernaðarmátt eigin veldis eða stórveldis.

ATKVGR.

Till vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 76). — Frh. einnar umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þegar málið, sem nú er á dagskrá, var hér síðast til umr., kom fram í máli manna, hve nauðsynlegt væri í þessu efni að framkvæma og hafa í frammi stóraukinn áróður um skaðsemi áfengis. Þessu hafa menn æ ofan í æ haldið fram hér á Alþ., og þótt sú till., sem fram hefur verið borin til einhverrar lausnar á þessum vanda, verði samþykkt, nær hún vitanlega ekki nándar nærri eins langt og stóraukin fræðsla um skaðsemi áfengis. Við getum ekki verið viss um það, að fólk almennt beri þá virðingu fyrir stjórnmálamönnum, að jafnvel þótt þeir hætti að drekka áfengi í veizlum sínum, þá leggist þar með áfengisneyzla annarra niður eða stórminnki. Við skulum þó vona, að slík breyting hefði einhver áhrif, og má raunar vafalaust telja, að stjórnmálamennirnir sjálfir minnki a. m. k. áfengisneyzlu sína í veizlum, hvort sem um er að ræða opinberar eða einkaveizlur.

Hvað sem því líður, þá var erindi mitt í ræðustólinn að vekja athygli á því, að á s. l. vori samþykkti Alþ. með shlj. atkv. þál. um stóraukna fræðslu um skaðsemi áfengis. Þál., sem samþ. var 16. maí í vor, hljóðaði svo:

„Þál. um varnir gegn ofneyzlu áfengis. — Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til að draga úr neyzlu áfengra drykkja:

1. Að efld verði undir forustu áfengisvarnaráðs upplýsingastarfsemi um háskalegar afleiðingar af ofnotkun áfengra drykkja og mjög stuðlað að því, að slík upplýsingastarfsemi fari m. a. fram í öllum fjölmiðlum landsins, svo sem hljóðvarpi, sjónvarpi og blöðum.

2. Að löggæzlu verði hagað þannig, að sem mest áherzla sé lögð á að koma í veg fyrir áfengislagabrot.

Kostnaður vegna þessara ráðstafana verði greiddur úr ríkissjóði."

Þegar þetta mál var rætt hér, man ég, að flm. þessa máls, hv. þáv. þm. Hjördís Hjörleifsdóttir, lagði á það áherzlu, að e. t. v. væri ekki úr vegi að fara sömu leið í þessu máli og gert var og gert er enn í áróðrinum gegn ofnotkun tóbaks. Það þarf ekki að fara hér neinum orðum um það, hve áfengi er miklu, miklu hættulegra en tóbak, þó að tóbak sé mjög hættulegt. Við þurfum ekki annað en skoða tölur um það, hve mörg mannslát áfengið hefur orsakað, og þess vegna sé ég enga ástæðu til þess að minna frekar á rökin fyrir þessari þál. Um hana voru allir sammála, og við skoruðum á ríkisstj. að beita sér fyrir þessari fræðslu. En ég hef ekki orðið vör við neinn aukinn áróður, sem í frammi væri hafður til þess að kynna mönnum afleiðingar af notkun áfengis, nema þá helzt í sambandi við umferðarslys, sem af notkun áfengis geta orsakazt. Ekki sjást t. d. neinar aðvörunarmiðar á áfengisflöskum. Væri þó ekki úr vegi að láta sér detta í hug, að það væru miðar á áfengisflöskum, þar sem stæði kannske, hve mikið magn af innihaldi þessarar flösku væri óhætt að drekka án þess að verða sér til vansæmdar og öðrum til skapraunar. Það eru uppskriftir á öllum mögulegum pökkum af matvælum, sem við kaupum í verzlunum, hvernig eigi að nota þetta og þetta duftið til búðingsgerðar o. s. frv., en jafnhættulegt efni og áfengið er selt án þess, að þar standi á nokkrar leiðbeiningar um meðferð. Þetta vildi ég einnig benda á og lýk svo máli mínu með því að

spyrja einhvern hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. hafi beitt sér fyrir því og hvað hún hafi þá gert til að framkvæma þál., sem við samþykktum 16. maí s. l.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst raunar ekki sæma að gera spott að góðum vilja til að sporna gegn áfengisneyzlu, en ekki hef ég trú á því, að það mundi miklu breyta, þó að farið væri að prenta á brennivínsflöskur, hversu mikið menn ættu að drekka úr þeim, því að þar held ég, að dugi ekki annað en — ja, ég segi yður, þér skuluð alls ekki sverja. En ég vildi segja hér fáein orð til áréttingar því, að með þessari þáltill. er hér á ferðinni mál, sem engan veginn er jafnsmátt og sumum glámskyggnum mönnum kann að virðast.

Ég hef vitað því haldið fram, að þar sem flestir þeir, sem kæmu í veizlur og boð ríkisstj., væru fullorðið fólk og þar með fullmótað, mundu þau boð ekki hafa nein úrslitaáhrif eða nein veruleg útbreiðsluáhrif áfengisnautnar. Um það út af fyrir sig ætla ég ekki að dæma, þó að ég viti raunar ekki, hvenær menn eru fullmótaðir. Hitt veit ég, að einu sinni kom fram í bæjarstjórn Reykjavíkur, — það hét bæjarstjórn þá, — till. um það, að Reykjavík hætti vínveitingum. Sú till. var ekki samþykkt, og einn af áhrifamestu ráðamönnum bæjarfélagsins hélt því fram, að eðlilegt væri, að Reykjavík hefði sama hátt á og ríkið í þeim efnum. Þetta minni ég á til að sanna með dæmi, að fordæmi ríkisins hefur áhrif og þýðingu fyrir aðrar stofnanir. Það gildir um sveitarfélögin, þar með talin Reykjavík, og það gildir um allar opinberar og hálfopinberar stofnanir og fyrirtæki.

Nú er vitað mál, að ástand í áfengismálum stendur yfirleitt í föstu hlutfalli við almenna bindindissemi. Þar sem fátt er um bindindismenn, verður áfengisbölið ægilegt. En það er því minna vont sem bindindissemi er meiri og bindindismenn fleiri. Þess vegna held ég, að aldrei verði ofmetið það starf, sem unnið hefur verið til að móta áfengislaust samkvæmislíf og skemmtanalíf í landinu. Ég tel mig í hópi þess fólks, sem hefur stefnt að áfengislausu samkomuhaldi og skemmtanalífi og yfirleitt algáðu mannlífi. Ég veit, að margir segja, að okkur bindindismönnum séu mislagðar hendur og við höfum farið öfugt að o. s. frv. En ég hef því miður ekki orðið var við örlagaríkt siðabótastarf gagnrýnenda okkar í þessum efnum. Og hvort sem er við að etja ofurefli eða ekki, þá vil ég þó, að mín lífsstefna verði eitthvað í áttina við það, sem Hrafn forfaðir minn sagði forðum daga: „Það skal þó ekki saman fara að mega lítið veita og láta þau illa að komast, að því er ég má.“

Þessi þáltill. er að mínu viti spurning um það, hvort eigi að beita ríkisvaldinu móti þeim, sem vinna að áfengislausu samkvæmislífi, eða ríkisvaldið eigi að koma þeim til liðs. Og það er ekkert smámál. Ég vil ljúka máli mínu með því að árétta það, sem einn af flm. þáltill., hv. 3. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, sagði hér, að samþykkt till. og framkvæmd hennar í verki hlýtur að verða til að breyta nokkuð almenningsálitinu um það, hvað sé sæmilegt og viðeigandi í almennum mannfagnaði, svo að ýmsir gestgjafar fái kjark til að standa fyrir viðhöfn og fagnaði áfengislaust.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 24. fundur.

Mánudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. nóv. 1972.

Magnús Jónsson, 2. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Hér með leyfi ég mér, herra forseti, að biðjast leyfis frá þingstörfum fram að jólaleyfi þingmanna vegna óvenjulegra embættisanna í desember. Óska ég þess jafnframt, að 2. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Jón G. Sólnes bankaútibússtjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi, þar eð 1. varaþingmaður flokksins í kjördæminu situr nú á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed.

Jón G. Sólnes hefur ekki setið á þingbekk áður, og þarf því að fara fram skoðun á kjörbréfi hans. Bið ég hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til skoðunar.

Þá hefur mér einnig borizt annað bréf, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 30. nóv. 1072.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl., sem nú er sjúkur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Eins og fram er tekið í bréfi forseta Ed., ber að láta fara fram skoðun á kjörbréfi Ásgeirs Péturssonar sýslumanns, þar sem hann hefur ekki setið á Alþingi á þessu kjörtímabili."

Loks hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 4. des. 1972.

Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Jónas Jónsson aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti á Alþingi í forföllum minum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt."

Jónas Jónsson hefur setið á þingbekk á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt.

Ég býð hann velkominn til starfa. Bið ég hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfin tvö, og verður fundarhlé í 8 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf tveggja varaþingmanna: Í fyrsta lagi kjörbréf Jóns G. Sólness bankaútibússtjóra, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., og tekur hann sæti Magnúsar Jónssonar, 2. þm. Norðurl. e., sem hefur boðað forföll og víkur af þingi um nokkurra vikna skeið. Í öðru lagi kjörbréf Ásgeirs Péturssonar sýslumanns í Borgarnesi, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, sem tekur sæti í veikindaforföllum Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf þessara tveggja varaþingmanna og hefur ekkert fundið við þau að athuga og mælir með því, að kosning þessara varaþingmanna verði metin gild og kjörbréf þeirra samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns G. Sólness samþ. með 45 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Ásgeirs Péturssonar samþ. með 44 shlj. atkv.

Jón G. Sólnes undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 4. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23, n. 116). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þess frv., sem hér er til 2. umr. Þetta frv. fjallar um framkvæmd eignarnáms og á að koma í stað eldri löggjafar um það efni eða laga nr. 61 frá 1917.

Í stjórnarskrá okkar segir í 67. gr.: „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir." Þrátt fyrir fortakslaust orðalag 1. málsliðar hafa eignarréttindi, svo sem alkunna er, bæði fyrr og síðar verið margvíslegum takmörkunum háð. Strax segir framhald þessarar tilvitnuðu greinar frá veigamikilli takmörkun á eignarrétti almennt. Þetta sérstaka frávik, sem hér um ræðir, kallast eignarnám. Eignarnám er í því fólgið, að eigandi er skyldaður að láta eign sína af hendi og stofnast nýr réttur samsvarandi til handa öðrum aðila. Þó getur fjárnám því aðeins farið fram, að til komi lagaheimild. Lagaheimildirnar eru með tvennu móti: lagaheimild, sem er veitt í eitt skipti fyrir öll, þegar vissar þarfir eru fyrir hendi, eða heimild veitt í lögum í ákveðnu tilviki og á tiltekinni eign. Þá er eitt skilyrðanna til eignarnáms, að almenningsþörf krefji. Hér mun

það vera löggjafarvaldsins að kveða á um þörfina. Loks skal fullt verð koma fyrir þau réttindi, sem eignarnámi eru tekin.

Um framkvæmd varðandi þetta ákvæði fjallar frv., sem hér er til umr., þ. e. um þær réttarreglur, sem fylgja skal við ákvörðun eignarnámsbóta. Að sjálfsögðu hlýtur það að vera hverju sinni matsatriði, hvað sé fullt verð. Það skiptir því verulegu máli, á hvern hátt matsnefnd er skipuð. Einnig þarf til að koma vönduð málsmeðferð ágreiningsmála út af fjárhæð bótanna. Rök þurfa að koma fram sem allra gleggst, og allar eða sem flestar staðreyndir, sem matsgerð varða, séu matsnefnd hverju sinni tiltækar.

Eignarnámsmálin eru mjög viðkvæmur þáttur í mannlegum viðskiptum, og þess vegna ber að tryggja sem allra bezt, að eigi sé eignarnámsþoli sviptur eign sinni án þeirra bóta, sem honum ber. Enn fremur verður að hafa fyllstu hliðsjón af hagsmunum eignarnema, þ. e. a. s. þess, sem óskar eftir eignarnáminu. Bæði er það, að ekki má ofþyngja eignarnema með fjarstæðukenndri greiðslubyrði og eigi fremur tefja um skör fram nauðsynlegar athafnir af eignarnemans hálfu. Um þessi atriði geymir frv. mikilsverð ákvæði, sem öll eru að áliti allshn. til mikilla bóta.

Í frv. er fyrst og fremst gert ráð fyrir þeirri breytingu frá eldri löggjöf um framkvæmd eignarnáms, að sérstök matsnefnd skeri úr ágreiningi um fjárhæð eignarnámsbóta. Fastskipaður sé aðeins formaður matsnefndar svo og varaformaður hennar. Formaðurinn kveður til meðferðar hvers einstaks máls tvo eða fjóra menn eftir því, hvernig málinu er háttað. Hér er gengið út frá því, og um það greinir í grg. fyrir frv., að valið sé úr sem þrengstum hópi, án þess þó að komi til skorts á nægilegri staðarþekkingu matsnefndarmanna eða sérfræðilegri kunnáttu. Með þessum hætti og skipan matsnefndar á þennan veg er reynt að koma á nauðsynlegu og sem beztu samræmi og tryggja sem allra bezt öryggi í stórfum matsnefndar. Samkv. núgildandi eignarnámslögum eru matsstigin tvö, þ. e. a. s. undirmat og yfirmat. Við þessa breytingu má gera ráð fyrir því, að matsstörfin taki mun skemmri tíma yfirleitt og kostnaður af mati hverju sinni verði minni en oft hefur verið áður. Auk þess yrði hinn skipaði formaður sérstaklega vegna reynslu þjálfaður í þeim verkefnum, sem fyrir matsnefnd kunna að koma. Ágreiningi út af meðferð eignarnámsmáls og ákvörðun um bætur má svo skjóta til dómstólanna, og þeir eiga þannig endanlegt úrskurðarvald um fjárhæð bótanna. Það er náttúrlega ekki líklegt, að áfrýun til dómstóla hraði máli, heldur muni málið ganga mun seinna fyrir sig, þegar svo stæði á. En alla vega mundi áfrýjun til dómstóla í ágreiningsmáli um úrskurð matsnefndar leiða til öruggari málaloka.

Hingað til hefur stundum þótt á skorta nægilega rökstuddar og vandaðar forsendur fyrir matsfjárhæð. Í frv. er ákvæði, sem tryggja á sem fyllstar og skýrastar forsendur að niðurstöðu. Til ágreiningsatriða beggja aðila skal matsnefnd hverju sinni taka skýra afstöðu. Áður hefur það nokkuð tíðkazt, eftir því sem mér er bezt kunnugt, að í niðurstöðu mats hafi aðeins verið ákveðin fjárhæð, en harla lítt rökstudd.

Kostnað af starfi matsnefndar á að greiða úr ríkissjóði, en matsnefnd skal ákveða í úrskurði, þegar ríkið sjálft er ekki eignarnemi, hverja greiðslu eignarnemi skal inna af hendi til ríkissjóðs vegna matsins. Í frv. segir enn fremur, að settar skuli nánari reglur um greiðslu þessa kostnaðar svo og þóknun til nm. Hér er nýmæli og væntanlega til mikilla bóta. Allan kostnað af rekstri matsmáls, sem hæfilegur telst, ber eignarnema að greiða til eignarnámsþola.

Formaður matsnefndar á að varðveita alla úrskurði matsnefndar. Þetta ákvæði er mikilvægt nýmæli. Það verður greiðari aðgangur að úrlausnum matsnefndar, þar sem finna má þær á einum stað, og svo má ætla, að meira samræmi verði í gerðardómsmálum og ekki sízt þeim, sem að einhverju eða öllu leyti eiga sammerkt.

Það er álit allshn., að frv. sé í heild til aukinnar festu, bæði í forsendum og að því er varðar niðurstöður matsmáls, og til meiri nákvæmni í útlistun á þeim meginatriðum, sem taka verður hliðsjón af við meðferð hins vandasama og ábyrgðarmikla málaflokks, þar sem eignarnámsmálin eru.

Allshn. leitaði til þriggja aðila um umsagnir og fékk umsagnir frá tveim þeirra, þ. e. a. s. frá Búnaðarfélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. N. hafði sent frv. til umsagnar þriðja aðila, þ. e. Hús- og landeigendasambands Íslands, en þaðan hefur ekki enn borizt umsögn um málið. Þeir, sem sendu umsögn, mæltu eindregið með samþykkt frv.

Ég vil geta þess, að í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga kom fram, að stjórn þess leggur mikla áherzlu á, að lokið verði sem fyrst endurskoðun lagaákvæða þeirra, sem í þáltill. frá 22. apríl 1970 er gert ráð fyrir. Í þessari þáltill. var fyrst og fremst farið fram á, að endurskoðuð yrðu lög um eignarnám, og það hefur verið gert með frv. þessu, og enn fremur var vikið að því í þáltill., að lögfestar yrðu vissar meginreglur, sem gætu orðið til leiðbeiningar við ákvörðun eignarnámsbóta. Þetta atriði, sem þannig kemur fram í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, er mjög mikilvægt. Það er hvorki meira né minna en annar og raunar höfuðþátturinn í eignarnámsmálameðferð og í raun og veru sá, sem sker alveg úr um það, að eðlilegri niðurstöðu verði náð. En það eru margvísleg vandkvæði á því að taka í lög afgerandi ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stjórnarskrárgreinin, sem ég gat um, kveður á um fullar bætur, og þetta ákvæði setur löggjöf, sem ætti að fjalla um fjárhæð bótanna, ákveðnar skorður, sem matsnefnd verður að virða í hverju einstöku dæmi, þannig að tæmandi reglur um fjárhæð fjárnámsbóta yrðu því vart settar. Hitt er svo allt annað mál, að það er líklegt, að festa megi með lögum vissar grundvallarreglur um bótafjárhæð eða hvernig hún skuli fundin, svo sem til leiðbeiningar, og gæti komið að verulegu gagni. En hvernig sem á þessa hlið málsins er litið, er ákvörðun um bæturnar oftast þýsna flókið og mjög vandmeðfarið mál, að ekki sé

talað um, hversu viðkvæmt það er aðilum og hætt við margs konar árekstrum.

Í áliti þeirrar n., sem undirbjó það frv., sem við ræðum hér, kemur fram, að n. hefur talið rétt að semja frv. til l. um fjárhæð fjárnámsbóta, hvað sem öðru líður, og þá eingöngu að því er varðar eignarnám á fasteignum. Ég tel sennilegt, að n. hafi þegar hafið störf í þessu skyni.

Ég hef þá í allra stærstu dráttum vikið að því, hverjum breytingum frv. gerir ráð fyrir á eldri löggjöf um sama efni.

Allshn. þessarar hv. d. telur, að þetta frv. sé til mikilla bóta á núgildandi löggjöf, — löggjöf, sem er orðin ærið gömul eða frá árinu 1917. Slíkar eru þær breytingar, sem hafa orðið á þjóðlífsháttum í landi okkar, og þá ekkert síður breytingar á því sviði, sem snertir það efni, sem hér er fjallað um. Eins og ég sagði í upphafi, hefur allshn. einróma mælt með samþykkt frv. Læt ég þá máli minu lokið, herra forseti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57, n. 111). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Það er óþarfi að eyða hér mörgum orðum að því, að eyþjóð eins og Íslendingar hefur eðlilega ríkan skilning á þýðingu þess, að hafið sé svo hreint og ómengað sem verða má. Því mun ekki þykja nema eðlilegt og sjálfsagt, að sjútvn. hefur mælt einróma með samþykkt þessa frv., sem er ekki um annað en heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, sem gerður var 15. febr. 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Það er svo annað mál, að sumum kann að finnast, að hér hefðu mátt vera einbeittari ákvæði og viðurlög meiri, en um það er ekki að ræða, en enginn ágreiningur er um það, að samningurinn miði í rétta átt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 29, n. 109, 121). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram ásamt hv. þm. Páli Þorsteinssyni og Jóni Helgasyni frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem var svipuð því frv., sem nú er til umr. Frv. það var sent til umsagnar, og bárust umsagnir frá 5 aðilum. Umsagnir þessar voru allar jákvæðar.

Í umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna er mælt með því, að frv. verði samþ., en vakin athygli á því, að það mætti vera á valdi stjórnar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að ákveða, hvar rannsóknastofur þessar yrðu staðsettar í hverjum landsfjórðungi. Einnig barst umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem mælt er með samþykkt frv., en vakin athygli á þessu sama atriði, að nánara staðarval mætti ákveða af ráðh. og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Einnig barst umsögn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem var einnig jákvæð. Þá barst umsögn frá Fiskimati ríkisins, sem er allitarleg og fer nokkuð nákvæmlega út í þetta mál. Sú umsögn er einnig jákvæð. Er þar lögð rík áherzla á mikilvægi þess, að nánar sé fylgzt með gæðum þessarar framleiðslu en verið hefur, og talið, að frv. stefni í þá átt. Loks barst mjög ítarleg umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, þar sem einnig er mælt með samþykkt þessa frv., en eins og í flestum öðrum umsögnum sú skoðun sett fram, að ákveða mætti staðsetningu rannsóknastofanna með reglugerð af ráðh. og aðilum fiskiðnaðarins sameiginlega.

Í samræmi við þessar umsagnir féllumst við flm. frv. á síðasta þingi á að breyta frv. þannig, að staðirnir eru ekki nefndir, og er þar gengið fyllilega til móts við þær aths., sem fram komu í fyrrnefndum umsögnum. Þetta frv. fékk ekki afgreiðslu á síðasta þingi, náði því ekki tímans vegna, og fluttum við það aftur í upphafi þessa þings, við hv. þm. Páll Þorsteinsson.

Sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það er nú orðið og með tilvísun til þeirra umsagna, sem bárust á síðasta þingi, með þeirri breytingu, að í stað orðanna „um stofnsetningu" í 1. mgr. 1. gr. frv. komi: um stofnkostnað, og verður þá greinin þannig:

„Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi og víðar samkv. ákvörðun ráðh. og að fengnum till. aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði um stofnkosnað„ — í staðinn fyrir stofnsetningu, — „um stofnkostnað og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu" o. s. frv. óbreytt. Breyting þessi miðar að því að undirstrika, að samstarfs skuli leitað um stofnkostnað þessara nýju rannsóknastofa.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég hef mælt fyrir því nú þrisvar í þessari hv. d. Ég vil aðeins geta þess til viðbótar því, sem ég hef áður sagt, að ég hef nýlega haft tækifæri til þess að skoða slíka rannsóknastofu í Vestmannaeyjum. Í fáum orðum sagt vil ég lýsa því hér, að ég hreifst mjög af því, sem ég sá þar, og sannfærðist bæði af því og einnig í viðræðum við forstöðumann þeirrar stofu og menn fiskiðnaðarins, að slík þjónusta, sem þar á að veita, er ekki aðeins nauðsynleg, heldur sjálfsögð. Þar varð samstarf þannig, að fiskiðnaðurinn greiddi stofnkostnað. Tveir starfsmenn eru hins vegar starfsmenn hins opinbera, og eru laun þeirra greidd af hinu opinbera með fjárframlagi, að því er ég bezt

veit, að upphæð 1 millj. kr. Síðan tekur stofan gjald fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, og er því ætlað að standa undir öðrum rekstrarkostnaði þessarar rannsóknastofu.

Það er sannfæring mín, að hraða beri því að koma upp slíkum stofum víðar. Ég fyrir mitt leyti tel ljóst, að þær verða ekki færri en gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. Þar var minnzt á Ísafjörð, Sauðárkrók, Húsavík og Höfn í Hornafirði. Ég get fallizt á, að þetta staðarval með tilliti til Norðausturlands og Austfjarða er e. t. v. nokkuð til umr., þótt mér virðist enn þessir staðir mjög eðlilegir, eins og mér virtist, þegar við lögðum fram frv. í fyrra. Um Vestfirðina er hins vegar ljóst, að slík rannsóknastofa hlýtur að koma á Ísafirði. Aftur á móti er ekki óliklegt, að stofunum þyrfti að fjölga, þegar fram í sækir.

Síðan n. hafði þetta frv. til athugunar, hefur verið lögð fram brtt. við frv. af hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, 5. þm. Vestf. Leggur hann til, að í lögunum verði ákveðið, að slíkar stofur skuli a. m. k. vera í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Að sjálfsögðu felli ég mig við þetta, enda í fullu samræmi við það, sem lagt var til í upphaflega frv., og mun því styðja þessa till. En ég vil þó leggja ríka áherzlu á, að þessi brtt. má ekki verða til þess að tefja framgang málsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja með að lýsa stuðningi mínum við þetta frv., sem hér er til umr. Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að hann væri búinn að mæla fyrir þessu frv. þrisvar sinnum a. m. k., og ég hef fylgzt með því. En í tveim fyrri ræðum sínum vék hann ítarlega að rökum þeim, sem liggja fyrir því, að það er ástæða og tímabært að bera fram þetta frv. Ég tek að öllu leyti undir þau sjónarmið og ástæður, sem þar hafa komið fram. Það er enginn vafi á því, að þetta mál, sem hér er til umr., hefur hina mestu þýðingu fyrir fiskiðnaðinn í landinu. Ég mun því í þeim orðum, sem ég segi hér, víkja að till., sem ég hef borið fram, eins og hv. 1. þm. Vestf. gat um, á þskj. 121.

Eins og frv. liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir, að það verði rannsóknastofur í hverjum landsfjórðungi, en ekki tekið fram, hvar þær skuli vera. Ég hef ekki á móti því, að það sé stefnt að því, og tel raunar sjálfsagt, að það séu slíkar rannsóknastofur, sem hér er um að ræða, í hverjum landsfjórðungi. En mín till. felst í því, að framan við gr., eins og hún er í frv., komi ný mgr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal starfrækja rannsóknastofu í Vestmannaeyjum og á Ísafirði."

Það eru sérstakar ástæður fyrir því, að ég tek út þessa tvo staði, Vestmannaeyjar og Ísafjörð. Hvað snertir Vestmannaeyjar, er það vegna þess, að hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en viðurkenningu á staðreyndum. Slík rannsóknastofa, sem frv. gerir ráð fyrir, er þegar tekin til starfa í Vestmannaeyjum. Það er þess vegna eðlilegt, að það sé beint tekið fram í þessum lögum, að sú rannsóknastofa skuli starfrækt.

En hvað Ísafjörð áhrærir, þá eru ástæðurnar nokkuð aðrar, vegna þess að þar er ekki starfrækt nú rannsóknastofa, sem hér um ræðir. En hvers vegna tek ég þá Ísafjörð út, en nefni ekki í brtt. minni staði í hinum landsfjórðungunum, hliðstætt því, sem hv. flm. þessa frv. lögðu til í frv., sem þeir báru fram á síðasta Alþ? Hvers vegna tek ég ekki staðina, sem þar eru tilgreindir, upp í brtt. mína? Það er vegna þess, að það eru nokkur rök fyrir því, að það þurfi að athuga nánar, hvaða staðir þetta séu í hinum landsfjórðungunum, þar sem slík rannsóknastofa, sem hér er um að ræða, skuli koma. Hv. 1. þm. Vestf. greindi frá þessu skilmerkilega og vék að umsögnum, sem komu frá ýmsum aðilum fiskiðnaðarins, sem gleggst mega vita um þessi efni. Ég tek undir þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar því að nefna ekki staðina í hinum landsfjórðungunum.

Ég þykist sjá, að það geti verið álitamál, hvort til á að koma slík rannsóknastofa, sem hér um ræðir, á Sauðárkróki t. d. eða á Húsavík, en þessir tveir staðir eru nefndir í frv. flm. frá síðasta þingi. Ég þykist sjá líka, að það geti orkað tvímælis eða a. m. k. ekki allir verið á það sáttir, að í Austfirðingafjórðungi skuli slík rannsóknastofa vera í Höfn í Hornafirði. Það væri hægt að hugsa sér, að einhver léti sér detta hug, að hún væri eins vel sett miðsvæðis, t. d. á Norðfirði. Þetta sýnir glögglega, að það eru rök fyrir því að flýta sér ekki of hratt um það að ákveða staði fyrir þessar rannsóknastofur í öðrum landsfjórðungum en á Vestfjörðum. En það er rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það er sjálfsagt, að slík rannsóknastofa á Vestfjörðum komi á Ísafjörð. Hvort sem yrði, sem er nú líklegast til að byrja með, ein rannsóknastofa eða fleiri á Vestfjörðum, þá ætti hún fyrst að koma á Ísafjörð. Um þetta getur ekki verið ágreiningur og er áreiðanlega ekki ágreiningur.

Það er líka svo, að bæjaryfirvöld á Ísafirði hafa tekið þetta mál til meðferðar og leggja alveg sérstaka áherzlu á, að það verði strax ákveðið, að rannsóknastofa fyrir fiskiðnaðinn og matvælaframleiðsluna skuli vera á Ísafirði. Bæjarstjórn Ísafjarðar sækir nú um fjárveitingu á fjárl. næsta árs að upphæð 1 millj. kr. til rekstrar slíkrar rannsóknastofu. Þetta mál er því aðkallandi og liggur ljóst fyrir hvað varðar Ísafjörð. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp kafla úr bréfi bæjarstjórans á Ísafirði til fjvn., dags. 23. nóv. s. l., sem fjallar um beiðni um fjárveitingu til rannsóknastofu á Ísafirði. Í bréfi þessu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er augljóst, að brýn þörf er á að koma upp rannsóknastofu, sem væri komið upp hér á Ísafirði, því að vaxandi kröfur eru á erlendum fiskmörkuðum um gæði fiskafurða og hreinlæti í meðferð matvæla. Rannsóknastofu í matvælaiðnaði auk sérmenntaðs og sérþjálfaðs starfsliðs gæti einnig nýtzt við miðlun á þekkingu og upplýsingum til sjómanna og fiskvinnslustöðva, því að brýn þörf er á daglegum samskiptum sérfróðra manna í matvælaiðnaði og þeirra, sem afla hráefnis og vinna úr því. Farið er

fram á 1 millj. kr. stofnframlag, og má ætla, að fiskvinnslustöðvar hér séu fúsar að láta í té hliðstæða aðstöðu og gert var í Vestmannaeyjum."

Hér lýkur tilvitnun til bréfs bæjarstjórans á Ísafirði til fjvn. Það kemur glöggt fram, hvernig hugsað er til þessara mála af hálfu Ísfirðinga og bæjaryfirvalda. Það er óþarft fyrir mig að orðlengja frekar um þörfina á því, að komið sé upp slíkri rannsóknastofnun, sem hér er um að ræða, á Ísafirði. Rök fyrir því falla undir hin almennu rök, sem líka hafa verið færð fram af hv. 1. þm. Vestf. um þörfina fyrir slíkar stofnanir í öllum landsfjórðungum. En ég hygg, að það séu engin frambærileg rök gegn því að taka nú þegar upp í lög, að það skuli starfrækt rannsóknastofa á Ísafirði eins og í Vestmannaeyjum. Ég vil því mega vænta þess, að þessi brtt. mín eigi almennt fylgi hér í hv. d. Það er ekki verið að taka neitt frá neinum með því að ákveða rannsóknastofnun þegar í stað á Ísafirði og viðurkenna þá staðreynd, að rannsóknastofa er starfandi í Vestmannaeyjum. Það eru líka skynsamleg vinnubrögð, þegar svo stendur á, að það eigi að setja upp stofnanir af slíkri tegund, sem hér er um að ræða, í öllum landsfjórðungum að ætla sér ekki að gera það allt í einu, heldur byrja á byrjuninni og taka svo hvern stað fyrir sig, eftir því sem aðstæður leyfa og þegar það er ákveðið af þeim aðilum, sem bezt þekkja til, hvar skuli setja á stofn slíkar stofnanir.

Hv. 1. þm. Vestf. lýsti stuðningi við till. mína, en vænti þess, að hún yrði ekki til þess að tefja þetta mál. Auðvitað vænti ég þess. Ég sé enga ástæðu til þess, að till. mín, þótt samþykkt verði, eins og ég vona, tefji framkvæmd þessa máls á nokkurn hátt. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir hans undirtektir undir þetta mál. Ég þóttist raunar vita, að hann væri mér sammála um þetta efni, og ég leyfi mér að vænta þess, að hann, sem er áhrifamaður í sínum flokki, vinni þessari till. eindregið fylgi, þannig að við sameiginlega getum tryggt till. þessari framgang.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. 1. flm. þessa frv., hv. 1. þm. Vestf., hefur gert svo skýra grein fyrir málinu í heild, að ég þarf engu við það að bæta. En ég kvaddi mér hljóðs í því skyni að segja hér fáein orð í sambandi við brtt. á þskj. 121.

Frv. um þetta efni var borið fram á síðasta þingi. Þá var þannig gengið frá málinu, að það voru taldir upp nokkrir staðir, þar sem starfrækja skyldi rannsóknastofu fiskiðnaðarins, og þessir staðir, sem taldir voru þá upp í frv., eru Ísafjörður, Sauðárkrókur, Húsavík, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar. Þegar þetta frv. fékk athugun í n., þá minnir mig, að það yrði niðurstaða n. að fella niður þessa upptalningu á einstökum stöðum, en orða frvgr. almennt þannig, að það skuli starfrækja rannsóknastofur, a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi. Og ég ætla, að orðalag 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir, sé mjög í samræmi við það, sem n. lagði til við athugun málsins á síðasta þingi. Það liggur því í augum uppi, að hér er um tvenns konar tilhögun að ræða, annars vegar þá, að lögin séu almennt orðuð, án þess að telja upp einstaka staði, en það sé meginefni lagagr., að það skuli reisa a. m. k. eina rannsóknastofu í hverjum landsfjórðungi. Hin tilhögunin á málinu er sú, sem upphaflega var lagt til, að lögfesta vissa, tiltekna staði, þar sem þessar rannsóknastofur skulu reistar. Mér þykir eðlilegt, að hér sé haft samræmi á og annaðhvort séu teknir til vissir staðir í öllum landsfjórðungum eða lagagr. verði almennt orðuð og það sé lagt á vald ráðh. að koma þessu á fót og ákveða staðarval. En í brtt. á þskj. 121 felst það, að hvorugri þessari leið er fylgt til hlítar, heldur er lagt til í þeirri brtt. að lögbjóða að þessu leyti tvo staði, þ. e. a. s. í Sunnlendingafjórðungi og Vestfirðingafjórðungi, en láta það liggja á milli hluta eða láta það ekki koma fram í lagagr., hvar slíkar rannsóknastofur skuli reistar á Austurlandi og Norðurlandi. Ég felli mig ekki vel við þessa afgreiðslu. Mér finnst eðlilegt, að þarna sé fylgt hreinni línu á annan hvorn veginn. Og ég fæ ekki séð af því, sem fram hefur komið í umr. um þetta mál, að Vestmannaeyjar eða Ísafjörður séu í nokkurri hættu við framkvæmd þessa máls, þó að frvgr. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir í frv. sjálfu. Það hefur komið fram, að vísir að svona stöð sé þegar fyrir hendi í Vestmannaeyjum, og ég hygg, að það muni enginn óska þess eða fara fram á það, að þeirri starfsemi, sem þar er þegar komið á fót, verði hætt eða hún lögð niður. Og það hefur einnig komið fram í umr., að þm. Vestfirðinga telja Ísafjörð vel valinn og sjálfsagðan stað fyrir þessa starfsemi á Vestfjörðum, og vitanlega mundi það styrkja aðstöðu Ísafjarðar, ef kæmi inn í fjárlagafrv. nú fjárveiting til slíkrar stöðvar, og meira að segja mætti láta það koma fram í fjárl., að þetta væri fjárveiting bundin við svona starfsemi á Ísafirði. Mér sýnist þess vegna þessi brtt. á þskj. 121 vera í fyrsta lagi óþörf og e. t. v. til þess fallin á vissan hátt að draga úr þeirri einingu, sem annars gæti verið um málið. Ég mun því ekki sjá mér fært að styðja þessa brtt.

Umr. frestað.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 78, n. 110). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 10. maí 1966, um vélstjóranám, og mælir með samþykkt þess óbreytts. Dálítið er svipað farið um þetta frv. og það, sem rætt var hér í fyrri dagskrárlið. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og hlaut þá meðferð n. Það var sent út til umsagnar, og umsagnir bárust frá þremur aðilum. Umsögn barst frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, þar sem mælt er með því, að frv. verði samþ., einnig frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem sömuleiðis mælir með því, að frv. verði samþ., og loks allítarleg umsögn frá Vélskóla Íslands, þar sem einnig er mælt með samþykkt frv., en ýmsar mikilvægar ábendingar gefnar. Í þeirri

umsögn kemur m. a. fram, að skólastjóri iðnskólans á Ísafirði hefur vakið athygli á því, að vel mætti starfrækja það vélstjóranám, sem um ræðir í frv., í tengslum við iðnskólann þar, og virðist Vélskóli Íslands telja hagkvæmt, að svo verði.

Fyrir þessu frv. hefur verið ítarlega mælt af frsm., bæði á síðasta þingi og þessu þingi, og þarf ég ekki fara um það mörgum orðum. Hér er fyrst og fremst um staðfestingu á vaxandi nauðsyn að ræða. Það er vaxandi nauðsyn á vel menntuðum vélstjórum á stækkandi bátaflota, stærri bátum með flóknari vélar og hvers konar útbúnað. Vafalaust er, að þetta nám, a. m. k. fyrstu stig þess, ber að færa út í landsbyggðina. Það er með tilliti til þess, sem hv. menntmn. mælir með samþykkt frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 110, gat ég ekki verið viðlátinn við afgreiðslu málsins, en ég hefði þá imprað á því, að í frvgr. stendur: „skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum" þessi námskeið. Mér finnst þetta mjög hart ákvæði, ef honum er gert að skyldu að gera það árlega, án þess að hafa nokkurn staf í frv. um lágmarksþátttöku, því að hér er bundinn fjárhagslegur baggi, sem við sjáum varla fyrir endann á. Gildi frv. dreg ég ekki í efa og nauðsyn þess að koma á slíkum námskeiðum. Það hefur verið mjög oft fjallað um það, bæði í samtökum útvegsmanna og hjá farmönnum og fiskimönnum, og það hnígur allt að sama brunni um nauðsyn þess að koma á námskeiðum. En ég vil bara vekja athygli á þessu, að það er dálítið hart að binda þetta með árlegri kvöð án þess að taka nokkuð fram um, hve margir þátttakendur þurfi að vera í námskeiðinu til að tryggja eðlilegan grundvöll fyrir því. Einnig hefði ég bent á, að Suðurnesin eru ekki þarna með, sem væri þó eðlilegt, fyrst er byrjað á því að telja upp ákveðna staði. En á Suðurnesjum: Keflavík, Sandgerði, Grindavík og Njarðvíkum, er stærsta útgerðarsvæðið, ef það er tekið sem ein heild. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og hugsanlegt væri, að við gætum skotið á nefndarfundi núna milli 2. og 3. umr. Þetta er dálítið hörð kvöð fjárhagslega séð, ef frv. fer svona í gegn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Mánudaginn 4. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 34, n. 128 og 132). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 34 miðar að því í fáum orðum sagt að koma nokkru skipulagi á loðnulöndun á komandi vertíð. Þeim, sem til þekkja, er ljóst, að varla verður búið lengur við það fyrirkomulag, sem hingað til hefur gilt, einkum hvað varðar mismunun milli skipa í löndunarröð og að afkastageta flotans hefur ekki nýtzt sem skyldi. Oft hefur verið þörf, en nú er nauðsyn að halda utan um afla okkar. Nefndin hefur rætt frv. á þrem fundum sínum og sent það ýmsum aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá fimm aðilum: L. Í. Ú., stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Ég vil nú leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa þessar umsagnir til að kynna mönnum álit þeirra, sem þarna eiga hlut að máli.

Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna hljóðar á þessa leið:

„Á stjórnarfundi samtakanna, er haldinn var 16. nóv. s. l., var samþykkt að mæla með framangreindu frv., þó með áskildum fyrirvara um einstakar breytingar, er kunna að koma fram á aðalfundi samtakanna, er haldinn verður dagana 28.—30. nóv. n. k."

Í sambandi við þetta er hægt að segja, að þeir afgreiða þetta fullkomlega jákvætt, þar sem ekki hefur komið nein athugasemd frá fundinum.

Í öðru lagi er umsögn frá Síldarverksmiðjum ríkisins, en þar segir frá tillögu, sem kom fram á fundi í stjórn Síldarverksmiðjanna 23. nóv. s. l. Tillagan hljóðar svo með leyfi forseta:

„Stjórnin er sammála um að mæla með samþykkt frv. og telur, að mikið ríði á því, að þriggja manna nefnd sú, er skipuð er fulltrúum fiskseljenda, fiskkaupenda og oddamanni, skipuðum af sjútvrh., gefi sér tíma til þess að sinna þessu starfi, jafnframt því sem hún ráði sér framkvæmdastjóra og annað starfslið til aðstoðar. Framkvæmdastjórinn hafi ekki önnur störf með höndum á loðnutímabilinu en annast skipulag á löndun loðnunnar skv. fyrirmælum nefndarinnar. Löndunarnefndin og framkvæmdastjóri skulu flokka skip þau, sem loðnuveiðar stunda, í a. m. k. 3 flokka eftir stærð og sé þess gætt að ráðstafa ekki förmum skipa í minnsta flokknum til fjarlægra hafna frá veiðistað."

Þetta er samþykkt shlj. á þessum fundi.

Frá Félagi ísl. fiskmjölsframleiðenda kom svipuð umsögn. Hún hljóðar svo:

„Fundurinn telur æskilegt, að reglur um loðnulöndum verði ekki fastákveðnar í upphafi, en verði einvörðungu í höndum loðnunefndar, sem skipuð verði á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar telur fundurinn, að kjörtímabil nefndarinnar eigi ekki að vera nema til eins árs í senn. Þá telur fundurinn nauðsynlegt, að nefndin ráði sér sérstakan framkvæmdastjóra, sem starfi einvörðungu á vegum n. á loðnuvertíðinni. Verði þessar breytingar gerðar á frv., vill fundurinn mæla með samþykkt þess, enda verði tekið fram í frv., að lögin skuli endurskoðuð að lokinni loðnuvertíð 1973."

Þessi tillaga var samþykkt í einu hljóði á fundi Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda.

Að loknum lestri þessara umsagna vil ég segja um þá athugasemd, sem kemur fram í síðastlesinni umsögn, að kjörtímabil nefndarinnar verði ekki nema til eins árs, að það er tekið fram í frv.

Þar sem þessir tveir síðustu aðilar óska eftir, að ráðinn verði sérstakur framkvæmdastjóri, áleit n. ekki nauðsynlegt að taka þetta fram sérstaklega í l., þar sem n. getur að sjálfsögðu valið sér starfsfólk, enda gert ráð fyrir því, að kostnaður af þessu starfi nefndarinnar verði greiddur úr sérstökum sjóði.

Ég vil þá lesa umsögn frá Sjómannasambandi Íslands, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum við frv., hefur stjórn Sjómannasambandsins áður fjallað um mál þetta og lýsir sig samþykka því, að frv. verði að lögum."

Að síðustu vil ég leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv.:

„Sambandsstjórn hafði þann hátt á að senda umrætt lagafrv. til umsagnar í sambandsfélögunum. Eitt sambandsfélaganna gat ekki samþykkt frv. Þrátt fyrir andstöðu þessa eina félags við frv., lýsir sambandsstjórn eindregnum stuðningi við frv. Teljum vér, að m. a. þurfi að vera í grg. með frv. eftirfarandi:

1. Þegar skip hefur tilkynnt um afla og veiðisvæði, tilkynnir n., hvaða valkostir eru fyrir löndunarhöfn.

2. Hafi verið stöðvuð löndun á einhverri höfn, er óheimilt að halda til þeirrar hafnar og ætla sér að bíða þar eftir löndun.

3. N. taki fyllsta tillit til veðurs og annarra aðstæðna við ákvörðun um löndunarhöfn eða hafnir.

Við athugun málsins kom í ljós mjög eindreginn vilji yfirmanna á bátaflotanum um, að komið verði á flutningasjóði fyrir loðnuskip.

Að framansögðu viljum við fara þess á leit við hv. sjútvn. Nd. Alþ., að athugun fari fram á því, að upp verði tekið í frv. ákvæði um heimild til flutningasjóðs."

Samkv. því, sem ég hef nú lesið, mætti vera ljóst, að allir aðilar, undirmenn, yfirmenn, útgerðarmenn og loðnukaupendur, eru allir á einu máli um, að frv. nái fram að ganga.

Meiri hl. n. gerði þrjár brtt. við 2. gr. frv., eins og lesa má á þskj. 128.

Fyrsta breytingin, sem meiri hl. n. gerði við frv., var á þá leið, að á eftir orðunum „tilnefningu samtaka fiskseljenda" í 1. mgr. komi: til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna. — Þetta er gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir árekstra í vali fulltrúa frá sundurleitum aðilum, þ. e. a. s. sjómönnum annars vegar og útgerðarmönnum hins vegar.

Önnur breytingin, sem meiri hl. n. leggur til, er sú, að á eftir 1. mgr. komi, með leyfi forseta: „Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi." Þessi breyting er gerð til þess, að ekki sé hægt að stöðva löndun í höfn í þeim tilgangi einum að jafna hráefni milli verksmiðja.

Þriðja breytingin er gerð til þess að koma til móts við óskir sjómanna varðandi 2. gr., eins og m. a. hefur komið fram í umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Auk þess komu aths. varðandi þessa gr. frá því félagi, sem ekki taldi sig geta samþykkt frv., þ. e. a. s. sjómönnum í Vestmannaeyjum. Þessi breyting er fólgin í því að taka m. a. burt ákaflega ákveðna setningu sem er í 2. mgr. og er á þessa leið: „Fiskiskipum er jafnframt skylt að hlíta fyrirmælum n. um ákveðna löndunarhöfn." Þetta þótti okkur heldur stíft til orða tekið og komum þess vegna fram með breytingu, sem ég vil lesa í heild, með leyfi forseta:

„2. og 3. mgr. falli niður og í stað þess komi: Fiskiskipum skulu veittar upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð samkv. ákvörðun n. Fiskiskip er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem n. hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skal skipstjóri hvers skips ákvarða og tilkynna n., hvar hann muni leita löndunar."

Að öllum þessum umsögnum og breytingum, sem eru á þskj. 128 athuguðum, mælir meiri hl. n. með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

Frsm. minni hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að skila sérnál. á þskj. 132, en eins og fram kemur í nál. minu var n. sammála um ákvæði 1. gr. frv., en ákvæði þessarar gr. er á þá lund, að síldar- og fiskimjölsverksmiðjur skuli taka við afla þeirra skipa, sem loðnuveiðar stunda, í þeirri röð, sem skipin koma til löndunarhafna. Menn eru sammála um, að reynslan frá síðustu loðnuvertíð hafi sýnt, að nauðsynlegt sé að lögfesta slík ákvæði. Um þetta var enginn ágreiningur innan n. Hins vegar varð n. ekki fyllilega sammála um ákvæði 2. og 3. gr frv. Meiri hl. n. hefur á þskj. 128 flutt veigamiklar breytingar efnislega við 2. gr. frv., og skal það viðurkennt, að ef brtt. n. verða samþykktar, hefur frv. verið fært mjög til betri vegar frá því, sem var, þegar það var lagt fram og rætt hér við 1. umr. Ég tel þó, að ganga hefði átt skrefi lengra og fella 2. og 3. gr. alveg niður úr frv. Byggi ég þetta á því, að ég tel, að ákvæði 1. gr. tryggi alveg eins og ég hef áður sagt, að loðnulöndun geti átt sér stað á eðlilegan hátt, á komandi vertíð, þar sem skipum er tryggt, að þau fái löndunaraðstöðu í þeirri röð, sem þau koma til löndunarhafna.

Verði brtt. meiri hl. n. samþykkt, er ekki annað eftir samkv. 2. gr. en að veita veiðiflotanum upplýsingar um, hvar löndunaraðstaða sé hverju sinni. Nú er það vitað, að bæði útgerðarmenn og í flestum tilfellum skipstjórar skipanna fylgjast náið með þessum málum, og er mjög auðvelt að koma boðum á milli aðila um þetta atriði í gegnum fjarskiptastöðvar. Ég hygg, að á flestum eða öllum hinna stærri stöðva sé vakt allan sólarhringinn og því engin hætta á, að nokkur töf verði á að koma boðum á milli, á hvaða tíma sólarhrings sem er, og megi því vel komast hjá að mínum dómi að skipa þriggja manna n. með tilheyrandi skrifstofuaðstöðu til að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum

varðandi móttökuskilyrði einstakra verksmiðja hverju sinni. Við það þurfa engin vandræði að skapast. Hef ég því lagt til, eins og fram kemur í nál. minu, að 2. og 3. gr. frv. verði felldar niður.

Ég vil að endingu aðeins leiðrétta það, sem fram kom hjá frsm. meiri hl. sjútvn., hv. 5. þm. Sunnl., að allir aðilar væru sammála um frv. Það var einn aðili — og ég segi nokkuð veigamikill aðili, sem sendi mjög hörð andmæli gegn frv., og það var félag skipstjórnarmanna í Vestmannaeyjum, skipstjórnarfélagið Verðandi. Ég hélt, að hv. 5. þm. Sunnl. hefði verið um þetta kunnugt, því að ég held, að hann sé meðlimur einmitt í þessu eina félagi, sem sendi mótmæli.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég þarf að taka til máls, kannske ekki á þessum vettvangi, til þess að leiðrétta misskilning hjá hv. 3. þm. Sunnl. Ég sagði í framsögurræðu minni, ef ég má nota svo fínt orð um þau orð, sem ég lét falla um frv. áðan, að allar umsagnir, sem n. bárust, hefðu verið á eina lund. Ég gat þess líka, að eitt sambandsfélaganna í Farmanna- og fiskimannasambandinu hefði ekki getað samþykkt frv., og það voru sjómenn úr Vestmannaeyjum. Það er einmitt með tilliti til aths. þeirra og aths., sem komu frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, að 3. brtt. er flutt við frv. af hálfu meiri hl. n. Þetta ætla ég að vona, að hv. 3. þm. Sunnl. taki til athugunar. Ég vil einnig gera aths. við það, sem hann sagði, að það væri í rauninni ekkert annað eftir af 2. gr. frv. en upplýsingaþjónustan. Það er ekki alveg rétt. Það er einnig eftir, að n. hefur heimild til að stöðva löndun og að fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, sem hefur stöðvað löndun. Ég hirði ekki um að segja meira um þetta að sinni, nema sérstakt tilefni gefist til.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta mál, enda virðist eftir síðustu orðum hv. frsm. meiri hl. n. sem málið sé útrætt og meira þurfi ekki um það að ræða, það er skiljanlegt, þegar hann er búin að gefa samþm. sínum úr Suðurlandskjördæmi svona á baukinn, vegna þess að stjórn þeirra samtaka, sem boðaði hann á sinn einkafund, hafi ekki talið verðugt að taka til greina mótmæli einna stærstu samtakanna innan sinna vébanda, skipstjórafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum, þá sé málið afgreitt. Hann um það, hv. þm. úr Eyjum, ef svo er. Hvað sem því líður, hef ég ekki talið rétt að fylgja minum ágæta flokksbróður, hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, og hans skoðunum í þessu máli. Erum við þó á margan hátt á sama máli, þótt hann skili séráliti.

Ég vil leyfa mér að þakka meiri hl. n. fyrir að verða við ábendingum mínum um nokkrar breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. frá því, að það var lagt fram í byrjun. Ég held, að rétt sé að taka það líka fram, að það sé að þakka hv. þm. Karvel Pálmasyni, að þarna náðist samkomulag, að visu með 6 af 7 meðlimum sjútvn., og þó með fyrirvara hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar um það, að hann muni e. t. v., ef till. hans verður felld, standa með okkur brtt. Þannig hef ég skilið hans orð.

Það, sem ég hafði við þetta frv. að athuga í byrjun, voru t. d. ákvæði um, að ráðh. ætti að skipa samkv. tilnefningu samtaka fiskseljenda einn í þá n., sem á að stjórna þessu. Það vita auðvitað allir, bæði guð og menn, að það er óframkvæmanlegt í okkar þjóðfélagi, að sjómannasamtök, sem skiptast í tvo hluta, og L. Í. Ú. geti orðið sammála um að skipa einn mann. Um það verða auðvitað að koma nánari ákvæði. Það varð úr, að þær breytingar eru komnar fram, sem getið er um í brtt. Ég fellst alveg á þær brtt., sem lagðar voru fram í n. af Karvel Pálmasyni og við, meiri hl. í n. urðum sammála um. Auk þess verð ég að segja það, að ég hef ekki trú á, að álit hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar mundi ná tilgangi sínum, ef það yrði samþykkt. Ég veit, að bæði hann og ég erum sammála um, að það væri æskilegt, ef við gætum fengið því framgengt, að gera þetta með samkomulagi aðila. En ég hef ekki eins og er trú á, að það sé hægt, miðað við þau vandamál, sem komu upp á síðustu loðnuvertíð. Ég vil að lokum staðfesta það, sem hv. frsm. hefur sagt, þó að ég sé með fyrirvara um ýmislegt, sem frá honum hefur komið, að ég mun standa með þessum brtt. og vænti þess, að minn ágæti flokksbróðir, Guðlaugur Gíslason, geri það einnig að felldri brtt. hans.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu á þessu frv. og taka jafnframt fram, að ég er fullkomlega samþykkur þeim brtt., sem meiri hl. n. gerir við frv. á þskj. 128. Þær breytingar eru í fullu samræmi við þær aths., sem ég gerði í framsögurræðu minni fyrir þessu frv., þegar það var lagt fram. Ég taldi þá rétt að leggja frv. fram nákvæmlega eins og það kom frá þeirri nefnd, sem hafði undirbúið frv., en lýsti jafnframt yfir því, að ég teldi, að það þyrfti að gera á því nokkrar breytingar. Ég var ekki fullkomlega ásáttur með viss ákvæði í 2. gr. frv. Ég held, að enginn vafi leiki á því, að það þarf, eins og þessum málum er háttað, að koma til ákveðin skipulagning varðandi þessi mál, sem nær lengra en ákvæðin í 1. gr. frv. gera ráð fyrir, þ. e. a. s. að skipin skuli afgreidd í þeirri röð, sem þau koma að landi. Það er að visu mjög þýðingarmikil regla, sem vikið hefur verið frá í einstaka tilfellum á undanförnum árum, þó ekki almennt, en það þarf að koma til frekara skipulag. Ég tel, að það valdsvið, sem n. á að fá samkv. frv., miðað við þær brtt., sem meiri hl. n. gerir, sé nægilegt til þess, að hægt sé að hafa á eðlilegt skipulag og koma í veg fyrir árekstra eins og þá, sem við stóðum frammi fyrir á síðustu loðnuvertíð. Ég held, miðað við þær umr., sem hér hafa farið fram, að ekki ætti að þurfa að verða mikill ágreiningur um þetta, og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mér sýnist ekki þörf á því, hvorki fyrir skipstjórafélagið í Vestmannaeyjum né fyrir hv. 3. þm. Sunnl. að standa gegn því, að upp verði tekið það skipulag, sem samtök þeirra aðila, sem eiga

stærstan hlut að máli, hafa komið sér saman um og hér er gert ráð fyrir.

Ég endurtek þakklæti mitt til n. fyrir skjóta afgreiðslu á málinu og vænti, að það nái fljótari afgreiðslu í hv. Alþ., svo að lögin geti komið til framkvæmda fyrir næstu loðnuvertíð.

Frsm. minni hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, tel ég, að með þeim brtt., sem um er að ræða hjá meiri hl. n., ef þær ná fram að ganga, hafi frv. verið mjög mikið lagfært í rétta átt. Það, sem okkur greinir á, meiri hl. n. og mig og einnig hæstv. sjútvrh., er það, hvort þörf sé á því að skipa sérstaka n. til að láta í té þá upplýsingaþjónustu, sem ráð er fyrir gert í 2. gr., en þetta er það eina, sem okkur í raun og veru greinir á um. Ég tel, að þess sé ekki þörf. Ég tel, að útgerðarmenn og skipstjórnarmenn hafi aðstöðu til þess að hafa svo gott samband við land, að þeir geti á öllum tímum fengið upplýsingar um, hvar löndunaraðstaða sé. Hv. 5. þm. Sunnl. vildi meina, að það væri fleira í frv. en að veita þessa þjónustu, og er það að vísu rétt. Það er að kjósa n. og ákvæði um, eins og hann benti á, að stöðva löndun. En eins og 2. gr. verður, ef brtt. meiri hl. verður samþ., þá kemur af sjálfu sér, að löndun stöðvast, þegar aðstaða er ekki lengur til að taka við loðnu hjá tilteknum verksmiðjum, þannig að það ákvæði út af fyrir sig skiptir ekki máli. Það, sem skiptir máli, er það eitt, hvort setja á upp n. með skrifstofu hér í Reykjavík til að veita þessa þjónustu eða veita þjónustuna gegnum fjarskiptastöðvar á landi. Ég tel, að útgerðarmenn og skipstjórar hafi fulla aðstöðu til þess, á hvaða tíma sólarhringsins sem er, að fá nægilegar upplýsingar um þetta efni í gegnum þessar fjarskiptastöðvar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, en ég tel rétt að fara aðeins örfáum orðum um nál., vegna þess að við 1. umr. málsins í d. tjáði ég mig andvigan nokkrum atriðum í frv. og lýsti því jafnframt yfir, að ég mundi beita mér fyrir breytingum í þeim efnum. Ég tel þess vegna, að eins og frv. liggur fyrir með till. meiri hl. sjútvn. um breytingar þar tilteknar, geti ég fyllilega fallizt á það. Það má vel vera, að það hefði mátt ganga lengra á sumum sviðum, en ég held samt, að fyllilega sé náð þeim tilgangi, sem til var ætlazt með breytingunum. Það er að vísu rétt, að nokkur samtök sjómanna, sem fengu málið til umsagnar, mæltu með frv. eins og það var, þótt Farmanna- og fiskimannasambandið gerði hins vegar ýmsar ábendingar til breytinga og lagði þar til, að það yrði tekið inn í grg. Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins, að ég mundi beita mér fyrir breytingum á frv. Ég gerði það og tel, að eins og frv. kemur til með að verða, ef brtt. meiri hl. n. verða samþykktar, geti ég vel staðið að því, og hef tjáð mig samþykkan því, eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 132,1 felld með 24:3 atkv.
— 128 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 132,2 tekin aftur.
3.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79, n. 125). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi hér á hv. Alþ. Lagt er til, að heimilað verði, að þau gjöld, sem tilgreind eru í frv., nánast tiltekið hluti stimpilgjalda og leyfisgjalda, verði innheimt með sömu viðaukum á árinu 1973 og gert hefur verið á þessu ári. Fjh.- viðskn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 119, sbr. 4). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það til l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem nú kemur til 1. umr. hér í hv. d., var fyrst flutt síðla á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Það er nú flutt á ný, var lagt fram í hv. Ed. og hefur þegar hlotið afgreiðslu þaðan. Frv. miðar að því að samræma lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum lögum, sem sett voru á síðasta þingi um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þar eru tekin upp ákvæði þeirra l., eftir því sem við á um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, sem eigi hefur jafnmörg námsstig og veitir eigi jafnmikla menntun í sjómannagreinum og Stýrimannaskólinn í Reykjavík.

Í meðförum Ed. voru, eins og kemur fram á þskj., gerðar smávægilegar breytingar á þrem gr. frv. Í fyrsta lagi var 4. gr. breytt til að bæta þar inn nokkur námsefni 7. gr. var breytt til þes að liðka fyrir um próftöku. Hún á ekki aðeins að geta átt sér stað, þegar lokið er námi í hverju stigi sjómannafræða, heldur þegar lokið er hverri námsönn, ef henta þykir. Loks er um breytingu að ræða í 9. gr., sem fyrst og fremst er orðlags-, en ekki efnisbreyting, en tiltekur nánar, hversu með skuli fara, ef mönnum er veitt tækifæri til að reyna inngöngu í skólann án þess að sitja í undirbúningsdeild. Ég tel allar þessar breytingar til bóta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni, en vil aðeins leyfa mér að vænta þess, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða það, og legg til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er fjarri mér að leggjast gegn þessu frv. Þó held ég, að rétt sé að staldra aðeins við, um leið og það kemur hér til 1. umr., og skoða skólamál sjómannastéttarinnar, sérstaklega þó stýrimannaskólanna, með hliðsjón af því, að við hér á hv. Alþ. samþykktum á s. l. þingi lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Þegar þetta frv. kemur nú fram, þá kemur í ljós, og reyndar var það komið fram fyrr, að við hv. alþm., Alþ. sjálft, höfum gert mikla mismunun gagnvart þegnum þjóðfélagsins. Ég ætla alls ekki að undanskilja mig, og kannske ætti ég frekast að vera sökudólgurinn, því að ég er gamall nemandi úr þessum skóla. En hvað um það, það kemur bezt í ljós, ef við skoðum mál einstaklings, sem kom upp á s. l. hausti og mér skilst, að hafi leitað til æðstu yfirvalda menntamála til þess að fá leiðréttingu sinna mála. En það kom í ljós, að hann var ekki gagnfræðingur, eins og nú er krafizt samkv. lögum þeim, sem gilda um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Stýrimannaskólinn í Reykjavík var á s. l. hausti alls ekki fullskipaður. Hins vegar var Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, sem ekki gerði þessa kröfu til sinna nemenda, fullskipaður og meira en það. Umræddur maður, sem er starfandi sjómaður og reyndar stýrimaður með undanþágu í Grindavík og meðeigandi í bát þar, einn af dugmestu útgerðarmönnum og sjósóknurum, sem þar finnast, gat ekki fengið inngöngu í Stýrimannaskólann í Reykjavík vegna hinna nýju lagaákvæða. Gott og vel, að Alþ. hafi ákveðið, að gagnfræðapróf skyldi verða sá inngangseyrir, sem væri ætlaður væntanlegum skipstjórnendum í Stýrimannaskólann í Reykjavík, og reyndar er núna til þess ætlazt, að það verði jafnframt við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Maður mundi hafa ætlað, að eitthvert svigrúm yrði gefið, t. d. að skólanefnd, sem ætlað var að taka til starfa í sambandi við hin nýju lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, mundi ekki gera sömu kröfur þetta árið og síðarmeir gagnvart þeim nemendum, sem óskuðu eftir því að setjast í skólann. Nú mun þessum umrædda manni hafa verið heimilt samkv. lögum að taka inntökupróf, hvað hann gerði. En það skrýtna er, að allt í einu kemur um það ákvörðun frá stjórnendum skólans og væntanlega frá æðstu stjórn hans, menntmrh., að það sé ætlazt til lágmarkseinkunnar í ákveðnum fögum, sem aldrei hafa verið falleinkunnir í þessum skóla, en verða það væntanlega og eru það líkast til, þegar gagnfræðaskólastigið verður tekið til grundvallar, þótt um það sé nokkur vafi. Þessi maður varð frá skólanum að hverfa, hann féll í einu fagi, eðlisfræði. Hann hafði haft fjórum sinnum hærra próf í þessu sama fagi frá annarri viðurkenndri stofnun, frá vélstjóranámskeiði Fiskifélagsins. En það, sem kemur í ljós, er, að um leið og honum hafði verið meinað um setu í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, — nú veit ég ekki, hvort þessi ákvörðun hefur verið tekin af skólanefnd, sem hæstv. menntmrh. hefur skipað, og mig langar til þess að spyrja hann nú um leið, hvort sú skólanefnd sé ekki til staðar og hverjir skipi hana, því að um hana eru ákvæði í lögunum, — þá gat hann farið niður í rn. og keypt sér undanþágu. Þessu hefur verið haldið fram í opinberum málgögnum, að til þess að gegna þessu sama starfi sé þetta hægt. Og spurning mín er sú, hvort þetta sé vísvitandi eða hvort þetta sé eitthvað, sem fari á milli mála hjá hæstv. ráðherrum, annars vegar þeim, sem hefur með skólamálin að gera, hins vegar þeim ráðh., sem fjallar um atvinnuleyfin og undanþágurnar.

Ég held, að það sé rétt, að í þessu sambandi komi skýrt fram og það sé dregið fram hér við 1. umr. málsins, að það hafa komið fram mjög hörð andmæli gegn því, hvernig hæstv. ráðh., sem með hefur að gera undanþágur í sambandi við atvinnuleyfi skipstjórnarmanna, hefur framkvæmt þær. Nú skal ég fúslega viðurkenna, að fyrri framkvæmd á málinu var alls ekki sú rétta. Ég held hins vegar, að um leið verði að koma í ljós, að þótt einstök stéttarfélög eða stéttarfélagasambönd hafi mælt með ákveðinni leið til lausnar vanda, sem var kominn upp í deilu tveggja aðila um afgreiðslu undanþáganna, þá sé hún ekki um leið nein lausn, sem frii okkur frá því að reyna að tryggja hina menntuðustu menn, sem við getum útvegað, til þess að stjórna okkar skipum. Það eru auðvitað þeir menn, sem hafa skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum, annaðhvort hér eða í Vestmannaeyjum, eða, þegar um minni skipastærðir er að ræða, frá öðrum þeim námsstigum, sem kennt er fyrir á námskeiðum, sem þessir skólar halda úti um land. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um þá, sem sækja eftir og njóta réttinda vélstjóranámsins. Ég held, að við séum hér með meira mál en við gerum okkur ljóst. Við komum þessu máli í gegnum 1. umr. og til n., en ég vil fyrst og fremst beiðast þess af n., að hún skoði þetta vandasama mál vandlega. Við höfum lent í því, — ég get sagt það sem talsmaður fyrir stóran hóp sjómanna, — að hafa sem mikið átakamál við okkar viðsemjendur, hvort þessi stétt, sjómannastéttin hér á landi, eigi virkilega að geta notið nokkurra frekari trygginga eða sömu trygginga og vegfarandi, sem gengur um Austurstræti í Reykjavík. Það er rétt, að minnast þess, að það er sáralítið sambærilegt með þessari sjómannastétt og sjómannastéttinni á hinum Norðurlöndunum, þótt við höfum alla tíð verið að rembast við að þýða lauslega eða nákvæmlega þær reglur, sem þar hafa gilt í siglinga- og sjómannalögum. Þetta er auðvitað gersamlega óskylt vegna þeirrar aðstöðu, sem íslenzkir sjómenn hafa hér í Norður-Atlantshafi annars vegar og þeir hafa hins vegar í suðlægari innhöfum, Norðursjó og innhöfum út frá Norðursjó. Þau eru kannske samhangandi þessi mál öll. En eitt veit ég, að er öruggt. Það er, að öll sjómannastéttin og þeir, sem í kringum hana standa, ætlast til þess, að það verði ekki hægt að segja á opinberum vettvangi, að sá ráðh., sem hafi að gera með undanþágu atvinnuleyfa, leyfi sér að selja þau, eins og kom fram í einu opinbera málgagninu ekki alls fyrir löngu, heldur sé það gert að yfirveguðu ráði og það sé gert að beztu manna ráði á hverjum stað. Jafnvel þó að það séu verkalýðsfélögin á hverjum stað, sem hafi með umsagnir að gera, og þó að fleiri verði kallaðir til heldur en þeir, þarf það ekki að vera einhlítt. Hitt hlýtur auðvitað að vera grundvallarskilyrði, að við eigum

svo marga menntaða menn á þessu sviði, að við þurfum ekki til hinna að leita.

Mér þótti grátlegt að hlusta á eina frétt Ríkisútvarpsins í gær. En þá átti að hefja skipulega leit að vélbát, sem ekki hafði tilkynnt sig, var jafnvel týndur og talinn af, en guði sé lof, þá erum við komnir með hina daglegu tilkynningarskyldu. Báturinn var heill á húfi og áhöfn hans, en þeir höfðu orðið fyrir áfalli. En hvað kemur í ljós? Það kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins, að það var neyðartalstöð um borð, en þeir, sem um borð voru, kunnu ekki með hana að fara. Nú væri gaman að upplýsa líka, hvort þarna hafi verið um borð réttindamenn svokallaðir eða undanþágumenn, sem hafi borgað fyrir undanþáguna 200 kr. eða eitthvað meira til viðkomandi rn., en það þekki ég ekki.

Það fer ekki úr mínum huga, hvað þessi ungi maður sagði, þegar hann komst ekki í Stýrimannaskólann í Reykjavík vegna þeirra laga, sem við settum. Hann hefði getað komizt í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum í haust, en komst þangað ekki. En þegar hann fékk neitunina um dvölina í skólanum hér í Reykjavík, sagði hann: Þá get ég bara farið upp í rn., fengið undanþágu og borgað 200 kr. fyrir. — Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Hefur verið sett skólanefnd við Stýrimannaskólann í Reykjavík? Hefur hún samþykkt þær kvaðir, sem settar voru á nemendur í sambandi við inntökupróf í skólann, sem virðast hafa verið í gildi á s. l. hausti? Og svo vildi ég gjarnan, að það kæmi fram frá hæstv. samgrh., hvaða reglum hann fer eftir, þegar hann veitir atvinnuleyfi til þeirra undanþágumanna, sem veitt eru og hefur verið talað um í opinberum málgögnum, — og ég tek það fram, það er ekki í málgagni mínu svokölluðu, Morgunblaðinu, heldur í öðrum, — hvort það séu borgaðar 200 kr. fyrir það eða ekki og hvort það eitt sé talið nóg.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Spurningar hv. 10. þm. Reykv. eru allmargar og eigi öllum beint til mín, en þær, sem að mér snúa, fjalla fyrst og fremst um inntökuskilyrði í Stýrimannaskólann í Reykjavík og einnig í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, eftir að það frv., sem hér liggur fyrir, væri orðið að lögum. Þá er fyrst að því að víkja, að markmiðið með inntökuskilyrðum er hvorki við þennan skóla né aðra nein meinbægni við væntanlega nemendur, að víkja nokkrum frá, sem fær er um að notfæra sér þá kennslu, sem þar er boðin. Markmiðið með inntökuskilyrðunum, með lágmarksinntökuskilyrðum, er að sjálfsögðu það við þessa skóla eins og aðra að tryggja, að fyrir hendi sé hjá nemendum kunnátta, sem nægi til þess, að þeir geti án meiri háttar vandkvæða náð tökum á því námsefni, sem fyrir þá er lagt, og notfært sér þá kennslu, sem þar er boðin. Það varð að ráði við samningu frv. um Stýrimannaskólann í Reykjavík að setja gagnfræðapróf sem meginkröfu um undirbúningsmenntun. En í sömu grein eru ákvæði um, að þeim, sem ekki hafa gagnfræðapróf, skuli gefinn kostur á undirbúningsnámskeiði. Nú er auðvitað, að ýmsir, sem ekki hafa lokið gagnfræðaprófi, hafa í skóla lífsins máske aflað sér bóklegrar þekkingar, sem fyllilega jafngildir því, og þess vegna er í 9. gr. ákvæði um heimild til þess, að menn geti tekið nokkurs konar inntökupróf, sem jafngildi prófi úr undirbúningsdeild, án þess að sitja í henni.

Hvað varðar þann mann, sem hv. 10. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni, og mál hans, þá er því fljótsvarað, að það hefur aldrei komið til minna álita. Og þar hefur ekki skólanefnd um fjallað, vegna þess að hún er ekki skipuð enn. Síðustu tilnefningar í skólanefnd, sem kveðið er á um í nýju l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík, komu fyrir nokkrum dögum, og skólanefnd hefur því ekki verið skipuð. En hún verður nú skipuð hið fyrsta, þar sem allar tilnefningar eru komnar. Og því er svar við síðari spurningu hv. 10. þm. Reykv. það, að skólanefnd hefur ekki sett þær kvaðir, sem hann segir, að hafi þarna orðið umsækjanda að falli. Ég vil lýsa því yfir af minni hálfu, að ég er gersamlega andvígur því, að settar séu nokkrar óeðlilegar hindranir fyrir inngöngu í þennan skóla frekar en aðra. Lámarkseinkunnir á undirbúningsprófum verður að ákveða af fyllstu sanngirni, og ég mun stuðla að því, hvenær sem slík mál ber undir mig.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég heyrði ekki upphaf máls hv. 10. þm. Reykv. og vissi því ekki fyrr en allra síðast í ræðu hans, hvert hann beindi máli sínu um rn., sem seldu atvinnuleyfi. Ég verð að játa, að ég kannast ekkert við það mál, að neitt rn., sem ég þekki til, ræki slíka starfsemi, að selja atvinnuleyfi. Í lok ræðu sinnar nefndi hann samgrn. í þessu sambandi, og verð ég að segja, að ég hef ekki gefið út neinar reglur um slíkt. Ef slíkt viðgengst í samgrn., þá er ekki nema tvennt til: annaðhvort að starfsmenn þar hafi tekið upp þennan hátt, án samráðs við ráðh., og þykir mér það næsta óliklegt, eða þetta sé arfur frá fyrri tíð, ef hér er um staðreynd að ræða. En arfur hlýtur það að vera, ef hinn er ekki möguleikinn, því að ég hef ekki gefið út slíkar reglur og mundi ekki gera.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa lagt fram það frv., sem hér er til umr. Mér þykir rétt að fara um þetta mál nokkrum orðum.

Lögin um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum eru frá árinu 1964, ef ég man rétt, og þegar frv. um þennan skóla var lagt hér fram þá, voru um það mjög skiptar skoðanir, hvort rétt væri að marka slíka stefnu að hafa stýrimannaskóla víðar á landinu en hér í Reykjavík. Vestmanneyingar urðu að fórna nokkru fyrir það að koma þessum skóla á. Þeir urðu að taka á sig allan kostnað við stofnun skólans og einnig til að byrja með allan rekstrarkostnað. Það var tekið fram í grg. með frv., að við legðum það mikið upp úr að fá stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, að við vildum taka á okkur þessar kvaðir, en jafnframt var þess getið, að ef skólinn yrði að fastri stofnun, þá mundi síðar meir verða farið fram á framlög úr ríkissjóði til þess að standa undir rekstrinum. Þetta hefur þróazt í þá átt, að ríkið hefur í vaxandi mæli tekið þátt í kostnaði við skólann, og nú er svo komið,

að ég hygg, að flestir og allir viðurkenni, að þarna er um fasta stofnun að ræða, sem hefur orðið til gagns í þjóðfélaginu og aukið menntunaraðstöðu þeirra aðila, sem stýrimannaskóla vilja sækja. Ég tel, að þetta sé dæmi um það, að Alþ. beri mjög að marka þá stefnu, eins og hér hefur oft verið rætt um áður, að ef um er að ræða tilteknar opinberar stofnanir, hvort sem það eru menntastofnanir eða aðrar, sem með eðlilegu móti er hægt að koma fyrir úti á landsbyggðinni, þá sé það til bóta fyrir þjóðfélagið í heild. Ég tel, að Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum sé sönnun fyrir þessari staðhæfingu eða ábendingu.

Hv. 10. þm. Reykv. vék nokkuð að þeim mismun, sem hann taldi hafa verið og vera á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík og Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, að því leyti, að hægara hefði verið að komast inn í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Þetta er alveg rétt. Þessi mismunur var í l. og er kannske enn, þó að frv. verði samþ., en ég tel þetta mjög til bóta, og ég er mjög samþykkur því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að það beri að gæta þess vel að hafa lög um þessa skóla ekki þannig, að mönnum sé beinlínis meinuð innganga í skólana. Það er vitað, að einmitt í slíka skóla, stýrimannaskóla, sækja oft aðilar, sem eru búnir að vera lengi við störf, frá því að þeir hafa lokið sínu upphaflega skyldunámi í gagnfræðaskóla, en hafa reynzt dugandi menn sem sjómenn og vilja auðvitað skapa sér aðstöðu til þess að verða stýrimenn eða skipstjórnarmenn. Ég tel því og er mjög sammála hæstv. menntmrh., að í þessu verði að fara mjög gætilega og hafa lögin ekki svo þröng, að slíkum mönnum sé meinað eða gert ókleift að komast inn í stýrimannaskólana og afla sér frekari menntunar. Ég tel, að aðalatriðið í þessu sé það, að út úr skólunum séu ekki skrifaðir nema þeir menn, sem verða taldir fullhæfir til þess að verða stýrimenn og skipstjórnarmenn.

Af því að einhver kann að hafa misskilið orð hv. 10. þm. Reykv. á þann veg, að í Vestmannaeyjum væri skóli, sem hægara væri að komast í gegnum, þá vil ég mjög undirstrika það, að allt frá upphafi hefur það verið mjög föst ákvörðun stjórnar Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum að tryggja eins og hægt væri, að það yrði enginn munur á burtfararprófum úr þeim skóla og Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Við teljum, að þetta hafi verið gert, og hefur alltaf verið óskað eftir því við menntmrn., þó að þess hafi ekki þurft samkv. lögum, að það skipaði annan prófdómarann héðan úr höfuðborginni og þá helzt þann sama og verið hefur við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Ég veit, að framan af var þetta gert, það var sami prófdómari á báðum stöðunum, og ætti það að vera nægileg trygging fyrir því, að út úr þessum skóla kæmu ekki nemendur með verri menntun en úr skólanum hér í Reykjavík. Ég tel, að það hafi vel til tekizt, að stjórn skólans í Eyjum skuli einmitt hafa sett sér þetta mark og tryggi það með því að fá sama prófdómara og hér hefur verið við hinn gamalgróna skóla í Reykjavík til þess að vera einnig prófdómari við skólann í Eyjum. Það er að mínum dómi full trygging fyrir því, að það séu ekki útskrifaðir þar lakari skipstjórnarmenn en frá skólanum hér í höfuðborginni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það virðist nú svo komið, að annaðhvort þurfi ég að fara í einhvern sérstakan skóla til þess að læra að gera mig skiljanlegan eða einhverjir ákveðnir þm. verði að fara í Heyrnleysingjaskólann til þess að læra að taka eftir því, hvað sagt er. Ég skil ekkert í hv. síðasta ræðumanni, að hafa þau orð, sem hann viðhafði. Hvenær var ég að tala um, að það væru gerðar minni kröfur til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum? Ég sagði aðeins, að þetta eina ár, sem liðið hefur, hafi verið mismunur, vegna þess að þetta ár hefur liðið svo, að Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur krafizt gagnfræðaprófs til inntöku, en ekki Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum. Hins vegar á að gera samkv. frv., sem við erum að ræða núna, sömu kröfur til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Mér þykir vænt um að láta það koma hér fram, að þessi ágæti þm. leitaði til mín, þegar hann var að semja þetta frv., vegna þáltill., sem ég flutti á sínum tíma, 1961, með hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni, um álit okkar á því, hvernig stýrimannaskólar ættu að vera, hvers ætti að krefjast í sambandi við námsefni nemenda í framtíðinni. Og lítið var orðið við því, sem við Eggert bentum á, fyrr en þessi hv. þm., Guðlaugur Gíslason, leitaði álits míns þar um. Og það var Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, sem tók ýmislegt af því til greina fyrstur slíkra skóla. Og inn í frv. um Stýrimannaskólann í Reykjavík komst það svo að lokum. En hvernig hann getur misskilið það, sem ég talaði um, svo, að ég hafi talið vera minni námskröfur gerðar þar, skil ég ekki, — ég sagði inntökuskilyrði. Og það er enginn vafi, þar var ekki krafizt gagnfræðaprófs sem inntökuskilyrðis í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum á s. l. hausti. Hins vegar var það gert í Reykjavík samkv. gildandi lögum um skólann hér. Skólinn í Vestmannaeyjum var fullsetinn, en hins vegar ekki Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Þetta segir sína sögu, þegar haft er í huga, að Stýrimannaskólinn í Reykjavík þjónar ekki bara Reykjavík, heldur landsbyggðinni að miklu leyti, sérstaklega þegar kemur til framhaldsnáms.

Það má segja, að hjá hæstv. menntmrh. komi sami misskilningur í ljós. Ég var ekki að tala um, að það væru ekki undirbúningsnámskeið, sem væru fyrir hendi og ætluð skv. lögunum. Ég tók það einmitt skýrt fram. Ég var hins vegar að tala um óréttlæti, sem við hefðum gert okkur sek um hér á hv. Alþ., að gera greinarmun á þessum tveimur sambærilegu skólum á yfirstandandi vetri, og benti á einstakling sem dæmi þessa óréttlætis. Þetta er nákvæmlega hliðstætt því, ef það hefði verið krafizt á s. l. hausti mismunandi undirbúnings hjá nemendum, sem fóru í gamla Menntaskólann í Reykjavík og Menntaskólann við Tjörnina. Að vísu veit ég, að það er hvergi meiri mismunur gerður neins staðar í okkar þjóðfélagi heldur en við inntöku nemenda í menntaskólana okkar, sbr. Hamrahlíðarskólann, sem taldi sig taka við nemendum eftir búsetu, að talið var á sínum tíma. En þeir nemendur, sem lenda í hinum neðra

flokki eða kannske í hinum pólitíska flokki, án tillits til búsetu, lenda í Menntaskólanum við Tjörnina. Það er önnur saga, sem ekki verður rædd hér nú, en kannske vinnst tími til þess að ræða um það á öðrum tíma, enda eru aðrir menn, sem ráða þessu, en skyldi í dag. Ég sé, að bæði hæstv. iðnrh. og reyndar menntmrh. brosa, og þó er brosið frosið hjá hæstv. menntmrh. En spurningin, sem ég spurði hæstv. menntmrh., var um það, hvort hefði verið skipuð skólanefnd við Stýrimannaskólann í Reykjavík samkv. lagasetningu þar um á s. l. vetri. Svarið leiðir í ljós, að hún hefur ekki verið skipuð enn. Hann lofar að gera það mjög bráðlega. Ég veit, að það verður mikið flýtisverk þar á, þegar að því kemur, sbr. önnur verk þessa hæstv. ráðh.

En ég spyr, og það er aðalatriðið í mínu máli, í sambandi við menntun umræddra manna, og ég tók það fram, að ég er ekki að ráðast á hæstv. samgrh. út af því, sem virðist vera orðinn ákveðinn siður hjá embættismönnum hans rn., að afgreiða sjálfkrafa undanþágur til skipstjórnar til manna, sem hafa líf margra annarra manna í sinni vörzlu, getum við sagt. Mundi nokkrum ráðh., sem þar gæti um fjallað, koma til hugar að gefa undanþágu til þess — við skulum segja, að Pétur Sigurðsson fengi réttindi til þess að gegna prestsskap um stundarsakir? Ég veit, að Magnús Kjartansson mundi gera það á stundinni, og þau mundi ég gefa honum líka, ef ég væri ráðh. Ég mundi hins vegar aldrei gefa Þórarni Þórarinssyni þau réttindi. Eða í verkfræði? Mundi hv. þm. Eðvarð Sigurðsson fá réttindi til þess að teikna næstu Sigölduvirkjun, jafnvel þó að hann væri góður teiknari og gæti búið til vangamynd af mér eða hv. alþm. Svövu Jakobsdóttur? Ég er efins í því. En þannig virðist oft og tíðum, að það hafi verið hægt að leyfa og veita mönnum réttindi til skipstjórnar og vélstjórnar á íslenzka flotanum. Og það er þetta m. a., sem ég álít, að við þurfum að taka til rækilegrar endurskoðunar. Við þurfum að taka þetta til endurskoðunar, eins og reyndar síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðlaugur Gíslason, kom inn á. Við þurfum að taka til endurskoðunar, hvort það sé algerlega rétt hjá okkur, að gagnfræðaskólapróf eigi að vera algildandi í þessu efni. Við höfum örugglega með okkar lagasetningu á s. l. þingi um Stýrimannaskólann í Reykjavík verið að fótumtroða réttindi fólks, sem er komið á fullorðinsár. Við erum að miða við unglinga í dag. Við skulum ekki gleyma því, að í þessum skóla eru oft fullorðnir menn, — menn, sem hafa orðið að fresta skólagöngu sinni á þessu sérsviði, sem þeir hafa ætlað sér að ganga, vegna þess að þeir hafa t. d. verið orðnir heimilisfeður. Þeir eru orðnir fullþroska menn, eins og í því tilfelli, sem ég benti á áðan, þegar að því kemur, að þeir ætla að fara í þennan skóla. Þá er allt í einu krafizt gagnfræðaprófs. En þetta nám var ekki skyldunám, þegar þeir voru að ljúka sínu skyldunámi, þá var ekki gagnfræðanámsskylda, þess var ekki krafizt af þeim. Við skulum viðurkenna, að það erum við hv. alþm., sem höfum gert rangt í þessu máli. Ég held, að við ættum, um leið og við afgreiðum þessi lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, hreinlega að setja ákvæði til bráðabirgða um báða skólana, þess efnis, að við veitum eitthvert svigrúm í nokkur ár fyrir þessa menn, sem eru að komast út úr millibilinu á milli skyldunámsins, sem var, og skyldunámsins, sem er, þótt ekki væri meira. Og svo hitt líka, og skal ég svo ekki hafa fleiri orð þar um. Ég veit og það er ábyggilega rétt, og ég skal fúslega viðurkenna það, að ég trúi því ekki, að hæstv. samgrh. kæmi til hugar að afgreiða nein undanþáguleyfi, sem hefðu í för með sér skylduna til ábyrgðar, stjórnunar, jafnvel verndunar eða gæzlu mannslífa, þannig, að það væri peningagreiðslnanna vegna, enda voru það ekki mín orð. Þótt það kæmi fram, að þessi ásökun hefði komið fram hjá aðilum, þá veit ég, að svo er ekki. Hins vegar vil ég æskja þess, að þessir hæstv. ráðh. báðir og reyndar sjútvrh. líka tækju þetta mál til mjög rækilegrar endurskoðunar og reyni að finna þá lausn, að þeir einstaklingar, sem æskja eftir að fá að njóta þessarar menntunar og vilja eyða tíma og fé til þess að ná henni, þeir fái til þess það tækifæri, sem þeim ber.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur vakið máls hér á mjög alvarlegum hlutum, sem eru að ske hjá okkur í sambandi við undanþágur. Þessar undanþágur eru orðnar mjög margar og hættulegar. Hv. 10. þm. Reykv. talaði hér um undanþágur til prestsskapar, sem ég tel alveg sjálfsagðar, ef um áhugamenn er að ræða. Hins vegar er um allt annað að ræða í þvílíkar ábyrgðarstöður eins og skipstjórnarmenn og vélstjóra á fiskibátaflotanum, sem bera beint eða óbeint ábyrgð á lífi fjöldamargra manna. Enginn einasti flugmaður fær undanþágu til að vera flugstjóri, hversu áhugasamur sem hann er, ef hann hefur ekki réttindi.

Í sambandi við þessar undanþágur get ég upplýst það, þótt í grófum tölum sé, þar sem ég hef þær ekki með mér hérna, að undanþágur til vélstjóra eru orðnar mjög algengar á Íslandi. Eru á þeim stöðum, þar sem ástandið er bezt, 12—15% af vélstjórum með undanþágu, upp í það að vera 75—80% allra vélstjóra með undanþágur. Dæmi eru þess, að allir yfirmenn á fiskiskipum hafi verið með undanþágur, og þau ekki fá. Og menn geta ósköp vel gert sér grein fyrir því, hversu óskapleg hætta geti verið á ferðum, ef um algerlega óvana menn er að ræða.

Mér skilst, að samgrn. veiti þessar undanþágur í stórum stíl, jafnvel án þess að sjá nema nafnið á manninum. Þess vegna gæti hann verið — ja, ég vil ekki segja blindur og heyrnarlaus, en hann gæti a. m. k. verið alls kunnáttulaus. Ég get nefnt sem dæmi bát héðan að sunnan, sem var á leið til veiða núna síðla sumars eða kannske frekar í haust. Hann var á leið til veiða hér við suður- eða suðvesturströndina og kom við í Vestmannaeyjum til þess að ná sér í veiðarfæri, því að þar fá menn góð veiðarfæri. Hann þurfti að stanza þar talsverðan tíma, og þeir stöðvuðu aðalvélina, eins og venja er til. Nú fá þeir sín veiðarfæri og hyggjast leggja á miðin. Þá kemur í ljós, að vélstjórarnir báðir voru með undanþágum og hvorugur þeirra kunni að setja vélina í gang. Þeir fóru upp í smiðju og fengu mann sér til aðstoðar, sem setti fyrir þá vélina í gang.

Þetta er ekki eina dæmið, þau eru mörg. Með þetta fóru þeir til veiða í misjöfnum veðrum austur af Ingólfshöfða, yfir 100 sjómílur. Allir sjá, þó að tekið sé hér aðeins eitt dæmi, — en fjöldamörg eru til og þau miklu verri, — að hér er um óskaplegt að ræða.

Varðandi inntökuskilyrði í stýrimannaskólana, þessi með gagnfræðaprófið, þá tel ég, að þar sé farið út á rétta braut, um leið sé hinum, sem ekki hafa gagnfræðapróf, veitt tækifæri til frekari undirbúnings og með eftirfylgjandi inntökuprófum. Ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt að halda uppi háum „standard" í menntun sjómanna á Íslandi og jafnvel miklu hærri en nú er gert. Við vitum, að þetta er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, og hver er sá atvinnuvegur á Íslandi, sem ætti ekki skilið, að starfsmenn hans hefðu góða menntun?

Ég skal nú láta útrætt um þessi atriði í bili, en ég vil segja það að lokum, að ég er mjög ánægður með það, að frv. hefur verið flutt aftur á þessu þingi, enda alveg nauðsynlegt að samræma námsefni og allar kröfur Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum við Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Varðandi eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv., þá sagði hann, að Stýrimannaskólinn í Reykjavík annaðist kennslu sjómanna af öllu landinu, einkum sjómanna, sem færu í efri bekkina, og það er auðvitað alveg rétt. En ég get ekki komizt hjá því að geta þess hér, að þetta gerir Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum einnig, og ef mig misminnir ekki, þá var talsvert mikill meiri hluti af þeim nemendum, sem stunduðu nám við Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum á s. l. ári, ekki úr Vestmannaeyjum, heldur hingað og þangað af landinu, af Vestfjörðum, Austfjörðum og víðar að. (Gripið fram í.) Það er alltaf gaman að fá skemmtilegt innskot, en ég get alveg fullvissað hv. 10. þm. Reykv. um, að hvernig sem inntökuskilyrðum hefur verið háttað hingað til, þá hafa nemendur í skólanum í Vestmannaeyjum fengið ágæta menntun og ekki tekið síðri próf en nemendur úr skólanum í Reykjavík. Þetta hefur að sjálfsögðu verið gert í minna mæli í Vestmannaeyjum heldur en í Reykjavík. Það er eðli málsins samkv., vegna þess að stýrimannaskólinn þar er miklu minni. En að lokum vænti ég þess, að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi ásamt þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. við meðferð málsins í Ed., sem ég er fyllilega sammála.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í fjölmiðlum í gær var frá því skýrt, að þá hafi n., sem hæstv. ríkisstj. skipaði á sínum tíma til þess að gera grein fyrir þeim valkostum, sem um væri að ræða varðandi lausn efnahagsmála, skilað síðari hluta álits síns. Í einhverjum fjölmiðlinum var þess getið, að um viðamikil plögg væri að ræða og það hlyti að taka ríkisstj. nokkurn tíma að kynna sér þau og taka afstöðu til þeirra, m. ö. o. að velja þá leið, sem fara skyldi til þess að leysa þann efnahagsvanda, sem augljóst er, að við blasir.

Ég þarf auðvitað ekki að minna hæstv. ríkisstj. né heldur þingheim á það, hvaða dagur er í dag, það er 5. des., og þess vegna ekki nema rúmlega tvær vikur eftir af venjulegum starfstíma hins háa Alþ. fyrir jól. Fjárlög eru ekki komin til 2. umr., og eftir þeim ályktunum, sem draga má af blaðaumræðum, virðast allvíðtækar efnahagsráðstafanir vera í uppsiglingu. Það er vitað, að helztu útflutningsatvinnuvegir landsmanna eru þegar reknir með tapi og njóta þegar styrks af opinberu fé, og það hefur verið boðað, að iðnaður landsmanna muni að öllu óbreyttu verða rekinn með tapi á næsta ári. Það hefur verið frá því skýrt, að augljóst sé, að gjaldeyrisstaða landsins muni fara mjög versnandi að öllu óbreyttu á næsta ári. Það gefur því auga leið, að um mikinn efnahagsvanda er að ræða og að ráðstafanir, sem ríkisstj. hlýtur að gera till. um, hljóta að verða allróttækar.

Ef það tekur hæstv. ríkisstj. talsverðan tíma að setja sig inn í þá valkosti, sem um er að ræða, og taka ákvörðun, þá má ráða af líkum, að það hlýtur ekki síður að taka stjórnarandstöðuna nokkurn tíma að átta sig á þeim vanda, sem hér er um að ræða, og mynda sér skoðanir á því, hvernig skynsamlegast væri við honum að bregðast. En nú er það svo, að í lýðræðisríki skiptist þing annars vegar í stjórn og hins vegar í stjórnarandstöðu. Stjórnarandstaða hefur ekki síður rétt í lýðræðisþjóðfélagi heldur en ríkisstj. og stjórnarflokkar. Ég vona, að það verði því með engu móti talin óeðlileg ósk af minni hálfu, þótt ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj. að stjórnarandstöðuþm. verði þegar í stað gefinn kostur á því að kynna sér þau plögg, sem hér er um að ræða, til þess að þingflokkar hennar geti hafið könnun á vandanum og myndað sér skoðun á honum.

Ég skal ekki hefja hér neinar ádeilur á hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka í þessu sambandi, það er ekki staður eða stund til þess, en ég kemst þó ekki hjá því að vekja athygli á því, að stjórnarandstaðan hlýtur í þessum efnum að hafa miklu verri aðstöðu en hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir, því að gera má ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi allan undanfarinn mánuð verið að velta þessum vanda fyrir sér og sífellt verið að fá skýrslur frá sérfæringum sinum, eins og líka algerlega eðlilegt er, og búast má við því, að stjórnarflokkarnir hafi að meira eða minna leyti fengið að fylgjast með því, sem verið hefur á döfinni. Hins vegar hefur stjórnarandstaðan eða a. m. k. ekki minn flokkur fengið neinar teljandi upplýsingar um vandann né heldur þá valkosti, sem nú liggja fyrir, eða undirbúning þeirra. Samt er til þess ætlazt, og við munum að sjálfsögðu reyna að verða við þeirri þingræðisskyldu okkar, að við

myndum okkur skoðun á vandanum og lausnum hans á aðeins tveim vikum.

Ég vona, að engum þyki það ósanngirni, þó að ég endurtaki þau eindregnu tilmæli mín til hæstv. ríkisstj., að þm. stjórnarandstöðuflokkanna verði veittur aðgangur að öllum þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir um efnahagsvandann og þá valkosti, sem valkostanefndin svokallaða hefur gert hæstv. ríkisstj. grein fyrir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af orðum hv. 7. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég hef gert ráðstafanir til, að formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar verði send þessi nál., og hafi þeir ekki fengið þau þegar í hendur, þá vona ég, að þau séu á næsta leiti. Þau eru þeim þó á þessu stigi send sem trúnaðarmál. Í öðru lagi vil ég segja það, að ég geri ráð fyrir því, að búið verði að ganga frá svo mörgum eintökum af þessum nál., að það verði hægt að útbýta þeim til þm. á morgun eða fimmtudag. Fleira þarf ég raunar ekki um þetta að segja.

Það er að sjálfsögðu eðlileg ósk, sem kom fram frá hv. 7. þm. Reykv., og það var aldrei ætlun stjórnarinnar að fara með þetta sem neitt feimnismál. En sannleikurinn er sá, að þarna hefur verið unnið ákaflega mikið verk, hvernig sem menn svo líta á það og dæma, og jafnvel sjálft handverkið við það er talsvert umsvifamikið. Ég held, að það sé ekki ofsagt, að starfslið hagrannsóknardeildarinnar hafi næstum því að segja lagt nótt við dag nú að undanförnu til að koma þessu frá sér. En fái formenn stjórnarandstöðuflokkanna ekki nál. í hendur nú á næstunni, vona ég, að þeir snúi sér til Jóns Sigurðssonar hagrannsóknarstjóra, og hann hefur fyrirmæli mín um að afhenda þeim þau.

Bankamál, fsp. (þskj. 66). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef lagt fram á þskj. 66 fjórar fsp. til viðskrh. eða bankamálaráðh. um bankamál. Þessar spurningar segja sjálfar sína sögu, þannig að ég fer ekki að rekja neina forsögu þessara spurninga á einn eða annan hátt, en les þær hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvaða sjónarmið voru höfð í huga við val manna í n. þá, sem skipuð var s. l. sumar til að endurskoða bankakerfið?

2. Hversu marga fundi hefur n. haldið? Hvernig miðar starfi hennar? Hvenær má gera ráð fyrir, að hún ljúki störfum?

3. Hyggst ráðh. beita sér fyrir því, að starfsfólk ríkisbankanna fái aðild að bankaráðum, þegar kosið verður í þau á yfirstandandi Alþ?

4. Hyggst ráðh. beita sér fyrir því, að bankastjórastöður verði auglýstar lausar til umsóknar?"

Er næsta forvitnilegt að vita, hverju bankamálaráðh. svarar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvaða sjónarmið voru höfð í huga við val manna í n. þá, sem skipuð var s. l. sumar til að endurskoða bankakerfið?" Þau sjónarmið voru höfð í huga að sjálfsögðu að velja í n. hæfa og góða menn. Ég taldi, að það skipti miklu máli, að í n. veldust menn, sem þekktu vel til þeirra verka, sem átti að vinna, og væru líklegir til að geta leyst þann vanda, sem hér er um að ræða, þar sem eitt aðalverkefnið, sem n. var falið að vinna að, var að fækka bönkum í landinu, sameina banka, sem fyrir eru, og einfalda allt bankakerfið.

Í öðru lagi er spurt: „Hversu marga fundi hefur n. haldið? Hvernig miðar starfi hennar? Hvenær má gera ráð fyrir, að hún ljúki störfum?" 10. nóv. barst mér bréf frá formanni n. og í því segir: „Fyrsti fundur n. var haldinn 2. júní s. l., en alls eru fundirnir nú orðnir 11 talsins." Síðan mun n. hafa haldið eina 3—4 fundi, ég veit það ekki nákvæmlega. Það hafði verið lagt fyrir n. að ljúka störfum í síðasta lagi um áramót. „N. hefur," eins og segir í bréfi formanns n. orðrétt á þessa leið, „safnað mjög yfirgripsmiklum gögnum um þróun, núverandi skipulag og stöðu bankamála hér á landi. Einnig hefur verið aflað gagna um þessi mál frá öðrum löndum, fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum. Bréfaskipti hafa átt sér stað við Samband ísl. sparisjóða og Samband ísl. samvinnufélaga og fundir verið haldnir með þessum aðilum til að ræða um málefni sparisjóðanna og innlánsdeilda samvinnufélaga. Nú þegar liggja fyrir drög að till. um breytingar á skipulagi bankamála, og samin hafa verið frumdrög að till. um almenna löggjöf um viðskiptabanka og löggjöf um aðrar innlánsstofnanir."Og síðan segir: „Gera má ráð fyrir, að almenn tillögugerð n. liggi fyrir í lok þessa árs." Sem sagt, n. hefur þegar komið sér saman um megintill. í málinu og gert nokkra grein fyrir þeim, en endanlegar till. liggja ekki enn fyrir eða frv., sem hún ráðgerir að semja um málið.

Þá er í þriðja lagi spurt: „Hyggst ráðh. beita sér fyrir því, að starfsfólk ríkisbankanna fái aðild að bankaráðum, þegar kosið verður um þau á yfirstandandi Alþ.?" Svar mitt er nei. Ég tel, að bankastarfsfólk eigi ekki meiri rétt en aðrir landsmenn til þess að stjórna bönkum landsins, t. d. ekki meir en viðskiptamennirnir eða aðrir, og sé ekki ástæðu til að beita mér fyrir því, að sá háttur verði upp tekinn.

Í fjórða lagi: „Hyggst ráðh. beita sér fyrir því, að bankastjórastöður verði auglýstar lausar til umsóknar?" Ráðning bankastjóra er samkv. lögum í höndum bankaráða, en ekki ráðh. Ég er því persónulega hlynntur, að opinber störf séu auglýst, og tel, að það eigi að gera í öllum þeim tilvikum, þar sem hægt er að koma slíku við með eðlilegum hætti. En það er á valdi löggjafans sjálfs að gefa fyrirmæli um þetta, og svo að öðru leyti er það bankaráðin, sem fara með þessi mál.

Vænti ég þá, að ég hafi svarað því, sem um var spurt, hvort sem það hefur orðið mjög spennandi fyrir hv. fyrirspyrjanda að heyra þetta eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka bankamálarh. fyrir svörin, og má segja, að sumt hafi verið gott við þau og annað ekki.

Fyrsta spurningin, sem var um, hvaða sjónarmið voru höfð í huga við val mann í n. þá, sem skipuð var s. l. sumar til að endurskoða bankakerfið, er auðvitað sprottin að þeirri tilskipan að skipa í þessa n. eingöngu menn úr bankakerfinu og eins konar fulltrúa frá hverjum einstökum banka. Ég hef mikla vantrú á því, að unnt sé að breyta ákveðnu og rótgrónu kerfi með setu þeirra manna í n., sem eru beinlínis fulltrúar ríkjandi kerfis. Það hefði e. t. v. ekki verið óeðlilegt að taka einhverja menn úr þjóðfélaginu, t. d. úr hópi viðskiptamanna banka, eins og bankamálaráðh. minntist á áðan, og leyfa þeim að sitja í þessari bankanefnd. Það er skoðun mín, að þessi skipun bankanefndarinnar sé dæmi um það, hvernig ekki á að skipa n. Mér sýnist, að n. hafi starfað vel, og þingheimur bíður sjálfsagt fullur eftirvæntingar eftir þeim till., sem fram koma frá þessari n., og það vakna að sjálfsögðu ýmsar spurningar, hver árangurinn verði. Ég hef heyrt, að ætlunin sé að sameina ákveðna banka og þá kannske sérstaklega Útvegsbankann og Búnaðarbankann. En þá skýtur svo skökku við, að þegar sameiningin er í vændum eða fyrirsjáanlega, er verið að ráða nýjan bankastjóra við Útvegsbankann, og hefði þó mátt ætla, að væri heppilegt að hafa það starf laust í sambandi við sameiningu bankanna. Það virðist svo sem að þessu sé staðið þannig, að það sé ekki gert ráð fyrir neinni verulegri kerfisbreytingu eða sameiningu þessara banka.

Varðandi starfsfólk ríkisbankanna er ég á algerlega öndverðum meiði við bankamálaráðh. Ég tel ekki nema eðlilegt, að starfsfólk eigi þar aðild, þótt ekki væri nema eitt sæti í bankaráði. Ég hygg, að það sé mjög eðlilegt og sjálfsagt og gildi almennt, að starfsfólk eigi hlutdeild í stjórn þeirra stofnana, sem beinlínis ráða starfsvettvangi fólksins og því fyrirtæki, sem það starfar við. Auðvitað er þetta eðlilegt stjórnunarlýðræði, sem Alþ. ætti að koma upp hjá ríkisstofnunum.

Að lokum þetta varðandi 4. spurninguna, sem ráðh. svaraði með jái og neii: Mér hefði þótt æskilegt, að hann sjálfur hefði kveðið upp úr um það, að hann mundi sjá til þess, þegar staðið yrði að hinni væntanlegu lagabreytingu, að þá kæmi slíkt fram, að bankastjórastöður yrðu auglýstar, en yrði ekki einhvers konar fyrirbæri í því, sem ég hef kallað samtryggingakerfi flokkanna, þannig að miðstjórnir flokkanna geri sér leik að því að ákveða sjálfar, hverjir hljóti bankastjórastöðurnar. Sannleikurinn er sá, að það þarf að fá dálítinn gust inn í bankakerfið og flokkarnir þurfa að hætta að leika sér að bankastjórastöðunum eins og þeir séu í kýluboltaleik.

Bundnar innstæður hjá Seðlabankanum, fsp. (þskj. 71). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessar fsp. eru svo einfaldar og augljósar, að ég álít óþarft að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum sérstökum skýringum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hve hárri upphæð nemur bundið innstæðufé í Seðlabankanum?“ Svar Seðlabankans er á þessa leið:

„Í bréfi rn., dags. 9. þ. m., er beðið um svör við spurningu um bundið innstæðufé í Seðlabankanum, svo og um endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum atvinnuveganna. Svarið við fyrri spurningunni er, að bundið innstæðufé var 4008.2 millj. kr. 1. okt. 1971, en 4583.4 millj. kr. 1. okt. 1972.“

Síðari spurningin er: „Hve hárri upphæð námu endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum atvinnuveganna 1. sept. 1971 og 1. sept 1972, og hvernig skiptust þau milli atvinnuveganna?“ Um það segir í bréfi Seðlabankans:

„Yfirlit um flokkun endurkaupa afurðavíxla er á meðfylgjandi blaði. Er eðlilegt að líta á endurkaupin allt árið vegna mikilla sveiflna í framleiðslu. Loks skal bent á,“ segir Seðlabankinn „að fsp. alþm. er um tölur, sem Seðlabankinn birtir reglulega í Lögbirtingablaði og ársreikningum sínum.“

Þessar tölulegu upplýsingar um endurkaupalán Seðlabankans eru þannig, — ég les ekki allar þessar tölur á mismunandi árstímum, en skal grípa hér niður á nokkrum stöðum. Hinn 1. jan. 1971 námu endurkaupalánin 1743 millj. og skiptust þannig: Landbúnaður, — ég les bara heilar tölur, — 984 millj., sjávarútvegur 590 millj., iðnaður 140 millj. og önnur endurkaupalán 28 millj. Svo að ég grípi aftur niður á árinu 1971 og tek þá 1. júlí, þá var skiptingin þannig: Landbúnaður 707 millj., sjávarútvegur 1261 millj., iðnaður 174 millj. og önnur lán 3 millj. 1. jan 1972 voru endurkaupalán vegna landbúnaðar 1019 millj., vegna sjávarútvegs 796 millj., vegna iðnaðar 166 millj. og önnur lán 70 millj. Og núna 1. okt. 1972: Landbúnaður 744 millj., sjávarútvegur 1347 millj., iðnaður 167 millj. og önnur lán 90 millj. Samtals 2349 millj.

Ég vænti, að þetta séu fullnægjandi svör fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í sambandi við þessar nokkuð óvenjulegu spurningar og svör hæstv. ráðh. við þeim, en hann sagði alveg réttilega, að svörin væru fyrir hendi að mjög verulegu leyti í opinberum skýrslum, þá get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að fyrsta spurningin var sérstaklega athyglisverð. Þar spurði einn af helztu forustumönnum þingflokks stærsta stjórnarflokksins hæstv. viðskrh. um það, hversu miklu næmi bundna féð í Seðlabankanum. Allir hv. þm. vita, hvað í því hugtaki felst. En þau 12 ár, sem ég gegndi starfi bankamálaráðh., var það eitt helzta sameiginlega áðeiluefni hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. á mig og þáv. ríkisstj. að hafa tekið að binda fé í Seðlabankanum og halda því bundnu þar. Ef hv. fyrirspyrjandi hefði spurt hæstv. ráðh., hvenær núv. ríkisstj. ætlaði að afnema bindingu fjár í Seðlabankanum, hefði ég ekki kallað það undarlega spurningu, þó að ég hefði ekki öfund-

að hæstv. ráðh. af að þurfa að svara henni. En ég vek athygli á því, að nú er spurt, hversu hárri upphæð þetta bundna fé nemi, eins og ekkert hafi í skorizt, eftir að í rúman áratug hefur verið hafður uppi stanzlaus áróður gegn því kerfi, sem felst í sparifjárbindingu eða innlánsbindingu í Seðlabankanum. Nú eru öll stóru 12 ára orðin gleymd og bara spurt um, hvað talan nemi nú miklu? Þetta er saga til næsta bæjar.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka viðskrh. fyrir upplýsingar hans. Það er alls ekki rétt, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að allt það, sem ég spurði um, t. d. skiptingin milli atvinnuveganna, liggi fyrir í opinberum skýrslum.

Mér sýnist á því, sem hæstv. bankamálaráðh. upplýsti, að bundið innstæðufé í Seðlabankanum sé nokkurn veginn helmingi meira en nemur endurkaupum hans á afurðavíxlum, og mér sýnist, að þessi samanburður leiði það einnig í ljós, að iðnaðurinn hafi farið mjög halloka samanborið við aðra atvinnuvegi, hvað snertir endurkaup Seðlabankans, það hafi átt sér stað í tíð fyrrv. ríkisstj. og haldi áfram að verulegu leyti enn. Þó má kannske gera sér vonir um, að þetta batni eitthvað við þá nýju reglugerð, sem hefur verið gefin út um endurkaup bankans á iðnaðarvíxlum, og verður að sjálfsögðu fylgzt vel með því, hvort það verður.

Tíminn leyfir ekki, að ég geri miklar aths. við það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan. En mér finnst rétt í sambandi við það að benda á, að hann átti tvö tímabil sem viðskrh. og afskipti hans af Seðlabankanum voru stórum betri á hinu fyrra tímabili. Mér finnst rétt í sambandi við þetta að benda á það, að þjónusta Seðlabankans við atvinnuvegina var talsvert meiri í tíð vinstri stjórnarinnar á árunum 1956—1958 heldur en núna. Ég nefni það sem dæmi, að á árunum 1956—1958 námu endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar 67%, en þau nema nú ekki nema 58%. (Gripið fram í.) Það er annað mál. Má að vísu segja, að Seðlabankinn hafi á þeim tíma ekki keypt mikið af iðnaðarvíxlum, en á það er að benda, að þá átti engin frysting á sparifé sér stað og þess vegna gátu viðskiptabankarnir miklu betur fullnægt rekstrarlánaþörf iðnaðarins heldur en þeir geta nú.

Ég held, að það sé ein meginástæða þess, að atvinnuvegirnir kvarta nú miklu meira undan rekstrarfjárskorti en þeir gerðu t. d. á árunum 1956—1958, að Seðlabankinn veitir þeim ekki í dag sömu þjónustu og hann gerði þá. Og ég get sagt hv. 7. þm. Reykv. það, að ég er alveg sömu skoðunar um það og ég hef áður verið, að ég álít ekki heilbrigt, að það skuli hrúgast upp stórar fúlgur af bundnu innstæðufé í Seðlabankanum á sama tíma og helztu fjárfestingarsjóðir landsins eru hálftómir.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að leiðrétta þann misskilning hjá hv. 7. þm. Reykv., að ég hafi einhvern tíma deilt sérstaklega á hann eða aðra fyrir bindingarreglur Seðlabankans. Það er mesti misskilningur. Hann má leita og leita vandlega, og hann mun ekki finna nein ummæli eftir mér höfð um það. Þetta er aðeins lítil ónákvæmni hjá honum. En það er mál út af fyrir sig, hvernig þessi regla er framkvæmd á hverjum tíma. Ég vil benda á, að í tíð núv. ríkisstj. hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að afurðalán framleiðsluatvinnuveganna hækkuðu úr 70% af heildarlánunum upp í 75%, og vextir hafa einnig verið lækkaðir.

Framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Á s. l. þingi, nánar tiltekið 2. maí s. l., var samþykkt þáltill., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga sérstaka *framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi* vestra vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu.“ Nú er það að vísu svo, að atvinnuástand í kjördæminu hefur nokkuð batnað, en engu að síður eru undirstöður atvinnuveganna í þessu kjördæmi mjög veikar, eins og alþjóð veit. Ég geri mér grein fyrir því, að það þarf þó nokkurn undirbúning til að gera slíkar framkvæmdaáætlanir, en það eru liðnir 7 mánuðir síðan þessi samþykkt var gerð, og því hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh.: „Hvernig gengur undirbúningur að gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Norðurl. v., sem samþ. var á síðasta þingi?“ Og í annan stað: „Hvenær er gert ráð fyrir, að þessari áætlunargerð verði lokið?“ Ég legg mjög mikið upp úr því, að þessari áætlunargerð verði hraðað sem allra mest, því að mér finnst nauðsynlegt að reyna að koma þarna á ákveðinni áætlun, sem síðan verði hægt að fara að vinna eftir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þál. þá, sem hér um ræðir, afgreiddi ég til Framkvæmdastofnunar ríkisins skömmu eftir að hún barst mér í hendur, og ég hef óskað umsagnar Framkvæmdastofnunarinnar um þessa fsp. Svar Framkvæmdastofnunarinnar er svo hljóðandi:

„Til svars við bréfi rn., dags. í dag, varðandi starf að framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra skal upplýst eftirfarandi:

Starf að áætluninni hófst með áætlunargerð um þrengra svið, þ. e. um Skagaströnd sérstaklega. 13. júní s. l. samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að framkvæmdastjórn væri heimilt að láta gera atvinnuáætlun fyrir Skagastrandarkauptún. Þegar í byrjun júlí var ráðinn sérstakur maður til þessa verkefnis, Sigurbjartur Jóhannesson bygginga- og skipulagsfræðingur. Eftir að þál. um gerð landshlutaáætlana hafði verið beint til Framkvæmdastofnunarinnar, samþykkti stjórn hennar á fundi 13.—14. sept. s. l., að gerð skyldi sérstök framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland og Strandir. Svonefnd Skagastrandaráætlun, sem nú er unnið að, teljist upphaf þessa áætlunarverks. Í framhaldi af henni verði verkefnið víkkað út og látið ná yfir Norður-

landskjördæmi vestra og Strandabyggð. Hinu sérstaka verkefni Skagastrandaráætlunar er nú að ljúka í almennum atriðum. Gerðar hafa verið athuganir á atvinnumálum, tekjumyndun, rekstri og horfum fyrirtækja, fjárfestingaráformum þeirra og aðstöðu til að fylgja þeim fram. Eru skýrsludrög þessa efnis nú til umr. innan stofnunarinnar og munu brátt teknar til umr. við heimaaðila. Þannig er að því komið að vikka út verkefnið til Norðurl. v. í heild, og er í undirbúningi að taka upp viðræður við heimaaðila um tilhögun áætlunargerðarinnar á þeim grundvelli. Örðugt er að gefa fyrirheit um, hvenær áætlunargerðinni muni ljúka. Að henni mun unnið sleitulaust með þeim starfskröftum, sem til reiðu eru. Reynslan af svo víðtæku áætlunarstarfi er, að það taki a. m. k. eitt ár, en í millitíðinni kunna ýmsar niðurstöður athugana að koma til nota."

Svar þetta er undirritað af forstöðumanni áætlunardeildar, Bjarna Braga Jónssyni.

Fyrirspyrjandi (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég geri mig ánægðan með þessi svör. Ég skil það vel, að það taki nokkurn tíma að gera slíka áætlun. Aðalatriðið er, að verkið er hafið. Það hefur að vísu verið breytt nokkuð út frá því, sem till. sjálf gerði ráð fyrir. Það hefur verið gerð sérstök áætlun fyrir Skagaströnd, og er ekki nema gott eitt um það að segja, og síðan hefur Strandabyggð verið bætt við, og hef ég ekkert við það að athuga. En till. gerði og ráð fyrir, að þessi áætlun næði fyrst og fremst yfir Norðurl. v. allt.

Ég legg mikið upp úr því, að hafnar séu hið allra fyrsta viðræður við heimamenn um þessi efni, og það kom fram í svari hæstv. ráðh., að það er ætlunin að gera það, og ef þessu máli verður lokið á einu ári, þá er ég ánægður með þá niðurstöðu.

Sjónvarp, fsp. (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 99 fsp. til hæstv. menntmrh. Þessar fsp. eru í 4 liðum og eru á þessa leið:

„1. Hversu margir sveitabæir í Vestfjarðakjördæmi geta enn ekki náð útsendingum sjónvarps?

2. Hefur verið gerð áætlun um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband?

3. Er unnið áfram að framkvæmdum í þessu sambandi? Sé svo, hvenær má vænta þess, að þeim verði lokið?

4. Hefur verið gerð athugun á því, hvort unnt sé að láta útsendingar sjónvarps ná til fiskimiðanna út af Vestfjörðum? Sé svo, hver er þá áætlaður kostnaður af þeirri framkvæmd? Er líklegt, að ráðizt verði í þá framkvæmd fljótlega?"

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. 1. fsp. hv. 7. landsk. þm. er þessi: „Hversu margir sveitabæir í Vestfjarðakjördæmi geta enn ekki náð útsendingum sjónvarps?" Svar við þessum fyrsta lið er það, að 12 bæir í Barðastrandarsýslu munu búa við óhæf skilyrði til sjónvarpsviðtöku og 7 bæir búa við slæm skilyrði. Í Vestur-Ísafjarðarsýslu eru 17 bæir, sem búa við óhæf skilyrði og 4 bæir, sem búa við slæm skilyrði. Í Norður-Ísafjarðarsýslu er 21 bær, sem býr við óhæf skilyrði, og 11, sem búa við slæm skilyrði. Og loks í Strandasýslu eru 32 bæir, sem búa við óhæf móttökuskilyrði, og 5, sem búa við slæm móttökuskilyrði. Samtals eru því á þessu svæði 82 bæir, sem búa við óhæf skilyrði til viðtöku sjónvarps, og 27, sem búa við slæm móttökuskilyrði.

2. fsp. er: „Hefur verið gerð áætlun um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband?" Svarið er, að áætlun er um að reisa á þessu svæði 3—4 stöðvar á næstu missirum, er nái til um 30 bæja, sem nú hafa engin skilyrði til sjónvarpsviðtöku, og 10 bæja, sem hafa nú slæm móttökuskilyrði. Hins vegar hefur engin heildaráætlun verið gerð um, að allir bæir á Vestfjörðum komist í sjónvarpssamband.

3. spurningin hljóðar svo: „Er unnið áfram að framkvæmdum í þessu sambandi? Sé svo, hvenær má þá vænta, að þeim verði lokið?" Svarið er það, að ef nauðsynlegt fjármagn verður fyrir hendi, ættu þær stöðvar, sem ég gat um hér að framan, að verða fullbúnar á árinu 1973. En þetta er, eins og ég sagði, háð fjármálum útvarpsins, og eins og kom fram í svari minu við 2. fsp., nær þessi framkvæmd aðeins til hluta þeirra bæja á Vestfjörðum, sem búa við óhæf eða slæm móttökuskilyrði sjónvarps.

4. spurningin: „Hefur verið gerð athugun á því, hvort unnt sé að láta útsendingar sjónvarps ná til fiskimiðanna út af Vestfjörðum? Sé svo, hver er þá áætlaður kostnaður af þeirri framkvæmd? Er líklegt, að ráðizt verði í þá framkvæmd fljótlega?"

Svarið við þessum spurningum er, að heildarathugun hefur ekki verið gerð á sjónvarpsskilyrðum á siglingaleiðum og fiskimiðum umhverfis landið, hvorki fyrir Vestfjörðum né annars staðar. Talið er eftir þeim athugunum, sem fyrir hendi eru, að víða séu móttökuskilyrði allgóð, t. d. fyrir Vesturlandi, Suðvesturlandi og Suðurlandi, en þar eru nokkrar sjónvarpsstöðvar vel settar fyrir fiskimiðin, svo sem í Stykkishólmi, á Skálafelli, Vatnsenda, á fjallinu Þorbirni við Grindavík, í Vestmannaeyjum, á Háfelli í Mýrdal svo og á Hornafirði. Stöðin á Gagnheiði liggur vel við Austfjarðamiðum, og einnig ættu fiskiskip að hafa not af Heiðarfjallsstöðinni á Langanesi. Fyrir Norðurlandi og Vestfjörðum munu skilyrðin vera einna lökust. Lítils háttar athugun hefur verið gerð á staðsetningu og væntanlegum kostnaði við að reisa sjónvarpsstöð vegna Vestfjarðamiða. Bendir sú athugun til, að slík sjónvarpsstöð mundi verða einna bezt sett á Barða og geta þjónað svæðinu frá Bjargtöngum að Straumnesi, þó knapplega nær Látrabjargi en upp að venjulegri siglingaleið. Sú stöð mundi væntanlega einnig ná til nokkurra sveitabæja á annesjum, sem illa eru settir og mjög kostnaðarsamt væri ella að ná til. Mjög lauslega áætlaður kostnaður við slíka stöð yrði allt að 5 millj. kr. Ekki er líklegt, að í slíka framkvæmd verði ráðizt alveg á næstunni.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin við fsp. Ég hygg, að menn sjái strax, að allmikill fjöldi bæja í Vestfjarðakjördæmi nýtur nú ekki þess munaðar, sem sumir kalla, að geta notið sjónvarps. Þar er um að ræða 82 bæi í Vestfjarðakjördæmi, sem alls ekki sjá sjónvarpsútsendingar. Þar að auki eru um 27 bæir með mjög slæm skilyrði. Ég hygg, að þessar upplýsingar varpi ljósi á það ástand, sem kannske ríkir víðar en á Vestfjörðum, en þó e. t. v. hvergi eins slæmt varðandi móttökuskilyrði sjónvarps.

Við 2. spurningunni er það upplýst af hæstv. ráðh., að áætlanir séu uppi um, að á árinu 1973, ef fjármagn verði fyrir hendi, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, — og ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. sjái fyrir því fjármagni, — þá muni um 30 bæir, sem nú hafa ónothæf sjónvarpsskilyrði, njóta þeirra og um 10, sem hafa slæm skilyrði nú, muni einnig fá sín skilyrði bætt. Þetta er að vissu leyti verulega til bóta, en að mínu mati ekki nægjanlegt. Þó að þetta yrði, þá eru eftir eigi að síður nokkrir tugir bæja á Vestfjörðum, sem alls ekki geta notið sjónvarpsútsendingar.

Í sambandi við 4. spurninguna er ljóst, ef ég hef skilið hæstv. ráðh. rétt, að engin heildaráætlun liggur fyrir um það að koma á sjónvarpsskilyrðum á miðum úti fyrir Vestfjörðum. Mér hafa borizt í hendur, og ég veit, að hæstv. ráðh. hafa einnig borizt í hendur óskir sjómanna á Vestfjörðum um þetta mál. Mér þykir miður, að ekkert skuli hafa gerzt í þessu máli. Ég vænti þess fastlega, að hæstv. ráðh. taki það mál til gaumgæfilegrar athugunar, og treysti því jafnframt, að hann og þá ríkisstj. í heild um leið sjái sér fært að verða við þeim óskum, sem sjómenn á Vestfjörðum hafa borið fram, þannig að þær megi verða innan ekki langs tíma að raunveruleika.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mig minnir, að ég hafi lesið það einhvers staðar alveg nýlega, að 98% af íbúum þessa lands njóti nú sjónvarps. Þetta er glæsileg tala, og ég er ekki að gagnrýna það, langt frá því, að svo langt hefur náðst í þessum fjölda. Fyrst og fremst er þetta byggt á framkvæmdum, sem eru grundvallaðar á arðsemisútreikningum. Þar nýtur fjöldinn þess, að fjöldinn er mikill, og það er að mörgu leyti eðlilegt.

En þessi 2%, sem ekki njóta sjónvarps, eru sá hluti landsmanna, sem er afskekktastur, oft þannig staðsettur, að hann getur ekki notið fjölmargra annarra lystisemda fjölbýlisins, ekki notið þess félagslífs, sem í fjölbýlinu er að fá, og er, hygg ég, að margra áliti sá hluti landsmanna, sem einna mest þarf á sjónvarpi að halda og einna bezt fengi notið þess. Hér kemur aftur að því mikla vandamáli um jafnvægi í byggð þessa lands og að þeirri spurningu, hvort við, sem byggjum þéttbýlið, og þjóðin í heild eigi ekki að leggja nokkuð meira af mörkum en fram kann að koma af arðsemisútreikningum einum til þess að fullnægja ýmsum þörfum þeirra, sem verst eru settir. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að svo beri að gera. Ég tel, að það sé sjálfsögð skylda okkar að hlaupa undir bagga, og vil með þessari stuttu aths. leggja áherzlu á, að á þetta sjónarmið verði vandlega litið.

Kennsluskylda og rannsóknarstörf prófessora, fsp. (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 99 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um kennsluskyldu og rannsóknarstörf prófessora. Það þarf raunar ekki að hafa mikinn formála að þessari spurningu, en hún er fram borin fyrst og fremst vegna þess, að ég hef gert nokkrar tilraunir til þess að fá upplýst, hver raunveruleg kennsluskylda prófessora við Háskóla Íslands væri. Mér hefur ekki enn tekizt að fá úr þeim spurningum leyst, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. geti frætt mig um það hér á eftir í sínum svörum. Þessi fsp. á þskj. 99 er í eftirfarandi þrem liðum:

„1. Hver er kennsluskylda prófessora við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla?

2. Hvernig er áætlað, að vinnutími prófessora skiptist milli Kennslustarfa og rannsóknarstarfa?

3. Skila prófessorar skýrslu um rannsóknarstörf sín?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Í 1. lið fsp. hv. 7. landsk. þm. er spurt, hver sé kennsluskylda prófessora við Háskóla Íslands og Kennaraháskólann.

Í 18. gr. l. nr. 84 1970, um Háskóla Íslands, segir á þessa leið:

„Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstakra háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntmrh., sem leysir til fullnaðar úr þessu efni. Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntmrh., hversu ráðstafa skuli kennslunni.“

Shlj. ákvæði að því er varðar kennsluskyldu einstakra háskólakennara, annarra en rektors, voru í lögum þeim, sem áður giltu um Háskóla Íslands, þ. e. a. s. lögum nr. 60 frá 1957. Þessi ákvæði hafa þó ekki verið framkvæmd til hlítar með þeim hætti, að háskólaráð hafi formlega ákveðið kennsluskyldu, heldur er fremur, að nokkrar meginreglur um þetta efni hafi mótazt í framkvæmd.

Háskólakennsla er allmargbreytileg að eðli og tilhögun, og veldur það því, að ekki er einhlítt að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að kennari skuli annast tiltekinn fjölda kennslustunda á viku, svo sem tíðkast um önnur skólastig. Á undanförnum missirum hefur þó m. a. samkv. óskum menntmrn. verið unnið að því í Háskóla Íslands að koma þessum málum í fastara horf, enda mun fullur áhugi á því af hálfu Háskólans sjálfs, svo sem starfandi háskólarektor vék að í ræðu sinni á setningarhátíð Háskólans í haust. Í sambandi við undirbúning að nýskipan á tilhögun greiðslna fyrir stundakennslu í Háskóla Íslands fyrir skemmstu lagði háskólaráð fram till. um viðmiðunarreglur varðandi það, hvernig

hver kennslustund skyldi metin til vinnustundar, þ. e. a. s. hversu mikinn tíma skuli ætla kennaranum til undirbúnings hverrar kennslustundar, eftir því, hvers eðlis kennslan er. Þótt reglur þessar hafi verið miðaðar við stundakennslu, er þess að vænta, að hafa megi hliðsjón af þeim við mat á kennslu fastra kennara, og væri þar með fengin stórum betri grundvöllur en áður til að ákveða kennslustundafjölda hvers kennara.

Þess var áður getið, að mótazt hefðu í framkvæmd vissar meginreglur varðandi kennsluskyldu háskólakennara. Að því er prófessora varðar, má telja það allfasta hefð, að miða skuli við 6 fyrirlestrastundir á viku að öðru jöfnu. Samkv. vinnustundamati því, sem getið var hér á undan, væri hver fyrirlestrarstund að jafnaði metin til fjögurra vinnustunda, þ. e. a. s. 6 fyrirlestrarstundir yrðu með undirbúningi taldar svara til 24 vinnustunda. Upplýsingar um kennslustundafjölda einstakra kennara er að finna í kennaraskrá Háskóla Íslands, sem gefin er út á hverju missiri.

Um Kennaraháskóla Íslands er það að segja, að í lögum þeim, sem um hann gilda, nr. 38 frá 1971, segir í 11. gr. m. a. á þessa leið:

„Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms. Í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara."

Reglugerð um Kennaraháskóla Íslands á grundvelli umræddra laga er í smíðum. Engir prófessorar hafa enn verið ráðnir til starfa við Kennaraháskólann, en ráðgert er, að fyrstu prófessorsstöðurnar verði auglýstar lausar til umsóknar, áður en langt um líður.

Í 2. lið fsp. er spurt, hvernig áætlað sé, að vinnutími prófessora skiptist milli kennslustarfa og rannsóknarstarfa. Um þetta efni eru ákvæði í fskj. 1 með kjarasamningi ríkisstarfsmanna 19. des. 1970, en þar segir svo í 13. gr.:

„Vinnuskylda háskólakennara samkv. samningum er 1832 klukkustundir á ári, sem ráðstafað er til kennslu ásamt undirbúningi hennar, stjórnunar, sérfræðiþjónustu og rannsókna. 40—60% vinnuskyldu háskólakennara skal varið til kennslu ásamt undirbúningi hennar og stjórnunar. Með samþykki einstakra kennara, t. d. við ráðningu, getur þetta hlutfall þó orðið hærra. Háskólaráð metur kennsluskyldu í klukkustundum á viku í samráði við deildir Háskólans og með hliðsjón af fyrrgreindu sjónarmiði. Háskólaráð getur veitt afslátt í kennsluskyldu, t. d. vegna rannsóknarverkefna. Með háskólakennurum er hér átt við alla vísindalega menntaða starfsmenn í þjónustu Háskólans og stofnana hans, sem stjórnarfarslega heyra undir Háskólann."

Vakin er athygli á því, að í þeim 40—60% af vinnuskyldu háskólakennara, sem ætlazt er til, að varið sé til annarra starfsþátta en rannsóknarstarfa, er auk kennslu og undirbúnings hennar gert ráð fyrir stjórnunarstörfum. Á flesta háskólakennara, en þó einkum á prófessora, leggjast óhjákvæmilega töluverð stjórnunarstörf, bæði í sambandi við þátttöku í stjórnarstofnunum deilda og Háskólans í heild, en einnig ýmiss konar störf, sem lúta að skipulagningu kennslunnar og framkvæmd hennar auk beinnar leiðbeiningaraðstoðar við nemendur.

Í 3. lið fsp. er spurt, hvort prófessorar skili skýrslu um rannsóknarstörf sín. Þessu er því til að svara, að engin almenn ákvæði eru til um slík skýrsluskil. Að sjálfsögðu koma þó fram með ýmsum hætti grg. um árangur af vísindastörfum, sem unnin eru af starfsmönnum Háskólans. Ítarleg skrá um rit háskólakennara var lengi vel birt í Árbók Háskólans, en hefur upp á síðkastið verið birt sem sérstakt rit. Síðasta bindi hennar, sem nær yfir árin 1961—1965, kom út 1968, og skrá, sem nær yfir tímabilið 1966—1970, er nú svo til fullbúin undir prentun. Þá má og geta þess, að það færist í vöxt, að rannsóknarstörfum háskólakennara sé fenginn skipulagslegur grundvöllur með því að koma á fót sérstökum rannsóknarstofnunum á afmörkuðum fræðasviðum innan háskóladeildanna eða í tengslum við þær. Fæst með því móti gleggri yfirsýn, þar sem unnt er að fella rannsóknarverkefni einstakra kennara inn í skipulega starfsáætlun viðkomandi stofnunar. Slíkar starfsáætlanir eru hafðar til grundvallar við undirbúning fjárveitingatillagna, og er þá eðlilegt, að jafnframt liggi fyrir grg. um starfsemina á næsta fjárlagatímabili á undan.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég verð nú að segja eigi að síður, að ég er ekki miklu nær, a. m. k. ekki um fyrsta liðinn, um kennsluskylduna. Það er þó ljóst, að kennsluskyldu ákveður háskólaráð. Ég er að vísu ekki kunnugur innan veggja Háskólans, en mér er tjáð, — það verður leiðrétt, ef rangt er, — að í háskólaráði sitji a. m. k. að langmestu leyti prófessorarnir sjálfir, þannig að þarna er um það að ræða, að prófessorarnir sjálfir ákveði sína kennsluskyldu, og það er sjálfsagt hið akademíska frelsi, sem þar ræður. Hvað um það, mér sýnist, — ég tek það fram, að ef ég ekki hef skilið þetta rétt, þá æski ég þess, að hæstv. ráðh. leiðrétti hér á eftir, — mér sýnist sem sagt, að hin raunverulega kennsluskylda geti verið frá 4—6 klukkutíma á viku, annað geti verið innifalið í rannsóknarstörfum, sem ekkert eftirlit er haft með, þannig að fyrir 4—6 tíma vinnu á viku muni hinir ágætu prófessorar, — ég er ekki að lasta þá, — fá greidd ca. 62 þús. kr. mánaðarlaun. Ég vil vekja athygli manna á því, að á sama tíma og við erum að ræða um 4—6 klukkutíma vinnuviku hjá prófessorum með 62 þús. kr. mánaðarlaun, eru menn að tala um vandkvæði á því að borga framleiðslustéttum ca. 22 þús. kr. mánaðarlaun fyrir a. m. k. 160 tíma vinnu á mánuði.

Í sambandi við það, sem fram kom um kennsluskylduna og rannsóknarstörfin, er ljóst, að prófessorar skila ekki skýrslum um rannsóknarstörf. Það má vera, að þetta sé ekki einhlítt. Það getur verið, að þarna sé um undantekningu að ræða. En mér er tjáð og mér skilst, að það séu a. m. k. sumar deildir Háskólans, sem ekki skila skýrslum yfir rannsóknarstörf viðkomandi prófessora. Ég vil af þessu tilefni beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. menntmrh., að hann láti a. m. k. þm. í té skýrslu yfir rannsóknarstörf prófessora við Háskóla Íslands. Ég a. m. k.

óska þess mjög gjarnan að fá í hendur slíka skýrslu. Mér sýnist, að ef við berum saman annars vegar laun og kennsluskyldu prófessora við Háskóla Íslands með 4—6 tíma kennsluskyldu, og vinnutíma og laun barnakennara hins vegar, þá sé ég ekki betur en það þurfi 10—12 prófessora við Háskólann til þess að skila álíka vinnu og einn barnakennari við barnaskóla. Það má vel vera, að þetta sé ekki rétt mat milli starfa, — ég er ekki að fella neinn dóm um það, — en mér sýnist dæmið líta svona út.

Ég vil að síðustu óska þess við hæstv. ráðh., *að ég a. m. k. fái í hendur skýrslu um rannsóknarstörf prófessora við Háskóla Íslands.*

Bjarni Guðnason: Herra forseti Það er augljóst mál, að hv. 7. landsk. þm. hafði ekki mikla vitneskju um það, sem hann var að tala um. Hann heldur, að þeir, sem kenni í Háskólanum, séu bara kennarar eða skili ákveðnum fjölda kennslutíma við Háskólann. Þetta er reginmisskilningur, og það er alveg óþarft fyrir hv. 7. landsk. þm. að miða það við barnakennara eða aðra. Hér er yfirleitt um það að ræða, að prófessorunum er falin rannsóknarskylda, og það er mjög mikilvægur þáttur og beinlínis grundvöllurinn að því, að menn verði háskólakennarar, *að þeir hafi sýnt einhverja getu í rannsóknarstörfum.* Eins og kom fram hjá hæstv. menntmrh., þarf hver kennslutími í Háskólanum mikinn undirbúning. Ég mæli þar af reynslu, að fjögurra stunda undirbúningur undir einn fyrirlestrartíma hrekkur allt of skammt. Ég hef stundum verið heilan dag og tvo daga að undirbúa einn fyrirlestur. En það er ekki von, að Karvel Pálmason skilji það. (Gripið fram í.) Að öðru leyti er ágætt að fá þetta fram til þess að reyna að rjúfa þá þoku, sem hér lagðist yfir þingheiminn.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar svörum mínum *við fsp. hv. 7. landsk. þm.*

Eins og fram kom í svari mínu, er það viðurkennt með lagasetningu um kennsluskyldu prófessora, að þeirra kennslustörf skuli metin á nokkuð annan hátt en kennara á öðrum skólastigum, og það hefur frá öndverðu þótt eðlilegt. Einnig hefur háskólaráði lengi verið lagt í hendur vald til að ákveða kennsluskyldu hvers einstaks prófessors. En eins og ég gat um í svari mínu, er fullur vilji til þess hjá þeim, sem nú fara með æðstu stjórn Háskólans, að þessu verði skipað á ákveðnari og fastari hátt en verið hefur. Enn fremur gefur það auga leið, að þótt menn hafi sýnt rannsóknarhæfileika, áður en þeir hljóta háskólakennarastöður, þá er mjög æskilegt, *að fylgzt sé með því, eftir að þeir eru* komnir í þær stöður, hversu þeir neyta þeirra hæfileika, og því er ég sammála því áliti, bæði starfandi háskólarektors og fyrirspyrjanda, að æskilegt væri að koma þessum málum, bæði hvað varðar kennsluskyldu og afraksturinn af rannsóknarskyldunni, í fastara form en verið hefur. Ekki vil ég lofa því á þessari stundu, að mér auðnist að láta taka saman í snatri skýrslu um rannsóknarstörf háskólakennara, sérstaklega prófessora, því að eins og kom fram í svari mínu, hefur engin samantekt verið gerð um þau störf önnur en skráin um rit háskólakennara.

Endurskoðun ljósmæðralaga, fsp. (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Í febrúarmánuði árið 1971 var, að því er ég bezt veit, skipuð n. til þess að endurskoða ljósmæðralög. Það hefur verið hljótt um störf þessarar n. og nokkur tími umliðinn, hátt í tvö ár. Ég hef þess vegna leyft mér að bera fram á þskj. 99 svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hvað líður störfum n., sem skipuð var í febr. 1971 til þess að endurskoða ljósmæðralög?“

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Gildandi ljósmæðralög eru að stofni til frá 19. júní 1933, en síðan hafa verið gerðar á þeim fjölmrgar breytingar hér á hinu háa Alþ. Hins vegar þótti tímabært að endurskoða lögin í heild, og var skipuð n. í febr. 1971 til að annast það verkefni. Í n. voru skipuð Jóhann Gunnar Ólafsson fyrrv. bæjarfógeti, formaður, *Kristín E. Tómasdóttir yfirljósmóðir* og Jón Þorgeir Hallgrímsson sérfræðingur í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum.

Ef litið er á ljósmæðralög þau, sem nú eru í gildi, er augljóst, að þau eru samin við allt aðrar aðstæður en nú gilda. Þau gera ráð fyrir, að hverri sýslu landsins skuli skipta í ljósmæðraumdæmi, að sýslunefndir geri það, og síðan sé skipuð ein ljósmóðir til að gegna hverju umdæmi. Lögin gera þannig ekki ráð fyrir þeirri þróun, sem hefur orðið á fæðingarhjálp, þ. e. a. s. þau gera ráð fyrir heimafæðingum, en eins og kunnugt er, fer nú um 95% allra fæðinga fram á sjúkrahúsum eða fæðingarheimilum og þar af 73—75% undir eftirliti sérfræðinga í *kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Eftir því sem* vitneskja er um í heilbrn., eru ljósmæðraumdæmin nú 133, en ljósmæður skipaðar til starfa í þessum umdæmum um 55. Hins vegar eru starfandi ljósmæður á fæðingarstofnunum, fæðingarheimilum og sjúkrahúsum um 60 talsins, og vinna langflestar þeirra á fæðingardeild Landsspítalans, fæðingarheimili Reykjavíkur og við önnur sjúkrahús, þar sem sérstakar fæðingardeildir eru starfandi. Það er því augljóst af þeirri skiptingu, sem áður er getið um milli fæðinga á sjúkrahúsum og utan þeirra, að starfinu milli þessara tveggja hópa ljósmæðra, sem eru mjög jafnir að stærð, er afar misskipt. Það var fyrst og fremst af þessum ástæðum, að tímabært þótti að endurskoða ljósmæðralög, þ. e. taka til rækilegrar endurskoðunar núverandi skiptingu í ljósmæðraumdæmi og hver þörf væri í framtíðinni á að hafa ljósmæður starfandi úti á landsbyggðinni utan sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana.

N. sú, sem fyrr getur, óskaði eftir því við heilbrn. síðari hluta árs í fyrra, að rn. hlutaðist til um, að öllum sýslumönnum, bæjarfógetum og héraðslæknum yrði skrifað og spurzt yrði fyrir um, hverjar brtt. þeir hefðu um ljós-

mæðraumdæmi frá því, sem nú er, eða hvort þeir hefðu aðrar till. um málin. Enn fremur óskaði n. eftir upplýsingum um, hvernig nú er háttað umdæmaskipun og hvort ljósmæður hefðu fengizt í þau umdæmi, sem í héruðunum væru, eða hvort sama ljósmóðir gegndi mörgum umdæmum. Svör við þessum fsp. gengu beint til n., og er þess að vænta, að hún hafi stuðzt við þær upplýsingar um tillögugerð sína.

N. hefur ekki enn skilað till. sínum og meginástæðan mun vera sú, að enda þótt nm. séu sammála um, að mikilla breytinga sé þörf á ljósmæðraumdæmakerfinu, er n. ekki reiðubúinn til að skila till. sínum, fyrr en séð verður, hverja afstöðu Alþ. tekur til frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem kynnt var hér á síðasta þingi og ég vænti, að fljótlega verði lagt fram á nýjan leik, því að nm. telja, að starfsemi ljósmæðra eigi að tengjast við sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, eftir því sem við getur átt, en ljósmæðraumdæmi með sérstökum starfandi ljósmæðrum verði einskorðuð við þau landssvæði, þar sem heimafæðingar eru enn tiltölulega tíðar og aðstaða til vistunar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun er erfið. Ég á því ekki von á því, að brtt. n. liggi fyrir, fyrr en síðar á þessu þingi, þegar umr. og vonandi afgreiðsla frv. til l. um heilbrigðisþjónustu hefur farið fram.

Í sambandi við þessa fsp. um ljósmæðral. er rétt að geta þess, að fyrir forgöngu heilbr. og trmrn. er nú hafin kennsla í hjúkrun fyrir ljósmæður, og er gert ráð fyrir því, að ljósmæður geti lokið hjúkrunarnámi á tveimur árum. Þetta er vonandi upphaf þess, að nám hjúkrunarkvenna og ljósmæðra verði meir sameinað en nú er, og margir telja, að í framtíðinni muni ljósmæðramenntunin verða framhaldsmenntun og sérmenntun hjúkrunarkvenna á sama hátt og sérmenntun þeirra í svæfingum, skurðstofuvinnu, geðhjúkrun og heilsuvernd er nú. Hversu langt þessar breytingar eiga í land, er þó erfitt að segja um á þessu stigi, en við gerum ráð fyrir, að sá hópur, sem nú er að hefja nám og námi lýkur á árinu 1974, muni fyrst og fremst fara til starfa á kvensjúkdóma- og fæðingardeildum, en um það leyti mun hin nýja kvensjúkdómadeild og fæðingardeild Landsspítlans væntanlega standa fullbúin til notkunar.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin við þessari spurningu. Mér sýnist, að þau gefi tilefni til þess að ætla, að n. hafi verið að störfum og hafi unnið. Orsökina fyrir því, að ekki er komið álit um till. n., segir ráðh. vera þá, að n. telji ekki tímabært að skila því áliti, fyrr en séð verður, hvaða meðferð heilsugæzlufrv. fær hér á hv. Alþ. Það má vel vera, að þetta fari hvort tveggja saman, ég skal ekki um það dæma. En ég þakka sem sagt ráðh. svörin.

Iðnfræðsla, fsp. (þskj. 104). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. skýrði nýlega frá bráðabirgðaiðnþróunaráætlun, þar sem stefnt væri að því, að iðnaðarvörur yrðu um 60% útflutningsins innan 10 ára. Vissulega er mikilsvert að stefna að þessu markmiði, því að áhættusamt er að byggja á sjávarútveginum sem næstum eina útflutningsatvinnuveginum. Eigi þetta markmið hins vegar að nást, þarf að gera margþættar ráðstafanir, og sennilega er ekkert mikilvægara en að efla verkkunnáttuna. Reynzlan annars staðar frá bendir ótvírætt til þess, að heilbrigður og vaxandi iðnaður byggist framar öðru á þekkingu og verkkunnáttu. Því þarf á næsta áratug að gera stórfelldar ráðstafanir til að auka verkmenntunina á sviði margvíslegra iðngreina. Hér er ekki aðeins að ræða um að efla þá iðnfræðslu, sem fyrir er, heldur að gera hana miklu fjölþættari og láta hana ná til iðnverkafólks og svonefndrar fullorðinsmenntunar. Vel má vera, að til þess að ná þessu marki þurfi að gera róttækar breytingar á skólakerfinu. Það er t. d. mjög mikilvægt, að iðnnámi verði skipaður sízt óvirðulegri sess í skólakerfinu en menntaskólanámi. Jafnvel ætti að steypa menntaskólum og iðnskólum saman, eins og Norðmenn stefna nú að með nýrri skólalöggjöf. Það er í tilefni af þessu, sem ég hef beint þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi í undirbúningi til efla og auka iðnfræðsluna.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við spurningu hv. fyrirspyrjanda er á þessa leið:

Fyrir liggur ítarlegt álit frá því í júní 1971 frá n., sem skipuð var til að gera till. um nýskipan verk- og tæknimenntunar í landinu. Skv. þeim till. er gert ráð fyrir að endurskipuleggja iðnnámið allt, flytja það að öllu leyti inn í iðnskólana í áföngum og verði hið nýja iðnnám þriggja ára nám með verkskólasniði í stað fjögurra ára meistaranáms nú. Á hverju ári verði 4½ mánuður til bóknáms, 4½ mánuður til verknáms og þessir tveir þættir samtvinnaðir í kennslunni. Jafnframt verði tveimur mánuðum varið til starfskennslu á vinnustað, sem að jafnaði yrði á sumrin.

Því er ekki að leyna, að samstarf um rekstur iðnskóla skv. gildandi lögum hefur í ýmsum tilfellum reynzt mjög örðugt og nánast óframkvæmanlegt. Eftir hinni nýju skipan er gert ráð fyrir, að iðnskólar verði hreinir ríkisskólar og að sérstakur fulltrúi verði ráðinn í menntmrn. til þess að hafa framkvæmd iðnfræðslumála með höndum. Menntmrn. hefur fyrir löngu farið fram á heimild til þess að ráða verkfræðing í menntmrn. til þess að annast endurskipulagningu iðnnáms, en rn. hefur ekki enn fengið fjárveitingu eða samþykki svokallaðrar bremsunefndar til að bæta við þessum starfsmanni.

Í verk- og tæknimenntunarálitinu er m. a. gert ráð fyrir því, að skipaðar verði tvær meginnefndir, önnur til þess að endurskoða iðnfræðslulöggjöfina og hin til þess að semja frv. til l. um tækniháskóla. Ég hef hef fengið Guðmund Einarsson verkfræðing til þess að taka að sér formennsku í n., sem á að endurskoða iðnfræðslulöggjöfina, og Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðing til að gerast formaður í n. til að semja lagafrv. um tækniháskóla. Leitað hefur verið eftir tilnefningu nokkurra aðildarsamtaka og

stofnana um tilnefningu manna í nefndir þessar, og er þess að vænta, að nefndirnar geti hafið störf eigi síðar en um næstu áramót. Óhjákvæmilegt er og að ráða verkfræðing eða annan sérfróðan mann til þess að vinna að iðnfræðslumálum í menntmrn.

Endurskipulagning verk- og tæknimenntunar er eitt af þýðingarmestu verkefnum, sem nú blasa við þjóðfélaginu, og ríður á miklu, að þegar menn velja sér námsbraut, njóti verknámið jafnmikillar virðingar og bóknámsleiðir og að á verknámsbrautinni séu engar blindgötur, heldur geti menn stöðvazt á þeirri braut með mismunandi atvinnu eða starfsréttindi, en þeir, sem það kjósa, geti haldið áfram til æðstu mennta á þessu sviði. Þetta viðhorf er kjarninn í þeim till., sem bornar eru fram í nál. verk- og tæknimenntunarnefndar. Ríkisstj. hefur lýst sig samþykka þessu markmiði, og að eflingu og endurskipulagningu verk- og tækninámsins verður unnið með þetta fyrir augum. Eins og fyrirspyrjandi gat um, koma þar til greina ýmsar nýjar leiðir. T. d. er síður en svo sjálfgefið, að iðnskólar og verknámsskólar séu sérstakar stofnanir, heldur liggur það miklu nær nútímakennsluháttum og nútímaviðhorfi til menntunar, að sameinað sé innan sömu skólastofnana bæði verknám og hefðbundið bóklegt nám. Slíkir skólar hafa hlotið á íslenzku nafnið fjölbrautaskólar, og mun, áður en langt um líður, koma fyrir Alþ. frv. að l. um heimild til að stofna slíka skóla, þar sem við á.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Mér sýnist, að málið stefni hjá honum í rétta átt með skipun þeirra tveggja n., sem hann minntist á, því að ég hef þann kunnugleika af þeim tveimur mönnum, sem þar hafa valizt til forustu, að mér finnst líklegt, að góður árangur náist af starfi þessara n. En það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt, að þessu starfi verði hraðað og helzt stefnt að því, að þær till., sem þessar n. hafa fram að færa, komi fram ekki síðar en á næsta Alþ. Að því finnst mér, að menntmrh. eigi að stefna og gefi n. fyrirmæli um það.

Þetta mál er áreiðanlega miklu stærra og meira aðkallandi en þm. hafa yfirleitt gert sér ljóst til þessa. Á undanförnum þingum hefur verið unnið verulega að því að auka menntaskólanámið og styrkja menntaskólana og styrkja háskólann, en ég held, að nú sé svo komið, að næst því að koma grunnskólamálinu í höfn komi það að auka iðnfræðsluna og verkkunnáttuna og skipa henni nægilega virðulegan sess og aðstöðu til þess, að ungt fólk vilji leita þangað ekki síður en á menntaskólabrautina. Ég fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur falið áhugasömum og fróðum mönnum að hafa forustu í þessum málum, og ég vænti þess, að till. þeirra komi fram ekki síðar en á næsta þingi.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að lýsa stuðningi mínum við það, sem bæði hæstv. menntmrh. og hv. 4. þm. Reykv. voru að tala um í sambandi við nauðsyn á aukinni iðnfræðslu. Mér finnst, að það sé nauðsynlegt að taka mjög fast og ákveðið á þessum málum. Það er auðvitað ágætt að skipa n., en mér finnst það vera svo mikið grundvallaratriði fyrir þann aukna iðnað, sem rætt er um og ætlunin er að byggja upp í landinu, að hér verði bókstaflega að hefjast handa. Ég er satt að segja hræddur um, að iðnbyltingin fari út um þúfur, ef ekki verður tekið hér rösklega á, eins og raunar á ýmsum öðrum sviðum í sambandi við iðnaðinn í landinu.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. 4. þm. Reykv. um það, að brýnasta verkefnið í íslenzkum skóla- og menntamálum nú er að ráða bót á þeim vankönturn, sem eru á verk- og tæknimenntun í landinu, lyfta þeim námsbrautum á hærra stig en þær hafa náð hingað til og búa svo um hnúta, að þær séu í engu eftirbátar hinna hefðbundnari bóklegu námsbrauta, hvorki í aðbúnaði né í áliti manna. En ég vil einnig skýra frá því, að ég taldi ekki rétt, að það lagasetningarstarf, sem hér er fram undan, hæfist fyrr en um það leyti sem væntanlegt grunnskólafrv. lægi nokkurn veginn fyrir, því að ljóst er, að starfið að því að móta nýtt fyrirkomulag verk- og tæknimenntunar hlýtur að byggjast á þeim grundvelli, sem væntanlega verður lagður með lögum, sem sett verða um grunnskóla. Þarna verður að vera mjög náið samhengi á milli, vegna þess að eitt versta meinið í skólakerfi okkar hefur lengi verið, hversu sundurlaust og sundurslitið það getur verið, hversu hætt er við, að menn lendi þar í blindgötum, þar sem þeir lokist inni og geti ekki fetað sig þrep af þrepi um skólakerfið. Það skiptir afar miklu máli, að fyrir þessa hættu sé girt í þeirri lagasetningu, sem framundan er, bæði um grunnskóla og verk- og tæknimenntun.

Vátrygging fiskiskipa, fsp. (þskj. 105). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 105 fsp. til hæstv. sjútvrh. varðandi vátryggingarmál fiskiskipa. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Er að vænta frá hendi ráðh. tillagna eða frv. til l. um vátryggingu fiskiskipa, sem miði að lækkun vátryggingariðgjalda, sbr. yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstj.?"

Ég flutti á síðasta þingi fsp. um þetta sama efni, og veitti ráðh. þá þær upplýsingar, að hinn 16. des. 1971 hefði verið skipuð n. í málið og hún hefði skilað áliti í marzmánuði s. l. Kom fram í svari hæstv. ráðh., að hann fyrir sitt leyti væri engan veginn ánægður með niðurstöður n. og að rn. ynni að því að undirbúa till. í málinu. Þar sem hér er að mínum dómi um nokkuð aðkallandi mál að ræða og því beinlínis heitið í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., að sett skuli löggjöf um vátryggingarmál fiskiskipa, sem miði að því að lækka iðgjöld þessara trygginga, en enn hefur ekkert heyrzt frá hæstv. ríkistj. um málið, hef ég leyft mér að ítreka fsp. mína frá fyrra ári varðandi þetta atriði.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvort vænta megi frá hendi ráðh. till. eða frv. til l. um vátryggingu fiskiskipa, sem miði að lækkun vátryggingariðgjalda, sbr. yfirlýsingu í málefnasamningi ríkisstj. Í þessu skyni skipaði ég fyrir nærri ári sérstaka n. ýmissa þeirra aðila, sem hér eiga einkum hlut að máli, og þessi n. vann verk sitt tiltölulega fljótlega og skilaði nál. í marzmánuði 1972 eða á þessu ári. En því miður var niðurstaða þessarar n. mjög á annan veg en ég hafði óskað eftir og gert mér hugmyndir um. Síðan hefur málið verið til umr. í rn. við viðkomandi aðila nokkrum sinnum, en ekki hefur fengizt nein samstaða enn um breytingar á því tryggingakerfi, sem í gildi hefur verið og ég hef lýst yfir óánægju minni með og margir aðrir, þar sem ég hef talið það mjög kostnaðarsamt. Ég hef hins vegar ekki vegna áframhaldandi viðræðna við aðila um málið talið rétt að flytja hér frv. um, að breytingar yrðu gerðar á þessu kerfi í þeim anda, sem ég hefði óskað eftir, vegna þess að það er mjög hæpið að knýja fram breytingar í þessum efnum í andstöðu við þá, sem við kerfið eiga að búa. Nú verða þessi mál enn til umr. í sambandi við rekstrargrundvöll sjávarútvegsins fyrir næsta ár, og reynir þá enn á, hvort samkomulag geti tekizt um að breyta þessu kerfi í verulegum atriðum. Ég get því ekki svarað því á þessari stundu, hvort búast megi við á næstunni frv. um málið, en niðurstaða þessarar n., sem ég gat um, var í aðalatriðum að halda sig við það kerfi, sem verið hefur, með tiltölulega litlum breytingum. Það er að sjálfsögðu hægt að gera nokkrar breytingar á því kerfi, sem gætu verið til bóta, en ég hef ekki sætt mig við það enn þá, að ekki sé hægt að gera hér á meiri háttar breytingu, og af því bíður málið enn sem komið er. En ég geri mér vonir um, að hægt verði að breyta þessu kerfi, sem flestir viðurkenna, að sé stórgallað, þó að þeir fáist ekki enn þá til samkomulags um neitt nýtt form í þessum efnum.

Ég vænti, að þetta upplýsi málið, eftir því sem hægt er að upplýsa það á þessu stigi, og þetta sé fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir það svar, sem hann gaf við fsp. minni, en ég hlýt að harma það, að málið skuli ekki hafa þokazt lengra á veg heldur en hann upplýsti. Eins og hann réttilega gat um, liggur fyrir að ákveða rekstrargrundvöll sjávarútvegsins fyrir næsta ár, og á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem nýlega var haldinn, lýsti ráðh. því yfir, að hann mundi stefna að því að reyna að ná nú fyrir jólin samkomulagi við þessa aðila eða þessi heildarsamtök sjávarútvegsins um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins fyrir næsta ár. Það liggur í augum uppi, að þetta er eitt af þeim málum, sem snerta mjög hag og rekstrarafkomu sjávarútvegsins, og því verður að teljast miður farið, að ekki hafi meira þokazt í þá átt að lækka vátryggingariðgjöld fiskiskipa, eins og hæstv. ríkisstj. vissulega hefur tilkynnt í málefnasamningi sínum, að hún muni beita sér fyrir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég var að sumu leyti dálítið undrandi, í fyrsta lagi á þessari fsp. og í öðru lagi á svari ráðh., því að ég veit ekki betur en samkv. l. um stjórnarráð Íslands heyri vátryggingamál fiskiskipa sem öll önnur vátryggingamál alls ekki undir sjútvrh., heldur undir heilbr.- og trmrh., svo að í þessu tilfelli má segja, að það sé vitlaus maður að svara þessari fsp. En menn mega ekki taka þetta á annan veg en það er sagt og meint, það er sem sagt skakkur ráðh., sem er að svara fsp. Hins vegar hafði hann mikinn áhuga á að gerbreyta tryggingakerfinu, eins og hann sagði áðan. En ég vil nú gjarnan spyrja hinn rétta ráðh., hver sé hans afstaða til þessara mála.

Hins vegar er skylt mál þessu, sem heyrir undir hæstv. sjútvrh., sem væri mjög kærkomið og ánægjulegt að fá svar við, en það er vátryggingasjóður fiskiskipa. Fjárhagur hans stendur heldur höllum fæti, og ég hygg, að það mundu koma kvartanir víða, ef fyrirtæki í landinu stæðu jafnilla að vígi og sá sjóður, sem á að greiða meginhluta iðgjanda fiskiskipa og er rekinn með tugmilljónahalla. Á s. l. tveimur árum er halli á rekstri þess sjóðs nokkuð á 2. hundrað millj. Og mig langar til að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti nú í leiðinni gefið einhverjar upplýsingar um það, á hvern hátt eigi að bæta úr fjárreiðum þess sjóðs, þannig að hann geti staðið við sínar skuldbindingar.

Tryggingamál sjómanna, fsp. (þskj. 105). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Á það hefur verið bent, að þeim fsp., sem ég hef hér borið fram, væri ekki beint til þess ráðh., sem með þessi mál fer. Ég skal ekkert um það dæma. Hér er um hrein sjávarútvegsmál að ræða eða hagsmunamál sjávarútvegsins og því eðlilegt, að fsp. sé beint til þess ráðh., sem með þessi mál fer. Ef þetta er eitthvað innbyrðis deilumál hjá hæstv. ríkisstj., undir hvaða rn. slík mál heyra, þá er það nærtækt fyrir þann hæstv. ráðh., sem þessi mál réttilega heyra undir, að svara fsp. Fsp. mín varðandi þetta atriði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur ráðh. í hyggju að beita sér fyrir einföldun á tryggingakerfi sjómanna, annaðhvort með breytingu á gildandi lagaákvæðum, nýrri lagasetningu eða með því að koma á viðræðum milli heildarsamtaka sjómanna og atvinnurekenda um málið?“

Mál þessi hafa á undanförnum árum þróazt á þann veg, að til þess að uppfylla ákvæði gildandi l. og ákvæði í samningum milli samtaka sjómanna og útvegsmanna þurfa útvegsmenn nú að kaupa, að því er mér skilst, 5—6 tryggingar. Þessar tryggingar munu vera, eftir því sem ég þekki til, tryggingar samkv. almannatryggingalögum, slysatrygging samkv. sérstökum samningi milli sjómanna og útvegsmanna, trygging vegna ákvæða 2. mgr. 205. gr. siglingalaga, farangurs- eða fatatryggingar, iðgjöld til lífeyrissjóða, og loks verða útgerðarmenn að kaupa sér eina allsherjarábyrgðartryggingu til þess að vera þess megnugir að standa við skuldbindingar sín-

ar, ef eitthvað ber út af. Ég held, að allir geti verið sammála um það, að ef þess er nokkur kostur, verði gerð þarna einföldun á, þannig að ekki verði eins flókið tryggingakerfi á milli sjómanna og útgerðarmanna og nú er.

Breyting sú, sem gerð var á Alþ. hinn 18. maí s. l. á 205. gr. siglingal., varð til þess að vekja nokkrar umr. um þessi mál í blöðum og öðrum fjölmiðlum, og mér er tjáð, að hæstv. ríkisstj. hafi veitt nokkurn ádrátt um, að málið skyldi nú á þessu hausti tekið til athugunar og endurskoðunar. Af þessari ástæðu hef ég leyft mér að bera fram þá fsp., sem hér um ræðir. Sé hún ekki rétt fram borin til hæstv. sjútvrh., vænti ég þess, að hæstv. trmrh. verði þess umkominn að veita svör við því, sem um er beðið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það verður að taka það fram, að þessi fsp. kemur ekki til rétts ráðh., það er alveg augljóst. Undir mitt rn. falla ekki tryggingamál sjómanna eða aðrar persónutryggingar, svo að ég hef í rauninni ekkert um þau mál að segja og tek ekki að mér að svara þessari spurningu þannig, en vil aðeins segja það í leiðinni, að það mátti til sanns vegar færa, að fyrri fsp. tilheyrði ekki mér heldur, en svo vill til, að ég hef með að gera stjórnskipulega séð vátryggingasjóð fiskiskipa, og ég svaraði fsp. að því leyti til, sem málið snerti þann sjóð, enda þóttist ég vita, að fyrirspyrjandi ætti fyrst og fremst við það vandamál, sem er honum bundið, en ekki kannske tryggingakerfið sem slíkt almennt séð. En sem sagt, þessi mál, sem er spurt um í þessari fsp., flokkast ekki undir mitt rn., og ég get því ekki gefið nein bein svör um það, hvaða ráðagerðir eru uppi um að einfalda þessar persónutryggingar, sem hér er um að ræða.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hafði ekki búið mig undir að svara fsp. hv. þm. svo sem vert hefði verið, vegna þess að hann beindi henni ekki til mín. Hins vegar er það í sjálfu sér skiljanlegt, að menn ruglist í því, hvert eigi að beina fsp. um mál af þessu tagi, því að á síðasta þingi var tekin mikilvæg ákvörðun um tryggingar sjómanna með breytingu á siglingal., sem heyra hvorki undir hæstv. sjútvrh. né mig, heldur undir hæstv. samgrh. En ég vil gjarnan greina frá því í þessu sambandi, að heilbr.- og trmrn. hefur látið fara fram athugun á því, hvort ekki væri skynsamlegt að bæta við í almannatryggingalög sérstökum slysatryggingabálki, þar sem ekki væri um skyldutryggingu að ræða, heldur frjálsa tryggingu, og hugmyndin var þá sú, að sá réttur, sem samþykktur var sjómönnum til handa á síðasta þingi, yrði tryggður með þessum ákvæðum. Rn. var með tilteknar hugmyndir um, að þetta yrði hægt að framkvæma, og fól Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að vinna þessar hugmyndir í aðgengilegan búning, og einmitt um þessar mundir eru fulltrúar frá Sjómannasambandinu, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá eigendum farskipa að athuga þessar till., og það kemur væntanlega í ljós eftir nokkra daga, hvort samstaða gæti tekizt um þetta fyrirkomulag, sem mundi fela í sér verulega einföldun á milli þessara aðila.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. trmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti varðandi þetta mál. Ég held, að það sýni mjög vel, að þarna þarf einhverra aðgerða við, þegar það virðist vera mjög erfitt fyrir þm. og þá auðvitað alla aðra að finna út, undir hvaða mál tryggingarnar heyra. Hæstv. trmrh. benti á, að siglingal. heyrðu undir samgrh., og er það án efa alveg rétt, enda rákum við okkur á það fyrir nokkru í n. þeirri, sem L. Í. Ú. kaus til þess að eiga viðræður við hæstv. ríkisstj. um þessi mál, og var ég þar einn nm., að það tók okkur þó nokkurn tíma að finna út, við hvaða ráðuneytisembættismenn við ættum raunverulega að tala. Við fórum í góðri trú upp í trmrn., hittum þar ráðuneytisstjórann, og hann hafði á þeim tíma ekki neinar upplýsingar að veita þessari n. frá L. Í. Ú. Af tilviljun hittum við einnig hæstv. samgrh., og þá kom í ljós, að hann taldi, að þessar tryggingar heyrðu undir hann og við hefðum ekki átt að vera neitt að ónáða annað rn. með þetta. Þegar þetta lá fyrir, að það virtist vera ágreiningur á milli rn. um það, undir hvort þeirra þessi mál heyrðu, snerum við okkur til hæstv. forsrh. til þess að koma a. m. k. okkar málum og því efni, sem okkur var falið að koma á framfæri, rétta boðleið til hæstv. ríkisstj. A. m. k. átti að vera tryggt, ef hæstv. forsrh. tæki við okkar erindi, að það kæmist endanlega í það rn., sem þessi mál heyra undir. Það skiptir auðvitað máli. Aðalatriðið er þó það, sem hér hefur verið rætt um, að stefna að því að einfalda þetta kerfi, og tel ég mjög vel farið, að það skuli vera komnar í gang viðræður milli réttra aðila, þ. e. a. s. fulltrúa útvegsmanna annars vegar og sjómannasamtaka hins vegar, um lausn á þessu máli. Það var einmitt þetta, sem við fórum fram á við hæstv. forsrh., sú n., sem ég var að ræða um hér áðan, að hann sem forsrh. og forsvarsmaður hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir, að slíkar viðræður yrðu upp teknar. Við þeim tilmælum hefur hann orðið, og vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli hafa gerzt, því að vitanlega er bezt fyrir alla aðila, að þarna verði um samkomulag að ræða, sem báðir geti sætt sig við, og þá alveg sérstaklega ef það er hægt að gera það á þann veg, að um mjög mikla einföldun á kerfinu verði að ræða frá því, sem nú er, því að ég tel ástandið alveg óviðunandi fyrir atvinnurekendur, eins og þeim málum er nú komið.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 5. des., að loknum 25. fundi.

Þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 122). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Réttarstaða tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar, þáltill. (þskj. 124). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Greiðsla ríkisframlaga skv. jarðræktarlögum, þáltill. (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum kemur hér inn í þingið á hálfgerðum handahlaupum, ef svo má að orði komast. 8. nóv. s. l. skilaði Rannsóknaráð ríkisins til menntmrh. skýrslu um þang- og þaraburrkstöð á Reykhólum við Breiðafjörð, og var skýrsla þessi samin af dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni. Nokkru síðar eða um miðjan síðasta mánuð var iðnrn. falið að fjalla um þessa skýrslu og gera síðan till. um, hvernig að málinu yrði staðið. Iðnrn. ákvað að senda skýrsluna til sérfræðilegrar könnunar og gagnrýni til verkfræðiskrifstofu Baldurs Líndals efnaverkfræðings, en hann hefur ekki átt neinn þátt í þessum undirbúningi og er þess vegna vel til þess fær að fara yfir þetta sem óháður aðili, og í annan stað var ákveðið að fela hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar að fjalla um efnahagsþætti málsins og um markaðsþætti. Eðlileg vinnubrögð hefðu að sjálfsögðu verið þau, að iðnrn. hefði beðið eftir niðurstöðum þessara athugana, áður en það legði fram till. sínar um framkvæmdir í málinu. Vandi okkar var hins vegar sá, að í tengslum við þessa athugun liggur fyrir tilboð um kaup á verulegu magni af þangmjöli frá stærsta fyrirtæki á því sviði, Alginate Industries í Skotlandi, en þetta fyrirtæki býðst til þess að kaupa 4 þús. tonn af þvegnu, þurrkuðu og möluðu þangmjöli árið 1974 og síðan vaxandi magn um 10 ára skeið þar á eftir, allt upp í 10 þús. tonn á ári. Þetta erlenda fyrirtæki þarf hins vegar á þessu efni að halda á árinu 1974, þannig að ef við ætlum að hagnýta okkur þetta mjög svo hagstæða markaðstilboð, verðum við að hafa ákaflega snör handtök. Í þessu felst það, að um leið og athugun kynni að leiða í ljós, að þarna sé um að ræða arðsama og skynsamlega og gagnlega framkvæmd, verða stjórnvöld að hafa tök á því að hefja framkvæmdir án tafar. Af þessum ástæðum er málið hér lagt fyrir í þessu formi, að stofnað verði hlutafélag, sem hafi með höndum undirbúning þessa máls. Þetta fyrirkomulag er sniðið eftir fyrirkomulagi, sem áður hefur verið samþ. hér á Alþ., þ. e. a. s. þegar stofnað var undirbúningsfélag til þess að kanna möguleikana á því að koma hér upp olíuhreinsunarstöð. Þessi aðferð er viðhöfð sem sagt til þess að reyna að hraða málinu, eftir því sem kostur er.

Þetta frv. skýrir sig að miklu leyti sjálft. Í 1. gr. segir, að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka verksmiðju til þörungavinnslu að Reykhólum við Breiðafjörð, og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót, og með þörungavinnslu sé með lögum þessum átt við starfsemi til framleiðslu á þang- og þaramjöli og öðrum skyldum afurðum fyrir innlendan og erlendan markað.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að ríkisstj. sé heimilt að kveðja til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda, en þó skuli aldrei minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hl. Það er kunnugt um innlenda aðila, sem hafa áhuga á aðild að þessu verkefni, og það eru þá fyrst og fremst aðilar, sem eru búsettir í námunda við Reykhóla. Í maí í vor var stofnað hlutafélag, sem nefnist Sjávaryrkjan h/f og hefur heimili og varnarþing að Reykhólum í Reykhólahreppi. Tilgangur þessa félags er að byggja og starfrækja verksmiðju að Reykhólum til þurrkunar á sjávargróðri og grænfóðri. Dagsetning stofnunar þess er 22. maí 1972, en í stjórninni eru Ingimundur Magnússon, Bragi Þórarinsson og Sigurður Karlsson. Upphæð hlutafjár í þessu félagi er 1.5 millj. og greitt hlutafé 600 þús. Mér er kunnugt um, að þessi aðili hefur áhuga á að taka þátt í þessu undirbúningsverkefni, og tel ég mjög svo mikilvægt, að þetta sé tengt við áhugaaðila heima fyrir.

Í 3. gr. eru svo ákvæði um skipun stjórnar í samræmi við það, sem áður hefur verið sagt. Og í 4. gr. segir svo: „Hlutafélagið skal athuga þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þara- og þangvinnslu að Reykhólum. Því skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þörungaverksmiðju og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn."

Í 5. gr. eru ákvæði um það, að ríkisstj. megi leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í þetta undirbúningsfélag og enn fremur að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum allt að 10 millj. kr. og að félaginu verði leyfð umferð og afnot af löndum og mannvirkjum o. s. frv.

Í 6. gr. eru ákvæði um, að stjórn þessa félags þurfi ekki að hlíta lögum um hlutafélög og þar megi hafa annan hátt á, ef skynsamlegt verður talið.

Þetta er meginefni frv. sjálfs, en í tengslum við það er rétt að geta þess, að til þess að gera rekstur þarna mögulegan, þarf hið opinbera að leggja í fjárfestingu vegna hafnarmannvirkja, vegagerðar, jarðhitavirkjunar og raflínu, sem áætluð er um 60 millj. kr., og vegna þessara

aðstæðna, sem ég lýsti áðan, eru allar líkur á því, að meginhluti þessa fjármagns yrði að koma til á næsta ári, ef talið verður skynsamlegt að leggja í þetta fyrirtæki. Því er okkur nokkur vandi á höndum einnig í sambandi við afgreiðslu fjárl. og framkvæmdaáætlunar að þessu sinni. Ég hygg, að það væri skynsamlegast að ríkisstj. óskaði eftir heimild Alþ. til sérstakrar fjáröflunar í þessu skyni, þegar þing verður kvatt saman eftir áramót, því að þá eiga að liggja fyrir þær athuganir, sem ég hef rætt hér um. En sem sagt, þarna mundi ríkið verða að taka á sig allverulegar almennar skuldbindingar til að búa í haginn fyrir fyrirtæki af þessu tagi, ef skynsamlegt verður talið að ráðast í það.

Þetta eru þau meginatriði, sem ég tel rétt að minnast á í sambandi við frv. sjálft. En mig langar einnig að fara nokkrum orðum um málið í heild. Ég tel, að með þessu frv. til undirbúnings þörungavinnslu á Reykhólum sé stigið merkilegt spor í áttina til hagkvæmrar nýtingar íslenzkra náttúruauðlinda, til eflingar íslenzku þjóðlífi í breiðri merkingu. Með því eru til lykta leiddar athuganir, sem staðið hafa, með nokkrum hvildum þó, í yfir 20 ár eða jafnvel mun lengur, ef fyrstu tilraunir til vinnslu eru taldar með. Að þessu verkefni hafa unnið ýmsar stofnanir, félög og einstaklingar, sumir hverjir af einstakri bjartsýni og þrautseigju, og má í því sambandi sérstaklega nefna Sigurð A. Hallsson efnaverkfræðing, sem hvað lengst hefur unnið að málinu sérfræðilega, svo og orkumálastjóra, sem um hríð kostaði þessar rannsóknir og Rannsóknaráð ríkisins, sem annazt hefur meðferð málsins fyrir hönd hins opinbera síðari ár, en þar hefur dr. Vilhjálmur Lúðvíksson haft forustu og beitt sérþekkingu sinni, dugnaði og raunsæi. Heimamenn í Reykhólasveit og nágrenni hafa einnig sýnt þessu máli mikinn áhuga og stutt það með ráðum og dáð.

Þeim, sem ekki þekkja til, kann að þykja sú grg. eða sú skýrsla, sem rannsóknaráð hefur skilað, sé heldur lítil eftirtekja af löngu starfi, sem margir aðilar hafa veitt lið. En sannleikurinn er sá, að ekki þarf einungis ötult starf, heldur líka heppni og sérstakar aðstæður á ákveðnum tíma, til þess að hið flókna samband milli hráefnis, orkulinda, vinnutækni, afurða, markaðs og markaðsverðs standi þannig, að forsendur séu til framkvæmda og arðbærrar framleiðslu. Þessar forsendur virðast einmitt nú vera tiltækar, og það tækifæri viljum við grípa. Þess vegna er frv. lagt fram í þessari mynd. Á það skal minnt hér, að hugmyndin, sem frv. miðar sérstaklega við, gerir ráð fyrir starfrækslu þangburrkunarstöðvar, þó að rannsóknir seinni ára hafi aðallega beinzt að nýtingu þara. Viðskiptalegar forsendur til vinnslu þara brugðust hins vegar, þegar til átti að taka, en þess í stað opnuðust markaðir fyrir þang. Á grundvelli þeirrar almennu þekkingar, sem aflazt hafði, svo og með tæknilegri aðstoð frá skozku fyrirtæki, Alginate Industries Ltd., sem óskaði eftir kaupum á þangmjöli héðan, hefur verið gerð áætlun, sem bendir til, að rekstur geti orðið hagkvæmur við þangvinnslu.

Ég sagði í upphafi, að hér væri um að ræða hagkvæma nýtingu á íslenzkum auðlindum til eflingar íslenzku þjóðlífi í breiðri merkingu. Í fyrsta lagi eru hér lögð drög að starfsemi, sem allar fyrirliggjandi upplýsingar benda til, að geti orðið arðbært fyrirtæki, sem á grundvelli innlendis hráefnis, orkulinda og vinnu skapar útflutningsverðmæti, sem nema allt að 140 millj. kr., þegar fullri stærð er náð. Í öðru lagi er með fyrirtæki þessu stefnt að uppbyggingu atvinnu á svæði, sem hefur öðrum svæðum fremur verið afskipt um atvinnuþróun og efnahagsuppbyggingu. Í þriðja lagi gæti með þeim opinberu framkvæmdum, sem rekstri þessum verða að fylgja, þ. e. hafnargerð, vegagerð og eflingu raforkukerfis, myndazt grundvöllur fyrir frekari uppbyggingu atvinnulífs og ekki sízt þjónustustarfsemi, sem þessi landshluti er sérstaklega fátækur af og háir honum svo mikið. Í fjórða lagi er hér stefnt að fyrirtæki, sem hagnýtir aðrar auðlindir þessa svæðis en áður voru nýttar á þann veg, sem væntanlega hvorki leiðir til rányrkju eða útrýmingar náttúruauðlegðar né spillingu þess umhverfis, sem því er ætlaður staður í. Í fimmta lagi er hér um að ræða fyrirtæki af þeirri stærð, sem við getum sjálfir ráðið við, þótt uppbygging þess sé í náinni samvinnu við væntanlega erlenda viðskiptaaðila og með tæknilegum stuðningi þeirra. Þannig sýnist mér, að í þessari framkvæmd sameinist mörg þjóðhagslega æskileg sjónarmið, sem flestir flokkar eru sammála um, þ. e. a. s. arðsemissjónarmið, svo og þjóðhagsleg, atvinnuleg, byggðaþróunarleg, vistfræðileg og hagpólitísk sjónarmið.

Í aths. með frv. er skýrt frá helztu niðurstöðum tæknilegra og hagrænna athugana á þangburrkunarstöð, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur látið gera, en þar er gert ráð fyrir, að verksmiðja, sem í upphafi getur framleitt 4000 tonn af þangmjöli á 7 mánaða starfstíma, kosti um 128 millj. í stofnkostnaði og geti framleitt þangmjöl með þeirri hagkvæmni, að miðað við tilboðsverð, sem liggur fyrir staðfest í fskj. II með frv., er áætlað, að um 10% endurheimt af stofnfé fáist, áður en skattar og vaxtagreiðslur fyrirtækisins eru reiknuð. Þetta mat á arðsemi er e. t. v. ekki einhlítt og kann að þykja í lægri mörkum í samanburði við sum áhættufyrirtæki. Þess ber þó að geta, að hér er einungis miðað við byrjunarstærðina 4000 tonn á ári, en viljayfirlýsingin frá hinu skozka fyrirtæki, sem ég vísaði áðan til, sýnir, að árleg aukning viðskipta getur numið 1500 tonnum, unz framleiðslan hefur náð 10 þús. tonnum á ári a. m. k. Slíkri stærðaraukningu fylgir jafnframt veruleg aukning á hagkvæmni. Einnig skal á það bent, að áætlunin er talin varleg, og þau verðtilboð, sem fengizt hafa, og þær athuganir, sem gerðar hafa verið, síðan áðurgreind áætlun var gerð, benda til, að nokkur lækkun geti orðið bæði á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði frá því, sem gert var ráð fyrir. Þannig virðist vissulega vera eftir nokkru að slægjast fjárhagslega, og ber á þessum grundvelli að halda ótrautt áfram frekari könnun og undirbúningi að stofnun fyrirtækis, ef svo fer sem horfir.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það á þessum stað, hversu hagkvæm þessi framkvæmd yrði í þeirri mynd, sem hún

nú er, fyrir þróun byggðar á þessu landssvæði. Hér yrði brotið nýtt blað í atvinnu- og efnahagslífi þessa svæðis og vinnuafli beint inn á svið, sem ekki hefur í för með sér frekari spennu til offramleiðslu, sem vissulega er tilhneigingin hjá núverandi aðalatvinnugrein á þessu svæði. Jafnframt er stuðlað að bættri aðstöðu fyrir annað athafnalíf á svæðinu, og ber sérstaklega að minna á þá þýðingu, sem ný höfn við norðanverðan Breiðafjörð gæti haft í þessu sambandi.

Reykhólar eru að mörgu leyti vel fallnir til uppbyggingar þéttbýliskjarna. Þeir eru sæmilega miðsvæðis, þar er jarðhiti nógur, og þar er nú verið að ljúka við fyrsta áfanga myndarlegrar skólabyggingar, sem vissulega yrði betur nýtt í fjölmennara plássi en þar er nú. Landrými í eigu ríkis er þar nægilegt, og mætti taka það til skipulagningar, ef með þyrfti. Öflun þangs og flutning á því til verksmiðju mætti stunda úr eyjum og af öðrum stöðum á þessu svæði, og gæti fyrirtækið þannig styrkt búsetu víðar en á Reykhólum. T. d. mætti hugsa sér Flatey í því sambandi.

Enda þótt núverandi áætlanir miðist við 4000 tonna ársframleiðslu af þangmjöli og fyrir liggi spár um framleiðsluaukningu upp í 10 þús. tonn á ári, eru engar líkur á því, að vinnsla þörunga við Breiðafjörð og jafnvel víðar stöðvist við það mark. Hér er fyrst og fremst verið að ryðja brautina. Þótt ekki liggi fyrir neinar tölur um hugsanlega þanguppskeru af Breiðafjarðarsvæðinu og þær tölur geti ekki orðið til, fyrr en reynsla hefur fengizt af þangöflunaraðferðum og áhrifum þeirra á endurvöxt þangs, má þó búast við því, að heildaruppskerumagnið geti orðið meira en þessu nemur. Þess vegna er einnig æskilegt að athuga aðra markaði fyrir þangmjöl en hið skozka fyrirtæki býður. Má í því sambandi geta um mjög hagstæða þróun, sem er að verða á notkun þangmjöls sem áburðarefnis í lífræna áburðarblöndu fyrir garðyrkjubúskap í Bandaríkjunum. Hér er um að ræða ákveðna þróun í átt til notkunar alhliða lífrænna áburðarefna í stað einhæfra kemískra áburðarefna, sem annars tíðkast mest. Einnig má benda á, að enda þótt hinar margvíslegu forsendur þörungavinnslunnar hafi nú loks krystallazt í því að gera þangþurrkun hagkvæma, er engan veginn loku fyrir það skotið, að hinn rétti rammi verði ekki líka fundinn fyrir nýtingu annarra þörungategunda. Þari og þangmjöl til manneldis eru t. d. vel hugsanlegar afurðir, sem hagkvæmt geti verið að vinna, sérstaklega með aðstoð jarðhita, þótt ekki yrði það í jafnstórum mæli og þangþurrkunin er áætluð. Þangmjöl það, sem selja á til Alginate Industries, er hráefni til framleiðslu á alginsöltum, sem notuð eru í margs konar nútímaiðnaði, þar sem hafa þarf áhrif á flæðieiginleika vökva og hlaupkenndra eða deigkenndra efna. Sú spurning vaknar því, hvort ekki sé hægt að framleiða alginsöltin hérlendis. Nánari könnun á þessu atriði leiðir þó í ljós, að slíkt yrði ekki hagkvæmt á þessu stigi af eftirgreindum ástæðum.

Til að halda velli á alginmörkuðum, þar sem mjög hörð samkeppni ríkir, þarf að hafa á boðstólum mikinn fjölda mismunandi gerða af alginsöltum. Slíkur fjöldi gerða fæst ekki nema úr blöndun margra tegunda af þörungum úr fjarlægum heimsálfum með mjög nákvæmum og leyndarvernduðum aðferðum. Alginate Industries framleiðir t. d. yfir 200 mismunandi gerðir. Til að fylgjast með rekstrinum og þróa ný not hefur skozka fyrirtækið 40 þjálfaða sérfræðinga og tæknilega aðstoðarmenn í þjónustu sinni. Í annan stað þarf til framleiðslu alginsalta mikið magn af sóda og kalsíumklóríði, sem yrði að flytja inn, og væri það óhagstætt fyrir samkeppnisaðstöðuna hérlendis. Ekki er þó þessi möguleiki alveg útilokaður, því að ef farið yrði að framleiða kalsíumklóríð sem aukaefni í saltverksmiðju á Reykjanesi og e. t. v. síðar sóda sem aukaefni í magnesíumverksmiðju samkv. sjóefnavinnsluhugmyndunum, þá gætu myndazt hagrænar forsendur til framleiðslu hálfunninna alginsalta, sem síðan yrðu notuð til endanlegrar framleiðslu blöndunar í verksmiðjum Alginate Industries Ltd. í Skotlandi. Það hjálpar hér til, að gífurlegt vatnsmagn þarf til þessarar framleiðslu, og mun tiltækilegt vatnsmagn verulega takmarka stækkunargetu hins skozka fyrirtækis á núverandi framleiðslustöðum, og gæti þá reynzt hagkvæmt að hafa hluta vinnslunnar hér á Íslandi í náinni samvinnu við það fyrirtæki.

Þá er ekki heldur að vita, hvaða aðrar afurðir mætti framleiða úr þörungum, og er þess að vænta, ef það fyrirtæki, sem hér er verið að undirbúa, kemst upp, að þá verði rannsóknum á vöruþróun á þessu sviði gefinn mikill gaumur. Þetta tækifæri, sem hér býðst, er þannig vonandi stökkpallur til mun víðtækari nýtingar sæþörunga. Tilboð skozka fyrirtækisins opnar möguleika til að hefja starf í svo stórum stíl, að hægt sé að gera þær bætur á aðstöðu og koma því skipulagi á öflun hráefnis og útskipun afurða, sem nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarhagkvæmni þessarar starfsemi. Þegar sú aðstaða er fengin, geta aðrir möguleikar fylgt í kjölfarið.

Eins og ég minntist á áðan, þarf hið opinbera að koma upp þeirri aðstöðu á Reykhólum, sem gerir rekstur af þessari stærð mögulegan. Þannig verður nauðsynleg vegagerð frá Reykhólum og að fyrirhuguðu verksmiðjusvæði í Karlsey undan Reykhólum. Þá þarf að byggja bryggju við Karlsey, leggja þriggja fasa raflínu, sem annað getur orkuþörf fyrirtækisins, og bora eftir heitu vatni og veita því til verksmiðjunnar. Eins og ég nefndi áðan, bendir lausleg byrjunaráætlun til þess, að þessar framkvæmdir kosti um 60 millj. kr.

Nú kann að vera álitamál, hvernig líta beri á hagkvæmni svona framkvæmda af hálfu hins opinbera. Reiknað er með því, að fyrirtækið greiði einungis jarðvarmaveituna að fullu aftur samkv. reikningi fyrir varmanotkun. Not af raflínu, höfn og vegi að henni yrðu hins vegar svo almenn, ef að líkum lætur, að ríkisstj. telur verjanlegt, að í slíkar framkvæmdir verði ráðizt, þótt einungis verði greitt fyrir afnot af höfn í formi venjulegra hafnargjalda og raforka keypt á því verði, sem gildir á þessu svæði.

Eins og ég sagði áðan, mun ríkisstj., ef allt fer svo sem menn gera sér vonir um núna, leita heimildar Alþ. til fjáröflunar í þessu skyni á síðara stigi. Eins og ég hef lagt mikla áherzlu á, eru tímamörk þau, sem tilboð hins skozka fyrir-

tækis gerir ráð fyrir, mjög naum og þess vegna tæplega ráðrúm til svo ítarlegrar meðferðar af hálfu hins opinbera og menn hefðu e. t. v. viljað. En af þeim ástæðum, sem ég rakti áðan, að frekari dráttur gæti aftur eyðilagt þær viðskipalegu forsendur, sem nú hafa opnazt til vinnslu þangs, hefur ríkisstj. ákveðið að hraða meðferð málsins eftir föngum, m. a. með því undirbúningsfyrirtæki, sem gert er ráð fyrir í frv. Með stofnun slíks fyrirtækis ætti að vera unnt að framkvæma það tæknilega undirbúningsstarf, sem nauðsynlegt er til að fá staðfestingu á rekstrargrundvelli þangþurrkstöðvar og búa allt í haginn fyrir framkvæmdir, ef jákvæð ákvörðun er tekin um stofnun endanlegs fyrirtækis til byggingar og rekstrar slíkrar stöðvar.

Ég geri mér vonir um, að þetta frv. njóti svo almenns stuðnings hér á hinu háa Alþ., að það verði unnt að afgreiða það sem lög fyrir jólaleyfið. Þar er vissulega farið fram á mikið, og þetta er ekki framkvæmanlegt, nema til komi góður vilji þm. úr öllum flokkum, og ég vil leyfa mér að óska eftir því, að slík samstaða gæti tekizt hér á hinu háa Alþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að lýsa ánægju minni með þau skjótu vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessu máli og hæstv. iðnrh. Hæstv. ráðh. hefur lýst því ítarlega í ræðu sinni, hvers vegna þessi vinnubrögð eru svo nauðsynleg, og skal ég forðast að endurtaka það, en vil aðeins í örfáum orðum undirstrika nokkur atriði þessa máls.

Mér hefur virtzt bera á því nokkuð í umr. um málið, m. a. í blöðum, að misskilningur ríki um þörungavinnsluna, grundvallarmisskilningur, sem vill oft leiða til þess, að niðurstöður verða þá rangar. Svo virðist sem margir geri sér ekki grein fyrir því, að þörungar eru margs konar. Ber þar að sjálfsögðu mest á tveimur tegundum, þ. e. a. s. þara og þangi, sem er iðulega ruglað saman. Eins og hæstv. iðnrh. rakti, hafa rannsóknir á vegum raforkumálastjóra og síðar orkumálastjóra og loks Rannsóknaráðs ríkisins fyrst og fremst beinzt að þaravinnslu. Þarinn er þörungur, sem vex nokkuð djúpt og getur orðið æði hávaxinn, e. t. v. nokkrir metrar. Úr þaranum eru unnin alginsölt, eins og ráðh. rakti. Þangið vex hins vegar grunnt á fjörum, er ekki nálægt því eins hávaxið. Úr því eru einnig unnin svipuð sölt, en sölt þessi hafa öll nokkuð breytilega eiginleika, og ræður það miklu um markaðsmöguleika. Það eru einnig tölvert meiri erfiðleikar í meðferð þarans heldur en þangsins. Þarinn hefur meiri raka, og þurfa þurrktæki að vera stærri og flóknari við vinnslu þara en þangs. Þetta eru aðeins örfá orð til að skýra þennan mismun.

Þari og þang vex hvort tveggja mjög ríkulega á Breiðafjarðarsvæðinu og má segja, að hvort tveggja hefði átt að skoðast fyrr. En staðreyndin er sú, að af ýmsum ástæðum beindist athyglin fyrst og fremst að þaranum allt fram á haustið 1970, þegar við getum sagt, að botninn hafi dottið úr þeim rannsóknum, vegna þess að markaðurinn fyrir þarann reyndist lakari en við höfðum gert ráð fyrir, en hins vegar betri fyrir þangið. Þetta eru grundvallaratriði, sem ég vil, að menn geri sér grein fyrir. Skýrsla rannsóknarráðs hefur e. t. v. stuðlað að þessum misskilningi, þar sem hún nefnist þang- og þaraþurrstöð á Reykhólum við Breiðafjörð, en í raun og veru er þar um tvö verkefni að ræða.

Meginforsendur þangverksmiðjunnar við Breiðafjörð, að Reykhólum, eru — við getum sagt þrjár: Í fyrsta lagi mjög góð þangmið við Breiðafjörð. Sumir fullyrða, að þau séu með þeim mestu, sem þekkjast. Í öðru lagi jarðhiti á Reykhólum. Og í þriðja lagi vil ég nefna markaðsforsendurnar. Allt þetta og tækniþættir, sem tengja þessar forsendur saman, þarf að haldast í hendur. Markaður fyrir þang og raunar þara einnig er að vísu nokkuð stór, en þó ekki í höndum margra fyrirtækja. Þang hefur lengi verið þurrkað fyrst og fremst við sól, og hafa lengi verið unnin úr því alginsölt, en líklega eru fyrirtækin, sem framleiða þá lokavöru, sem ráðh. lýsti, ekki fleiri en 4—5 og sum þeirra mjög veik. Stærstu fyrirtækin eru fyrirtækið Alginate Industries í Skotlandi og amerískt fyrirtæki, sem Kelco heitir. Markaðsforsendurnar eru því mjög ráðandi í allri framgöngu þessa máls. Og ég vil undirstrika það, sem hæstv. ráðh. nefndi, að svo vill til nú, að mjög góðir samningar að okkar mati bjóðast við annað af þessum stóru fyrirtækjum, Alginate Industries, um kaup á allri framleiðslu þessarar verksmiðju. Þetta fyrirtæki er á hnotskóm eftir auknu hráefni til framleiðslu sinnar og þarf að fá afgreidd 4000 tonn þegar á árinu 1974, ef áætlanir fyrirtækisins um aukningu framleiðslu þess eiga ekki að riðlast. Því hafa forstöðumenn fyrirtækisins lagt á það ríka áherzlu, að þeir þurfi að vita nú þegar á þessum vetri, hvort unnt megi reynast að standa við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um framleiðslu á þangmjöli að Reykhólum. Ef það tekst ekki vil ég ekki fullyrða, að málið sé þar með úr sögunni, en ég vil leyfa mér að fullyrða, að það getur orðið æðilöng bið, þar til svo hentugur markaður fæst að nýju sem nú býðst.

Ég vil upplýsa í þessu sambandi, að á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hefur verið haldið áfram eins og unnt er söfnun upplýsinga. M. a. hefur ráðinu borizt tilboð frá þýzku fyrirtæki í þurrktæki í slíka verksmiðju, og það er ánægjulegt, að allar þær upplýsingar, sem borizt hafa, benda til, að sú áætlun, sem sett hefur verið fram, sé fremur of íhaldssöm heldur en haldin of mikilli bjartsýni. Sömuleiðis hefur fyrirtækið Alginate Industries sett sérstakan mann í að fylgjast með þessu máli og aðstoða við það. Þær upplýsingar, sem hann hefur safnað og eru mikilvægar, benda í sömu átt. Það er því skoðun okkar, sem þekkjum þetta mál, að allar niðurstöður muni reynast fremur jákvæðar heldur en hitt, þegar málið er skoðað í heild sinni.

Tilgangurinn með þessu undirbúningsfyrirtæki, eins og hæstv. ráðh. rakti, er að sjálfsögðu sá, að fyrirtækið sé fyrir hendi, þegar athuganir, sem nú fara fram á vegum rn., liggja fyrir, þannig að þá þurfi engin töf að verða á frekari framgangi málsins. Fyrir þessa málsmeðferð vil ég sérstaklega þakka og lýsa ánægju minni.

Ég vil einnig leggja áherzlu á það, að gott samstarf hefur verið við alla meðferð þessa máls við heimamenn, sem hafa stofnað eigið fyrirtæki, að vísu tölvert smærra í sniðum en gert er ráð fyrir um það fyrirtæki, sem framleiðir og selur til útflutnings og um er rætt nú. En það fyrirtæki, sem þeir hafa stofnað, getur að mínu viti orðið ágætur kjarni að virkri þátttöku heimamanna í rekstri stærra fyrirtækisins. Ég vil upplýsa það, að ég hef margsinnis átt viðræður við formann þess fyrirtækis, og hefur hann og stjórnarmeðlimir þess fylgzt vel með gangi málsins og lýst ánægju sinni með þann hraða og þá meðferð, sem það hefur fengið.

Ég vil einnig undirstrika það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að mál sem þetta, þótt e. t. v. sé það ekki mjög stórt, mælt sem eining í þjóðarbúinu í heild, getur riðið baggamuninn fyrir byggðarlag eins og það, sem hér á hlut að máli. Það er ljóst, að á eftir þessu mun fleira fylgja. Þarna skapast mjög góð aðstaða til frekari iðnaðar. Þarf enginn að efast um það, það sýnir okkur margendurtekin reynsla, að slíkur kjarni sem þessi mun draga annað að sér. Það er einnig á þeirri forsendu, sem ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt, að hið opinbera leggi ríflegt fjármagn fram til þess að skapa þá aðstöðu, sem nauðsynleg er hvers konar iðnaði.

Í þeirri skýrslu, sem minnzt hefur verið á frá Rannsóknaráði ríkisins, er að vísu gerð tilraun til að meta tekjur hins opinbera af þessum rekstri. Þótt ég geri enga aths. við þá útreikninga, vil ég, að það komi fram, að ég lít ekki á þá sem neitt meginatriði í þessu máli. Það má lengi um þennan þáttinn deila. Þessar tekjur hins opinbera eru fyrst og fremst opinber gjöld, sem slíkur rekstur mundi greiða, og ekki sízt sá fjöldi manna, sem þar mundi vinna. En vitanlega má halda því fram, að þær tekjur hefðu fengizt á öðru sviði, ef ekki þarna. En við höfum þess fjölmörg dæmi, nánast við hverja framkvæmd á sviði iðnaðar, sérstaklega úti í dreifbýlinu, að af opinberri hálfu hefur verið nauðsynlegt og talið sjálfsagt að leggja fram fjármagn til grundvallarframkvæmda. Ég vil því jafnframt lýsa ánægju minni með þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. er reiðubúin til að afla þess fjármagns, sem þarf til opinberra framkvæmda í þessu sambandi, þegar sýnt er, að fyrirtækið er arðvænlegt og ákveðið að halda áfram þessu máli.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. upplýsti, að það er erfitt að komast inn í þá lokaframleiðslu, sem hér er um að ræða, af þeim ástæðum, sem hann rakti. Ég bind þó nokkrar vonir við það, að þetta fyrirtæki geti orðið grundvöllur að þeirri millframleiðslu, sem hann nefndi, og það mundi þýða verulega aukna verðmætasköpun á þessu sviði.

Ég vil svo með þessum orðum enn á ný lýsa ánægju minni með meðferð málsins, og ég vil jafnframt heita því sem formaður iðnn. þessarar hv. d., að málinu mun verða hraðað þar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa mikilli ánægju minni með það, að þetta frv. skuli vera fram komið. Hér er um að ræða mikið og merkilegt mál. Það er merkilegt mál frá almennu sjónarmiði, og það er mikið mál frá sjónarmiði þeirra byggðarlaga, sem koma til með að njóta þeirra framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir. Ég get tekið að öllu leyti undir ástæður þær, sem hæstv. iðnrh. taldi fram máli þessu til stuðnings. Þetta er frá mínu sjónarmiði svo augljóst mál, og ég skal ekki fara að tefja hér umr. með því að fara að endurtaka einstök atriði, sem hæstv. ráðh. taldi fram í þessu sambandi.

Ég vil samt ekki láta hjá líða að geta þess, að mér finnst, að hér sé um nokkurt framhald að ræða af þeim fyrirætlunum, sem uppi voru og ákveðnar voru á sínum tíma um Vestfjarðaáætlun. Þegar ákveðið var að fara út í samgönguþátt Vestfjarðaáætlunar árið 1964 og framkvæmdir hófust 1965, var gert ráð fyrir, að þar yrði aðeins um fyrsta þátt að ræða í alhliða uppbyggingu Vestfjarða. Síðan kæmu til framkvæmda aðrar hliðar hinnar alhliða uppbyggingar, svo sem atvinnumál, félagsmál, menningarmál o. s. frv. Því miður hefur orðið óeðlileg töf á framkvæmd við framhald Vestfjarðaáætlunarinnar og ég skal ekki fara að rekja það mál hér. En mér sýnist, að hér sé einmitt um slíka framkvæmd að ræða, að hún hefði verið verðugt viðfangsefni fyrir Vestfjarðaáætlun. Auðvitað kemur hún að sama gagni, þó að hér hafi ekki verið nefnd Vestfjarðaáætlun í sambandi við framkvæmd þessa máls. En með þessum orðum vil ég undirstrika það, sem hæstv. ráðh. sagði raunar, hve mikla þýðingu málið hefur frá byggðasjónarmiði.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það eru margháttuð ytri skilyrði á Reykhólum til þess, að þar myndist byggðakjarni. Það er augljóst mál, hvaða þýðingu þessi framkvæmd, sem hér um ræðir, hefur fyrir slíka þróun á Reykhólum. En hæstv. ráðh. benti líka réttilega á, að þetta mál hefði áhrif á þróunina í Breiðafjarðareyjum, og nefndi sérstaklega Flatey. Ég vil vekja athygli á í því sambandi og með tilliti til þess, að hæstv. ráðh. vék að hugsanlegum möguleikum á að útvíkka þessa starfsemi, sem nú er talað um, ef það fæst aukinn erlendur markaður fyrir þessa framleiðslu, að þá geti eins komið til greina í framtíðinni að athuga möguleika á slíkri verksmiðju t. d. í Flatey. Það segja mér kunnugir menn, að það séu allar líkur á því, að ef borað er, fáist þar heitt vatn. En þar eru líka hafnarmannvirki fyrir hendi, og þar eru þang- og þaranámurnar jafnvel nærtækari en á öðrum stöðum. Ég vek aðeins athygli á þessu að gefnu tilefni til þess að sýna fram á, hve miklir möguleikar kunna að vera í þessu efni og framhaldi þessara framkvæmda, ef vel tekst til á Reykhólum, sem ég að sjálfsögðu vonast til.

Það hefur komið fram hér hjá hæstv. ráðh. og síðasta ræðumanni og grg. frv. ber það með sér, að það er lengi búið að vinna að þessu máli eða allt frá því um 1950. Ég skal ekki fara að rekja þá sögu. En mér þykir eðlilegt að undirstrika, hvað einn maður, Sigurður V. Hallsson verkfræðingur, hefur unnið mikið og merkilegt starf í þessu efni. Þessi maður er búinn að vinna að þessum málum, margháttuðum rannsóknum, athugunum og tilraunum, í 15 ár. Það er langur tími og oft og tíðum og langtímum saman hefur það svo verið, að hann hefur virzt vinna að þessu

að eigin frumkvæði. En þegar farið er að vinna að þessum málum í upphafi, er það Rannsóknaráð ríkisins, sem kemur þar við sögu strax 1950 og aftur á síðari árum, en á árunum 1968—1970 vann Sigurður V. Hallsson að þessum málum í samvinnu við rannsóknaráð og Orkustofnun.

Ég vil líka láta þess getið, að þó að Sigurður V. Hallsson verkfræðingur hafi unnið svo mjög með eigin framtaki að þessu máli, hafa að sjálfsögðu fyrir utan rannsóknaráð og Orkustofnun, — ég segi að sjálfsögðu, — aðrir aðilar komið þarna við sögu. Vísindasjóður mun t. d. hafa veitt styrk til Sigurðar í sambandi við þetta mál, enn fremur fiskimálasjóður og loks Atlantshafsbandalagið í sambandi við grundvallarrannsóknir á þara og þangi. Sigurður V. Hallsson hefur svo haft samband við Alginate Industries í Skotlandi í 11 ár. Á þessum tíma hefur hann unnið að ýmiss konar athugunum og sent þessu fyrirtæki sýnishorn af þangi og þara.

Ég bendi aðeins á þetta vegna þess, að þetta er gleðilegur vottur þess, hvernig framtak og brautryðjandastarf einstakra áhuga- og kunnáttumanna getur miklu áorkað og komið miklu til leiðar. Mér finnst, að þetta sé dæmi um slíkt.

Af þessum ástæðum og ég vil segja mjög fyrir áhrif frá Siðurði V. Hallssyni hefur eðlilega myndazt mikill áhugi á þessum málum í héraði. Vegna þess áhuga var stofnað hlutafélagið Sjávaryrkjan á s. l. vori, eins og hæstv. ráðh. gat um. Þetta sýnir bæði skilning og áhuga heimamanna. Og svo mikið sem allur almenningur og þjóðin í heild á undir þessu máli, þá eiga heimamenn að sjálfsögðu ekki minnst undir því, að framgangur þess verði góður og heillavænlegur. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því, eins og raunar er sjálfsagt, að þessi félagsskapur heimamanna geti átt hlutdeild í því hlutafélagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að verði stofnað. Ég vil skjóta því fram, að mér finnst eðlilegt, að þetta félag hafi forgangsrétt að hlutafé. Ég geri raunar ráð fyrir, að það verði auðvelt að verða við því í framkvæmd.

Um einstök atriði frv. skal ég ekki fara að ræða. Frv. kemur til n., sem ég á sæti í. Það er kannske spurning, hvort það sé rétt að hafa það ákvæði bindandi í lögum, að ríkið skuli hafa meiri hluta í þessu félagi. Mér finnst, að það sé eðlilegt, að ef ríkið leggur fram meiri hl., þá sé það svo. En ef svo kynni að vilja til, að fjármagn gæti borizt eftir öðrum leiðum, finnst mér eðlilegt, að þeir, sem leggja fram meginhluta fjármagnsins, hafi meiri hl. í félaginu. Ég segi nú aðeins, að þetta kemur til greina. Ég er ekki að gera þetta að till. minni nú.

Af sömu ástæðum kann það að orka tvímælis, hvort rétt er að taka fram í frv., að ríkið eigi að eiga 51%. Mér finnst, að það kunni að vera eins eðlilegt að láta það ósagt, láta það ráðast. Hins vegar tel ég, eins og gert er ráð fyrir, að það sé ekki eðlilegt, að erlendir fjármagnseigendur eigi meiri hl., hvorki í félaginu né í stjórninni. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri sniðið, ef ég hef skilið rétt, eftir löggjöf, sem hefur verið sett til undirbúnings oliuhreinsunarstöðvar, og það kann að vera, og auðvitað er það svo, að það er nokkur trygging fyrir því, að það sé farið rétt að í uppbyggingu þessa frv., ef það er gert á sama hátt og fyrrv. ríkisstj. gekk frá frv. og lögunum um oliuhreinsunarstöðina. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðh. um það. (Gripið fram í.) Ráðh. segir, að hann hafi flutt brtt., sem hafi verið samþ., og þetta sýnir einungis, að lengi má gott bæta. En ég byrjaði þessi orð mín með því að lýsa mikilli ánægju yfir framkomu þessa frv., eins og það er lagt fram. Og ég vil leggja áherzlu á það, eins og hæstv. ráðh. gerði, að máli þessu verði flýtt, af þeim ástæðum, sem hann taldi fram. Ég vil einungis segja það í því efni, að ég mun gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að málið fái fljótan og greiðan framgang gegnum þingið. Málið er þess eðlis, að það á ekki að þurfa að eyða löngum tíma í afgreiðslu þess, málið er þjóðnytjamál, og það þolir ekki bið. Ég tek undir óskir um, að það fái greiðan framgang.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, en mér sýnist nauðsynlegt bæði að undirstrika og taka undir ýmislegt af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og sömuleiðis að leiðrétta smámisskilning, sem mér finnst koma þar fram. Mér finnst rétt, að ég geri það, þar sem ég hef verið ábyrgur fyrir meðferð þessa máls undanfarin síðustu ár í starfi mínu sem opinber starfsmaður.

Í fyrsta lagi held ég, að það sé vafasamt að gefa vonir um, að frekari rekstur sem slíkur geti orðið í Flatey. Ég held, að það sé fjölmargt, sem mælir gegn því. Vil vekja athygli á því, að í fyrri áætlunum var gert ráð fyrir því, að þang yrði þurrkað að Reykhólum og síðan flutt út í Flatey og umskipað þar og sett í annað og stærra skip, en við itarlegar athuganir á þeirri meðferð reyndist hún alls ekki arðbær og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir útskipunarhöfn eða bryggju við verksmiðjuna á Reykhólum. Ég vil taka það fram, að ég mundi sízt hafa á móti því, ef slíkt gæti orðið í Flatey, en ég held, að ég megi fullyrða, að athuganir sem hafa beinzt að þessu, hafa ekki verið jákvæðar.

Einnig sýnist mér sjálfsagt, eins og ég sagði áðan, hafandi veitt þessu nokkra forstöðu, að taka undir það, sem sagt hefur verið um fjölmarga ágæta menn, vísindamenn, sem að þessu máli hafa starfað. Má þar raunar nefna menn eins og prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson, sem vann að því á fyrstu árunum, þegar það var hjá rannsóknaráði. En enginn maður hefur unnið af eins mikilli þrautsegju að þessu máli og Sigurður V. Hallsson verkfræðingur, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni. Hann gerði það fyrst sem starfsmaður Raforkumálaskrifstofunnar, síðan sem ráðgefandi verkfræðingur á vegum þeirrar skrifstofu, og Orkustofnunarinnar og loks á vegum rannsóknaráðs. Ég vil leggja á það ríka áherzlu, að eina ástæðan fyrir því, að Sigurður V. Hallsson vann ekki að þeirri áætlanagerð, sem nú er lögð fram um þangverksmiðjuna, er sú, að hann óskaði ekki sjálfur eftir því, hann hafnaði því og kaus að vinna að þessu máli eftir öðrum leiðum, og hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Það var af þeirri ástæðu, að rannsóknaráð varð að fela starfsmanni sínu, dr. Vilhjálmi Lúðvíkssyni,

að annast þetta mál í stórum ríkara mæli en gert hafði verið ráð fyrir. Sömuleiðis var leitað til Rannsóknastofnunar iðnaðarins um vissar tilraunir, og ég vil einnig, að það komi fram, að starfsmenn þeirrar stofnunar inntu þær af höndum með mestu ágætum og eru niðurstöður, sem þaðan fengust, grundvallarupplýsingar í öllu þessu máli. Þetta er aðeins til nánari upplýsinga, sem mér þótti rétt, að hér lægju fyrir.

Það er einnig rétt hjá síðasta hv. ræðumanni, að ýmsir aðilar hafa styrkt þetta mál. Má bæta atvinnujöfnunarsjóði við upptalningu hans. Hins vegar held ég, að það sé misskilningur að ætla, að Atlantshafsbandalagið hafi styrkt þetta mál sem slíkt með styrk af síðasta ári til almennrar undirstöðuathugunar á þörungagróðri við strendur landsins. Með þeim styrk, sem er veittur dr. Sigurði Jónssyni og Sigurði V. Hallssyni, er einmitt lögð á það áherzla, að sá styrkur er ætlaður til grundvallarrannsókna, en ekki til rannsókna á hinu hagnýta sviði, sem hér er fyrst og fremst um að ræða. En það er fjarri mér að vera á nokkurn máta að draga úr mikilvægi þess styrks. Allar grundvallarupplýsingar um þörungagróður við strendur landsins eru að sjálfsögðu mikilvægar, þó að ekki séu þær í beinum tengslum við það hagnýta markmið, sem að var unnið með þangþurrkunarstöð á Reykhólum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. einnig, að lengi hafa verið tengsl við Alginate Industries, en áhugi á þangi héðan kom ekki fram verulega fyrr en á s. l. ári. Ég vil einnig, að það komi hér fram, að fulltrúi frá Alginate Industries kom hingað til lands fyrir áeggjan Sjávaryrkjunnar hf., sem þá hafði verið stofnuð. En rannsóknaráð var þá einnig í málinu og kom inn í það í vaxandi mæli á eftir, þegar ljóst var, að umsvif þessa máls öll væru langtum meiri en það fyrirtæki, þótt ágætt sé, fengi ráðið við. Ég vil leggja á það áherzlu, að það var í fullu samráði við forustumenn Sjávaryrkjunnar hf. Og ég tek undir það, að það fyrirtæki, eins og ég hef sagt áður, er mikilvægur þáttur í þessu máli. En ég hygg, að enginn geri sér betur grein fyrir því en heimamenn, sem að þessu fyrirtæki standa, að þeir hafa hvergi nærri bolmagn til þess að ráða við svo stórt fyrirtæki sem hér um ræðir, enda höfðu þeir það ekki í huga, þegar það fyrirtæki var stofnað, og hafa hvað eftir annað lagt á það ríka áherzlu í mín eyru. Ég tel mjög mikilvægt, að þeir taki þátt í þessu, en vil, að það komi fram, að í viðræðum, sem ég hef átt við stjórn þess fyrirtækis, hafa þeir lagt á það sjálfir ríka áherzlu, að eignarhluti hins opinbera verði mjög mikill og a. m. k., eins og þeir orðuðu það, verði hið opinbera og heimamenn með meiri hl. í þessu fyrirtæki. Kemur þar fram afar svipað sjónarmið og var ríkjandi um Kísiliðjuna við Mývatn. Þar óskuðu heimamenn einnig eftir slíku fyrirkomulagi. En þetta verður að sjálfsögðu til nánari athugunar, þegar væntanlegt fyrirtæki verður sett á stofn, og ég veit, að við vonumst til, að úr því verði.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa. Ég vil aðeins segja að lokum, að það þarf að mínu viti dálítið mikið ímyndunarafl til að tengja þessa verksmiðju Vestfjarðaáætlun, en sumir hafa það. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég harma það einnig, að Vestfjarðaáætlun hefur dregizt. Vonandi verður unnt að hraða atvinnuþætti Vestfjarðaáætlunar á næstunni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagðist vilja leiðrétta smámisskilning. Ég hef í raun og veru ekki mikið að segja. Það er kannske smáleiðrétting á þessum leiðréttingum hv. þm.

Hv. þm. sagði, að það væri vafasamt að ræða um Flatey í þessu sambandi. Það hefði verið gerð tilraun í sambandi við Flatey með því að þurrka þang á Reykhólum og flytja til Flateyjar. Þetta er sjálfsagt rétt. En þetta breytir engu um það, sem ég sagði. Ég byggði á því, sem hv. þm. sagði sjálfur, að væru höfuðrökin fyrir því, að þessi starfsemi, sem um er að ræða, gæti verið rekin, þ. e. a. s. að það séu fyrir hendi þörungamið, það sé jarðhiti og það sé markaður. Þegar ég var að tala um Flatey, lá það í orðum mínum, að það kæmi ekki til greina, nema þessar ástæður allar væru jafngóðar eða þá betri í Flatey, þ. e. a. s. að þar sé ekki lengra að sækja til þörungamiðanna og þar sé líka jarðhiti. Hér hefur hv. þm. nokkuð misskilið það, sem um var að ræða.

Hv. þm. sagði, að Sigurður V. Hallsson hefði hafnað að vinna að áætlanagerð Rannsóknastofnunarinnar. Ég leyfi mér að halda fram, að hér sé ekki nákvæmlega greint frá, en ég skal ekki ræða þetta mál frekar á þessum vettvangi.

Þá var einn misskilningurinn, sem hv. þm. taldi vera í mínu máli, varðandi sjálft Atlantshafsbandalagið. Hann sagði, að Atlantshafsbandalagið hefði veitt styrk til grundvallarrannsókna á þörungum og þanggróðri. Þetta er nákvæmlega það sama og ég tók fram. Ég tók þetta fram um Atlantshafsbandalagið eitt þeirra aðila, sem ég nefndi, þannig að hér er enn einn misskilningur hjá hv. þm.

Þá vék hv. þm. að spurningunni um meiri hl. í væntanlegu hlutafélagi og orðaði það svo, að heimamenn teldu sjálfsagt, að þeir og hið opinbera eða ríkið hefðu meiri hl. í félaginu, sem stofna á. Ég er algerlega sammála heimamönnum og hv. þm. í þessu efni, og ekkert, sem ég sagði, hnikar þessarri skoðun, þvert á móti.

Þá kem ég að rúsínunni í pylsuendanum. Hv. þm. sagði, að það þyrfti mikið ímyndunarafl til að láta sér koma til hugar Vestfjarðaráætlun í þessu sambandi. Já, það þarf mikið ímyndunarafl kannske frá sjónarmiði sumra. En það þarf ekki, þegar um Vestfirðinga er að ræða, og Vestfirðingar hefðu ekki heldur þurft skýringu hv. þm. á mun á þara og þangi. Allir Vestfirðingar hefðu farið að hlæja að hv. 1. þm. Vestf. fyrir að vera að koma með slíka skýringu, og þeir munu líka hlæja að þessari aths. um Vestfjarðaáætlunina.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð til lýsa fylgi við fram komið frv. og þá ánægjulegu stefnu hjá hæstv. iðnrh. að tala svo vel fyrir slíku frv. Ég man eftir því, þegar fylgt var úr hlaði frv. um kísilgúrinn og breytingum á fjármögnun við þann rekstur, að þá voru ekki allir á einu máli um þau vinnubrögð. En nú hefur hæstv. ráðh. lært af reynsl-

unni. (Gripið fram í.) Nei, þegar viðbótin kom um fjármögnunina, þá var hv. þm. og ráðh. kominn inn á Alþ. (Gripið fram í.) Það voru ýmis orð látin falla, sem hægt væri að fletta upp í, en ég ætla ekki að gera það í þetta skipti. Ég bara lýsi ánægju minni yfir þeirri hugarfarsbreytingu, sem hæstv. ráðh. hefur tekið, og það munu áreiðanlega fleiri taka eftir þeirri hugarfarsbreytingu. Nú er ekkert að því að hafa erlent fjármagn til hjálpar við eðlilega uppbyggingu.

Ég vil einnig undirstrika það mjög, að ríkinu beri að eiga hér meiri hl. Ríkið verður að koma þessu fyrirtæki af stað raunverulega, aðrir hafa ekki til þess bolmagn. Það hefur a. m. k. ekki komið fram. Upphæðin er að vísu ekki mikil, og sú viðmiðunartala, um 128—130 millj., sem stofnkostnaður er ráðgerður, er ekki stærri en sú tízkutala í dag, sem talað er um, þegar allir eru að sækja um einhverja fjárveitingu, þ. e. a. s. miðað við togaraverð, þannig að sumum mundi ekki vaxa það í augum. Engu að síður er þetta svo há tala, a. m. k. gagnvart heimamönnum, að þeir munu ekki ráða við hana. Þess vegna er eðlilegt, að ríkið leggi málinu rækilega lið og verði frumkvöðull að þessari uppbyggingu.

Ég vona, að þetta takist allt vel og áætlanir, sem fyrir liggja, séu svo raunverulegar, að við getum treyst þeim og fyrirtækið hefji starfrækslu innan tveggja til þriggja ára og sómasamlegur afrakstur sé tryggður. Auðvitað getur margt skeð. Það eru stórar áætlanir á döfinni á efnahagssviðinu, og þá mun áreiðanlega verða nauðsyn á að tryggja iðnaðinum sinn skammt eins og öðrum útflutningsgreinum. Miðað við ræðu hæstv. iðnrh. áðan, geri ég ráð fyrir því, að hann muni ekki vera neitt léttur á árinni, ef þarf að taka í hana varðandi þann þátt þjóðarbúskaparins.

Sem sagt, ég lýsi ánægju minni yfir frv., og ég lýsi líka ánægju minni enn einu sinni yfir hinum breytta tón, sem ég skynjaði í orðum hæstv. ráðh.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Umræður um fangelsismál hafa verið allmiklar að undanförnu, þ. á m. í fjölmiðlum, og hafa þau sætt allmikilli gagnrýni, og slíkt hefur jafnvel komið fram hjá hv. alþm. Ég skal vissulega ekki neita því, að fangelsismál hér á landi eru ekki í því ástandi, sem æskilegast væri. En ég held þó, að það sé engan veginn hægt að segja, að þau séu í því óstandi, sem sumir hafa viljað vera láta, að mér hefur skilizt. Sannleikurinn er sá, að ýmislegt hefur verið reynt að gera til úrbóta í þeim efnum á undanförnum árum og ýmiss konar viðleitni í þá átt hefur verið á döfinni og skal ég aðeins nefna það, að Kvíabryggja var á sínum tíma tekin í notkun, að vísu upphaflega gert ráð fyrir því, að þar væru vistmenn, sem væru að vinna af sér barnsmeðlög, en hefur síðan færzt í það horf, að þar hefur verið um afplánun refsifanga að ræða að mestu leyti. Enn fremur má nefna það, að um nokkurn tíma hefur staðið yfir viðbygging við Vinnuhælið á Litla-Hrauni, og er henni nú lokið og hún tekin í notkun, og hefur mjög mikil breyting orðið á þar vegna þess. Loks er að geta þess, að unnið hefur verið að því að undanförnu að undirbúa fangelsi í Síðumúla, sem áður var geymslustöð handtekinna manna, og standa vonir til, að það geti komið í notkun nú um áramótin eða upp úr áramótum. Hitt er rétt, að það má benda á, að fangelsismálum sé að ýmsu leyti ábótavant hér á landi, t. d. ef borið er saman við ásigkomulag í öðrum löndum, þó að mér þyki sannast sagna viða pottur brotinn í þessum efnum, ef grandskoðað er. Og þá er það ekki hvað sízt, að ekki hafa komizt í framkvæmd þær fyrirætlanir sem settar voru fram í lögum um fangelsi frá 1961. Þau lög hafa til þessa að sumu leyti aðeins orðið bókstafur, og stafar það af því, að fjárveitingar hafa ekki verið fyrir hendi til að gera þau átök í fangelsismálum, sem gert var ráð fyrir í þeim lögum. Hið lögboðna fjárframlag, sem þar var gert ráð fyrir, hefur af ýmsum ástæðum reynzt allt of lítið, og fjárveitingar á fjárlögum hafa ekki verið auknar.

Áður en ég vík að því að gera grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, þykir mér rétt að gera örstutt yfirlit yfir ásigkomulag þessara mála hér í dag, hvernig aðstæðurnar í þessum efnum eru nú.

Nú eru rekin hér á landi 3 fangelsi, þar sem afplánunarfangar eru vistaðir. Það er í fyrsta lagi vinnuhælið að Litla-Hrauni, en þar er rúm fyrir 52 fanga. Í öðru lagi er það vinnuhælið á Kvíabryggju, þar sem rúm er fyrir 15 fanga, og hegningarhúsið við Skólavörðustíg, þar sem rúm er fyrir 27 fanga. Auk þess eru víða á landinu fangaklefar, sem eru ætlaðir til vistunar handtekinna manna og gæzlufanga. Stærsta fangelsi slíkrar tegundar er í nýju lögreglustöð inni í Reykjavík, þar sem rúm er fyrir 23 í

einmenningsklefum, þar af 5 í kvennadeild, en auk þess eru þar 2 stórir hópklefar. Þar eru ekki vistaðir gæzluvarðhaldsfangar.

Eins og menn vita, fer afplánun refsinga nú aðallega fram á vinnuhælinu á Litla-Hrauni. Eins og ég sagði í upphafi, var það svo til skamms tíma, að á vinnuhælinu að Kvíabryggju voru aðallega vistaðir menn, sem skulduðu barnsmeðlög, en á síðustu mánuðum hafa svo til eingöngu verið vistaðir þar afplánunarfangar. Í hegningarhúsinu í Reykjavík eru afplánunarfangar yfirleitt vistaðir um skamman tíma, aðallega meðan þeir bíða eftir vist á vinnuhælunum eða meðan þeir eru til lækninga í Reykjavík, og hluti af því húsnæði, sem þar er til umráða, er fyrst og fremst ætlaður fyrir gæzluvarðhaldsfanga, þó að það verði að segja eins og er, að það húsnæði, sem þar er ætlað gæzluvarðhaldsföngum, er ekki fullkomlega við hæfi. Svo bætist við, eins og ég nefndi áðan, Síðumúli, væntanlega um áramótin eða upp úr áramótunum, og þar er rúm fyrir 12 menn.

Skv. þeim lögum sem nú gilda um ríkisfangelsi, frá 1961, skal byggja í Reykjavík eða nágrenni ríkisfangelsi, sem rúmi 100 fanga. Hafa verið gerðar frumteikningar að slíku fangelsi, en frekari undirbúningsvinna hefur þar ekki átt sér stað. Því hefur verið ætlaður staður í Úlfarsárlandi undir Úlfarsfelli. Hins vegar hafa nú um nokkurra mánaða skeið staðið yfir athuganir á möguleikum á að reisa fangelsi, sem tæki við hlutverki hegningarhússins við Skólavörðustíg sem gæzluvarðhaldsfangelsi fyrir Reykjavík og nágrenni og þar sem einnig væri hægt að koma fyrir kvennafangelsi, og er þetta ætlað sem tveir þættir úr hlutverki ríkisfangelsishugmyndarinnar. Til greina kemur einnig að starfrækja í þessu fangelsi móttökudeild, þar sem fangar, sem eiga að fara í afplánun, kæmu inn til fyrstu athugunar og yrðu síðan sendir þaðan í vinnuhælin. Gerðar hafa verið frumteikningar af þessu fangelsi og rætt við Reykjavíkurborg um lóð fyrir það. Það er gert ráð fyrir því, að slíkt fangelsi gæti rúmað allt að 50 fanga og yrði staðsett við Tunguháls í Reykjavík. Að því er varðar aðrar áætlaðar byggingarframkvæmdir, eins og er, er þess helzt að geta, að fyrirhugað er að reisa vinnuskála við vinnuhælið á Litla-Hrauni, þar sem nú er mjög aðkallandi að koma þar upp vinnuaðstöðu vegna fjölgunar vistmanna.

Eins og ég rakti hér á hv. Alþingi fyrir nokkru vegna fyrirspurnar, sem fram kom, var talið, að um síðustu áramót ættu 237 menn óafplánaða refsidóma, og sá dagafjöldi, sem þeir ættu þannig óafplánaða, væri tæp 137 ár. En eins og ég lét getið þá, má gera ráð fyrir því, að mjög verulegur hluti þessa fólks taki ekki út refsingu sína, enda er mjög mikill hluti dómanna orðinn gamall og dómþolar komnir í sátt við þjóðfélagið, ef svo má segja, þannig að vafasamt er að láta þá nú fara að hefja afplánun, og má því vænta þess, að verulegur hluti af þessum fangelsisárum annaðhvort verði eftirgefinn eða fyrnist. Það má segja, að aðalástæðan fyrir því, hversu mikið hefur safnazt saman af óafplánuðum refsidómum, sé sú, að fangelsisrými hefur ekki verið fyrir hendi, en jafnframt er þó alltaf nokkuð af refsidómum, sem erfitt reynist að láta koma til framkvæmda vegna persónulegra aðstæðna eða þess, að dómsmeðferðin hefur tekið svo langan tíma, að framkvæmd refsingarinnar er kominn út öllu samhengi við brotið og hinn dómfelldi þá oftast horfinn frá brotaferli og orðinn nýtur þjóðfélagsþegn.

Ég hef veitt því athygli, að einmitt þetta hvað það dregst að láta menn afplána refsidóma og hvað margir dómar eru óafplánaðir, hefur sætt gagnrýni. Ég held, að það sé þörf á því að skoða það mál talsvert nánar, áður en yfir því ástandi eru kveðnir upp mjög harðir dómar. Ég held því miður, að fangelsi hér á landi hafi aldrei verið til þess fallin að hafa betrunaráhrif á menn, og ég hef ekki trú á því, að fangelsi verði yfirleitt til þess fallin. Þess vegna get ég ekki tekið þátt í neinni kröfuhörku um, að það sé undinn alltaf og hvernig sem á stendur að því bráður bugur að stinga mönnum inn. Það er þung refsing að vera settur undir lás og slá. Það er þung refsing fyrir unga menn, sem ekki hvað sízt hrasa, að vera lokaðir inni, að verða að sofa fyrir læstum dyrum með járnrimla fyrir gluggum. Ég hygg, að það væri gagnlegt, að menn hugleiddu, hversu þungbært þetta hlýtur í raun og veru að vera. Þess vegna er það, að þó að fangelsi séu auðvitað nauðsynleg og óhjákvæmilegt sé, að loka vissa menn inni, og verði alltaf, þá held ég, að það eigi í lengstu lög að reyna að komast hjá því. Og þess vegna er það, að horfið var að því ráði fyrir allmörgum árum að breyta hegningarlögunum á þá lund að veita heimild til svokallaðrar ákærufrestunar, sérstaklega þegar ungir menn eiga í hlut. Og það hafa átt sér stað mjög margar slíkar ákærufrestanir. Ég hygg, að segja megi, að þær hafi gefið góða raun. Sem betur fer, er það svo um marga þá, sem hrasa á ungum aldri, að þeir sjá að sér og geta orðið hinir nýtustu þjóðfélagsþegnar. Þegar þannig er um ákærufrestun að tefla, eru þeir, sem hana fá, undir eftirliti. Sá maður, sem alveg sérstaklega hefur annazt þetta eftirlit, er Oscar Clausen, sem um mörg ár hefur rekið Fangahjálpina. Hann hefur skýrt frá því, að hann hafi haft afskipti eða undir hans eftirliti hafi verið eitthvað um það bil 1350 unglingar, og hann telur, að í um 90 af hverjum 100 tilfellum hafi þessi ákærufrestur gefið góða raun. Þetta eru orð hans um það. Ég hef ekki aðrar skýrslur tiltækar um það efni. En jafnframt því, sem horfið hefur verið að ákærufrestun í æ ríkara mæli, hefur það verið aukið að náða menn, og má kannske segja, að hafi verið farið fulldjarflega í því efni. Ég hef heyrt það líka stundum, að náðanir hafa sætt gagnrýni. En náðunin er í því fólgin, að þegar maður hefur setið og afplánað nokkurn hluta af refsingunni, þá er gefinn eftir sá tími, sem eftir er, og maðurinn þá settur undir eftirlit. Það má segja, að um þessar náðanir hafi myndazt nokkrar reglur, og aðalreglan er sú, að náðun hefur verið veitt, þegar fangi hefur afplánað helming af refsingu sinni, ef um fyrstu afplánun er að ræða. Síðan hefur náðun verið veitt, þegar afplánaðir hafa verið ⅔ hlutar, þegar um aðra afplánun er að tefla, síðan eftir afplánun ¾ hluta, þegar um

þriðju afplánun er að ræða o. s. frv. En þeir, sem oftar hafa afplánað, hafa yfirleitt ekki átt kost á styttingu refsivistarinnar með þessum hætti. En það, hve mjög hefur verið gripið til náðunarinnar, byggist kannske að nokkru leyti á því, að skv. ákvæðum í hegningarlögum er það svo, að það er aðeins hægt að beita reynslulausn skv. þeim lögum, þegar refsing er 1 árs fangelsi eða meira og afplánaðir hafa verið ⅔ hlutar refsingarinnar. En það má segja, að í framkvæmdinni hafi verið talsvert farið vægar í þetta með því að beita náðun í ríkara mæli.

Það má sjálfsagt sitt hvað segja um náðunina, og segja sumir, að hún hafi almennt veikjandi áhrif á gildi refsingarinnar. Ég vil segja það, að hvað sem öllum almennum áhrifum líður, þá verður alltaf fyrst og fremst að hafa í huga og taka tillit til og miða við þann einstakling, sem í hlut á. Og ég verð að segja það, að hvað sem öllum reglum líður, þá er ég t. d. veikur fyrir því að náða ungan mann, sem hefur verið dæmdur í fangelsi, þegar mér eru færðar fullar sannanir fyrir því, að þessi ungi maður eigi kost á skiprúmi, geti komizt á togara eða því um líkt. Þá er það *mín persónulega skoðun*, að hann sé þar betur kominn og það borgi sig að taka nokkra áhættu í því efni, þó að sjálfsagt sé um allmörg tilvik að ræða, þar sem menn hrasa á nýjan leik.

Ég hef hér aðeins minnzt á þessi atriði, sem mér hefur stundum virzt, að sættu nokkurri gagnrýni manna á milli, sem ég held, að sé sprottin af nokkrum misskilningi og sé að nokkru leyti sprottin af röngu viðhorfi til þeirra manna, sem hafa lent á þessari braut. Ég lít á þá, sem lenda í þessu, sem ógæfumenn, sem menn ættu að fara varlega í að kasta steini að. Það er að vísu svo, að í ýmsum tilfellum og því miður of mörgum tilfellum reynist þarna vera um að ræða sifbrotamenn, sem virðist ekki verða bjargað. Og þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að vista slíka menn á hæli. En sumt í þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið á fangelsismálin tel ég á rökum reist.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er ætlunin að reyna að bæta úr þeim ágöllum ýmsum, sem með réttu má segja, að séu á framkvæmd fangelsisrefsingar hér á landi nú, m. a. þeim ágalla, að það hefur ekki verið hægt og er ekki hægt að koma við þeirri deildaskiptingu, sem að sjálfsögðu ætti að vera í sambandi við þessi mál, og enn fremur að tryggja, að það sé fyrir *hendi nægilegt húsnæði til* að vista þá, sem nauðsynlegt er að vista með þessum hætti, og að það sé fyrir hendi aðstaða, sem hæfir þeim persónulegu högum, sem geta verið fyrir hendi hjá sumum þeirra, sérstaklega þegar um geðveila afbrotamenn er að tefla. En í því efni er nú mjög mikill brestur í kerfinu. Enn fremur þarf að vera hægt að láta gæzluvarðhaldsfanga hafa þá vist, sem eðlilegt er og þeir eiga í raun og veru siðferðilega kröfu á, vegna þess að þar er ekki um fanga í venjulegri merkingu að tefla, heldur eru það menn, sem eru til rannsóknar, og sekt þeirra er ekki sönnuð, en hins vegar nauðsynlegt að einangra þá. Þá er stefnt að því líka að hafa aðstöðu til að taka til sérstakrar meðferðar þá unglinga, sem hafa lent á afbrotabraut.

Í 1. gr. þessa frv. segir, að ríkið skuli eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Það er sem sé með þessu frv. ákveðið sem eins konar framhald af því, sem gert var í fyrra, þegar ríkið tók að sér löggæzluna, að ríkið taki að sér einnig að öllu leyti rekstur héraðsfangelsanna og að rekstur þeirra teljist með almennum löggæzlukostnaði. En þessu ákvæði var ekki breytt í fyrra. Eins og er núna, greiða sveitarfélögin helming kostnaðar við héraðsfangelsi. Það er ástæðulaust að draga fjöður yfir, að þarna er *um allmikinn kostnaðarauka* að tefla fyrir ríkið, mun vera um að ræða 10 millj. kr. á ári.

Það má annars segja almennt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það er að höfuðstofni til byggt á fangelsislögunum frá 1961, en þó eru tekin upp í ýmis nýmæli, sem ég skal víkja að og eiga að miða að því að ná þeim markmiðum, sem ég minntist áðan á.

Í sjálfu sér er ekki breyting að því er varðar 2. gr. Þar er eins og í núgildandi lögum gert ráð fyrir ríkisfangelsi og vinnuhæli og svo unglingavinnuhæli og fangageymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga. Það er sem sagt gert ráð fyrir skiptingu í fangelsi og vinnuhæli. En því miður er það svo, að sú skipting hefur verið meir á blaði heldur en í reyndinni, vegna þess að vinnuhælin hafa hér í raun og veru verið notuð sem fangelsi. Það er gert ráð fyrir því, að ríkisfangelsið skuli eftir sem áður vera í Reykjavík eða nágrenni, en hins vegar er gert ráð fyrir þeim möguleika, að þetta ríkisfangelsi, þótt haft sé eitt samheiti yfir það, geti verið í tveimur eða fleiri byggingum, sem ekki þurfi að vera á sama stað. Það getur verið umdeilanlegt, hversu heppilegt það er að hafa mjög stórar stofnanir af þessu tagi, en sjálfsagt hlýtur þar líka að koma til hagkvæmnissjónarmið og kostnaðarsjónarmið, og verður að taka tillit til þess, en yfirleitt getur verið varasamt að hafa slíkar stofnanir sem þessar allt of fjölmennar.

Það er gert ráð fyrir því, að í ríkisfangelsi geti verið rúm handa allt að 100 föngum, og er kveðið á um deildaskiptingu. Það er einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveiladeild, kvennafangelsi, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Ég vil sérstaklega benda í þessu sambandi á þrjú atriði þarna, sem ég tel mjög mikilvæg: Það er í fyrsta lagi móttökudeildin. Ég álít, að það sé mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við fangelsismálin, að fangarnir séu teknir fyrst inn þannig á einn stað og skoðaðir og athugaðir og eftir þeirri athugun eða skoðun fari það, í hvaða deild eða á hvern stað þeim verður vísað. Ég vil enn fremur nefna kvennafangelsið. Því miður er það svo, að afbrot kvenna eru orðin alltíð, og það er ekki viðunandi annað en hafa fengelsi eða sérstaka deild fyrir þær. Og í þriðja lagi vil ég alveg sérstaklega nefna fangelsi fyrir hina geðveilu menn. En það, hvernig hefur verið ástatt um þá, er mikil saga, og sorgarsaga, því að það hafa verið mikil vandræði með þá menn, sem hafa framið voðaverk í brjálæði. Reglur ríkisspítalans, geðveikraspítalans á Kleppi, eru þannig, að þessir menn hafa ekki fengið þar rúm, og þess vegna hefur orðið

að beita því neyðarúrræði að hafa þá í geymslu, e. t. v. langan tíma, í hegningarhúsinu hér í Reykjavík. Stundum hefur orðið að grípa til þess ráðs að vista þá erlendis. Það hefur verið gert og er verið að gera átak í því að reyna að bæta ástand í málum geðveikraspítalanna, og er það vel, — eða getur kannske einhverjum dottið í hug að segja, að það sé ofrausn að vera að gera ráð fyrir eins konar geðveikraspítala í fangelsi við hliðina á þeim geðveikraspítölum eða geðveikradeildum, eða hvað sem menn vilja kalla það, sem ríkið rekur? Það er að vísu alls ekki hægt að tala um neinn geðveikraspítala í sambandi við þetta mál, því að það er ekki gert ráð fyrir því, að deildin sé þannig. En þó verður hún að vera þannig úr garði gerð, að þar sé aðstaða til þess að taka við þessum mönnum og veita þeim þá hjúkrun og aðhlynningu, sem þarf. Á meðan ekki er talið samrýmast reglunum um geðveikradeildir ríkisspítalanna að taka við þeim þar, sé ég ekki annan kost en gera ráð fyrir sérstakri geðveikradeild við fangelsi, vegna þess að það er á engan hátt sæmandi fyrir íslenzka þjóðfélagið að láta þessa menn sæta þeirri meðferð, sem því miður hefur orðið að gera.

Það er gert ráð fyrir því, eins og nú er, að vinnuhælin séu tvö, þau sem nú eru á Litla-Hrauni og Kvíabryggju. En þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að þegar það kemst í framkvæmd að byggja þetta ríkisfangelsi, þá sé um raunveruleg vinnuhæli að ræða á þessum stöðum, þar sem hægt sé að láta ríkja allt annað frjálsræði og umgengnishætti heldur en í fangelsi.

Það er gert ráð fyrir unglingafangelsi, sem taki allt að 25 fanga, en staðsetning þess er ekki bundin.

Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skulu að jafnaði vera í tengslum við lögreglustöðvar á hinum einstöku stöðum.

Þá er það nýtt í þessu frv., að það er kveðið á um vinnuskyldu fanga nánar en nú er gert og um greiðslu fyrir vinnuna og sömuleiðis — og það vil ég sérstaklega undirstrika — um skyldu ríkisins til að sjá fyrir vinnuaðstöðu á þessum stöðum, og þá skal einnig sjá fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið. Á þetta er ástæða til að leggja sérstaka áherzlu. Einnig er þar alveg sérstaklega kveðið á um það, að í unglingavinnuhæli skuli leggja alveg sérstaka áherzlu á kennslu. Verði hægt að koma þessu í framkvæmd, eins og gert er ráð fyrir í frv., álít ég, að í því felist mjög miklar umbætur frá því, sem nú er.

Eins og ég drap á áðan, er ákveðið, að afplánun skuli hefjast í ríkisfangelsinu, en aðstæður fangans allar metnar þar og ráðh. úrskurði síðan hvar hann skuli vistaður. Slík ákvæði eru nú ekki fyrir hendi í lögum, þó að það sé venjan, eins og ég minntist á áðan, að menn byrji að jafnaði á því að afplána refsinguna í hegningarhúsinu hér í Reykjavík.

Í núgildandi lögum eru ekki gerðar neinar sérstakar kröfur til þeirra manna, sem veita forstöðu fangelsum og vinnuhælum. Það er nýtt í þessu frv., að mælt er svo fyrir, að slíkir forstöðumenn fangelsa og vinnuhæla skuli sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál. Þetta atriði tel ég mjög mikilvægt. En það verður að segja eins og er, að hingað til hefur verið skortur slíkra manna hér á landi. En ég hygg, að það sé svo nú, að það megi gera ráð fyrir því, að það væru fáanlegir menn, sem hafa nokkra menntun á þessu sviði, og a. m. k. líklegt, að þegar svona ákvæði er komið inn og farið er að breyta eftir því, þá mundu einhverjir leggja þessi mál sérstaklega fyrir sig með það fyrir augum að taka að sér forstöðu þessara stofnana.

Þá er það nýmæli í þessu frv. að vissu leyti, að ráðh. er heimilað að skipa stjórnarnefndir yfirleitt við þessar stofnanir, vinnuhæli eða fangelsi, en eins og er, þá er sérstök stjórnarnefnd fyrir vinnuhælinu á Litla-Hrauni lögum samkv., en ekki við önnur af þessum fangelsum eða vinnuhælum.

Þá vil ég benda á það nýmæli, sem kemur fram í 12. gr., að við hverja stofnun, þar sem afplánun fangelsisrefsinga fer fram, skuli veitt almenn læknisþjónusta, og þar skal starfa, eftir því sem tök eru á hverju sinni, sérlært starfslið, svo sem geðlæknir, sálfræðingur, félagsráðgjafi og prestur. Auðvitað er það ekki nýmæli, að um almenna læknisþjónustu sé að tefla, en hitt er nýmæli, að það sé beinlínis lögboðið, að það skuli gert ráð fyrir því, að það starfi þannig sérlært starfslið við þessar stofnanir. Ég hygg, að í þeim efnum séum við talsvert á eftir öðrum þjóðum, t. d. nágrannaþjóðum okkar. Ég hygg, að þar sé gert meira að því, að sérlært starfslið, t. d. með þá kunnáttu, sem vikið er að í þessari gr., starfi við þessar stofnanir. Og það er ekki nokkur vafi á því, að sú handleiðsla, sem slíkir menn geta veitt, getur í ýmsum tilfellum komið að góðu gagni. En eins og er, þá er nú ekki fastráðinn í þessu efni nema presturinn, sem starfar við fangelsin, en að öðru leyti er þar meira um lausa þjónustu að tefla, þegar leitað er aðstoðar sérfræðinga í þessu efni.

Ég gat þess áðan, að ég hefði yfileitt ekki trú á því, að fangelsi hefðu nokkurn tíma borið heitið betrunarhús með réttu, og ég dræg mjög í efa, að menn kæmu að öllum jafnaði betri menn út úr þessum stofnunum. Þetta er kannske fullmikið sagt. En hvað sem um það má segja, þá koma þeir þó a. m. k. út úr þessum stofnunum reynslunni ríkari. Þeir hafa fengið að þreifa á því, hvað það kostar að brjóta þannig af sér, og það ætti að vera þeim hvöt til þess að varast slíkt í framtíðinni. En þá er spurningin: Hvernig er tekið á móti þeim, þegar þeir koma úr vistinni? Því miður er það stundum svo, að þeir hafa dálítinn stimpil á sér, — stimpil, sem tekur dálítinn tíma að afmá, og þeir eiga sér líka margir hverjir frá fyrri tíð félaga, og þeim hættir stundum við að lenda í þeim félagsskap aftur og verða þá stundum freistingunum að bráð á ný og fara út á glapstigu aftur. Þess vegna er það auðvitað mjög mikið atriði og miklir þjóðfélagslegir hagsmunir við það bundnir, vil ég segja, að þessum mönnum sé leiðbeint og þeim sé veitt aðstoð, þegar þeir koma út af þessum stofnunum, þegar þeir hafa þannig unnið sig á vissan hátt, má segja, í sátt við þjóðfélagið. Það hefur hér farið fram að mínu áliti athyglisverð samkeppni á þessu sviði, en það hefur verið sjálfboðavinna að langmestu leyti. Þar vil

ég fyrst nefna samtökin Vernd, sem ég hygg, að hafi starfað hér á landi allt frá árinu 1949, og hafa unnið mikið starf í þessu efni og áreiðanlega hjálpað mörgum manni. En þar hefur fyrst og fremst verið um fórnfúst sjálfboðastarf að ræða, þó að sú starfsemi hafi notið nokkurs styrks af opinberu fé. En þar er ekki um stórar upphæðir að ræða, og því eru takmörk sett, hvað hægt er að gera ráð fyrir, að einstaklingar leggi af mörkum sem sjálfboðastarf með þessum hætti. Í annan stað vil ég nefna þá starfsemi, sem margir þekkja einnig og margir fyrrv. fangar hafa haft kynni af, og það er sú starfsemi, sem kölluð hefur verið Fangahjálpin og Oscar Clausen rithöfundur hefur veitt forstöðu — eða réttara væri að segja rekið um mörg ár, því að um hann er sama að segja og Vernd að þessu leyti, að þó að hann hafi notið nokkurs fjárstuðnings af opinberu fé, hafa það ekki verið nema smámunir samanborið við þá vinnu, sem hann hefur lagt fram í þessu sambandi. Hann gerir rn. formlega grein fyrir starfi sínu að þessum málum, og hann telur t. d. núna nýlega, að það séu um 300 unglingar, sem séu undir hans eftirliti og njóti ákærufrestunar, en auk þess hefur hann afskipti af mjög mörgum mönnum, sem hafa komið út eftir að hafa afplánað eða eftir að þeir hafa verið náðaðir. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að starfsemi þessara aðila, sem ég hef hér nefnt, Verndar og Oscars Clausens, hefur borið mikinn árangur, og þessir aðilar eiga margfaldar þakkir skilið fyrir sitt starf. Ég man nú ekki, hvað háar fjárveitingar þessum aðilum eru ætlaðar í núverandi fjárlagrfrv., en framlag til þeirra beggja, held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að nái ekki milljón. Menn geta séð, að þarna er ekki um stórar fjárhæðir að tefla.

Það er svo með þetta eins og annað, að það má vel vera, að það gefist bezt og dugi bezt, meðan til eru og ef til eru einstaklingar, sem finna hjá sér hvöt til að vinna þetta fórnfúsa starf sem eins konar sjálfboðastarf. En ég held, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir því til frambúðar, að það sé unnt að byggja á slíku eingöngu. Það er líka reynsla nágrannalandanna, sem hafa gengið á svipaðri braut og við í þessum efnum. Þannig er það t. d. í Danmörku núna. Þar er verið að setja upp fasta opinbera stofnun, sem á að hafa þessa starfsemi með höndum. Þess vegna er einmitt tekið upp þetta nýmæli í 14. gr., þar sem kveðið er svo á: „Heimilt er að reka sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum.“ Þarna er um algera nýjung að ræða að því leyti til, að það er gert ráð fyrir, að það megi setja á fót opinbera stofnun í þessu efni, og það er talsverð breyting frá því, sem verið hefur og nú er. Nú vita menn, að Oscar Clausen t. d., sem hefur innt mikið starf af hendi í þessu sambandi, er orðinn háaldraður maður, og þá er ekki tryggt, hver verður til að taka við merki hans. Þess vegna held ég, að það sé æskilegt að gera ráð fyrir þessu. Og ég vil segja meira, ég held, að hið opinbera eigi ekki að skjóta sér undan því að taka þetta verkefni að sér og koma því í fastari skorður en verið hefur, hafa eftirlit með þessum mönnum og hafa umsjón með þeim. Auðvitað er það svo eins og er, að fangelsispresturinn vinnur einnig mikið starf í þessu efni.

Þá er ég kominn að því ákvæðinu í þessu frv., sem er aðalnýmælið og e. t. v. mergurinn málsins. Það er sem sé það ákvæði, að það er gert ráð fyrir því, að árlegt framlag til byggginga, sem ráðgerðar eru í þessum lögum, skuli vera 15 millj. kr. á ári. Það er vissulega hægt að hreyfa mörgum mótmælum gegn því að lögbinda tillagið. Það má segja, að með því sé frjálsræði fjárveitingalöggjafans heft. En þannig getur staðið á, að sum verkefni eigi svo erfitt uppdráttar frá sjónarhóli fjárveitingalöggjafans, að það sé nauðsynlegt að setja fastar skorður. Og ég er ekki frá því, að reynslan sýni nokkuð ótvírætt, að hv. alþm. hefur verið gjarnara — og það þarf út af fyrir sig ekki að lá þeim það — að líta á önnur verkefni, sem þeir hafa talið nauðsynlegri við afgreiðslu fjárl. heldur en byggingu fangelsa eða rekstur fangelsa. Ég held þess vegna, að ef þetta frv., ef að lögum verður, eigi ekki að talsverðu leyti að verða dauður bókstafur, eins og því miður hefur átt sér stað um fangelsislögin, sem hafa verið í gildi, þá verði að tryggja fastan og ákveðinn tekjustofn í þessu efni, þannig að það þurfi ekki að verða neitt úrlausnarefni á síðustu afgreiðsludögum fjárl., þegar margar þarfir kalla að, hvort eigi að veita þessa eða hina upphæðina í þessa framkvæmd. Þetta er í raun og veru aðalatriðið í sambandi við þetta mál, af því að tryggur fjárhagslegur grundvöllur er forsenda fyrir því, að hægt sé að koma við þeim umbótum í þessum málum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vona og hef ástæðu til að ætla einmitt vegna orða, sem stundum hafa fallið frá sumum hv. alþm., að þetta frv. eigi greiðan gang í gegnum hv. Alþ. og að áhugi manna sé vakandi í raun og sannleika á því að bæta ástandið í þessum efnum, ekki aðeins í orði, heldur einnig á borði. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að ljúka máli mínu. Ég held, að ég þurfi ekki að fara út í að skýra frv. frekar, vegna þess að aths., sem með því fylgja, segja nokkuð þar til um, og ég leyfi mér að óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum flutti formaður Alþfl. allmargar fsp. til hæstv. dómsmrh. um fangelsismál og ýmis skyld atriði. Í snörpum umr., sem urðu um þær fsp., skoraði hæstv. ráðh. á þingheim allan og alveg sérstaklega á stjórnarandstöðuflokkana að sýna í verki stuðning sinn við umbætur á þessu sviði, þegar tækifæri gæfist til, sem verða mundi innan skamms. Hæstv. ráðh. hefur endurtekið þessa áskorun, og ég vil því lýsa yfir, að ég og flokkur minn fagna því, sem til umbóta er í þessu frv., og við munum ekki láta standa á okkur um stuðning við, að það fái greiðan gang í gegnum þingið og þingið standi síðan við þau fyrirheit, sem frv. gefur, ef að lögum verður.

Í þeim fsp., sem formaður Alþfl. lagði fram, var spurt um ýmis atriði varðandi fangelsismál. Svörin, sem voru skýr og glögg, sönnuðu þann almannaróm, að fangelsismál hafi verið og séu

í hinum mesta ólestri hér á landi. Það kom í ljós, að fangelsisaðbúnaður er hér slæmur, að ungum og óhörðnuðum mönnum, sem fremja fyrsta afbrot, er blandað saman við síbrotamenn í þessum stofnunum, að aðstaða til að veita föngum tækifæri til vinnu er slæm, og mætti svo lengi telja. En síðast, en ekki sízt, vil ég nefna, að ótrúlegur fjöldi manna hér á landi, sem hefur verið dæmdur til fangelsisvistar, bíður eftir að fara í fangelsi og taka út dóm. Ég hygg tvímælalaust, að þetta ástand sé mjög slæmt, bæði fyrir löggæzlumenn og fyrir þjóðina sem heild. Það er ekki hægt að vefengja fullyrðingar þeirra löggæzlumanna, sem mesta hafa reynsluna af því, að ýmsir afbrotamenn beinlínis skáka í því skjóli, að þeir muni ekki, a. m. k. ekki um langa framtíð, þurfa að afplána dóma, sem þeir verði fyrir. Þess eru og mörg dæmi, þó að um það hafi ekki fengizt tölulegar upplýsingar, að menn hafi brotið af sér aftur, á meðan þeir biðu eftir fangelsisrými. Þetta ástand verður til þess að torvelda mjög löggæzlustörf. Að lokum munu þess vera allmörg dæmi, að menn, sem hafa fengið fangelsisdóm, en ekki komizt að í fangelsum um nokkurt skeið, hafa síðan komizt á betrunarveg, fengið atvinnu og rétt við heimili sín, en síðan skyndilega fengið kall um það, að nú sé laust rúm, og orðið að fara til að sitja fangelsisdóm af sér. Allt er þetta til þess að draga úr virðingu fyrir lögum og rétti í landinu, og ástand sem þetta hlýtur að valda því, að fangelsisdómar missa þau almennu áhrif til að fyrirbyggja afbrot, sem þeir eiga að hafa. Ég hef ávallt skilið það svo, að fangelsisdómur væri að þessu leyti til tvíþættur. Hann er refsing eða betrun, ef það tekst, varðandi þann mann, sem hefur brotið af sér, en tilvist dómgæzlunnar, löggæzlunnar og fangelsanna á einnig að verða til að fyrirbyggja, að menn verði fyrir því að brjóta af sér. Þetta ástand tel ég því tvímælalaust vera svo slæmt, að það er aðkallandi að gera á því úrbætur.

Hæstv. dómsmrh. ræddi nokkuð um þetta mál og leitaðist við að draga úr áhyggjum, sem ýmsir hafa látið í ljós um það. Í því sambandi velti hann vöngum yfir því, að fangelsi hér á landi hafi hingað til ekki verið til betrunar, og það er vafalaust rétt, en einnig, hvort fangelsi yfirleitt væru til betrunar, og get ég líka verið sammála hæstv. ráðh. um það. Hann ræddi um ákærufrestun og náðun, og ég er honum fullkomlega sammála um að beita þeim leiðum eins og hægt er. Í sambandi við náðun, sem ráðh. ræddi allítarlega, finnst mér, að við ættum fyrst og fremst að íhuga, hvort allir landsmenn hafi nokkurn veginn jafnt tækifæri til þess, að mál þeirra séu skoðuð og náðun íhuguð, því að mig grunar, að þeir, sem hafa möguleika til að afla sér áhrifamanna til að tala máli sínu, muni í raun og veru hafa meiri möguleika á að verða náðaðir heldur en litla fólkið, sem þekkir ekki neina fína menn.

Í sambandi við þessar vangaveltur ráðh. fannst mér, að sú grundvallarhugsun, sem hann lét í ljós og ég er í meginatriðum sammála, eigi að koma til við löggjafarsetningu Alþingis, þegar refsingar eru ákveðnar, og í þeim efnum hefur vissulega verið um nokkra þróun í rétta átt að ræða, og í starfi dómstólanna, m. ö. o., það eigi að íhuga, áður en fangelsisdómur er kveðinn upp, hvort slíkur dómur sé hin réttu viðbrögð þjóðfélagsins við afbroti, sem hefur verið framið. Eftir að fangelsisdómur hefur verið kveðinn upp, er nauðsynlegt, að sú aðgerð þjóðfélagsins standi og menn verði, hverjir sem þeir eru, hvort sem þeir eru fátækir, umkomulausir og allslausir eða fínir menn, sem geta keypt sér sterkan málsvara, að afplána slíkan dóm.

Hitt skal ég að lokum segja, að í sambandi við fangelsisvist finnst mér sjálfsagt að hafa einnig reglur um, að möguleikar séu á að stytta fangelsisvist og jafnvel náða á því stigi, ef það starfsfólk, sem hæstv. ráðh. benti á, að gert er ráð fyrir í fangelsum framtíðarinnar hér á landi, telur, að aðstæður viðkomandi manna séu þannig, að náðun væri rétt.

Ég vil að lokum beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort nokkur beinn undirbúningur undir byggingu ríkisfangelsis, sem er meginstofnunin, sem frv. gerir ráð fyrir, hafi átt sér stað. Hafa verið gerðar teikningar af slíkri stofnun? Hafa menn nokkra hugmynd um, hvað hún mundi kosta? Rétt er hjá ráðh., að það er öryggi í að hafa í lögum ákvæði um vissar fjárupphæðir á hverju ári. Í þessu tilfelli er lagt til, að það verði 15 millj. kr. En mér kæmi ekki á óvart, þótt þessi eina stofnun, ríkisfangelsið, mundi kosta 10—20 ára framlög, og er því hætt við, að a. m. k. á vissu árabili muni þetta reynast allt of lítil upphæð. En svo kynni að vera, ef komizt yrði yfir þann hjalla að reisa þessa meginstofnun fangelsiskerfisins á Íslandi, að fjárþörfin yrði eitthvað minni þar á eftir. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. hafi ekki verið tregt til að veita fé til þessara mála. Hins vegar hafi staðið á því, að það væru undirbúnar ákveðnar framkvæmdir og komið til Alþ. með þær og sagt: Þessa stofnun verðum við að byggja. Komið þið með fé. — Ef þannig stæði á, trúi ég ekki, að það hefði staðið á Alþ. eða muni standa á Alþ. að leggja fram það fé, sem óhjákvæmilegt er.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þeirri spurningu, sem hv. þm. Benedikt Gröndal beindi til mín, vil ég segja það, að eins og ég held, að ég hafi minnzt á í þeim orðum, sem ég sagði áðan, eða ætlaði a. m. k. að minnast á, en hef kannske gleymt því, þá voru á sínum tíma gerðar frumteikningar að ríkisfangelsi og þá gert ráð fyrir því að byggja í einu lagi allt að 100 manna fangelsi. En að undanförnu hefur verið unnið að þessu á öðrum grundvelli, þ. e. að skipta þessu niður og taka þetta ekki allt fyrir í einu, heldur byggja þetta í áföngum, ef svo mætti segja, og huga þá fyrst að því að byggja þrjár deildirnar í þessu fyrirhugaða ríkisfangelsi sérstaklega. Það hafa verið gerðar teikningar að því, og það er ákveðinn maður hjá húsameistara ríkisins, sem hefur unnið að því verkefni. Það hefur verið rætt við Reykjavíkurborg um lóð, og ég vona, að samningar um það takist. Það var gerð, ef ég man rétt, fyrir þremur árum eða svo áætlun um, hvað þessi áfangi mundi kosta. Ég hef því miður ekki töluna við höndina, og getur verið

hæpið að fara með hana eftir minni, en mig minnir, að það væri þá eitthvað í kringum 50 millj. En það hefur vitaskuld talsvert hækkað síðan. Það er erfitt að gera alveg ákveðnar áætlanir um, hvað þetta mundi kosta. Það má vel vera, að það sé of vægt í sakir farið að ætla 15 millj. á ári til þessa verkefnis, og það má vel vera, að það taki of langan tíma að koma þessum málum í það horf, sem við viljum koma þeim. Auðvitað yrði ég glaður og ánægður, ef hv. Alþ. sæi sér fært að hækka þessa upphæð. En hafa verður hugfast, að í mörg horn er að líta, og þess vegna gæti ég trúað því, að sumum þætti nóg í lagt að ætla þessar 15 millj. Það verð ég að segja, að það væri þó vissulega mikill fengur að geta reiknað ákveðið með 15 millj. á ári. Þá er það a. m. k. svo, að væri hægt að fara að eygja fyrsta áfanga af þessu fangelsi og gera auk þess vissar ráðstafanir og endurbætur á þeim hælum, sem nú eru fyrir hendi, svo sem þörf er á að gera.

Ég vil að öðru leyti þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans undir málið, og okkar skoðanir á þessum efnum falla sjálfsagt að mörgu leyti saman. Það er nú svo, að auðvitað eru þau atriði, sem hann minntist á, athuguð í sambandi við uppkvaðningu dóma, t. d. athugað, hvort ákærufresti megi beita, hvort skilorðisbundinn dóm megi upp kveða o. s. frv.

Ég held, að hann og aðrir þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því, að það hafi verið beitt vilsýni eða hlutdrægni í sambandi við náðanir, hvorki nú né að undanförnu, og að það hafi bara verið fínir menn, sem hlustað hefur verið á þar, en ekki aðra. Ég held, að það hafi verið farið eftir og sé farið eftir nokkuð föstum reglum í þessu efni, sem koma í raun og veru sjálfkrafa. Þegar maðurinn hefur afplánað hver svo sem hann er, helming sinnar refsingar, ef það er í fyrsta sinn, sem hann er að taka út, þá er gefið eftir með því skilyrði, að hann brjóti ekki af sér á ný, það sem eftir er refsingartímans. Þetta gildir um alla. Hitt getur átt sér stað, eins og hann sagði, að vegna þess að það dragist stundum að taka manninn til afplánunar, verði það honum þungbærara en ef það hefði verið gert strax, eftir að dómur hefur verið upp kveðinn. Ég veit þó, að menn vita, hvernig gangurinn í þessu er. Það er þannig, að þegar um fullnaðardóm er að ræða eða ef saksóknari hefur tekið ákvörðun um að áfrýja ekki dómi, þá sendir hann dómsmrn. dómsgerðir, og rn. áritar þær síðan og felur svo embætti því, sem kvað upp dóminn, að annast fullnustu hans, þannig að það er sá aðili, viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður, í Reykjavík yfirsaksóknari, sem síðan ákvarðar, hvenær fullnusta fangelsisrefsingarinnar fer fram. Ég viðurkenni, að þeim aðila geta verið ýmis takmörk sett, vegna þess t. d., að hann verður að taka tillit til þess, hvort húsrými er fyrir hendi, hvenær það er fyrir hendi o. s. frv. Einnig vil ég segja það, að ég mundi ekki vilja telja það neina sök hjá viðkomandi aðila, þó að hann liti á framferði hlutaðeigandi manns á eftir, a. m. k. ef um lítilvægt brot væri að tefla. Og ég býst við því, að enginn biði með óþreyju eftir því að vera tekinn og settur inn. Hitt er rétt, að óvissa í þessu efni getur verið bagaleg. En það er nú einu sinni svo, að maðurinn hefur gerzt brotlegur, og þá er spurning, hvort það sé of mikið á hann lagt að láta hann hafa hitann í haldinu með það, að ef hann haldi sig ekki á mottunni, þá verði hann tekinn. En ef hann hefst ekkert brotlegt að, stundar sína atvinnu, vinnur fyrir sínu heimili o. s. frv., getur stundum verið afsakanlegt að láta það eitthvað dragast, jafnvel þó að ekki stæði á húsnæði. T. d. getur það skipt máli fyrir mann í slíkum kringumstæðum, á hvaða árstíma hann er tekinn.

Ég held sem sagt, að refsiframkvæmd eins og aðra löggæzlu verði alltaf að framkvæma með vissri skynsemi og taka tillit til aðstæðna. Ég sé að öðru leyti ástæðu til þess að þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans við frv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er fram komið. Ég tel, að það verðskuldi í alla staði fyllstu athygli í þinginu og skjóta og góðra meðferð, bæði varðandi efnishlið málsins og einnig í sambandi við fjárhagshlið þess, sem nú síðast hefur verið nokkuð til umr.

Ég held, að það hafi verið fyrir 4—5 árum, ég hygg 5 árum, að gerð var áætlun um fangelsismál af hálfu dómsmrn., þar sem dregnir voru fram vissir áfangar, sem unnið skyldu að til endurbóta á málunum, eins og þau þá stóðu. Þar í voru endurbætur á þeim fangelsum, sem fyrir voru, og einnig breytingar á fyrirkomulagi. Sérstaklega á ég þar við endurbætur á Litla-Hrauni, sem hafa verið framkvæmdar. Einnig voru ráðagerðir um breytingar á Síðumúla. Síðan þetta var, hefur einnig, eins og vikið var að áðan, verið komið upp fangageymslu í lögreglustöðinni, sem er mjög fullkomin til þeirra þarfa, sem hún er ætluð. Þá hafði einnig verið gerð á því tímabili áætlun um ríkisfangelsi eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir, sem byggt yrði í einu lagi, og það voru uppi ákveðnar skoðanir um staðsetningu þessa ríkisfangelsis. Sakadómari hafði sérstaklega ásamt með öðrum sérfræðingum unnið að þessari áætlun um ríkisfangelsi af hálfu rn. og með húsameistaranum í sambandi við teikningar að því og í samráði við norska sérfræðinga á þessu sviði. Síðan hafa sumar þessar athuganir verið framkvæmdar eins og þá var áætlað, aðrar verið í endurskoðun. Varðandi ríkisfangelsið, eins og hæstv. ráðh. upplýsir, eru nú ráðagerðir um að byggja það ekki í einu lagi, heldur í áföngum, eftir því sem mér skilst, og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. forsrh. og dómsmrh., að þessi mál séu ekki í því lagi, sem þau ættu að vera hjá okkur, og þess vegna er mjög góðra gjalda vert, að fram er komið þetta frv. til endurbóta á eldri löggjöf, sem vissulega hefur ekki komið til framkvæmda að öllu leyti, eins og henni var ætlað á sínum tíma. Auk þess er sá áratugur, sem liðinn er, frá því að hún var sett, þess eðlis, að ýmsar nýjar hugmyndir hafa komið fram á sviði fangelsismála hjá nágrannaþjóðunum, sem sjálfsagt verðskulda athygli og leiða til þess, að rétt

sé að endurskoða fyrri áætlanir í þessum málum og taka mið af þeim, þegar nýjar áætlanir og ákvarðanir eru gerðar.

Ég vildi aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að frv. er fram komið, og tel rétt, að þingið veiti því fyllsta stuðning, bæði að efni til og einnig varðandi þær fjárskuldbindingar, sem eðlilega hljóta að felast í ákvörðun um löggjöf eins og þessa.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 134). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 119, sbr. 4). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Frv. það, um Jafnlaunaráð, sem hér liggur fyrir á þskj. 21 og nú er flutt af 4 þm. auk mín, lá fyrir Alþ. á s. l. vetri, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Um frv. urðu allmiklar umr. í fyrra í þessari hv. d., og ætti því að vera óþarft að fylgja því úr hlaði nú með langri ræðu. Meginhlutverk Jafnlaunaráðs, ef að lögum verður, er í fyrsta lagi að fá skýlaus ákvæði í lögum um launajafnrétti og bann við misrétti á vinnustöðum og í öðru lagi að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu og tryggja þeim jafna möguleika til starfs, en þetta hvort tveggja felst bæði í íslenzkum lögum og í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 og nr. 111, sem Ísland hefur fullgilt.

Engum dettur lengur í hug að neita því, að misrétti gagnvart konum á sér stað á vinnustöðum. Umr. víða um heim snúast nú um, hvernig megi uppræta það, jafnt í þeim löndum, sem þegar hafa tryggt jafnrétti í lögum og þeim, sem eiga slíkt eftir. Þetta er alþjóðlegt vandamál og sjálf átti ég þess kost að sannreyna það á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir skömmu, að þetta vandamál er litið alvarl. augum og það er talinn smánarblettur á hverri þeirri þjóð, sem leiðir þetta vandamál hjá sér. Ekki get ég neitað því, að mér þótti ákaflega lærdómsríkt að hlýða á málflutning fulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum um stöðu kvenna. Einkum hreifst ég af máli og viðhorfi fulltrúa hinna nýfrjálsu ríkja, en í ræðum þeirra kom fram tvenns konar grundvallarskilningur: annars vegar sá, að ekkert ríki væri frjálst, nema allir þegnar þess væru frjálsir, hins vegar sá, að sú uppbygging atvinnuvega og þjóðlífs, sem þeir nú ynnu að, væri óframkvæmanleg nema með þátttöku alls vinnufærs fólks og virkri aðild bæði kvenna og karla. Í rauninni er um svipaðar forsendur að ræða hjá okkur að mörgu leyti, og ég held, að við Íslendingar verðum að horfast í augu við það og viðurkenna það sem staðreynd. Við verðum að hætta að líta svo á, að vinnuafl kvenna sé aðeins til bráðabirgða, að það heyri til undantekninga, að konur leiti á vinnumarkaðinn. Það er spá mín, að þegar farið verði að líta á konur sem jafnréttháa fyrirvinnu og karla og vinnu þeirra sem jafnverðmætt vinnuafl í þjóðfélaginu, þá muni slík stofnun sem Jafnlaunaráð verða óþörf. En því miður er raunin sú, að misrétti þekkist víða á vinnustöðum hjá okkur og mjög erfitt hefur reynzt að ráða bót á því. Þess vegna er þetta frv. um Jafnlaunaráð fram komið.

Frv. er nú lagt fram í nær sömu mynd og það kom frá allshn. Nd. á síðasta þingi. Verkefni Jafnlaunaráðs er rakið í 4. gr. frv. Það skal m. a. vera ráðgefandi í málefnum, er varða launajafnrétti. Það skal fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera till. til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga. Það skal stuðla að góðri samvinnu atvinnurekenda og launafólks um þau mál, sem hér um ræðir, og eiga frumkvæði að því að rannsaka, hver brögð kunni að vera að misrétti í kjaramálum, að því leyti er lög þessi varða, svo og taka við ábendingum annarra um brot á ákvæðum laganna og rannsaka mál af því tilefni. Þá skal Jafnlaunaráð kveða upp úrskurð í deilumálum, sem skotið er til þess, og ef eigi takast sættir, sem Jafnlaunaráði er ætíð skylt að reyna, skal úrskurður Jafnlaunaráðs vera bindandi sem ráðningarsamningur milli aðila og fullnaðarúrlausn kjaradeilu. Flm. þessa frv. telja mjög mikilvægt, að til sé sérstök stofnun skipuð mönnum, sem eru sérstaklega til þess hæfir eða kallaðir til að fjalla um mál, sem að mörgu leyti eru svo sérstæðs eðlis, að þau eiga ekki samleið með öðrum málum.

Sú breyting er gerð á frv. frá því í fyrra, að nú er gert ráð fyrir, að bera megi úrskurð Jafnlaunaráðs undir hina almennu dómstóla innan þriggja mánaða. Þessi breyting er gerð til að koma til móts við óskir þeirra, sem telja, að aðeins með því móti sé fyllsta réttaröryggis gætt. Ég persónulega vil bæta því við, að ég get fyllilega sætt mig við þessa breytingu. Með þessari skipan mála vinnst tvennt: Úrskurður Jafnlaunaráðs veitir skjóta úrlausn í kjaradeilu, sem getur skipt einstaklinginn miklu máli, en ef ástæða þykir til áfrýjunar, getur úrskurður hinna almennu dómstóla í landinu orðið mikilvægur í þeim málum, sem um ræðir og eðli sínu eru mannréttindamál. Úrskurður dómstóls getur því orðið stefnumótandi um framþróun

þessara mála í heild og haft áhrif langt út yfir hið einstaka tilfelli.

Í 6. gr. er gerð tilraun til þess að vernda einstaklinginn, sem má gera ráð fyrir, að sé yfirleitt úr hópi láglaunafólks. Í 6. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú breyta dómstólar úrskurði Jafnlaunaráðs til lækkunar, og á þá atvinnurekandi ekki endurkröfurétt á launþegann fyrir tímabilið frá uppkvaðningu úrskurðar Jafnlaunaráðs til niðurstöðu dómstóla."

Ég vænti þess, að hv. alþm. skilji, að hér er um mjög mikilsverðan rétt fyrir launþegann að ræða, þar sem ella gæti farið svo, að hann treysti sér ekki til að leita aðstoðar Jafnlaunaráðs, enda þótt brýn þörf væri á. Flm. þessa frv. vænta þess, að þessi hv. d. veiti því brautargengi á þann veg, að tilgangi þess verði náð.

Ég get að lokum upplýst, að það er fylgzt með þessu máli í öðrum löndum. Norska Stórþingið hefur haft uppi fsp. um framgang þessa máls hér, og frv. um Jafnlaunaráð, sem lagt var hér fyrir í fyrra, var tilefni umr. og till. í danska þinginu. Með því að samþykkja þetta frv. geta því íslenzkir alþm. haft áhrif á þróun þessara mála á Norðurlöndum og þannig veitt mikilvægan stuðning þeim aðilum, sem berjast fyrir afnámi misréttis þar.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. hafa haft nægan og góðan tíma til að hugleiða þetta mál, sem liggur hér fyrir til umr. á þskj. 21. Frv. þetta hefur legið hér frá því í byrjun þings að kalla má, auk þess sem nálega sams konar frv. var flutt hér á þinginu í fyrra, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Ég ætla að taka það fram, að ég hef ekki myndað mér neina endanlega skoðun á þessu máli, enda þótt ég sé í mörgum atriðum mjög gagnrýninn á það, taldi enda rétt og eðlilegt að bíða eftir þeim umr., sem hér kynnu að verða um málið, áður en ég myndaði mér endanlega skoðun á málinu.

Hér er lagt til, að myndaður verði nýr dómstóll í landinu, og það hlýtur að vera vegna þess, að dómstól vanti, sem geti gegnt því hlutverki, sem þessu Jafnlaunaráði, eins og það er nefnt, er ætlað. Fyrir því er lagt til að stofna til þessa dómstóls, að hér ríki afar mikið ófremdarástand í þeim efnum og þeim atriðum, sem þessi dómstóll eða Jafnlaunaráð á að koma til með að fjalla um.

Ég álít í fyrsta lagi, að við höfum hér fyrir í landinu dómstóla, sem eru fullfærir um að gegna því hlutverki, sem þessum aukadómstól er ætlað að gera. Og í öðru lagi álít ég, að ástandið sé ekki nálægt því eins slæmt í þessum efnum og hv. flm. vilja vera láta, bæði í frv. og grg. þess. Hefur ástandið á þessu sviði hvað varðar launamisrétti eða misrétti á vinnumarkaði milli karla og kvenna farið stórkostlega batnandi á undanförnum árum. Ég hygg, að það sé kannske meira fyrir vanþekkingu hv. flm. á starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, sem svo fast er kveðið að orði í ýmsum atriðum, hvað þetta mál varðar, í þessu frv., sem við höfum fyrir augum.

Hér er lagt til í 1. gr., að „konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf". Þegar lög voru sett, — ég hygg nr. 60 frá 1961, — um sömu laun fyrir sömu störf, höfðu vinnuveitendur uppi þær skoðanir, að í stað þess, að sett yrði í lögin ákvæði um sömu laun fyrir sömu vinnu, yrði tekið ákvæði um jafnverðmæt störf. Menn mega ekki skilja orð mín svo, að ég telji það sönnun fyrir því, að rétt hafi verið að taka inn hitt orðalagið, þótt vinnuveitendur héldu þessu fram á sínum tíma. Ég hef þó þá skoðun, að það sé alveg rangt, sem segir í grg. um 1. gr. þessa frv., að þetta ákvæði um jafnverðmæt störf fari lengra en það, sem kveður á í núgildandi lögum um sömu störf. Ég held, að þessu sé þveröfugt varið. Það segir hér í 4. gr., 6. lið, að Jafnlaunaráði beri „að vega og meta ráðningar- og/eða kjarasamninga til samræmis við ákvæði 1. og 2. gr." o. s. frv.

Jafnlaunaráð á að hafa frumkvæði í því að taka og vega og meta ráðningarsamninga og kjarasamninga verkalýðsfélaga. Ég hygg, að það sé komið að því á öðrum stað í grg., þar sem beinlínis er þannig til orða tekið, að maður skyldi ætla, að verkalýðsfélög og samningaaðilar vinnumarkaðarins væru ekki til þess fullfærir að orða sína samninga, svo að vel fari. Látum það gott heita. En allt innihald þessa frv. er á þá visu, að hér sé ríkjandi hið ægilegasta ástand á vinnumarkaðinum hvað varðar misrétti, þar sem kynjunum sé mjög mismunað, bæði hvað laun snertir og varðandi stöðuveitingar. Ég játa, að fjarri fer því, að jöfnuður í þessum efnum hafi náðst og nægjanlega hafi verið að því staðið, að konur njóti þess jafnræðis, sem þeim ber. En ég endurtek, að stórkostlega mikið hefur áunnizt í þessum efnum, og vil ég þá minna á það, sem hér var sett í lög árið 1961 um launajafnrétti karla og kvenna. Og ég vil rifja það upp hér og nú, að í framhaldi af þeim lögum var sett á stofn jafnlaunanefnd, sem skipuð var fulltrúa skipuðum af ráðh., sem var Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, núv. hæstv. félmrh. átti sæti í þeirri n. og einnig fulltrúi vinnuveitenda, Barði Friðriksson. Ótalmörg mál komu til úrskurðar þessarar n., og hún starfaði, að ég ætla, í ein 6 ár. Ég held, að hún hafi afgreitt öll slík mál ágreiningslaust, og auðvitað varð sú starfsemi og framkvæmd lögunum til mikils framdráttar og til þess að eyða mjög því misrétti, sem áður hafði verið.

Hér segir í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Þá sýna ýmsar athuganir, að raunborgun er hærri til karla en kvenna, enda þótt þau gegni sömu störfum, og ríkrar tilhneigingar gætir til að ganga fram hjá konum við hækkun í starfi." Ég skal ekkert um það fullyrða, hvað hv. flm. hafa fyrir sér í því, þegar slíkt sem þetta er sett hér fram. En gjarnan vildi ég fá upplýsingar um, hvaða rannsóknir liggja að baki þessari fullyrðingu.

Svo segir hér: „Þeir einstaklingar, sem eru þannig misrétti beittir, eiga oft örðugt um vik að fá leiðréttingu mála sinna." Ég hef átt þess kost að starfa að þessum málum í hálfan annan áratug, og þessi fullyrðing er alröng. Þeir launþegar, sem misrétti hafa verið beittir, hafa átt

greiðan aðgang að sínum verkalýðsfélögum til að fá leiðréttingu mála sinna, og sá dómstóll, sem mestmegnis hefur haft með þessi mál að gera, hefur tekið þau til meðferðar og eins og að líkum lætur sem hlutlaus dómstóll afgreitt þau þannig, að enginn hefur yfir að kvarta. Það má kannske segja, að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938, — sem eru mjög merkileg lög og hafa reynzt verkalýðshreyfingunni að mörgu leyti ákaflega vel, enda þótt þau e. t. v. þarfnist endurskoðunar nú, — það má e. t. v. segja, að í þeim kafla þeirra, sem fjallar um félagsdóm, mættu vera ýmis fyllri ákvæði, sem t. d. gerðu þeim dómstóli kleift að taka til meðferðar ýmislegt af því, sem ábótavant er og nauðsynlegt er, að hans verksvið næði yfir. Þá er að athuga það sérstaklega, hvort ekki ætti að endurskoða þau lög, ef á þætti skorta, að þau næðu fyllilega tilgangi sínum, en ekki að grípa til þess að setja upp nýja yfirbyggingu, eins og hér er lagt til.

Þá er hér, — svo að ég grípi niður á þetta á víð og dreif. — ákvæði í 6. gr., sem hv. 4. landsk. þm., frsm. málsins, vakti athygli þingheims sérstaklega á sem mjög mikilsverðum rétti til handa þeim, sem þetta mál varðar, og það ákvæði hljóðar svo:

„Nú breyta dómstólar úrskurði Jafnlaunaráðs til lækkunar, og á þá atvinnurekandinn ekki endurkröfurétt á launþegann fyrir tímabilið frá uppkvaðningu úrskurðar Jafnlaunaráðs til niðurstöðu dómstóla."

Ég vil líka vekja athygli á þessu ákvæði alveg sérstaklega, af því að þetta er brot á þeim réttarvenjum, sem hafa tíðkazt á Íslandi. Áfrýjun hefur a. m. k. í fébótamáli ævinlega haft, eftir því sem mér er tjáð, frestandi áhrif, þannig að fullnægingu dóms, sem kveðinn hefur verið upp, er frestað, meðan hann gengur á síðara dómsstig. Þetta leiðréttist, ef ég hef ekki rétt fyrir mér í því, að þetta sé venjan í íslenzku réttarfari. Og þá er það auðvitað ekkert smámál, ef á að breyta því með þessu, ef þetta frv. verður að lögum.

Í 5. gr. segir enn fremur, að kærendur og sóknaraðilar máls fyrir Jafnlaunaráði geta verið einstaklingar, sem telji brot á lögum þessum beinast gegn sér o. s. frv. Auðvitað er mikilsvert, að einstaklingnum sé gefin sem fyllst réttindi. En ég vil vekja athygli á því, að einstaklingur í verkalýðsfélagi, sem vill sækja rétt sinn, snýr sér með málið skv. þeirri venju, sem nú tíðkast, til síns verkalýðsfélags, sem er hans fyrirsjón og hlýtur að eiga að vera. Og því ber ekki að neita, að í hópi launþega eru oft og tíðum einstaklingar, sem leita til félaga sinna með mál, sem engan veginn standast rétt mat eða skynsamlegt og eru kannske í einstöku tilfellum þverbrot á þeim samningum, sem stéttarfélagið hefur gert fyrir þeirra hönd. Hins er að gæta, að verkalýðsfélögin reka auðvitað af kappi þau mál, sem reynast vera þannig vaxin, að einstaklingurinn eigi rétt á lagfæringu. En ég álít einmitt, að það sé nauðsynlegt, að sjálf verkalýðsfélögin, sem eru fyrirsjón einstaklingsins og óneitanlega hefur tekizt vel til í þeim efnum á Íslandi, séu hlekkur á milli einstaklingsins og dómstólsins. Það álít ég vera eðlilega leið í þessu máli.

Það segir hér í grg.: „Sú staðreynd blasir við, að þau störf, sem konur vinna í þjóðfélaginu, eru metin til lágra launa." Að vísu má segja, að kannske er þetta að stærri hluta, en ekki er hægt að alhæfa þetta eins og þarna er gert og stenzt ekki. Þannig er þetta um ýmis atriði í frv. og grg., að þar er um, að því er mér virðist, allmiklar órökstuddar fullyrðingar að tefla. En þetta frv. hefur legið hér áður fyrir þingi svo til óbreytt frá því sem nú er, og það var leitað umsagnar um þetta frv. á síðasta ári, og ég er sannfærður um það, að hv. 1. flm., hv. 4. landsk. þm., mundi hafa vísað til þeirra umsagna, sem þá komu fram um málið, ef hv. þm. hefði talið þær umsagnir til sérstaks framdráttar málinu. Ég grip hér aðeins niður í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og svo umsögn Alþýðusambands Íslands og legg áherzlu á, að þetta eru umsagnir um næstum því nákvæmlega sams konar frv. og hér liggur fyrir til umr. Breytingin er aðeins e. t. v. í því, að nú má þó áfrýja úrskurði Jafnlaunadómsins, sem ekki var lagt til í fyrra, og var út af fyrir sig furðulegt að hafa ekki það ákvæði í frv. þá, svo að að því leyti gengur þetta frv. í rétta átt. En með bréfi, dags. 22. marz 1972, sendi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja umsögn sína um þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. Vil ég — með leyfi hæstv. forseta, af því að bréfið er stutt, leyfa mér að lesa það. Stjórn BSRB segir á þessa leið:

„Eins og fram kemur í grg. frv., gerir íslenzk löggjöf ráð fyrir jafnrétti karla og kvenna í launamálum og einnig sama rétti til starfa." Þeir vekja strax athygli á þessari staðreynd. Hitt er svo alveg rétt, að það hefur ekki tekizt sem skyldi og ekki nægjanlega vel enn að koma þessu jafnrétti á, enda þótt, eins og ég segi, okkur hraðfari fram og nálgumst mjög viðunanlegt ástand í þessum sökum. Svo segir áfram: „Enn vantar mikið á," það er þeirra álit, BSRB, „að jafnrétti ríki í reynd, þótt það hafi verið fest í íslenzkri löggjöf, og er stjórn BSRB þeirrar skoðunar, að nýtt átak þurfi til þess að tryggja framkvæmd löggjafar um þetta efni. Þetta átak þarf að dómi stjórnar BSRB að framkvæma á félagslegum grundvelli með starfi stéttarsamtaka landsins, félagssamtaka kvenna og stjórnvalda, og í þessu sambandi er höfuðnauðsyn, að konur taki virkari þátt en hingað til í starfi stéttarfélaga. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur þá reynslu af lögskipuðum gerðardómi í kjaramálum, að samtökin berjast fyrir afnámi lagaákvæða um dómstóla til ákvörðunar um kjaramál opinberra starfsmanna. Með hliðsjón af því getur stjórn BSRB ekki mælt með því, að sett verði löggjöf um nýjan dómstól til þess að úrskurða um kjaramál kvenna."

Þetta er umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og aðalinntak hennar er, að þeir geti ekki mælt með því, að sett verði löggjöf um nýjan dómstól til þess að úrskurða um kjaramál kvenna. Síðan kem ég að umsögn Alþýðusambands Íslands. Nú skal því skotið hér inn í, að í frv. á þskj. 21 og grg. með því virðist mér margsinnis koma fram, að konur starfi lítið sem ekkert og hafi lítil áhrif í launþega-

samtökunum yfirleitt. Ég vil mótmæla þessu og benda á, að t. d. verkakvennafélagið Framsókn, Eining á Akureyri, meðan hún var og hét, og Framtíðin í Hafnarfirði o. fl. víða um land hafa staðið nú a. m. k. um langa hríð alveg jafnvel í stöðu sinni innan verkalýðssamtakanna og karlafélögin, verkamannafélögin og önnur verkalýðsfélög, og eiga þar engan minni rétt. En umsögn Alþýðusambands Íslands er dags. 21. febr. 1972 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allshn. Nd. Alþ. hefur með bréfi, dags. 15. nóv. s. l., beiðzt umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. til l. um Jafnlaunadóm," — eins og það hét þá. Það heitir Jafnlaunaráð núna. — „Eins og fram kemur í ákvæðum frv. og grg. með því, er megintilgangur þess sá að tryggja betur en nú er gert jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu og þá sérstaklega koma í veg fyrir launamisrétti milli kynja. Alþýðusamband Íslands er því viðhorfi, sem hér um ræðir, fyllilega sammála, enda hefur það með ýmsum hætti leitazt við að skapa sem víðtækast jafnræði kynjanna í launa- og kjaramálum og orðið þar verulega ágengt á síðari tímum.

Alþýðusambandið telur, að til bóta verði, að ákveðinn dómstóll fjallaði um ágreining, sem upp kæmi vegna meintra brota á lögum, samningum og alþjóðlegum skuldbindingum, sem lúta að því að tryggja félagslegt og fjárhagslegt jafnræði kynjanna í atvinnulífinu, en bendir á, að eðli málsins skv. komi til greina að fela Félagsdómi slík verkefni, enda væru þá gerðar viðeigandi breytingar á lögum um þann dómstól."

Og að síðustu segir Alþýðusambandið í umsögn sinni: „Þá telur Alþýðusambandið, að æskilegt væri, að fram færi víðtæk og nákvæm rannsókn á því, hvernig í raun er háttað launajafnrétti karla og kvenna í íslenzku atvinnulífi, og telur, að slík rannsókn væri eðlilegur undanfari frekari löggjafar en nú er í gildi um þau efni."

Ég vek sérstaklega athygli á þessari umsögn. Í fyrsta lagi er aðalinntak hennar, að Alþýðusambandinu hafi orðið verulega ágengt í þessum efnum á undanförnum árum, sem satt er og sannanlegt. Í öðru lagi, að þessi verkefni, sem Jafnlaunaráðið á að hafa með höndum, væri eðlilegra að fela Félagsdómi. Í þriðja lagi, að áður en hafizt yrði handa um frekari löggjöf í þessu efni, færi fram nákvæm rannsókn á launajafnrétti karla og kvenna á Íslandi og í íslenzku atvinnulífi.

Það fer ekkert á milli mála, að þegar Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sendu umsagnir sínar um þetta mál, sem hér liggur fyrir til umr., lögðu þau beinlínis til, að málið yrði ekki gert að lögum. Og ég fyrir mitt leyti vil taka mið af þessum skoðunum og hef gert. En ég legg áherzlu á það, að nú, þegar þetta mál gengur til n., verði enn á ný leitað alveg sérstaklega umsagnar verkalýðssamtakanna. Það kann að vera, að viðhorf þeirra sé í einhverju breytt. — Ég legg ákaflega mikla áherzlu á það og legg mikið upp úr því að minu leyti, hvaða afstöðu þau taka til þessa máls. Enn fremur á vitanlega að leita umsagnar annarra aðila vinnumarkaðarins. En ég endurtek það alveg sérstaklega, að ég vil hlusta á þau rök, sem Alþýðusamband Íslands alveg sér í lagi mundi vilja tefla fram í þessu máli.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð í upphafi máls míns að lýsa yfir sérstakri ánægju yfir þeim ummælum hv. flm., vegna þess fyrir hvaða flokk hún á sæti hér á Alþ., að hún skyldi hafa lagt á það áherzlu í ræðu sinni hér áðan, að ríki væri ekki frjálst, nema allir þegnar þess væru frjálsir. Vænti ég þess, að hún taki skoðanir sínar á ýmsum málum til endurskoðunar með hliðsjón af þessari sannfæringu sinni.

Að því er þetta frv. varðar, þykja mér ýmis atriði þess óljós og ætlaði að varpa fram nokkrum fsp. til hv. þm. og æskja svars við þeim.

Það er þá fyrst að nefna, að heiti dómstólsins hefur verið breytt í Jafnlaunaráð úr Jafnlaunadómi, og væri skemmtilegt að fá upplýsingar um, hvernig á því stendur.

Það væri einnig skemmtilegt að fá upplýsingar um það, hvaða sérstöku rök lágu til þess, að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja skuli ætlað að skipa lögfræðimenntaðan fulltrúa fyrir sína hönd í dóminn, en hins vegar ekki Alþýðusambandi Íslands eða Vinnuveitendasambandi Íslands.

Enn fremur er nauðsynlegt, áður en afstaða er tekin til þessa máls, að fá upplýst um 3. gr. frv., hvað við er átt með orðunum: „að því leyti sem við verður komið" í sambandi við það, að málsmeðferð fyrir Jafnlaunaráði skuli lúta reglum laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 1936.

Annars var það ekki fyrst og fremst þetta, sem mig langaði til þess að fá upplýsingar um. Í 4. gr. stendur, að það skuli vera eitt af verkefnum Jafnlaunaráðs að „taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunni að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varða". Nú er náttúrlega spurningin, hvernig hv. þm. hugsar sér, að Jafnlaunaráð sinni þessu verkefni sínu. Er hugmyndin sú að koma á sérstakri stofnun í þessu skyni, enn einni stofnuninni? Þá vaknar einnig sú spurning, hvaða hátt hv. þm. hugsar sér, að Jafnlaunaráð hafi á, ef það telur eitthvað athugavert. Ég álít, að eftir því sem í grg. stendur um misrétti kynja, sé þetta ekkert smámál, sem þarna er ætlazt til, að ráðið taki til rannsóknar af sjálfsdáðum, og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að það komi skýrt fram, hvernig hv. þm. hugsar sér það.

Að síðustu ætla ég aðeins að taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að sú grg. er í hæsta máta vafasöm, að kveða á um það, að atvinnurekandi skuli ekki hafa endurkröfurétt á launþega, þótt æðra dómstig falli honum í vil. Ég fæ ekki séð, að slíkt ákvæði geti samrýmzt þeim hugmyndum, sem a. m. k. allur þorri þjóðarinnar gerir sér um réttarríki, og ég sé heldur ekki, að allir þegnar þjóðfélagsins séu jafnfrjálsir, ef slíku ákvæði er skotið inn í lög. Það væri t. d. hægt að hugsa sér, að atvinnurekandinn, sem í hlut á, væri kona.

Annars vil ég segja það almennt um lagasmíð sem þessa, að það hlýtur að þarfnast afskaplega

mikillar íhugunar og rannsóknar að setja á stofn nýjan dómstól í landinu. Þetta er ekki á færi leikmanna. Þess vegna tel ég einkar mikilsvert, að hv. þm. leiði okkur í allan sannleika um, hvernig hann telur, að Jafnlaunaráð eigi að sinna þessum verkefnum.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 27. fundur.

Fimmtudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Íbúðarlán úr Byggingarsjóði ríkisins, þáltill. (þskj. 134). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 76). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Staðsetning stjórnarráðsbyggingar, þáltill. (þskj. 103). — Ein umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram fór þess á leit við mig, áður en hann hvarf af landi brott, að ég tæki að mér að mæla fyrir till. til þál. á þskj. 103, um staðsetningu nýrrar stjórnarráðsbyggingar. Mál þetta hefur að undanförnu allmjög verið í sviðsljósinu, og vil ég leyfa mér að hafa að uppistöðu í þeim orðum, sem ég mæli hér, það helzta, sem fram hefur komið í því máli.

Það má segja, að þessi þáltill. sé borin fram í beinu framhaldi af þeim umr., sem urðu hér á hinu háa Alþ. vegna fsp. hv. þm. Ellerts B. Schram til menntmrh. um þetta mál í haust. Það kom ýmislegt fróðlegt fram við þær umr., m. a. að hæstv. forsrh. tók skýrt fram um sína afstöðu, að hún væri þess efnis, að hann væri eindregið fylgjandi því, að á hinni svonefndu Bernhöftstorfu ætti að rísa stjórnarráðsbygging og þau hús, sem þar eru nú fyrir, ættu þar af leiðandi að hverfa. Ég vil leyfa mér fyrst að víkja aðeins að svari hæstv. menntmrh., Magnúsar T. Ólafssonar, við áminnztri fsp. Hann segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar vil ég við þetta tækifæri láta í ljós það almenna sjónarmið, að mér þykir hafa gætt nokkurrar sjónskekkju í almennum umr. um friðun gamalla húsa. Ég tel, að þar hafi ýmsir lagt um of áherzlu á sögufrægð einstakra bygginga eða tilkomumikið útlit. Hins vegar hefur legið um of í láginni almennt menningargildi þess, að einkum í þéttbýli séu varðveitt mannvirki að því marki, að umhverfið veiti íbúunum og þá ekki sízt uppvaxandi kynslóð staðgóða hugmynd um byggingarsögu staðarins, samhengið í þróun verklegrar menningar, lifnaðarhátta og lífskjara í átthögum sínum. Án þessa umhverfisþáttar fæst ekki það lifandi samhengi hverrar kynslóðar við uppruna sinn og fyrirrennara, sem er forsenda þess, að rótfesta skapist. Til þess þarf umhverfisívaf, sem bendir aftur til fyrri kynslóða, engu síður en tengsl við bóklega menningu. Í breytingasamfélagi okkar daga er þörfin á að huga að varðveizlu mannvirkja — og þá frekar samstæðna, en einstakra bygginga — ríkari en nokkru sinni fyrr. Hagkvæmissjónarmið verða auðvitað að fá að njóta sín, en þau mega ekki vera einráð. Friðunarstarf í þágu lifandi menningarsöguþáttar í umhverfi okkar og eftirkomendanna tekst ekki, svo að vel fari, nema almennur skilningur skapist á því, að tilhlýðileg ræktarsemi við mannvirki frá liðinni tíð sé ekki sízti þátturinn í umhverfisvernd. Það er engum hollt, hvorki einstaklingi né samfélagi, að vilja ekki kannast við uppruna sinn."

Hér vitnaði ég í orð hæstv. menntmrh. og vil ég gjarnan gera þau að mínum. Þarna er allt rétt og skynsamlega mælt, og mættu hv. þm. taka sérstakt mið af því og þá alveg sérstaklega hæstv. forsrh., að hann taki „nótis" af sínum menntmrh. í þessu efni.

Innihald þeirrar till., sem hér liggur fyrir til umr., er á þessa leið: „Alþingi skorar á ríkisstj. að endurskoða þá ákvörðun, að reist skuli ný stjórnarráðsbygging á lóð ríkissjóðs við Bankastræti, Skólastræti og Amtmannsstíg í Reykjavík." Þetta er innihaldið, og ég legg áherzlu á, að það er verið að biðja um endurskoðun þessa máls. Það er engin fyrirskipun um það, með hvaða hætti endurskoða skuli, heldur einvörðungu farið fram á, að þau rök, sem við flm. teljum, að fram hafi komið í málinu síðan fyrri ákvörðun var tekin fyrir 18 árum, verði metin að nýju og á grundvelli þeirra, ef þau reynast með þeim hætti haldgóð, kveðinn upp nýr úrskurður í þessu máli og ný ákvörðun tekin. Við væntum þess fastlega, að þau fjölmörgu rök og málsatvik, sem okkur sýnast liggja til breyttrar ákvörðunar, muni vera nægjanleg.

Það mun hafa verið árið 1954, að á 50 ára afmæli heimastjórnar, að þáv. ríkisstj. gaf út tilkynningu þess efnis, að hún vildi gjarnan minnast þess merkisafmælis með því, að reist yrði ný stjórnarráðsbygging. Og á þingi 1954 munu þeir hafa flutt um það till. saman, Ólafur Thors og Steingrímur Steinþórsson, að reist skyldi nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík. Var sú till. til þál. samþykkt og þá tekin ákvörðun um, að húsið skyldi reist á fyrrgreindum stað.Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið, og alveg sérstaklega nú undanfarið hafa umr. skapazt um þetta mál og ýmislegt nýtt komið fram, sérstaklega hið breytta viðhorf alls almennings til umhverfisverndar.

Ég vil leyfa mér að geta um, hver er hvati þess að málið hefur sérstaklega komið á dagskrá hér í þingi nú, og hann er sá, að hinn 26.

júlí s. l. ritar hæstv. forsrh. borgarráði Reykjavíkur bréf, þar sem ítrekað er það, sem áður hafði verið ákveðið af ríkisstj., fyrrv. ríkisstj., um að gefa Reykjavíkurborg húsin, sem á Bernhöftsstorfu standa, með það fyrir augum, að þau yrðu flutt til Árbæjar á kostnað ríkissjóðs. Þá virðist kominn skriður á það mál, að ríkisstj. hugsi sér að reisa byggingu á þessum stað, stjórnarráðshús, og biður um svar borgarráðs um afstöðu til þeirrar ákvörðunar ríkisstj., enda standi það boð, sem áður hafi verið gert um að gefa Reykjavíkurborg þessi hús og kosta til flutnings þeirra. Borgarstjóri svarar þessu bréfi hæstv. forsrh. með bréfi, dags. 22. ágúst 1972, og vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa kafla úr því bréfi, þar sem að mínum dómi kemur allglögglega fram, að nú eru mjög breytt viðhorf frá því, sem bréfaskriftir um þetta mál áttu sér stað milli þáv. hæstv. fjmrh. Gunnars Thoroddsens og þáv. borgarstjóra árið 1964. Þar segir:

„Borgarráð er þeirrar skoðunar, að þar sem hér sé um að ræða mjög viðkvæman stað í hjarta borgarinnar, þurfi við skipulagningu og hugsanlega byggingu á þessum byggingarreit mjög að vanda til alls undirbúnings og sérstaklega að taka tillit til umhverfisins, einkum Stjórnarráðshússins og húss Menntask. í Reykjavík, sem eru sitt til hvorrar handar við umrædda lóð ríkisins. Sumir draga í efa, að unnt sé að teikna á þessari lóð byggingu, sem geti fallið vel inn í þetta umhverfi, án þess að rjúfa heildarmyndina. En aðrir telja, að arkitektar eigi að geta leyst þetta verkefni og teiknað á lóðinni tiltölulega lága byggingu, sem taki mið af næsta umhverfi. Er spurningin, hvort ekki væri rétt að hafa um þetta verkefni almenna samkeppni meðal arkitekta. Þá ber og að hafa í huga," segir borgarstjóri, „að sterkar raddir, sem eiga sér fylgjendur í borgarráði og borgarstjórn, eru uppi um það, að nú þegar eigi að lýsa yfir friðun þessara húsa. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, telur borgarráð, að á meðan ekki hefur verið sýnd og samþykkt teikning að nýju stjórnarráðshúsi, sem uppfylli þau skilyrði að falla vel að umhverfinu og að vera innan hóflegra stærðarmarka, sé ekki unnt að taka ákvörðun um það nú að rífa svonefnda Bernhöftstorfu og flytja tvö hús hennar í Árbæjarsafn."

Þetta er svar borgarstjóra við bréfi hæstv. forsrh. frá 22. ágúst í sumar. Hann telur þá ástæður með þeim hætti, að ekki sé unnt að taka ákvörðun um þetta nú. Það virðist liggja í augum uppi og má finna þess fleiri dæmi í rökræðum manna um þetta mál, að á þessum stað finnist ekki nægjanlegt rými fyrir stjórnarráðsbyggingu, sem neitt nálægt því mundi rýma starfslið stjórnarráðsins. Og þeir, sem hafa mest í frammi tal um hagkvæmnisástæður, ættu að hafa það í huga, að lítil skynsemi hlýtur að teljast í því að fara að reisa byggingu, sem aðeins mundi nægja fyrir hluta alls stjórnarráðsins, sér í lagi í landi, þar sem rými er nóg til þessara hluta, og í borg eins og Reykjavík. Það er mjög mikilvægt atriði, og ég dreg það af því, sem segir í bréfi borgarstjóra, að þarna gæti ekki verið um stóra byggingu að tefla og hún mundi engan veginn nægja til þess að hýsa stjórnarráð Íslands. Þetta er mergurinn málsins að mínum dómi, hvað varðar staðsetningu stjórnarráðsbyggingarinnar sjálfrar.

Þá er þess að geta, svo að við horfum aðeins fram hjá sjálfum húsunum á Bernhöftstorfunni, að beggja vegna þeirra standa mjög merkilegar byggingar, og ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það, að þær byggingar eigi að standa um ókomna tíð. Það er menntaskólahúsið í Reykjavík, Íþaka og svo á hinn veginn Stjórnarráðshúsið, gamla tugthúsið. Ef þarna risi á lóðinni steinhús, að ég tali nú ekki um, sem nægja mundi til þess að hýsa allt stjórnarráðið, þá liggur í augum uppi, að þessar tvær merku byggingar, Menntaskólinn og Stjórnarráðshúsið, yrðu eins og smábýslög sitt til hvorrar handar við þá steinlímshöll, sem þar yrði staðsett. Um það er ég ekki í nokkrum vafa.

Það hefur komið mjög fram í umr. að undanförnu, að Íslendingar eru vissulega fátækir af gömlum minjum, sér í lagi þegar um hús er að ræða. Þetta á sínar eðlilegu skýringar. Lengst af áttum við í harðri lífsbaráttu og höfðum ekki til þess tíma að huga að slíkum verðmætum. Jafnvel gekk svo langt, að þótt hlutur væri vissulega mjög virtur í augum Íslendinga og hugum, eins og skinnbækurnar gömlu, að í neyð sinni neyddist þjóðin jafnvel til þess að nota skinnhandritin til þeirra hluta, sem þeim var ekki ætlað, eins og í bætur á föt og sóla á skó. En nú er þetta gerbreytt. Viðhorf manna er gerbreytt til þess arna, og fyrir því er risin upp mjög eindregin andstaða við þær hugmyndir að hrófla við þessari einu heillegu götumynd frá síðustu öld, frá frumbernsku Reykjavíkur að kalla má, sem enn fyrirfinnst. Ég veitti því athygli, að hér hefur verið lagt fram í þingi frv. til l. á þskj. 120 um Húsafriðunarsjóð. Það er mjög merk tillaga, og ég get strax lýst yfir mjög eindregnu fylgi mínu við hana og vek athygli manna á þeirri grg., mjög merkri, sem því frv. fylgir og styrkir allt það mál, sem ég hef hér að flytja mjög.

Ég vil þá leyfa mér að vitna til þess, sem segir í bréfi frá húsfriðunarnefnd, dags. 23. febr. 1970. 23. febrúar 1970 skrifar húsfriðunarnefnd, sem starfar eftir þjóðminjalögum, þáv. forsrh., dr. Bjarna Benediktssyni, á þessa leið, og enda þótt það sé allmikil lesning, þá eru þar fram taldir allir meginþættir þessa máls, svo að ég sé mér ekki annað fært en að lesa bréfið í heild sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsfriðunarnefnd, sem skipuð er samkv. þjóðminjalögum, nr. 52 frá 19. maí 1969, ræddi á fundum sínum 11. og 18. þ. m. um gömlu húsin ofan við Lækjargötu og framtíð þeirra. Það er Bernhöftshúsið svonefnda, geymsluhúsið sunnan þess, Gimli og Landlæknishúsið svokallaða, fyrrum hús Stefáns Gunnlaugssonar bæjarfógeta, svo og bakhúsin meðfram Skólastræti. Ástæðan til þess, að n. tók þessi hús til umr. þegar á öðrum fundi sínum, eru fréttir, sem nýlega hafa birzt í dagblöðum um, að fyrirhugað væri að byggja nýtt stjórnarráðshús á þessum stað og að þegar væri farið að teikna húsið. N. þykir mjög miður, ef þessi hús verða fjarlægð, enda eru þau meðal þeirra húsa, sem lagt hefur ver-

ið til við borgarráð Reykjavíkur, að varðveitt verði til framtíðar á sínum stað.

Svo sem komið hefur fram í fréttum, hefur á undanförnum tveimur árum farið fram svonefnd húsakönnun í Reykjavík. Fékk borgarráð þá Hörð Ágústsson skólastjóra og Þorstein Gunnarsson arkitekt, sem báðir eiga sæti í húsfriðunarnefnd, til að gera vandlega könnun á gamla borgarhlutanum með tilliti til þess, hvaða hús og húsaheildir skyldi varðveita framvegis á sínum stað, hver skyldu flutt og varðveitt annars staðar og hver mætti rífa, án þess að veruleg eftirsjón væri að. Skoðunargerð þessari er nú sem næst lokið. Hafa þeir, sem hana framkvæmdu, tekið til athugunar hvert hús á því svæði, sem ástæða þótti til að rannsaka, athugað það svo gaumgæfilega sem efni stóðu til, rannsakað það frá sögulegu og byggingarsögulegu sjónarmiði, stöðu þess í núverandi húsaheild, athugað varðveizluástand þess og síðan gefið því einkunn út frá þessum atriðum. Við skoðunargerð þessa var tekið tillit til aðalskipulags Reykjavíkur, sem samþ. var árið 1967. Niðurstöður þeirra eru í stuttu máli þær, að þeir telja gömlu miðborgina, þ. e. a. s. kvosina, sem afmarkast af Aðalstræti að vestan, höfninni að norðan, Lækjargötu að austan og Tjörninni að sunnan, orðna svo sundurleita og búið að byggja þar svo mikið af nýjum húsum og mörg gömlu húsanna, sem eftir eru, séu orðin það breytt og í svo miklu ósamræmi við byggðarheildina eins og hún er nú, að vart sé ástæða til að leggja til, að húsaheildir séu þar varðveittar. Reyndar eru þarna nokkur hús, sem þeir leggja eindregið til, að varðveitt verði, svo sem að sjálfsögðu alþingishúsið og dómkirkjan, Landsbankahúsið og iðnaðarmannahúsið gamla, en örfá önnur skulu flutt til útisafna, svo sem hús Jakobs Sveinssonar við Kirkjutorg og húsið Hafnarstræti 16. Húsin umhverfis kvosina virðast hins vegar hafa varðveizt mun betur, og þar er á nokkrum stöðum heildarsvipur byggðarinnar mjög góður. Leggja þeir Hörður og Þorsteinn til, að nokkur slík svæði verði varðveitt.

Svo er um umhverfi Tjarnarinnar, þ. e. Tjarnargötu að vestan og Fríkirkjuveg að austan, Suðurgötu, Vesturgötu á kafla, Stýrimannastíg og hluta af Þingholtsstræti. En sú húsaheild, sem þeir leggja hvað mesta áherzlu á, að varðveitt verði til framtíðarinnar, er húsaröðin austan Lækjargötunnar." — Sú húsaheild, sem þeir leggja hvað mesta áherzlu á, að varðveitt verði til framtíðarinnar, er einmitt sú margumtalaða Bernhöftstorfa, og síðan Menntaskólinn og Íþaka öðrum megin og Stjórnarráðshúsið hinum megin. Síðan segir áfram:

„Þarna er um einstæða byggðarheild að ræða allt frá Stjórnarráðshúsinu gamla og suður að Bókhlöðustíg 2. Næsta hús við Stjórnarráðshúsið er Bernhöftshúsið með bakaríinu, eitt formfegursta hús sinnar gerðar, smíðað 1838. Síðan tekur við vörugeymsluhúsið, afar fallegt og stílhreint í einfaldleika sínum. En þá tekur við Gimli, sem er hið eina þessara húsa, sem ætti að hverfa, þar sem það brýtur mjög í bága við byggðarheildina og tilheyrir allt öðrum tíma en hin húsin. Sunnan við Gimli er síðan húsið, sem Stefán Gunnlaugsson bæjarfógeti reisti og bjó í, en síðar Guðmundur Björnsson landlæknir. Hann lét reisa turninn sunnan við húsið, sem að vísu er framandi þar, en er teiknaður af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt, fyrsta menntaða íslenzka arkitektinum, sem starfaði hér heima, og í sjálfu sér mjög smekkleg bygging. Sunnan við Amtmannsstíginn tekur síðan við í þessari sömu röð Menntaskólinn, glæsilegasta timburhús og ein sögufrægasta bygging, sem til er hérlendis, þar sem í er t. d. alþingissalurinn gamli. Sunnan við Menntaskólann er svo bókhlaðan, merkilegt steinhús og nátengt skólanum. En þessi röð endar síðan með húsinu Bókhlöðustígur 2, sem nýlega hefur verið gert mjög smekklega við og ætlunin er að láta standa til frambúðar.

Þessi húsaröð er elzta, ósnerta húsaröðin í Reykjavík. Húsin eru öll frá svipuðum tíma, frá því um miðja síðustu öld, að Stjórnarráðshúsinu undanskildu og Gimli, en þar stóð ekkert hús áður. Þessi hús hafa alla tíð sett mjög sterkt svipmót á Reykjavík, og velflestar gamlar yfirlitsmyndir af Reykjavík eru teknar með það fyrir augum, að þessi hús sjáist á þeim.

Húsfriðunarnefnd hefur athugað vandlega þessi áminnztu hús og einnig rætt gaumgæfilega till. þeirra Harðar Ágústssonar og Þorsteins Gunnarssonar, og er það einróma álit húsfriðunarnefndar, að þarna séu mikil menningarverðmæti, sem undir engum kringumstæðum megi skemma, og þarna sé einstakt tækifæri til þess að varðveita svolítinn hluta af yfirbragði Reykjavíkur frá því um miðja 19. öld.

Aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir, að umferðaræð verði opnuð vestan um Túngötu og Kirkjustræti upp Amtmannsstíg, sem breikki þar til norðurs, og síðan inn Grettisgötu. Mun breikkun Amtmannsstígs nema sem svarar breidd turnsins við hús Stefáns Gunnlaugssonar. Stórhýsi á þessum stað mundi stórskemma og reyndar eyðileggja svip Stjórnarráðshússins gamla og Menntaskólans." Þetta er álit húsfriðunarnefndar, sem ég er að lesa hér upp. Og það heldur áfram og segir: „Það eru því eindregin tilmæli húsfriðunarnefndar til hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði ákvörðun sína um nýtt stjórnarráðshús á þessum stað og hlutist til um, að þessi gömlu hús ofan Lækjargötunnar verði friðuð til ókominna tíma. Það yrði mjög jákvætt spor fyrir húsafriðun á Íslandi, ef ríkisstj. vildi ganga á undan með góðu fordæmi og sýna hug sinn til verndunar menningarminja. Trúir n. ekki öðru en önnur svæði í borginni standi til boða fyrir stjórnarráðsbyggingu, og vill í því tilefni benda á till. Helga Finsens, sem getið er um í fskj. bréfs þessa, um byggingu skrifstofuhúss ofan við Stjórnarráðshúsið gamla."

Þá kemur n. inn á að vísa til þess, að mál sem þessi, friðun húsa, hafi verið rædd á ráðherrafundum í Evrópuráði og gerðar þar um sérstakar samþykktir, t. d. á einum fundi, sem var boðið til fulltrúum frá Vestur-Evrópu, að vísu öllum löndum nema Íslandi, og má því vera, að ályktanir þess fundar hafi farið fram hjá íslenzkum stjórnarvöldum. Til þess fundar í Evrópuráðinu var boðað, þar eð mönnum of-

bauð hin geigvænlega eyðing menningarverðmæta hvarvetna um lönd á síðari árum. Húsfriðunarnefnd endar bréf sitt á þessu:

„Húsfriðunarnefnd væntir þess, að hæstv. ríkisstj. taki mál þetta til vandlegrar íhugunar hið fyrsta."

Og það er tilgangurinn með þeirri till. til þál., sem nú er flutt hér, að skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta mál til vandlegrar íhugunar á nýjan leik og endurskoðunar, ef þess er nokkur kostur.

Ég vil láta þess getið, að Arkitektafélag Íslands hefur mjög beitt sér fyrir því, að þessi byggðarheild yrði varðveitt, og með bréfi til hæstv. forsrh. 9. ágúst s. l. skrifar stjórn þess hæstv. forsrh. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Arkitektafélags Íslands vill hér með fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún veiti henni og þeim aðilum öðrum, sem áhuga hafa á varðveizlu Bernhöftstorfu, leyfi til þess að hreinsa til umhverfis húsin, lagfæra þau og mála að utan ríkissjóði að kostnaðarlausu." Segir síðar í bréfinu: „Arkitektafélag Íslands hefur haft verndun torfunnar á stefnuskrá sinni undanfarin tvö og hálft ár, m. a. efnt til almennrar samkeppni um, á hvern hátt torfan gæti haft hlutverki að gegna í miðbænum um ókomin ár."

Það er sem sé boð Arkitektafélagsins til hæstv. ríkisstj., að það taki að sér að gera við þessi hús og gera þau upp ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Menn hafa haft á orði, að þetta væru fúaspýtur einar. En gjarnan hafa þeir hinir sömu andstæðingar þessarar varðveizlu látið þess getið, að það mætti gjarnan flytja þau í Árbæ hreppaflutningi. Það fer auðvitað illa saman að tala um, að þetta séu fúaspýtur og að það megi reisa húsin á nýjan leik uppi í Árbæ. En það hefur verið rannsakað af manni með sérþekkingu, að allir aðalmáttarviðir þessara húsa eru heilir og til þess fullfærir að bera þau um ókomin ár, ef þau verða gerð vandlega upp að utan.

Ég hef hér í höndum bréf frá Arkitektafélagi Íslands til borgarráðs, sem dags. er 7. ágúst í sumar, þar sem Arkitektafélagið rekur á svipaðan máta og húsfriðunarnefnd ástæðurnar fyrir því, að Arkitektafélagið sækir þetta mál svo afar fast sem raun ber vitni, að ekki verði farið eyðandi hendi yfir þennan merkilega borgarhluta. Ég vil aðeins grípa niður í einstök atriði, sem fram koma í grg. Arkitektafélagsins. Þeir ræða um menningarlegt og sögulegt gildi húsanna og segja: „Húsaröðin frá Stjórnarráðshúsinu og suður að Þöku, að báðum þessum húsum meðtöldum, er heilleg götumynd, sú eina, sem varðveitzt hefur óskert frá síðustu öld." Þeir skora á borgarráð, sem þetta bréf er stílað til, að beita áhrifum sínum, til þess að forða megi frá því, að þessi stórmerka heimild, menningarsöguleg í öllu tilliti, verði varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir.

Ég hef svo litlu við mál mitt að bæta umfram það, sem ég hef þegar sagt. Ég legg áherzlu á það, sem margsinnis hefur verið ítrekað, að hér er um að tefla einu heillegu húsaröðina í Reykjavíkurborg, sem til er. Það er húsaröðin frá manndómsárum Jóns Sigurðssonar, sem í einu af þeim húsum, sem myndar þessa heild, stjórnaði Alþingi Íslendinga. Það kann að vera, að ýmsum sýnist lítið til um þetta nú, en þó að ekki sé horft lengra fram í tímann en eina öld, þá kynnu að vera uppi menn, sem gjarnan eigi að fá augum að líta, hvernig byggingarstíll og umhverfi var hið næsta, þar sem forseti vor stjórnaði Alþ. Íslendinga. Og ekki nóg með það, að hún fái að líta það augum, heldur einnig að sú merka stofnun, menntaskólinn gamli, gamli latínuskólinn og alþingshúsið, það hús væri þá ekki horfið í skuggann eins og útikamar við stóra steinlímsbyggingu stjórnarráðs í Reykjavík. Og ég verð að segja það, einmitt í tilefni af því, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., — því miður sé ég, að hann er ekki viðstaddur, — en af því, sem fram kom hjá honum í umr. um fsp. hv. þm. Ellerts B. Schram fyrir nokkru, að hann fullyrti, að allur þorri almennings væri þeirrar skoðunar, að það bæri að fjarlægja þessi hús, sem á Bernhöftstorfu standa, þá leyfi ég mér að draga í efa, að sú fullyrðing fái staðizt, og marka það af ýmsu því, sem nú hina síðustu daga hefur gerzt, m. a. að stofnað hefur verið til samtaka til þess að berjast fyrir verndun þessara menningarverðmæta. Ég er að vísu ekki Reykvíkingur, en allt frá því að ég kom hingað fyrst fyrir um 20 árum hefur mér fallið einstaklega vel yfirbragð borgarinnar á þessum stað, á þessum stað og í Tjarnargötu alveg sérstaklega, eins og suður á Grímsstaðaholti, og mundu þó ýmsir ekki telja byggingar þar um slóðir til hinna merkustu eða verðmætustu, ef menn vilja reikna allt í krónum og aurum. Má ég þá t. d. nefna þar Litlu-Brekku og enn fleiri byggingar frá gamalli tíð, sem hrein unun er að ganga fram hjá á kyrrum lognkvöldum í Skerjafirði, þegar menn þurfa aðeins að komast í smásnertingu við land sitt og náttúru, og geta það vel innan sjálfra borgarmarkanna, og það er merkilegt og fátítt um höfuðborgir í Evrópu í dag.

Ég verð að segja, að ég er ekki Reykvíkingur, en mér er nær að halda, að mér rynni enn meir blóð til skyldunnar, ef ég væri það, þegar svo er komið, að menn ætla að fara eyðandi eldi um þetta merka svipmót og þurrka út þann sterka drátt í svipmóti Reykjavíkur, sem þessar byggingar eru. Og ég vænti þess fastlega — (Gripið fram í: En vill nokkur búa í kofunum?) Það skiptir engu máli, hvort nokkur vill búa þar eða ekki, og þá eru Íslendingar orðnir vandlátir, ef þeir vilja ekki búa í þessum fallegu, ágætu húsum, þegar er búið að gera þau íbúðarhæf. Það er víða verr búið en þar. Og það er ekkert aðalatriði, það sjónarmið, hvort þau verði hæf til íbúðar. Örugglega má ganga þann veg frá þeim, að þau geti orðið safnahús. Ég veit ekkert um það, hvort nokkur vill búa í Nonnahúsinu á Akureyri. Ég hef ekki kannað það. Hins vegar þykir það hið merkasta hús, og það er Akureyringum til stórsóma, hvernig þeir hafa varðveitt hús Nonna og séra Matt-

hiasar Jochumssonar. Ég kom í Nonnahús í sumar. Það er ekki að marka mig kannske, ég gæti vel hugsað mér að búa þar, en ég býst ekki við, að það yrði almennt talið boðlegt nú á dögum.

Ég legg svo að lokum áherzlu á, að sú till., sem við fjórir þm. berum fram á þskj. 103, er till. þess efnis, að við viljum áfrýja þessu máli. Segjum svo, að fyrir 18 árum hafi verið kveðinn upp úrskurður í undirrétti þess efnis, að á þessari lóð skyldi byggð stjórnarráðsbygging. Nú viljum við áfrýja þessum úrskurði eftir 18 ár, þar sem okkur sýnast ýmis rök hníga að því, að eðlilegt sé að endurskoða þetta. Og ég trúi ekki, að hv. þingheimur vilji neita okkur um að áfrýja þessu til endurskoðunar, og ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. forsrh., sem hefur kennt mönnum og brautskráð til dómaraembætta, hann mun áreiðanlega ekki vilja fella þessa till. og neita okkur þar með um það að áfrýja þessum 18 ára gamla úrskurði, þessum 18 ára gamla dómi, sem ekki hefur verið fullnægt. Ég trúi því ekki, hvaða afstöðu sem hv. þm. hafa yfirleitt til þessa máls í sjálfu sér, til byggingannna sjálfra, sem er auðvitað mikið mál, þá trúi ég því ekki, að þeir vilji koma í veg fyrir með því t. d. að fella þessa till., að þetta mál verði endurskoðað. Ég er sannfærður um, að þessi till. um endurskoðun á staðsetningu nýrrar stjórnarráðsbyggingar mun hljóta byr hér á hinu háa Alþ., því að engu getur verið glatað með því, að málið verði rannsakað ofan í kjölinn. Ég hef rakið hér frá ýmsum mjög málsmetandi aðilum rök, sem ættu að nægja til þess, að menn geti fellt sig við það a. m. k., að þetta verði tekið til rækilegrar yfirvegunar á nýjan leik, og auðvitað er það von okkar, sem að þessu máli stöndum, að sú rannsókn muni leiða til þess, að það verði gerbreytt um stefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 122). — Ein umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, þm. Sunnl., að flytja till. á þskj. 122 um þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja. Það hefur lengi verið erfitt með samgöngur milli lands og Vestmannaeyja. Að vísu hefur þetta batnað mikið síðari árin, eftir að flugvöllur kom í Vestmannaeyjum og sérstaklega eftir að þverbraut kom, þá hefur flugdögum fjölgað verulega. Eigi að síður munu flugdagar tæplega verða fleiri en 280 á ári, miðað við þær kannanir, sem gerðar hafa verið. Eru þá 85 dagar á ári, sem ekki er unnt að fljúga þangað. Að vetrinum til geta orðið margir dagar í röð, sem ekki verður flogið. Það er að vísu verið að vinna að því að bæta samgöngur á sjó milli lands og Eyja. Eftir að höfnin kom í Þorlákshöfn, hafa verið næstum daglegar ferðir að sumrinu milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja. En á meðan höfnin í Þorlákshöfn er ekki betri en hún enn er, verður tæplega hægt að treysta á daglegar ferðir til Þorlákshafnar að vetrinum. Af því leiðir, að ferðir á sjó milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja geta ekki orðið daglega, í mesta lagi þrisvar í viku. Það er því eðlilegt, að Vestmanneyingar óski eftir því að fá betri samgöngur og meira öryggi og leitast við að tryggja það, að menn, sem fara til Vestmannaeyja að morgni, geti komizt aftur að kvöldi, ef þess þarf með, og þurfi ekki að bíða veðurtepptir í Vestmannaeyjum í marga daga, eins og komið hefur fyrir.

Það er skoðun manna, að það mætti bæta úr þessu til bráðabirgða með þyrluflugi milli Vestmannaeyja og Landeyja. Það er fljótlegt flug, tæki ekki nema 5—10 mínútur að fljúga frá Vestmannaeyjum í Landeyjar. Og þetta þyrfti ekki að vera mjög kostnaðarsamt með tilliti til þess, að flugtíminn er stuttur.

Ég hef rætt þetta mál við forstöðumann Landhelgisgæzlunnar, og hann segist vera reiðubúinn að athuga möguleika á því, hvort Landhelgisgæzlan gæti tekið þetta að sér oftast nær. Landhelgisgæzlan mun hafa nú yfir að ráða þremur þyrluflugvélum. Að vísu yrði landhelgisgæzlan að ganga fyrir og eins ef um slys væri að ræða, þá yrðu vitalega farþegar, sem biðu í Vestmannaeyjum, að una því, ef annað nauðsynlegra þyrfti að ganga fyrir. En með því að Landhelgisgæzlan tæki þetta að sér, þyrfti kostnaður við þetta ekki að verða óviðráðanlegur. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar vildi ekki gefa mér nákvæmlega upp kostnaðinn í þessu efni, en lofaði að kanna það, áður en sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, tekur það fyrir og kallar hann til viðræðna um málið. Verður hann þá reiðubúinn til að gera grein fyrir því, hvort Landhelgisgæzlan vildi taka þetta að sér og hver kostnaðurinn af því ætti að verða.

Það er unnið að því nú að bæta höfnina í Þorlákshöfn, og við teljum, að það muni ekki líða mörg ár, þangað til hægt verður oftast nær að nota þá höfn daglega, einnig yfir vetrarmánuðina. Með því gætu orðið daglegar ferðir á sjó milli lands og Eyja, og má segja, að það sé lítil eða a. m. k. miklu minni þörf á ráðstöfunum eins og þessum, þegar það er orðið. En það hljóta að líða 2, 3, 4—5 ár, þangað til höfnin í Þorlákshöfn er orðin þannig, að hún verði örugg vetrarhöfn í hvaða veðri sem er.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu. Við teljum, að ef þessi till. yrði samþ. og kæmi til framkvæmda, þá væri leyst úr brýnasta vanda til bráðabirgða, þangað til samgöngur á sjó verða öruggari og betri en þær nú eru. Og verði kostnaður af þessu ekki ýkjamikill, hann verði vel viðráðanlegur, þá mætti vitanlega hugsa sér, að þarna mætti gripa inn í framvegis, jafnvel eftir að sjósamgöngur væru orðnar góðar, því að vissulega er það svo, að margir menn eru heilsulitlir, vilja helzt vera lausir við að fara í sjóferðir í vondum vetrarverðum, og vildu þá heldur kjósa að geta komizt flugleiðis.

Ég vil svo, þegar þessari umr. hefur verið frestað, leggja til, að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttarstaða tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar, þáltill. (þskj. 124). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 11. landsk. og hv. 1. þm. Reykn. leyft mér að bera fram till. til þál. á þskj. 124 um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna réttarstöðu sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja, sem eru í nágrenni flugvalla, gagnvart eigendum flugvéla, er slysum og tjóni valda, og lögfesta úrbætur, sé þess þörf."

Stærstu flugvellir okkar, Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvöllur, hafa verið í notkun síðan í síðustu heimstyrjöld. Reykjavíkurflugvöllur er sem kunnugt er inni í sjálfri höfuðborginni, og í nágrenni Keflavíkurflugvallar eru blómleg og fjölmenn byggðarlög, svo sem Keflavík, Sandgerði, Njarðvík o. fl. Er flugvélar lenda eða hafa sig á loft, fljúga þær oft lágt yfir húsþökum þessara byggðarlaga, og er þá augljóst, að ef flugslys yrði í lendingu eða við flugtak, væri mikil hætta á því, *að íbúar þessara byggðarlaga, sem* minnzt hefur verið á, yrðu fyrir stórtjóni. Svo mikið er þó öryggi flugsins, að þrátt fyrir áratuga starfrækslu þessara flugvalla hefur ekki komið til stórra óhappa. Augljóst er þó, að hættan er fyrir hendi, og vaxandi umferð risastórra flugvéla leiðir hug þeirra, er þarna búa, daglega að þessari hættu. Umferð um þessa áminnztu tvo flugvelli hefur aukizt mjög á undanförnum árum. Lendingar og flugtök á Keflavík árið 1971 munu hafa verið yfir 65 þús. *og lendingar og flugtök á Reykjavíkurflugvelli* sama ár yfir 111 þús. Og það er vitað, að það hefur legið nærri stórslysum við Keflavíkurflugvöll, og kunnugir segja frá einu slíku atviki, að sá atburður varð, þegar farþegaflugvél var í aðflugi úr skýjum til Keflavíkurflugvallar og skauzt niður úr skýjalaginu með meira en 500 km hraða á klukkustund, að allt í einu birtist önnur flugvél beint á móti rétt neðan skýjalagsins á engu minni hraða. Flugmenn farþegavélarinnar beygðu þá frá með sína 200 farþega, og það sama gerði hinn flugmaðurinn, og þrátt fyrir gott skyggni neðan skýja höfðu þeir aðeins örfáar sekúndur til þess að forðast árekstur, enda nálguðust vélarnar hvor aðra með um 18 km hraða á mínútu. *Ekki var annað vitað en öllum öryggiskröfum* hefði verið fullnægt í þessu tilviki. Fyrir nokkrum árum féll hurð af flugvél niður á milli húsanna í Ytri-Njarðvík. Og það eru margar frásagnir til af atburðum sem þessum á þessum slóðum og benda til þess, að heppni og sérstök hæfni flugmanna hafi afstýrt stóróhöppum.

Margt hefur verið gert á undanförnum árum til að auka öryggi í flugumferð, flugbrautir lengdar, tækjabúnaður flugvalla og flugvéla aukinn og endurbættur og kennsla og þjálfun starfsliðs bætt. Allt þetta eykur flugöryggi og gerir umferðina minna háða veðurfari. Á móti kemur svo það, að síaukin umferð hinna risastóru flugvéla krefst styttri tíma til afgreiðslu og meiri *nákvæmni, og sú spurning vaknar óneitanlega,* hvort hættan á óhöppum sé í raun og veru ekki frekar vaxandi heldur en minnkandi þrátt fyrir umbæturnar. Þessari till. er þó aðeins ætlað að fá kannaðan ákveðinn, afmarkaðan þátt þess vanda, sem byggðarlög í nágrenni flugvalla eiga við að búa. Við treystum því, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að auka flugöryggið, að flugvellir séu búnir fullkomnustu tækjum og mannafla til þess að gera umferðina sem öruggasta. Það er að sjálfsögðu meginkrafa og megináhugamál þeirra, sem við flugvellina búa. En það, sem við með þessari till. óskum hins vegar eftir, er, að sérfræðingar á vegum hins opinbera kanni m. a. eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, hvort öruggt sé, að aðilar, sem verða fyrir eigna- eða heilsutjóni vegna flugslysa, fái fullar bætur, jafnvel þótt ábyrgðartryggingar viðkomandi flugvéla nægi ekki til greiðslu á bótum. Reynist svo við athugun, að þetta sé ekki öruggt, teljum við nauðsynlegt, að þeir, sem sjá um rekstur flugvallanna, gefi sveitarfélögum í nágrenninu ákveðnar yfirlýsingar um, að þeir eða hið opinbera muni bæta það, er ávantar, þegar greiðslugetu tryggingaanna lýkur.

Í öðru lagi er nauðsyn, að það liggi ljóst fyrir, hver ábyrgðina ber, ef bótaskylda verður vegna mengunar, t. d. vegna olíu er kynni að renna út af flugvöllum eða frá geymslutönkum þeirra og inn í viðkomandi sveitarfélög.

Í þriðja lagi er vitað, að hávaði af völdum risaþota getur valdið varanlegri örorku og mjög miklum truflunum og jafnvel taugatruflunum. Fullkomin nauðsyn er á, að þetta atriði verði kannað til hlítar og rannsóknir sérfræðinga komi þar til.

Í fjórða lagi þarf að leggja fyrir nákvæm áætlun hjá sveitarfélögum, hvernig hjálpar- og björgunaraðgerðum verði hagað, ef flugvél dettur niður í byggð og fjöldi manna slasast. Þar er þörf skipulagðra og margháttaðra aðgerða, sem nauðsynlegt er, að sveitarfélögum séu kunnar, svo sem brunavarnir, slysahjálp og sjúkrahúsaðstaða, og er líklegt, að meta þurfi sjúkrahús Keflavíkur með þetta í huga, og virðist sjálfsagt, að endurbótum og uppbyggingu, sem þar stendur yfir, verði hraðað af þessum ástæðum.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði lögð fyrir allshn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Greiðsla ríkisframlaga skv. jarðræktarlögum, þáltill. (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 9. landsk. þm. að flytja till. til þál. um greiðslu ríkisframlaga samkv. jarðræktarlögum á þskj. 127. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að ríkisframlög samkv. II. kafla jarðræktarlaga verði greidd út á framkvæmdaári. Þessu marki verði náð í áföngum, svo fljótt sem verða má, *en þó eigi minna á næsta ári en sem svarar* 20% af þeirri fjárhæð, sem ella kæmi til útborgunar árið 1974."

Ég vil í upphafi láta þess getið, að mér hefði þótt æskilegra, að hæstv. landbrh. og fjmrh. væri hér viðstaddur, þegar mál sem þetta er til umr. Málið kemur að vísu aftur til framhaldsumr., en þar sem þetta málefni snertir afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár, hefði það verið að mínu mati mun æskilegra, ef hæstv. ráðh. hefði verið hér viðstaddur.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur sú regla gilt um ríkisframlög samkv. II. kafla jarðræktarl., að þau eru greidd út til bænda yfirleitt ári eftir að framkvæmdir eru unnar og úttekt þeirra hefur farið fram. Þessi regla er búin að gilda um langan aldur, að ég hygg, og hefur þó stundum komið til orða, að þörf væri á að breyta hér um, eins og farið er fram á með þessari till. Að þessu sinni er sérstakt tilefni til, að breyting verði gerð. Eins og kunnugt er, var jarðræktarl. breytt á síðasta Alþ., og við þær breytingar, sem þá voru gerðar á l., voru þau framlög, sem til þessa hafa verið greidd út af Landnámi ríkisins, felld inn í jarðræktarl. Landnám ríkisins hefur um nokkurt árabil greitt út framlög á nokkra þætti jarðræktarframkvæmda, og sá háttur hefur jafnan verið á hafður af Landnámi ríkisins að leitast við að greiða þessi framlög út á sama ári og úttekt fer fram. Það er þess vegna augljóst, að við þá breytingu, að þessi framlög eru felld inn í jarðræktarl., ef sömu skipan verður haldið þar eins og verið hefur, er stigið skref til baka bændum landsins til óhagræðis með því að greiða hluta jarðræktarframlaganna ári síðar til bænda heldur en gerzt hefur til þessa. Þetta fyrirkomulag er einnig að mínu mati úrelt, vegna þess að yfirleitt er úttektum skilað það tímanlega, að unnt á að vera þess vegna að greiða framlögin a. m. k. að verulegu leyti á framkvæmdaári. Það er almenn regla um framlög ríkisins til annarra framkvæmda, að þau eru greidd jafnóðum og verk er unnið.

Ef reynt er að gera sér grein fyrir því, hve mikið fé hér er um að ræða, þá er nokkuð að því vikið í grg. till., og segir þar, að á fjárl. yfirstandandi árs sé gert ráð fyrir því, að Landnám ríkisins hafi til ráðstöfunar 22.8 millj. til framlaga út á ræktunarframkvæmdir af þessu tagi, þ. e. þær framkvæmdir, sem við breytingu jarðræktarl. voru felldar þar inn. Á sömu fjárl. er gert ráð fyrir því, að greiðslur samkv. II. kafla jarðræktarl. nemi 122.6 millj. kr. Hlutdeild þess fjár, sem samkv. þessu hefur farið í gegnum hendur Landnáms ríkisins og bændur þannig fengið í sínar hendur á sama ári og verk er unnið, er þess vegna um 16% af því heildarfjármagni, sem fer til framlaga vegna jarðræktarframkvæmda í landinu.

Till. þessi gerir ráð fyrir því, að stefnt skuli að því marki, að framlögin verði greidd öll út á framkvæmdaári. Hér er þó farið hófsamlega í sakirnar, þannig að það er gert ráð fyrir því eftir till., að þessu marki verði náð í áföngum og að á næsta ári verði þó eigi minna fé varið í þessu skyni en svo, að því marki verði náð, að 20% framlaganna verði greidd út á framkvæmdaárinu. Það er því litlu meira fé en verið hefði, ef hinni fyrri reglu hefði verið fylgt, að hluti framlaganna hefði sem fyrr farið í gegnum hendur Landnáms ríkisins samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., sem var, eins og ég fyrr sagði, 16% af þessu fjármagni í heild.

Sú lagabreyting, sem gerð var í fyrra, er því sérstakt tilefni til þess, að þessu máli sé hreyft nú. Eins og ég hef þegar sagt, er það sjálfsagðara en fyrr, til þess að ekki sé með þeirri lagabreytingu stigið skref til baka að þessu leyti. Við þurfum að stefna að því, þegar breytt er lögum á hv. Alþ., að stiga skrefin fram á við, og var það gert að sumu leyti við þessa lagabreytingu, og skal það viðurkennt, en við þurfum að gæta þess um leið að stiga jafnframt ekki skref til baka.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þessa till. öllu fleiri orð. Ég vænti þess, að hv. alþm. sé fullljóst, hvað hér er um að ræða, en ég tel þó ástæðu til þess að vekja á því athygli, að hér er ekki verið að fara fram á neitt nýtt fjármagn, heldur einvörðungu tilfærslu á fé, þannig að nokkuð af því fjármagni, sem eftir gildandi skipulagi kæmi til útborgunar á árinu 1974, kæmi þess í stað til greiðslu til bænda og samtaka þeirra á árinu 1974. Í flestum tilvikum eru það ræktunarsamtök bændanna sjálfra, sem vinna að framkvæmdum á sviði jarðræktar, og með því að framlög ríkisins til þessara framkvæmda fást ekki greidd fyrr en ári síðar en verk er unnið, er ljóst, að það þrengir að fjárhag þessara samtaka og skapar bændum erfiðleika við að standa straum af þessum fjárgreiðslum.

Ég vænti þess, að ýmsum hv. þm. sé það kunnugt, að a. m. k. ýmis þessara ræktunarsamtaka eigi við þröngan fjárhag að búa, og þess er því full þörf, að haldið sé í horfinu að þessu leyti í stað þess að stiga skref til baka.

Ég mun ekki hafa um þetta öllu fleiri orð nú, en vænti þess, að afgreiðslu þessarar till. verði hraðað, eftir því sem föng eru á, með tilliti til þess, að ef hún hlyti jákvæða afgreiðslu hér á hinu háa Alþ., væri unnt að taka hana til greina við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir jólin.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16, n. 148 og 149). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. ber með sér, mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta mál er orðið svo mikið rætt hér, að ég tel, að það sé ekki ástæða til að vera margorður um það á þessu stigi.

Það, sem rætt hefur verið, hefur aðallega snúizt um það, hversu ljúft eða óljúft útvegsmönnum hafi verið að fallast á efni frv., og skal ég ekki fullyrða um það. Þeir hefðu eðlilega kosið, að það væri hægt að finna aðra leið til að hjálpa þeim til að mæta þeim erfiðleikum, sem nú ber að höndum. Hins vegar held ég, að það sé alveg ljóst, að verðjöfnunarsjóðurinn er myndaður til þess að mæta sveiflum og erfiðleikum, þegar það verð, sem fæst, dugir ekki. Að vísu er í lögunum, eins og þau hafa verið, talað um, að erfiðleikarnir skuli stafa af verðlækkun. En þeir erfiðleikar, sem nú er um að ræða, eru vegna þess, að það aflast of lítið og ekki nógu hentugur fiskur. Ég held, að það geti út af fyrir sig ekki verið neitt ágreiningsefni, að það sé heimilt að breyta lögum sjóðsins þannig, að þau nái einnig til að mæta þeim erfiðleikum. Og það er það, sem um er að ræða. Breytingin er nánast um að heimila og ákveða, að fé úr þeim varasjóði, sem myndaður er til að mæta óhagkvæmum sveiflum, megi nota til að mæta þeim erfiðleikum, sem nú steðja að. Ég held, að þetta liggi svo ljóst fyrir, að alveg ástæðulaust sé að vera að vefja um það fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 148 og 149, varð sjútvn. ekki sammála um afstöðu til frv. Við í minni hl. berum fram sérstakt nál. á þskj. 149 og gerum þar í nokkrum orðum grein fyrir afstöðu okkar.

Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., var þetta mál mjög rætt hér í 1. umr., og mun ég ekki sjá ástæðu til þess að fara þess vegna í langar umr. um málið. Við erum í sjálfu sér því hlynntir, að útveginum sé tryggður sá grundvöllur, sem þeir töldu í verðlagsráðinu, að nauðsyn væri á, að hann fengi, en það er ágreiningur um, með hvaða hætti á að tryggja þennan grundvöll, og kemur það fram í brtt. okkar. Mun ég nú lítillega fjalla um nál. okkar í minni hl.

Það lágu fyrir umsagnir frá nokkrum aðilum, sem hafði verið sent frv. til umsagnar. Þó eru sumir, sem sáu ekki ástæðu til að svara því, og fannst mönnum það undarlegt, þar sem um hrein hagsmunasamtök var þar að ræða.

Ég sagði við fyrri umr. hér, að það hefði verið fallizt á þetta undir vissum skilyrðum, og við endurtökum í nál., að verðlagsráð taldi þetta einu leiðina til að tryggja þennan rekstrargrundvöll vegna afstöðu hæstv. ríkisstj. Það kom líka fram í orðum hæstv. ráðh., að hann telur, að verðjöfnunarsjóðurinn sé eign öflunar og vinnslunnar og þess vegna ekki ágreiningur um það atriði, hverjir standa að sjóðnum og hverjir hafa þar íhlutunarrétt. Við teljum hins vegar, að í ákvæðum til bráðabirgða í 1. gr. frv. felist fordæmi, sem ekki megi lögfesta, ef Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á í framtíðinni að koma að því gagni, sem til var ætlazt í upphafi og var grundvallaratriði fyrir stofnun hans, þ. e. að hann verði einvörðungu notaður til verðjöfnunar, er tímabundnar verðlækkanir verða á erlendum markaði á þeim tegundum sjávarafurða, sem lagt hafa sjóðnum til fé samkv. 5. gr. gildandi l. um sjóðinn.

Auðvitað var rétt hjá hæstv. frsm., að alltaf er hægt að breyta l., það er alltaf að ske og á sér stað, og þess vegna getur það vel verið rétt að breyta l. um þennan sjóð eins og einhverja aðra sjóði. En þá teljum við það ekki eiga að gerast við þær aðstæður, sem ríkja, og í þessu tilfelli. Það má stokka það mál allt upp í einu og koma með alveg nýtt og sérstakt frv. um það og rökstyðja það á margan hátt. Það er allt annað mál, finnst okkur, og þarf allt annan undirbúning. Við erum þess vegna ekki sammála um að blanda því inn í þetta sinn. Við teljum ekki, að sjóðnum hafi verið ætlað það hlutverk að verða hagstjórnartæki ríkisstj. við ákvörðun á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins og fjármagn þannig veitt úr sjóðnum til þess að leysa tímabundinn vanda, sem er að meira eða minna leyti heimatilbúinn, eins og ég sagði í fyrri umr. Það er viðurkennt, að við höfum fengið minni þorskafla, það er alveg rétt. Hann var ekkert átakanlega minni á vetrarvertíðinni en hefur verið oft áður. Hins vegar breyttist sókn bátanna þannig, að sumir fóru úr þorskinum yfir í loðnuna og sköpuðu þannig mikil verðmæti. Hins vegar er haustið oft erfitt. Það er ekki nýtt, að það sé erfitt og óvissa ríkjandi um afla á haustmánuðum. Blessunarlega hafa nokkrir bátar núna fengið góðan ufsaafla, en þorskmagnið í aflanum hefur verið minna en oft undanfarin ár og þess vegna erfiðleikar í því sambandi. Það er þó ekki svo stór vandi, að allt þurfi að fara á annan endann þess vegna.

Við leggjum til lítils háttar breytingu: „Við síðasta málsl. í ákvæði til bráðabirgða í 1. gr. frv. bætist: og ábyrgist ríkisstj., að framlagið nú sé sem lán og endurgreiðist sjóðnum með venjulegum útlánsvöxtum banka á næsta ári, eftir því sem um kann að semjast milli hennar og stjórnar sjóðsins.“ Við tökum hér fram: „á næsta ári“, auðvitað hefði verið hugsanlegt að lengja þennan tíma, en við lögðum þetta til þannig og vonum, að þetta sé talið raunhæf lausn, alveg eins og eitthvað annað, vegna þess að ágreiningurinn er raunverulega um vinnubrögð við að hjálpa flotanum, en ekki um það, að hann hafi ekki þurft á þessari aðstoð að halda eins og atvik liggja fyrir núna að mati bæði öflunar og vinnslu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sjútvn. Ed. hafði ekki langan tíma til að rannsaka þetta mál, enda má segja, að það hafi verið búið að ræða það mikið og athuga áður. Hins vegar verð ég að segja það, að mér þótti leitt, að við skyldum ekki geta fengið botn í það mál, á hvern hátt þetta er í raun og veru til komið. Eins og hv. þm. þessarar d. muna, varð allmikil deila um það við 1. umr., hvort það hefði verið að algeru frumkvæði eigenda sjóðsins, sem farið var fram á þessa leið, eða hvort þeir hefðu haft hugboð um það, að aðrar leiðir kæmu ekki til greina. Þetta er í sjálfu sér mjög mikilvægt mál, vegna þess að stöðvun bátaflotans var það, sem þessir menn urðu að koma í veg fyrir, en erfitt er að sætta sig við það, að þetta sé sú leið, sem þeir óskuðu helzt eftir. Það byggi ég ekki sízt á því, að í þessum l. er einmitt tekið fram, að aldrei skuli greiða meira en helming verðlækkunar á erlendum markaði. Og það virðist vera, að það sé þarna eindregið átt við, að þessi sjóður sé til þess ætlaður að bæta upp, þegar verðfall verður erlendis. Í því sambandi væri kannske ekki úr vegi að minnast á það, að þegar þessi sjóður varð til, var vandinn tvenns konar. Það hafði orðið mikið verðfell erlendis, en það hafði einnig orðið mikill aflabrestur. Hefði þessum sjóði verið ætlað upphaflega að bæta aflabrest, tel ég alveg augljóst, að það ákvæði væri að finna í þessum l., einmitt vegna þess, að þá var öllum í fersku minni aflabresturinn, sem varð á þessum árum. Kannske er þó meginatriðið það, að hér virðist þurfa eitthvað úr að bæta. Við höfum að vísu aðra sjóði, við höfum aflatryggingasjóð til þess að bæta laun sjómanna, þegar lítið fiskast, en hér virðist einhvers staðar þurfa að kveða nánar á, ef verður verulegur aflabrestur.

Það hefur komið fram í þessum umr., að ekki er hægt að segja, að um neinn verulegan aflabrest sé að ræða. Á Íslandi, held ég, að sé ósköp erfitt að gera ráð fyrir því, að afli aukist jafnan ár frá ári, og við, sem erum fæddir og uppaldir við sjó, gerum okkur það órugglega ljóst, að fiskveiðar eru misjafnar frá ári til árs. Þar að auki eru, eins og bent hefur verið hér á, ýmsar ástæður fyrir því, að afli er aðeins rýrari nú þetta árið heldur en var í fyrra, m. a. það, að bátar, sem áður voru á þorskfiskveiðum eða bolfiskveiðum, sneru sér á þessu ári í auknum mæli að öðrum veiðum, svo sem skelfiski, loðnu o. fl.

En það, sem hér er um að ræða, er verðbólgan, eins og fram hefur komið. Það er ekkert um það að deila, að kostnaður við rekstur bæði fiskiðju og útgerðar hefur stóraukizt á þessu ári og hefur vafalaust aukizt meira en búizt var við. Þegar þar við bætist, að við síðustu kjarasamninga þurfti að taka tillit til atriðis, sem var nokkur nýlunda, þ. e. a. s. mikillar styttingar vinnuviku, finnst mér ekki ólíklegt, að það hafi gerzt, að vinnuveitendur hafi ekki metið til fulls þann kostnaðarauka, sem verða mundi við þessa ákvörðun. Ekki er vafi á því, að þetta atriði kemur einmitt harðast niður á fiskiðjunni, vegna þess að þar er ekki hægt að fresta vinnunni og þar er ekki hægt að stytta vinnuna. Þess vegna er kostnaðarauki fiskvinnslunnar mjög mikill í ár, og sumir hafa orð á því, að það muni vera 40—60% og þó allmisjafnt kannske eftir stöðum. Allt bendir því til þess, að það séu aðrar og veigameiri ástæður, sem liggja til örðugleika útgerðarinnar, heldur en aflabresturinn, þó að hann sé sannarlega erfiður, og það versta er, ef þarf að horfa á áframhaldandi þurrð fisks. Er þá komið að því, að hér virðist vera um afleiðingu af auknum tilkostnaði í landinu að ræða, sem þýðir nánast það, að gengi okkar sé orðið skakkt skráð.

Hvað sem þessu líður, leggjum við til í n., eins og getið var um, að þetta fé verði lagt fram, en lagt fram sem lán en ekki framlag. Mér finnst það eðlilegt, á meðan verið er að leita eftir öruggum leiðum til að bæta aflatjónið.

ATKVGR.
Brtt. 149 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 11. des., að loknum 21. fundi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (þskj. 159).

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem samið var að beiðni samtaka sjómanna og útvegsmanna og þeirra annarra aðila, sem eiga sérstaklega mikið undir loðnuveiðum. Var skipuð n. á sínum tíma með fulltrúum frá þessum aðilum öllum til að fjalla um það, hvernig réttast væri að skipa þessum málum, þ. e. a. s. löndun á loðnu til bræðslu, þannig að hægt væri að forðast þá árekstra og erfiðleika, sem fram komu í þessari starfsgrein, sérstaklega á síðustu loðnuvertíð. N. þessara aðila varð sammála um það frv., sem hér var lagt fyrir Alþ. um málið. Það hefur nú tekið nokkrum breytingum í hv. Nd., en meginefni frv. er eins og n. þessi hafði komið sér saman um. Aðalefni frv. er að setja nokkrar aðalreglur varðandi fyrirkomulag á löndun loðnu til bræðslu.

Í fyrsta lagi er ákveðið, að síldar- og fiskimjölsverksmiðjur skuli afgreiða loðnuveiðiskip í þeirri röð, sem skipin koma til hafnar og leita

eftir löndun. Þetta er aðalreglan, sem mörkuð er í 1. gr. frv. En eins og kunnugt er, hefur nokkuð þótt við brenna, að frá þessari reglu væri vikið, þó að hún hafi verið haldin í aðalatriðum. Talsverð óánægja hefur verið með það, þegar frá þessari meginreglu hefur verið vikið.

Í 2. gr. er svo ákveðið, að sett skuli á fót sérstök þriggja manna n., sem á að hafa með höndum skipulag á loðnulöndun. Gert er ráð fyrir, að í þessari n. verði annars vegar fulltrúar sjómanna og útvegsmanna og hins vegar fulltrúar þeirra, sem kaupa loðnuna til vinnslu, þ. e. a. s. verksmiðjueigenda, og svo verði þriðji maðurinn tilnefndur af sjútvrn. Þessi n. á að fylgjast með því, eins og bezt verður gert, hvernig ástatt er á hinum ýmsu löndunarstöðum um löndunarmöguleika, og standa í sambandi við veiðiflotann, leiðbeina honum til þess að reyna að koma í veg fyrir löndunarstöðvun. Hún fær einnig vald til að gripa inn í og loka ákveðnu svæði fyrir allri löndun á tilteknum tíma, ef henni sýnist vera þörf á því, og beina flotanum til annarra svæða, í stað þess að flotinn hangi meira og minna aðgerðarlítill eftir löndunarplássum, sem kunna að opnast á hinu yfirfulla svæði. Þó er gert ráð fyrir því, að það verði gildandi eins mikið frelsi fyrir skipstjórnarmenn að velja sér löndunarstað og aðila til að selja aflann hjá og mögulegt er, en hér verði í rauninni aðeins gripið inn í, þegar um er að ræða almenna löndunarstöðvun vegna erfiðleika á móttöku. Þar sem í greininni er rætt um, að ekki skuli þó stöðva löndun, þar sem um móttökuskilyrði er að ræða, er að sjálfsögðu átt við, að nefndin telji, að þar sé um eðlileg móttökuskilyrði að ræða, en ekki það, að heimastaðurinn segi, að hann geti tekið á móti, jafnvel þó að hráefninu sé ekið út á víðavang, eins og átt hefur sér stað.

Síðan er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., að hægt sé að setja nánari reglur um framkvæmd þessa máls og kostnaður af þessum störfum verði að greiðast af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli. Þessi lög yrðu sett aðeins til eins árs, þ. e. a. s. fyrir árið 1973. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum við hv. þdm., að meginástæðan til þess, að það þykir nú orðið mjög knýjandi að setja lög af þessu tagi, er sú, að það hefur sýnt sig, að þegar sæmilega aflast, er mjög fljótt að koma til þess ástands, að um löndunarstöðvun verði að ræða á ýmsum stöðum, og þá koma árekstrar, sem geta orðið til tjóns fyrir alla, jafnt þá, sem eru kaupendur að þessu hráefni, og hina, sem veiða. Og hér er verið að stefna að því að reyna að draga úr þessum erfiðleikum, komast hjá versta vandanum, og eins og horfurnar eru nú á loðnuútgerð, hygg ég, að allir telji, að það sé verulega mikil hætta á því, að þeir árekstrar, sem urðu hér á síðustu vertíð, gætu orðið margfaldir á næstu vertíð, ef ekki kæmi til bætt skipulag.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um málið, en óska þess, að lokinni þessari umræðu gangi málið til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og hefur verið samþ. þar óbreytt. Frv. á rætur að rekja til þess, að á Alþ. var 22. apríl 1970 samþykkt svofelld þál:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um framkvæmd eignarnáms, m. a. að því er varðar eignarnám á löndum og lóðum í þágu ríkisins og sveitarfélaga, og verði frv. til nýrra laga um framkvæmd eignarnáms lagt fyrir næsta Alþingi.

Í frv. verða m. a. kveðið á um skyldu matsmanna til að taka beina afstöðu til tiltekinna atriða, sem áhrif hafa á verð eignarnámslands, og sundurliða og gera allnákvæma grein fyrir, á hvaða forsendum matsfjárhæð er byggð.

Þá verði í frv. reglur um ákvörðun þókunar matsmanna og um skil matsgerðar til ákveðinnar stofnunar."

Flm. þessarar þáltill. voru alþm. úr öllum flokkum, sem þá voru á þingi, Auður Auðuns, Halldór E. Sigurðsson, Geir Gunnarsson og Bragi Sigurjónsson, og var þáltill. flutt að frumkvæði Sambands ísl. sveitarfélaga. Til þess að framkvæma þessa endurskoðun var skipuð þriggja manna n. Í henni áttu sæti Gaukur Jörundsson prófessor, Páll Líndal borgarlögmaður og Hallgrímur Dalberg skrifstofustjóri. 19. maí 1972 skilaði n. álitsgerð og þá fyrst og fremst þessu frv. og þeirri grg., sem fylgir með því, og auk þess mjög langri og ítarlegri grg., sem ekki þótti fært að láta prenta með frv., en er að sjálfsögðu til afnota fyrir þá n., sem fær frv. til meðferðar.

Það þarf ekki að rekja það hér, að eitt af ákvæðum í okkar stjórnarskrá er ákvæði í 67. gr. um friðhelgi eignarréttarins, þar sem segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur, engan megi skylda til þess að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

Fljótt á litið mætti sýnast, að eignarrétturinn væri allvel tryggður með þessu ákvæði og þá fyrst og fremst með því ákvæði, að fullt verð komi fyrir, þegar verðmæti er tekið eignarnámi.

En það er hins vegar svo, að þrátt fyrir þetta stjórnarskrárákvæði er mjög mikið lagt á vald löggjafans í þessu efni, vegna þess að það er mjög undir löggjafanum komið, hvernig þessar bætur, sem eiga að koma fyrir eignarnumið verðmæti, eru teknar til. Um það efni hafa verið í gildi lög nr. 61 1917. Það frv., sem hér liggur fyrir, á, ef að lögum verður, að leysa þau lög af hólmi. Auðvitað er þetta frv. byggt á grundvelli stjórnarskrárinnar fyrst og fremst, því stjórnarskrárákvæði, sem ég vitnaði í. Enn fremur má segja, að það sé að nokkru leyti byggt á þeim l. um framkvæmd eignarnáms, sem nú eru í gildi, en þó eru gerðar ýmsar veigamiklar breytingar á þeim l. Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega út í þær breytingar allar, en þær eru mjög í samræmi við anda þann, sem var í þáltill., sem hér var samþ. á sínum tíma.

Það eru allítarlegar aths. með frv., þar sem m. a. er gerð grein fyrir og skýrðar þær breytingar, sem um er að tefla í einstökum greinum, og sé ég ekki ástæðu til þess að tefja tímann nú með því að fara ítarlega út í það. Grundvallarbreytingin má segja, að sé sú, að nú er það svo, að þegar eignarnám á sér stað, eru bætur metnar af matsmönnum, sem dómkvaddir eru í hvert og eitt skipti til þess að meta bæturnar. En eftir þessu frv. á að nokkru leyti að vera til föst stofnun, sem framkvæmir þetta mál, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir því, að formaður matsnefndar eignarnámsbóta sé fastskipaður og annar til vara til 5 ára í senn. Þeir skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Síðan er svo gert ráð fyrir því, að formaður kveðji hverju sinni til fjóra hæfa menn til þess að framkvæma matið með sér. Þessi regla á að stuðla að því að skapa meiri festu í matið en talið hefur verið, að hingað til ætti sér stað. Það er gert ráð fyrir því, að það sé aðeins eitt stig af þessu eignarnámsmati, gagnstætt því, sem nú er. Síðan eru í frv., án þess að ég fari að rekja það nánar, miklu fyllri ákvæði en í núgildandi l. um málsmeðferð fyrir þessari eignarmatsnefnd, hvernig aðilar skuli til kvaddir, hvernig málin skuli undirbúin, hvernig málsmeðferð sé fyrir n. o. s. fr. Enn fremur eru miklu fyllri ákvæði en í núgildandi l. um þann matsúrskurð, sem matsnefndin á að kveða upp. Hún á samkv. því ákvæði að gera miklu fyllri grein fyrir ýmsum atriðum í sambandi við matið og á hverju hún byggir niðurstöðu sína en samkv. núgildandi lögum. Mörg önnur nýmæli má segja, að séu í þessu frv., en að sumu leyti eru þau sjálfsagt byggð á því, sem tíðkazt hefur í framkvæmd, án þess að hafi verið stuðzt við orðuð lagafyrirmæli.

Ég álít, að þetta frv. sé mjög vel samið. Það eru hæfir menn, sem hafa að því unnið, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að í því felst mikil bót frá núgildandi lögum um framkvæmd eignarnáms. Auðvitað má lengi deila um einstök atriði, en þetta held ég, að sé óvefengjanleg niðurstaða, þegar á heildina er litið, og það var álit hv. Ed., sem afgreiddi frv. óbreytt, eins og ég sagði.

Ég skal svo ekki taka lengri tíma til að gera grein fyrir frv. Það yrði að fara út í ýmis lögfræðileg atriði, ef það ætti að gera. Ég tel heppilegra, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, leggi vinnu í að kynna sér það og fái til viðtals við sig þá menn, sem sömdu frv., og enn fremur getur hún, eins og ég sagði, fengið til athugunar þá ítarlegu grg., sem frv. fylgdi, en ekki þótti fært að prenta með frv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31, n. 138 og 142). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta var rætt á nokkrum fundum allshn., og voru fengnir þangað forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, og ráðuneytisstjórinn í dómsmrn., Baldur Möller. Það kom fram í umr. við þessa menn, að það hefði verið farið að öllu leyti eftir ósk Landhelgisgæzlunnar í þessu máli. Það blasti við, þegar landhelgin var færð út, að sá skipakostur, sem Landhelgisgæzlan hafði til umráða, mundi alls ekki vera nægjanlegur, enda var með útfærslunni stækkaður sá gæzluflötur, sem þurfti að skoða, hann þrefaldaðist, úr 75 þús. ferkm í 216 þús. Það var athugað bæði hérlendis á vegum Landhelgisgæzlunnar og eins erlendis, hvort væri hægt að fá skip til kaups eða leigu, og að mjög athuguðu máli þótti þetta bezti kosturinn, sem fyrir hendi væri. Af þessum ástæðum var leitað eftir því, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann lagði málið fram hér í d. við 1. umr., að forstöðumaður Hvals h/f var ekki fáanlegur til að leigja skipin, og þess vegna voru þessi brbl. gefin út. Það kom fram í viðtali við Pétur Sigurðsson, forstöðumann Landhelgisgæzlunnar, að hann taldi, að það væri mjög nauðsynlegt, að þessi brbl. væru staðfest hér í hv. Alþ.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., fékk n. leigusamninginn við h/f Hval, og hefur n. haft aðstöðu til að kynna sér hann. Kemur fram í leigusamningnum, að hann er í raun og veru ekki nema til 1. maí, þ. e. a. s. báðir aðilar þurfa að segja um það fyrir 1. marz, hvort leigan eigi að halda áfram, og það kemur í ljós í samningnum, að sú leiguupphæð, sem samið var um, mundi ekki verða óbreytt nema til 1. maí n. k. eða þangað til hvalveiðivertíðin hefst, ef Landhelgisgæzlan hefur skipið áfram.

Eins og kemur fram í þskj., varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. N. hafði nokkra fundi um málið af þeim ástæðum, að hún vildi freista þess að fá samstöðu um það, þar sem þetta er mjög viðkvæmt mál. En því miður tókst ekki að ná samstöðu, og klofnaði n. um málið, þó að það væru gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi, og það harma ég.

Frsm. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 138, leggur minni hl. allshn. til, að frv. þessu verði vísað frá, þar sem ekkert liggur fyrir að svo stöddu um það, að til leigunáms á hvalveiðiskipi eða skipum þurfi að gripa nú í fyrirsjánlegri framtíð. Aðgerð sem þessi, að taka atvinnutæki leigunámi um ótiltekinn tíma, er svo róttæk, að það er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að gripa til hennar nema í brýnni nauðsyn. Með þessu er ekki sagt, að við í minni hl. allshn. drögum í efa þá nauðsyn, sem var á setningu brbl. á s. l. hausti, né þörf Landhelgisgæzlunnar á auknum skipakosti. Það, sem við leggjum hins vegar fyrst og fremst áherzlu á, er, að hinn 14. okt. s. l. tókust samningar um leigu eins hvalveiðiskips milli forráðamanna Hvals h/f og dómsmrn. Í þeim samningum er það ákvæði um leigutímann, að Landhelgisgæzlan skuli tilkynna Hval h/f það fyrir 1. marz n. k., hversu lengi hún telji nauðsynlegt að hafa skipið á leigu. Eins og sakir standa nú, hefur þess vegna í fyrsta lagi ekki reynt á það, hvort Landhelgisgæzlan telji sér nauðsynlegt að hafa hvalveiðiskipið til gæzlustarfa eftir 1. mai n. k., og í öðru lagi liggur ekki fyrir, hvernig forráðamenn Hvals h/f muni taka því, ef Landhelgisgæzlan telur nauðsynlegt að hafa skipið áfram á leigu næsta sumar. Meðan á það hefur ekki reynt, teljum við ekki eðlilegt að samþykkja lög um leigunám hvalveiðiskipa, eins og gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 30. Hins vegar getum við fallizt á það, ef það verður talin leið til samkomulags, að frv. þetta verði látið bíða afgreiðslu, þangað til sýnt verður um þörf Landhelgisgæzlunnar fyrir hvalveiðiskip, og ef sú þörf verður fyrir hendi, hver viðbrögð forráðamanna Hvals verða. Ef hæstv. dómsmrh. getur á það fallizt, stendur ekki á minni hl. allshn. að draga til baka till. sína um rökstudda dagskrá á þskj. 138.

Að lokum vil ég segja það, að um efnisatriði málsins að öðru leyti er ekki ágreiningur. Það er ekki ágreiningur um þörf Landhelgisgæzlunnar fyrir hvalveiðiskip. Hér er einungis um það að tefla, að við í minni hl. teljum ekki ástæðu til svo róttækrar löggjafar, nema í ljós komi, að þörf sé fyrir hana.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. í allshn. með fyrirvara, sem byggist á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi finnst mér í raun og veru að þessu máli sé í reyndinni lokið. Það var gerður samningur, og hann er með venjulegum ákvæðum, en mér er nær að halda, að nauðsynin fyrir brbl. hafi fyrst og fremst byggzt á því, að það hafi verið verulegur ágreiningur um það, hver leiguupphæðin skyldi verða. Það var upplýst, að skipið er heppilegt fyrir landhelgisgæzluna, eins og á stendur. Það var ekki um það að ræða að fá annað heppilegra skip, hvorki innanlands né utan, og auðvitað eru allir sammála um, að það mátti ekki láta neitt ógert, sem gæti flokkazt undir það að efla landhelgisgæzluna. Ég sem sé er almennt á móti því, að slíkar aðferðir sem þessi séu hafðar, en mér finnst það afsakanlegt í þessu tilviki. Og ef stjórnvöld þurfa að hafa þessi lög á bak við sig, þegar kemur að áframhaldandi samningum, sem ég vil ætla að takist, þá finnst mér eftir atvikum rétt að fallast á samþykkt frv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er dálitið hissa á því, að það skuli vera ágreiningur um afgreiðslu þessa máls. Það er staðreynd, að það var reynt að ná samningum um leigu á þessu skipi, en tókst ekki, af því að fyrirsvarsmaður eignaraðila kaus heldur af ýmsum ástæðum, sem hafa getað verið til staðar, að leitað væri lagaboðs um leigu á skipinu. Það er misskilningur, að það hafi nokkru sinni staðið á eða strandað á því, að það væri ágreiningur um leigugjaldið. Það var ekki það, sem lá til grundvallar. Hitt er staðreynd, að það þurfti lagasetningu, til þess að þetta skip fengist í leigu, og það þurfti ákvörðun samkvæmt þeirri lagasetningu, til þess að skipið væri leigt. Þegar sú ákvörðun lá fyrir, tókst hins vegar greiðlega að gera leigusamninginn. Um leigusamninginn var ekki neinn ágreiningur. Það er því ekki rétt, sem segir í nál. minni hl.: „Fyrir þá sök er lagasetning um leigunám hvalveiðiskips til landhelgisgæzlustarfa óþörf.“ Hennar var þörf og hún var notuð, og það var aðeins hægt að gera þennan leigusamning í skjóli þeirrar lagasetningar, sem fyrir lá. Því hefði ég vænzt þess, að hv. minni hl., sem dregur ekki í efa, að hann segir, að landhelgisgæzlan hafi haft þörf fyrir aukinn skipakost, hefði getað mælt með staðfestingu þessa frv.

Það liggur í augum uppi, að hvað sem framtíðinni líður, er með öllu óviðunandi annað en þessi aðgerð verði staðfest, því að annars væri í rauninni sagt óbeint, að það hefði ekki verið þörf á þessari lagasetningu. Það er því óhjákvæmilegt að staðfesta þessi brbl. Það eru allir efnislega sammála um, að það hafi verið rétt eftir atvikum að taka þetta skip til gæzlunnar, af því að það hafi ekki verið kostur á hentugra skipi. Og það er ánægjulegt að upplýsa það, að ég held, að allir, sem með skipið hafa haft að gera, skipstjóri og skipshöfn önnur, hafi verið mjög ánægð með það og það hafi reynzt í alla staði vel. Mér sýnist þess vegna, að niðurstaðan í nál. minni hl. sé með öllu rangnefni, það ætti heldur að heita órökstudd dagskrá.

Frsm. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég get ekki séð, að nein ástæða sé til þess fyrir hæstv. forsrh. og dómsmrh. að snúa út úr nál. minni hl. allshn. í þessu máli. Það, sem stendur í nál. á þskj. 138 er, að þar sem samningar hafi tekizt milli landhelgisgæzlunnar og Hvals h/f, sé lagasetning um leigunám hvalveiðiskips til landhelgisgæzlustarfa óþörf. Það kom ekkert fram í ræðu hæstv. dómsmrh. um það, að til neins frekara leigunáms þyrfti að gripa, og ég get ekki heldur á það fallizt, að þótt í septembermánuði s. l. hafi verið nauðsyn að setja löggjöf um leigunám hvalveiðiskips, þá eigi það að standa í landslögum um aldur og ævi, að ríkisstj. sé heimilt um ótiltekinn tíma að taka eitt eða tvö hvalveiðiskip leigunámi. Það er þetta, sem við teljum óþarft. Við

erum ekki að deila um þær aðgerðir, sem gerðar voru á s. l. hausti, heldur erum við hér að ræða um það, hvort um ótiltekinn tíma sé nauðsynlegt að lögfesta þessi ákvæði. Enn sem komið er hefur hæstv. dómsmrh. ekkert sagt þeim málflutningi sínum til stuðnings, að þetta muni vera nauðsynlegt í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem gerir ráð fyrir því að framlengja þá skipan, sem í gildi hefur verið um nokkra hríð um val á aðilum í verðlagsnefnd. En sá háttur hefur verið hafður á nú um nokkurra ára bil, að þessi skipan hefur verið framlengd með sérstökum lögum á hverju ári, ákvörðun hefur aðeins staðið til eins árs í senn, þ. e. að verðlagsnefnd skuli skipuð 9 fulltrúum, 4 af hálfu launþegasamtakanna og 4 svo aftur af hálfu atvinnurekendasamtakanna og einum, sem tilnefndur er sem formaður nefndarinnar af hálfu ráðuneytisins. Hér er sem sagt um sams konar framlengingu að ræða og verið hefur. Þó er ein breyting gerð á, að ekki er ákveðið í þessu frv., að þetta skuli gilda aðeins til eins árs, heldur um óákveðinn tíma. Það sýnist ekki vera ástæða til þess að leggja hér fyrir hv. Alþingi frv. af þessari tegund á hverju einasta ári, það er búið að gera það í 4 ár, og af því er nú valinn sá kostur að framlengja um óákveðinn tíma það fyrirkomulag, sem hefur gilt. Það er þá opið, hvenær sem Alþingi vill gera breytingu þar á.

Ég veit, að öllum hv. þm. er málið svo vel kunnugt, að það er óþarfi að fara um það fleiri orðum, og óska ég aðeins eftir því, að að lokinni þessari umr. gangi málið til fyrirgreiðslu til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta í Ólafsfirði og Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. (þskj. 105). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. 7. nóv. s. l. skall á hríðarveður um allt Norðurland, er stóð í 6 eða 7 sólarhringa. Snjómagnið var breytilegt frá einum stað til annars, en víða dreif niður miklum snjó, svo að flestir vegir urðu ófærir. Var talið, að snjódýptin í sumum héruðum væri á annan metra. Slíkt er ekki óvenjulegt á Norðurlandi, og má gera ráð fyrir slíkum snjó og jafnvel enn meiri, þó að inn á milli komi aftur snjóléttari vetur. Í fjölmiðlum í gærkvöld var frá því sagt, að 4 stórar vöruflutningabifreiðar hefðu verið í 30 klst. að komast frá Akureyri til Húsavíkur, en í öllu venjulegu er þessi leið farin á 1½—2 klst. Snjódýptin á þessari leið er nú orðin svo mikil, að talið er, að engin leið sé að halda henni opinni að öllu óbreyttu. Því er svo komið, að a. m. k. í sumum sveitum norðanlands eru jarðýtur þau einu vélknúnu tæki, sem hægt er að nota til aðdrátta, nema þá þar sem snjóbílar eru fyrir hendi, en þeir eru því miður á mjög fáum stöðum.

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla verður alltaf ófær í fyrstu snjóum, og í veðráttu eins og hefur verið í þessum landshluta nú á annan mánuð, er engin leið að halda þessum vegi opnum. Því má gera ráð fyrir, að Ólafsfirðingar séu innilokaðir langtímum saman flesta vetur. Þetta verður að hafa í huga t. d. varðandi heilbrigðisþjónustu á þessum stað. Henni verður ekki komið við, svo að nokkurt öryggi sé í, nema læknir sé staðsettur þar, a. m. k. yfir veturinn. Það verður að leggja ríka áherzlu á að fá lækni á þennan stað og aðra, sem eru ámóta og í Ólafsfirði.

Í Norður-Þingeyjarsýslu eiga nú að vera þrjú læknishéruð, en það er aðeins læknir á einum stað, þ. e. a. s. á Þórshöfn. Frá Húsavík og til Þórshafnar eru 224 km, þannig að menn sjá, við hvaða örðugleika þetta fólk á að búa í svona veðráttu. Heilbrigðisþjónustu hefur verið þannig komið fyrir í Norður-Þingeyjarsýslu, að læknirinn, sem nú er á Þórshöfn, fer einu sinni í viku til Raufarhafnar og læknar frá Húsavík koma hálfsmánaðarlega til Kópaskers, þegar færð leyfir. Ættu allir að sjá, að þetta ástand er alveg óviðunandi og þyrfti að vera læknir staðsettur á Kópaskeri, en þaðan er 101 km til Húsavíkur, og á þessari leið er erfiður farartálmi í snjóvetrum, þ. e. a. s. Auðbjargarstaðabrekkan, þar sem er líka mikil snjóflóðahætta, þegar mikill snjór er. Þess vegna hef ég leyft mér að koma með þessar fsp. til hæstv. heilbrmrh.:

„1. Hvað hefur verið gert til þess að reyna að fá lækni til Ólafsfjarðar í vetur? Er líklegt, að læknir fáist þangað, og þá hvenær?

2. Hvað hefur verið gert til þess að bæta heilbrigðisþjónustu í Norður-Þingeyjarsýslu?

3. Hefur verið reynt að fá lækni til Kópaskers eða Raufarhafnar yfir vetrarmánuðina?"

Það eru nú um 3 vikur síðan ég lagði þessa fsp. fram, og sem betur fer hefur orðið breyting síðan, þannig að læknir er nú í Ólafsfirði. En hvernig verður þetta í framtíðinni?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi, hvað gert hafi verið til að fá lækni til Ólafsfjarðar í vetur og hvort líklegt sé, að læknir fáist þangað, og þá hvenær. Eins og hv. þm. munu vita, hefur ekki verið fastur læknir í Ólafsfirði síðan síðsumars 1971, en 5 læknar úr Reykjavík hafa gengt héraðinu um 6—7 mánaða skeið á þessu tímabili. Héraðslæknirinn á Dalvík hefur veitt bráðaþjónustu og yfirleitt farið þangað einu sinni í viku. Nú í haust hefur yfirlæknir á skurðdeild Akureyrarsjúkrahúss, Gauti Arnórsson, tekið að sér að fara þangað einu sinni til tvisvar í viku. Frá og með 1. des. gegna læknar úr Reykjavík héraðinu fram

eftir vetri, og er Guðjón Guðnason yfirlæknir á Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar nú starfandi í Ólafsfirði og mun verða þar til áramóta. Arinbjörn Kolbeinsson tekur síðan við af honum og eins og ég sagði, geri ég mér vonir um, að læknar taki þar við einn af öðrum fram eftir vetri.

2. spurningin er, hvað gert hafi verið til að bæta heilbrigðisþjónustu í Norður-Þingeyjarsýslu. Um það er það að segja, að læknisþjónusta í Norður-Þingeyjarsýslu er þrátt fyrir allt betri nú en hún hefur verið undanfarin ár. Á Þórshöfn er settur læknir síðan 1. okt. í haust, Úlfur Ragnarsson, er áður var starfandi læknir í Reykjavík, en kom beint í Þórshafnarhérað úr framhaldsnámi í Danmörku. Úlfur gegnir einnig Raufarhafnarhéraði. En áður en hann fór til útlanda, hafði hann gegnt Vopnafjarðarhéraði um tíma. Það er von heilbrigðisstjórnarinnar, að Úlfur verði um kyrrt í héraðinu.

3. spurningin er, hvort reynt hafi verið að fá lækni til Kópaskers eða Raufarhafnar yfir vetrarmánuðina. Um það atriði, sem varðar Raufarhöfn, hef ég þegar rætt, en þess er ógetið, að þar er ráðinn héraðshjúkrunarkona á staðnum og á staðnum er einnig lyfjaútsala frá lyfsalanum á Húsavík. Hvað viðvíkur Kópaskeri, þá hefur ekki fengizt læknir til búsetu þar allengi, en settur héraðslæknir í Kópaskershéraði situr í Húsavík, eins og áður og raunar um Raufarhafnarlækni. Á Húsavík situr einnig settur héraðslæknir í Breiðamýrarhéraði, svo að við læknamiðstöð í Húsavík eru nú 3 héraðslæknar. Auk þess má geta þess, að héraðslæknir situr í Vopnafirði, svo að eins og áður er sagt, er heilbrigðisþjónustan á norðausturssvæðinu skárri nú í vetur en hún hefur verið um alllangt tímabil.

Úr því að farið er að ræða um þjónustu í dreifbýli, vil ég vegna annarra þm. greina nokkuð frá ástandi læknisþjónustu í öðrum héruðum. Héraðslæknar eru nú skipaðir í 28 héruð, en settir héraðslæknar í 13. Auk þess eru héraðslæknar settir í 4 héruð í viðbót, en sitja í nágrannahéraði, þ. e. a. s. í Suðureyrarhéraði á Ísafirði, í Hofsóshéraði á Sauðárkróki og í Breiðumýrar- og Kópaskershéraði á Húsavík, eins og ég sagði áðan. Auk þess eru í Neshéraði tveir læknar, en enginn héraðslæknir, en kvartanir hafa ekki borizt um lélega þjónustu þar um árabil, enda þótt þetta ástand hafi varað svo lengi.

Um önnur þeirra hérað, sem verst hefur gengið að fá lækna til að gegna undanfarin ár, er þetta að segja: Enginn læknir er nú í Reykhólahéraði, en Búðardalslæknir gegnir héraðinu. Enginn læknir er í Flateyrarhéraði, en því er gegnt af Þingeyrarhéraðslækni, og verður sú skipun a. m. k. til jóla. Það var læknislaust á Þingeyri 2 vikur í nóv. Eins og áður er Suðureyrarhéraði og Súðavíkurhéraði gegnt af læknum á Ísafirði, en læknir situr nú í Bolungarvík. Erfiðlega hefur gengið að fá héraðslækni til Hólmavíkur, og er þar nú læknastúdent um skamman tíma, en allt bendir til þess, að íslenzkur læknir, sem dvalizt hefur í Svíþjóð að undanförnu, muni fást þangað til starfa fljótlega og dveljast þar um skeið. Læknirinn á Hólmavík gegnir einnig Djúpavíkurhéraði. Á Eskifirði er læknir frá Vífilsstöðum til jóla, en eftir það er gert ráð fyrir, að læknir fari þangað til lengri dvalar. Fáskrúðsfjarðarhéraði er nú gegnt af lækni frá Eskifirði um tíma vegna veikinda.

Á það er vert að minna, að á þessum vetri eru 4 héraðslæknar í löngum frían, þ. e. a. s. héraðslæknirinn á Siglufirði, Sigurður Sigurðsson, héraðslæknirinn í Vík, Vigfús Magnússon, héraðslæknirinn á Selfossi, Brynleifur Steingrímsson, og héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum, Örn Bjarnason. Allir þessir læknar eru í námsleyfum, og er gert ráð fyrir, að þeir komi allir til starfa að nýju í héraði. Erfiðlega hefur gengið að fá fasta lækna vegna afleysinga þessara lækna. Á Siglufirði eru læknastúdentar sjúkrahúslækni til aðstoðar í héraðinu, en læknar af Kleppi hafa gengt læknisstörfum í Vík í Mýrdal og læknar úr Reykjavík hafa hlaupið undir bagga á Selfossi, en sjúkrahúslæknirinn er settur héraðslæknir. Um þetta vandamál væri ástæða til þess að ræða allmikið í ítarlegu máli, því að hér er um að ræða mál, sem brennur mjög þungt bæði á heilbrigðisstjórninni og almenningi um allt land. Því miður er nú enginn tími til þess í sambandi við fsp. Ég ræddi þessi mál ítarlega hér í fyrra og gerði grein fyrir þeim hugmyndum, sem ég hefði um framtíðarskipulag þessarar þjónustu, en þó að menn finni þar skynsamlegt skipulag, mun að sjálfsögðu taka langan tíma að koma því í framkvæmd.

En mig langar að fara örfáum orðum um aðgerðir til skjótra úrbóta á læknisþjónustunni, sem binda má nokkrar vonir við. Í læknadeild hefur fjölgað verulega hin síðustu ár. Undanfarin 10 ár hafa útskrifazt að meðaltali 20 læknar á ári, og eins og ég hef áður lagt áherzlu á hér á þingi, tel ég, að þar hafi verið um allt of lága tölu að ræða og mjög óeðlilega takmörkun. Árgangarnir munu hins vegar stækka verulega næstu árin, svo að árið 1974 má búast við 40—50 nýjum, útskrifuðum læknum. Nýlega hefur komið til framkvæmda reglugerð sú, sem sett var í samræmi við lög frá síðasta þingi og olli þá nokkrum umr. hér í þinginu. Einn liður þeirra laga heimilaði styrkveitingu allt að 200 þús. kr. á ári til læknastúdenta með því skilyrði, að styrkþegar gegndu ársþjónustu í héraði að námi loknu. Ýmsir urðu til þess að draga í efa, að hér væri um að ræða raunhæfa till., en raunin varð þó sú, að 27 stúdentar sóttu um slíkan styrk, og fyrstu 10 styrkirnir voru veittir í haust. Næsta veiting fer fram fljótlega eftir áramót. Í lögunum frá síðasta þingi fólst einnig heimild til að stofna 6 eins árs aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítalana, sem væru bundnar skilyrðum um þjónustu í héraði allt að 6 mánuðum á tímabilinu. Þessar till. eru enn í athugun hjá Læknafélagi Íslands. Samkv. þessum sömu lögum var heimilað að ráða fleiri en 6 héraðshjúkrunarkonur, og á þessu ári hefur verið veitt heimild til þess að ráða alls 18 héraðshjúkrunarkonur, og fleiri beiðnir hafa borizt frá sveitarstjórnum. Þá hefur starfsaðstaða lækna þegar batnað verulega, og í frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem ég

vona, að verði afgreitt á þessu þingi, þótt það sé ekki enn komið fram, er gert ráð fyrir stórbættri aðstöðu héraðslækna, þ. á m. aðstoð hjúkrunarkvenna, meinatækna og annars starfsliðs. Þá er einnig ráðgert, að stofnaður verði kennslustóll í heimilislækningum á næstunni, og má gera ráð fyrir, að almennum lækningum verði með því gert hærra undir höfði.

Af þessu sést, að verið er að gera allveruleg átök til að reyna að bæta læknisþjónustuna með sem styztum aðdraganda. Margar nágrannaþjóðir okkar hafa reist heilsugæzlustöðvar og hafið kennslu í heimilislækningum. Könnun á því, hversu þessi ráð hafa dugað, bendir ekki til, að skjótra úrlausna sé að vænta varðandi læknisþjónustu í dreifbýli, enda líður sjálfsagt langur tími, áður en skipulagsbreytingar, sem hér hefur verið minnzt á, bera ávöxt. Víða hafa komið fram till. um róttækari og skjótvirkari aðgerðir, en þær eru að samtvinna meira en verið hefur læknisþjónustu innan og utan sjúkrahúsa. Víða, t. d. í Englandi, hefur verið farið inn á þá braut að gefa heilsugæzlulæknum kost á ráðningu við sjúkrahús og sjúkrahúslæknum jafnframt kost á því að starfa við heilsugæzlustöðvar. Þessi ráðstöfun hefur haft í för með sér, að auðveldar gengur að manna heilsugæzlustöðvar en áður. Einangrun almennra lækna frá sjúkrahúsum hefur að margra áliti í för með sér minni viðhaldsmenntun og hættara er á faglegri stöðnun. E. t. v. er þetta aðalástæðan til þess, að erfitt er að fá unga lækna til að starfa sem almennir læknar. Auk þess má geta þess í sambandi við aðstæður á Íslandi, að naumast má búast við því, að almennir læknar flykkist út á land, meðan mjög verulegur skortur er á almennum læknum einnig á Reykjavíkursvæðinu.

Þær ráðstafanir, sem að mínu áliti gagna helzt til skjótra úrlausna, eru í fyrsta lagi meiri samvinna milli sjúkrahúsa og almennra lækna en verið hefur og að stóru sjúkrahúsin, sem mörg eru allvel mönnuð, sendi menn út á landsbyggðina, eins og unnið hefur verið skipulega að nú í rúmt ár, í öðru lagi aukin menntun og fjölgun ýmissa heilbrigðisstétta og svo í þriðja lagi nauðsynin á fjölgun lækna.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Vegna svara hæstv. heilbrmrh. um læknamál í Ólafsfirði vil ég gjarnan láta í ljós ánægju mína yfir því, að nú er um sinn ráðin bót á nauðsynlegustu læknisþjónustu á staðnum. Í þessu sambandi vil ég þó vekja athygli á því, að Ólafsfirðingar búa ekki einungis við öryggisleysi á sviði læknisþjónustu. Vandkvæði á því að fá þar lækna til starfa hafa óneitanlega sýnt fram á það svart á hvítu, hvað þetta byggðarlag er í raun sérstætt á sviði heilbrigðis- og öryggismála. Þar koma til samgönguerfiðleikar, þegar veður eru válynd. Á þessu vakti ég máls á síðasta Alþ., þegar ég mælti fyrir frv. um breyt. á l. um læknishéraðasjóði. Því miður fékk það ekki undirtektir á því þingi. En þannig er ástatt um samgöngur Ólafsfirðinga, að til að koma sjúklingum, sem orðið hafa fyrir meiri háttar slysi eða bráðasjúkdómum, í sjúkrahús er oft og tíðum ógerningur að fara annan veg heldur en Múlaveg, sem er, eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., oft og tíðum illfær. Því getur það oft gilt einu, þó að læknir sé á staðnum, þótt það sé auðvitað meginatriði vegna almennrar heilbrigðisþjónustu. Hér væri unnt að ráða bót á að minni hyggju með því að gera frekari öryggisráðstafanir, t. d. á þann hátt að gefa Vegagerð ríkisins fyrirmæli um að hafa mikilvirkari snjóruðningstæki til taks á Múlavegi en nú eru, en þar er fyrst og fremst við að styðjast fremur litla jarðýtu, sem er í eign Ólafsfjarðarkaupstaðar og þarf að sinna miklu fleiri verkefnum, t. d. að greiða fyrir mjólkurflutningum og flutningum á skólafólki innansveitar. Þá kemur einnig til, að sjúkraflugvöllur á Ólafsfirði er enn óuppbyggður og því oftast ófær, þegar snjóar. Hann er einnig ólýstur, þannig að hann væri ófær af þeim sökum mestan hluta sólarhringsins í skammdeginu, þótt hann væri fær vegna snjóa eða aurbleytu. Á þetta vildi ég gjarnan benda hæstv. heilbrmrh. og samgrh. í sameiningu, þar sem auðvelt virðist úr þessu að bæta og bein lífsnauðsyn er, að það sé gert.

Að síðustu vil ég á það benda, að undanfarin ár hefur jafnan verið nokkur fjárveiting til byggingar sjúkraskýlis í Ólafsfirði og lagfæringar á aðstöðu lækna. Nú hefur hins vegar verið gripið til þess ráðs að fella þessa fjárveitingu niður, að því er mér er tjáð. Þetta tel ég, að sé ekki til bóta í heilbrigðisþjónustu við Ólafsfirðinga, hvað sem öðru líður og vona ég, að hér sé um mistök að ræða.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra það, að hann vonar, að í sambandi við læknamál Ólafsfirðinga sé búið að tryggja þeim nokkurn veginn lækni þennan vetur. En það er að vísu ekki nóg. Það þarf að reyna eins og mögulegt er að tryggja, að þarna sé læknir í næstu framtíð. Í sambandi við Norður-Þingeyjarsýslu vil ég bara minna á, að þetta er snjóþyngsta hérað landsins og vegalengdirnar miklar. Ég sagði áðan, að t. d. frá Húsavík til Þórshafnar séu 224 km. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá ráðh., að það hefur stundum verið enn verra. Það hefur stundum verið enginn læknir í Norður-Þingeyjarsýslu. Ég minnist þess, þegar ég var á ferðalagi í Norður-Þingeyjarsýslu fyrir einum 4 árum og kom í júlímánuði að einu túninu þannig, að það var að helmingi dautt og ekki nema sauðgróður á hinum hlutanum, og þá sagði húsfreyjan: Þetta er nú ekkert hjá öryggisleysinu að hafa engan lækni. — Ég man líka eftir því í Ólafsfirði, þegar ég var þar í sumar, að gömlu mennirnir komu og sögðu: Ef við fáum ekki lækni hingað, þá verðum við að flytja burt. — Þar sem eru staðhættir eins og í Norður-Þingeyjarsýslu og Ólafsfirði, þá er þetta e. t. v. eitt stærsta byggðamálið, að leysa heilbrigðisþjónustuna á viðunandi hátt. Ég vænti þess, að ráðh. reyni að beita kröftum sínum til þess, eins og hann hefur gert í þessum málum, að fá lækni t. d. á Kópasker eða Raufarhöfn, ef nokkur möguleiki er til þess.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til þess að vekja athygli á því, að þrátt fyrir mikla viðleitni til að bjarga í þessu stóra vandamáli, þá er það svo, að það er ósköp svipaður fjöldi læknishéraða án fastráðins læknis nú og hefur verið undanfarin ár. Þetta er mikið alvörumál. Þau héruð, sem eru án læknisþjónustu nú, eru flest fámenn, en þjóðinni mikil nauðsyn, að haldið sé við byggð þar. Það er vegna þess, að á flestum þessara staða fer fram mikil fiskvinnsla, þetta eru sjávarútvegshéruð, og það er mikil hætta á því, ef ekki verður úr bætt hið skjótasta, að þá flykkist fólkið burt frá þessum stöðum í enn ríkara mæli en verið hefur. Ólafsfjörður er þarna undantekning. Það er gott hérað og mannmargt, og eru þess vegna allar líkur á, að þar leysist vandinn á næstunni. Ég vil vekja sérstaka athygli á, að álit mitt er það, að í þessum litlu héruðum sé alls ekki búið að læknum sem skyldi. Og það er í raun og veru vonlaust að ætla sér að fá menn til að setjast að í þessum fámennu héruðum, ef ekki verður gerbreyting á aðbúð þeirra og aðstöðu. Þetta held ég, að sé einmitt verkefni til að vinna að núna, meðan verið er að finna möguleika á því að fá þangað lækna. Vandamálið er það, að okkur vantar um það bil 10 menn til viðbótar, þá yrði þetta nokkurn veginn í sæmilegu lagi. Því held ég, að ef gerð væri gagnskör að því að gefa rn. nokkurn veginn sjálfdæmi um þá aðbúð og þau kjör, sem menn fengju fyrir að vera þarna a. m. k. 2—3 ár, þá mundi kannske verða auðveldara um vik en ella.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hér er á dagskrá, hefur hæstv. heilbrmrh. farið nokkuð inn á þau vandamál, sem við er að etja í heild varðandi læknamál strjálbýlisins, og rakið nokkuð þær úrbætur, sem hann telur, að helzt þurfi að gera, til þess að þarna verði ráðin bót á. Í máli ráðh. virtist mér, að ekki kæmi fram það, sem ég tel kannske hvað mestu skipta í þessu sambandi, en það er að gæta þess, að uppbygging sjúkrahúsa og starfsaðstaða lækna úti um land verði ekki á eftir í þróuninni í þessum efnum. Ég tel, að það sé tímabært, úr því að þessi mál koma á dagskrá, að láta það koma hér fram, vegna þess að fyrir dyrum stendur afgreiðsla fjárlaga, að þess verði að gæta, að fjárveitingar til sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva úti á landi verði ekki skornar svo niður, að til vandræða horfi og það beinlínis leiði til þess, að læknar og hjúkrunarfólk sjái sér ekki fært annað en hverfa frá þessum stöðum. Þetta er kannske það alvarlegasta, sem við er að etja, og þetta er málefni, sem er nú á dagskrá og verður á dagskrá næstu daga við afgreiðslu fjárlaga.

Framkvæmd leyfisveitinga og annarra veiðitakmarkana í sjávarútvegi, fsp. (þskj. 123). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 123 hef ég leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um framkvæmd leyfisveitinga og annarra takmarkana í sjávarútvegi. Fsp. þessi á að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til þess, að á undanförnum árum hefur mjög færzt í vöxt að takmarka veiði með leyfisveitingum og ýmsum öðrum takmörkunum. Þetta á einkum við um rækjuveiði, skelfiskaveiði og humar og að litlu leyti í sambandi við síldveiðar. Þessi mál eru að sjálfsögðu mjög vandmeðfarin, því að slíkar leyfisveitingar hafa áhrif á afkomu ekki aðeins einstaklinga, sem slíkar veiðar stunda, heldur einnig mjög mikil áhrif á afkomu heilla byggðarlaga.

Ýmislegt virðist nú benda til þess, að slíkar leyfisveitingar eða veiðitakmarkanir geti færzt í vöxt, a. m. k. ef dæma má af tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, sem hún lét fiskveiðilaganefnd í té og kaus af einhverjum ástæðum að birta opinberlega, — þótt ekki væri það með samþykki fiskveiðilaganefndar, það er annað mál. En í þessum till. er lagt til, að nánast *allar veiðar verði háðar leyfum. Með leyfi forseta*, vill ég lesa úr þessum till. Þar segir: „Til þess að auka aðhald við veiðarnar vill Hafrannsóknastofnunin leggja til, að allar togveiðar, dragnótaveiðar, nótaveiðar, botnvörpuveiðar og þorskanetaveiðar verði háðar leyfum."

Nú hefur hins vegar komið mjög í ljós, m. a. á mörgum fundum, sem fiskveiðilaganefnd hefur haldið, og í mörgum viðræðum meðlima þeirrar nefndar og nefndarinnar í heild við menn í sjávarútvegi, að framkvæmd leyfisveitinga er að ýmsu leyti gagnrýnd og af ýmsum talið, að þær hafi ekki náð tilætluðum árangri. Og því *er ekki að neita, að ýmis dæmi eru þessa, eins* og t. d. í Ísafjarðardjúpi, þar sem ljóst er, að ágangurinn á rækjustofninn er allt of mikill, þannig að til stórvandræða horfir. Bæði fjölmargir einstaklingar og atvinnuvegurinn í heild eru í vandræðum vegna þess lélega afla, sem þar hefur fengizt upp á síðkastið. Sem nýlegt dæmi mætti nefna hörpufiskveiðar í Breiðafirði, sem varð að stöðva allskyndilega, þegar ákveðnu hámarksveiðimagni var náð, og hefur það bann valdið töluverðum deilum og umkvörtun frá ýmsum aðilum. Því er ekki heldur að neita, að hjá mörgum, sem við hefur verið rætt um þessi mál, kemur í ljós, að þeir kenna fyrst og fremst sjútvrn. um framkvæmd þessa máls og að verr hefur alloft til tekizt en til var stofnað. Iðulega heyrist því fleygt, að ekki hafi verið farið eins og skyldi að ráðum fiskifræðinga. Það er ekki að ástæðulausu, að fjöldi manna virðist þeirrar skoðunar. Því er ekki að neita, að í ýmsum viðræðum í fjölmiðlum við fiskifræðinga hefur það komið fram eða virðist *vera þeirra skoðun, að ekki hafi verið farið við* leyfisveitingar og veiðitakmarkanir að þeirra tillögu. Ég vil leyfa mér að geta þess hér, þó að þau atriði hafi raunar verið strikuð út úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, þegar þær voru birtar, að í hinum upphaflegu till. kom einnig fram frá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar nokkur gagnrýni á framkvæmdir á þessu sviði og að þessu leyti, sem ég hef nú nefnt.

Mér virðist mikilvægt að fá skoðun og álit hæstv. sjútvrh. á þessu, sérstaklega ef takast mætti að leiðrétta þann misskilning, sem virðist

vera á þessu sviði á milli fiskifræðinga og sjútvrn. og áhrif hefur á alla, sem þessum veiðum eru tengdir. Því hef ég leyft mér að leggja fram fsp. og sérstaklega nefnt þar þrjá liði, sem varða það einkum, hvort leitað sé umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og farið að hennar ráðum eins og frekast má verða.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þar sem svarbréf frá þeim fulltrúa í sjútvrn. sem með þessi mál hefur haft að gera, er þannig upp sett, að það svarar í rauninni öllum þeim spurningum í einu, sem hér er um að ræða, tel ég rétt aðeins að fara yfir spurningarnar og síðan yfir svarbréfið frá fulltrúanum. Spurt er: „Hvernig tekur sjútvrn. ákvarðanir um leyfisveitingar, fjölda báta, veiðitíma, veiðimagn og aðrar takmarkanir á veiði? Einkum er óskað upplýsinga um eftirgreind atriði: 1) Er ávallt leitað umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar? 2) Er leitað umsagnar annarra aðila? 3) Hefur ráðuneytið almennt farið eftir slíkum umsögnum, einkum Hafrannsóknastofnunarinnar?"

Svarbréf frá ráðuneytinu um þessi atriði er svohljóðandi:

„Þegar ráðuneytinu berast umsóknir um leyfi til veiða, sem leyfum eru háðar, en hér er einkum um að ræða rækju-, humar og skelfiskveiðar, þá eru þessar umsóknir nær undantekningalaust sendar Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands til umsagnar. Einnig eru oft og tíðum haldnir fundir með fulltrúum þessara tveggja stofnana, þar sem fyrirkomulag veiðanna er rætt. Eru slíkir fundir alltaf haldnir við upphaf vertíða, en bæði rækju- og humarveiðar eru árstíðabundnar, og bendir ýmislegt til þess, að skelfiskveiðar verði það líka.

Það mun óhætt að fullyrða, að hrein undantekning sé, ef ráðuneytið fer ekki í einstökum tilfellum eftir umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar, og einnig má segja, að heildarstefnan í þessum málum sé alltaf tekin í samráði við þá stofnun og Fiskifélag Íslands. Oftast hefur verið hægt að samræma skoðanir þessara tveggja stofnana, en í einu tilfelli á árinu 1971 greindi þær á um, hvort leyfa ætti rækjuveiðar á tilteknu svæði við Eldey vegna hættu á seiðadrápi. Í því tilviki fór ráðuneytið að ráðum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Till. og umsagnir Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélagsins hafa einkum lotið að því að takmarka viðkomandi veiðar, og hefur þá annaðhvort verið miðað við, að leyft sé að veiða ákveðið magn á ákveðnu svæði, eða veiðarnar eru takmarkaðar við ákveðið svæði eða tiltekinn tíma eða hvort tveggja. Þannig voru humarveiðar stöðvaðar 1. sept. á síðustu humarvertíð hálfum mánuði fyrr en venja er til skv. till. Hafrannsóknastofnunarinnar og með samþykki Fiskifélagsins. Hafrannsóknastofnunin lýsti því yfir, þegar 1500 tonn af skelfiski höfðu veiðzt á Breiðafirði á þessu ári, að ekki væri óhætt að taka í ár meira en 3—5 þús. tonn á þessu svæði. Þegar þetta kom fram, var af rn. ákveðið í samráði við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélagið að takmarka frekari leyfisveitingar við báta skráða við Breiðafjörð, og þegar 5 þús. tonna markinu var náð, voru allar veiðar stöðvaðar að ráði sömu aðila. Rækjuveiðar verða ekki leyfðar í Breiðafirði a. m. k. til áramóta vegna tilmæla Hafrannsóknastofnunarinnar. Sömuleiðis eru rækjuveiðar nú bannaðar við Eldey og verða ekki leyfðar þar aftur, fyrr en Hafrannsóknastofnunin telur það óhætt vegna hættu á seiðadrápi. Rækjuveiði á Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa hefur um langt skeið verið takmörkuð við báta skráða á þessum svæðum, enda séu eigendur þar búsettir. Er þetta gert til þess að draga úr sókn á þessi svæði. En aðrar till. um takmörkun á fjölda báta hafa aldrei verið gerðar fyrir þessi svæði eða önnur af Hafrannsóknastofnuninni eða öðrum aðilum. Rækjuveiðileyfi á þessum svæðum eru einnig bundin við ákveðið veiðimagn, þannig að ýmist er miðað við hámarksafla af ákveðnu svæði í heild eða við vikuafla einstakra báta eða allra báta á svæðinu eða þá að ákveðinn er dagsafli fyrir hvern bát. Við ákvörðun veiðimagns er alltaf og hefur alltaf verið farið eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar.

30. nóv. 1972.
Þórður Ásgeirsson."

Þórður er fulltrúi í sjútvrn. og hefur haft með þessi mál að gera á undanförnum árum, að sjálfsögðu í samstarfi við ráðuneytisstjórann og í nokkrum tilfellum í beinu samráði við ráðh. En ég játa það, að síðan ég tók við ráðherrastörfum hef ég haft tiltölulega lítil afskipti af þessum málum, þar sem þetta er framkvæmdaatriði, sem unnið hefur verið að á þennan hátt, sem hér er greint, fyrst og fremst farið eftir till. Hafrannsóknastofnunarinnar.

Það er enginn vafi á því, að það er talsverðum vandkvæðum bundið að ætla að setja fastar reglur um það, hvernig fara skuli með veiðileyfi af þessu tagi, því að þar verða oft á snöggar breytingar. Reynslan hefur líka verið sú, að sitt sýnist hverjum um það, hvernig eigi að framkvæma takmarkanir af þessu tagi. Það kemur auðvitað fram gagnrýni, sumir telja allt of langt gengið í því að hamla veiðum og aðrir vilja hafa annan hátt á í sambandi við hömlukerfi en ákveðið hefur verið. En ég held, að kjarni þessa máls sé sá, að það hafi verið farið að ráðum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélagsins í öllum þeim atriðum, sem hér skipta máli, og það er í rauninni, eins og segir í bréfi fulltrúans, undantekning, ef annað er gert.

Í sambandi við skelfiskveiðina á Breiðafirði vil ég segja það, að þar var í einu og öllu farið að tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, og þegar veiðin þar var stöðvuð, var hún í sjálfu sér ekki stöðvuð skyndilega, því að það hafði verið tilkynnt með löngum fyrirvara, hvert ætti að vera heildarmagnið, sem mætti veiða á svæðinu. En veiðin varð miklu meiri en menn höfðu gert ráð fyrir, það gekk hraðar á heildarmagnið, og þá kom að því að veiðin var stöðvuð.

Á meðan ég hef með þessi mál að gera, mun ég fylgja þeirri reglu að fara í öllum aðalatriðum að till. fiskifræðinga um allt það, sem lýtur að fiskifræðilegum efnum varðandi þessi mál, en útfærsla á vissum vinnubrögðum verður auðvitað að ákveðast af ráðuneytinu, því að um það eru fiskifræðingar ekki dómbærari en aðrir,

t. d. í sambandi við bátastærðir eða annað, sem snertir veiðarnar sjálfar.

Ég vænti svo, að þetta sé fullnægjandi svar fyrir hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör. Þar kom greinilega fram það, sem ég var fyrst og fremst að sækjast eftir, að farið er nánast sagt undantekningalaust eftir till. og umsögnum fiskifræðinga. Þetta sýnist mér, að nauðsynlegt sé að liggi fyrir, þannig að allir geri sér grein fyrir þessari staðreynd.

En hitt er annað mál, að ýmsar þær upplýsingar, sem komu fram hjá hæstv. ráðh., gefa ástæður til vangaveltu, sem er ekki tími til hér, eins og t. d. hvernig eigi að takmarka þessar veiðar, þannig að árangursríkast sé. Ber að takmarka þær eingöngu við ákveðið heildarmagn eða jafnframt við veiði í mánuði hverjum eða dagveiði o. s. frv? Þarna eru ýmsar leiðir, sem geta haft mikil áhrif í framkvæmd á afkomu byggðarlaga og einstaklinga, og sýnist mér full ástæða til að skoða það allt mjög vandlega og veit raunar, að það er gert á vegum rn. Svarið gefur einnig ástæðu til hugleiðinga um það, hvort nægilegt samræmi sé á milli slíkra takmarkana og ýmiss konar fjárfestingar á sviði sjávarútvegsins á þeim sviðum, þar sem leyfisveitingar eru við hafðar. T. d. var mjög mikil fjárfesting í vélakosti og öðrum aðbúnaði í sambandi við skelfiskveiðar á Breiðafirði. Við getum nefnt fleiri slík dæmi, þar sem lánað hefur verið úr opinberum sjóðum til slíkra framkvæmda, og virðist ekki, a. m. k. í fljótu bragði, að þar hafi verið um eðlilega samræmingu að ræða. En þetta er annað mál, en þó mál, sem mér virðist, að mætti athuga, þó að í annað skipti sé.

Viðbótarritlaun til rithöfunda, fsp. (þskj. 133). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Samtök rithöfunda hafa gert um það samþykktir á þingum sínum að beina því til stjórnvalda, að söluskattur af bókum skuli renna til rithöfundanna sjálfra sem viðbótarritlaun. Í samræmi við þessar óskir var samþykkt á Alþingi 18. maí s. l. að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum og renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda. Ýmsir þeir, sem að þessari ályktun stóðu, vonuðust eftir því, að þegar þing kæmi saman hefði hæstv. ríkisstj. málið tilbúið, annaðhvort á þann veg, að till. væri gerð í fjárlagafrv. í þessu skyni eða yrði sérstakt frv. eða till. til þál. flutt. Hvorugt hefur gerzt og ekkert heyrzt um málið frá hálfu hæstv. ríkisstj., þótt tveir mánuðir séu liðnir af þingtímanum.

Þegar þessi fyrirspurn var flutt, hafði, eftir því sem ég veit bezt, ekki verið haft samráð við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda um samningu á reglum, sem úthlutun skuli fara eftir. Af þessum ástæðum er sú fyrirspurn lögð hér fyrir hæstv. menntmrh., hvað liði undirbúningi þessa máls og hvenær megi vænta tillagna þeirra, sem fjalla um það.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 5. þm. Rvík er þetta:

Með bréfi til Framkvæmdastofnunar ríkisins 9. ágúst s. l. óskaði menntmrn. eftir því, að Framkvæmdastofnunin léti rn. í té upplýsingar um ákveðin atriði varðandi framkvæmd nefndrar þál., þ. e. fyrst og fremst nýjustu upplýsingar, sem liggja fyrir um árlegan söluskatt af íslenzkum bókum, frumsömdum og þýddum. Í nóvember skipaði svo fjmrh. n., er kanna skal, hver söluskattur af íslenzkum bókum muni vera ár hvert. Í n. eiga sæti: Bergur Guðnason lögfr., form., Svava Jakobsdóttir alþm., Örlygur Hálfdánarson bókaútgefandi og Knútur Hallsson skrifstofustjóri í menntmrn.

Hinn 8. þ. m. bárust menntmrh. umbeðnar upplýsingar frá hagdeild Framkvæmdastofnunarinnar með bréfi, dags. 6. þ. m. Framkvæmdastofnunin telur, að eigi sé unnt á svo skömmum tíma sem hún hefur haft til umráða að útvega nákvæmar upplýsingar um það efni, sem hér um ræðir, en hefur til bráðabirgða áætlað smásöluverð á bókum seldum og útgefnum á Íslandi allra síðustu ár.

N. sú, er fjmrh. skipaði, mun skila störfum í þessari viku. Tekið verður mið af niðurstöðum n. í tillögugerð af hálfu ríkisstj. við afgreiðslu fjárlaga, þó tæpast tímans vegna fyrr en við 3. umr. Er nú unnt að sinna því verkefni að semja reglur þær, sem í þál. greinir. Hafa Rithöfundasambandið og félög rithöfunda verið beðin að tilnefna fulltrúa til þess að vinna að samningu nefndra reglna í samráði við menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál virðist í meðförum hæstv. ríkisstj. gerast nokkru flóknara en flm. till. höfðu ætlazt til eða gert ráð fyrir. Það er ekki aðeins, að hæstv. menntmrh. og rn. hans fjalli um það, heldur hefur fjmrh. líka skipað n. í málið, og í þriðja lagi hefur verið leitað til Framkvæmdastofnunar ríkisins um málefni þetta. Framkvæmdastofnunin virðist því ætla að færa út kvíarnar og gerast menningarstofnun ofan á allt annað.

Ég lýsi ánægju yfir því fyrirheiti hæstv. ráðh., að við endanlega afgreiðslu fjárlaga muni verða tekið tillit til þessa, og skil það svo, að þá verði tekin upp fjárveiting, sem ætla má að nemi andvirði söluskatts af bókum. Mér þykir líka vænt um, að fyrirspurn mín hefur haft þau áhrif, að hæstv. ráðh. hefur nú haft samráð við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda og beðið þau um að vera með í ráðum um samningu þeirra tillagna, sem þál. gerði ráð fyrir, en það hafði ekki verið gert, þegar fyrirspurnin var flutt. Fyrirspurnin var að sjálfsögðu flutt vegna þess, að mönnum þótti þetta ferðalag ríkisstj. ganga grátlega seint. En ég vænti þess, að nú fari þessu máli heldur að skila í áttina og að efndir verði á því, sem Alþ. lagði fyrir ríkisstj. að undirbúa.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi virðist furða sig á því að leita þurfi til Framkvæmdastofnunarinnar m. a. til að ráða því máli til lykta, sem hér um ræðir. Hér er um það að ræða m. a. að tilgreina fjárhæðir, sem liggja ekki ljósar fyrir neins staðar. Ég veit ekki, hvaða stofnun er til þess fallnari en sú deild Framkvæmdastofnunarinnar, sem fjallar um hagrannsóknir. Hvað það varðar að skipa menn til að setja reglur um úthlutun, hefur afstaða mín verið frá öndverðu, að eigi væri tímabært að setja menn til að vinna það verk, fyrr en eygja mætti, hver niðurstaða yrði af athugun á fjármagni því, sem til skipta kemur.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur tekið af mér ómakið við að greina frá því, hvers vegna ástæða var til að leita til Framkvæmdastofnunarinnar. Ég vil þó aðeins bæta því við, að sú tala, sem nefnd var í grg., þegar till. var upphaflega flutt, þ. e. a. s. 19 millj., var þaðan komin, og var að því leyti alveg fyllilega réttmætt, að til Framkvæmdastofnunarinnar yrði leitað aftur, þegar endanlega væri gengið frá þessu máli.

Að öðru leyti vil ég einungis ítreka ánægju mína yfir áhuga þingmanna á þessu máli og vil taka fram sem einn nm. í þeirri n., sem fjmrh. skipaði, að í henni ríkti fullt samkomulag um að skila störfum nægilega snemma til þess, að unnt yrði að taka tillit til þessa máls við gerð fjárlaga næsta árs. Um þetta ríkti fullur samhugur innan n. Ég vil taka það fram, að lokum, að nefndin væri búin að skila af sér, ef einn nm. hefði ekki þurft utan vegna starfa sinna, og ekkert annað er eftir en að nm. komi saman og skrifi undir sameiginlegt nál.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta er mál, sem oft hefur borið á góma hér í sölum Alþingis, en nátengd þessu er auðvitað þáttur varðandi tónskáld. Þeirra verk eru seld og innheimtur söluskattur af þeim líka. Ef á að fara að gera rithöfundum miklu hærra undir höfði með því að endurgreiða þeim söluskatt af sínum hugverkum, legg ég til, að hugleitt sé í leiðinni, hversu á að meta tónskáld, því að þeim hefur oft verið minni sómi sýndur við úthlutun listaverkastyrkja. Ég vil þess vegna beina því eindregið til þeirra manna, sem fjalla um þessi mál, að muna eftir tónskáldum okkar í leiðinni.

Menntun fjölfatlaðra, fsp. (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Síðasta Alþ. samþykkti svo hljóðandi þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga möguleika á lagasetningu um ráðstafanir til að bæta menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga."

Menntun fjölfatlaðra og ýmissa annarra hópa afbrigðilegra barna og unglinga hefur orðið út undan í okkar þjóðfélagi, þrátt fyrir víðfeðmt og ágætt skólakerfi. Það er e. t. v. vegna þess, að þarna er um að ræða aðila, sem koma við sögu á öðru sviði, þ. e. a. s. oftast fólk, sem þarf læknishjálpar við og heyrir því að verulegu leyti undir annað rn. Þetta hefur orðið til þess, að þær stofnanir, sem hafa sinnt kennslu fjölfatlaðra, hafa lent í örðugleikum með rekstrinn. Vil ég þar sérstaklega geta skóla Styrktarfélags fatlaðra og lamaðra í Reykjadal í Mosfellssveit, sem árum saman hefur stundað kennslu fyrir fjölfötluð börn og reyndar oftast lent í miklum rekstrarörðugleikum vegna þess, að togazt hefur verið á um, hvað af kostnaðinum tilheyrði menntmrn. og hvað heilbrmrn. Á síðustu árum hefur eflzt áhugi fyrir því að skipuleggja þessi mál og bæta það ástand, sem verið hefur. Einkum hefur verið staðnæmzt við álit og till., sem Þorsteinn Sigurðsson fræðslufulltrúi Reykjavíkurborgar gerði fyrir nokkru um sérkennslumiðstöð ríkisins. Það er mál, sem hefur verið í athugun og ég álít, að geti verið mjög merkt mál til lausnar á þessum vanda. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja fsp., sem hljóðar á þessa leið: „Hvað hefur verið gert til þess að framkvæma þál. frá 16. maí 1972 um menntun fjölfatlaðra?"

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 3. þm. Reykn. er svo hljóðandi:

N. skipuð fulltrúum frá menntmrn., heilbr.- og trmrn. og Reykjavíkurborg hefur síðan á árinu 1971 unnið að athugun á málefnum barna og unglinga, er þarfnast sérkennslu af ýmsu tagi. Vorið 1972 skilaði n. till. til menntmrn. um stofnun skóla fyrir fjölfötluð börn. Rn. féllst á till. n. í meginatriðum og var undinn að því bráður bugur að koma skólanum á fót. Húsnæði var útvegað í húsakynnum þeim, sem Heyrnleysingjaskólinn hafði áður til afnota að Stakkholti 3 í Reykjavík. Til þess að veita skólanum forstöðu var ráðin Bryndís Víglundsdóttir, sem undanfarin ár hefur starfað sem kennari við skóla fatlaðra í Bandaríkjunum. Í skólanum eru nú 7 börn. Þar af eru 4 í heimavist. Við skólann starfa í vetur auk forstöðukonunnar 4 fóstrur og einn kennari. Matseld, ræsting og þjónustubrögð eru sameiginleg með Heyrnleysingjaskólanum, sem enn hefur heimavist sína að Stakkholti 3. Ætlunin er, að skóli fyrir fjölfötluð börn starfi næsta vetur á sama stað, en fái þá rýmra húsnæði, þar sem Heyrnleysingjaskólinn mun þá hafa flutt alla starfsemi sína úr húsinu. Áætlað er, að tala nemenda verði þá 20—25, þar af 13—15 í heimavist. Samkv. skyndikönnun, sem n. á vegum heilbr.- og trmrn. gerði árið 1971, er vitað um 31 barn, sem talið er, að þarfnist vistar í skóla fyrir fjölfötluð börn. Hins vegar er talið, að við nákvæmari könnun mundi koma í ljós, að þörfin sé raunverulega talsvert meiri.

N. sú, sem enn er að störfum og áður getur, mun m. a. kanna möguleika á að koma upp sérkennslumiðstöð, þar sem m. a. væri sköpuð aðstaða til að halda spjaldskrá yfir öll þroskahömluð börn á landinu. Í þessari n. eiga sæti Adda Bára Sigfúsdóttir, tilnefnd af heilbr.- og trmrn., Jónas B. Jónsson, tilnefndur af Reykja-

víkurborg, og Þorsteinn Sigurðsson, tilnefndur af menntmrn.

Að því er varðar lagasetningu um menntunaraðstöðu fjölfatlaðra barna og unglinga er þess að geta, að í frv. til l. um grunnskóla, sem nú er til endurskoðunar á vegum menntmrn., mun væntanlega verða ákvæði varðandi börn og ungmenni, er þarfnast sérkennslu af ýmsu tagi, bæði þau, er stundað geta nám í almennum skólum með sérstakri aðstoð, og börn, sem vista þarf í sérstökum kennslustofnunum.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. *Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör, og mér þykir vænt um að heyra, að unnið hefur verið að þessum málum.* Að sjálfsögðu er sá skóli, sem nú er í gangi, algert bráðabirgðaúrræði og varla þess að vænta, að hann geti skapað þessum börnum eðlilega þjónustu, sem er annars háttar og miklu meiri en venjuleg skólabörn þarfnast. En því er ekki að leyna, að þarna er um virðingarverða tilraun að ræða og ánægjulegt, að úr skuli verða bætt á næsta ári.

Varðandi sérkennslumiðstöðina vildi ég geta þess, að ég held, að það sé mál, sem beri að leggja meginþerzlu á, vegna þess að þar muni skapast aðstaða, ekki aðeins fyrir þennan hóp af börnum, sem þurfa sérkennslu, heldur fyrir ýmsa aðra hópa, sem einnig eru mjög þurfandi fyrir aðstoð, eins og nú er ástatt.

Kennsla í sjúkraþjálfun, fsp. (þskj. 140). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Þeim, sem vinna að heilbrigðismálum hér, hefur lengi verið ljóst, að hér er þörf á skóla fyrir sjúkraþjálfara. Skortur á þessum starfshópi hefur verið mjög tilfinnanlegur undanfarin ár, enda þótt hér starfi að jafnaði nokkur fjöldi erlendra sjúkraþjálfa. Íslenzkir sjúkraþjálfar eru flestir menntaðir á Norðurlöndum, og hafa ýmsir aðilar unnið mjög gott starf við að auðvelda þeim aðgang að skólum þar. Árið 1969 ræddi yfirlæknir á Reykjalundi, Haukur Þórðarson, þessi mál ítarlega við ýmsa lækna Landsspítalans og við stjórn Félags ísl. sjúkraþjálfara, og var einhugur um það, að æskilegast væri, að hér yrði um háskólanám að ræða, þar sem sú stefna er nú að ryðja sér til rúms víða um lönd, þótt hún sé ekki framkvæmd enn á Norðurlöndum. Í apríl 1970 ritaði yfirlæknir háskólarektor bréf, þar sem gerð er grein fyrir þörf innlendrar menntunar á þessu sviði og farið fram á, að kannað verði, hver leið skyldi valin til kennslu hérlendis, og þá helzt í formi námsbrautar við Háskóla Íslands. Síðan fóru fram viðræður milli háskólarektors og læknadeildar með þeim afleiðingum, að nefnd þriggja lækna til þess að kanna þessar leiðir var skipuð í des. 1970. Sú n. hefur skilað grg. og ályktun og gerði það í des. 1971. Einnig hefur komið hér á vegum landlæknisembættisins sérfræðingur frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Hún skoðaði hér stofnanir og kannaði aðstæður allar til kennslu *og gaf síðan skýrslu um ferð sína. Ég* held, að það sé fullljóst, að hún lagði til, að hér yrði settur á stofn skóli. Tíminn líður og skortur á sjúkraþjálfum er eðlilega mjög mikill og margs konar heilbrigðisstarfsemi getur ekki notið sín vegna þessa skorts. Fjöldi ungs fólks bíður eftir því að fá að hefja slíkt nám, og því er ekki að neita, að þetta nám mun líka auka á fjölbreytnina í háskólastarfinu. Því spyr ég hæstv. menntmrh., hvort nám í sjúkraþjálfun geti hafizt haustið 1973.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 3. þm. Reykn. er þetta:

Svo sem kunnugt er, *hefur til þessa ekki verið* kostur á skipulegu námi í sjúkraþjálfun hér á landi, heldur hafa þeir, sem leggja vildu stund á þessa starfsgrein, orðið að leita sér menntunar erlendis, aðallega á Norðurlöndum. Í félagi ísl. sjúkraþjálfara eru nú 36 félagsmenn. Af þeim starfar einn erlendis, en 3 eru ekki í starfi. Allmargir félagsmanna gegna hluta úr starfi.

Þörfin fyrir aukið starfslið á þessu sviði hefur farið vaxandi og orðið mönnum æ ljósara á síðustu árum. Árið 1970 sendi Haukur Þórðarson, núv. yfirlæknir við vinnuheimilið að Reykjalundi, rektor Háskóla Íslands erindi, þar sem hann gerði grein fyrir vaxandi þörf á menntunaraðstöðu sjúkra- og iðjuþjálfa hérlendis. Í grg. Hauks var áætlað, að þörf væri þá fyrir 50—60 starfandi sjúkraþjálfa hérlendis og um 40 iðjuþjálfa. Beindi hann þeim tilmælum til rektors og háskólaráðs, að kannaðar yrðu leiðir til að koma á fót stofnun við Háskóla Íslands eða sérstakri deild innan hans til að mennta sjúkraþjálfa og iðjuþjálfa. Læknadeild háskólans hóf athugun málsins, en síðan sneri þáv. forseti læknadeildar og formaður Félags ísl. sjúkraþjálfara sér til menntmrn. og lögðu til, að rn. skipaði n. til þess að fjalla um þetta menntunarmál. Rn. hefur gert ráðstafanir til að koma á fót slíkri n., þar sem sæti eigi, auk fulltrúa rn., fulltrúar frá heilbr.- og trmrn., Háskóla Íslands, Félagi ísl. sjúkraþjálfara og Læknafélagi Íslands.

Menntmrn. er vel ljós vaxandi þörf á fólki með menntun á sviði sjúkra- og iðjuþjálfa og vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að aðstaða til slíks náms komist á hérlendis, svo fljótt sem kostur er. Meðan ekki er lokið þeirri athugun málsins, sem nú hefur verið stofnað til samkv. því, sem sagt var hér að framan, er þó ekki unnt að svara með vissu fsp., hvar náminu verði fyrir komið né hvort það muni geta hafizt þegar á næsta hausti, þótt vissulega væri það æskilegast.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir upplýsingar hans. Mér þykir leitt að heyra, að hann skuli ekki geta ákveðið það hér með, að hafin verði kennsla í þessari námsbraut í haust, vegna þess að ég held, að hér geti ekki verið um neitt stórfyrirtæki fyrir háskólann að ræða. Ég hef stundum sagt, að mér þyki mjög óeðlilegt, að við, sem getum menntað bæði lækna og lögfræðinga, skulum draga það árum saman, vitandi nauðsynina að mennta sjúkraþjálfa. Þar *að auki er vitað, að margir, sem fara í lækna-*

deildina, ná ekki prófi í fyrsta hluta, og fyrir þá liggur mjög bein braut yfir í sjúkraþjálfun, margir þeirra mundu æskja eftir slíku námi. Það hefur komið til greina, að sameiginleg kennsla færi fram fyrir sjúkraþjálfa og lækna fyrstu árin. Þess vegna væru þeir, sem ekki ná fyrsta hluta prófsins, búnir að stytta sér leiðina með því að snúa sér að sjúkraþjálfaranámi. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði við þetta nám í fjárl., og má þá búast við því, að þetta dragist enn lengur. Mér þykir mjög leitt til þess að vita, ef það á að fara svo, að við þurfum enn að bíða, vegna þess að sá skortur, sem hér er á sjúkraþjálfum, kostar ríkissjóð örugglega mikið. Þar að auki kostar að sjálfsögðu allmikið ð hafa nokkurn fjölda, — ég held, að það séu 10 nú í augnablikinu, — við nám í þessum fræðum erlendis.

Vegagerð á Vesturlandi, fsp. (þskj. 145). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir samgrh. 4 fsp. um vegagerð á Vesturlandi, svo hljóðandi:

„1. Eru þeir vegarkaflar á Ólafsvíkurvegi, sem lagðir hafa verið á síðustu árum, t. d. vegurinn fram hjá Borg á Mýrum og vegurinn milli Grundar og Skjálgar í Kolbeinsstaðahreppi, undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?

2. Eru einhverjir hlutar vegarins um Hvalfjörð undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?

3. Hve langir eru þeir vagarkaflar á Ólafsvíkurvegi í Miklaholtshreppi og Staðarsveit, sem enn hafa ekki verið undirbyggðir, þ. e. eru ruðningsvegir eða troðningar? Liggur fyrir, hvað gerð þessara vegarkafla mundi kosta og hvenær þeirra framkvæmd megi vænta?

4. Má vænta þess, að gerðar verði ráðstafanir til lagfæringa á vegi við Kálfá og Bláfeldará í Staðarsveit, svo að árnar stöðvi ekki umferð um Ólafsvíkurveg, eins og gerzt hefur þráfaldlega í frostaköflum á undanförnum vetrum?“

Ég hef spurt þessara spurninga í því augnamiði að fá svör við því, hver væru sjónarmið yfirvalda og framkvæmdaaðila vegamála í tveimur veigamiklum atriðum í sambandi við gerð vega úti á landsbyggðinni, jöfnum höndum sem ég er að leita upplýsinga um framkvæmdir í vegagerð á Vesturlandi.

Í fyrsta lagi er ég að leitast fyrir um að fá svör við því, hvort verið sé að undirbyggja vegi á miklum umferðarleiðum, eins og t. d. leiðinni vestur á Snæfellsnes, án þess að um undirbúning undir varanlega vegagerð sé að ræða. Sé svo, en ég vona, að svo sé ekki, væru þær framkvæmdir raunverulega að tefja fyrir því, að varanlegir vegir, sem verða að koma innan mjög stutts tíma, kæmu. Það þýðir, að eftir nokkur ár verður að leggja annan veg við hliðina á þeim vegi, sem nú er verið að gera.

Í öðru lagi er ég með 3. og 4. spurningu minni að leitast við að fá svar við því, hvort vegagerðin reyni ekki að lagfæra smávegarkafla, sem við ýmsar aðstæður verða ófærir og stöðva alla umferð á stóru svæði, þótt vegakerfið umhverfis sé í góðu lagi. Dæmi um slíka vegarkafla er vegurinn um Bláfeld í Staðarsveit. Þar hefur vetur eftir vetur og dag eftir dag stöðvazt umferð, þótt leiðin vestur héðan frá Reykjavík að Bláfeldi og frá Bláfeldi yfir Fróðárheiði og fyrir Jökul hafi verið opin öllum farartækjum. Þegar við hv. alþm. nutum gestrisni forsetahjónanna á Bessastöðum í góðu yfirlæti s. l. fimmtudag, máttu þeir, sem ætluðu sér þennan dag vestur á utanvert Snæfellsnes, hafa það að bíða í marga klukkutíma við Bláfeld, meðan tæki vegagerðarinnar voru að komast á staðinn og opna nokkurra metra vegarkafla til umferðar.

Ég fór vestur s. l. föstudagsmorgun og kom aftur á sunnudag, snjóadaginn mikla hér í borg. Alla leiðina frá Hellissandi til Reykjavíkur var kaflinn við Bláfeld sá eini, þar sem ekkert mátti breyta veðri eða annað út af bera, svo að umferð stöðvaðist. Kostnaður vegagerðarinnar við að opna þennan vegarkafla hlýtur fyrir löngu að vera margfaldur við þann kostnað, sem kostar að lagfæra hann.

Annað, sem ég nefni í 3. og 4. spurningu, ruðningsvegirnir í Miklaholtshreppi og Staðarsveit og vegurinn við Kálfá, er svipaðs eðlis. Þessir kaflar lokast við ótrúlegustu aðstæður, þótt allt sé fært í kring. Í svari hæstv. ráðh. kemur vonandi fram, hvað kostar að gera þarna sæmilegan veg. Vonandi er, að þar sé ekki um svo stóra upphæð að ræða, að sú vegagerð þurfi að bíða mörg ár enn. En ef svo ótrúlega skyldi fara, að bíða þyrfti með varanlegar framkvæmdir, verður ekki undan því komizt að gera þarna minni háttar framkvæmdir og lagfæra verstu staðina. Lagning varanlegra hraðbrauta er góð, og við gleðjumst yfir hverjum nýjum áfanga í gerð varanlegra vega. En stjórn vegamála má ekki vera svo upptekin í þeim framkvæmdum, að það gleymist að lagfæra smávandamál á þjóðbrautunum, sem sums staðar mætti frekar flokka undir viðhald en nýbyggingu og kæmi fram sem sparnaður viðhaldsfjármagns.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fsp. hv. 5. þm. Vesturl. er í fjórum tölul. og eru svörin við spurningunum á þessa leið:

Fyrsti liður spurningarinnar. „Eru þeir vegarkaflar á Ólafsvíkurvegi, sem lagðar hafa verið á síðustu árum, t. d. vegurinn fram hjá Borg á Mýrum og vegurinn milli Grundar og Skjálgar í Kolbeinsstaðahreppi, undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?“ Svarið er þetta: Þessir vegarkaflar eru lagðir með nægjanlegu góðu burðarlagi til þess, að síðar megi leggja á þá fast slitlag úr oliumöl eða öðru efni, án sérstakrar styrkingar.

2. liður spurningar: „Eru einhverjir hlutar vegarins um Hvalfjörð undirbyggðir þannig, að þeir beri varanlegt slitlag?“ Þeir kaflar á Vesturlandsvegi um Hvalfjörð, sem endurbyggðir hafa verið eða endurbættir undanfarin 10 ár, eru þannig undirbyggðir, að setja má á þá fast slitlag án sérstakrar styrkingar í burðarlagi vegarins. Sama gildir raunar einnig um ýmsa enn eldri hluta vegarins. Þeir þurfa tiltölulega litla styrkingu á burðarlagi, til þess að leggja megi á þá fast slitlag.

3. liður spurningar: „Hve langir eru þeir vegarkaflar á Ólafsvíkurvegi í Miklaholtshreppi og Staðarsveit, sem enn hafa ekki verið undirbyggðir, þ. e. eru ruðningsvegir eða troðningar? Liggur fyrir, hvað gerð þessara vegarkafla mundi kosta og hvenær þeirra framkvæmda megi vænta?" Sá hluti Ólafsvíkurvegar, sem liggur um Miklaholtshrepp og Staðarsveit, þ. e. frá Miklaholtsseli að Fróðárheiði, er um 48 km á lengd. Af þessum 48 km teljast 13.3 km vel uppbyggður vegur. Um 23.4 km eru þannig, að þeir þurfa lagfæringar við, þarf að hækka þá og styrkja, en 11.3 km þarf að endurbyggja frá grunni. Lauslega er áætlað, að kostnaður við að endurbæta og endurbyggja þessa 36.7 km sé um 35 millj. kr., og er endurbyggingarkostnaður við brýr þá ekki meðtalinn. Í gildandi vegáætlun fyrir árin 1972—1975 er áætlað að endurbyggja um 7 km af þessum vegarköflum, og er fjárveiting til þess 5.2 millj. kr. til vegagerðar, en 2.3 millj. kr. til brúargerða. Um frekari framkvæmdir á umræddum hluta Ólafsvíkurvegar fer að sjálfsögðu eftir ákvörðun Alþ. við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974—1975 og nýja vegáætlun fyrir árin 1976 og 1977, sem leggja skal fyrir Alþ. samkv. vegal. í lok næsta árs eða í byrjun árs 1974.

4. liður spurningar: „Má vænta þess, að gerðar verði ráðstafanir til lagfæringa á vegi við Kálfá og Bláfeldará í Staðarsveit, svo að árnar stöðvi ekki umferð um Ólafsvíkurveg, eins og gerzt hefur þráfaldlega í frostaköflum á undanförnum vetrum?" Klakabólstrar, sem truflað hafa umferð um Ólafsvíkurveg hjá Bláfeldará, stafa ekki frá þessari á, heldur frá læk, sem rennur skammt sunnan við ána. Árið 1971 var ætlunin að veita þessum læk í Bláfeldará, en hætta varð við það vegna andstöðu ábúandans á Hólkoti, sem taldi, að í læknum væri mikið af sjóbirtingsseiðum og gæti þessi framkvæmd valdið tjóni á þeim. Þar sem ekki hefur náðst samkomulag um að breyta farvegi lækjarins, verður ekki um annað að ræða en stækka ræsið á læknum og hækka veginn um einn metra á um 400 metra kafla, og mundi sú framkvæmd kosta a. m. k. um 1 millj. kr. Í fyrra var vegurinn hækkaður nokkuð á þessum kafla, en það nægði ekki til þess að hindra klakabólstra í frosthörkum. Við Kálfá, sem kemur fram úr gljúfrum um 800 metra ofan við Ólafsvíkurveg, myndast oft klakabólstrar af þeim sökum, að áin rennur út úr farvegi sínum vegna mikils framburðar af aur. Árið 1971 var ráðgert að dýpka farveginn, en hætta varð við það vegna andstöðu ábúandans á Kálfárvöllum, sem taldi, að þessi framkvæmd gæti skaðað veiði í ánni. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst um þessa framkvæmd, verður ekki um annað að ræða en hækka veginn á um 600 metra löngum kafla, en það mundi kosta nálægt 1 millj. kr. Bæði við Kálfá og Bláfeldará hefðu lagfæringar á vatnsfarvegunum kostað tiltölulega lítið fé, og er það rétt hjá fyrirspyrjanda, og sú aðgerð hefði komið að fullu gagni. En þar sem samkomulag hefur ekki náðst við landeigendur eða landnotendur um þessar ódýru framkvæmdir, verður vandinn vegna klakabólstranna ekki leystur á nokkurn annan hátt en með því að hækka veginn á þessum stöðum. Þær framkvæmdir kosta hins vegar svo mikið fé, að ekki verður í þær ráðizt, nema til komi sérstök fjárveiting á vegáætlun.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi hafi orðið þess vís af þessum svörum, að af vegagerðarinnar hálfu er unnið af fullri forsjá að undirbyggingu vega með það fyrir augum, að hægt sé að leggja á vegina, sem nú eru lagðir, varanlegt slitlag og þannig unnið að þessum málum af fyrirhyggju, þó að slík vinnubrögð kosti meira fé í bili, en það getur sparazt síðar. Þarna er því tekið fullt tillit til framtíðarinnar.

Um hitt atriðið, klakabólstrana og þær tafir, sem orðið hafa á framkvæmdum af þeim ástæðum, er gott að minnast þess, að þarna stranda skynsamlegar og sjálfsagðar aðgerðir á hinum persónulega eignarrétti.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við spurningum mínum. Ég er mjög ánægður með fyrra svarið í sambandi við lagningu veganna. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að á þá kafla, sem verið er að leggja úti um land, skuli hægt að leggja varanlegt slitlag án þess að endurbyggja þá að neinu ráði til viðbótar, þegar að því kemur, að fjármagn verður til þess að leggja varanlega vegi úti um landið.

En ég varð svolítið hissa á svarinu í sambandi við árnar. Þar upplýsti ráðh., að við Kálfá þyrfti að hækka veginn á um 600 m kafla til þess að forðast klakabólstrana. Ég hef náttúrlega ekki neina aðstöðu til þess að rengja mælingar og útfærslu vegamálaskrifstofunnar á þessu, en eftir mínum leikmannsaugum, held ég, að það mætti kannske frekar kalla þessa metra 60 en 600 til þess að afstýra því, að Kálfá renni yfir veginn. Aftur á móti við Bláfeldará, þar sem vegurinn er sokkinn eða siginn í mýri á dálítið löngum kafla, held ég, að aðalvandamálið væri leyst með kannske rúmlega 40 metra kafla í staðinn fyrir 400 metra kafla, a. m. k. varðandi bólstrana.

Viðvíkjandi svörum ráðh. í sambandi við troðningana í Miklaholtshreppi og Staðarsveit, finnst mér um að ræða dálítið stóra upphæð, ef það sjónarmið ætti að ráða að bjarga þessum torfærum, sem eru alltaf að skapast undir hinum merkilegustu kringumstæðum. Þar eru ekki einu sinni, held ég, 11.3 km, sem þyrfti að laga með tiltölulega litlum kostnaði, heldur miklu styttri leið. Ég held, að það sé eitt af því, sem vegagerðin verður svolítið að líta á, að alls konar vandamál á vegakerfinu eyðileggi ekki vegakerfið út frá sér til beggja hliða, eins og á sér stað sérstaklega í Staðarsveit.

Ég þakka svo ráðh. fyrir hans svör.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 12. des., að loknum 28. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar ég kveð mér nú hljóðs utan dagskrár í upphafi fundar

í Sþ., munu eflaust flestir gera ráð fyrir því, að ég hyggist ræða þann efnahagsvanda, sem nú er að sjálfsögðu efst í huga hv. þm. og raunar alþjóðar. En svo er ekki. Það er um fleiri vandamál að ræða í íslenzku þjóðfélagi en efnahagsvandamál. Fyrir nokkrum vikum beindi ég fsp. til hæstv. dómsmrh. um refsimál og fangelsismál. Hæstv. ráðh. gaf mjög greinargóð svör við fsp. mínum, og svör hans og þær umr., sem hér urðu, vöktu verðskuldaða athygli alþjóðar. Eitt af því, sem ég reyndi að vekja athygli á í fáum orðum, sem ég sagði um málið hér, og hlaut staðfestingu hæstv. ráðh í svörum hans, var, að sérstakt vandamál væri því fylgjandi, að hér væru í þjóðfélaginu fjölmargir svokallaðir síbrotamenn, sem hefðu á herðum sér fangelsisdóma, sem ekki hefði verið hægt að láta fullnægja, þannig að þeir gengju lausir, sem svo er kallað, og gerðust þá oft brotamenn að nýju. Það kom einnig fram í þessum umr., að afbrot unglinga væru óeðlilega tíð. Um það var rætt og um það sammæli og fullur skilningur af hálfu hæstv. dómsmrh., að þar væri um alveg sérstakt vandamál að ræða.

Nú um síðustu helgi gerðust atburðir, sem vekja á ný sérstaka athygli á þessu stóralvarlega vandamáli. Fjölmiðlar hafa greint frá því, að síðasta helgi hafi orðið ein mesta afbrotahelgi, sem sögur fara af á síðustu árum. Og það hef ég fengið staðfest af öðrum aðilum, sem vita nákvæmlega, hvað hefur gerzt, að þetta er sízt ofmælt. En fjölmiðlar hafa þegar greint frá því, þannig að það er á alþjóðarvitorði, að þeir, sem aðgangsharðastir reyndust um s. l. helgi, voru tveir unglingar, 16 og 17 ára, og athæfi þeirra með þeim hætti, að í raun og veru var ekki um það að ræða, sem við venjulega köllum afbrot, þ. e. a. s. það var ekki fyrst og fremst um þjófnað að ræða, heldur um skemmdaverk. Það kemur og í ljós og hefur verið staðfest af fjölmiðlum, að þeir unglingar, sem þegar hafa verið teknir höndum af lögreglunni, hafa á herðum sér marga fyrri dóma. Það kemur hér í ljós eins og á góma bar í fsp.-tíma fyrir nokkrum vikum, að ýmislegt af því, sem nefnt er „afbrot", — ég segi afbrot í gæsalöppum, — og dæmt er fyrir, er í raun og veru ekki afbrot í venjulegum skilningi, heldur sjúkdómseinkenni eða uppeldisvandkvæði, sem að sjálfsögðu þarf að taka með allt öðrum hætti á heldur en ef um afbrot í venjulegum skilningi refsilaga er að ræða. Ég tel sem sagt, að þessi helgi hafi undirstrikað nauðsyn þess að taka með alveg sérstökum hætti á þessum málum og veita þeim enn þá meiri athygli heldur en átt hefur sér stað. Það kom fram í þeim umr., sem hér fóru fram, að það er að sjálfsögðu, eins og við var að búast, fullur skilningur af hálfu hæstv. dómsmrh. og yfirvalda á því, að hér er um sérstakan vanda að ræða og auðvitað mjög vandmeðfarinn. En ég tel, að atburðir síðustu helgar — og það kann að eiga eftir að koma fleira í ljós í sambandi við þá en fjölmiðlar þegar hafa greint frá, — séu áminning til okkar allra, til löggjafarsamkomunnar, til stjórnvalda, til embættismanna, um að sinna því máli, sem hér er um að ræða, í miklu ríkara mæli en hingað til hefur verið gert. Ég tel hér vera um svo stórt mál að ræða, að full ástæða sé til þess, að á það sé minnt hér á hinu háa Alþ., til þess að allur almenningur í landinu geri sér þess grein, að löggjafarsamkoman viti, að hér er um mikinn vanda að ræða, sem taka verður á með öðrum hætti en venjulegu refsimáli. Hér er auðvitað að ræða refsivert athæfi, þar sem um innbrot og þjófnað er að ræða, en ekki fyrst og fremst um það, heldur um heilbrigðisvandamál og uppeldisvandamál, sem eru ekki eingöngu verkefni lögreglu, heldur miklu fleiri aðila í þjóðfélaginu.

Þess vegna minnist ég þessa máls hér, að ég vildi undirstrika það, sem ég sagði um þetta mál, líka af gefnu tilefni, fyrir nokkrum vikum, að þau yfirvöld, sem hlut eiga að máli, lögregluyfirvöld og dómsmrn., heilbrigðisyfirvöld og barnaverndaryfirvöld, taki höndum saman með skipulegum hætti til þess fyrst og fremst að forða þeim unglingum, sem hér eru á glapstigum, frá því að halda áfram að ganga glapstigu og einnig að forða þjóðfélaginu frá því mikla böli, sem atburðir s. l. helgar bera vitni um.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hér er vissulega um mikið vandamál að ræða, og ég mun ekki ræða það mikið hér, því að ég er ekki undir það búinn. Það má vera, að síðasta helgi hafi skorið sig úr, en hitt er sannleikurinn, að síðustu mánuðir, okt. og nóv., hafa skorið sig úr að því leyti til, að þá hefur verið hér í Reykjavík um meiri innbrotafaraldur og þjófnaðarbrot að tefla heldur en á svipaðri tímalengd endranær. Það hafa á þessu tímabili eða þessum tveimur mánuðum verið kærð til rannsóknarlögreglunnar 364 þjófnaðarbrot eða innbrot. Af þeim hafa aðeins verið upplýst 124. En það, sem er athyglisvert og sorglegt, er, að af þessum 124 innbrotum, sem upplýst hafa verið, eru 62 eða helmingur framin af piltum fæddum 1956 eða síðar, sem sagt af 16 ára eða yngri. Ég held, að í þessu sambandi séu mál þessara unglinga algerlega sérstakt vandamál, því að eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni heyra mál þessara ungmenna ekki undir dómsmrn. eða lögregluyfirvöld. Þau heyra undir barnaverndarnefnd og menntmrn. Og nú er það ekki mitt að segja um þau mál hér. En þó er það sannleikurinn, að þar er um mikið vandamál að tefla, m. a. vegna þess, að svo virðist komið, að það sé ekki til á vegum hins opinbera samastaður fyrir unglinga á þessum aldri þrátt fyrir byggingu upptökuheimilis. Og ég held, að það sé alveg rétt, að það sé ástæða fyrir hv. alþm. að hugleiða það og kynna sér, hvernig þessum málum nú er háttað. Ég verð að segja það eins og ég sagði áðan, að ég þekki ekki ráð til úrbóta. En ég verð að segja það, að ég tel barnaverndarnefnd ekki öfundsverða að þurfa að fást við þessi mál, eins og nú er högum háttað.

Ég vil t. d. segja það, að einn af þeim, sem allra aðsópsmestir hafa verið á undanförnum vikum, reyndar ekki í þessu Nýjabíómáli, — það er piltur, sem er innan þessara aldursmarka. Lögreglan hefur margstaðið hann að verki. Hann

er ekkert iðrunarfullur, og barnaverndarnefnd hefur engan stað fyrir hann. Það var gert samkv. tilmælum menntmrn. að taka þennan pilt núna og setja hinn inn í kvennadeild lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, þar sem það þótti ekki við hæfi og á allan hátt óviðunandi að setja pilt á þessum aldri í hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Þótti heppilegra, þótt það séu óvenjulegar aðstæður, þar sem konur eru fangaverðir þarna í lögreglustöðinni, að hafa hann þar í vörzlu um sinn.

Þó að vandamál þessara ungu manna séu utan við þau vandamál, sem ég hef hér verið að ræða að undanförnu, — vandamál þeirra unglinga, sem eru komnir á þann aldur, að þeir eru dæmdir til refsivistar eða á vinnuhæli, — þá er það vissulega svo, að vandamál þessara unglinga, sem eru innan við þau aldursmörk, eru ekki minni. En þau vandamál, sem undir mig heyra, eru vissulega mikil varðandi einmitt ungmenni, sem þó eru komin yfir þessi aldursmörk, og þess vegna er það, að einmitt er lögð á það áherzla í því fangelsisfrv., sem ég hef lagt hér fram, að það verði byggt sérstakt vinnuhæli fyrir unglinga á þessum aldri, sem verði með nokkuð öðrum hætti en venjuleg vinnuhæli, og þess verði freistað með öllum tiltækum ráðum að reyna að hafa betrunaráhrif á þessi ungmenni og koma þeim til manns. En ráðið til þess er ekki að taka þá úr umferð og loka þá inni. Það þarf meira til.

Hitt má einnig vera okkur öllum íhugunarmál, af hvaða ástandi í okkar þjóðfélagi slíkir verknaðir eru sprottnir og hvar ræturnar liggja. Það er sjálfsagt auðvelt að nefna eitt eða tvö atriði. Þetta er ákaflega auðvelt að rekja í mörgum tilfellum t. d. til áfengisnautnar. En það koma mörg fleiri atriði þarna til og þ. á m. það vaxandi vandamál, ofnautn eiturlyfja, fíknilyfja og ávanalyfja, og því miður ekki hvað sízt hjá unglingum. Það er vissulega ástæða til að taka þau mál alveg sérstökum tökum. Ég vil minna á það, að ég hef nú lagt fram hér á Alþ. frv. um sérstakan dóm og sérstaka rannsóknardeild í þessum málum, fíkniefnamálum og ávanaefnamálum, sem ég geri mér vonir um, að hv. Alþ. líti á með fullum skilningi. En það er auðvitað eins með þau og fangelsismálin, að ef á að gera eitthvert átak í þeim, sem ég tel nauðsynlegt, þá kostar það verulega fórn og fjármuni. En það er sjálfsagt fleira, sem kemur til, og ástæða til að leita að fleiri ástæðum, sem til þess liggja, að hér er, að því er virðist, orðið um að ræða nokkra útigangsunglinga í okkar þjóðfélagi. Ég er enginn maður til að segja til um það, af hverju þetta stafar. En auðvitað er það laukrétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að í sambandi við þessi mál hlýtur hugurinn að hvarfla að uppeldismálunum og skólamálunum, og það er ástæða til þess að athuga það, hvar við erum á vegi stödd í þeim efnum, og jafnvel líka ástandi á sumum heimilum í þessari borg.

Ég er ekki hingað kominn til þess að svara neinum fsp., enda beindi hv. þm. þeim ekki til mín. En ég vildi aðeins nota það tækifæri, sem hann gaf, til þess að undirstrika það, sem hann sagði, undirstrika það, að hér er vandamál á ferðinni, — vandamál, sem á ekki beint samleið með efnahagsvandamálunum, sem eru kannske mönnum ofarlega í huga um þessar mundir, eins og hann drap á, en ekki síður vandamál en þau og getur kannske orðið varanlegra vandamál en jafnvel efnahagsvandamálin.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Vitanlega er það mikið vandamál, sem á hefur verið drepið hér utan dagskrár. En það er ekki nýtt, að vandræðaunglingar séu á ferðinni. Það var fyrir mörgum árum stofnað upptökuhæli fyrir vandræðadrengi í Breiðuvík vestur í Barðastrandarsýslu. Þetta heimili hefur starfað undanfarin ár. Mig minnir, að þar sé pláss fyrir 20 drengi. Mig minnir einnig, að ég hafi lesið í blöðum í haust, að það væri ekki helmingur þar af því, sem hægt væri við að taka. Hæstv. forsrh. var að lýsa vandræðabarninu, sem lögreglan réði ekkert við og virtist ekki vera iðrandi, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það ráð var tekið að loka hann inni í kvennafangelsi. Hefur ekki verið athugað, hvort pláss er vestur í Breiðuvík fyrir þennan dreng og fyrir fleiri vandræðadrengi? Ég held, að það væri miklu betra að koma þessum vandræðadrengjum, sem nú ganga lausir og alltaf eru að brjóta af sér þangað vestur, heldur en loka þá inni í fangelsi, því að unglingar á þessum aldri eru viðkvæmir, og það er vissulega mikið vandamál, hvernig með þetta skuli fara. Unglingar, sem brjóta af sér, þurfa að verða fyrir uppeldisáhrifum, og þeir þurfa að komast á þá staði, þar sem líklegt er, að þeir geti betrazt. Unglingurinn betrast tæplega við að vera lokaður inni í fangelsi. En það var gert að loka þennan eina pilt inni, vegna þess að hann var að brjóta af sér æ ofan í æ. Og þannig er með allt of marga unglinga, sérstaklega hér í Reykjavík. Það virðist ganga yfir afbrotafaraldur unglinga. Þess vegna ætti að nota þá hæli, sem til er fyrir afbrotadrengi.

Orsakanna er vitanlega erfitt að leita, en ýmsir velta því fyrir sér, að það geti verið vegna drykkjuskapar og eiturlyfjaneyzlu unglinganna sjálfra og þá einnig heimilanna, sem ekki gefa sér tíma til að hugsa um unglingana. Það er nú svo, að þótt við hér á Alþ. veltum þessum málum fyrir okkur, þá mun verða erfitt að leysa þau og finna heppilega lausn á þessum vandamálum. En ég er fylgjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan og einnig hv. 7. þm. Reykv., að eitthvað þurfi að gera í þessu efni, það þurfi að gera ráðstafanir fyrir þessa unglinga og vinna að því, að þeir geti orðið fyrir hollum og bætandi áhrifum. Það má ekki loka drengina inni. En þeir þurfa að verða fyrir hollum og bætandi áhrifum, og þeir þurfa helzt að fá eitthvert verkefni við sitt hæfi, læra að vinna. Og vinnuhælið eða upptökuheimilið í Breiðuvík er vísir í þessa átt. Mér finnst, að hæstv. forsrh. þurfi að stuðla að því, að þetta heimili verði notað til fulls, á meðan margir unglingar, sem alltaf eru að brjóta af sér, ganga lausir. Það er sýnilegt, að þeir þurfa að komast á stað, þar sem þeir geta orðið fyrir bætandi áhrifum. Ég veit ekki annað en upptökuheimilið eða vinnuheimilið í Breiðuvík hafi fengið gott orð á sig. Ég hef heyrt það, að ýmsir ung-

lingar, sem þar hafa verið, hafi komið batnandi eftir dvölina þar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér er sannarlega um mikið og stórt vandamál að ræða. Mér finnst, að ekki hafi verið lögð nóg áherzla á heilbrigðisháttinn í þessu vandamáli. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að mikill meiri hlutinn af öllum hegðunarvandamálum og afbrotum unglinga vegna eins konar geðtruflana, ýmist vegna ofdrykkju, geðtruflana vegna fíkniefna eða vegna skapgerðarveilu. Og slíkt fólk, sem brýtur af sér við þær kringumstæður, á að sjálfsögðu ekki heima í fangelsum, það á heima á sjúkrahúsum. Ég held, að það hefði þurft að koma betur fram hér, að það, sem okkur vantar fyrst og fremst, er, að þetta fólk fái aðstöðu til rannsóknar og lækninga á sínum meinum. Eftir þeim lýsingum, sem hér hafa komið fram, virðist það nokkuð augljóst, að hér er ekki um venjulega unglinga að ræða, hér er um sjúkt fólk að ræða. Það er ekki nokkrum vafa undirorpið, að þegar 14—16 ára drengir haga sér eins og hér hefur verið getið, þá er um stórkostlegt hegðunarvandamál að ræða. Það, sem mér hefði fundizt eðlilegast, væri, að þessum drengjum væri komið fyrir á rann sóknardeild, þar sem sálfræðingar og geðlæknar tækju þetta eins og hvert annað sjúkdómstilfelli og leituðu eftir orsökunum og reyndu að lækna. Og þá fyrst þegar endurteknar tilraunir hefður árangurslaust verið gerðar í þessa átt, kæmi til innilokunar í fangelsum.

Við vitum það, að á seinni árum hefur meðferð á hvers konar geðveilum gerbreytzt og lækningar heppnazt á fjölda manns, sem áður var talinn ólæknandi. Mér finnst, að tala þeirra mörgu unglinga, sem hér er um að ræða, hlyti að geta lækkað til stórra muna, ef þeir væru meðhöndlaðir sem sjúklingar og gerðar jafnötular ráðstafanir þeim til lækninga og gert er á flestum öðrum sviðum í okkar þjóðfélagi í dag, ef alvarleg veikindi eru fyrir hendi. Það er ekki vafi á því, að rannsóknarstöð er sú stofnun, sem við þurfum einna mest á að halda núna, og á meðan við erum í svo miklum örðugleikum sem komið hefur fram hér, þá ætti það að vera hlutverk geðsjúkrahúsanna að sinna þessum unglingum að einhverju leyti. Þessi rannsókn þarf ekki að taka langan tíma, en ég tel hana algera nauðsyn sem undanfara innilokunar, og ég held, að við gætum vænzt betri árangurs af slíkri meðferð heldur en þeirri, sem nú er viðhöfð.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika alveg sérstaklega síðustu orð hv. síðasta ræðumanns. Ég held, að það ætti að vera hlutverk geðsjúkrahúsanna að sinna málum þessara ungmenna, og ég vil vona, að hv. þm., sem er úr læknastétt og margreyndur áhugamaður um þau málefni, vilji beita áhrifum sínum í þá átt, að geðsjúkrahús ríkisins séu einnig til að sinna þessu hlutverki, — sinna því hlutverki að framkvæma rannsókn á og taka við til meðferðar geðveilum mönnum, yngri eða eldri, sem hefur orðið á að fremja afbrot.

Að öðru leyti vil ég taka fram til að forða frá misskilningi, sem hefur kannske alls ekki verið neinn misskilningur, varðandi það, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að Breiðuvík heyrir ekki undir mig.

Umr. frestað um stund.

Staðsetning stjórnarráðsbyggingar, þáltill. (þskj. 103). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þyrluflug milli lands og Vestmannaeyja, þáltill. (þskj. 122). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Réttarstaða tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar, þáltill. (þskj. 124). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Greiðsla ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum, þáltill. (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár. — Frh.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki lengja þessar umr., sem ég tel, að hafi verið mjög nytsamlegar, enda mjög skynsamleg sjónarmið komið fram. Það var aðeins til þess að undirstrika, að ég er algerlega sammála hv. 3. þm. Reykn. og hæstv. forsrh. Ég vildi aðeins vekja athygli á eða minna á, að það var einmitt ástæðan til þess, að ég vakti máls á þessu hér, að það er mín skoðun og margra fleiri, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykn. og hæstv. forsrh., að hér er ekki fyrst og fremst um refsimál að ræða, afbrotamál í venjulegum skilningi, heldur miklu fjölþættara vandamál. Ég er ekki sérfróður um þessi atriði, þannig að ég vilji fella um það nokkurn dóm eða láta í ljós um það nokkra skoðun, að hversu miklu leyti hér er um heilbrigðismál, þ. e. a. s. hrein sjúkdómstilfelli að ræða, eða að hve miklu leyti vandamálið kann að vera félagslegt eða uppeldislegt að einhverjum verulegum þætti. Tilgangur minn var sá einn að vekja athygli á því, að á málið væri litið sem heilstætt mál frá þessu sjónarmiði séð, frá mínu leikmannssjónarmiði séð fyrst og fremst sem sjúkdómstilfelli, í öðru lagi sem hluta af félagslegu vandamáli og í þriðja og allra síðasta lagi sem afbrotamál eða refsimál.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég er vissulega sammála því sjónarmiði, sem hér hefur komið fram, að þau dæmi, sem hér hefur verið rætt um, eru sjúkdómseinkenni. Það er alveg vafalaust. En þetta er ekki aðeins sjúkdómseinkenni á þeim einstaklingum, sem þarna eiga hlut að máli, heldur sjúkdómseinkenni á þjóðfélagi okkar. Og ég er hræddur um, að okkur muni illa takast að vinna bug á þessum sjúkdómseinkennum, jafnvel þótt við fjölgum hér geðsjúkrahúsum feiknalega og reynum að lækna mein af þessu tagi í slíkum stofnunum. Þetta vandamál ristir miklu dýpra og það er nátengt vandamálum þess þjóðfélags, sem við lifum í.

Ég er ekki sammála hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og hæstv. forsrh. um það, að þetta mál sé eitthvað allt annað en þau efnahagsmál, sem við erum að fjalla um. Ég held, að þessi mál séu ákaflega samanslungin. Það, sem gerzt hefur hér á Íslandi, er, að á tiltölulega stuttum tíma hefur þjóðfélag, sem var í rót sinni bændaþjóðfélag og var tengt þeim siðferðilegu verðmætum, sem voru í bændaþjóðfélaginu, það hefur breytzt, ekki aðeins í borgarþjóðfélag, heldur líka í neyzluþjóðfélag. Og viðhorf þessa neyzluþjóðfélags hafa ekki aðeins komið fram í sambandi við stjórnsýslu hér á hinu háa Alþ. eða í öðrum valdastofnunum, þau hafa haft áhrif á þjóðfélagið allt, á svo til hvert einasta heimili í landinu. Og hver eru einkenni slíks neyzluþjóðfélags? Einkennin eru þau, að í stað siðferðilegra verð mæta, sem áður þóttu ákaflega mikils virði, hefur komið keppnin að eignast fleiri og fleiri hluti, að keppa eftir fleiri og fleiri svokölluðum veraldargæðum. Fyrir þessu hafa vikið þau siðferðislegu viðhorf, sem hljóta að vera hyrningarsteinn í hvers konar þjóðfélagi. Þjóðfélag án siðferðilega viðhorfa stendur ekki lengi.

Á tímanum eftir stríð hefur hér allt verið á tjái og tundri, gengislækkanir á gengislækkanir ofan. Krónan hefur haldið áfram að hrapa. Öll þau efnahagslegu einkenni, sem menn bundu áður hugmyndir sínar við, hafa sundrazt fyrir augum manna. Það er þetta, sem hefur þau áhrif, að fólk veit ekki, hvernig það á að standa í þessu þjóðfélagi. Fólk veit ekki, við hvað það á að miða í hegðun sinni, og við skulum ekkert undrast það, þó að slíkt ástand, slíkt andrúmsloft hafi áhrif á unglinga og börn. Þetta er það, sem þau heyra á heimilum sínum, að það skipti máli að komast yfir sem allra mest af munum, og þeim finnst sjálfsagt, að þau hegði sér í samræmi við það. Ég held, að það sé okkar stóri vandi að gefa þessu neyzluþjóðfélagi einhver siðferðileg markmið, og við getum aldrei unnið bug á þeim sjúkdómum, sem við erum hér að ræða um, nema við komumst fyrir rætur þeirra, nema við áttum okkur á því, hvað það er, sem sjúkdómnum veldur. — Það eru aðeins þessi sjónarmið, sem mig langaði til að kæmu hér fram, að ég held, að þessi vandamál séu í mjög nánum tengslum við allan efnahagsvanda þessa þjóðfélags.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hafði vissulega ekki ætlað mér á hinu háa Alþ., að jómfrúrræða mín yrði þátttaka í málefni, sem væri til umræðu utan dagskrár. En í sambandi við það mál, sem hér hefur komið til umr., langar mig til að vekja athygli hv. alþm. á því, hvort sé ekki líka á ferðinni ákaflega veigamikið atriði í sambandi við uppeldismálin, og á ég þar við, að frá mínum bæjardyrum séð er það, sem fyrst og fremst skapar meinsemdina, sambandsleysið milli eldri kynslóðanna og æskunnar. Einhvern veginn hefur lífsbaráttan þróazt þannig á síðari árum, að unga fólkið á í svo erfiðri baráttu við það að afla sér lífsþægindanna, að það hefur naumast tíma til þess að sinna uppeldi barnanna sinna. Og þar með vantar að mínum dómi sambandið við gamla fólkið til þess að vera hinn holli og ráðgefandi aðili í því að skapa og móta uppeldi unga barnsins.

Við vitum öll, að við ungu barni, 4—5 ára gömlu, blasa ótalmörg forvitnileg vandamál, þegar það er að líta í kringum sig, — vandamál, sem það þarfnast skýringar á. Það er enginn til að hlusta á spurningar þessa unga þjóðfélagsborgara, því að foreldrarnir eru svo uppteknir að brauðstritinu, striti hins daglega lífs, að þeir hafa allt of oft naumast tíma til að sinna uppeldi barna sinna. Og hversu oft er það ekki til þess að losa sig við nöldur og nauð krakkanna, að þau eru keypt af sér með því að senda þau út í búð til að kaupa sér pylsu, kaupa sér kók eða fara á bíó. Þess vegna vil ég leggja áhrezlu á það á þessari virðulegu löggjafarsamkomu, að því verði gefinn miklu meiri gaumur en nú er að styrkja þjóðfélagsborgarana í heild til þess að viðhalda samstarfinu við gömlu kynslóðina á heimilunum. Við skulum taka það til alvarlegrar athugunar, að það er miklu þýðingarmeira atriði heldur en menn kunna að halda að stuðla að því, að eldri kynslóðin sé þátttakandi í heimilinu sjálfu, og er ég þó ekki að vanmeta þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið til þess að skapa gamla fólkinu viðunandi lífskjör á elliheimilum og dvalarheimilum sem slíkum. En ég vil benda á, að það gæti verið mjög áhrifamikið, ef stjórnvöld í landinu vildu gera einstaklingunum og heimilunum viðráðanlegt og léttbærara að viðhalda sambandinu við gamla fólkið á heimilum, til að mynda í auknum persónufrádrætti, í auknum skattfrádrætti, ef gamla fólkið gæti haft betri aðstöðu til þess að dvelja á heimilunum og vera þannig virkur þátttakandi í uppeldi ungu kynslóðarinnar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en ræða hæstv. heilbrmrh. gaf mér tilefni til þess. Mér þótti í ræðu hans gæta mjög mikillar þröngsýni á þeim vanda, sem hér er við að glíma, og þótti sem hann hefði í raun og veru skort vilja til þess að fjalla um þetta mál eins og það liggur fyrir. Staðreyndin í þessu máli er sú í mjög mörgum tilfellum, eins og allir þeir vita, sem hafa unnið að fræðslu- og skólamálum í þjóðfélaginu, að eins og fræðslukerfinu er nú háttað, er fram til 14—15 ára aldurs öllum nemendum sniðinn í aðalatriðum sami stakkur. Það er ekkert leyndarmál meðal þeirra, sem við þessi mál fást, að mikill fjöldi af þessum nemendum gefst hreinlega upp undan þeim kröfum, sem þjóðfélagið leggur þessum smæstu

borgurum á herðar þegar á fermingaraldri og í 2. bekk gagnfræðaskóla, á viðkvæmasta aldursskeiðinu. Ég get nefnt dæmi um nemendur, sem hafa, meðan þeir áttu þess kost að sitja í skóla, verið til mikillar fyrirmyndar um alla framkomu og á allan hátt. Síðan einn góðan veðurdag er þessum vesalingum sparkað út í kaldan raunveruleikann. Í mörgum tilfellum veitist þessum unglingum mjög örðugt að fá atvinnu við sitt hæfi, og þeir eru látnir standa oft og tíðum mjög mikið á eigin fótum. Það er staðreynd, og ég held, að það komi ekkert við þeirri baráttu mannsins að reyna að bæta kjör sín. Auðvitað stefnir maðurinn fram á veg. En það er ekkert lögmál til, sem segir, að við getum ekki aukið þroska einstaklingsins, um leið og við reynum að búa í haginn fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Ég fæ ekki séð neitt ljótt við það, og ég get alls ekki fallizt á, að aukna glæpahneigð unglinga sé hægt að rekja til þess, að það vegnar e. t. v. fleiri mönnum á Íslandi vel fjárhagslega nú en fyrir svo og svo mörgum árum. Ég fellst ekki á þessa skoðun hæstv. heilbrmrh. En ég veit, að það er alveg sama, um hvaða mál er talað, hæstv. heilbrmrh. lítur alltaf á þau gegnum sín rauðu gleraugu, og við vitum vel, hvar fiskur lá undir steini í ræðu hans hér áðan.

Á undanförnum árum hafa heyrzt mjög háværar raddir um nauðsyn þess að lengja skólaskylduna. Þessi krafa er sett fram einhliða og án þess, svo að mér sé kunnugt, — en það veit hæstv. menntmrh. betur, — án þess að mér sé kunnugt um, hvaða verkefni eða hvernig eigi að bregðast við þeim nemendum, sem þegar hafa gefizt upp á skólabrautinni í 1. bekk og 2. bekk. Það er án efa eitt af hollari verkefnum, sem hægt er að fá í dag þeirri æsku landsins, sem ekki unir hinu bóklega, þrönga, þrautleiðinlega og gagnslitla skólanámi, að fræðsluyfirvöld geri verulegt átak í þá átt að vekja þessa vesalinga, sem ekki festa yndi við þetta, hafa dregizt aftur úr í bóknáminu kannske í 8, 9 eða 10 ára bekk og eiga svo að draslast í 3—4 vetur til viðbótar, fá lágt í öllum prófum, standa sig hvergi og litið er niður á þá af bekkjarsystkinum þeirra og skólasystkinum. Það væri vissulega hollt, ef við gætum fundið handa þeim holl verkefni að glíma við t. d. úti í strjálbýlinu eða við sjávarsíðuna. Ég hef kennt nemendum, sem hafa fallið á unglingaprófi og komið aftur ári síðar fullir af áhuga. Og það hefur verið skemmtilegt að kenna þeim hóp, sem þá hefur viljað taka sig á. Kennarar, sem hafa kennt nemendum, sem ekki hafa staðizt gagnfræðapróf, hafa flosnað frá námi á yngra aldri, en komið aftur eftir 2-3-4 ár, þeir segja mér, að það sé undraverður árangur, sem þetta fólk nái.

Ég ætla ekki að þreyta um þetta mál frekar neinar kappræður. En ég legg áherzlu á það í þessu sambandi, að við þurfum að líta til 13, 14 og 15 ára aldursins, útvega þeim nemendum, sem ekki ráða við hinar bóklegu greinar skólanámsins, holl verkefni til þess að vinna að, að þeir megi kynnast lifnaðarháttum lands og þjóðar til sjávar og sveita og við séum ekki að binda þá á skólabekk og velja handa þeim verkefni, sem þeir ráða ekki við.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hér hefur verið hreyft utan dagskrár máli, sem vakið hefur alþjóðarathygli og vakið menn hér til umr. og umhugsunar, en það eru þeir atburðir, sem mjög hafa farið í vöxt hin síðari ár, sérstaklega hin síðustu ár, í sambandi við afbrot unglinga. Ég tel, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi verið mjög gagnlegar, menn hafi reynt að kryfja málið til mergjar, eftir því sem þeim hefur sýnzt, og viljað þar leggja sitt bezta til. Aðeins einn ræðumaður fór nokkuð út fyrir þennan ramma og kom að mínum dómi með mjög óvenjulega skýringu, en það var hæstv. heilbrmrh. Hann taldi, að hér væri ekki um sérstakt unglingavandamál að ræða, heldur væri þetta sjúkdómseinkenni á þjóðfélaginu. Ég vil mótmæla því, að þetta sé rétt skoðun, að þjóðfélagið í heild, eins og hann vildi vera láta, sé orðið sjúkt að þessu leyti. Ég vil benda á það, að það er langsamlega mest áberandi, sem hefur verið að gerast síðustu mánuðina hér á þéttbýlissvæðinu. Það getur vel verið, að þetta fylgi þéttbýlinu, að slíkt vandamál komi upp, en ég vil mjög mótmæla því, að þjóðfélagið í heild sé orðið sjúkt af þessu. Ég hygg, að ef skýrslur um þetta utan úr dreifbýlinu séu skoðaðar, þá séu þessi vandamál þar ekki nærri eins áberandi og hér hefur verið bent á, að væri í þéttbýlinu. Það var þó annað frekar, sem ég vildi mjög andmæla af því, sem kom fram í ræðu hæstv. heilbrh., en það var það, að þetta væri efnahagsvandamál eða tilheyrði efnahagsvandamálunum og stafaði, eins og hann sagði, af þeim gengislækkunum, sem hér hafa átt sér stað undanfarin ár. Ég vil biðja hæstv. ráðh. skýringar á þessu. Og er það ekki rétt hjá mér, að þessi vandamál hafi verið að verða meira og meira áberandi hin síðari ár? Hér hefur engin gengisbreyting átt sér stað síðan 1968. En einmitt hin síðari ár og hina allra síðustu mánuði er þetta farið að verða meira og meira áberandi í þjóðfélaginu. Hvernig er hægt að koma þessu saman við gengisbreytingar fyrri ára, er mér ákaflega torskilið. Mig langaði að fá skýringar á því hjá hæstv. heilbrmrh., hvernig hann kemur þessum tveimur málum heim og saman. Ég get það ekki.

Ég ætla ekki að fara að kryfja þessi mál neitt til mergjar. Hér hafa komið fram margar skynsamlegar og að mínum dómi eðlilegar ábendingar í sambandi við þessi mál og ábendingar um það, sem þyrfti að gera til úrbóta, og skal ég ekki þar við neinu bæta. Ég vildi aðeins koma þessu að, sem ég hef sagt, að ég mótmæli því, að þetta sé almennt sjúkdómseinkenni hjá Íslendingum, þessi faraldur, sem gengið hefur yfir hérna undanfarna mánuði, og mótmæli þó enn frekar, að þetta sé vegna þeirra gengisbreytinga, sem orðið hafa á undanförnum árum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er. Ég kann því hálfilla, þegar menn geta ekki skilið mælt mál og fara að hártoga og rífast út úr samhengi einstakar setningar. Það, sem ég sagði, var,

að ég tel, að þetta sé afleiðing af ákaflega örri þjóðfélagsbreytingu, sem orðið hefur á Íslandi, eins og ég var að lýsa hér áðan, þar sem þetta þjóðfélag stekkur hreinlega úr bændaþjóðfélagi, sem mótað er af margra alda menningarhefð og siðferðishefð, yfir í ekki aðeins borgarþjóðfélag, heldur neyzluþjóðfélag okkar tíma. Ég vil minna hv. alþm. á, að þau vandamál, sem við ræðum um hér, eru ekkert séríslenzkt vandamál. Þetta eru vandamál allra neyzluþjóðfélaga um þessar mundir, og þessi vandamál verða ekki leyst með því að gera kröfur til stjórnarvalda um, að þau loki fleiri og fleiri sjúka unglinga inni á geðveikrahæli, eða gera kröfur til stjórnarvalda um, að þau vindi bráðan bug að því að uppræta áfengisvandamálið á Íslandi. Þetta eru vandamál, sem eru þess eðlis, að þjóðin sjálf verður að fjalla um þau, hvert einasta heimili, hver einasti þegn. Ef við fáum ekki þátttöku þjóðarinnar sjálfrar í því að taka á þessum vandamálum, eru stjórnarvöld gersamlega máttlaus.

Ég er sízt að hafa á móti því, að efnahagsafkoma almennings á Íslandi hefur batnað. Sá flokkur, sem ég heyri til, hefur beitt sér mjög eindregið fyrir þeirri þróun og fyrir þeirri þróun sérstaklega, að þeir, sem erfiðast væru settir í þjóðfélaginu, byggju við betri kost en áður. Hitt skal ég játa, að ég felli mig engan veginn við þetta neyzluþjóðfélag í heild, við siðferðismat þess, við almenn viðhorf þess. Ég sé ekki betur en þar sé komið út í ákaflega neikvæð viðhorf hjá mörgum, — viðhorf, sem, ef ég man rétt, Sigurður Líndal prófessor kallaði einu sinni lífsþægindargræðgi í merkri ræðu, sem hann hélt 1. des. Ég held, að því séu sett mjög eðlileg takmörk, hversu miklu af hlutum menn eiga að safna í kringum sig. Og ég held, að þegar þjóðin er komin að því marki, að þegnar hennar lifa við sómasamleg lífskjör út frá venjulegu mati, án þess að maður taki mið af endalausum gerfiþörfum, sem alltaf er verið að búa til og auglýsa í sífellu, — þegar þjóðin er komin á þetta stig, þá held ég, að hún eigi að einbeita sér að öðrum verkefnum en þeim að safna að sér fleiri og fleiri hlutum og uppfylla fleiri og fleiri gerviþarfir. Þau verkefni eru ákaflega mörg, og þau eru ákaflega merkileg. Ég held, að það sé hægt að búa í haginn fyrir ýmiss konar andleg starfsemi: á sviði lista, á sviði almennrar lífsnautnar, sem gefi í sjálfu sér miklu meiri lífsfyllingu heldur en endalaust kapphlaup eftir gerviþörfum. En í slíku þjóðfélagi verða að sjálfsögðu að vera siðferðileg grundvallarverðmæti, sem menn hafa að mælikvarða í hegðan sinni, eins og var hér í bændaþjóðfélaginu gamla.

Ég sagði, að eftir síðasta stríð hefði orðið upplausn á þessu sviði hér á Íslandi, — vaxandi upplausn, ekki aðeins á Íslandi, heldur í öðrum neyzluþjóðfélögum, eins og ég sagði. Ég nefndi þar nokkur dæmi af handahófi. Ég nefndi gengislækkun. En ég bið menn að vera ekki svo fjarskalega barnalega í málflutningi sínum, að þeir geti ekki rætt um svona vandamál á einhverju sæmilega málefnalegu stigi, heldur þurfi að grípa hluti út úr samhengi til þess að afskræma þá.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér finnst alveg óþarfi í alvarlegu máli, sem hér er verið að ræða og ekki hefur verið rætt í neinum ádeilutón á stjórnvöldin í landinu, að hæstv. heilbrmrh. þurfi að koma hér enn einu sinni á þessu þingi til þess að áminna þm. um að vera svolítið siðlegri í sínum talsmáta heldur en honum finnst þeir vera, eins og hæstv. heilbrmrh. var að gera nú, þegar hann vék máli sínu til hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar, sem talaði hér áðan.

Ég tel, að þungamiðjan í þessu máli, sem hér hefur verið gert að umtalsefni og mætti kannske oftar ræða hér í þinginu, séu þau sjónarmið, sem komu fram hjá tveimur hv. þm., hv. þm. Jóni G. Sólnes og hv. þm. Halldóri Blöndal. Það er einmitt uppeldishliðin á málunum og tengsl yngri kynslóðarinnar við heimilin og þar af leiðandi við eldi kynslóðina. Og það var einmitt einkenni bændaþjóðfélagsins, sem hæstv. heilbrmrh. kom nú að líka, það voru þau ríku tengsl, sem voru á milli eldri og yngri kynslóðarinnar, og sú festa, sem var í heimilishaldinu. En þegar menn líta þannig á málin, að mest hættan sé í því, að það sé töluverð kaupgeta í þjóðfélaginu og kaupmáttaraukning, það sé hættulegast, þá er eðlilegt, að menn leiðist til ályktana, eins og hæstv. heilbrmrh. gerði, að gengislækkanirnar væru upphafið að glæpafaraldri unglinga eða afbrotum þeirra í þjóðfélaginu.

Nú vitum við það, án þess að við brjótum nokkurn trúnað, því að það er búið að segja frá því í öllum blöðum meira og minna, að í till. valkostanefndar, sem ríkisstj. hefur nú til meðferðar, — og ég vil fyrir mitt leyti láta í ljós óskir um, að henni megi takast að velja beztu kostina, þegar loksins kemur að því, að eitthvert val verður framkvæmt, — þá er m. a. verið að tala um gengislækkun, sem nú er kölluð uppfærsla, sem eina af þeim leiðum, sem líklegastar séu til að tryggja mesta kaupmáttaraukningu í þjóðfélaginu. Ég vona bara, að þessi undarlega ræða, sem hér var haldin áðan af hæstv. heilbrmrh., standi ekki í neinu sambandi við umræður þær, sem fram hafa farið innnan hæstv. ríkisstj. um það, hvort ætti að velja gengislækkun eða uppfærsluleiðina sem valkost eða einhverjar aðrar leiðir, og gengislækkun verði ekki hafnað af þeim sökum, að þá muni fjölga afbrotum unglinganna og hættulegri glæpafaraldur eiga sér stað en fram til þessa.

Við höfum í raun og veru fyrir okkur ýmiss konar hugmyndir og hugsjónir og heimspekilegar bollaleggingar, sem nokkuð hafa blandazt inn í þessi mál, um það, hvernig eigi að ala unglinga upp og hvernig uppeldi þjóðfélagsins eigi að fara fram. Og það eru til mjög áhrifaríkar kenningar um, að það sé um að gera að slíta unglingana úr tengslum við heimilin, við eldra fólkið og við foreldrana. Og það hefur verið notað í stórum þjóðlöndum til þess að hafa pólitísk áhrif á uppeldi unglinganna, ekki til þess að gera þá siðbetri. Og við vitum líka, að það eru til þjóðfélög, sem virðast hafa nóg af geðveikrarhælum, að dyr þeirra geðveikrahæla standi nægjanlega opnar fyrir ýmsum

mönnum, án þess að siðferðið batni nokkuð. En það er þá ekki siðferði sjúklinganna, sem settir eru inn á hælin, sem er ábótavant, heldur siðferði stjórnvaldanna. En í þessum umr., sem hér hafa farið fram, hefur algerlega verið sneitt hjá því að vera með neinar getsakir í garð stjórnvalda eða að ástandið hér sé nokkuð verra vegna þeirra manna, sem nú sitja í ríkisstj. og fara með stjórnvöld landsins. Og ég held, að við eigum að spara okkur það alveg fullkomlega og umr. færu þá langt út fyrir þann ramma, sem þeim var settur með aths. hv. 7. þm. Reykv., og langt út fyrir þann ramma, sem hæstv. forsrh. markaði hérna. Flest af því, sem hér hefur verið sagt í þessum umr. getur verið okkur öllum umhugsunarefni. En ég held, að við getum vel sparað okkur siðferðismat hæstv. heilbrmrh. í þeim umr., sem hér hafa farið fram, og lagt á hilluna eða lofað gengislækkun eða uppfærsluleið af þeim sökum að hvíla sig í þeim umr., sem hér fara fram.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 78). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjölbrautaskóli frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er lagt fyrir Alþingi, kom einnig fyrir síðasta þing á síðustu þingdögum og varð eigi útrætt. Nú er það lagt fyrir að nýju með einni breytingu. Eins og frv. var lagt fyrir síðasta þing, gerði það aðeins ráð fyrir heimild til stofnunar skóla af nýrri gerð í Reykjavík, en nú hefur verið horfið að því ráði að heimila slíka skólastofnun víðar um land, eftir því sem rétt þykir og að ráði verður hjá bæjar- eða sveitarstjórnum og ríki.

Sú stofnun, sem nefnd er fjölbrautarskóli í þessu frv. og var nefnd sameinaður framhaldsskóli í fyrra frv., hefur verið nokkuð til umræðu síðustu ár, og fjallað er um slíka gerð skóla í skýrslu, sem n. skipuð á vegum Reykjavíkurborgar samdi, og mér þykir rétt að lýsa eðli skólans eins og þar er gert í mjög samandregnu máli, með leyfi hæstv. forseta. Í skýrslu n. segir:

„Með hliðsjón af jafnt væntanlegri sem æskilegri þróun í málefnum framhaldsskóla beinist tilraunir skólans“, þ. e. a. s. fjölbrautarskólans, „í upphafi einkum: að sameiningu alls almenns framhaldsnáms í einni kennslustofnun, að fjölgun námsbrauta á framhaldsskólastigi, hvort heldur til undirbúnings undir nám í sérskólum og æðri skólum eða til undirbúnings undir störf í hinum ýmsu atvinnugreinum, að sveigjanlegu kennsluskipulagi og frjálslegum námsháttum, er gefi nemendum í senn meira frelsi í vali námsefnis og meiri ábyrgð á eigin menntun, að aukinni samvinnu við foreldra nemenda og íbúa skólahverfisins annars vegar og hins vegar vinnuveitendur og samtök atvinnustétta með það fyrir augum að kanna þarfir nemenda og kynna þau tækifæri, er bíða þeirra að námi loknu, að hugsanlegri styttingu námstíma til undirbúnings æðra námi, sem fæli í sér lækkun stúdentsaldurs.

Skipulag skólans verður í höfuðdráttum sem hér segir:

Skólanum verði skipt í deildir eftir námsgreinum, þannig að hver deild annist kennslu í tiltekinni grein eða greinaflokki, og sé yfir hverja deild settur deildarstjóri, er sé námsstjóri skólans í greinum deildarinnar. Námsefni í hverri grein verður skipt í einingar, þannig að hver eining sé annars vegar sjálfstæð heild með tilteknum námslokum og hins vegar undirbúningur undir framhaldseiningar í sömu grein. Einingar á sama stigi verði ólíkar að efni og að þyngd, svo að sem flestum standi til boða námsefni í samræmi við þarfir þeirra og getu. Námsbrautir verði skipulagðar á grundvelli deildaskiptinga og námseininga, þannig að í stað þeirra fyrir fram tilteknu námsheilda, sem tíðkazt hafa, þ. e. núverandi deilda í framhaldsskólum, komi fjölbreytt samval einninga innan hinna ýmsu deilda, allt eftir þörfum, áhuga og getu hvers einstaks nemanda. Jafnframt verði gert ráð fyrir sameiginlegum lágmarkskjarna allra námsbrauta. Frá upphafi verði gert ráð fyrir eftirtöldum námsbrautum: háskólabraut, tæknibraut, viðskiptabraut, félagsfræðabraut, heimilisfræðabraut, myndlista- og handíðabraut og iðnaðar- og iðjubraut, með greiningu innan hverrar brautar, eftir því sem þörf krefur og ástæður leyfa.

Námsárinu verði skipt í annir og námsupphaf og námslok bundin við annarirnar, en ekki við skólaárið þannig að nemendur geti, ef á þarf að halda, fellt starfsreynslu eða þjálfun á vinnustað inn í nám sitt og einnig skipt um námsbraut með sem minnstri tímatöf. Gert verði ráð fyrir mislöngum námsferlum innan hverrar námsbrautar, þannig að nemendur eigi þess kost á hverju námsári að ljúka skilgreindu námi, er veiti þeim tiltekin réttindi með tiltekna starfshæfni og enginn þurfi að hverfa frá hálfloknu námi.“

Hér er sem sé um það að ræða, að leitast við að móta skólastofnun, sem er þjálli gagnvart nemendum og fjölhæfari gagnvart þörfum þeirra, en þær, sem við höfum áður þekkt. Í þessu frv. er fjallað sérstaklega um skiptingu kostnaðar af fjölbrautaskóla milli ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 60% af stofnkostnaði skólans,

en sveitarfélög, sem að slíkum skóla standa, 40%. Þetta hefur reynzt eðlileg skipting, miðað við, hvernig þau skólastig, sem fjölbrautaskóli mundi leysa af hólmi, skiptast nú að kostnaði til á ríki og sveitarfélög.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorð. Ég vildi ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli nú aftur vera komið fyrir þingið, og vona, að það fái nú greiðan gang og afgreiðslu á þingi. Það frv., sem hæstv. ráðh. gat um og vitnað er til í grg., svo að segja samhjóða þessu, lagt fram í fyrra, kom fram svo seint á þinginu, að það þótti þá ekki svigrúm til þess, að það fengi þar fullnaðarafgreiðslu.

Ég vil lýsa ánægju yfir því nafni, sem velst á skólann, fjölbrautaskóli. Nafnið virðist ná mjög vel til þess, sem er aðaleinkenni þessa skóla, sem hér er um að ræða.

Eins og hæstv. ráðh. áðan vék að, var frumkvæðið, upphafið að undirbúningi þess, að slíkur skóli risi, hjá fræðsluáði Reykjavíkurborgar. Það er ekki óeðlilegt, að slíkt frumkvæði kæmi frá langsamlega stærsta og öflugasta fræðsluhéraði landsins, Reykjavík, sem hefur bæði starfskrafta og betri fjárráð en hin minni, enda hefur Reykjavík átt frumkvæði að mörgum nýjungum og framförum í skólahaldi. Það þótti auðvitað nauðsynlegt að leita samstarfs við ríkið um rekstur slíks skóla, þar sem í skólanum blandast saman skólastig, sem um hafa gilt sérstakar reglur fyrir hvert stigið um sig.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég persónulega hafi neinar aths. að gera við frv., eins og það liggur fyrir. Það fer til n., þykist ég vita, sem ég á sæti í, og ég fæ þá tækifæri til að fjalla um það. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að lýsa ánægju yfir, að frv. er fram komið, og láta í ljós þá von og ósk, að það hljóti nú greiðan gang í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 117). — 3. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Við 3. umr. þessa máls hafa komið fram brtt., sem varða nafngift þeirrar skólastofnunar, sem hér er um að ræða. Hv. 6. þm. Reykv. lauk hér í ræðustóli fyrir fáeinum andartökum lofsorði á nafngift þá, sem hefur verið valin skólastofnun af nýrri gerð. Nú er um að ræða breytingu á nafni skóla, sem þegar starfar. Ég vil ekki láta hjá líða að gera í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þeirrar nafngiftar, sem orðið hefur ágreinisefni, þótt segja megi máske, að hér sé um nokkurn orðaleik að ræða en orð eru ekki einskis virði.

Það er ekki nýtt undir sólinni, að vandalaust eða fjarskylt fólk taki að sér að annast annarra manna börn og foreldrar komi börnum sínum til umönnunar til fólks, sem þeim er litt eða ekki vandabundið. Í fornöld á landi okkar var slíkt meira að segja þýðingamikill þáttur í þjóðlífinu. Það var nokkuð föstum reglum bundið, hverjir tóku að sér annarra manna börn, hverjir gátu tekið að sér börn fólks af ákveðnum stigum í þjóðfélaginu. Sú kona, sem annast annara manna barn, nefnist fóstra, og karl, sem gerir hið sama, heitir fóstri þessa barns. Sá verknaður að fóstra öðrum barn hét og heitir fóstur eða fullum stöfum barnfóstur. Og í Grágás er meira að segja talað um lögfóstur, fóstur veitt skv. lagareglum. Í Heimskringlu segir: „Sá þætti ótignari, er öðrum fóstraði barn". Og í Njálu er svo komizt að orði, að fjórðungi bregði til fósturs. Kunnur er málhátturinn: fé er fóstri líkt. Og dálæti á mönnum heitir að taka við þá ástfóstri. Þetta orð, fóstur, er að áliti málfræðinga skylt því að fóðra, veita næringu, og er haldið, að það sé einna fyrst haft um það, sem mjög mun hafa tíðkazt a. m. k. hjá höfðingjaættum að fornu, að önnur kona en móðirin hefði ungbarn á brjósti. Þær konur hafi verið þær fyrstu, sem fóstrunafnið hlutu.

Þegar svo kom í þjóðfélagsþróun hér á landi, að sérstakar stofnanir komust á laggirnar til að annast börn á ungum aldri, var starfslið þeirra eingöngu konur, og í samræmni við forna málhefð hlutu þessar konur starfsheitið fóstrur. Menntastofnun, sem veitti þeim fræðslu nefndist í samræmi við það fóstruskóli. Hér er nú fjallað um lagasetningu um þennan skóla, en gert er ráð fyrir því í frv., sem fyrir liggur, að hann sæki bæði konur og karlar og hljóti þaðan jöfn réttindi til starfa við barnfóstur. Því kemur það til álita, hvort breyta eigi nafni stofnunarinnar og þá á hvern hátt. N., sem samdi þetta frv., gerði að tillögu sinni, að nafni skólans yrði breytt og hann nefndur fóstrunarskóli. Og það er stutt þessum rökum í áliti nefndarinnar: „Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur, sbr. 1. gr. 2. mgr. Þykir rétt að árétta það með því að breyta nafninu úr fóstruskóla í fóstrunarskóla sbr. að sínu leyti nafni hjúkrunarkvennaskóla í hjúkrunarskóla með 1. nr. 35/1962."

Þegar um þetta frv. var fjallað í menntmrn., kom m. a. til álita þessi till. um breytt nafn fósturskóla í fóstrunarskóla. Þá sýndist mönnum það, að fóstrun væri óþarft nýyrði um þann verknað, sem hingað til hefur í íslenzku máli heitið fóstur. Fóstrun er tvímælalaust nýyrði, a. m. k. finnst það ekki í orðabókum, og virðist myndað hliðstætt hjúkrun. En af þeirri ástæðu, að til er orð um sama verknað jafngamalt tungunni, orðið fóstur, sem þar að auki er þjálla í samsetningu, sbr. fósturskóli og fóstrunarskóli, þá varð það niðurstaða í menntmrn. að leggja til, að skólinn heiti, eftir að hin nýju lög taki gildi, fósturskóli. Því hefur heyrzt fleygt manna á milli, að einhverjum þyki óviðurkvæmilegt að kenna þennan skóla við fóstur, vegna þess að til er annað orð, sem ekki hefur sömu merkingu, heldur merkir barn í móðurkviði, og mun vera tökuorð úr dönsku „foster". Þetta getur ekki að

mínu viti stuðzt við nein rök um það, að hætta sé á ruglingi af þeirri nafngift að nefna skóla, sem menntar fóstrur, fósturskóla, því að engum dettur í hug, að skóli geti verið fyrir ófædda burði. Ég vil alls ekki gera því skóna, að nokkur láti stjórnast af ótta við, að gárungar hafi þessa nafngift í flimtingum á þann hátt, að þeir dragi dár að stofnuninni með útúrsnúningi úr nafninu.

Auk brtt. um að breyta nafninu í fyrra horf, svo sem n. vildi hafa, sem frv. samdi, fóstrunarskóli, hefur einnig komið fram till. um nafnið fóstraskóli. Þá er lagt til að draga nafn stofnunarinnar af karlkynsheitinu fóstri eins og fóstruskóli er dregið af kvenkynsheitinu fóstra. Til þess sé ég ekki heldur neina ástæðu, og það er óbreytt álit mitt, að eðlilegast og þjálast nafn þessarar stofnunar sé fósturskóli.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég er 1. flm. brtt. á þskj. 137 um það, að nafni skólans verði breytt þannig að í stað orðsins fósturskóli komi fóstrunarskóli. Við 2. umr. málsins var þess getið, að menntmn. mundi hafa frv. til athuganir milli 2. og 3. umr. Ég man ekki, hvort það var þá beinlínis tekið fram, en tilefni þess, að n. vildi hafa frekari athugun frv. með höndum, var það, að menn voru ekki ánægðir með nafnið á skólanum.

Það deilir enginn um það, hve ágætt nafnorðið fóstur er í þeirri merkingu að annast og ala upp barn eða börn, og það eru auðvitað ótal tilvitnanir í íslenzkt mál, ritmál að fornu og nýju, sem renna stoðum undir þá merkingu og notkun orðsins, og vissulega er það fallegt orð líka og tamt í munni. En það, sem hæstv. ráðh. vék síðast að í ræðu sinni og olli því, að nm. í menntmn. voru ekki ánægðir með þessa nafngift, var hin tvíþætta merking orðsins fóstur. Það voru ekki allir á einu máli um, hvað hugsanlegt væri að gera til þess að bæta þarna úr, og ég held ég hafi séð það rétt, — ég hef að vísu ekki verið hér á þingfundum síðustu daga vegna veikinda, — að það munu allir nm. í menntmn. hafa flutt brtt. við nafn skólans, við fjórmenningar á þskj. 137 og hinir 3 nm., ætla ég að rétt sé, að flytji brtt. á öðru þskj.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að orðið fóstrun finnum við ekki í orðabókum, hvorki í fornu máli íslenzku né nýrra íslenzku ritmáli. Ég skal ekki fyrir það sverja, hvort ég hafi einhvern tíma heyrt þetta orð nefnt í töluðu máli og þori ekkert um það að fullyrða. Og mér dettur ekki í hug, að orðið fóstrun *standist samanburð* við hið *forna, góða orð* fóstur. Það er ekki það, sem um er að ræða, heldur að þegar svo var komið að skólanum var ætlað að hafa sem nemendur bæði karlar og konur, þá var auðvitað fóstruskólanafnið orðið útilokað, og fóstrunarskóli var það nafn, sem nefndin, sem undirbjó þetta frumvarp, hafði valið skólanum. Við 4, sem stöndum að brtt. á þskj. 137, hölluðumst þá helzt að því að gera till. okkar, að það yrði haldið fast við það nafn. Hæstv. ráðh. fannst það væri, — ég veit eiginlega ekki, hvað ég á *að kalla* það, — *orðhengilsháttur kannske eða* eitthvað í þá áttina að vera að setja fyrir sig, að það væri hægt að leggja þá merkingu í orðið fósturskóli og þá til þess að hafa að gamni, að það sé skóli fyrir ófullburða börn, óborin börn. En allavega sú tvíþætta merking orðsins, sem gerir það að verkum, að öllum menntmn.-mönnum hefur þótt þetta nafn óviðkunnanlegt. Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn vilji halda því fram, frekar en við, sem stöndum að þessari brtt., að orðið fóstrun taki orðinu fóstur fram, heldur er eingöngu verið þarna að reyna að komast fram hjá vissum vanda í nafngiftinni. Ég minnist þess, að ég sá, að orðið fóstrun kemur fyrir í einu frv., sem nú liggur fyrir þinginu, frv. um hlutdeild ríkisins í kostnaði við dagvistunarstofnanir. Mig minnir, að það sé í 17. gr. þess frv., þar er talað um fóstrunarstörf og fóstrunarmenntun, þannig að þetta nýyrði virðist hafa fundið hljómgrunn hjá einhverjum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Mér er ekki unt að sjá, að þetta geti orðið hitamál á nokkurn hátt, þaðan af síður pólitískt mál, það finnst mér gersamlega útilokað. En ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram og undirstrika það, að það er varla tilviljun, að nafnið fósturskóli skuli falla í *heldur slæman jarðveg hjá öllum nm.* í menntmn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Fyrsti flm. brtt. á þskj. 139 virðist ekki staddur hér í d., og sýnist mér þá, að ég sem annar flm. þessarar brtt. verði að segja örfá orð henni til stuðnings.

Ég vil láta mér nægja að vísa í það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um álit okkar í menntmn. á þeirri nafngift, sem er á frv.: Fósturskóli Íslands. Okkur þótti sem sú tvíþætta merking, sem í orðið mætti leggja, væri þannig, að orðið væri ekki viðunandi. Hafa því allir meðlimir menntmn. lagt fram brtt.

Ég get raunar látið nægja að leiðrétta hæstv. ráðh. smávegis. Við leggjum til að nota orðið fóstraskóli m. a. með tilliti til þess, að það er ekki aðeins eignarfall fleirtölu af kvenkynsorðinu, heldur einnig af karlkynsorðinu. Og sýndist okkur, að þar með væri fullnægt öllum aðilum hvorum megin sem þeir standa — rauðsokkum einnig, og því hin ágætasta málamiðlun og orð, sem óumdeilanlega fellur vel inn í íslenzka tungu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og brtt *á þskj. 139 sýnir, stend ég* að *þeirri breyt.*, sem þar er fram borin, ásamt þremur öðrum hv. þm. 2. flm. þeirrar brtt., hv. 1. þm. Vestf., hefur raunar gert fullnægjandi grein fyrir því, hvers vegna þessi till. er fram borin. En ég vil þó leyfa mér að láta koma fram það sjónarmið, sem liggur því til grundvallar, að ég hef gerzt meðflm. að þessari brtt.

Það liggur í augum uppi, að hér er um að ræða samsett orð, og enginn mun neita því, að samsetningin fósturskóli er rétt mynduð í íslenzku máli og fer ekki illa í munni. En um

samsetningar af þessu tagi, þar sem ákveðin eru heiti á menntastofnunum, er tvennt til um merkinguna: annars vegar fyrri hluti orðsins sé kenndur við starfsgreinina, verknaðinn, og á hinn bóginn, að fyrri hlutinn sé bundinn við starfsstéttina. Hvort tveggja þetta er til í okkar máli og í löggjöf. Þó hygg ég, að það hafi a. m. k. á síðari árum fremur sótt í það horf að tengja þetta við starfsstéttina, sbr. að búnaðarskóla var breytt í bændaskóla fyrir allmörgum árum, og fleiri hliðstæð dæmi mætti nefna. Það er augljóst, að nafn skólans, eins og það er nú, fóstruskóli, er bundið við starfsstéttina, við þær konur, sem þar gegna starfi. En með þeirri breyt., sem gerð er á nafninu í frv. og hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir, er þessu breytt þannig, að hugsun ráðh. er að miða við starfsgreinina. Okkur í menntmn. sýndist ekki svo öruggt sem það virðist vera frá sjónarmiði ráðh., að almennt áttuðu menn sig á þessari tilfærslu, og að nokkur hætta yrði, að menn tengdu þennan skóla, ef hann héti fósturskóli, við það aldursskeið lífverunnar, áður en fæðing fer fram, og yrði það kannske til nokkuð mikillar gamansemi.

Um fóstrunarskólann skal ég ekki vera fjölorður, er þar vitanlega miðað við, að merkingin sé bundin við starfstéttina. En mér er þetta orð: fóstrun og það í samtengingu eða samböndum við aðra orðstofna a. m. k. ekki munntamt, það liggur mér ekki á tungu. Má vera, að þetta sé gott íslenzkt orð, sem er að ryðja sér til rúms, en ég hygg, að það sé ekki fornt í málinu. Og þá kem ég loks að því að árétta það, sem hv. 1. þm. Vestf. tók fram, að það er ein regla mjög algeng í íslenzku máli um samsetningar orða, að fyrri hlutinn sé í eignarfalli, ýmist eignarfalli eintölu eða eignarfalli fleirtölu, sbr. kvennaskóli, bændaskóli, unglingaskóli, allt eignarfallssamsetningar og fyrri hlutinn í eignarfalli fleirtölu. Og þegar á það er litið, að eignarfall fleirtölu, af bæði karlkyns- og kvenkynsorðum, fóstra og fóstri, er með sömu beygingu: fóstra, þótti okkur, sem stöndum að brtt. á þskj. 139 ekki illa fara, að fyrri hluti orðsins yrði myndaður á þennan veg.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil helzt ekki lengja þessar umr. um orð og merkingar þeirra úr hófi fram, en tel þó rétt að benda flm. till. á þskj. 139 á það, að þeir hafa ekki horft nógu vítt, þegar þeir voru að kanna sameiginlegar beygingarmyndir. Fóstra er ekki aðeins eignarfall fleirtölu af kvenkynsorðinu fóstra og karlkynsorðinu fóstri, það er einnig eignarfall fleirtölu af hvorugkynsorðinu fóstur, sem merkir, eins og síðasti ræðumaður sagði, lífveruna á aldursskeiðinu, áður en fæðing fer fram. Ef ætlunin hefur verið að svipta gárunga tilefni til útúrsnúninga og gamansemi, þá tel ég vera farið úr öskunni í eldinn með því að víkja þarna úr eintölunni í fleirtöluna. En eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, tel ég Alþ. ekki sæmandi að láta spéhræðslu verða til þess, að sniðgengið sé hið íslenzkulegasta og þjálasta heiti á stofnun, sem verið er að veita nafn.

ATKVGR.
Brtt. 137 felld með 9:8 atkv.
Brtt. 139 felld með 11:6 atkv.
Frv. samþ. 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskeldi í sjó, frv. (þskj. 14, n. 150). — 2. umr.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Sjútvn. Nd. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir, á nokkrum fundum sínum og orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég vil geta þess í upphafi, að 2 nm., sem voru fjarverandi, þeir Steingrímur Hermannsson og Ásgeir Pétursson, hafa báðir lýst samþykki við nál., sem hér liggur fyrir. En n. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að hún leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstj. Á síðasta þingi var samhljóða frv. lagt fram, en náði þá ekki afgreiðslu. Frv. var nú endurflutt, og sjútvn. sendi það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Félagi áhugamanna um fiskrækt, Fiskifélagi Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Umsagnir bárust frá öllum þessum aðilum. Enginn þessara aðila leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, a. m. k. 2 vildu samþ. það með verulegum breyt., en aðrir vildu láta fresta því.

Sjútvn. leggur sem sagt til, að frv. verði vísað til ríkisstj., og vill, að til athugunar á málinu verði skipuð n., þar sem verði fulltrúar bæði frá landbúnaði og sjávarútvegi.

ATKVGR.
Till. á þskj. 150 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 41, n. 141). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hér hefur áður af hæstv. félmrh. verið gerð grein fyrir efni þessa frv., og þarf ég því ekki að hafa ýkjamörg orð um það, ekki sízt þar sem fjhn. hefur komizt að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu málsins. Þó ber að taka það fram, að í þeirri afgreiðslu er um að ræða fyrirvara tveggja nm., en ég hygg, að hann tákni ekki neinn djúpan ágreining um málið, sem hér er til meðferðar.

Þar sem nokkuð er um liðið, finnst mér rétt að benda aðeins á efnisatriði frv. Þau eru þá í fyrsta lagi það, er varðar breyt. á 7. gr. laganna, þ. e. a. s. að við gr. bætist ný málsgr. svofelld: „Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885," — og það, sem ég hefði átt að nefna fyrst, að 3. málsgr. orðist svo: „Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé." Í þessari brtt. er í raun og veru um að ræða aðalefni frv., þ. e. a. s. að niður falli það ákvæði 3. málsgr. 7. gr., sem hljóðar svo, að eigi skuli reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattsskyldar hjá orlofsþega. Og síðan gildir sama um orlofslaun og orlofsfé samkvæmt þeirri breyt., sem hér er á gerð. Þar sem hér er eiginlega um það að ræða, sem helzt skiptir máli, þykir mér rétt að fara nokkrum

orðum um, hvernig þetta er til komið, vegna þess að það hefur m. a. sætt andmælum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem telur, að með þessu hafi samkomulag, sem gert hafi verið í sambandi við vinnudeilurnar í nóvember og desember í fyrra, verið brotið. En hér er það um að segja, að ekki var um neitt samkomulag að ræða. Þetta kom ekki sem kaupskapur af neinu tagi með lögunum, heldur er bezt að segja hverja sögu eins og hún er, að dönsku orlofslögin voru mjög höfð til fyrirmyndar við samningu þessara laga, m. a. þetta ákvæði, að sá hluti tekna, sem eru tekjuskattsfrjáls, skuli ekki vera orlofsskyldur. En af hálfu ASÍ-fulltrúanna í orlofsnefnd, sem undirbjó breytingarnar í fyrra, var það svo, að talið var, að 2. gr. kæmi í veg fyrir, að sú framkvæmd yrði á þessu, sem síðan hefur að sumu leyti orðið. En í 2. gr. l. segir: „Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt skv. öðrum lögum, samningum eða venjum.“ Þ. e. a. s. hér var talið, að gæti eingöngu verið um smámuni eina að ræða, sem ekki skiptu neinu verulegu máli í framkvæmdinni vegna ákvæða 2. gr. En framkvæmdin hefur reynzt nokkuð á annan veg, þar sem verulegur hluti af útgerðarmönnum hefur neitað að greiða orlofsfé af þeim hluta tekna sjómanna, sem ekki eru tekjuskattsskyldar, og hafa orðið miklar deilur um málið af þeim sökum og jafnvel í sumum tilfellum svo harðar, að af þeim gæti leitt alvarlega árekstra. Þetta vil ég, að komi fram til skýringar á því, hvers vegna launþegar féllust á það, að þessi ákvæði stæðu í lögum. En þau voru talin algerlega meinlaus með tilliti til 2. gr.

Nú hefur komið á daginn, að framkvæmdin hefur ekki orðið á þá lund, sem þeir vildu, og eins hitt, að það hefur a. m. k. ekki reynzt lögfræðilega tryggt, að slík meðferð sem sjómenn hefðu sætt sig við í þessu efni væri algjörlega örugg. Af þessu ákvæði, ef það er tekið svona bókstaflega og 2. gr. ekki talin setja neitt fyrir þann leka, sem 7. gr. og þessi umgetna málsgr. gætu opnað, mundi slíkt einnig ná t. d. til giftra kvenna, sem eru að hálfu tekjuskattsfrjálsar og fengju þá sinn hlut skertan um helming. Býst ég ekki við, að neinum hafi dottið það í hug, enda mun enginn atvinnurekandi hafa reynt þá framkvæmd. Hins er líka að geta, að fjölmargir útgerðarmenn, — ég skal ekki segja hve mikill hluti, en mér er óhætt að segja fjölmargir hafa með tilliti til ákvæða 2. gr. greitt orlofsfé á allan aflahlut sjómanna, en um það hefur engin deila staðið af hálfu sjómannastéttarinnar, að gert skyldi. Og ég held, að mönnum sé það alveg ljóst, að kjör sjómanna eru ekki svo góð miðað við aðrar launastéttir í landinu, að það sé með nokkrum hætti réttlætanlegt að skerða lögbundin félagsleg réttindi, sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir þá umfram aðra, og þess vegna sé alveg sjálfsagt mál og reyndar algjörlega nauðsynlegt að leiðrétta þau mistök, sem hér hafa vissulega orðið. Ég vil ekki kalla það annað en mistök, að frá lögunum hafi verið gengið á þann hátt, að framkvæmdir gætu undir nokkrum kringumstæðum orðið eins og þær hafa orðið að verulegu leyti.

Í bréfi, sem L.Í.Ú. hefur sent félmn., segir m. a., — og það er, held ég, meginefni bréfsins, það er rétt, að það komi fram: „Oss þykir einkennilegt, ef annar aðili þessa samkomulags, Sjómannasamband Íslands, sem er aðili í Alþýðusambandi Íslands, getur krafizt breytinga á þessu ákvæði og fengið því framgengt. Litum við það mjög alvarlegum augum, ef samkomulag, sem gert er í stjórnskipaðri nefnd, er brotið með þeim hætti, sem hér er stefnt að. Ástæðan til, að við lögðumst gegn hækkun á orlofi sjómanna úr 7% í 8⅓%, er, að ekki þekkist í nálægum löndum að greiða orlof á aflahlut. Voru lögð gögn um það fram í orlofsnefnd. Hækkun á orlofi af aflahlut var því ekki sótt til viðmiðunar við nálægar þjóðir eins og almenna orlofshækkunin. Auk þess er í dönsku orlofslögunum shlj. ákvæði því, sem nú er lagt til að fjarlægja úr lögunum. Ef einhver ástæða þykir til að breyta þessu ákvæði, er mælzt til að fá það bætt með t. d. lækkun á launaskatti, þannig að útvegsmenn greiði 1% af launaskatti í staðinn fyrir 2½% vegna þess að launahlutfallið í rekstri útgerðarinnar er miklu hærra en í öðrum atvinnurekstri. Þessi launaskattur var hækkaður í 7½%, og var það gert til að koma í veg fyrir hækkun á kaupgjaldsvísitölu, sem hafði ekki áhrif á aflahlut. Hækkun launaskattsins var því aldrei á rökum reist gagnvart útgerðinni í landinu.“

Það er auðvitað ekkert óeðlilegt, að hagsmunasamtök eins og L.ÍÚ. reyni að verja fjármálalega hagsmuni sína jafnvel í smáatriðum. Við það hef ég ekkert að athuga. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt. En hitt vil ég leiðrétta, að hér hafi, eins og ég reyndar áður sagði, verið um nokkurn sérstakan samning að ræða. Orlofsfélögin í þeirri mynd, sem þau voru samþykkt á síðusta Alþingi, voru að sumu leyti samkomulag og að sumu leyti ekki. Félmrh. varð við framlagningu frv. að höggva á ýmsa hnúta í sambandi við málið, og þar var sem sagt ekki um neitt sérstakt samkomulag að ræða, svo sem L.Í.Ú. heldur fram. Það var ekki um neinn kaupskap að ræða og ekkert sérstaklega rætt um þetta atriði, eftir því sem mér er sagt af greinagóðum mönnum, sem í n. voru. Hér er því um einhvern misskilning að ræða. Hitt er svo annað mál, að það kann vel að vera, að í dag standi útgerðin höllum fæti að taka á sig nýjar álögur. Um það skal ég ekki deila í sambandi við þetta mál. En ég held, að það verði þá að leysa það með öðrum hætti en að ganga á hlut sjómanna. Ég held að það væri aðferð, sem ekki hentaði nú.

Þetta er sem sagt aðalatriði málsins, að taka af öll tvímæli um það, að lögin verði framkvæmd eins og ég vil segja, að allir, sem áttu þátt í að búa til lögin bjuggust við, að þau yrðu framkvæmd, með sérstöku tilliti til innihalds 2. gr. laganna, því að auðvitað gat engum dottið í hug, að hér væri verið að stíga spor aftur á bak, eins og yrði, ef gengið yrði fram hjá ákvæðum 2. gr. og bókstafur 7. gr. látinn einn gilda. Þá er hér um hreina afturför að ræða, og ég hygg, að það geti verið ljóst, að eins og ástandið var, þegar þessi lög voru sett og þeir

samningar gerðir, sem stóðu í beinu samhengi við þessar aðgerðir, hafi ekki verið um það að ræða að rýra kjörin frá því, sem þau áður voru.

Þetta er sem sagt aðalatriði frv. En í öðru lagi er svo um það að ræða, að orlofsgjaldið skuli mega taka lögtaki eins og opinber gjöld, og það er í samræmi við reglugerðabreytingu sem á að taka gildi frá næsta vori. Hún hefur ekki tekið gildi enn, en á að gera það á næsta vori, þ. e. a. s. að þá hverfa úr sögunni hin svokölluðu orlofsmerki, en í staðinn kemur, að Póstur og sími innheimti þessi gjöld og geri skilagrein til launþega með vissum fresti, og vegna þessara innheimtuhátta og þess, að orlofsmerkin eru lögð niður, þykir nauðsynlegt, að allar heimildir séu til staðar til þess að geta innheimt þessi gjöld eins og opinber gjöld og samhliða þeim. Býst ég við, að um það geti ekki verið miklar deilur.

Enn fremur er tekið fram í breytingum þessa frv., að kostnaður við framkvæmd laganna, að svo miklu leyti sem vextir af geymslufé Pósts og síma, sem renna til hans, nægja ekki, verði greiddur úr ríkissjóði. Þetta þykir nauðsynlegt að gera í sambandi við hina nýju reglugerð, vegna þess að í lögum hefur eingöngu verið ákvæði um það, að ríkissjóður skuli greiða kostnað af orlofsmerkjum, en engin ákvæði í lögum núna, og þykir rétt að taka af öll tvímæli um það, ef hér verður um umframkostnað að ræða, sem alls ekki er víst, að þá verði hann greiddur úr ríkissjóði með svipuðum hætti og orlofsmerkjafyrirkomulag var áður greitt.

Þá er loks að geta um brtt., sem n. flytur við 16. gr. frv. Ég hygg, að hún verði bezt skýrð með því, að ég lesi hér upp minnisblað, sem n. barst frá félmrn. meðan hún hafði þetta mál til afgreiðslu, en það minnisblað er svo hljóðandi:

„Lögum nr. 16/1943," þ. e. a. s. um orlof, „var breytt með l. nr. 29/1945. Þessi breyting hefur fallið niður í sérprentun, sem gerð var í rn. á lögum um orlof. Af þessu leiddi, að 16. gr. núgildandi l., nr. 87/1971, lögfesti regluna úr l. frá 1943, að félagsdómur fjalli um mál út af orlofsfé. Þar eð enginn mun hafa ætlað að breyta ákvæði l. nr. 29/1945 um, að ágreiningur um þetta heyrði undir almenna dómstóla, er vafalaust rétt að breyta frv., sem nú liggur fyrir Alþingi í samræmi við þetta. Ákvæði 1. gr. l. nr. 29/1945 hljóða svo: „Ef eigi er ákveðið öðruvísi í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum skv. þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála. Þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta." Svona ætti að orða 16. gr. l. nr. 87/1971.

N. hefur við athugun málsins fallizt á, að rétt væri að láta þá gerð þessarar gr. haldazt, sem raunar hefur alltaf verið meiningin og allra skilningur, en hér hefur fallið niður og orðið öðruvísi fyrir bein mistök, og með brtt., sem fram kemur í nál., er á þetta fallizt og lagt til, að þessi gr. orðist eins og félmrn. leggur til.

Ég held, að ég hafi svo ekki, herra forseti, frekar um þetta að segja, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg áherzlu á það, að gildistíminn varðandi það ákvæði, sem sérstaklega áhrærir sjómannastéttina, er í frv. miðaður við áramót, og vil því leggja áherzlu á, að málinu yrði hraðað hér í þessari hv. d., helzt afgreitt út úr henni í dag, þannig að möguleiki væri á því, að málið yrði afgreitt frá Alþ. fyrir jólaleyfi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Félmn. hefur mælt einróma með samþykkt þessa frv., sem hér er til umr. En við 2 nm., hv. 6. þm. Reykv. og ég, höfum gert fyrirvara. Það, sem ég ætla að víkja að hér, er að skýra, í hverju þessi fyrirvari liggur. Eins og ég sagði, erum við samþykkir efni frv. og því, að frv. verði samþ. eins og það er. Því flytjum við ekki brtt.

Hv. frsm. n. kom inn á það mál, sem varðar fyrirvara okkar hv. 6. þm. Reykv. En það ber verulega á milli þess, sem hv. frsm. sagði, og þess, sem upplýst var í félmn. Félmn. hélt nokkra fundi um þetta mál, og á tveim fundum mætti ráðuneytisstjórinn í félmrn. Hann skýrði gang þeirra mála, sem liggja á bak við þetta frv. Það vill svo til, að ráðuneytisstjórinn var formaður n., sem undirbjó orlofslögin frá síðasta þingi. Í þessari n. áttu sæti tveir fulltrúar að auki frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og þrír fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands.

Það er að sjálfsögðu engin tilviljun, hvernig þessi n. var skipuð. Hún var skipuð aðilum vinnumarkaðarins, vinnuveitendum og launþegum. Og óhjákvæmilega hlutu að verða í þessu efni ýmis mál, sem annaðhvort voru bein samningamál eða snertu eða jöðruðu við almenna launasamninga í landinu. Það kom upp í n. þegar ágreiningur varðandi greiðslu á orlofsfé út á aflahlut sjómanna. Af hálfu launþega í þessari n. kom fram það sjónarmið, að það ætti að greiða orlofsfé af aflahlut svo sem öðrum launum. En af hálfu vinnuveitenda kom hins vegar fram það sjónarmið, að hér væri nokkuð ólíku saman að jafna. Það væri annað, föst laun eða aflahlutur. Og það liggur í augum uppi, að það er eðlismunur á þessu tvennu. Það kemur strax í ljós, þegar menn athuga þetta mál nánar. Er nokkur sanngirni í því, þegar tveir menn fara á sjó, annar er heppinn, aflar vel, fær mikinn aflahlut, hinn er óheppinn, fær lítinn aflahlut, að sá, sem er óheppinn, fái minna orlofsfé? Nei, það er engin sanngirni í slíku. Ef það ætti að fara að mismuna hér mönnum, þá mætti kannske færa rök fyrir því, að það ætti að gera betur við þann, sem óheppinn var og hafði minni aflahlut, heldur en hinn. Það er þó a. m. k. í samræmi við almennar hugmyndir um launajöfnuð. Það eðlilegasta er að mínu viti, að báðir mennirnir hafi jöfn réttindi hvað snertir orlofsfé. Og mér er tjáð, að það muni ekki tíðkast í nálægum löndum eða þar sem við getum borið okkur saman við um skipan þessara mála að greiða orlofsfé af aflahlut, heldur sé greiðslan miðuð við tryggingu. En þó að

þessi sterku rök kæmu fram í undirbúningsnefnd orlofslaganna 1971, héldu fulltrúar launþega og þar með sjómanna fram hinu sjónarmiðinu, að það ætti ekki að skerða orlofsfé til sjómanna þannig, að það væri miðað við hlutatryggingu, heldur miða við aflahlut. En ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið sterkur vilji hjá nm. að ná sem víðtækustu samkomulagi um þessi þýðingarmiklu mál, og það er auðvitað vel, að slíkur andi ríki á vettvangi, þar sem mætast fulltrúar vinnuveitenda og launþega í landinu. Vegna þessa var samið um málið. Og það var samið um málið á þann veg, að á móti því, að það var ákveðið, að það skyldi greiða orlofsfé af óskertum aflahlut, þá skyldi koma, að það skyldi ekki greiða orlofsfé af tekjum sjómanna, sem eru tekjuskattsfrjálsar. Þetta var það samkomulag, sem varð í undirbúningsnefnd orlofslaganna. Ráðuneytisstjóri félmrn., sem var formaður þessarar n., las upp lokafundargerð n., á fundi félmrn. d. Þar kom fram, að það voru tiltekin nokkur mál, sem ekki var samkomulag um, en um þau mál, sem ekki voru þannig nefnd, var samkomulag, og þar með þetta atriði, sem ég hef verið að greina frá. Þetta var og fram tekið sérstaklega af ráðuneytisstjóranum. Þessi fundargerð er, eins og ég sagði áðan, frá lokafundi n. 11. nóv. 1971. Mér sýnist, að við ættum ekki að þurfa að deila hér um þessar staðreyndir, og þó að við deilum um þessar staðreyndir, ég og hv. frsm. félmn., þá deilum við ekki um það, að rétt sé, að þetta frv. nái fram að ganga. Við mælum báðir með samþykkt þess.

En hvers vegna er ég að ræða þetta hér, og hvers vegna gerum við hv. 6. þm. Reykv. fyrirvara, sem varðar þetta mál? Það er vegna þess í fyrsta lagi, að það er ákaflega þýðingarmikið, og ég vona, að hv. frsm. n. sé mér sammála um það, að þegar aðilar vinnumarkaðarins, vinnuveitendur og launþegar, koma sér saman um ákveðna hluti, leysa deilumálin og ágreiningsefnin með samkomulagi, þá sé staðið við slíkt samkomul. af báðum aðilum. Þetta er eitt af grundvallaratriðum í okkar kjaramálum, í okkar launamálum, og á þessu byggjast möguleikarnir á þolanlegum vinnufriði í landinu og gagnkvæmu trausti milli vinnuveitenda og launþega, sem er ákaflega þýðingarmikið. En í öðru lagi mótast okkar fyrirvari af því, að hér er um beint hagsmunamál útgerðarinnar að ræða. Með orlofsl. frá síðasta þingi var orlofið hækkað úr 7% í 8.33% eða um 1.33%. Og það var gert ráð fyrir, að þessi hækkun þýddi fyrir útgerðina útgjaldahækkun, sem næmi 30—40 millj. kr. En skerðingin á orlofsgreiðslum til sjómanna af tekjum þeirra, sem eru tekjuskattsfrjálsar, nemur álíka upphæð. Þannig voru innviðir þess samkomulags, sem ég var að greina frá áðan.

Hv. frsm. n. tók af mér það ómak að lesa hér upp bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna til félmn. Í því bréfi kom fram sú hugmynd, hvort hægt væri að bæta útgerðinni upp þann útgjaldaauka, sem fylgir samþykkt þessa frv., með því að lækka launaskattinn á útgerðina úr 2.5% niður í 1%. Ef það væri gert, mundi sú upphæð, sem út kemur og mundi létt á útgerðinni, nema einnig milli 30 og 40 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að aflahlutir útgerðarinnar nemi um það bil 2500 millj. kr. á þessu ári og eitthvað líkt á næsta ári. Þetta er staðfest af ritgerðum valkostanefndar ríkisstjórnarinnar. En 1.5% af þessu nemur 37.5 millj. kr. Þetta er uppástunga eða hugmynd, sem mér þykir sjálfsagt að athuga, en ég fyrir mitt leyti tel, að að sjálfsögðu geti komið ýmsar aðrar leiðir til athugunar til þess að bæta útgerðinni upp þá gjaldabyrði, sem samþykkt þessa frv. veldur.

Það er fullkomin ástæða til þess að leggja áherzlu á þetta atriði, að útgerðinni sé bætt þetta upp, því að um leið og þetta gerist, þá er það staðreynd, að útgerðin berst í bökkum. Það viðurkenna alllir, og það hafa meir að segja á þessu ári verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að styðja útgerðina, sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins. Eitt af þeim vandamálum, sem nú blasa við og eru snar þáttur í heildarvanda þjóðarbúskaparins og eitt að þýðingarmestu málunum, sem ríkisstj. er núna að vinna að til að fá leyst, það er einmitt að skapa útgerðinni rekstrargrundvöll á næsta ári. Samkv. ritgerðum valkostanefndarinnar, hvaða hugmyndir sem hún leggur til grundvallar, hvort það er nr. 1, 2, 3 eða 4, kemst hún alltaf að þeirri niðurstöðu, að útgerðin verði rekin með hundruð millj. kr. rekstrartapi á næsta ári, ef ekki er að gert. Það er því nokkuð furðulegt, að á meðan ástandið er slíkt og á meðan ríkisstj. segist vera að vinna að því að leysa þennan vanda, — og auðvitað efast ég ekki um, að hún er að vinna að því, það er lífsnauðsyn, — þá skuli hún hikstalaust bera fram frv., sem þýðir tugmillj. kr. gjaldaauka fyrir útgerðina. Það er rétt eins og hjá hæstv. ríkisstj. viti ekki vinstri höndin, hvað sú hægri gerir.

Ég tel, að það hafi af þessum ástæðum verið rík ástæða fyrir okkur hv. 6. þm. Reykv. að gera þann fyrirvara við samþykkt þessa frv., sem við höfum gert. En ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi míns máls: Við erum samþykk því, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er rétt, sem hv. frsm. félmn. sagði, að að óbreyttum lögum getur þetta þýtt það, að ekki einungis sjómenn verði fyrir skerðingu orlofsfjár, heldur einnig giftar konur, eins og hann tók fram. Ég tel líka, að samkv. orðanna hljóðan þýði óbreytt lög, að það megi líka skerða orlofsfé allra launþega í landinu, sem greiða vissa prósentu af launum sínum í lífeyrissjóði, þar sem iðgjöldin eru tekjuskattsfjáls. Ég tel því, að eins og málum er háttað, hvað sem líður ástandi útgerðarinnar, sé rétt að breyta orlofsl. og samþykkja þetta frv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég ætla að vera mjög stuttorður, m. a. vegna þess, að ég hef áhuga á, að þetta mál komist áfram hér í hv. d. og einnig næsta mál á dagskrá, sem mér skilst, að hv. 5. þm. Vestf. hafi einnig áhuga á, þó að það kæmi ekki fram í þeirri löngu ræðu, sem hann hélt hér og fór þó allvíða.

Ég hef þá því helzt til að svara, að hann hélt því fram með tilvísun í ákveðna fundargerð,

sem hann kannske hefur ljósrit af, — ég skal ekki segja um það, ég hef aldrei lesið hana, — að því væri slegið alveg föstu, að um þessa skerðingu hefði orðið samkomulag í n. og fyrirvarinn væri m. a. háður því, að þetta samkomulag væri raunverulega rofið með þeirri breytingu, sem nú á að gera á lögunum. Nú er það svo í fyrsta lagi, að orlofsmálin eru yfirleitt ekki samningamál, þau eru löggjafaratriði, sem löggjafinn getur auðvitað breytt á hverri stundu, eins og honum sýnist, án tillits til þess, hvað aðilar málsins hafa um það að segja. Hér er um félagsleg málefni að ræða, sem orðið er hefð og venja, að fari að lögum, og ég get ekki séð, að neinn geti um það samið, neinn utan sala Alþ. geti samið um það, að lögin skuli, hvorki ákveðin né óákveðin tíma, vera svo eða svo. Valdið er auðvitað hjá löggjafarþinginu í þessum efnum sem öðrum lagamálum.

Ég hef ekki mikið um þetta að segja frekar. Ég hef kynnt mér bæði afstöðu og skoðanir fyrirsvarsmanna Alþýðusambandsins í n., og það fer ekkert á milli mála, að þær eru, eins og ég gat um, að þetta væri látið óátalið, og er þess vegna ekki talið upp í þeirri fundargerð, sem hv. ræðumaður benti á sem ágreiningsatriði, vegna þess að ákvæði 2. gr. voru talin trygging fyrir því, að þarna gæti ekki verið um að ræða skerðingu á orlofsfé til sjómanna og ekki heldur giftra kvenna. Það er sannleikurinn í málinu. Ég tel alveg ástæðulaust að vera að draga grandvarann embættismann inn í deilurnar um málið, ef einhverjar deilur eru, sem mér sýnist vera raunar þarflausar, þar sem þeir hv. nm., sem hafa gert fyrirvara, eru þó með málinu. Þó að hv. 5. þm. Vestf. segði áðan, að það gegndi mikilli furðu, að ríkisstj. skyldi með slíku frv. vera að leggja auknar byrðar á útgerðina, þegar hún berðist í bökkum, en er því samt fylgjandi, er hann þá ekki að höggva eins nærri sjálfum sér og hæstv. ríkisstj. Ég held, að við verðum að taka það mál til umr. við annað tækifæri, og það gefst sjálfsagt innan tíðar. Ég veit ekki annað en það hafi verið eilífðarviðfangsefni stjórnvalda, bæði þeirrar ríkisstj., sem nú er við völd, og hinnar fyrri, að sjá útgerðinni í landinu fyrir viðunanlegum rekstrargrundvelli, og ég held, að þetta mál verði alveg að skiljast frá því. Ég held, að hvorki þjóðarbúskapnum né útgerðinni verði bjargað með því að fara að skerða sérstaklega réttindi sjómannastéttarinnar.

En það var svo í öðru orðinu að heyra á þessum hv. þm., að það væri ekki allt með felldu samt sem áður að hafa þetta svona, vegna þess að innbyrðis mismunur yrði svo mikill á orlofi sjómanna, sumum gengi vel, þeir hefðu háan aflahlut og fengju mikið í orlofsfé, aðrir drægju varla bein úr sjó og fengju lítið. Ég hafði reyndar heyrt það sem þjóðsögu, að þessi hv. þm. hefði einu sinni verið jafnaðarmaður og snúið snögglega til þeirrar pólitísku trúar, sem hann nú hefur. En ég er nú alveg sannfærður um, að þessi saga er sönn, því að þetta lýsir svo mikilli jafnaðarmennsku, að ég hlýt að dást að því. En væri þá ekki líka réttara, ef málið er svona, að sjómennirnir, verkamennirnir og fleiri gerðu t. d. kröfu til þess að fá sama orlofsfé og hæstlaunuðu embættismennirnir í landinu, þó maður fari nú ekki hærra en í laun hv. alþm? Í því væri auðvitað sönn jafnaðarmennska, sem ég skyldi ekki hafa mikið á móti. En hér er málum þannig háttað, að mér er ekki kunnugt um, að um þetta gildi neinar reglur nokkurs staðar í veröldinni aðrar en þær, að orlofsfé sé í hlutfalli við laun, og orlof því í því fólgið, að menn fái í einhverju formi greidd vinnulaun, meðan á orlofi stendur. Það má vel vera, að á þessu megi gera grundvallarbreytingu, en ég hygg, að þá þætti ýmsum nóg um, sem vilja halda í það, að hér byggist allt á samningum, sem aldrei megi rjúfa. Það væri meira en lítil breyting.

Ég tel svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að tefja málið með neinu þvargi um þetta. Mér sýnist það liggja ljóst fyrir, að menn eru sammála um, að þessa breytingu beri að gera á l. og það beri ekki að skerða orlofsréttindi sjómanna umfram aðra. Og viðvíkjandi því, að það sé eitthvað óeðlilegt við það, að þeir hafi orlofsfé af sínum aflahlut, þá gildir þar auðvitað nákvæmlega sama og um aðrar stéttir. Þær hafa orlofsfé í hlutfalli við sín laun, og þar er enginn munur á. Ég bendi t. d. á, að ýmsir, sem taldir eru hafa allgóðar tekjur, hafa t. d. ákvæðisvinnu, svo sem iðnaðarmenn og fleiri, — ég nefni ekki hálaunaða embættismenn, — hafa orlofsfé af sínum tekjum eins og þeir fá þær með ákvæðisvinnu, og það tel ég alveg sambærilegt við sjómennina. En ekkert af þessu er aðalatriði málsins, heldur það, að menn eru sammála um, að þessi breyting skuli gerð, og þá finnst mér fara bezt á því, að menn geri breytinguna án þess að fara í nokkra fýlu út af henni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að tala um fýlu. Hver var í fýlu? Ætlar hv. ræðumaður að halda því fram, að það megi ekki ræða þetta mál? Hver er að tefja þetta mál? Hann er að tala um, að það sé verið að tefja málið. Það er naumast, að hv. ræðumaður telur, að þetta sé mikilsvert mál, ef það má ekki ræða það eðlilega hér í d. En hvers vegna var ég að ræða þau mál, sem við höfum deilt hér um og er að vísu aukaatriði? Hverjar eru staðreyndir varðandi samninga eða ekki samninga? Hver er ástæðan? Hv. ræðumaður hóf sjálfur umr. um þetta atriði, sem var algerlega ástæðulaust að draga inn í þessar umr. En þegar hv. þm. kemur með málflutning byggðan á upplýsingum, sem ég hef beztu heimildir fyrir, að séu rangar, þá tel ég skyldu mína að mótmæla slíku.

Hv. þm. var að tala um, að það væri óþarfi að minnast á útgerðina í þessu sambandi. Hvers vegna er þá minnzt á hana í frv., ef það má ekki ræða hana í umr? Ætli það sé tilviljun eða ekkert atriði fyrir útgerðina? En í hvaða sambandi var ég að ræða um útgerðina? Ég var ekki að ræða útgerðarvandamálin almennt. Ég aðeins vék að því einu eða tveimur orðum til þess að sýna fram á ósamræmið í vinnubrögðum ríkisstj. að koma hikstalaust með slíkt frv. sem þetta, sem þýðir milljónatuga aukin útgjöld fyrir útgerðina, á sama tíma sem er verið að leita með logandi ljósi eftir einhverjum

úrræðum til þess að létta byrðar á útgerðinni. Ég vék aðeins að útgerðinni til þess að sýna fram á þetta ósamræmi í vinnubrögðum.

Ég hef í raun og veru ekki ástæðu til þess að víkja fleiri orðum að hv. 6. þm. Norðurl. e. í tilefni af orðum hans nú síðast. Hann var eitthvað að tala um jafnaðarmennsku. Ég skildi það nú ekki, hvort ég ætti að vera meiri eða minni jafnaðarmaður heldur en hann. En mér finnst það skipta litlu máli, því að hver veit næsta dag, hvar þessi hv. þm. verður?

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Varðandi þetta síðasta innlegg hv. þm. í málefnið, þá vil ég segja honum það, að hann þarf engan kvíðboga að bera fyrir því, að minn samastaður verði neins staðar annars staðar en þar, sem jafnaðarstefnan og merki hennar verður borið uppi. En varðandi það, að ég hafi gefið hér rangar upplýsingar, andmæli ég því, og ég veit, að hv. þm. er svo duglegur maður, að hann á mjög auðvelt með að afla sér réttra upplýsinga og sannfærast um það, að ekkert af því, sem ég hef sagt hér um meðferð þessa máls, er annað en sannleikanum samkvæmt. Hann sagði, að ég hefði kvartað um það, að hann væri að tala hér um útgerðina og eyða tíma í það. Ég gerði það alls ekki, en ég gat þess, að hann hefði haldið langa ræðu, og það held ég, að hafi verið rétt, miðað við, hve lítill ágreiningur var um afgreiðslu málsins. Ég er ekkert á móti því, að það sé rætt um útgerðina í þessu sambandi, að svo miklu leyti sem þetta mál kemur henni við. En ég vil þá líka benda þessum hv. þm. á það, að það hefur einmitt verið mikið áhugamál útgerðarmannanna, útgerðarinnar í landinu, að sjómenn nytu sérstakra skattfríðinda, vegna þess að eitt af þeim vandamálum, sem þeir eiga við að stríða og hafa oft átt við að stríða, er að halda mönnum á flotanum, þegar hallazt hefur á um afkomu og laun sjómannastéttarinnar, miðað við laun fólksins, sem í landi vinnur við miklu betri skilyrði. Ég held þess vegna, að það sé sízt í þágu útgerðarinnar og útgerðarmanna í landinu að ráðast að sjómönnum með sérstökum skerðingum, þegar verið var á sama tíma að bæta hag annarra hvað þetta málefni áhrærir. Og ég vil ekki heldur, að orð mín séu tekin þannig, að ég telji engan vanda á höndum fyrir útgerðina í landinu og ekki þurfi að bæta rekstrargrundvöll hennar. Það er augljóst. En það verður ekki gert með því að skerða hlut sjómanna, heldur kannske miklu frekar með því að bæta hann.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, og það var satt að segja vegna þess, að hv. 5. þm. Vestf. hefur talað sig dauðan, sem kallað er, en síðasti ræðumaður beindi nokkrum skeytum til hans, sem hann, ef ég man rétt, orðaði þannig, að það væri ekki heppilegt af honum að vera að ráðast að sjómönnum, eða eitthvað sagði hann í þá áttina. Ég vil neita því, að hv. 5. þm. Vestf. eða ég, sem skrifum undir þetta nál. með fyrirvara, séum að ráðast að sjómönnum, síður en svo. Það eru sett hér lög, sem snerta aðila vinnumarkaðarins, og lögin eru undirbúin af n., sem í eiga sæti menn frá báðum þessum aðilum. Það kemur fyrir þingið frv., — ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, — með þeim upplýsingum í grg., að um það sé samkomulag þeirra, sem frv. undirbjuggu, nema um ákveðin atriði, sem tekið er beint fram um, að ekki hafi verið samkomulag um, og það er tekið fram af fulltrúum launþeganna, að þeir hafi óskað, að lögin gengju heldur lengra. Í meðförum þingsins í fyrra eru samþykkt öll þessi atriði, sem fulltrúar Alþýðusambandsins höfðu farið fram á að fá inn. Það, sem við vildum undirstrika, er það, hve óheppilegt er, að það sé samþykkt hér í þinginu frv. af öllum grandalausum um annað en það, að nú sé búið að fullnægja óskum manna, og svo komi einn af aðilum vinnumarkaðarins og óski eftir að fá þessu þegar breytt. Það var einungis þetta, sem í okkar fyrirvara fólst. Við höfum við meðferð málsins ekki andmælt því, að þessar breytingar yrðu gerðar, og höfum skrifað undir nál. og munum fylgja frv. eftir, en töldum þó rétt, að þetta sjónarmið okkar kæmi fram.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Í félmn. var allmikið og lengi rætt um þessi mál og þá alveg sérstaklega um þetta atriði, sem hér hefur líka verið gert að umræðuefni. Ég held, að það hafi komið alveg skýrt í ljós samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir okkur lágu, að einmitt um þetta atriði náðist ekki samkomulag í n. Það náðist ekki samkomulag milli fulltrúa vinnuveitenda þar og fulltrúa Alþýðusambandsins. Það kom alveg skýrt í ljós, að um þetta náðist ekki samkomulag, og því var það, að því er ég gat bezt skilið, að ráðuneytisstjórinn setti inn þessa lagagr., sem nú er lagt til, að felld verði niður, — setti hana í frv. á síðustu stundu til þess, ef verða mætti, að þá félli þetta mál einhvern veginn um sjálft sig, að því er mér bezt gat skilizt. Ég er alveg viss um, að þetta var svo seint fram komið, að það var í raun og veru aldrei fyllilega athugað. Það var að vísu látið óátalið af hv. frsm. n., en að þessi gr. út af fyrir sig hafi verið ítarlega rædd og um hana hafi orðið fullt samkomulag, það held ég, að hvergi hafi komið fram hjá n. Ekki varð ég var við það.

Mér finnst reyndar aðalatriðið í þessu máli vera það, að þarna var verið að skerða fyrri rétt sjómanna. Sjómenn höfðu sem sé fullt orlof, 7%, af aflahlut sínum eins og öðru og einnig af því, sem þeir voru ekki skyldir að greiða skatt af. Nú var þetta skert á þann veg með þessari gr., þegar hún var túlkuð á stífasta máta, að orlof þessara sjómanna gat farið langt niður fyrir 7%. Og ég segi, að mér finnst mjög furðulegt, ef það á að vera svo, að réttlætismál eins og þetta, — þarna er hreinlega verið að færa þetta mál í fyrra horf samkv. fyrri lögum, eins og þau hljóðuðu upp á, — ef slíkt réttlætismál á ekki að ná fram að ganga, þó að einhver vandi sé á ferðum hjá útgerðinni, enda kom það mjög vel í ljós hjá þeim, sem voru með ýmsar aths. um þessa málsmeðferð, þrátt fyrir langar orðræður hv. 5. þm. Vestf., að þeir

töldu málið sjálfsagt. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var aðeins út af þeim orðum hv. síðasta ræðumanns, að það væri ekki réttur skilningur, sem ég hélt hér fram, að það hefði orðið samkomulag um þetta atriði, sem við deilum um, í n., sem undirbjó orlofslögin. Ég hef heyrt hv. þm. segja þetta einu sinni áður. Það var eftir að ráðuneytisstjórinn var búinn að lýsa málinu á fundi félmn. á þann veg, sem ég skildi það. Þegar þessi misskilningur kom svo upp, var ákveðið að fá ráðuneytisstjórann aftur á fund félmn., og það var ástæðan til hinna óvenjulegu vinnubragða að kveðja ráðuneytisstjórann tvisvar á fund. Það var vegna þessa misskilnings, að hann kom aftur á fundinn og lýsti þessu máli á þann veg, sem ég hef skýrt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 141,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 136, n. 152). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur fjallað um málið og eins og fram kemur í nál. á þskj. 152 orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með smávægilegri breytingu. Á þeim fundi iðnn., þar sem um málið var fjallað, mættu sérfróðir menn. Það voru þeir Baldur Líndal efnaverkfræðingur, sem fjallar um málið nú í endurskoðun þess á vegum iðnrn., Ingi Garðar Sigurðsson tilraunastjóri og oddviti Reykhólahrepps, Sigurður V. Hallsson verkfræðingur, sem einna lengst hefur fjallað um þörungavinnslu hér á landi, og loks dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem hefur haft umsjón með þessum athugunum á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og gengið frá þeirri skýrslu, sem lögð er til grundvallar því frv., sem nú er til umr. Með tilliti til þess, að þetta mál fær nokkuð sérstaka meðferð hjá hv. Alþ., sýnist mér rétt og skylt að fara nokkrum orðum um þær upplýsingar, sem þarna komu fram.

En áður en ég kem að því, er nauðsynlegt að rekja í örfáum orðum almenna sögu og þróun þessa máls, þannig að menn geri sér betur grein fyrir aths. og svörunum, sem fengust við þeim.

Stundum hefur heyrzt, að tími sé til kominn, að nýting þörunga hefjist hér á landi, og hefur gætt nokkurrar óþolinmæði hjá sumum mönnum. Ég las jafnvel einhvers staðar í blaði, að þetta væri hið einfaldasta mál. Það væri raunar ekki annað en að skera þangið eða þarana, þurrka hann og selja. Að vísu var í þeirri grein ruglað saman þangi og þara, en það er nú annað mál, sem ég ræddi um hér við 1. umr. þessa máls.

Staðreyndin er þó sú, að málið er töluvert flóknara, eins og ég vil nú rekja. Það er að vísu rétt, að þang, þari og þörungar margs konar hafa verið nýttir, líklega eins lengi og sagan nær frá að greina. En til iðnaðar er notkun þessa gróðurs tiltölulega ný. Á 18. öld var það brennt í Evrópu til framleiðslu á sóda til glergerðar og síðar á joði. Fóðurbætisframleiðsla úr þangi hófst skömmu síðar, en það er ekki fyrr en í lok 19. aldar, að fyrstu einkaleyfi eru skráð til framleiðslu á alginsýrum eða söltum úr þörungagróðri. Sú nýting þessa gróðurs færist hins vegar ekki verulega í vöxt fyrr en eftir fyrri heimsstyrjöld. Þess má geta, að alginefnin eru notuð í fjölmargt, m. a. og e. t. v. einkum er þeim blandað í vökva til þess að ráða því, sem nefnt er flæði vökvans. Nefna má dæmi um mikla og algenga notkun í sambandi við prentun á dúka, til þess að þar fáist betri viðloðun og stjórnun á prentsvertu. Fjölmörg önnur dæmi mætti nefna, sem ég mun þó ekki nefna hér.

Það er einkennandi við þessa nýtingu þangs, þara og annarra þörunga í nágrannalöndum okkar á fyrri öldum og árum, að sólþurrkun er þar fyrst og fremst viðhöfð. Vélvædd þurrkun á þessum gróðri hefst ekki fyrr en löngu síðar.

Hér á landi er raunar saga nýtingar á þörungagróðri einnig æðilöng. Oft hefur slikt verið vel þegin búbót, þegar hart var í ári, bæði fyrir menn og skeppnur, og oft bjargað miklu. Það hefur verið talið meðal kosta á hverri jörð að hafa þangbeit.

Það er hins vegar eðlilegt, að menn hafi lengi dreymt um að nota þennan víðtæka gróður við strendur landsins í iðnaðarskyni. Þangið og þarinn blasa alls staðar við, þar sem klettar og steinar prýða strendur þessa lands. Hafin var brennsla á þangi hér á landi skömmu eftir 1900 á Seltjarnarnesi og framleitt úr því joð, en sú framleiðsla stóð aðeins skamma stund og mun því einkum hafa verið um að kenna, að joðframleiðsla úr öðrum efnum hófst um svipað leyti, og reyndist þangið þá ekki samkeppnisfært.

Fljótlega kom einnig í ljós, þegar farið var að nýta þennan gróður, að sólþurrkun í þessu skyni hér á landi er ekki eins hentug og í nágrannalöndum okkar, þar sem veður er tryggara og sólar nýtur lengur við. Því var snemma farið að leita að leiðum til þess að nota þá orkulind, sem víða blasir við, jarðhitann, til þurrkunar á þangi. Merk tilraun í þessu sambandi var gerð á árunum 1939—1941 í Hveragerði af athafnamönnum, sem enn þá standa sumir hverjir framarlega í íslenzku athafnalífi. Þar var raunar notuð eins konar blanda af sólþurrkun og þurrkun með jarðhita. Sú tilraun mistókst, e. t. v. að sumu leyti vegna þess, að styrjöldin gerði útflutning erfiðan, en mig grunar einnig, að framleiðslukostnaður hafi reynzt nokkuð mikill. Næsta tilraun er gerð um 1960 á Eyrarbakka. Þang var þar þurrkað með olíuhita. Sú tilraun mistókst einnig. Verðið reyndist fullhátt, eins og segir í skýrslu Sigurðar V.

Hallssonar, sem stóð að þeirri tilraun, sem tæknimaður. Ýmsar rannsóknir hafa farið fram á þessum málum hér á landi. Má þar nefna, að Atvinnudeild háskólans gerði, þegar á fyrstu árum þeirrar stofnunar, eða upp úr 1946, allítarlegar athuganir á þessu sviði. Stóðu að henni efnaverkfræðingar og efnafræðingar, eins og Jóhann Jakobsson og Jón Vestdal. Rannsóknaráð ríkisins beitti sér fyrir ítarlegum athugunum í kringum 1950, sem Þorbjörn Sigurgeirsson þáv. framkvæmdastjóri, Baldur Líndal efnaverkfræðingur, Hallgrímur Björnsson og fleiri unnu að. Þær tilraunir beindust einkum að uppskeru á þara, nýtingu hans og framleiðslu á alginötum í því sambandi. Raforkumálastjóri tók þessar tilraunir upp skömmu síðar, eða um 1957, sem þátt í viðleitni þeirrar stofnunar til þess að nýta jarðhita hér á landi. Var þeim síðan haldið áfram nokkrun veginn stanzlaust fram til ársins 1971, en Rannsóknaráð ríkisins tók við rannsóknunum 1967. Öll þessi ár vann Sigurður V. Hallsson að rannsóknunum, fyrst sem fastur starfsmaður Raforkumálaskrifstofunnar, síðar sem ráðgefandi verkfræðingur á samningi við Orkustofnun og loks við Rannsóknaráð.

Á þessum árum beindist athyglin fyrst og fremst að þaragróðrinum, sem er gífurlega *mikill á Breiðafjarðarsvæðinu. Það er ekki fyrr* en hætt er við þær tilraunir vegna markaðserfiðleika á árinu 1971, að athygli manna snýst aftur að þangi, sem af ýmsum ástæðum, sem áður hefur verið minnzt á, er á uppgangsleið.

Þetta hef ég rakið til þess að leggja áherzlu á, að það er langt frá því, að ekki hafi verið gerð mikil og ítarleg tilraun til þess að nýta þörungagróður við strendur landsins. Bæði hafa þar verið að verki ýmsir athafnamenn, sem hafa áorkað miklu á öðrum sviðum og sömuleiðis opinberar rannsóknastofnanir fyrr og síðar. Staðreyndin er nefnilega sú, að nýting á þessum gróðri er langt frá því að vera eins einföld og auðveld og stundum er látið í veðri vaka af *ókunnugum.*

Ég vil þá leyfa mér að gera nokkurn samanburð á þeirri þangverksmiðju, sem nú er, og þeim hugmyndum, sem áður voru uppi um verksmiðju á Reykhólum í sambandi við nýtingu á þara. Við nýtingu á þara var gert ráð fyrir að afla þarans með þarakló, flytja hann síðan að landi nokkuð langt frá verksmiðjunni við bryggju, sem er skammt frá Stað í Reykhólasveit. Þaðan skyldi flytja hann í verksmiðjuna, þurrka hann þar, flytja hann aftur út á þessa bryggju, þaðan út í Flatey og umskipa þar í skip til útflutnings. Þegar farið var að athuga þangframleiðslu með tilliti til þess markaðar, sem nú hefur boðist, kom fljótlega *í ljós, að þessi meðhöndlun á framleiðslunni* var útilokuð af hagkvæmnisástæðum. Það var allt of dýrt að umskipa þanginu svo oft sem þarna var gert ráð fyrir. Því var horfið að því ráði að gerbreyta allri framleiðslurás. Er hún í örfáum orðum þannig.

Gert er ráð fyrir því að vinna þangið með vélrænum tækjum, sérstökum sláttuvélum, sem notaðar hafa verið í Bandaríkjunum með góðum árangri og menn sem þær hafa skoðað, fullyrða, að séu mjög hentugar til skurðar á þangi við þær aðstæður, sem eru á Breiðafirði. Gert er ráð fyrir því, að frá þessum skurðvélum, eða sláttuvélum verði þangið tekið í netum af litlum bátum og flutt í stóran pramma, sem flytur síðan þangið að bryggju, sem yrði rétt við verksmiðjudyr í Karlsey út af Reykhólum. Þar yrði þangið fyrst malað, síðan skolað til þess að losna við ýmis aukasölt, sem eru á þanginu, þegar það kemur úr sjónum. Síðan yrði það þurrkað með jarðhita, þá saxað að nýju og pakkað áður en það er flutt út aftur beint frá þeirri bryggju, sem yrði við verksmiðjudyrnar.

Í þessu — og á það vil ég leggja áherzlu — felst að verulegu leyti sú hagkvæmni, sem fram kemur í áætlun um þangþurrkunarstöð á Reykhólum.

Því er þá ekki heldur að neita, að þetta fyrirkomulag krefst langtum meiri opinberra framkvæmda en gert var ráð fyrir með fyrri tilhögun á framleiðslu á þara. Nauðsynlegt verður að gera þarna bryggju. Er áætlað, að hún muni kosta um 25 millj. kr. Nauðsynlegt er að leggja veg frá Reykhólum og yfir nokkra fjöru. Er áætlað, að sá vegur muni kosta um 8 millj. kr. Raflínu verður að leggja að Reykhólum, en það hefði að sjálfsögðu þurft að gera í báðum *tilfellum. Er áætlað, að sú raflína kosti um 14* millj. kr. Bora verður að Reykhólum, og er ætlað, að boranir kosti um 12 millj. kr. með leiðslu að verksmiðjustað út í Karlsey. Samtals kosta þessar opinberu framkvæmdir um 59 millj. kr. samkv. áætlun og eru þá a. m. k. rúmlega 30 millj. kr. hærri með þeirri tilhögun, sem nú er gert ráð fyrir, en þeirri, sem áður var til umræðu í sambandi við þarann.

Áætlað er, að verksmiðjan sjálf muni kosta 128 millj. kr., en af því eru 51.5 millj. kr. vegna öflunar tækjanna. Áætlað er, að framleiðslukostnaður yrði um 42 millj. kr., en af því yrðu um 10 millj. kr. laun.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, *að aðeins er unnt* að starfrækja verksmiðjuna í u. þ. b. 7 mánuði ársins, á meðan Breiðafjörður er ekki ísilagður. Þetta veldur vissulega nokkrum erfiðleikum í sambandi við vinnuafl, og mun ég koma að því dálítið síðar.

Áætlað er, að söluverðmæti yrði um 55 millj. kr. Allt er þetta miðað við 4 þús. tonna ársframleiðslu. Rekstrarafgangur við þessa framleiðslu og samkv. áætlunum um það bil 13 millj. kr., sem samsvarar um 10% arðsemi fyrirtækisins, áður en skattar eru greiddir.

Að því er ég bezt man, hefur ekki verið minnzt á starfslið verksmiðjunnar. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði, ekki sízt fyrir byggðarlagið, og vil ég gera stuttlega grein fyrir því. *Gert er ráð fyrir,* að 4 menn yrðu fastráðnir við skrifstofustörf og stjórnun fyrirtækisins allt árið. Þá er gert ráð fyrir því, að 18 manns ynnu við þurrkun í 7 mánuði, 12 manns ynnu við öflun á þangi í 7 mánuði, en auk þess er gert ráð fyrir því, að 12 manns ynnu við öflun í 3 mánuði yfir sumarmánuðina, m. ö. o. þegar unnt er að vinna á vöktum að öflun þangs.

Um markaðinn hefur verið rætt mjög ítarlega, og þarf ég ekki að endurtaka það. Markaður fyrir þessa framleiðslu byggist fyrst og fremst

á hinu athyglisverða tilboði frá fyrirtækinu Alginate Industries í Skotlandi. En nauðsynlegt er, að það komi hér fram, að athuganir á mörkuðum hafa leitt í ljós, að aðrir markaðir eru vissulega hugsanlegir, og er sjálfsagt, að þeir verði skoðaðir betur. Fyrirtækið Alginate Industries býður 73 pund á hvert tonn af framleiðslunni, og er rekstraráætlun á því byggð.

Ég vil einnig leggja áherzlu á það, sem fram kemur í skýrslunni, að gert er ráð fyrir, að auka megi framleiðsluna upp í 10 þús. tonn á ári á tiltölulega skömmum tíma. Mun þá hagkvæmni öll batna verulega frá því, sem ég hef rakið.

Með þessar upplýsingar í huga vil ég þá minnast á þau atriði, sem komu fram í viðræðum n. við þá sérfræðinga, sem hjá henni mættu og ég nefndi í upphafi míns máls.

Baldur Líndal verkfræðingur minntist á það, að athuga þyrfti vel, hvort þarna væri nægilegur þanggróður fyrir það uppskerumagn, sem um er að ræða. Gert er ráð fyrir því, að fyrir 4000 tonn af þurrkuðu þangi þurfi rúmlega 21 þús. tonn af blautu þangi. Þessu svaraði Sigurður V. Hallsson verkfræðingur fyrst og fremst, en hann hefur athugað og unnið að þessum málum manna bezt. Hann kvaðst fullviss um það, að óhætt væri að telja 10 þús. tonn lágmarksmagn af þangi, sem vinna mætti á svæðinu, sem þarna liggur næst. Hann upplýsti, að þangið væri ríkulegt u. þ. b. hálfa leið inni í firði og með öllum skerjum og hólmum, sem eru þarna mjög margir, eins og allir vita. Hins vegar er lögð á það rík áherzla, að um leið og þessi rekstur hefst, þarf að fara fram ítarlegri athugun á þessari uppskeru og nauðsynlegt að fylgjast mjög vel með endurvexti þangsins, þar sem það er skorið

Þá benti Baldur Líndal verkfræðingur einnig á það, að í skýrslunni er minnzt á breytilegt alginsýruinnhald þangsins eftir árstíðum. Það er einna minnst á haustin. Kom fram, að nauðsynlegt er, að fyrirtækið sjálft geti fylgzt vandlega með alginsýruinnihaldinu. Hins vegar var skoðun sérfræðinganna, að ekki væri um það mikinn breytileika að ræða, að ráðið gæti úrslitum um afkomu verksmiðjunnar.

Einnig var á það bent, að í áætlunum um stofnkostnaðinn komi uppsetningarkostnaður ekki fram sérstaklega nema að litlu leyti. Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson upplýsti, að í þeim tölum, sem settar væru fram, væri gert ráð fyrir ríflegum uppsetningarkostnaði. Sömuleiðis hefur komið í ljós í tilboðum í tæki, sem þegar eru farin að berast, í sambandi við nánari könnun á kostnaði við þennan rekstur, að áætlun er öll mjög rúm. Mér virðist því mega treysta því, að tekið sé fyllilega tillit til uppsetningarkostnaðar.

Einnig er á það bent, að gera yrði ráð fyrir því, að vélar yrðu tollfrjálsar, því að um er að ræða útflutningsfyrirtæki og eðlilegt, að það njóti sömu kjara og t. d. Kísiliðjan og fleiri fyrirtæki, sem reist hafa verið til útflutnings og njóta tollfrelsis á stofnkostnaði. N. taldi hins vegar ekki nauðsynlegt, að þetta yrði tekið inn í það frv., sem nú liggur fyrir, en leggur áherzlu á, að þetta ákvæði þurfi að athuga í sambandi við samningu endanlegs frv. um þangþurrkunarfyrirtækið.

Þá kom einnig fram, að varasamt gæti verið að treysta eingöngu á þann markað, sem hið ágæta skozka fyrirtæki býður, og nauðsynlegt væri að athuga fleiri möguleika. Allir í n. og sérfræðingar, sem þar voru, voru sammála þessu sjónarmiði, en hins vegar var upplýst, að ekki hafði verið talið í verkahring þeirra, sem þessar athuganir hafa annazt til þessa, að taka upp viðræður um sölu og sölusamninga á framleiðslunni. Þetta virðist vera eðlilegt verkefni fyrir það undirbúningsfyrirtæki, sem nú á að setja á fót.

Nokkuð var rætt um óvissu í áætlunum. Kom fram hjá sérfræðingunum, eins og ég hef þegar minnzt á, að fremur megi ætla, að áætlunin sé rúm en þröng. Að vísu er ljóst, að arðsemi lækkar úr 10%, áður en skattar eru greiddir, niður í u. þ. b. 6%, ef stofnkostnaður hækkar um t. d. 20%. Aftur á móti bendir allt til þess, að uppskeran með þeim tækjum, sem gert er ráð fyrir, verði töluvert hagkvæmari, en áætlað er í skýrslunni, því að þar er byggt á aðstæðum, sem eru ólíkt erfiðari en hér eru. Þannig bendir allt til þess, að óvissa sé tiltölulega lítil.

Eðlilega er spurt, hvers vegna þyrfti þá að gera ráð fyrir undirbúningsfyrirtæki. Er ekki unnt að leggja þegar fram frv. um endanlegt fyrirtæki og ákveða þar með, að í þessa framkvæmd skuli ráðizt? Því er til að svara, að nú fara fram á vegum rn. athuganir á þessum rannsóknum og niðurstöðum. Ég fyrir mitt leyti tel slíkar athuganir sjálfsagðar. Um rannsóknarverk á vegum Rannsóknaráðs ríkisins er að ræða, en ekki hönnunarverk, og er þar töluverður munur á. Því er nauðsynlegt að bíða eftir tæknilegum athugunum, sem Baldur Líndal verkfræðingur hefur með höndum fyrir hönd rn., og sömuleiðis eftir athugunum á hagkvæmni þessa fyrirtækis, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið beðin um. Hvorugu þessu er lokið. Hins vegar er alveg ljóst, að undirbúningur fyrirtækisins má ekki bíða eftir því, að þessar niðurstöður liggi fyrir, og er það meginástæðan fyrir þeirri leið, sem valin er, að setja á fót undirbúningsfyrirtæki. Þetta fyrirtæki þarf þegar að hefja undirbúning. Því ber að láta hanna verksmiðjuna, ræða þarf við erlenda framleiðendur og ganga þarf tryggilega frá markaðsmálum öllum og frekast er unnt. Skila þarf verkinu að segja má fullsköpuðu í hendur þess endanlega fyrirtækis, sem gera verður ráð fyrir, að stofnað verði mjög fljótlega. N. sýndist við athugun á því atriði málsins, að endanlegt fyrirtæki þyrfti að vera komið á fót í marz n. k., því að ljóst er, að undirbúningsfyrirtækinu er ekki ætlað að byggja þá verksmiðju, sem hér um ræðir. Hins vegar þarf að panta dýrustu tækin, fyrst og fremst þurrktækin, þegar í marz eða apríl n. k. Nefndin leggur því ríka áherzlu á, að þegar verði haldið áfram með undirbúning endanlegs fyrirtækis, annaðhvort á vegum rn. eða á vegum þessa undirbúningsbúningsfyrirtækis, sem nú á að setja á fót.

Eins og ég nefndi í upphafi máls míns, mætti á fundi nefndarinnar fulltrúi heimamanna, oddviti Reykhólahrepps. Ég vil láta það koma fram, að hann lýsti mjög miklum áhuga heimamanna á þessu fyrirtæki og taldi, að það gæti skipt sköpum í allri þróun byggðar og atvinnulífs á þessu svæði. Það kom einnig fram hjá oddvitanum, að heimamenn eru þeirrar skoðunar, að þetta fyrirtæki eigi að meiri hluta að vera í eigu hins opinbera og heimamanna sameiginlega, ef ekki að meiri hluta í eigu hins opinbera eins.

Ég vil einnig í þessu sambandi leggja á það ríka áherzlu, að allur þáttur heimamanna í þessu starfi, bæði við rannsóknir og undirbúning þessa máls, hefur verið með ágætum. Ég vil geta þess sem dæmis um áhuga þann, sem fram kom á rannsóknum og tilraunum á nýtingu þara, að Reykhólasveit og kaupfélagið í Króksfjarðarnesi reistu sjálf og fyrir eigið fjármagn stálgrindarhús á Reykhólum og létu af hendi fyrir þau tilraunatæki, sem þar voru sett upp. Sýnir það gerst, hve mikill og raunverulegur áhugi heimamanna á þessu máli er. Eins og fram er komið, hafa heimamenn stofnað fyrirtæki til þess að koma þessu máli áfram. Oddviti Reykhólahrepps, Ingi Garðar Sigurðsson, var einn af stofnendum þessa fyrirtækis. Auk þess sem Sigurður V. Hallsson, sem mætt var á fundinum, í stjórn fyrirtækisins. Kom greinilega fram hjá þeim, að þeir töldu sjálfsagt, að fyrirtækið yrði þátttakandi í þessu undirbúningsfyrirtæki og að sjálfsögðu í hinu endanlega fyrirtæki, sem verður sett á fót.

Öllum má vera ljóst, að fyrirtæki sem þetta getur og mun hafa gífurleg áhrif á byggðarþróun á Reykhólasvæðinu. 34 menn munu fá þar vinnu 7 mánuði ársins og 12 til viðbótar, t. d. skólafólk, yfir sumarmánuðina. Ljóst er, að þessu mun fylgja mikil þróun í byggingarmálum þessarar sveitar. Það hlióta að rísa íbúðarhús fyrir þetta starfslið. Vil ég í því sambandi leggja sérstaka áherzlu á, að ekki má dragast að skipuleggja þetta svæði nú þegar með tilliti til þess atvinnuvegar, sem þarna á að rísa. Í því skipulagi er ekki aðeins nauðsynlegt að gera ráð fyrir almennu skipulagi svæðisins. Þarna eru sögustaðir, sem ber að varðveita og eru vissulega forvitnisefni fyrir þá, sem þarna koma. Ekki aðeins þarf að gera ráð fyrir skipulagi byggðar, heldur einnig fyrir allri félagslegri aðstöðu. Mér virðist t. d. ljóst, að þetta muni hafa veruleg áhrif til breyt. á áætlunum, sem þarna eru nú þegar í framkvæmd, í skólamálum og einnig heilbrigðisþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir lækni í því frv. til heilbrigðislaga, sem lagt var fram á síðasta Alþ. Með verksmiðjurekstur sem þennan á staðnum virðist mér ljóst, að á þessu þurfi að verða breyting. Fjölmörg fleiri dæmi mætti nefna um áhrif sem þessi framkvæmd mun að sjálfsögðu hafa á byggðarlagið, en ég vil ekki tefia umr. um þetta mál og afgreiðslu þess með því að fara itarlega út í það.

Eitt vil ég nefna, sem mér sýnist ljóst. Þegar þarf að hefja könnun á því, hvernig nota megi þá aðstöðu, sem hið opinbera leggur þarna til, til frekari atvinnuuppbyggingar. Sömuleiðis er afar nauðsynlegt að athuga, hvernig tryggja megi þeim fastráðnu mönnum, sem þarna starfa, vinnu þá 5 mán., sem þeir gætu ekki starfað í verksmiðjunni. Ég vil geta þess, að þegar eru uppi hugmyndir í því sambandi, jafnvel að nota mætti þessa verksmiðju að einhverju til atvinnurekstrar þennan tíma. Þá vil ég einnig geta þess, sem komið hefur fram í umr., að við byggingu þessarar verksmiðju er nauðsynlegt að gæta náttúruverndar. Fyrirtækið sem slíkt spillir ekki umhverfi sínu. Því fylgir ekki mengun, en þó er rétt að geta þess, að við skolun á þangi skolast frá því ýmis steinefni, sem á því eru, og fara að sjálfsögðu aftur til sjávar og gera þannig sjóinn í kringum verksmiðjuna nokkru steinefnaríkari en hann hefur vanda til. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá fróðum mönnum á þessu sviði, getur þetta þó ekki talizt það magn, að um mengun geti verið að ræða. Þó er nauðsynlegt og raunar skylt samkvæmt lögum að leita álits náttúruverndarráðs á þessu máli.

N. fjallar loks að sjálfsögðu um frv. sjálft, og get ég farið um það örfáum orðum. Það er augljóst, þegar frv. er lesið, að til hliðsjónar hafa verið höfð lög um undirbúningsfyrirtæki fyrir oliuhreinsunarstöð. Ekki er laust við, að við hnytum um sum ákvæði þessa frv., sem e. t. v. eiga síður við um þetta fyrirtæki en það, sem ég nefndi. T. d. kemur fram í 2. gr., að ríkisstj. skuli heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda, til samvinnu, og svipað ákvæði er að finna í 6. gr., þar sem minnzt er á erlenda þátttöku í þessum atvinnurekstri. N. var öll á þeirri skoðun, að hér væri ekki um svo umfangsmikið mál að ræða, að nauðsynlegt væri að gera ráð fyrir erlendri þátttöku í þessu fyrirtæki, og þekking raunar svo mikil þegar fyrir hendi, að slíkt væri óþarft. Auk þess er tryggð ágæt samvinna við prýðilegt fyrirtæki á þessu sviði og því ekki ástæða til að kveðja það t. d. til þátttöku í fyrirtækinu sjálfu. N. taldi þó ekki nauðsynlegt að gera brtt. við þetta. Hún taldi þessi ákvæði skaðlaus, en ég vildi þó vekja sérstaka athygli á þessari skoðun nefndarinnar.

Í sambandi við 3. gr. kom fram sú aths., að tryggt yrði að vera, að sá einn af stjórnarmeðlimum fyrirtækisins, sem ekki væri skipaður af ráðh., væri kjörinn af öðrum hluthöfum í þessu fyrirtæki. Hafði n. í huga að gera brtt. þar að lútandi, en fól mér að ræða um það mál við lögfróðan mann, sem vann að undirbúningi þessa frv. Hann fullvissaði mig um, að til þess væru fjölmörg fordæmi, að slíks væri ekki getið í l., en ávallt framkvæmt á þennan veg, sem ég hef rakið. Taldi n. því óþarft að flytja þessa brtt.

Eina brtt., sem n. flytur, er við 6. gr. frv., þar sem n. leggur til, að setningin í 2. mgr., sem hljóðar svo: „Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðh.“ — verði felld brott. Þetta gerir hún með tilliti til þess, að í 3. gr. frv. er þegar tekið fram, að tveir aðalmenn og tveir varamenn séu skipaðir af ráðh. Þar sem ég fylgdist vel með undirbúningi þessa frv., veit ég, að um mistök er að ræða í þessu sam-

bandi. 3. gr. frv. var bætt inn í það í seinni umferð, og þá leyfi ég mér að fullyrða, að láðst hafi að strika út þetta ákvæði í 6. gr. frv. Ef þetta er hins vegar nokkurt vafaatriði, er sjálfsagt, að það sé athugað við nánari meðferð þessa máls.

Með tilvísun til þess, sem ég hef nú rakið, vil ég leyfa mér að mælast til þess, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í hv. d. og í hv. Alþ., enda er um þetta mál, að því er ég fæ bezt séð, fullkominn samstaða.

ATKVGR.
1.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 152 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 13. des., að loknum 23. fundi.

Orlof, frv. (þskj. 41). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 176, sbr. 136). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef talið mér skylt að vekja athygli á mjög alvarlegu máli, sem er tilefni þess, að ég hef kvatt mér hljóðs núna utan dagskrár. Það munu vera einir 8—10 dagar síðan ríkisstj. barst í hendur álit svonefndrar valkostanefndar um aðgerðir í efnahagsmálunum. En það liggur í augum uppi, að ríkisstj. mátti vera kunnugt um aðalefni þess miklu fyrr. Henni munu hafa borizt við og við ýmsir þættir þessa máls á liðnu eða líðandi hausti, eins og að líkum lætur. Nú var það tilkynnt í ríkisútvarpinu, að þetta álit sé orðið opinbert plagg, sem áður var þó trúnaðarmál þm. En í þessu nál. er fjallað um fjármálaaðgerðir, sem eru þess eðlis, að mjög viðtæk áhrif geta haft á fjárráðstafanir einstaklinga og fyrirtækja. Má þar til nefna gengislækkun, innflutningsgjöld, margs konar skattalagningu, hækkun áfengis og tóbaks og margt fleira. Það er nú altalað, að tveir stjórnarflokkanna séu þegar orðnir sammála um gengislækkun sem eina hinna væntanlegu efnahagsráðstafana. Stangast þetta algerlega á við allar fyrri yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. varðandi efnahagsmál og fullyrðingar einstakra ráðh., þ. á m. hæstv. forsrh., sem og sjálfan stjórnarsáttmálann. En er þetta rétt eða ekki? Gerir ríkisstj. sér ekki grein fyrir því, hversu alvarlegu umróti og mismunun gagnvart þegnunum slíkt ástand hlýtur að skapa? Það er mjög óvanalegt og alvarlegt, að ástand eins og nú hefur ríkt undanfarna daga — og reyndar nokkurn tíma — geti haldið áfram í þjóðfélaginu, án þess að af því leiði verulegt tjón og mismunun e. t. v. á milli þegnanna. Ég hef talið mér skylt að aðvara hæstv. ríkisstj., en ætla ekki að öðru leyti að ræða þessi mál, nema frekara tilefni gefist til.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af þessum orðum hv. 1. þm. Reykv., en mér virtist í orðum hans liggja aðfinnslur í þá átt, að skýrslu valkostanefndarinnar hefði verið útbýtt til fjölmiðla, vil ég segja þetta: Það er að sjálfsögðu svo, að það er nokkuð síðan skýrslu þessari var útbýtt til þm. og þá sem trúnaðarmáli, og það var ekki löngu eftir að stjórnin fékk skýrsluna í hendur. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., að stjórnin hafi fengið þessa skýrslu, einstaka þætti hennar eða niðurstöður, í hendur, fyrr en hún fékk hana afhenta, þannig að stjórnin hefur ekki haft öllu lengri tíma til athugunar á þessari skýrslu en stjórnarandstæðingar.

Það hefur verið þannig, að þrátt fyrir að skýrslan væri afhent sem trúnaðarmál, hefur komizt orðrómur á kreik um það, hvað í henni stæði, og í blöðum fóru, jafnvel skömmu á eftir að skýrslunni var útbýtt, að birtast frásagnir af því, sem í henni ætti að vera. Það hafa verið sífelldar óskir frá fjölmiðlum að fá þessa skýrslu í hendur, og það er ekkert leyndarmál, sem í þessari skýrslu er, svo að ég hef talið rétt eftir atvikum, að allur landslýður ætti aðgang að henni. Það er ekki hægt að segja, að þessi skýrsla sé þannig úr garði gerð, að hún bendi ákveðið á eina leið öðrum fremur, þannig að menn geti dregið af því verulegar ályktanir, hvaða ákvörðun ríkisstj. og sá meiri hl., sem hana styður, tekur á sinum tíma. Það er þarna bent á marga valkosti, þrjár leiðir, eins og hv. þm. vita, en það eru fimm fyrirbæri af hverjum valkosti fyrir sig, þannig að á milli æðimargra möguleika er að velja. Valkostan. gerir enga ákveðna till., heldur bendir aðeins á, hvaða verkanir hver kostur fyrir sig geti haft. Ég get þess vegna ekki séð, að það hafi í för með sér sérstaka hættu, þó að menn fái það á borðið, hvað þessir visu menn segja.

Ríkisstj. hefur haft skýrslu valkostanefndarinnar til athugunar eftir að hún barst henni. En stjórnin hefur ekki enn tekið ákvörðun um

sérstakar efnahagsaðgerðir, og eru þá auðvitað hafðar í huga aðgerðir vegna fyrirsjáanlegs vanda útflutningsatvinnuveganna og niðurgreiðsluráðstafanir. Það liggur því að sjálfsögðu ekkert fyrir um það, að ákvörðun hafi verið tekin um gengisbreytingu eða tveir flokkar hafi komið sér saman um slíkt, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er ósköp eðlilegt, að það taki sinn tíma fyrir ríkisstj. að glöggva sig á og gera sér grein fyrir niðurstöðum hinnar svokölluðu valkostanefndar, því að þær eru samsettar með ýmsu móti, eins og ég benti á. Ríkisstj. hefur enn ekki unnizt tími til þess að taka nál. eða skýrsluna til svo rækilegrar könnunar, að hún hafi viljað byggja ákvörðunartöku á því. Á þessu stigi hvorki vil ég né get gefið neinar yfirlýsingar um, hverjar ákvarðanir ríkisstj. kann að taka í þessu efni. Þær gætu verið í samræmi við einhvern þeirra valkosta, sem í skýrslunni segir, en hitt gæti líka allt eins verið, að ríkisstj. teldi að athuguðu máli, að það væri eðlilegra að velja einhverja aðra leið en þar er greind eða setja þær leiðir saman á annan hátt en þar er gert ráð fyrir. Þess vegna vil ég ekki á þessu stigi vera með neinar yfirlýsingar um að útiloka neinn valkost, sem er að finna í skýrslu þessarar valkostanefndar.

Þessi valkostanefnd var þannig skipuð, að í henni áttu sæti 7 sérfræðingar með mjög mismunandi sjónarmið að segja má. Það gerðist, að þessir 7 sérfræðingar með þessi mismunandi sjónarmið og skiptu skoðanir á ýmsum hlutum urðu sammála um niðurstöður og um að benda á þau úrræði, sem er að finna í skýrslu valkostanefndar. Tel ég mjög mikil tíðindi og hika ekki við að segja, að hvað sem annars má segja um þær niðurstöður, sem er að finna í þessari skýrslu, er þar um mjög merkilega úttekt að ræða. Ég efast satt að segja um, að það hafi áður verið gerð rækilegri úttekt á þjóðarbúskapnum en er að finna í þessum gögnum, sem frá valkostanefnd hafa komið. Þegar þetta liggur fyrir, finnst mér, að það sé a. m. k. ekki hægt að lá ríkisstj. það, þó að hún vilji kanna gaumgæfilega þetta álit, áður en niðurstöður þess eru metnar eða afstaða til þeirra tekin. Það er það, sem ríkisstj. er að gera og hefur verið að gera.

Í leiðinni vil ég svo að lokum leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann sagði, að því væri m. a. lýst yfir í málefnasamningi ríkisstj., að ekki skyldi gripið til gengisfellingar. Þetta er rangtúlkun, sem hefur mjög tíðkast í blöðum að undanförnu, að ríkisstj. hafi heitið því, að hvað sem á gengi og hvernig sem allt ylti, skyldi aldrei gripið til gengisfellingar. Þetta er auðvitað alrangt. Í málefnasamningnum stendur það eitt, að gengisfellingu verði ekki beitt gagnvart þeim vanda, sem þá blasti við eftir þeim gögnum og skýrslum, sem við, sem stóðum í því að mynda ríkisstj., áttum þá aðgang að. En sá vandi var fyrst og fremst í því fólginn, að útgjöld höfðu verið ákveðin, án þess að tekna til þeirra hefði verið aflað á móti. Ég hygg, að hitt geri engin ríkisstj. og hafi aldrei gert, að lýsa því yfir, að um alla eilífð eða á meðan hún situr skuli aldrei gripið til gengisfellingar. Með þessu er ég á engan hátt að gefa í skyn, að það verði gripið til gengisfellingar. Ég vildi aðeins með þessu leiðrétta þá rangtúlkun, sem mér hefur þótt vera á þessu ákvæði stjórnarsáttmálans.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það má segja um það, þegar farið er að ræða um stjórnarsáttmálann, að þau tíðkist nú hin breiðu spjótin, því að mikið af tíma þingsins fyrr og síðar hefur farið í að kýta um þennan ágæta sáttmála. En við skulum láta það liggja á milli hluta. Ég vil aðeins árétta það, að ég var út af fyrir sig ekki að finna að því, að opinberað væri álit valkostanefndarinnar. Ég get verið sammála hæstv. forsrh. um, að það er vel unnið plagg og vel þess virði, að það sé gaumgæft. En það, sem ég er að átelja, er, að ríkisstj. sitji við völd og láti danka dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð og skapi með þessu ófremdarástand í þjóðfélaginu, sem enginn sér fyrir í dag, hvaða afleiðingar hefur. Veit hæstv. forsrh. nokkuð um það, hvort menn séu farnir að gera ráðstafanir til þess að greiða erlendar skuldir sínar bara vegna þess umtals, sem upp hefur komið undanfarna daga bæði hér í þingi, í blöðum og annars staðar um væntanlega gengisfellingu? Veit hæstv. forsrh. nokkuð um það, hvaða ráðstafanir fólk er farið að gera vegna sífellds tals um hækkun áfengis eða tóbaks eða annarra skatta, sem bæði hann og aðrir ráðh. hafa verið orðaðir við, innflutningsgjald eða vaxandi söluskatt? Gera menn sér ekki grein fyrir því, að hér hvílir sú skylda á ríkisstj. að hafa hraðann á, og það er það, sem ég er að átelja, þetta úrræðaleysi og þessi sífelldi dráttur. Ríkisstj. bað um frest í júlímánuði í sumar. Þjóðina undraði það stórkostlega, að ríkisstj. skyldi ekki vera búin að átta sig á, hvað gera skyldi, áður en Alþýðusambandsþing kom saman. Ég vil taka það fram, að þegar hæstv. ráðh. leiðrétti sem misskilning hjá mér, að ríkisstj. hefði fengið einstaka þætti álitsins, áður en hún fékk álitið í heild, þá má vera, að þetta sé rétt hjá honum. En ég vil þá segja, vegna hvers ég sagði þetta, að mér var kunnugt um, að fulltrúum alþýðusamtakanna voru gerðir kunnugir ýmsir þættir þessa máls af skýrslu, sem ríkisstj. hafði með höndum fyrir mánuðum síðan.

Það er ekki hætta í því fólgin að birta skýrslur eins og nál. valkostanefndarinnar. En það er hættulegt að láta reka á reiðanum. Án þess að ég fari nánar út í það, þá aðvaraði ég ríkisstj. af því tilefni, og ég aðvara hana enn að láta ekki líða daga og vikur án aðgerða með því umtali, sem er í bænum og alls staðar á landinu um hugsanlegar aðgerðir.

Ég skal svo loks minnast á það, sem hæstv. forsrh. vildi leiðrétta úr stjórnarsáttmálanum, að ríkisstj. hefði aðeins sagt, að hún mundi ekki fella gengið gagnvart þeim vanda, sem þá var við að glíma. Ja, það má, eins og ég segi, skýra á ýmsan hátt það, sem í stjórnarsáttmálanum er sagt, en þá hlýtur það að vera, ef ríkisstj. er núna að hugsa um gengisfellingu, að sá vandi sé kominn í hennar stjórnartíð, að hún telji ekki hjá því komizt að fella gengi.

Þá getur hún þakkað sér gengisfellinguna núna, sem hún hefur verið að klína á aðra fram að þessu. Og þó að það hafi verið í tíð fyrrv. ríkisstj., sem gengið var fellt 1960, þá vissu það allir, að þá var ríkisstj. að moka flór fyrrv. ríkisstj. Það var fjölgengi hér í landinu og það úrræðaleysi, athafnaleysi og vandræði, sem alls staðar blöstu við, sem verið var að gera úttekt á. Þannig var uppskriftin á þjóðarbúskapnum þá, en uppskriftin og úttektin á þjóðarbúinu, sem nú hefur verið gerð er öðruvísi. Það er alveg rétt.

Í öðrum löndum hefur það verið svo, að ef kvisazt hefur um hugsanlegar skattalækkanir, ég tala ekki um gengisfellingar og annað slíkt, og einhverjir ráðh. hafa verið taldir bera sök á því, þá hafa þessir ráðh. verið látnir segja af sér. Úrræðaleysið hjá núv. ríkisstj. er einstætt, — að leggja fyrst fram marklaus fjárlög og nú 13. des. eru fjárl. enn marklaus, og okkur er sagt, að við eigum að ræða þau við 2. umr. á morgun. Það vita allir, að það er marklaus umr., þegar enginn veit, hvað ríkisstj. ætlar að gera. Allt þetta úrræðaleysi og fálm vil ég átelja. Það er í raun og veru orðið svo gegndarlaust, að ég býst við, að það sé almannarómur, að ríkisstj. væri sæmst að segja af sér. En látum það liggja á milli hluta. Ég hef komið hér á framfæri aðvörun minni við ríkisstj. um að fljóta ekki sofandi að feigðarósi, og ef hún hefur einhver úrræði í huga, þá á hún að grípa til þeirra, áður en úrræðaleysið, töfin og biðin veldur meiri skaða en orðið er.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki tala eins hátt og hv. síðasti ræðumaður. Ég held satt að segja, að sá vandi, sem fyrir hendi er, verði ekki leystur með hávaðanum einum, og ég held ekki heldur, að það flýti neitt fyrir ákvörðunum hjá stjórninni, þó að talað sé um það í þeim tón, sem hv. síðasti þm. gerði. En hann vildi koma á framfæri aðvörun, og það er sjálfsagt að taka því vel, þegar það er vel meint.

Hv. þm. talaði um, að mikil vandræði muni hljótast af því, að ekki lægju fyrir ákvarðanir, og nefndi í því sambandi, hvort mér væri kunnugt um það, að farið væri að „spekúlera" með gjaldeyri, erlendan gjaldeyri. Út af því vil ég segja það, að mér hafa ekki borizt til eyrna neinar fréttir frá viðskiptabönkunum um, að óeðlilegar gjaldeyrisyfirfærslur ættu sér stað nú. Ég geri ráð fyrir því, að á þessum tíma sé jafnan mikið um gjaldeyriryfirfærslur í viðskiptabönkunum. En það er sjálfsagt, að taka slíkt til athugunar, ef það er svo, að slíkt eigi sér stað. En ég hef ekki orðið var við það. Hvort meira hefur kveðið að sölu áfengis nú að undanförnu en áður, skal ég heldur ekkert um segja. Ég hef ekki komið í þær búðir og ekki kynnt mér það sérstaklega. En hitt veit ég, að það er vandamál, sem hefur oft borið á góma, að áfengisneyzla og áfengiskaup þar af leiðandi væru heldur meiri en æskilegt væri í þjóðfélaginu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að sér væri kunnugt um, að fulltrúum í Alþýðusambandsstjórn hefðu borizt þættir úr skýrslu valkostanefndar, þá vil ég upplýsa það, að í skipunarbréfi n. var það beint tekið fram, að hún skyldi hafa sérstakt samráð við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Það samráð hygg ég, að hafi fyrst og fremst verið í því fólgið, að fulltrúar frá báðum þessum aðilum ræddu við hagrannsóknastjóra og hagrannsóknastjóri lét þessum aðilum í té sem trúnaðarmál þætti úr þessari skýrslu, jafnóðum og þeir urðu til. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að það hafi aldrei verið gert neitt þar upp á milli fulltrúa Alþýðusambandsins og fulltrúa Vinnuveitendasambandsins. (JóhH: Ekki heldur fulltrúa ríkisstj.?) Ekki heldur fulltrúa ríkisstj.? (Gripið fram í.) Nei, það er ekki rétt. Við fengum hana ekki í hendur fyrr en tilsettan dag, sem ég hef dagsett í bréfi þar um, þegar hún barst mér í hendur. Mér bárust í hendur öll eintökin, sem ríkisstj. fékk, og ég útbýtti þeim á ríkisstjórnarfundi. Þetta vildi ég aðeins taka fram.

Hitt er svo augljóst mál, að það er áhugamál stjórnarinnar, að það verði sem fyrst tekin ákvörðun um efnahagsmálin, og ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er óheppilegt, að það verði á því langur dráttur. Annað mál er, að sjálfsagt gætu þeir, sem sögufróðir eru, rakið ýmis dæmi úr þingsögunni um, að það hafi verið annasamir dagar fyrir jól og jafnvel að það hafi átt sér stað, að bjargráð þau, sem í burðarliðnum voru, hafi ekki birzt fyrr en á nýju ári. En það ætla ég ekki að fara að rifja upp hér. Það þjónar engum tilgangi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir orð hv. 1. þm. Reykv. hér, þegar hann aðvarar hæstv. ríkisstj. og bendir henni á, hversu nauðsynlegt það sé, að hún geri sér nú þegar grein fyrir því, til hvaða ráðstafana þurfi að grípa í sambandi við þær aðgerðir, sem fram undan eru. En varðandi þá fsp. eða það svar, sem hæstv. forsrh. kom með út af hugleiðingum hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann minntist á, að eina af þeim leiðum, sem valkostanefndin hefur bent á, muni tveir af stjórnarflokkunum hafa samþykkt, þá kom hæstv. forsrh. hér og lýsti því yfir, að svo mundi ekki vera. (Forsrh.: að svo væri ekki.) Að svo væri ekki. Mig langar þess vegna til að snúa þessari spurningu við og spyrja hæstv. forsrh. og hv. 4. þm. Norðurl. v., hvort rétt sé — (Gripið fram í: Hann á ekki sæti í d.) Rétt, hann á ekki sæti í d., en við höfum hér hæstv. 3. þm. Reykv., hæstv. iðnrh. Mig langar til að spyrja þessa tvo ráðh., hvort rétt sé, að einn stjórnarflokkanna hafi þegar afneitað einni af þeim leiðum, sem valkostanefndin hefur bent á, hvort flokkur hæstv. iðnrh. hafi afneitað einni af þeim leiðum, þ. e. a. s. gengislækkunarleiðinni. Ég vildi mjög gjarnan, að annar hvor ráðh. svaraði þessari spurningu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. En ég hefði kunnað betur við, að hæstv. ráðh. hefðu svarað fsp., sem hér var fram borin áðan, áður en ég kom í pontuna, því að ráðh. eiga forgang að því að taka til

máls á undan þm. En það var hæstv. forsrh., sem gaf mér tilefni til þess að biðja um orðið.

Hæstv. ráðh. sagði: Það er alls ekki rétt túlkun á málefnasamningnum, að ríkisstj. hafi heitið því að hafa aldrei gengislækkun í stjórnartíð sinni. Það, sem átt er við í stjórnarsáttmálanum, sagði ráðh. er það, að ríkisstj. mundi ekki beita gengisbreytingu við þann vanda, sem við blasti, þegar hún tók við völdum. Þetta kemur auðvitað engum á óvart, vegna þess að hæstv. forsrh. hefur lýst því, hvernig ástandið var í þjóðfélaginu við stjórnarskiptin. Hann hefur gefið vottorð um það áður. Það fór fram allnákvæm úttekt á þjóðarbúinu við stjórnarskiptin. Hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu í nóv. 1971 um það, hvernig ástand atvinnuveganna og þjóðarbúsins var, og það var glæsilegt. Það var svo glæsilegt, að hæstv. ríkisstj. taldi fært að lofa 20% kauphækkun á tveimur árum, styttingu vinnuviku og lengingu orlofs. Það undrar engan, þótt hæstv. ráðh. hafi ekki þá verið í huga gengislækkun.

Hæstv. ríkisstj. tók við góðu búi, blómlegu búi. En það er nú, sem allt er komið í strand, allt er komið í öngþveiti. En hæstv. forsrh. talaði síðast í sjónvarp í haust og lýsti því yfir, að þessi ríkisstj. mundi ekki framkvæma gengislækkun. Ég man eftir því, að ég horfði á ráðh. segja þetta. Ég man ekki nákvæmlega, hvenær þetta var. Ég hygg, að það hafi verið í okt. Hæstv. fjmrh. var á fundi austur á Selfossi, að ég ætla 10. nóv. s. l., og blað framsóknarmanna á Suðurlandi segir frá þessum fundi. Það er feitletruð fyrirsögn á frásögninni innan gæsalappa, höfð eftir hæstv. fjmrh. Þessi ríkisstj. fer ekki út í gengisbreytingu. Það er ekki lengra síðan en 11. nóv. s. l., sem þetta er haft eftir hæstv. fjmrh. Ég er alveg sannfærður um, að ritstjóri Þjóðólfs hefur haft þetta rétt eftir ráðh. Þetta er innan tilvitnunarmerkja. Ég er einnig viss um það, að hæstv. fjmrh. þrætir ekki fyrir að hafa sagt þetta. Fleiri ráðh. hafa sagt eitthvað þessu líkt.

Mér þykir út af fyrir sig vænt um, að hæstv. forsrh. gefur enn fyrrv. ríkisstj. góðan vitnisburð og segir, að það hafi alls ekki verið meiningin að beita gengislækkun við þann vanda, sem blasti við á miðju sumri 1971. Þá var vandinn ekki stór. Ef ríkisstj. hefði hafzt eitthvað að, þegar verðstöðvunarlögin runnu út á því ári, í stað þess að halda að sér höndum, þá væri ekki við þann vanda að etja, sem nú er. Það er grátlegt, að það skuli nú vera talað um 15—16% gengislækkun í því góðæri, sem verið hefur. Það hefur verið góðæri, síðan núv. ríkisstj. kom til valda, bæði til lands og til sjávar. Það blandast engum hugur um það. Þegar gengisbreytingin var gerð á árunum 1967—1968, minnkuðu útflutningstekjur landsmanna um 50%, og þá skildu flestir, nema sumir í fyrrv. stjórnarandstöðu, að þörf var á aðgerðum. Síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða aukizt. Það hefur aukizt frá 1970 úr 10 þús. millj. í 11 þús. og 5 hundr. millj. 1971 og spáin er, að það aukist um 9% á þessu ári eða í 12500 millj. Á þeim tíma, sem þetta gerist, er talað um hallærisráðstafanir og gengislækkun. Það segja sumir, að þetta sé í samræmi við margt annað.

Hæstv. forsrh. sagði í viðtali við dagblaðið Vísi í gær, að það væri meinigin að afgreiða fjárlög fyrir jól, en fólk gæti haldið jólagleði, því að skattarnir mundu tæplega koma fyrir jól. En samt á að afgreiða fjárlög. Nú er verið að útbýta brtt. fyrir 2. umr. Þessar brtt. eru ekkert háar. Þær eru lítill hluti af því, sem koma skal. En alþm. eiga að ræða 2. umr. á morgun og sennilega ljúka henni aðra nótt án þess að hafa hugmynd um, hvað í farvatninu er, hvað fjárl. munu raunverulega hækka og hvaða tekjuöflun ríkisstj. ætlar að hafa til þess að brúa það bil, sem er bæði á fjárl. og framkvæmdaáætluninni.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki við þetta tækifæri að fara að halda neina eldhúsdagsræðu yfir hæstv. ríkisstj., en ég gat ekki að mér gert, þegar hæstv. forsrh. fór að tala um, að það, sem í Ólafskveri stæði, væri rangtúlkað, ef sagt væri, að ríkisstj. hafi lofað því, að framkvæma ekki gengislækkun á valdatímabilinu. Ég held, að allir þm. og allir, sem hafa lesið þetta kver, jafnvel þótt þeir hafi ekki lesið það nema einu sinni, hafi skilið það svo, að ríkisstj. mundi ekki framkvæma gengislækkun á valdatíma sínum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrst efnahagsvandamálin, sem við er að etja í íslenzku þjóðfélagi í dag, og þann augljóslega ágreining, sem um lausn þeirra er innan stjórnarflokkanna, hefur borið á góma hér utan dagskrár á hinu háa Alþ., finnst mér rétt að láta eitt sjónarmið koma fram. Ég skal ekki lengja þessar umr. og ætla ekki að gera nein efnisatriði málsins að umræðuefni, en hitt finnst mér rétt, að látið sé í ljós og undirstrikað mjög sterklega, að það ástand, sem hefur skapazt undanfarna daga í íslenzku viðskiptalífi og íslenzkum gjaldeyrismálum, er mjög alvarlegt. Ég hef það lengi farið með forstöðu viðskrn. og þar með yfirstjórn íslenzkra gjaldeyrismála, að ég geri mér vel ljóst, hverjar hættur fylgja því, ef það ástand, sem verið hefur hér undanfarna daga og er í dag, helzt öllu lengur. Ég segi þetta til þess að hvetja ríkisstj. sterklega, — og þessum orðum fylgir hinn mesti alvöruþungi, til þess að taka ákvarðanir sínar sem allra fyrst. Af því gætu hlotizt ófyrirsjáanlegar afleiðingar í viðskiptamálum og gjaldeyrismálum, ef ekki er höggvið á þann hnút, sem nú þarf að höggva á, innan mjög skamms tíma, innan örfárra daga. Þess eru dæmi frá fyrri tímum, fyrir löngu, að ástand hafi skapazt líkt þessu, sem nú á sér stað, og um það eru dæmi, sem mörgum eru kunn, sem ollu eftir á stórkostlegum vandkvæðum, deilum og meira að segja málaferlum. Það er vegna þessa, sem ég vildi vara hæstv. ríkisstj. við. Á þessari stundu er ástandið orðið þannig, að það má með engu móti dragast úr hömlu, að úr þeim vanda, sem við er að etja, verði leyst, á hvaða hátt sem það kann að verða gert. Aðalatriðið er, að lausnin finnist og ákvörðun verði tekin. Til þess gefst nóg tilefni síðar að ræða og deila um það, hvort sú ákvörðun, sem tekin verður, er rétt eða röng. En það, sem ég vildi ekki láta ósagt við þetta tækifæri,

er það, að ákvörðun verður að taka og það sem allra fyrst, án þess að frekari frestur verði á.

Forseti (GilsG): Ég hafði vænzt þess, að þessar umr. utan dagskrár snerust fyrst og fremst um formsatriði, ef svo má segja, en þær snerust ekki upp í almennar umr. um efnahagsmál, því að miklu eðlilegra er, að þær fari fram undir öðrum dagskrárlið heldur en utan dagskrár. Tveir hv. þm. hafa þegar kvatt sér hljóðs, og ég vænti þess, að þeir sjái sér fært að lengja þessar umr. ekki úr hófi fram, svo að hægt verði að ganga til dagskrár, áður en langt um líður.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um að lengja ekki þessar umr. úr hófi fram, en ástæðan til þess, að ég vildi taka hér til máls nú, var einfaldlega sú, að hæstv. forsrh. ræddi hér, að mér fannst, mjög einkennilega um gengisfellingarhugtak málefnasamnings hæstv. ríkisstj.

Það mun hafa verið í okt. eða nóv. á s. l. ári, sem ég spurði hér hæstv. ráðh. um það, hvort ríkisstj. hefði gert málefnasamninginn að yfirlögðu ráði, hvort hún hefði kannað gögn um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum og sérstaklega, hvort ákvæði samningsins um loforð til launþega um 20% rauntekjuhækkun á tveim árum, lengingu orlofs og styttingu vinnutíma væru byggð á þessum gögnum. Og hæstv. ráðh. kom hér í ræðustól og staðfesti, að þessi samningur hefði verið gerður, — eins og mig minnir, að hann orðaði það, — að vel yfirlögðu ráði og þá í samræmi við þá úttekt á þjóðarbúskapnum, sem þá var gerð. Það liggur í augum uppi, að það væri eins og hver annar barnaskapur að tala um það, þegar ástand þjóðarbúskapsins er þannig, að ekki eigi að leysa „vanda", sem þá steðjar að, með gengisfellingu. Það er svo mikill barnaskapur, að ég vil ekki ætla hæstv. ríkisstj. einu sinni, að hún hugsi þannig, og þaðan af síður, að hún setji slíkt á pappír, þannig að mér kom mjög á óvart þessi túlkun hæstv. ráðh. á gengisfellingarhugtakinu í málefnasamningnum, og ég vildi gjarnan, að hann skýrði þetta örlítið nánar, ef tími ynnist til nú við þessar umr., þótt utan dagskrár séu.

Nú blasir hins vegar við sá vandi, eftir því sem er álit sérfræðinga ríkisstj. og kemur fram í nál. valkostanefndarinnar og er þegar búið að dreifa til fjölmiðla, — þannig að það má telja, að um það megi ræða hér á hv. Alþ., — að það vantar um 5 000 millj. kr. til þess að ná endum saman í fjáröflun ríkisins, og þá eru með talin upphafleg áform í sambandi við framkvæmdaáætlun og eitthvað á milli 1 og 2 þús. millj. kr., til þess að atvinnuvegirnir nái saman endum á næsta ári, og það, sem alvarlegast er, það hefði stefnt að óbreyttu, segja sérfræðingarnir, í 6 000 millj. kr. viðskiptahalla á næsta ári. Við slíkar aðstæður er augljóst, að gengi krónunnar er fallið. Það vita það allir, hvernig sem á því verður gripið, hvort það verður viðurkennt í reynd með nýrri gengisskráningu eða hvort um verður að ræða einhverjar aðrar ráðstafanir, að auðvitað er gengið fallið við slíkar aðstæður. En ég vil endurtaka það hér í sambandi við þetta: Hvern skilning leggur hæstv. ráðh. í málefnasamninginn? Er það virkilega svo, að hann telji, að á þeim tíma, sem málefnasamningurinn var gerður, hafi þurft að segja, að það ætti ekki að beita gengisfellingu, og nú, þegar svo sé ástatt, að þess sé þörf, þá sé verið að ræða um það að fara aðrar leiðir í því að leysa efnahagsvandann.

Ég vil svo að lokum ítreka það, að sá augljósi ágreiningur, sem er innan ríkisstj. um lausn á efnahagsvandanum, hefur valdið og mun sjáanlega valda frekari drætti á því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að leysa þann hrikalega vanda, sem nú blasir við. Og mér er sagt, — ég veit ekki sönnur á því, — að stjórnarflokkarnir sitji nú á fundum og geri eina og aðra samþykkt í sambandi við þennan vanda, en hafi ekki samráð sín á milli um þetta og t. d. að einn stjórnarflokkurinn hafi í gær hafnað gengislækkunarleið. Ég vil í því sambandi ítreka þá spurningu, sem hér kom fram frá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen: Er það rétt, að Alþb. hafi á fundi í gær hafnað þessari leið? Við sjáum, að við slík vinnubrögð, þegar flokkarnir sitja hver í sínu horni og eru að fjalla um þennan vanda, þá hlýtur að verða óhæfilegur dráttur á ráðstöfunum, og því vil ég mjög taka undir aðvörun bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 7. þm. Reykv. í þessu máli.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal vissulega verða við tilmælum hæstv. forseta um að tefja ekki umr. neitt úr hófi fram. Ég vildi aðeins leyfa mér að beina til hæstv. forsrh. tveimur fsp., sem ég tel eðlilegt og nauðsynlegt, að bæði þm. og þjóðin öll fái svar við. En það er í fyrsta lagi, hvort fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir verði lagðar fram og afgreiddar hér, áður en þm. fara í jólaleyfi, og í sambandi við það, hvort 3. umr. um fjárl. sé þegar ákveðin nú fyrir jól, áður en þm. fara heim?

Ég spyr um aðgerðir í sambandi við efnahagsmálin vegna þess, að á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna í nóv. s. l. gaf hæstv. sjútvrh. mjög sterk fyrirheit um það, að hann mundi hafa samráð við forráðamenn sjávarútvegsins og stefna að því, að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna yrði ákveðinn fyrir áramót. Nú eru aðeins eftir nokkrir dagar, aðeins ein vika til að afgreiða fjárl., og ef á að afgreiða efnahagsmálin einnig, þá fara nokkrir dagar til þess. Ég tel því alveg nauðsynlegt, að fram komi nú við þessar umr. yfirlýsing frá hæstv. forsrh. um það, hvort þessi mál verða raunverulega afgreidd fyrir jól eða hvort atvinnuvegirnir eiga að bíða fram yfir áramót með að fá ákveðinn sinn rekstrargrundvöll. Það er mjög mikilvægt atriði fyrir þjóðarheildina, að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins og atvinnuveganna verði ákveðinn það tímanlega, að ekki komi til stöðvunar um n. k. áramót.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil svara í stuttu máli þeim fsp., sem hv. 3. þm. Sunnl. beindi til mín.

Eins og ég hef áður sagt, hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um sérstakar efnahagsaðgerðir. Þess vegna get ég ekki gefið yfirlýsingu um það, hvort þær verða afgreiddar fyrir jól eða ekki. En að sjálfsögðu verður leitazt við að flýta þessum málum, eftir því sem kostur er.

Að sjálfsögðu er það svo, að það er ekki algild regla, að þm. fari burt í jólafrí. Það hefur að vísu oft verið hafður sá háttur á, að það hefur verið veitt samþykki af Alþ. hálfu til frestunar á fundum Alþ. til 20. jan. eða um það bil. En ef ekki verður búið að ganga frá þessu fyrir jól, tel ég það eðlilega ósk af hálfu stjórnarandstöðunnar og mun taka hana til greina, að þingið sitji og geti komið saman til fundar hvenær sem er milli jóla og nýárs og strax eftir nýárið, eftir því sem á þarf að halda.

Í öðru lagi spurði hann um það, hvort stefnt yrði að því, að 3. umr. fjárl. lyki fyrir jól. Svarið við þeirri spurningu er já. Það er stefnt að því. Það er stefnt að því að afgreiða fjárlög fyrir jól. Út af því, sem hann sagði varðandi samninga við sjávarútveginn, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að þeir samningar geti hafizt, þó að ekki sé búið endanlega að taka ákvörðun um það, í hverju efnahagsaðgerðirnar verða fólgnar, því að það er ein forsenda, sem menn ganga út frá í öllum þessum umr. um efnahagsmál. Hún er sú, að það verður að skapa útflutningsatvinnuvegunum rekstrargrundvöll.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lét vera að svara þeirri fsp., sem ég beindi til hans áðan varðandi afstöðu eins stjórnarflokkanna til gengislækkunarleiðar valkostanefndarinnar. Má vel vera, að honum sé ekki kunnugt um, hvað þar hafi verið samþykkt og hverjar séu hugmyndir í þeim flokki. Mig langar þá til þess að ítreka þessa spurningu mína til hæstv. heilbr.- og iðnrh., sem situr hér í hliðarherbergi, hvort hann muni ekki vilja upplýsa þingheim um það, sem hér hefur komið fram og heyrzt hefur utan þinghúss, að flokkur hans hafi í gær látið í ljós skoðanir sínar á einni af þeim leiðum, sem valkostanefndin hefur bent á, þ. e. a. s. gengisfellingarleiðinni. Hæstv. ráðh. gerði hér í ræðu á Alþ. í gær samtengingu á milli gengislækkana og afbrotahneigðar unglinga og lýsti skoðunum sínum í þeim efnum. Ég veit, að það væri fróðlegt fyrir þessa hv. d., ef hæstv. ráðh. vildi tjá sig í þessum málum, sem hér hafa verið til umr. utan dagskrár í dag, og þá sérstaklega um það, hvort það sé rétt með farið, að flokkur hans hafi tekið ákvarðanir varðandi eina af þessum valkostaleiðum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér finnst vera mikið langlundargeð hjá hæstv. forseta að telja, að umr. af þessu tagi, sem hér hafa farið fram í dag, séu innan ramma eðlilegra þingskapa. Ég er ekki þeirrar skoðunar, og ég er ekki hér til þess að láta neina hv. þm. yfirheyra mig um eitt eða annað. Ég mun gera hér grein fyrir stefnu míns flokks í sambandi við úrræðin, þegar þau liggja fyrir. En ég er ekki hér til þess að svara neinum yfirheyrsluspurningum frá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen eða öðrum.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 80). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 80, sem hér er nú til 1. umr., er búið að vera með þeim ágætum að vera hér oft á dagskrá, en tekið út á víxl með samkomulagi milli mín og eins hv. þm., en sér nú dagsins ljós sem þingmál, sem fyrir er talað. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 23 marz 1972, um breyt. á l. nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Og það er sérstakt atriði í þessum lögum, sem afgreitt var með brbl. í sumar og var til nokkurrar umr. þá.

Ástæðan fyrir því, að þessi breyting var gerð, felst í því, sem ég mun nú skýra frá:

Við þá breytingu á almannatryggingakerfinu að tryggja þeim tekjulægstu lágmarkstekjur og með þeim hækkunum, sem orðið hafa, bæði á almennum elli- og örorkulífeyri frá 1. ágúst 1971 og síðar á fjárhæð lágmarkstekjutryggingar, var talið óframkvæmanlegt að afla fjár til almannatryggingakerfisins á sama hátt og áður hefur verið gert, þar sem persónuskattar hefðu þá orðið mjög tilfinnanlega háir á tekjulágu fólki og ekki sízt skólafólki og þar með fjölskyldum þess. Sú ákvörðun var tekin við endurskoðun skattalaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga að breyta kerfinu á þann hátt að fella niður persónuskatta til almannatrygginga og sjúkrasamlaga og enn fremur að fella niður framlag sveitar- og bæjarfélaga til almannatrygginga og að hálfu framlag þeirra til sjúkrasamlaga, en tekna til að mæta þessum auknu útgjöldum yrði aflað með tekjuskatti. Þeir aðilar, sem njóta elli- og örorkulífeyris, nutu hins vegar ekki þeirra hlunninda, er af niðurfellingu persónuskattanna leiddi, þar sem greiðsluskylda þeirra hafði fallið niður við það að öðlast rétt til elli- og örorkulífeyris. Hins vegar hefur þetta fólk notið 48% hækkunar á elli- og örorkulífeyri frá 31. júlí 1971 til þessa. Svo sem verið hefur, eru elli- og örorkulífeyrisþegar skattskyldir til tekjuskatts samkv. skattal. frá síðasta vetri af tekjum þeirra, sem skattskyldar eru. Það hefur komið í ljós við skattaálagningu, að af 9500 einhleypum ellilífeyrisþegum höfðu 2600 það háar tekjur, að þeim var gert að greiða tekjuskatt, og af 4500 hjónum, er ellilífeyris njóta, var tekjuskattur lagður á 2800, eða af 14 þús. ellilífeyrisþega var lagður tekjuskattur á 5400 eða 38.6%. Engar sambærilegar tölur eru til fyrir örorkulífeyrisþega, en þeir eru 3500 talsins samkv. upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins. Þar sem ellilífeyrisþegar hafa engan hag af því, að niður voru felldir persónuskattar af ástæðum, sem áður eru skýrðar, og þrátt fyrir hækkaðan ellilífeyri þótti rétt að huga sérstaklega að skattlagningu þessa fólks. Í skattal. frá því í marz s. l. var því sem kunnugt er sett nokkur ívilnun fyrir aldraða gjaldendur, hins vegar engin sérstök kerfisbundin ívilnun fyrir örorkulífeyrisþega. Sama

gilti um skattalögin 1971 óbreytt. Þar var gert ráð fyrir sérstökum frádrætti fyrir aldraða, en ekki fyrir örorkulífeyrisþega. Við álagningu tekjuskatts í sumar hefur orðið augljóst, að þessi ívilnun nær engan veginn því marki, sem að var stefnt, að draga úr tekjuskattsgreiðslum þeirra ellilífeyrisþega, er minna máttu sín tekjulega. Af þeirri ástæðu eru þessi brbl. sett.

Ákvæði brbl. byggjast á því, að þau auka þá ívilnun, sem áður var veitt, þannig, í stað þess að miða við að hámarki 5 þús. kr. tekjuskattsniðurfellingu hjá öldruðum, að miða við 22 þús. kr. hjá hjónum og 14 þús. hjá einhleypum. Þessar tölur eru valdar þannig, að þær svara nokkurn veginn til þeirra persónuskatta, sem lagðir hefðu verið á að óbreyttu tekjuöflunarkerfi trygginganna. En í stað þess að láta lækkun réna, eins og er í núgildandi reglum, þannig að hún hverfi alveg, þegar skatturinn nær 10 þús. kr., teygir þetta kerfi sig með einhverjum ívilnunum upp í 56 þús. kr. skatt hjá einhleypum og 88 þús. kr. skatt hjá hjónum. Þessi ívilnun þýðir, að einhleypir eru tekjuskattsfrjálsir allt að 200 þús. kr. nettótekjum og greiða ekki óskertan tekjuskatt, þ. e. a. s. tekjuskatt af sömu tekjum og aðrir gjaldendur, fyrr en við 300 þús. kr. nettótekjur miðað við tekjur ársins 1971. Enn fremur má nefna sem dæmi, að tekjuskattur að upphæð 25 þús. kr. hjá einhleypum lækkar um 10 þús. kr. og skattur að upphæð 35 þús. kr. lækkar um 7 þús. Fyrir hjón yrðu þessar tölur þannig, að þau yrðu tekjuskattsfrjáls allt að 300 þús. kr. nettótekjum og greiða ekki óskertan tekjuskatt fyrr en við 450 þús. kr. nettótekjur. Tekjuskattur hjóna upp að upphæð 38 þús. kr. lækkar um 16 700 kr., og skattur að upphæð 55 þús. kr. lækkar um 11 þús. kr. fyrir ofan tekjumörkin 300 þús. kr. hjá einhleypum og 450 þús. kr. hjá öðrum öldruðum. Hins vegar er öðrum öldruðum ætlað að leggja eins og öðrum mönnum með sömu tekjur og framfærslubyrði til almannaþarfa og tekjuöflunar og taka þátt í því sem aðrir að tryggja þá tekjulægstu í hópnum, aldraða og öryrkja, svo að þeir njóti lágmarkstekna, og forða þeim tekjulægstu í hópi hinna yngri frá því að greiða háa persónuskatta, enda eru í hópi gjaldenda 67 ára og eldri gjaldendur, sem enn þá eru í fullri atvinnu.

Að lokum má benda á, að af hinni nýju ívilnun samkv. brbl. leiðir, að af 4500 öldruðum hjónum þurfa 2100 að greiða einhvern tekjuskatt, þar af þó aðeins 1200 óskertan skatt. Af 9500 einhleypum öldruðum þurfa 1850 að greiða einhvern tekjuskatt og þar af 700 óskertan. Niðurstaðan er því sú, að af öldruðum gjaldendum greiða í heild 4000 eða 28.6% tekjuskatt, þar af 1900 eða 13% óskertan tekjuskatt.

Með brbl. er, eins og hér að framan hefur verið lýst, ákveðin almenn kerfisbundin ívilnun fyrir aldraða gjaldendur og örorkulífeyrisþega. Í sumum tilfellum, sem af eðlilegum ástæðum eru algengari hjá þessum hópi en öðrum, kann þessi ívilnun að vera ónóg. Þegar svo stendur á, að tekjur í ár eru mun minni en í fyrra vegna veikinda og gjaldþolið því skert. En þá ætti að koma til heimildarákvæði í 52 gr. skattal., sem í þessu sambandi er sérstök ástæða til að vekja athygli á.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þeirri ástæðu, sem lá til þess, að þessi lög voru gefin út sem brbl. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort það á að vera svo, að aldur skuli verða til þess að gera fólk skattfrjálst, alveg án tillits til tekna. Ég hef sjálfur lýst þeirri skoðun, að ég lít ekki svo á, að það sé réttmætt. Hins vegar eru möguleikar til þess, að njóta þess, ef sérstakar breytingar hafa orðið á högum þess, eins og bent er á í tilvitnun í 52. gr. tekjuskattsl. Það má líka um það deila og það hefur verið um það deilt að gefa út þessi brbl. Ég hef þá lífsskoðun, að það sé á engan hátt neitt unnið við það að berja höfðinu við stein, þegar maður er sjálfur sannfærður um, að réttara sé að framkvæma verkið eins og þarna var gert. Það kom í ljós, að tekjur hjá sumu af þessu fólki voru meiri en reiknað var með. Skatturinn var því hærri en reiknað var með, og þá var ekkert annað að gera en ganga í það verk að leiðrétta það strax, eins og gert var.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við setningu skattal. á s. l. þingi gagnrýndi stjórnarandstaðan mjög með hvaða hætti sú lagasetning fór fram. Við sjálfstæðismenn lögðum til, að haldið yrði áfram á þeirri braut, sem frá var horfið vorið 1971, og haldið yrði áfram þeirri endurskoðun skattal., sem hófst árið 1970, þegar fjmrh. fyrri ríkisstj. skipaði n. embættismanna til þess að endurskoða skattal. Framsfl. hafði alla tíð í stjórnarandstöðu ekki uppi neinar till. um, með hvaða hætti hann teldi, að skattalögum skyldi skipað hér hjá okkur, og við setningu l. 1971 var því ekki heldur að heilsa, að Framsfl., þá undir forustu núv. formanns þingflokks framsóknarmanna, Þórarins Þórarinssonar, gerði neinar till. í sambandi við breytingu á skattal. Hins vegar höfðu einstakir þm. Framsfl. komið fram með ýmsar till. um breytingar á skattal., sem þeir töldu, að væru til bóta, og vil ég þar sérstaklega benda á eina till., sem m. a. þeir hv. þm. Jón Skaftason og Ingvar Gíslason fluttu. Það var í sambandi við skattlagningu aldraðra. Í stað þess að taka raunhæft á málum 1970 og 1971, þegar þingflokkunum var gefið tækifæri til þess að tilnefna menn í n. til að fylgjast með endurskoðun skattal. og koma þá fram með brtt. varðandi þá stefnu, sem Framsfl. vildi, að farið yrði eftir í skattamálum, þá kom aðeins fram hjá framsóknarmönnunum till. um rökstudda dagskrá, að endurskoðuninni yrði frestað og málinu vísað frá. Það var hins vegar gripið til þess að gera tortryggilega mjög gagnlega till., sem þá var lögfest. Það var um skattfrelsi arðs af hlutafé. Hér var um að ræða atriði, sem tekið hafði verið upp í löggjöf nágrannaþjóða okkar og var talið mjög til þess að auka á eigin fjármunamyndun fyrirtækja. Og eftir að hér hófst sala á spariskírteinum með sömu kjörum og sparifé hafði verið allt frá því 1960, var talið mjög eðlilegt og nauðsynlegt, til þess að at-

vinnureksturinn, fyrirtækin, gæti fengið fjármagn til eigin fjármunamyndunar, að örlitlum hluta af þeim arði, sem útborgaður yrði, væru gefin sömu réttindi og sparifé og þeim spariskírteinum, sem seld hafa verið. Hér voru hins vegar settar mjög miklar skorður við því, hvernig hægt væri að nota þetta ákveæði. Það var gert ráð fyrir því, að aðeins 10% arð af hlutafé væri heimilað til frádrags undir þessum kringumstæðum, en allt frá því 1962, að skattal. var breytt hér, var félögum, sem greiddu arð, heimilt að draga frá til skattlagningar arðgreiðslur hjá félögunum sem næmi 10% af hlutafé. Það, sem hér gerðist, var, að í stað þess, að skattfrádráttur væri veittur félögum, var hann felldur niður, ef þess var eigi óskað, og hann látinn koma hluthöfunum til góða.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Ég vildi aðeins rifja þetta upp, til þess að menn áttuðu sig á því, hverjar hefðu verið till. Framsfl., þegar hann var í stjórnarandstöðu, því að svo mjög er skrifað um það í blöðum Framsfl. nú, hvernig stjórnarandstaða eigi að haga sér, og þar er verið að gefa núverandi stjórnarandstöðu ráðlegginar. En þegar þær eru nú lesnar sýnast þær ekki fara heim og saman við þeirra eigin hegðun hér í um það bil 12 ár. Það var því mjög fróðlegt, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum og menn gerðu sér grein fyrir því, að skattal. yrðu tekin til endurskoðunar, eins og þeir höfðu þá lýst yfir, og það kom líka á daginn í stjórnarsamningnum, þeim margumtalaða, Ólafskveri, sem nefnt hefur verið og menn lesa nú kannske meira en oft áður til þess að bera saman það, sem sagt er í dag, og það, sem stendur í því kveri. En það var skýrt mörkuð stefna hjá stjórninni, hvað gera skyldi. Það átti að tryggja undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, það átti að jafna skattbyrðinni á meðal þjóðfélagsþegnanna betur en gert hafði verið í tíð viðreisnarstjórnarinnar, betur en gerðist 1971 með þeirri skattalöggjöf, sem viðreisnarstjórnin beitti sér fyrir og stjórnarandstaðan þá, núv. stjórnarflokkar, greiddi atkv. gegn. Stefna núv. stjórnarflokka var fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að sú löggjöf næði fram að ganga, og breyta skattal., áður en næðist að leggja skatta á eftir l. frá 1971, ásamt þeim atriðum, sem ég taldi hér upp áðan.

Í skattalöggjöfinni frá 1971 voru fjölmörg ákvæði, sem voru atvinnuvegunum til hagsbóta og gerðu það að verkum, að staða þeirra var styrk. Hér var um að ræða afleiðingu af því, að Ísland hafði gerzt aðili að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, og ríkisstj. vildi ganga til móts við atvinnuvegina og gera þeim kleift að vera samkeppnisfærir við fyrirtæki á hinum stóra markaði, sem við gerðumst aðilar að. Þar af leiðandi varð að endurskoða skattalöggjöfina og koma henni í það horf, að íslenzk fyrirtæki væru samkeppnisfær við þau erlendu. Auk þess höfðum við orðið fyrir biturri reynslu af árunum 1967—1968, þegar illa áraði hér hjá okkur. Þá kom í ljós, að mörg þau fyrirtæki, sem hér starfa, höfðu ekki verið nægjanlega traust fjárhagslega og þar af leiðandi átt mjög erfitt, þegar á móti blés.

Þetta allt vildi núv. ríkisstj. í burtu og umfram allt koma þessum málum sem allra fyrst út úr heiminum, og því var farið inn á þá hroðvirknislegu framkvæmd á endurskoðun skattal., sem raun ber vitni. En með hvaða hætti var svo sú endurskoðun framkvæmd, sem átti sér stað, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum? Jú, í fyrsta lagi voru allir þeir nm., sem höfðu starfað um nokkurra ára bil varðandi endurskoðun skattalaganna, voru látnir víkja, að einum manni undanskildum, sem var ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og hægri hönd ráðh. við störf þar. Þingflokkarnir, sem höfðu fengið að fylgjast með og haft tækifæri til þess að átta sig á því, hvað var að gerast í þessum málum, höfðu ekki lengur tækifæri. Þeim var vikið til hliðar. Árið 1970, þegar frv. kom fram um breytingu á skattal., kom sú ósk fram frá þáv. stjórnarandstöðu, að þingflokknum væri gefið tækifæri til þess að fylgjast með. Við því var orðið. Þá var skipuð n. þm., sem fékk tækifæri þá þegar og alla tíð til þess að fylgjast með endurskoðuninni, þar til skattalöggjöfin hafði verið samþ. hér á þingi. Í stað þess að hafa samráð við þá aðila, sem þessi löggjöf snerti, samtök sveitarfélaganna, svo og atvinnurekendur, þá var blaðinu snúið við og ekkert samráð haft við þessa aðila. Vinnubrögðin hafa verið með þeim hætti, að það er ekki nema eðlilegt, að reynslan sýni, að sú gagnrýni, sem hér kom fram á s. l. vetri, hafði við rök að styðjast.

Ég ætla í örfáum atriðum að stikla á stærstu þáttum þessarar löggjafar og sýna fram á, hvernig sú gagnrýni, sem við sjálfstæðismenn höfðum uppi, hefur öll staðfestst af reynslunni. Við bentum á, að sú kerfisbreyting, sem ráðizt var í, væri fljótvirknislega unnin og að óathuguðu máli, þar sem gert var ráð fyrir breytingu á verkefnaskiptingu milli ríkis og bæja og þar af leiðandi tekjuöflun til ríkis og til sveitarfélaga. Reynsla sveitarfélaganna allra saman, sem stærst eru og hafa við mest verkefni að glíma, hefur verið sú, að þau hafa orðið að gjörnýta alla gjaldstofna. Því hefur verið haldið fram og það hefur komið fram hér í umr. á Alþ., að meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur hafi mótað þar stefnu, sem beinlínis hafi verið til þess að íþyngja skattborgurunum. Í stað þess að nýta alla þá gjaldstofna, sem mögulegir voru, hefði Reykjavíkurborg ekki átt að leggja á fasteignaskatt með álagi, heldur ekki útsvar með álagi.

Við skulum ekki staldra við Reykjavík, við þá vondu menn, sem þar eru í meiri hl. borgarstjórnar, að dómi núv. ríkisstj. Við skulum fara í heimsókn í sveitarfélögin hér í kringum Reykjavíkurborg og gera okkur grein fyrir því, hvernig staðið var að málum þar. Það skyldi þó ekki vera, að það fyndist það sveitarfélag, sem sjálfstæðismenn hefðu ekki meiri hluta í? Jú, það gerir það, — enn þá. Við förum suður í Kópavog. Þar eru í samstjórn framsóknarmenn og sjálfstæðismenn. Það skyldi þó ekki vera, að það hefði borizt boð frá fjmrh. um það, að þeir ættu að sýna þegnum Kópavogs, þeir væru miklu betri menn en sjálfstæðismenn? (Gripið fram í: Eru þeir ekki sprungnir?) Þeir voru í samstarfi, þegar þessi ákvörðun var tekin, og

það er það, sem skiptir máli. Þessir tveir flokkar, sem þar voru í stjórn, notuðu sér alla þá gjaldstofna, sem þeir gátu, og dugði ekki til.

Við skulum fara hér enn sunnar, suður til Keflavíkur. Þar er meiri hlutinn ekki enn sprunginn. Þar starfa saman sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, og þeir gerðu nákvæmlega það, sem Reykjavíkurborg gerði. Þeir nýttu gjaldstofnana að fullu. En það skyldi þó aldrei vera, að þeir hafi verið það langt á eftir Reykjavíkurborg, að þeir hafi verið búnir að lesa stefnu hæstv. fjmrh., eins og hún birtist í skrifum Tímans, um aðgerðir Reykjavíkurborgar?

Ég hirði ekki að tala um sveitarfélögin, sem ég gat um áðan, svo sem Garðahrepp og Seltjarnarnes, þar sem jafnvondir menn að áliti ríkisstj. eru við völd og í Reykjavík. En við skulum þá skreppa suður í Hafnarfjörð og athuga, hvernig dæmið stendur þar. Þar gerðist það, að minnihlutaflokkurinn í Hafnarfirði, sjálfstæðismenn, greiddi atkv. gegn því, að það yrði notað aukaálag á fasteignaskatta. Ég veit, að einn hv. þm. hér í d. getur staðfest þetta með mér. Meiri hl. taldi sig þurfa að nýta þessa gjaldstofna að fullu. En meiri hl. er skipaður m. a. einum fulltrúa Framsfl. og þar hafði Framsóknarmaddaman, — því að hér er um að ræða kvenfulltrúa, — hér hafði Framsóknarmaddaman tækifæri til þess að sýna það, sem framsóknarmenn höfðu gagnrýnt Reykjavíkurborg fyrir, þ. e. að greiða ekki atkv. með aukaálögum í sambandi við fasteignaskatta. Hún taldi sig ekki geta gert þetta, ef fjármálum þess bæjarfélags ætti að vera komið eins og meiri hl. taldi, að vera ætti. Og hvað hefur svo komið á daginn í Hafnarfirði? Þar hefur bæjarstjórnarmeirihl. orðið að skera niður framkvæmdir fyrir um það bil 8—9% af fjárhagsáætlun bæjarins, þrátt fyrir það að allir gjaldstofnar væru nýttir til fulls.

Hver er því reynslan af þeirri breytingu, sem gerð var með setningu skattal. og l. um tekjustofna sveitarfélaga? Sveitarfélögin hafa öll orðið að nýta gjaldstofnana að fullu, þ. e. a. s. þau stærstu, sem að verulegu leyti þurfa að sinna framkvæmdum á vegum sinna borgara, og það kemur í ljós, að ríkissjóður hefur tekið meira til sín af tekjum heldur en af framkvæmdum. Þannig hefur ríkisstj. ekki farið eftir þeirri stefnu, sem hún mótaði í sáttmálanum Ólafskveri, þ. e. að endurskoða þetta kerfi með það í huga að gera sveitarfélögin sjálfstæðari og skapa þeim aukin verkefni. Hér hefur verið farið þvert á móti þeirri stefnu, sem upprunalega var mótuð. Má vera, að þegar tímabilið er liðið hjá núv. ríkisstj. og Ólafskver verður borið saman við verknað ríkisstj., þá verði flestallir liðir með þeim hætti.

Ég vil þá minna á breytinguna á skattal. varðandi atvinnureksturinn. Eins og ég gat um hér áðan, höfðu í l. frá 1971 verið mjög margar breytingar gerðar, sem var ætlað að tryggja betur undirstöðuatvinnuvegina skapa möguleika til meiri myndunar eigin fjármagns, m. a. í breyttum afskriftareglum og öðru slíku. Þetta var gert, eins og ég sagði áðan, vegna inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalag Evrópu? Hver er reynsla atvinnufyrirtækjanna í þessum efnum? Við skulum minna á mótmæli iðnrekenda, þegar skattal. voru sett. Þeir þekktu bezt, hvar skórinn kreppti. Þeir höfðu fylgzt með gangi mála í tíð fyrri ríkisstj. og gerðu sér þess vegna grein fyrir því, hvað það var, sem hér var verið að nema úr lögum. Hér var enn gengið gegn stefnu ríkisstj., eins og hún birtist í stjórnarsáttmálanum.

Og þá komum við að breytingunni á skattlagningu einstaklinga. Hér voru uppi á þingi margar yfirlýsingar um það, að ríkisstj. ætlaði ekki að *þyngja skattbyrðina*. Það var jafnvel látið liggja að því, að skattbyrðin myndi léttast og það yrði réttlátlegar skipt niður á skattborgarana, — eins og það var orðað, — að breiðu bökin skyldu bera skattana. Þær breytingar, sem lagðar voru til 1971, voru allar þurrkaðar út. Í stað þess að aldraðir áttu þá að fá aukafrádrátt, sem nam ⅔ af persónufrádrætti, þá skyldu þeir engan frádrátt fá nú, eftir að búið var að fella niður nefskattana, sem þýddi auðvitað það, að þar með var þeim eldri íþyngt.

Í sambandi við þessa lagasetningu 1971 ræddi núv. formaður þingflokks framsóknarmanna, hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, mjög um það skattvísitölufals, sem átt hefði sér stað í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og hann hélt á lofti ákveðnum hugmyndum um, hvernig þeir mundu hafa þetta, framsóknarmenn, ef þeir fengju að ráða. Þegar núv. skattalög eru sett, er ekkert af því, sem sagt var við umr. hér 1971, framkvæmt. Þar var ekki nein skattvísitala, sem Þórarinn Þórarinsson, hv. 4. þm. Reykv., taldi, að ætti að vera 1971, tekin í notkun, nema síður væri. Og á það var bent af hálfu stjórnarandstöðunnar, að þau skattkerfi, sem hér voru til umr. og reiknuð höfðu verið út, myndu öll verka íþyngjandi fyrir skattborgarana, og það sem sízt skyldi, gamla fólkinu skyldi gert að greiða mun hærri hluta en það hafði gert.

Hver er nú reynslan af þessu? Hvernig er útkoman, þegar dæmið er gert upp og skattalög núv. ríkisstj. hafa fengið að njóta sín? Skattur hefur verið á lagður eftir þeim og borinn saman við það, sem gerðist áður. Áður en ég kem sérstaklega að gamla fólkinu, sem þetta frv. hér fjallar um, vildi ég mega gera grein fyrir því, hvernig skattlagningin 1972 kemur út miðað við skattlagningu 1971. Þegar við ræddum skattamálin hér á s. l. þingi, voru menn með mismunandi stærðir, með mismunandi tölur, jafnvel stjórnarliðar komu með mörg kerfi undir ýmsum nöfnum til þess að reyna að sannfæra okkur hv. þm. um það, að kerfi 1 eða 2, eftir því hvort það var kennt við fjmrh. eða hv. 4. þm. Norðurl. v., — allt til þess að sanna, að um skattalækkun væri að ræða. Þegar svo kom að lokum þessara umr., var sagt: Við skulum bara bíða og sjá hvað setur og sjá, hvernig dæmið kemur út. Þá tala staðreyndirnar um skattlagninguna 1971 og um skattlagninguna 1972, og þá getur enginn þrætt. Tölurnar tala sínu máli.

Árið 1971 voru brúttótekjur landsmanna 32 milljarðar 215 millj. til skattlagningar. Árið 1972 voru þessar tekur 42 milljarðar. Álagður skattur 1971 var 4 milljarðar 651 millj., 1972 6 milljarðar og 700 millj. Hér hækka tekjurnar

á milli ára um 30%, en álagður skattur um 44%. Við skulum halda áfram að reikna út og gera okkur grein fyrir því, sem er þarna mergurinn málsins, hversu hátt hlutfall af tekjum manna skatturinn er. Og fyrst skulum við taka skatt af tekjum ársins 1971. Þá er skatturinn 20,8%. Hann hafði orðið hæstur í tíð fyrrv. ríkisstj. árið á undan, 18.3%. Hér er um að ræða 13.7% hækkun. Það er 13.7% meira af tekjum ársins 1971, sem fólk þarf að borga í skatta, heldur en það þurfti að gera af tekjum ársins 1970. Sé nú þetta miðað við tekjur ársins, kemur í ljós, að 1972 eru álagðir skattar hlutfallslega af tekjum greiðsluárs 16%. Þeir höfðu verið hæstir 1968 14.9%, en voru árið 1971 14.4%, þannig að hér er um að ræða hækkun upp á 11.1%. Það er nákvæmlega sama, með hvaða hætti við lítum á þetta dæmi. Það kemur alltaf út það, sem sagt var hér í sölum Alþ., þegar þessi mál voru til umr. á útmánuðum 1971, að skattal. þessarar ríkisstj. mundu þýða aukna skattbyrði á skattborgarana. Þessar tölur staðfesta það.

Þá komum við að því frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. gamla fólkinu. Við bentum á það við þessar umr., að samkv. þessu frv. mundi skattbyrði hinna öldruðu þyngjast mjög. Það var ekkert hlustað á þetta og talið, að hér væri eins og í öðrum tilfellum, verið að fara með fleipur eitt. Þegar svo skattseðillinn kom út, blasti allt annað við heldur en sagt hafði verið af stjórnarsinnum hér á Alþ. við umr. þessa máls. Suður í Hafnarfirði er félagsskapur, sem nefnir sig Styrktarfélag aldraðra í Hafnarfirði. Það fólk hefur unnið mikið og þarft verk við að sinna málefnum aldraðra þar. Þessi samtök létu reikna út, hvað heildarálögur aldraðra hefðu hækkað í Hafnarfirði. Ég skal taka það fram, að í þessum samtökum er fólk úr öllum flokkum. Þetta eru ópólitísk samtök, sem líta á málefnin eins og þau koma fyrir, en ekki gegnum gleraugu stjórnmálaflokkanna. Þessi samtök létu reikna út, hvað heildarálögur hækkuðu á aldraða í Hafnarfirði, og það kom í ljós, að þau hækkuðu um 108.3%.

Ýmsir aðilar hafa látið í sér heyra í sambandi við álögur á aldraða, og í dagblaðinu Tímanum 28. sept. 1972 er bréf frá Flateyringi einum, sem Kolbeinn heitir Guðmundsson. Mun sá maður hafa verið staddur á fundi, þar sem þeir voru mættir, hæstv. félmrh. og hv. 7. landsk. þm., og hann ræddi skattaálögur aldraðra og lagði á borð fyrir þá, hver hefði orðið niðurstaðan um sig. Þetta bréf birtist svo í Tímanum. Það birtist einnig í öðrum blöðum. En til þess að vera ekki að koma hér með úrklippur úr öðrum blöðum en blaði hæstv. fjmrh., þá tók ég greinina þaðan. Reynsla þessa Flateyrins er með nákvæmlega sama hætti og styrktarfélags aldraðra í Hafnarfirði. Hann bar sig upp við þá 2 þm., sem þar voru, en einhvern veginn hafði hann fengið ábendingu um það, að hann skyldi tala við hann Jón, en það mun vera skattstjórinn á Ísafirði og bréfið er sent Jóni til þess að fá leiðréttingu á þessum málum. Ég hirði ekki að lesa bréfið hér upp, en þeir, sem vildu, gætu fengið af því ljósrit. Það er sama reynsla hér og annars staðar. Skattbyrðin hefur aukizt verulega hjá hinum öldruðu og kannske hvað mest þar.

Þá grípur hæstv. fjmrh. til þess að gefa út brbl. og leiðrétta það, sem hér hafði skeð og hann hafði ekki viljað taka til greina við umr. hér á Alþ., og fer ríkisstj. fram á staðfestingu Alþ. á brbl. Ég verð að segja, að mig furðaði á, þegar ég sá þessi brbl., hvernig öldruðum er mismunað. Hér skiptir það máli, á hvaða tekjubili fólk er, hvað það snertir að fá slíkan frádrátt. Það munu fá dæmi um slíkt í íslenzkri skattalöggjöf. Þau munu þó vera til. Þau munu vera frá tíma Eysteins Jónssonar. En ég held, að það hafi allir verið búnir að þurrka það út og talið, að þeir aðilar, sem unnið hafa um hálfrar aldar skeið, greitt til ríkisins, og ríkið telur rétt að greiða til baka örlítla upphæð sem lífeyristryggingu, þeir aðilar eiga rétt á því, hvaða tekjur svo sem þeir hafa, að fá þá lífeyristryggingu skattfrjálsa eins og aðrar tryggingar, sem fólk fær.

1971 lögðum við til í fjhn. Nd. við 3. umr., að í skattalagafrv. yrði tekinn sérstakur frádráttur fyrir aldraða. Þetta hafði verið á dagskrá hér í þinginu. Frv. hafði verið flutt um þetta af tveimur hv. þm. þáverandi stjórnarandstöðu, framsóknarmönnum, 1970, og það stóðu allir að þessari breytingu, hvort heldur það voru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar. Þegar sú breyting er gerð á skattal., að nefskattar eru felldir niður, þ. e. a. s. greiðslur til trygginganna frá fólki á aldrinum 16—67, — greiðslur, sem fólk fékk dregnar frá skatti, og allar greiðslur til trygginganna koma nú frá ríkissjóði, þá má til sanns vegar færa, að hinir öldruðu eru látnir tvíborga skatt af þeim styrk, sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins. Þeir greiða af tekjum sínum til ríkissjóðs þann hluta, sem þeim ber, fram til 67 ára. Þeir eru þar með búnir að leggja fjármagn í tryggingakerfið frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs. Þegar þeir svo eru komnir yfir 67 ára aldur og njóta líftryggingu, þá eru þeir líka látnir greiða skatt. Það sjá allir, hvað hér er rangt að farið.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því hér áðan, hvernig það frv. sem hér er til umr. verkar. Það þýðir það, að einstaklingar, sem hafa tekjur frá 200 þús. til 300, fá aukafrádrátt frá 54 400 kr. niður í ekki neitt. 54 400 kr. eyðast því á þessu tekjubili frá 200 þús. til 300 þús. kr. Hjá hjónum eyðist upphæðin 76 800 á tekjubilinu frá 296 800 til 446 800 kr.

Till. sú, sem við sjálfstæðismenn flytjum hér, er á þá lund, að það, sem aldraðir og öryrkjar fá frá Tryggingastofnun ríkisins, menn orðnir 67 ára gamlir, verði ekki skattskylt. Þessi till. er mjög svipuð þeirri till., sem við fluttum 1971 og fengum þá lögfesta. Það er að vísu örlítil tilfærsla, sem skiptir kannske innan við eitt þús. kr., hvort heldur farin er sú leið að miða þetta við % hluta af persónufrádrætti eða telja, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir skuli vera skattfrjáls. En þar sem búið er að fella niður greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins, nefskattinn, sem var, þá töldum við eðlilegast, að sú till., sem greidd yrðu um atkv. hér í sambandi við þessi brbl., yrði þess eðlis, að það væri ákveðið í l., að ellilífeyrir og örorkulífeyrir samkv. þess-

um ákvæðum, sem þar um getur, verði undanþegnir skatti.

Það hefur komið fram í Sþ. till. um svipað efni. Hún er flutt af þremur Alþfl.-mönnum. Í þeirri till. er getið um annað atriðið. Ég tel eðlilegt, að þegar mál þetta verður rætt í fjhn., verði athuguð þau sjónarmið, sem þar koma fram. Við töldum rétt, sjálfstæðismenn, að einskorða okkur við það málefni, þann þátt skattamálanna, sem hér er sérstaklega fjallað um, þ. e. a. s. skattlagningu aldraðra, — blanda þar ekki inn í öðrum till., sem við fluttum á seinasta þingi varðandi breytingu á öðrum þáttum skattalaganna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta mál. Ég taldi eðlilegt og rétt, þegar nú er flutt brtt. við skattal. frá því í fyrra, að í stórum dráttum væri gerð úttekt á þeirri löggjöf, sem núv. ríkisstj. stóð að, og hver reynslan hefur orðið. Ég taldi eðlilegt og rétt að bera saman þá gagnrýni, sem sjálfstæðimenn voru með hér á þingi, og draga fram í dagsljósið, að sú gagnrýni var í alla staði rétt. Það hefur reynslan sýnt, og það þarf að koma skýrt fram.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér langar umr. um skattamálin, því að þau hafa verið svo mikið rædd hér á hv. Alþ., að ég sé ekki ástæðu til að fara mikið út í þau nú. En í sambandi við þetta mál vil ég víkja að örfáum atriðum úr ræðu hv. 1. þm. Reykn.

Það má vel vera, ef ég ætti eftir að sitja í ráðherrastóli í 12 ár, sem ég geri nú ekki ráð fyrir, þá gæti ég skilað af mér skattal., sem ívilnuðu skattborgurunum verulega, en aðrir ættu svo að framkvæma þau. En þannig var það hjá viðreisnarstjórninni, að þær ívilnanir, sem þeir gerðu fyrir skattborgarana, áttu að koma til framkvæmda eftir þeirra dag, eins og t. d. þetta, sem sneri að gamla fólkinu. Eftir 12 ára reynslu hygg ég, að ég mundi geta fundið slíka leið einnig. Hins vegar er það eins og ég sagði hér í haust, að sá munur er á, að nú eru framkvæmdir gerðar, en fyrirheitin áður.

Ég vil út af því, sem hv. 1. þm. Reykn. sagði um þá öldruðu, geta þess, að sá meginmunur er á nú og framvegis, að þegar þetta fólk greiddi sín gjöld til trygginganna, voru þau dregin frá skatti, svo að það var búið með skattívilnun, sem það fékk þá, að fá eftirgjöf á skatttindinum, vegna þess að framlög persónuskatta til trygginganna voru skattfrjáls. Þess vegna set ég dæmið upp öðruvísi en hann. Ég segi, að það fengi tvisvar sinnum skattfrelsi af þessum sama peningi, ef það fengi það einnig núna, því að það var búið að fá það þá. Ég vil líka minna á, að á aðstöðu hinna öldruðu nú og áður fyrr, er geysilegur munur. Það er ekki neitt pólitískt mat. Menn geta haft á því mismunandi skoðanir. En t. d. eftir að lífeyrissjóðakerfið kom til framkvæmda í jafnríkum mæli og nú er orðið, er ekki hægt að bera saman aðstöðu hinna öldruðu við það, sem áður var. T. d. í ríkiskerfinu eru eftirlaunin miðuð við starfið eins og það er, með þeim verðtryggingum, sem ríkissjóður verður að greiða á hverju ári og eru hvorki meira né minna en yfir 150 millj. kr. Þetta er geysilegur munur, enda þekki ég marga embættismenn, sem hættir eru störfum og hafa vegna þessa ákvæðis hærri laun núna en þeir höfðu nokkurn tíma, meðan þeir voru í sínum embættum. Um þetta getum við þess vegna rætt alveg án tillits til pólitískra skoðana. En ég álít, að það verði að meta þetta út frá þeim breytingum, sem orðið hafa í þjóðfélaginu með lífeyrissjóðunum og með þeim hækkunum, sem hafa orðið í almannatryggingakerfinu.

Ég fékk frá Skattstofunni í Reykjavík yfirlit yfir nokkra borgara, sem ég veit ekki, hverjir eru, því að við beiðni um slík yfirlit tek ég það fram, að ég vil ekki fá nafn. Það voru borgarar, sem voru 67 ára og eldri, en höfðu þó nokkuð hátt á aðra millj. í tekjur, og til voru þegnar, sem fóru yfir 2 millj. í tekjur. Frá mínum bæjardyrum séð er það broslegt í raun og veru að telja, að það sé ávinningur að fara að gefa þessum mönnum sérstakan frádrátt upp á 60, 70, 80 þús. eða hvað það nú er, sem tryggingarnar voru á s. l. ári. Ég lít svo á, að þetta fólk, — hér er ég að túlka þær skoðanir, sem ég hef á þessu, alveg án tillits til pólitískra skoðana, — en ég lít svo á, að þetta fólk sé miklu betur sett en unga fólkið, sem er að mynda heimili, er að fá börn sín í fangið, er að reyna að koma sér upp íbúð og á sem sagt eftir að undirbúa allt sitt líf. Og ég lít líka svo á, að þetta fólk sé betur sett, ef það hefur fulla heilsu og auk þess svona mikil laun, heldur en fólkið, sem er að mennta börnin sín. Yfirleitt býr þetta fólk í íbúðum, sem það á orðið skuldlaust. Hinir búa í íbúðum, sem þeir skulda í og verða að borga háar fjárhæðir af. Þess vegna finnst mér, að svona hluti verði ekki hægt að meta eftir neinum aldri, heldur verði að meta þá eftir því, hvernig afkoma er, þrátt fyrir aldurinn. Hins vegar vil ég í því sambandi, eins og gert var með l. í sumar, vekja athygli á því ákvæði skattal., að reikna megi sérstakan frádrátt, samkv. heimild í 52 gr. skattalaga, ef um verulega breytingu er að ræða á afkomu þessa fólks á greiðsluárinu frá tekjuárinu, sem náttúrlega er eðlilegt að oft verði hjá þessum aldurshópi. Og ég álít, að það þurfi sérstaklega að vekja athygli á þessu núna, vegna þess að áður fyrr var þetta spursmál miklu meira afgerandi hjá sveitarfélögunum, en nú er það aftur orðið meira afgerandi hjá ríkisskattinum vegna breytinganna á milli skattsins hjá ríkinu og sveitarfélögunum. Þetta er skoðun mín á þessu máli, og ég álít, að málið sé ekki svo einfalt, að það eigi bara að slá út ellilaununum og gefa þau eftir alveg án tillits til tekna. Ég álít, að það eigi að vera með því sniði, sem er í brbl. Hvort þetta rými, sem við völdum þar, er nægjanlegt, um það skal ég ekki slá neinu föstu, það er ekki nein heilög tala. En einhvers staðar varð að draga mörkin, einhvers staðar hlaut endirinn að koma. Frá mínum bæjardyrum séð er það ekki rétt stefna að miða þetta eingöngu við aldur, heldur verður að miða við tekjur líka vegna þeirra stóru breytinga, sem hafa orðið í þjóðfélaginu. Og mér finnst þetta að sumu leyti vera orðin spurning um það, hvað þetta fólk skilar miklum arði

til næstu kynslóðar, miklu meira spurning um það heldur en aldur þess sjálfs.

Nú skal ég segja það, að mínar skoðanir geta menn auðvitað gagnrýnt og annað eftir því, og þær kunna að vera ekki á rökum reistar. En rök mín eru þau, að með þeim breytingum, sem hafa orðið í þjóðfélaginu, með lífeyrissjóðakerfinu, með almenna tryggingakerfinu, þá er aðstaða þessa fólks orðin svo allt önnur, að ég álít, að það eigi, eftir að það er komið í verulega háar tekjur, að meta þær alveg eins og tekjur annarra skattborgara þjóðfélagsins. Og svo skal ég ekki eyða fleiri orðum um þetta.

Ég vil svo segja út frá því, sem hv. 1. þm. Reykn. vék að sveitarfélögunum, að því var spáð hér í fyrravetur, að mjög yrði að þeim þrengt og þeirra erfiðleikar yrðu miklir. Nú liggja fyrir um þetta skýrslur, og ég hef hér hjá mér skýrslu um bæjarfélögin í landinu, Reykjavík og önnur bæjarfélög, hvað þau höfðu hlutfallslega í afgang til framkvæmda umfram rekstrarþarfir á árunum 1971 og 1972. Mér finnst þessi skýrsla ekki sýna það, að þeirra kosti hafi verið þrengt. Og það er mín skoðun enn þá, að það standi óhaggað, sem ég hef áður sagt hér, að þau hafi ekki þurft að nota þær heimildir, sem þau hafi gert, nema náttúrlega með tilliti til þess að vilja framkvæma svo og svo mikið, eins og við erum að deila á annað slagið og aftur að tala um hinn daginn, að það sé of lítið að gert. Um þetta má svo sem alltaf deila endalaust, en mig langar að lesa niðurstöður þessarar skýrslu, með leyfi hæstv. forseta. Er þá Reykjavík fyrst á blaði. Hún hafði á árinu 1971 16.45% til framkvæmda umfram rekstur, en á árinu 1972 27.41%. Akranes hafði 26.50% árið 1971, en 40.52% árið 1972. Ísafjörður hafði 10.93% árið 1971, en 19.57% árið 1972. Sauðárkrókur hafði 16.02% árið 1971, en 31.07% árið 1972. Siglufjörður hafði 10.50% árið 1971, en 14.25% árið 1972. Ólafsfjörður hafði 28.19% árið 1971, en 37.12% árið 1972. Akureyri hafði 22.87% árið 1971, en 28.20% árið 1972. Húsavík hafði 23.10% árið 1971, en 37.51% árið 1972. Seyðisfjörður hafði 20.76% árið 1971, en 33.68% árið 1972. Neskaupstaður hafði 15.42% árið 1971, en 30.66% árið 1972. Vestmannaeyjar höfðu 29.14% árið 1971, en 35.32% 1972. Keflavík hafði 22.38% 1971, en 38.47% 1972. Hafnarfjörður hafði 18.40% 1971, en 26.75% 1972. Og Kópavogur hafði 19.67% 1971, en 38.45% árið 1972.

Nú skal ég ekki eyða að þessu fleiri orðum en orðið er, en mér finnst, að þessar skýrslur taki af öll tvímæli um það, hvort illa hafi verið búið að bæjar- og sveitarfélögunum í landinu. Ef betur væri að gáð, mundi þetta hlutfall ekki versna. En til frekari deilna um þetta atriði ætla ég ekki að stofna hér.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég treysti mér ekki á þessum vettvangi að fara út í bollaleggingar eða hugleiðingar um hlut sveitarfélaganna fyrr og nú, enda má segja, að það sé kannske ekki til umr. í sambandi við þetta mál. En þó var það greinilegt af þeim tölum, sem hæstv. fjmrh. las upp, að sums staðar skortir sennilega töluvert á, að hækkunin umfram tekjur til rekstrarþarfa sé í samræmi við það, hve mikið tilkostnaðurinn við verklegar framkvæmdir hefur hækkað á sama tíma í landinu. Og ef við hefðum visitölu verklegra framkvæmda, þá væri náttúrlega fyrst hægt að bera þetta nákvæmlega saman. En það, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs nú, voru einkum hugleiðingar í sambandi við skattlagningu aldraða fólksins, sem sérstaklega er um að ræða í þessu frv. Ég vil aðvara hæstv. fjmrh. alvarlega um það, að hann þurfi ekki að gefa út ný brbl. til breytinga á þessum brbl., sem nú á að fara að staðfesta. Og ég held, að hann mætti mjög gjarnan endurskoða hugleiðingar sínar, sem hann lýsti sem sínum persónulegu skoðunum, um aðstöðubreytingar aldraða fólksins í þjóðfélaginu nú og fyrr. Hann telur, að það skipti öllu máli, hvað fólkið hefur í tekjur, og þess vegna eigi að hafa ákveðin tekjubil og láta þá borga, sem hafa hærri tekjur, m. a. vegna þess, segir hæstv. ráðh., að breytingarnar eru þær, að almannatryggingagjöldin eru afnumin og síðan eru komnar eftirlaunatekjur hjá ýmsum aðilum, opinberum starfsmönnum o. fl. En þó að almannatryggingagjöldin sem nefskattur séu afnumin, þá er ekki lokið því, að einstaklingarnir borgi til tryggingakerfisins, og sumir borga miklu meira en áður til tryggingakerfisins. Þess vegna er þetta eins konar innlegg, þetta er sparifé í þjóðfélaginu, sem þetta fólk er að fá til baka. Það hefur sjálft borgað þetta fé inn að verulegu leyti. Fólkið hefur á aldursskeiðinu fram til þessa tíma líka borgað sína skatta, og það er ekki fyrr en þeir eru greiddir, sem það getur bætt sína aðstöðu, bæði eignalega og á annan hátt. Og ef menn vilja líta á þessi mál frá því sjónarmiði, að það sé spurning um það, hvað menn skili í arf til eftirkomendanna, þá álít ég, að það sé mjög varhugaverð skoðun að miða skattlagninguna við það, að arfurinn eigi að verða sem minnstur, því að það er einmitt það, sem hefur gengið sem grundvallarregla í gegnum okkar erfðafjárskatt og skattlagningu á slíkum tekjum, að hafa hann takmarkaðan og lágan, og það hefur tekizt allt fram til þessa, af því að menn hafa lagt mikið upp úr því, að eignamyndun í þjóðfélaginu geti orðið mikil, og þetta er ekki fé, sem fólk hefur eignazt af sínum tekjum, sem einhvers staðar liggur í handraðanum og enginn hefur gagn af. Ef eitthvað er afgangs af því og verður afgangs af því á eldri árum þessa fólks, þá er það til ráðstöfunar í þjóðfélaginu, annaðhvort sem sparifé þess og þá til ráðstöfunar í sparisjóðum og bönkum landsins, eða með öðrum hætti og m. a. með þeim hætti, sem ég held, að sé ekkert veigaminni nú heldur en áður, að aldraða fólkið í þjóðfélaginu er að hjálpa unga fólkinu. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að það er erfið aðstaða unga fólksins, sem er að byggja upp sín heimili og ala upp sín börn o. s. frv. En þetta gamla fólk var einu sinni ungt fólk, og það stóð í þessum erfiðleikum, og það er búið að lifa þessa erfiðleika. Svo er það einnig í ríkum mæli, einmitt á gamals aldri, ef það hefur eitthvað aflögu, í fjölmörgum tilfellum að aðstoða unga fólkið í erfiðri lífsbaráttu þess. Og það hefur alls ekki dregið úr því í þjóðfélagi okkar í dag, nema síður sé.

Ég held þess vegna, að það sé mjög eðlilegt sjónarmið, sem sett er fram í brtt. og gerð var grein fyrir af hv. 1. þm. Reykn., að ellilaunin skuli vera skattfrjáls. Með því fyrirkomulagi losnum við einnig við þá erfiðleika, sem hljóta ævinlega að koma, þegar miðað er við ákveðið tekjubil, eins og sýnt var fram á hér áðan, að einhver aðili upp að vissu marki fær svo og svo mikla ívilnun og annar aðili, sem er rétt fyrir ofan markið, fær enga ívilnun. Þetta yrði áberandi ágalli á löggjöfinni, og hann mundi ekki fara fram hjá gamla fólkinu, og það mætti segja mér, að það gætu orðið jafnáberandi gallar á þessu fyrirkomulagi og því, sem var lögfest á síðasta þingi, og hæstv. fjmrh. mundi þá finna til þess, að hann þyrfti að laga þetta aftur.

Þess vegna beini ég því eindregið til hæstv. fjmrh., að gaumgæfilega séu athugaðar þær till., sem hér eru fram settar. Ég get fallizt á með honum, að við skulum láta flokkspólitíska togstreitu liggja á milli hluta í því sambandi, en umfram allt að afgreiða ekki í annað skipti skattalög, sem snerta aldraða fólkið í landinu, þannig, að það þurfi að breyta þeim síðar meir, vegna þess að reynslan staðfesti, að í þeim er of áberandi ranglæti, til þess að gamla fólkið geti unað við það og þeir, sem eru yngri, vilji láta gamla fólkið una við slíkt.

Ég skal svo ekki að öðru leyti blanda mér í þessar deilur, nema það voru mjög athyglisverðar tölur, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Reykn. um skattbyrðina, sem við deildum um á síðasta þingi, hvort hún yrði meiri eða minni í hinu nýja skattakerfi, og þær tölur sýna ótvírætt, að þegar tekjurnar hafa vaxið um tiltekna prósentu, hækkar skattbyrðin eða skattarnir um miklu hærri prósentu. Þetta er auðvitað ótvíræður vottur þess, að skattbyrðin hefur orðið meiri á borgurunum. Það gengur líka eins og rauður þráður í gegnum póltísk skrif hv. stjórnarherra nú í blöðum og í ræðuhöldum, að eitt sé þó víst eftir allt það, sem á undan er gengið, að beinu skattarnir verði ekki hækkaðir, þeir séu komnir í hámark. Og ég held, að ég muni það rétt, og nú er óhætt að tala um það, að valkostanefndin hafi einnig komizt að þeirri niðurstöðu, hún geti ekki gefið ríkisstj. nein ráð um að ná meiri tekjum með beinum sköttum, ef hún vilji fara einhverja skattlagningarleið, verði það á sviði óbeinna skatta. Betri og ótvíræðari sönnun fyrir réttmæti gagnrýni okkar á síðasta þingi verður ekki fengin heldur en með viðurkenningu valkostanefndarinnar sjálfrar, — þetta mat þessarar sérfræðinganefndar og viðurkenning stjórnarliðsins einnig á því, að þessi leið sé þrotin, leið hinna beinu skatta. Það eru að vísu til í sambandi við vissar leiðir þær hugmyndir í sambandi við efnahagsmálin nú að lækka beinu skattana. Og við sjálfstæðismenn höfum einmitt sett fram alveg ákveðnar kröfur um, að það verði lækkaðir beinu skattarnir í þjóðfélaginu, því að verði þeir ekki lækkaðir með einu eða öðru móti, þá verði það til þess að draga úr löngun manna til fjáröflunar í þjóðfélaginu og rýri þar af leiðandi tekjuöflun þjóðfélagsheildarinnar. Þetta er höfuðgallinn á þeim geysiháu beinu sköttum, þeirri miklu skattpíningu, sem lögleidd var á síðasta þingi. Reynslan staðfestir, að gagnrýni okkar í þessu máli var alveg réttmæt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Sá samanburður, sem hæstv. fjmrh. gerði á þeim afgangstekjum sveitarfélaganna, sem varið er til framkvæmda á árunum 1971 og 1972, gefur mér tilefni til þess að standa hér upp og gera smáaths. Ég vil frekar fresta umr., ef hæstv. fjmrh. má ekki vera að því að vera hér inni. Það kom fyrir hér við umr. utan dagskrár, að hæstv. heilbrmrh., Magnús Kjartansson, sá ástæðu til þess að fara í ræðustól og lýsa því yfir, að það væri óþinglegt að ræða utan dagskrár þá efnahagsörðugleika, sem steðja að þjóðinni. Síðan, þegar hann var spurður um afstöðu til þeirra mála, lýsti hann því yfir, að hann væri ekki staddur hér í hinu háa Alþ. til þess að láta spyrja sig út úr, og hefur ekki sézt í þingsalnum síðan og raunar hvorugur þeirra hæstv. ráðh. Alþb. Það er orðinn viðburður, ef þeir sjást í þingsölum. Ég óska frekar eftir því, ef ske kynni, að hæstv. fjmrh. vildi svara spurningum, að umr. væri frestað ef það er hægt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. á s. l. ári, sem bar upp á sama dag desembermánaðar og nú, gerði ég aths. við meðferð málsins þá við 2. umr. vegna ýmiss konar óvissu um tekjur og gjöld, sem þá var fyrir hendi, og skal ég ekki rekja þá sögu nú. En hafi verið óvissa um einstaka liði á s. l. ári, þá er fjárlagafrv., sem við nú eigum að fá til 2. umr., hulið fullkominni óvissu. Ég vil leyfa mér að minna á, að þegar hæstv. forsrh. hélt stefnuræðu sína í upphafi þings, tók hann alveg sérstaklega fram, að hann véki ekkert að ríkisfjármálunum. Það var út af fyrir sig mjög athyglisverð yfirlýsing. En þegar svo hæstv. fjmrh. kom og gerði grein fyrir fjárlagafrv. við 1. umr., afsakaði hann sig með því, að í frjárlagafrv. væru mikil óvissuatriði, vegna þess að hann gæti ekkert sagt um efnahagsmálin, þar sem engin afstaða væri enn tekin innan ríkisstj., til hverra ráða skyldi gripa í þeim efnum. Nú segir hæstv. forsrh. okkur í gær, að enn sé allt á huldu innan ríkisstj. um það, til hvaða úrræða ríkisstj. muni gripa í efnahagsmálunum.

Þegar 1. umr. fór fram hér um fjárlagafrv., var hún miklu viðtækari og meiri þátttaka í henni af hálfu hv. þm. en lengi hefur tíðkazt af ástæðum, sem hv. þm. eru kunnar. En það var eitt, sem einkenndi þessa 1. umr. fjárl. öðru fremur, og það var, að ekki sízt var rætt um það, sem ekki var í fjárlagafrv., og það var

mjög eðlilegt, eins og á stóð. Og nú, þegar við eigum að hefja 2. umr., þá er það eftirtektarverðast enn við fjárlagafrv., hvað ekki er í því. Ég tel, að undir slíkum kringumstæðum sé bæði óráðlegt, óhyggilegt og í raun og veru ekki þinglegt, að 2. umr. fari fram um fjárlagafrv., meðan engin vitneskja liggur fyrir um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að 2. umr. um fjárlagafrv. verði af þeim sökum, sem ég nú hef vitnað til, frestað og málið tekið út af dagskrá.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 1, n. 167, 168 og 171, 162, 165). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GS, GeirG, GH, GilsG, JJ, HV, HFS, IG, JÁH, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, StH, SvJ, VH, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, EðS, EystJ.

HBl, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, JGS, MB, OÓ, ÓE, PJ, PP, PS, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, EggÞ greiddu ekki atkv.

9 þm. (HES, ÁP, JSk, MÁM, RH, SV, ÞÞ, BGr, BP) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Frv. til fjárl. fyrir árið 1973 var vísað til fjvn. hinn 26. okt. s. l. N. hóf þó fundarstörf nokkru áður, eða strax og frv. hafði verið lagt fram. Hefur n. nú haldið 38 fundi um frv. og rætt við fjölmarga forráðamenn ríkisstofnana, félagssamtaka og sveitarfélaga og yfirleitt reynt að veita þeim viðtöl, sem óskað hafa eftir, svo lengi sem nokkur vegur var, að n. gæti varið tíma sínum til þess. N. hafa borizt óskir um viðtöl nú hina allra síðustu daga, en ég vil, að það komi fram, að það er skoðun mín, að þegar n. hefur setið að störfum frá okt óberbyrjun og er komin að því að afgreiða mál og undirnefndir eru hvað harðast keyrðar, þá sé naumast unnt að ætlast til þess, að n. hafi nokkurn tíma aflögu til viðtala, sem hefðu getað farið fram fyrir mörgum vikum, ef óskir hefðu þá komið fram um það. Á það verður einnig að líta í þessu sambandi, að miða verður við það, að nm. geti sinnt öðrum þingstörfum jafnframt. N. hafa borizt á milli 450 og 500 erindi, sem mörg hver fjalla um margvísleg atriði. Auk reglulegra funda allrar n. hafa einstakir nm. verið í undirnefndum, sem fjallað hafa um skiptingu fjárveitinga til verklegra framkvæmda og um eftirlaunafé. Hefur því mætt æðimikið á nm. undanfarið.

Samstarf innan n. hefur jafnan verið með sérlega ánægjulegum hætti og ekki síður nú en endranær. Ég er þakklátur fulltrúum stjórnarandstöðunnar í n. fyrir, að þeir hafa staðið að störfum af drengskap og heilindum og hafa á engan hátt látið þann skoðanaágreining, sem jafnan er milli stjórnar og stjórnarandstöðu um heildarafstöðu til mála, hafa áhrif á hin daglegu störf sín í n. Ég færi samstarfsnm. mínum öllum þakkir fyrir störfin og ánægjulegt samstarf og tillitssemi við mig og vona, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar telji sig ekki hafa verið misrétti beitta, þó að þeir hefðu kosið aðrar niðurstöður í afgreiðslu mála. Hagsýslustjóri og starfslið hans hefur veitt n. margháttaða aðstoð, sem ber að þakka.

Ég gat þess við 2. umr. um fjárlagafrv. í fyrra, að ég teldi orðið með öllu óviðunandi, hversu seint umsóknir um fjárveitingar bærust. Þetta hefði þær afleiðingar, að rn. og stofnanir, sem gera ættu undirnefndum grein fyrir umsóknum, sem fyrir lægju, væru ekki með grg. á reiðum höndum fyrr en örfáum dögum fyrir 2. umr. Og dæmi voru oft til þess, að ekki reyndist unnt að afgreiða þessa málaflokka fyrr en við 3. umr. af þessum sökum. Fjvn. tók því þá ákvörðun eftir afgreiðslu fjárl. í fyrra að auglýsa umsóknarfrest til 1. maí vegna umsókna um fjárveitingar til verklegra framkvæmda og til 17. júní vegna annarra umsókna. Helzti árangurinn af þessari ákvörðun er sá, að grg. rn. og stofnana varðandi umsóknir um fjárfestingarframkvæmdir lágu fyrir, þegar n. hóf störf í okt. Þetta hefur vissulega orðið til bóta, enda þótt ég telji, að einkum í skólamálum vanti enn verulega á, að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir frá rn. um ýmsar þær umsóknir, sem bárust fyrir tilskilinn tíma, og um kostnaðaráætlanir og greiðslustöðu varðandi einstaka skóla, sem eru í byggingu. Ég tel einnig, að þm. utan fjvn. hafi ekki nógu fljótt kynnt sér þessi gögn, sem nú lágu fyrir miklu fyrr en áður, heldur um of haldið þeim hætti, sem óhjákvæmilegur var áður, þegar gögn bárust ekki fyrr en síðustu daga fyrir umr. Allt stendur þetta þó til bóta, og ég vænti þess, að áhrifin af þeim ákvörðunum að setja ákveðinn frest vegna umsókna eigi enn eftir að auðvelda störfin fyrir fjvn. og þm. alla.

Ákvörðun um tímamörk vegna umsókna um fjárveitingar til annars en fjárfestingar hefur ekki borið nægan árangur að þessu sinni, enda naumast við því að búast í fyrsta sinn, þegar óvíst er, hversu mörgum var kunnugt um, að þessi ákvörðun hafði verið auglýst. Mikið af umsóknum, sem berast, eftir að fjvn. hefur störf, eru þó að sjálfsögðu ítrekanir á umsóknum, sem sendar voru viðkomandi rn., áður en fjárlagafrv. var samið, en hafa þá ekki verið teknar til greina í þeim mæli, að umsækjendur yndu við.

Skorti á vitneskju um auglýstan umsóknarfrest ætti þó ekki að vera til að dreifa um stofnanir ríkisins og rn., en furðulegt má heita í ýmsum tilvikum, hvernig staðið er að málum gagnvart fjárlagaafgreiðslu á þeim vettvangi. Þess eru dæmi, að rn. hafa sent nú allra síðustu dagana beiðnir um fjárveitingu á einstaka liði fyrir tugmillj. kr., löngu eftir að fjvn. ætti í rauninni ekki að opna eitt einasta bréf. Og ríkisstofnanir hafa þessa dagana verið að senda leiðréttingar á áætlunum sínum, svo að skiptir millj. og jafnvel milljónatugum, um þau atriði, sem hvað ljósust hefðu átt að vera, svo sem fjárþörf vegna greiðslu afborgana og vaxta af lánum, og er bezt að hafa sem fæst orð um það á þessum vettvangi.

Undirnefnd fjvn., sem er þannig skipuð, að hver þingflokkur á þar einn fulltrúa, starfaði

að ýmsum málum í sumar, hélt mjög marga fundi, heimsótti ýmsar stofnanir og sinnti fleiri málum en nokkru sinni áður. Ég hef fyrr látið í ljós, reyndar í stjórnarandstöðu þá, að við því sé ekki að búast, að sparnaður og aukin hagkvæmni fáist fram í einu vetfangi með því að lækka tölur á fjárlagafrv., heldur krefst slíkt undirbúnings og athugunar. Óhætt er að fullyrða, að undirnm. vinna störf sín í samræmi við þá skoðun, að hvað sem ágreiningi líður um hin stærri pólitísku mál, þá eigi fulltrúar allra flokka að geta sameinazt um að gera það, sem unnt er, til að auka hagkvæmni og sparnað í starfsemi stofnana ríkisins. Þannig hafa nm. unnið, og breytir engu, hvort menn eru stjórnarstuðningsmenn eða stjórnarandstæðingar hverju sinni. Hér gefst ekki tími til að rekja störf undirnefndarinnar í einstökum atriðum, en ég vil þó aðeins nefna, hvaða mál hún hefur fengizt við.

Ég vil þó fyrst minnast á það í sambandi við eðlilegar kröfur almennings um, að fjárveitingavaldið sporni gegn óþarfa eyðslu og útþenslu í ríkiskerfinu, að enginn vafi er á því, að svo dýrmætt sem það er talið starfsmönnum ríkisins að vera þar fastráðnir til æviloka, þá stuðlar þessi ráðningarregla ekki að því, að ítrustu aðgæzlu og hagkvæmni sé gætt í starfsemi stofnana ríkisins. Þegar ég tala hér um starfsmenn ríkisins, á ég ekki síður við yfirmenn en aðra starfsmenn. Tilraunir til úrbóta í rekstri ríkisstofnana stranda æðioft beint og óbeint á þessari tilhögun um ráðningu starfsmanna ríkisins. Er ég þó ekki á þessu stigi málsins að mæla með því, að þessi regla verði alfarið afnumin og ekkert komi í staðinn. Í því felast ýmsar hættur um misbeitingu af hálfu valdhafa hverju sinni. En þeir menn, sem krafðir eru um athafnir til að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins og til að sporna gegn útþenslu, hljóta að rekast á þessa staðreynd. Þetta vil ég, að komi fram, hvernig svo sem orð mín kunna að verða túlkuð.

Undirnefndin fjallaði m. a. um þessi mál í sumar. Hún lét kanna kostnað við rekstur mötuneyta á vegum ríkisins. Ríkissjóður tekur nú þátt í fæðiskostnaði um 2400 starfsmanna, en mötuneyti eru 27 og mikil ásókn er í fleiri. Kostnaður ríkissjóðs í þessum efnum mun hafa numið um 59 millj. kr. árið 1971. Starfslið í mötuneytum, öðrum en í spítölum, er um 60 manns. Undirnefndin hefur nú ákveðið í framhaldi af könnun á kostnaði við núverandi fyrirkomulag að beita sér fyrir því, að erlendur sérfræðingur geri áætlun um kostnað og tilhögun í sambandi við þá hugsanlegu lausn að framleiða allan þann mat, sem með þarf í mötuneytum ríkisins, í hinu nýja eldhúsi Landsspítalans og reikna með flutningi á vinnustaði, eins og nú er ráðgert milli Landsspítala og Kleppsspítala. Þegar samanburður á kostnaði nú og samkv. hugsanlegri nýrri skipan liggur fyrir, mun undirnefndin móta sínar till.

Þá hefur undirnefndin látið kanna kostnað við tryggingar ríkisins, tryggingar vegna eigna og ábyrgðar. Athugun, sem n. lét gera um tryggingaiðgjöld og tryggingabætur hjá 26 ríkisstofnunum, leiðir í ljós, að á þrem árum, 1969—1971, fengu þessi fyrirtæki í tjónabætur um 62 millj. kr., en iðgjöld á einu ári, 1971, námu alls tæpum 60 millj. kr. Í sambandi við tjónabæturnar árið 1971 verður þess að gæta, að stórtjón á Ægi, 25 millj. kr., er þar innifalið. N. hefur til frekari athugunar, hvort rétt teldist í fyrsta lagi, að ríkið hætti að kaupa tryggingar og myndaði sjálft eigin tryggingasjóð, í öðru lagi, að ríkið semdi við eitt tryggingafélag um allar tryggingar með sérstakri endurgreiðslu af ágóðanum, í þriðja lagi byði út allar tryggingar eða í fjórða lagi hefði allt með sama hætti og nú er.

Þá hefur n. fjallað sérstaklega um verkstæðismál, einkum Pósts og síma. Ákveðið hefur verið að fækka verkstæðum og sameina, enn fremur að fá erlendan sérfræðing, sérfróðan um póst- og símarekstur, til þess að endurskoða allt rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins og gera till. um úrbætur. N. heimsótti Tryggingastofnun ríkisins. Um rekstur þeirrar stofnunar fjallar nú sérstakt hagræðingarfyrirtæki.

Undirnefndin hefur fjallað um till. um aukatekjur sýslumanna og sambærilegra embættismanna, en aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs og umboðslaun og laun fyrir umboðsstörf munu hafa numið um 9 millj. kr. árið 1970. Þá hefur n. kannað tilhögun á skilum á innheimtum sköttum og gjöldum frá embættum innheimtumanna ríkissjóðs.

N. óskaði upplýsinga frá 12 ríkisfyrirtækjum um utanlandsferðir starfsmanna árið 1971. Hjá þessum 12 stofnunum reyndust hafa verið farnar 234 ferðir til útlanda og dagafjöldi alls 2857 og kostnaður um 11 millj. kr. Í ljós kom, að einstakir starfsmenn eru erlendis allt upp í 3 mánuði á ári samtals. Eðlilegar skýringar geta verið á öllu þessu, ráðstefnur sumar æðilangar, en ég held, að undirnm. séu sammála um, að nauðsyn beri til að setja reglur um, hvernig teknar skuli ákvarðanir um einstakar ferðir ríkisstarfsmanna til útlanda.

Þá hefur n. fjallað um, á hvern hátt verði bezt stuðlað að samræmingu í mælingastörfum í landinu, en í æ ríkara mæli annast einstakar ríkisstofnanir hvers konar landmælingar, og ástæða er til að huga að framtíðarskipan Landmælinga Íslands með tilliti til þessarar þróunar í því skyni, að störfin verði samræmd og sem mest unnin með skipulögðu samstarfi, þannig að betur nýtist en nú þeir starfskraftar, sem að landmælingum vinna, og það fé, sem til þeirra er varið. Þá fjallaði n. um sameiginlegan rekstur að Keldnaholti í því skyni að koma á eina hönd öllu því, sem þar telst sameiginlegt, og koma í veg fyrir, að hver stofnun fyrir sig hlaði upp sérstökum kostnaði vegna eftirlitsmanna, rekstrar sendibíla o. s. frv.

Þá hefur n. fjallað um möguleika á sameiningu ríkisstofnana, t. d. eftirlitsstofnana ríkisins. Enn fremur hefur verið athugað, hvort ekki væri ástæða til að færa a. m. k. saman í húsnæði margar hinar smærri ríkisstofnanir, m. a. í því skyni, að þær hafi sameiginlega vinnuskrifstofu, sem annist símavörzlu, vélritun og fleira, sem þessar stofnanir hafa nú hver fyrir sig. Þegar hefur verið auglýst eftir húsnæði, sem hentugt gæti verið til þessara nota.

Þá hefur undirnefndin fjallað um stofnanir, sem eru tengdar ríkinu, en láta ekki gilda sömu reglur og ríkið um launakjör starfsmanna og stjórnunarlaun, bifreiðamál og hlunnindamál og ýmislegt þess háttar. Má þar nefna ríkisbankana, Framkvæmdastofnun ríkisins, Fiskifélag Íslands, Landsvirkjun, skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins o. fl. Í athugun er, hvort unnt er að tryggja hér nauðsynlega samræmingu, e. t. v. með lagasetningu.

Ég hef hér rakið í nokkurs konar efnisyfirliti það helzta, sem undirnefnd fjvn. hefur verið að vinna að, en að sjálfsögðu væri hvert atriði efni í fyrirlestur.

Ég kem þá aftur að afgreiðslu fjvn. á fjárlagafrv. Afgreiðsla þess markast að sjálfsögðu á hverjum tíma af því ástandi, sem þá ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þróun mála, síðan fjárlög voru afgreidd í fyrra, er sú, að annars vegar hafa verið gerðir kjarasamningar við verkalýðsfélögin, sem færðu launþegum meiri kaupmáttaraukningu en hafði átt sér stað í nokkrum samningum áður. Hins vegar hefur á þessum tíma orðið veruleg minnkun þess afla, sem mestu skiptir í sjávarútvegi og fiskiðnaði, þrátt fyrir aukna sókn. Því hefur kreppt að útflutningsatvinnuvegunum, sem á næstunni eiga að standa undir 6% hækkun launa frá því, sem þau eru nú. Vegna þessa verður ekki undan því vikizt, að stjórnvöld gripi hér inn í og tryggi atvinnuöryggi með efnahagslegum ráðstöfunum. Gera verður ráðstafanir vegna ríkissjóðs, sérstaklega í því skyni að mæta útgjaldaaukningu vegna dýrtíðarráðstafana og vegna annarra óhjákvæmilegra útgjalda á fjárlögum. Ákvarðanir varðandi ríkissjóð í þessu efni liggja ekki fyrir. Meiri hl. n. hefur því á þessu stigi ekki gert till. um breytingar á tekjuhlið fjárlagafrv. Mér er það vissulega óljúft, að 2. umr. skuli fara fram, án þess að séð verði, hvernig tekjuhlið frv. verður afgreidd. Því miður hefur þetta verið of algengt við afgreiðslu fjárlaga á undanförnum árum. Ég hef sjálfur tekið þátt í að gagnrýna það á undanförnum árum, þegar talið var af þáverandi stjórnarvöldum nauðsynlegt að standa þannig að málum. Ég gæti meira að segja orðið hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar hjálplegur við að finna slíkar tilvitnanir, ef þá skyldi vanta texta úr gömlum ræðum, en slíkur lestur er að sjálfsögðu mjög stundaður af stjórnarandstöðu á hverjum tíma og ekki nema gott um það að segja. Fyrir stjórnarandstöðuna rýrir það að vísu afnotagildi þessara texta, sem ég er sérstaklega að benda þeim á, að þeir kæmu e. t. v. í bága við það, sem þeir hafa haldið fram undanfarið, að við 2. umr. fjárl. hafi á árum viðreisnarstjórnarinnar jafnan legið fyrir, hvernig tekjuhlið yrði afgreidd.

Ég sé ekki ástæðu hér til að ræða efnahagsmál almennt, orsakir vandans eða hugsanlegar leiðir. En staðreyndir þær, sem við blasa, eru, að kaupmáttur launa er meiri nú en nokkru sinni fyrr og 6% launahækkun fram undan, en staðreynd er það jafnframt, að gera verður ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs miðað við þær tekjur, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þessi staða ríkissjóðs veldur því, að nauðsyn ber til að takmarka sem mest útgjöldin. Þegar haft er í huga, að mjög verulegur hluti ríkisútgjaldanna er bundinn skv. lögum, leiðir af sjálfu sér, að við þessar aðstæður hefur a. m. k. meiri hl. fjvn. ekki talið fært að veita fé til ýmissa veigamikilla þátta, svo sem verklegra framkvæmda og félagsmála, í svo ríkum mæli sem nauðsyn annars krefði. Skv. heimild í brbl., sem sett voru í júlí s. l. í sambandi við aðgerðir í verðlagsmálum, hafa fjárveitingar á fjárl. þessa árs verið lækkaðar í einstökum málaflokkum: framlög til hafnamála um 28.6 millj., til skólamála 75 millj., til heilbrigðismála 71 millj., samtals um 174.6 millj. kr. Sundurliðun þessara lækkana á einstakar framkvæmdir kemur fram í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 171. Við tillögugerð í þessum málaflokkum hefur verið tekið tillit til þessara lækkana, þótt meiri hl. n. hafi ekki talið fært að ganga lengra í fjárveitingum til verklegra framkvæmda en fram kemur í till. n. Hefur sérstaklega verið haft í huga að reyna að eyða þeim skuldahölum, sem á undanförnum árum hafa safnazt upp, t. a. m. vegna hafnarframkvæmda og íþróttamannvirkja, en í þessum málaflokkum námu skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög og íþróttasamtök um 150 millj. kr.

Varðandi þær brtt., sem n. flytur sameiginlega á þskj. 162 og 165, er rétt að taka það fram, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. hafa áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um fylgi við einstakar till.

Mun ég þá rekja brtt. þær, sem n. flytur, og skýra lítillega þær, sem þörf er á frekari upplýsingum um en textinn veitir.

Við tekjuhliðina er að þessu sinni aðeins 1 brtt.: Liðurinn „slysatryggingaiðgjald atvinnurekenda“ hækki um 45 millj. 345 þús. kr. Tryggingastofnun ríkisins hefur, frá því að fjárlagafrv. var samið, gert nýja áætlun um slysatryggingaiðgjöld, þar sem í ljós hefur komið, að áætlun þessa árs hefur ekki staðizt. Skv. hinni nýju áætlun fyrir árið 1973 þurfa iðgjöld í heild að hækka um þessa upphæð, sem jafnframt færist í fjárlögum sem útgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins.

Þá koma brtt. sem heyra undir menntmrn., en þær eru langflestar.

Í lögunum um menntaskóla er gert ráð fyrir því, að námskeið séu haldin fyrir menntaskólakennara. Fram að þessu hefur ekki verið veitt fé til að halda slík námskeið, en að þessu sinni er lagt til, að veittar verði 400 þús. kr. Fjárveiting til námsflokka er hækkuð um 250 þús. kr., og er þá höfð í huga m. a. umsókn námsflokka Akureyrar um fjárveitingu vegna listfræðslu. — Þá eru till. varðandi háskólann. Lagt er til að framlag til læknadeildar hækki um samtals 2 millj. 742 þús. kr. vegna rannsókna og kennslu í sýklafræði og skyldum greinum. Á móti hækka tekjur um 1 millj. Á brtt. við liði á heilbrmrn. er gert ráð fyrir útgjöldum í sambandi við það húsnæði, sem þessi starfsemi fer fram í. Þá er lagt til, að hækkað sé framlag vegna stundakennslu í verkfræðideild um 500 þús. kr. Háskólinn hefur ekki fengið samþ. þá tölu prófessora í þessari deild, sem hann hefur æskt eftir, og hér er lagt til, að þess í stað verði veittar 500 þús. kr. til aukningar stundakennslu.

Nýlega munu hafa verið gerðir samningar milli fjmrn. og stundakennara við háskólann um hækkun launa, og er hér gerð till. um nýjan lið til að mæta þessum hækkunum. Liðurinn er: hækkun á launum stundakennara 10 millj. kr. Þessi hækkun mun ná til um 250 manns. Fyrirheit hefur verið gefið um, að norrænni jarðeldastöð, sem ákveðið hefur verið að koma á fót í tengslum við Háskóla Íslands, verði séð fyrir innréttuðu húsnæði í atvinnudeildarhúsnæðinu. Lagt er til, að veittar verði 4.8 millj. kr. til greiðslu kostnaðar, og fært á lið til byggingarframkvæmda og tækjakaupa háskólans. Í bréfi menntmrn. kemur fram, að gert er ráð fyrir, að reglur um jarðeldastofnunina verði staðfestar á fundi ráðherranefndar Norðurlanda nú í desember, og gert ráð fyrir, að húsið verði tilbúið á næsta ári.

Tilraunastöð háskólans á Keldum gegnir mikilvægu hlutverki í baráttu gegn sjúkdómum í búfé, en býr við tækjaskort. Talið hefur verið nauðsynlegt að kaupa tæki fyrir 3 millj. 750 þús. kr., og er lagt til, að veitt verði heimild til þess, en á þessu ári verði veittar til kaupanna 1.2 millj. kr., þar sem tækin mun mega greiða á 3 árum. — Lagt er til, að laun við Raunvísindadeild háskólans hækki um 426 þús. kr., annars vegar vegna hálfrar stöðu rannsóknamanns í jarðvísindadeild og hins vegar vegna annarra launa í reiknistofu. Önnur rekstrargjöld eðlisfræðideildar lækka um 167 þús. kr., en ekki 207 þús., eins og kemur fram í þskj. 162, það er prentvilla og verður leiðrétt. Tekjur lækka um 2 millj. 145 þús. kr., þar af um 1 millj. 150 þús. kr. í efnafræðideild og um 595 þús. kr. í eðlisfræðideild. Hér er um að ræða lækkun á erlendum styrkjum. Tekjur á reiknistofu eru of áætlaðar í frv., og gerð er till. um lækkun um 500 þús. kr.

Ekki er talið stætt á öðru en að gæzlumenn séu hafðir í húsnæði handritastofnunar allan sólahringinn, og er gert ráð fyrir fjárveitingu til stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi af þessum sökum. Enn fremur verði í launaliðnum bætt við laun vegna þriggja sérfræðinga á þann hátt, að þeir hljóti full laun. Það eru sérfræðingar, sem vinna þar skv. lögum stofnunarinnar að sérstökum störfum, og lagt er til, að þeir fái full laun í stað ¾ launa áður. Launakostnaður vegna þessara manna og gæzlumannanna hækkar þá samtals um 971 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 100 þús.

Við Náttúrufræðistofnun Íslands hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 200 þús. kr. til þess að tryggja, að hægt sé að halda áfram útgáfu jarðfræðikorts. Það er það jarðfræðikort, sem Guðmundur heitinn Kjartansson vann við síðustu ár á stofnuninni. Þá er lagt til, að Rannsóknaráð ríkisins fái 150 þús. kr. til kauppa á steinasafni Tómasar heitins Tryggvasonar jarðfræðings og 323 þús. kr. vegna ráðningar ritara.

Í ljós hefur komið, að rekstrargjöld fyrir Menntaskólann í Reykjavík fyrir árið 1972 hafa verið mjög vanáætluð. Áætlunin fyrir 1973, sem gerð var snemma í vor, áður en fyllilega kom í ljós, að áætlunin fyrir þetta ár hefði verið vanáætluð, er því lág, og er lagt til, að launaliður við Menntaskólann í Reykjavík hækki um 600 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 400 þús. Þá er gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 350 þús. kr. vegna innréttingar á rishæð, en verulegur hluti kostnaðarins hefur komið árið 1972.

Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhaldskostnaður hækkar um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús. kr.

Er þá komið að Vélskóla Íslands. Þegar tækninni fleygir svo ört fram sem raun ber vitni, er hætt við því, að þeir, sem hafa lokið námi fyrir mörgum árum, dragist aftur úr. Vélskóli Íslands og Stýrimannaskólinn hafa því í hyggju að halda sameiginlegt námskeið um meðferð og viðhald nýjustu veiði-, rafeinda- og stýritækja, og er lagt til, að hvorum skóla um sig verði veittar 175 þús. kr. í þessu skyni. Í sama skyni verði veittar 150 þús. kr. til vélskólans í Vestmannaeyjum. Forustumenn vélskólans hafa talið mikla hættu á, að kennsla við skólann dragist aftur úr og fylgi ekki kröfum tímans vegna tækjaskorts. Þeir hafa í skólanum vel menntaða kennara, en slíkt gagnar að sjálfsögðu ekki, ef tæki vantar. Hér er því brýn þörf á að bæta nokkuð úr. Hafa má líka í huga, að mjög mikið af nýjum skipum er nú að koma til landsins með dýrum tækjum, og á miklu veltur, að unnt sé að tryggja sem bezta og fullkomnasta kennslu í vélskólanum, og er því gerð tillaga um, að skólanum verði veittar 5 millj. kr. til tækjakaupa í stað 1.6 millj. kr., sem eru á frv.

Framlag til byggingar iðnskóla hækkar um 2.8 millj. Sundurliðun á einstaka skóla kemur fram á þskj. 162. Í Fiskvinnsluskólanum eru 2 bekkjardeildir, 2 árgangar. Næsta haust, þegar 3. árgangurinn bætist við skólann, skortir skólann húsnæði. Leitað hefur verið eftir leiguhúsnæði, og nú eru horfur á, að tekizt hafi að útvega það. Lagt er til, að rekstrarkostnaður skólans verði hækkaður um 100 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 3.4 millj., því að vera kann, að skólinn þurfi að kosta innréttingar í leiguhúsnæði.

Lagt er til, að veittar verði 2 millj. 874 þús. kr. til rekstrar nýs hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík. — Framlag til húsmæðraskóla hækkar um 3.5 millj. kr. Sundurliðun á einstaka skóla kemur fram á þskj. 162. — Styrkur til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 3 millj. í 26 millj., til Samvinnuskólans um 500 þús. í 4 milj. og til Bréfaskóla SÍS og Alþýðusambands Íslands um 120 þús. í 520 þús. — Framlag til héraðsskóla hækkar um 254 þús. í 49 millj. og 70 þús. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162. — Sameiginlegur kostnaður við skólann á Laugarvatni hækkar um 200 þús. kr. Brunavarnaeftirlitið hefur gert athugasemdir um útbúnað þar, og er lagt til, að þessum 200 þús. verði varið til endurbóta brunavörnum. — Lagt er til, að veittar verði 4 millj. 350 þús. kr. til kennslu fjölfatlaðra barna.

Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 4 millj. 517 þús. kr. og verða 477 millj. 928 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj 165. Undanfarin ár hafa fjárveitingar til skólamannvirkja verið miðaðar við 4 ára greiðslutímabil. Þar sem lög gera ráð fyrir greiðslu á 3 árum, hefur 4 ára

reglan verið framkvæmd án heimilda, nema árið eftir að lögin voru sett, þá var aflað sérstakrar heimildar til að miða við 4 ár það eina ár. Raunin hefur jafnvel verið sú, að í ýmsum tilvikum, einkum við hina stærstu og dýrustu skóla, hefur verið stefnt til lengra greiðslutímabils, þar sem fyrstu árin hefur ekki verið tekinn inn fjórðunugur kostnaðar hverju sinni, heldur minni upphæðir. Þegar að greiðslu lokaársins kemur, er upphæðin því miklu hærri en vera bæri, ef miðað hefði verið við 4 ár í fyrri fjárveitingu. Þetta hefur valdið erfiðleikum með að skipta fé til skólamannvirkja og veldur því, að horfast verður í augu við, að hverju var stefnt, þegar svo var að staðið hin fyrri árin. Þarna hefur verið skapaður fjárhagsvandi, sem eðlilegast er að leysa á þann hátt, að heimilt sé að miða við, að fjárveitingar til skóla, sem áttu eftir 4 ára reglunni að fá lokaframlag 1973, megi skiptast á árin 1973 og 1974. Heimildar til þessa mun verða aflað með flutningi frv. um breytingar á lögum um skólakostnað, samtímis því sem gert er ráð fyrir að lögfesta 4 ára regluna. Í till. sínum um fjárveitingar til skólamannvirkja hefur nefndin beitt þessu væntanlega heimildarákvæði á þann hátt, að í þeim tilvikum, að gert sé ráð fyrir, að lokagreiðslum sé skipt á árin 1973 og 1974, þá komi ⅛ hluti fjárhæðarinnar á síðara ári. Heimild um slíka skiptingu á 2 ár er ekki beitt, nema um stærri upphæðir en 3 millj. kr. sé að ræða. Ákvæðið um greiðslu á lengri tíma en 4 árum verður bráðabirgðaákvæði skv. frv., sem lagt er fram, og gildir aðeins fyrir fjárveitingar nú, enda nauðsyn vegna þess, hvernig að hefur verið staðið á undanförnum árum. Ákvörðuninni um 4 ára greiðslutímabil í lögum í stað 3 ára, sem nú gildir, er hins vegar ætlað að standa áfram, og munu a. m. k. fjárveitinganefndarmenn telja, að lögfesting þess sé til bóta.

Lagt er til, að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki um 28 millj. Ráðgerð lántaka sjóðsins lækkar um 10 millj. og kemur í staðinn 10 millj. kr. fjárveiting og veitt er 13% hækkun lána innanlands vegna hækkunar framfærslukostnaðar, eða 18.3 millj. kr. Nemur þá framlag til lánasjóðsins úr ríkissjóði 301.3 millj. kr., en er á núgildandi fjárlögum 190 millj. og var á fjárlögum 1971 90 millj. 625 þús. kr.

Framlag til Myndlistaskólans í Reykjavík hækkar um 50 þús. í 300 þús. kr. Í skólanum voru á s. l. vetri 175 nemendur og 4 kennarar og kennt var þar í 10 deildum.

Landsbókasafn Íslands, laun hækka um 523 þús. kr., þar sem ráðgert er að veita Haraldi Sigurðssyni ársleyfi frá störfum til að halda áfram ritun kortasögu Íslands. 80 þús. kr. hækkun á rekstrargjöldum er veitt til greiðslu leiguhúsnæðis. — Rekstrargjöld þjóðskjalasafns hækkar um 1 millj. 115 þús. kr. vegna leigu og innréttingar á geymsluhúsnæði.

Framlag til Listasafns Ásgrims Jónssonar hækkar um 200 þús. kr. Þar er um að ræða uppsetningu á öryggisbúnaði, bæði að því er varðar rakavarnir og eldvarnir. — Lagt er til, að gjöld Listasafns Íslands hækki um 1 millj. 741 þús. kr. Þar er annars vegar um að ræða skuldagreiðslu vegna kaupa á málverkum eftir Jón Stefánsson og hins vegar kvöð um sérstakar lífeyrisgreiðslur sem fylgdi því húsnæði, sem Listasafnið seldi á s. l. ári.

Lagt er til, að launakostnaður náttúruverndaráðs hækki um 1 millj. 89 þús. kr. og rekstargjöld lækki um sömu upphæð, skv. óskum þeirra, sem með málefni þess fara. — Framlag til almenningsbókasafna er hækkað um 100 þús. kr., og er þá höfð í huga umsókn Amtsbókasafnins á Akureyri um styrk.

Þá er tillaga um Tónlistarskólann í Reykjavík. Skólastjórinn og 4 kennarar eru ríkisstafsmenn. Kennaradeildin sér um að undirbúa söngkennara skyldunáms, og nám í þeirri deild er ókeypis. Við aðrar deildir skólans eru 7 fastráðnir kennarar auk 30 stundakennara. Þessi hluti skólans er rekinn með styrkjum frá ríki og bæ og skólagjöldum og framlagi Tónlistarfélagsins. Talið er, að styrkur til þessarar deildar hafi ekki verið hækkaður í frv. til jafns við styrki til hliðstæðrar tónlistarstarfsemi, og lagt er til, að hann hækki um 200 þús. kr. — Lagt er til, að tónlistarskólunum í Árnessýslu og Mosfellssveit og Hafnarfirði verði hverjum fyrir sig veittur 125 þús. kr. styrkur til innréttinga á húsnæði. Er þá við það miðað, að hér sé um að ræða fyrri greiðslu af tveim. Þessar umsóknir bárust allar nokkuð seint, og er það eina ástæðan fyrir því, að framlagningu er skipt.

Á síðasta Alþingi, var lögum um íþróttasjóð breytt á þann veg, að um fjárveitingar til íþróttamannvirkja gilda nú líkar reglur og um fjárveitingar til skólamannvirkja, þannig að eigi bygging að njóta styrks frá ríkissjóði, er óheimilt að hefja byggingu fyrr en teikningar hafa verið samþykktar og veitt hefur verið fé til byrjunarframkvæmda. Nú hefur svo verið staðið að fjárveitingu til íþróttamannvirkja á undanförnum árum, að hvaða aðili sem var gat hafið framkvæmdir og öðlazt rétt til mótframlags ríkisins, en fjárveitingar voru skornar svo rækilega við nögl ár eftir ár, að skuldahali ríkissjóðs nam á milli 70 og 80 millj. um næstsíðustu áramót og nú eftir síðustu úthlutun um 82 millj. kr., enda þótt framlag til sjóðsins hafi á fyrstu fjárl. núverandi ríkisstj. verið hækkað úr 5 millj. í 13 millj. kr. Þess var þá getið, að á þetta væri litið sem fyrsta sporið í þá átt að eyða þessum gífurlega skuldahala, í stað þess að áfram yrði haldið að safna honum upp, eins og gert hafði verið. Þess má geta t. d. um, hvernig að hefur verið staðið á undanförnum árum, að sum íþróttamannvirki hafa verið á úthlutunarskrá í 18 ár, og við síðustu úthlutun var t. d. lokið úthlutun til sundhallar á Selfossi, en sú sundlaug hefur verið í notkun í 12 ár. Í samræmi við þá stefnu, sem tekin hefur verið upp við afgreiðslu fjárlaga nú, að reyna að greiða sem mest upp í skuldahala viðreisnarstjórnarinnar við sveitarfélög og félagssamtök, er gerð tillaga um að hækka framlag til íþróttasjóðs úr þeim 15 millj., sem á frv. eru, í 25 millj., og er fjárveiting til sjóðsins orðin fimmfalt hærri en hún var fyrir 5 árum, á síðustu fjárlögum viðreisnarstjórnarinnar. Þessi ákvörðun er við það miðuð, að sveitarfélög og íþróttafélög gefi eftir 20% af inneignum sínum gegn því að fá eftirstöðvarnar greiddar á 4 næstu árum. Í þessar skuldagreiðslur fara 16.6 millj. af fjárhæðinni,

6.3 millj. eru ætlaðar til félagsstyrkja, kennslustyrkja o. fl., en eftirstöðvunum, 3.1 millj. kr., er deilt niður á þau íþróttamannvirki, sem hafin hefur verið bygging á og með þeim hætti verða viðurkennd styrkhæf. Ljóst er, að taka verður enn frekar á í þessu efni, þegar betur árar hjá ríkissjóði, til þess að geta séð fyrir greiðslum til nýrra byggingarframkvæmda og koma í veg fyrir skuldasöfnun gagnvart þeim framkvæmdum, sem í gangi eru, á meðan verulegur hluti fer til greiðslu á gamla skuldahalanum, þau 4 ár, sem sú hreinsun fer fram. Sundurliðun á styrkjum til íþróttamannvirkja, sem eru í byggingu, er á þskj. 162.

Lagt er til, að styrkur til Bandalags ísl. skáta hækki um 100 þús. kr. og styrkur til Náttúrugripasafns Akureyrar um 100 þús. Þetta náttúrugripasafn hefur nokkra sérstöðu, þar sem það hefur fastan sérfræðing, sem einnig annast eftirlit og merkingar á plöntum í grasgarði Lystigarðs Akureyrar. — Lagt er til, að Íslendingafélagið í Þrándheimi fái 50 þús. kr. styrk til að innrétta húsnæði, sem félagið hefur til afnota leigulaust frá norskum aðilum. — Lagt er til, að styrkur til Kvenfélagasambands Íslands verði hækkaður um 300 þús. kr. í 1 millj. og 300 þús. og að Sambandi austfirzkra kvenna og Samband vestfirzkra kvenna fái 50 þús. kr. hvort um sig — Þá er lagt til, að Landakotsskólinn í Rvík hljóti rekstrarstyrk að upphæð 500 þús. kr. Skóli þessi hefur ekki notið ríkisstyrks áður, en nemendafjöldi í skólanum er nú 170, og kennsla fer þar fram skv. gildandi fræðslulögum. — Liðurinn til minnisvarða Guðmundar góða hækkar um 15 þús. kr. í 50 þús. — Styrkur til að gera heimildarkvikmynd um atvinnuþróun á Suðurlandi hækkar um 25 þús. kr. í 100 þús. Ráðgert er að sýna myndina víða um land á árinu 1974 í sambandi við fyrirhuguð héraðshátíðahöld þá. — Lagt er til, að Flugskóla Helga Jónssonar verði veittur 200 þús. kr. styrkur. Í skólanum eru nú 62 íslenzkir nemendur. Skólinn hefur ekki notið ríkisstyrks áður, en á nú í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna endurnýjunar á tækjum. — Nýr liður er aðstoð við þróunarlöndin 5 millj. kr. Sams konar liður á núgildandi fjárlögum er að upphæð 3 millj. — Flóttamannaráð Íslands er ráð 12 samtaka og stofnana og hefur staðið fyrir söfnun til hjálpar flóttamönnum. Það fékk 800 þús. á fjárlögum 1972. Þeirri upphæð var varið til endurbóta og viðgerðar, skólahúsa í Suður-Súdan, og lagt er til, að ráðinu verði veitt jafnhá upphæð á þessu ári, 800 þús. kr.

Er þá komið að till. varðandi utanrn. Þar er lagt til, að viðhaldskostnaður við sendiráð í London hækki um 745 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 528 þús. Hagsýslustjóri hefur athugað ástand sendiherrabústaðarins og skrifstofuhúsnæðisins í London, og kostnaðaráætlun er gerð í samráði við hann. — Framlag til Evrópuráðs hækkar um 147 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar.

Þá eru till. varðandi landbrn. Lagt er til, að framlag til Búnaðarfélags Íslands verði hækkað um 250 þús. kr. vegna námskeiða, sem ætlunin er að halda fyrir bændur. M. a. mun þar verða kennd meðferð véla. — Lagt er til, að veittar verði 250 þús. kr. til viðhaldskostnaðar á tilraunastöðinni að Skriðuklaustri, en enn hefur ekki verið lokið við að koma húsinu í það horf, sem óskir gefandans hafa staðið til. — Framlag til Skógræktar ríkisins er hækkað um 610 þús. kr. Þar er annars vegar um að ræða hækkun framlags til framkvæmda í Fljótsdal, 150 þús. kr., og hins vegar er um að ræða ¾ hluta af launum skógarvarðar, sem starfa mun á Suðvesturlandi. — Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hjá Landgræðslu er hækkað um 6 millj. kr., þar af er ein millj. ætluð til byggingaframkvæmda að Gunnarsholti, en nýlega hefur verið gert þar frumskipulag að framtíðarbyggingum á staðnum. — Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 3 millj. 230 þús. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162. — Framlag til landþurrkunar hækkar um 50 þús. kr. og sundurliðun kemur fram á sama þskj. — Lagt er til, að framlag til einangrunarstöðvar holdanauta verði hækkað um 3 millj. í 6 millj. Kostnaður við byggingarframkvæmdir í Hrísey er áætlaður um 8 mill. kr., annar kostnaður er 2 millj., en af fyrri fjárveitingum mun vera ónotað nálægt 2 millj. — Þá er nýr liður: til stóðhestastöðvar 150 þús. kr. Sérstök n. hefur unnið að undirbúningi þessa máls og skoðað 3 staði, sem talið er, að komi til greina fyrir slíka stöð, þ. e. a. s. Gunnarsholt, Vífilsstaðir, Litla-Hraun á Eyrarbakka, og mælir n. með síðastnefnda staðnum. — Þá er nýr liður: til skipulagningar á Hvanneyri og að Hólum 1 millj. kr. Er þá lokið þeim till., sem varða landbrn., og komið að till., sem heyra undir sjútvrn.

Á frv. til fjárl. er ekki gert ráð fyrir framlagi til leiguskipa hjá Hafrannsóknastofnuninni, og lagt er nú til, að veittar verði 3.1 millj. kr. til leigu á skipum, sem einkum yrðu notuð til leitar að skelfisk, rækju og til merkingar á fiskum. — Framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hækkar um 800 þús. kr. Þar er um að ræða kaup á tækjum og innréttingar í nýjar rannsóknarstofur. — Þá er nýr liður: til greiðslu á skuldum Síldarverksmiðja ríkisins, 26 millj. kr. Á 6. gr. núgildandi fjárl. er ríkisstj. veitt heimild til að ábyrgjast greiðslu á skuldum verksmiðjanna á árunum 1973—1976, allt að 87 millj. kr. Samkv. þessari heimild hefur verið samið um greiðslu á skuldum frá árunum 1960—1971, og nema greiðslur samkv. því til ársins 1981 samtals 127 millj. kr., þar af um 26 millj. á næsta ári, eins og hér er gerð till. um, að tekið verði inn í fjárlög. Að auki skulda verksmiðjurnar ríkisábyrgðasjóði um 50 millj. vegna lána, sem sjóðurinn er í ábyrgð fyrir. Þar að auki munu Síldarverksmiðjur ríkisins vera í ábyrgðum fyrir fyrirtækið Þormóð ramma á Siglufirði og eiga þar inni eitthvert fé, sem að sjálfsögðu fæst aldrei endurgreitt. Aðstöðugjöld fyrirtækisins, tryggingaiðgjöld og fasteignagjöld hvers konar munu nema á þessu ári um 6 millj. kr., og tugmilljónatap er á rekstri fyrirtækisins á ári hverju. Er ljóst, að sem bráðast verður að taka ákvarðanir um framtíð þess.

Þá eru till. varðandi dóms- og kirkjumrn. Embætti sýslumanns og bæjarfógeta á Akureyri, launaliður hækkar um 150 þús. kr. vegna hálfrar stöðu starfsstúlku. — Framlag til landhelgisgæzlu hækkar um 8 millj. vegna vanáætlunar stofnunarinnar. Þessi hækkun sundurliðast þann-

ig: vegna flugvélanna, eldsneyti, viðhald og endurbætur 2.5 millj., vegna launa og kostnaðar flugmanna 0.5 millj. og vegna leiguskips 5 millj. — Þá er gerð till. um að hækka launagjöld Öryggiseftirlits ríkisins um 500 þús. og önnur rekstrargjöld um 50 þús., vegna þess að ráðinn hefur verið nýr starfsmaður til eftirlits með öryggisráðstöfunum við byggingarvinnu samkv. nýrri reglugerð, sem gefin hefur verið út. Þessi útgjöld fást uppi borin af tekjum.

Þá er nýr liður, fíkniefnanefnd. Lagt er til að veittar verði 1.5 millj. kr. til samstarfsnefndar um fíknivandamál til að kosta fræðslustarfsemi, menntun starfsmanna og tækjakaup. Fíkniefnanefnd gerði í ágúst s. l. till. til dómsmrn. um ýmsar aðgerðir til að sporna við notkun fíkniefna, og hefur nú verið lagt fram frv. í framhaldi af þessum till.

Framlag til útihúsa á prestssetrum hækkar um 250 þús. kr.

Er þá komið að till. varðandi félmrn. Þar er lagt til, að veittar verði 200 þús. kr. til rekstrar Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit, en þar njóta 24 drengir umönnunar og kennslu. Tjaldanesheimilið er sjálfseignarstofnun og hefur ekki notið beins styrks frá ríkinu áður. — Þá er lagt til, að Kvenfélagasambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu og orlofsnefndum á félagssvæði þess verði veittar 250 þús. kr. til orlofsheimilis í Gufudal, en þessi upphæð hefur áður staðið í fjárl., en var ekki í frv. nú. — Þá er nýr liður. Lagt er til, að Styrktarsjóði lamaðra og fatlaðra verði veittur byggingarstyrkur, ½ millj. kr. eða jafnhá upphæð og er á núgildandi fjárl.

Þá er komið að till. varðandi heilbr.- og trmrn. Lagt er til, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 71 millj. 570 þús. kr. Annars vegar er um að ræða útgjöld vegna slysatrygginga, 45 millj. 345 þús. kr., og er það í samræmi við þá till., sem gerð var um breytingar á tekjuhlið frv., tryggingaiðgjöldum atvinnurekenda, en atvinnurekendur greiða allan kostnað við slysatryggingu Tryggingastofnunarinnar. Hins vegar er um að ræða útgjöld vegna áhrifa af starfsliðsaukningu, alls 26 millj. 225 þús. kr. Fjvn. hefur samþykkt að mæla með þeirri aukningu starfsliðs hjá ríkisspítölunum, og er þá miðað við, að heimilað verði að ráða á næsta ári nýtt starfslið á ríkisspítalana og þær stofnanir, sem þar eru með taldar, í þeim mæli, að svari til um 30 millj. kr. heildarútgjalda á því ári, 1973. Laun þess starfliðs, sem starfar við sjúkrahúsin, koma fram í útgjöldum til sjúkratrygginga í daggjöldum og greiðast að 90% af ríkissjóði, en að 10% af sveitarfélögum. Því starfsliði, sem hins vegar yrði ráðið t. d. á skrifstofu ríkisspítalanna eða við Blóðbankann, er greitt að fullu af ríkissjóði. En þar sem sú ákvörðun, hvernig þessi upphæð er notuð á árinu 1973, þ. e. a. s. hvort hún er notuð þannig að fastráða sem flest fólk sem síðast á árinu eða ráða færra fólk fyrr á árinu, hefur afgerandi áhrif á útgjöld á næsta ári, þá er miðað við það, að fjvn. hafi hönd í bagga með þessum ákvörðunum. Miðað við kostnað skiptist starfsmannaaukningin þannig: Vegna vinnutímastyttingar 14.9 millj. kr., vegna nýrra deilda og nýrrar þjónustu 7.5 millj. og vegna eldri deilda og þjónustuaukningar 7.7 millj. Þessi ákvörðun um svo mikla starfliðsaukningu á sjúkrahúsunum er tekin í framhaldi af þeim fjárveitingum, sem samþykktar voru við afgreiðslu núgildandi fjárl., þegar segja má, að í fyrsta skipti um langt árabil hafi nokkuð verið komið til móts við brýnustu þarfir fyrir bætta þjónustu á spítölunum. Árum saman fengust ekki fjárveitingar til þess, að með sómasamlegum hætti væri unnt að taka í notkun nýjar deildir, hvað þá að bæta þjónustu á eldri deildum. Einkum var ástandið í þessum efnum slæmt á Kleppsspítalanum, en nú má segja, að tekið sé að rofa til í þessum efnum.

Þá eru brtt. varðandi Rannsóknastofnun háskólans. Þar er lagt til, að launaliður hækki um 3 millj. 475 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5.5 millj. Hér er um að ræða endurbætur á starfsaðstöðu og aukinn rekstur rannsóknastofu í sýkla- og veirufræði, sem áformað er að koma fyrir í gamla þvottahúsinu á landsspítalalóðinni. Aðstaða til þeirrar starfsemi, sem hér er um að ræða, hefur verið með endemum slæm, og eru þessar framkvæmdir og starfsliðsaukning ætlaðar til úrbóta í þessum málum til bráðabirgða.

Vegna þeirrar starfsliðsaukningar, sem áður var getið, hækka laun við Blóðbankann um 231 þús. kr. — Enn fremur er lagt til, að St. Jósefsspítalanum í Reykjavík verði veittur 5 millj. kr. styrkur til kaupa á röntgentækjum.

Framlög til byggingar sjúkrahúsa og sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða, annarra en ríkisspítala, hækkar um 6 millj. 130 þús. kr. og nemur þá 168 millj. 787 þús. Sundurliðun á einstakar stofnanir kemur fram á þskj. 162.

Það er öllum ljóst, sem nálægt því verki koma að gera till. um fjárveitingar á fjárl. ríkisins, að fjárveitingar til helztu fjárfestingarframkvæmda eru einkar viðkvæmt mál og erfitt að samræma óskir frá hinum ýmsu stöðum. Á þetta ekki hvað sízt við um fjárveitingar til byggingarframkvæmda í heilbrigðismálum. Valda því að sjálfsögðu hinir miklu erfiðleikar fólksins í dreifbýlinu að tryggja sér þjónustu lækna og annars starfsliðs í heilbrigðismálum, og er þá lögð áherzla á að hafa aðstöðu á hverjum stað sem fullkomnasta, ef það mætti fremur verða til þess, að þetta starfslið fengist. Ákvæði um, að ríkissjóður greiði læknamiðstöðvar að fullu, veldur að sjálfsögðu mjög harðri ásókn í fjárveitingar, og að mínum dómi er það ákvæði óheppilegt og óeðlilegt. Þörfin á því, að fjárveitingar séu á þessum sviðum sem öðrum miðaðar við skynsamlega tæknilega áfanga og tryggð sé sem bezt nýting fjármagnsins, veldur því, að nauðsynlegt er, að unnt sé að ákveða fram í tímann fyrirfram fjárveitingar úr ríkissjóði í samræmi við eðlilegan tæknilegan framgang hvers verks, sem leyft er að hefja. En eins og staðið hefur verið að fjárveitingum í þessum efnum, hefur í reynd ekki verið unnt að skuldbinda ríkissjóð um fjárveitingar til hverrar framkvæmdar nema eitt ár fram í tímann. Við tillögugerð fjvn. er að sjálfsögðu metin staða hverrar framkvæmdar, en þó er ekki því að neita, að samt ber á því, að eftir að veitt hefur verið fé til að hefja framkvæmdir eitt árið og þær framkvæmdir þurfa að geta rakið sig á eðlilegan

hátt með útboðum og bindandi verksamningum næsta ár eða næstu ár, þá vill jafnvel við næstu tillögugerð um fjárveitingar upphefjast að nýju endurmat á því, hvort þeirri framkvæmd eigi fram að halda, eða fram kemur nýtt mat á framkvæmdahraða, sem þá er oft e. t. v. í ósamræmi við gerða verksamninga. Þetta gerist, þótt byrjunarfjárveitingar til framkvæmda ættu í rauninni að binda hinar næstu samkv. skynsamlegum áætlunum og eðlilegum byggingaráföngum.

Ég er þeirrar skoðunar, að óhjákvæmilegt sé að gera fjögurra ára áætlun um sérhvern þátt verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, þannig að í upphafi verði um hverja framkvæmd ákveðinn framkvæmdahraði verksins og fjárveitingar í samræmi við það bundnar fastmælum. Þetta kæmi í veg fyrir það, sem nú gerist of oft, að framkvæmdum sé hrundið af stað með litlum fjárveitingum til byrjunarframkvæmda, en síðan skapist tregða á að sjá fyrir þeim fjárveitingum, sem óhjákvæmilega ættu að fylgja á eftir næsta ár eða næstu ár, — tregða, sem orsakast af löngun þm. til að veita þeim mun meira af heildarfjármagninu til að hrinda af stað enn nýjum framkvæmdum, sem síðan auka enn á vandann. Í fjárlagafrv. þarf að gera grein fyrir stöðu hverrar framkvæmdar og hvað þær fjárveitingar, sem samþ. hafa verið til hverrar og einnar, kalla á háa fjárveitingu á hverju hinna næstu ára, þannig að unnt sé að búa við raunverulega framkvæmdaáætlun.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að inn í fjárlög eigi að koma þær lánsheimildir, sem nú eru í sérstakri framkvæmdaáætlun, og eigi að tilgreina og afgreiða þannig í fjárlagafrv. allar áætlaðar fjármagnshreyfingar til ríkisins, hvort sem um er að ræða tilfallandi tekjur ársins eða áætlaðar lántökur, og á sama hátt að afgreiða í einu lagi og fullu samhengi ákvarðanir um verklegar framkvæmdir, jafnt þær framkvæmdir, sem fjármagnaðar eru með lánsfé, sem hinar, sem veitt er fé til af tekjum ríkissjóðs.

Í sambandi við fjárveitingar til framkvæmda í heilbrigðismálum vil ég aðeins til viðbótar geta þess í sambandi við fyrirhugaða byggingu geðdeildar við Landsspítalann, að þar sem af hálfu ýmissa aðila er ekki talið með öllu tryggt, að tæknilegum undirbúningi sé svo langt komið, að unnt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári, hefur ekki verið gerð till. um að veita meira fé en á frv. er til þessara framkvæmda. Þetta breytir hins vegar engu um þá ákvörðun, að bygging geðdeildarinnar verði næsta verkefni ríkisspítalanna og gangi fyrir öðrum framkvæmdum, sem skemmra eru komnar í undirbúningi nú. Til að tryggja, að strax verði hafizt handa, ef unnt er, og á árinu 1973, ef undirbúningi lýkur nógu snemma, er ætlunin, að við 3. umr., þegar heimildatillögur verða afgreiddar, verði flutt till. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka allt að 30 millj. kr. lán til að verja til byggingar geðdeildar við Landspítalann.

Þá er hér nýr liður á málum, sem varða heilbrmrn. Það er Templarahöllin, byggingarstyrkur, 900 þús. kr. Hér er um sömu upphæð að ræða og er á fjárl., en þessi liður féll niður á fjárlagafrv. þessi styrkur mun upphaflega hafa verið veittur þessum samtökum til þess að standa undir greiðslum á ákveðnu láni, sem tekið var til framkvæmdanna, og þá gefið fyrirheit um, að styrkurinn skyldi standa svo lengi sem eftir væru greiðslur af láninu, en á fjárlagafrv. féll þessi liður niður, og er lagt til, að hann verði tekinn upp að nýju. — Framlag til Stórstúku Íslands er hækkað um 100 þús. kr.

Varðandi fjmrn. er ein brtt., launakostnaður við Skattstofu Austurlands hækki um 420 þús. kr. vegna ráðningar nýs starfsmanns hjá embættinu.

Það eru næst till. varðandi samgrn., þ. e. framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Er lagt til, að það framlag hækki um 31.5 millj. kr. Sundurliðun á einstakar hafnir kemur fram á þskj. 162. Við afgreiðslu fjárl. í fyrra stóðu mál svo í sambandi við framlög til hafnarmannvirkja, að ríkissjóður hafði safnað upp hjá hafnarsjóðum 80 millj. kr. skuldum til viðbótar við eldri skuldahala, sem sérstök fjárveiting hefur verið til á undanförnum árum. Þessar skuldir munu um n. k. áramót nema um 64 millj. kr. Í samræmi við stefnu meiri hl. fjvn. að gera sem mest skil við sveitarfélög og aðra aðila á skuldahölum ríkissjóðs hefur við fjárveitingu til hafnarframkvæmda nú verið við það miðað, að þessi skuld hverfi með öllu. Að öðru leyti eru fjárveitingar við það miðaðar, að unnt sé að ljúka áföngum eða vinna heillega nýja áfanga. Staða fjölmargra hafnarsjóða er nú mjög bágborin, en greiðsla á skuldum ríkissjóðs ætti að verða til þess að auðvelda þeim að standa í skilum, enda þótt meira þurfi að koma til úrbóta.

Framlag til ferjubryggna hækkar um 2.9 millj. kr. og sundurliðun kemur fram á þskj. 162. — Liðurinn hafnarmannvirki, eftirstöðvar, hækkar um 2.3 millj. kr. og nemur þá 27.5 millj. Þar af eru gengisbætur 7.8 millj. og eftirstöðvar 19.7. — Framlag til sjóvarnargarða lækkar um 2.3 millj. Sundurliðun kemur fram á þskj. 162.

Launakostnaður við Siglingamálastofnun ríkisins hækkar úr 480 þús. kr. vegna ráðningar eftirlitsmanns með búnaði skipa. Starf hans mun einkum verða það að samræma störf skipaeftirlitsmanna um land allt. — Gjöld vegna flugmálastjórnar hækkar um 8 millj. 554 þús. kr., þar af vextir um 5 millj. 443 þús. kr. og lánahreyfingar 2 millj. 611 þús. kr. Er það vegna vanáætlunar stofnunarinnar, sem fjvn. fékk upplýst um fyrir fáum dögum. — Veðurstofa Íslands, liðurinn veðurstöðvar hækkar um 3 millj. 640 þús. kr. Þar er um að ræða lagfæringu á launum veðurathugunarmanna úti um land og hækkunin gerð til samræmis við breytingar á launum verkamanna. — Þá er lagt til, aðframlag til landmælingar hækki um 300 þús. kr. vegna gróðurkortagerðar.

Er þá komið að till. varðandi iðnrn. Þar er lagt til, að veittur verði 1.4 millj. kr. styrkur til námskeiðs fyrir starfsmenn á þungavinnuvélum, en um þetta námskeið sér n., sem í eiga sæti fulltrúar frá iðnrn. verkamannafélaginu Dagsbrún og Vinnuveitendasambandi Íslands. — Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður, 6 millj. kr. vegna viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Hér er um að ræða greiðslu kostnaðar við störf n., sem starfar á vegum iðnrn. að viðræðum við ýmsa erlenda aðila um

orkufrekan iðnað. Þar koma til útgjöld m. a. vegna verkfræðilegra og lögfræðilegra athugana. — Er þá komið að síðustu brtt., sem n. flytur. Það er nýr liður, lagmetisiðjan Siglósíld. Lagt er til, að veittar verði til hennar 5 millj. kr. samkv. 4. gr. l. um þá lagmetisiðju. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 15 millj. kr. til að fullkomna vélakost verksmiðjunnar og til þess að tryggja eðlilegan rekstur hennar, en með till. n. er lagt til, að á árinu 1973 verði greiddar 5 millj. kr. í þessu skyni.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að rekja þær brtt., sem fjvn. flytur sameiginlega við þessa umr. Verði till. n. samþykktar, hefur það í för með sér nettóútgjaldaaukningu um 268 millj. 188 þús. kr., og greiðsluhalli nemur þá 164 millj. 242 þús. N. hefur lagt fram till. um fjárveitingar til allra fjárfestingarframkvæmda annarra en menntaskóla, en óafgreidd er t. d. skipting eftirlauna og styrktarfjár og ýmis einstök erindi, svo og heimildagrein, sem venja hefur verið að afgreiða við 3. umr.

Eins og ég gat um í upphafi, flytur meiri hl. n. ekki till. um breytingar á tekjuhlið frv. við þessa umr., en við 3. umr. munu brtt. verða fluttar við tekjuhliðina, sem tryggja afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. n. verði samþykktar og frv. vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka samstarf innan fjvn., sem hefur, eins og jafnan áður, verið með miklum ágætum. Þetta er sú n. í Alþ., sem vinnur mest saman, eða hvern dag frá því að þing hefst að hausti og þangað til afgreiðsla fjárl. fer fram. Samskipti á milli þeirra manna eru því kannske meiri en allra annarra. Þau ár, sem ég hef átt sæti í þessari n., hefur samstarf verið þar mjög gott, þó að auðvitað skilji leiðir, þegar er komið að tillögugerð og brtt. við fjárlagafrv. Mér er bæði ljúft og skylt að þakka ágætt samstarf við nm. alla og þá ekki sízt við formann n., sem hefur eins og einnig í fyrra og formenn n. hafa alltaf gert, haft mjög gott samstarf við okkur nm. og leitað eftir því að láta það sem minnst sjást í n., að þar séu stjórnarstuðningsmenn eða stjórnarandstæðingar, heldur að menn vinni þar saman að mjög mikilvægum verkefnum, eins og skiptingu fjár til hinna ýmsu málaflokka. Einnig vil ég ekki gleyma að þakka fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og þá sérstaklega hagsýslustjóra, sem starfað hefur mikið með n., fyrir ágæta fyrirgreiðslu við okkur í minni hl. ekki síður en við meiri hl., eins og jafnan áður.

Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið nokkuð rætt við 1. umr., og í raun og veru kemur það hér til 2. umr. ákaflega ófullkomið. En það er ekki að kenna áhugaleysi eða iðjuleysi fjvn., heldur má segja, að það sé opið í báða enda, eins og þegar það var lagt hér fram á s. l. hausti, og sökudólgurinn í þeim efnum er sjálf hæstv. ríkisstj., því að það vantar, eins og í raun og veru kom fram hjá talsmanni fjvn., allar þær upplýsingar, sem öllu og mestu máli skipta í sambandi við afgreiðslu fjárl. Mig langar að vitna með nokkrum orðum í ræðu, sem einn af helztu talsmönnum núv. ríkisstj. hélt við 2. umr. fjárl. 9. des. 1971, en þar segir hann:

„Mér varð það að orði í sambandi við 1. umr. fjárlagafrv. núna á yfirstandandi hausti, að fjárl. væru spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt væri, og enn fremur, að stjórnarstefnan hefði áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar og hækkun verðbólgunnar í landinu."

Nú væri ég ekki að vitna í þessi orð, ef þau hefðu verið sögð af hinum minni spámönnum stjórnarflokkanna, því að maður vill sem minnst um þá tala í þessu sambandi, heldur snúa sér að þeim, sem stærstir eru, og sá, sem viðhafði þessi orð, var enginn annar en hæstv. fjmrh. Nú ætla ég, eins og fyrri daginn, að vera sanngjarn við hann og taka undir með honum, að þetta fjárlagafrv., sem hann leggur fram fyrir hönd ríkisstj., er auðvitað spegilmyndin af því ástandi, sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og hann réttilega sagði, á meðan hann var óbreyttur þm.

Við 2. umr. fjárl. á í raun og veru að liggja fyrir ákveðin stefnumörkun. Ekkert er enn að sjá eða heyra um stefnumörkun nú við 2. umr. þessara fjárl., og samt leyfir hæstv. forsrh. sér að segja í viðtali — og það við ekki ómerkara blað en Vísi — fyrir nokkrum dögum, að það sé stefnt að því að afgreiða fjárlög fyrir næstu áramót. Ég kalla þetta mikla kokhreysti og veit, að ríkisstj. hangir núna í lausu lofti sjálf og ekkert liggur fyrir um, hvað hún ætlar að gera í efnahagsmálunum. Ekkert liggur fyrir um, hvað verður í fjárlagafrv. af liðum, sem hafa verið upp á hundruð millj. kr., hvort þeir eiga að falla út, hvort þeir eiga að hækka um hundruð millj. eða ekki. Samt er fullyrt, að það eigi að stefna að því að afgreiða fjárlagafrv. fyrir áramót, og það er kominn miður desember. Ég kalla þetta kokhreysti hjá hæstv. ríkisstj. En það er vitað mál, að þingið og þingræðisfyrirkomulag á rétt á því að fá skýrslur og upplýsingar og athuga þau mál, sem fyrir liggja, áður en afgreiðsla fjárl. fer fram. Hvað ætlar hæstv. forsrh. fjvn. að starfa á löngum tíma, ef hann ætlar að gera alvöru úr þessum upplýsingum sínum? Á hún kannske að starfa yfir jólin? Ég held, að það muni ekki hrökkva til, þó að fjvn. fengi ekkert jólafrí, en hann, ríkisstj. og þeir aðrir færu í jólafrí.

Vitaskuld þurfa till. að liggja fyrir um tekjuöflun og stefnumótun, til þess að fjvn. og Alþ. í heild geti gert sér ljóst, hvernig heildarstaða ríkisfjármála er, og að því fengnu þarf auðvitað fjvn. og Alþ. óhjákvæmilega að ráðast í það að lækka útgjöld ríkisins, en ekki hækka þau, eins og þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, bæði þegar það var lagt fram á s. l. hausti og nú í byrjun 2. umr. Það eru takmörk fyrir því, hvað samfélagið getur lagt af mörkum til hinna ýmsu þarfa í þjóðfélaginu. Það verður að vega og meta, í hvaða röð þessar þarfir verða teknar og hve háum fjárhæðum á að verja til hverra einstakra þarfa. Það eru líka og ekki síður takmörk fyrir því sett, hvað samfélagið getur lagt einstaklingnum á herðar að greiða fyrir það að

vera til og búa í þessu samfélagi. Kröfuhóparnir með mótmælin, spjöldin og málningardollurnar eiga ekki að segja fyrir verkum í þessu þjóðfélagi frekar en öðrum. Jafnvel þó að þetta fólk segist vilja standa við hlið verkamannsins í lífsbaráttu hans, þá vitum við, að þessar óhóflegu kröfur á samfélagið hafa gert það að verkum, að það er verið að leggja alltaf meira og meira, hærri og þyngri byrðar á fólkið, sem vinnur fyrir sköttunum. Við skulum líka gera okkur ljóst, hverjir það eru, sem standa undir skattabyrðinni. Það eru þeir, sem vinna, það eru þeir, sem hafa tekjurnar, skapa tekjurnar í þjóðfélaginu, en þeir eru alltaf að verða hlutfallslega færri en áður, vegna þess að mannsævin lengist. Eldra fólkið fer út af vinnumarkaðinum og hefur þá ekki sömu skatta og þegar það var yngra. Það greiðir lægri skatta. Það er sömuleiðis mikil lenging á námsbrautinni, þannig að fólkið kemur seinna inn til þess að greiða skattana en áður var, vegna þess að það heldur margt áfram, — jafnvel fram undir þrítugsaldur og sumir fram yfir það og koma ekki inn til þess að standa undir þörfum þjóðarbúsins. Þess vegna held ég, að þeir, sem hrópa kröfur sínar, en leggja ekkert af mörkum og segjast standa við hlið verkamanna og sjómanna, sem afla fjár, séu að biðja um meira hjá þessu fólki, því að þótt það eigi að hitta hin svokölluðu breiðu bök, sem áttu að standa undir skattalöggjöfinni á þessu ári, þá skutu ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar yfir markið, því að breiðu bökin voru þá svo mörg, sem skattalögin bitnuðu á, eins og menn muna og vita og þá ekki sízt hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh., sem hefur sennilega mest orðið fyrir barðinu á því, kannske ekki að öllu leyti frá andstæðingum sínum, heldur jafnvel frekar frá samherjum sínum, bæði innan ríkisstj. og utan, sem vildu kenna honum einum um skattana, en lofuðu ráðh. eyðsluembættanna, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh., fyrir gjafmildi hans á öllum sviðum.

Þegar lögin um tekju- og eignarskatt voru til umr. á Alþ. 1971 og þar var ákveðið af fyrrverandi stjórnarflokkum, að frá beinum tekjum skyldi draga fyrir einstakling 134 þús. kr., fyrir hjón 188 þús. kr. og ef þau töldu fram í sitt hvoru lagi, þá helminginn af þeirri upphæð, og fyrir hvert barn 27 þús. kr., þá voru til menn hér á þingi, — þetta var vorið 1971, — sem töldu þennan frádrátt allt of lágan. Þetta náði ekki nokkurri átt, þetta var hrein ósvífni, að bjóða skattborgurunum upp á svona lágan frádrátt. En hann hafði hækkað verulega frá gildandi lögum, þegar þetta var. Þeir komu auðvitað strax með yfirboðstill., og það voru heldur ekki litlir spámenn, sem komu með þá brtt. Það var sjálfur leiðtogi Framsfl. á þingi, sem ég sakna að hafa ekki hér inni, Þórarinn Þórarinsson, og sjálfur sjútvrh. og viðskrh. núverandi, Lúðvík Jósepsson. Þeir vildu alls ekki bjóða upp á minna en að einstaklingurinn fengi 156 þús. kr. í frádrátt af tekjum sínum í staðinn fyrir 134 þús. kr., hjón fengju 220 þús. kr. og frádráttur fyrir hvert barn yrði 35 þús. kr. Það varð breyt á, er ný ríkisstj. tók við, sem lagði fram skattafrv. 1971. Þá skyldi maður ætla, að áhugamennirnir frá vorinu áður, Lúðvík Jósepsson og Þórarinn Þórarinsson, mundu nú standa við till. sína og helzt bæta við hana vegna breyt. á verðlagi, sem urðu í millitíðinni. En þar varð raunin önnur. Ríkisstj. lagði fram skattafrv., sem gerði ráð fyrir 140 þús. kr. frádrætti fyrir einstakling, 220 þús. kr. fyrir hjón, 145 þús. kr. ef þau teldu fram í sitt hvoru lagi, — og 30 þús. kr. fyrir hvert barn. Þetta hækkaði svo í meðferð þingsins, þannig að frádráttur einstaklingsins fór upp í 145 þús. kr. Leiðtogi Framsfl. stakk af til Ameríku og var ekki viðstaddur afgreiðslu skattalagafrv., en Lúðvík Jósepsson viðskrh., sem áður vildi láta einstaklinginn fá 156 þús. kr. í skattafrádrátt, greiddi atkv. með því, að hann fengi 145 þús. kr., einu ári seinna eða 11 þús. kr. minni frádrátt en hann sjálfur ásamt þingleiðtoga Framsfl. lagði til, að veittur yrði. Við skulum nú ætla, að þeir hafi þá hugsað meira um blessað barnafólkið og reynt að bæta þar um. En það var ekki aldeilis, því að í staðinn fyrir 27 þús. kr. frádrátt árið áður, sýndi stjórnarliðið þann höfðingsbrag að hækka frádrátt fyrir hvert barn um 3000 kr., en árið áður vildu þeir Lúðvík og Þórarinn hækka frádráttinn fyrir hvert barn um 8 þús. kr. Þarna var eitt af því, sem hefur borið töluvert á milli í sambandi við skoðanir og málefnaflutning þessara höfðingja, frá því að þeir voru í stjórnarandstöðu og svo aftur þegar þeir urðu aðilar að ríkisstj.

Við myndun núv. hæstv. ríkisstj. var gerður hinn margumtalaði málefnasamningur frá 14. júlí 1971, sem þm. hafa, að beiðni forsrh. lesið lengi vel bæði kvölds og morgna, þó að sumir séu hættir því, því að menn eru farnir að kunna hann. Þessi málefnasamningur mun verða ríkisstj., sem koma á eftir þessari, áminning um, að svona stjórnarsáttmála eigi ekki að gera. Ég held, að það sé sama, hvaða ríkisstj. verði mynduð, hvaða flokkar eða menn mynda ríkisstj., þá munu þeir allir, hvort sem þeir eru til hægri eða vinstri, varast það mjög að láta annað eins plagg frá sér fara, enda minnir þetta plagg og þessi viðbrögð á sögu, sem ég heyrði, þegar ég var unglingur, af strák, sem vissi ekki, hvað hafði gerzt á jólunum. Þegar presturinn spurði hann: „Hvað gerðist á jólunum, vinur minn?“ — þá hugsaði drengur sig um og hugsaði til jólanna á undan og mundi, að þá var borðað hangikjöt heima hjá honum um kvöldið. En þetta var á árum erfiðleika, og þá var hangikjötið mjög til hátíðarbrigða. Þegar hann mundi eftir því að hafa borðað hangikjöt, þá svaraði hann presti og sagði: „Það var haldin veizla.“ Framsfl., sem verið hefur á pólitiskri eyðimerkurgöngu í rúmlega 12 ár eftir fall vinstri stjórnarinnar fyrri, hafði í örvæntingu heitið sjálfum sér og sínum því, að þegar hann aftur fyndi frjósama jörð og forðabúr allsnægta, þá skyldi þeim öllum fá að líða vel. Flokkurinn komst til valda með aðstoð kommúnista og flokks, sem hristur var saman úr krötum, kommúnistum, frjálsþýði og þeim, sem töldu sig hvergi eiga samastað og áttu allir það sameiginlegt, að það þyrfti að eyða öllu, sem til væri, á sem skemmstum tíma. Þeir gleymdu þeirri góðu og gömlu hugsun, að til þess að hafa efni á að eyða úr búinu þarf jafnframt að muna eftir að afla því

viðurværis. En 12 ára eyðimerkurgangan sljóvgaði foringja Framsfl., svo að þeir mundu ekki eftir öðru en því, að góða veizlu skyldi gera, og fór að því leyti líkt fyrir þeim og stráknum, sem ég nefndi áðan sem hafði borðað hangikjötið á jólunum og hélt að boðskapur jólahátíðinnar fælist eingöngu í því að borða hangikjöt og góðan mat.

Ástandið í efnahagsmálunum væri annað í dag, ef varlega hefði verið af stað farið og minni hefðu verið yfirboð fyrrv. stjórnarandstæðinga, sem nú sitja í ráðherrastólum. Núv. ríkisstj. fann fyrrv. ríkisstj. margt til foráttu. Þeir töldu, að fyrrv. ríkisstj. réði ekkert við dýrtíðina, réði ekkert við verðbólguna í landinu, það ríkti eyðsla og skipulagsleysi í rekstri ríkisstofnana og skrifstofubáknið hefði verið þanið út, ríkisstarfsmönnunum fjölgað jafnt og þétt. Um þetta sagði einn af æðstu postulum núv. ríkisstj., þegar hann var í stjórnarandstöðu, einnig við fjárlagaumr. 9. des 1971:

„Það er ekki talin stefna, þó að við leggjum til og tölum fyrir því, framsóknarmenn, að draga úr kostnaði við reksturinn í landinu. Það er okkar skoðun og okkar mat, að til þess að snúast gegn raunverulegri verðbólgu verði að draga úr rekstrarkostnaði í landinu, það verði ekki hægt að sporna gegn verðbólgunni nema með því að draga úr rekstrarkostnaðinum. Það eru mörg atriði, sem þar koma til greina, sem ég ætla ekki að fara út í að þessu sinni, en stefnan er þessi. Við höldum því einnig fram, að það verði að hafa stjórn og skipulag á fjárfestingu, það sé ekki hægt að láta fjárfestingu gerast með þeim hætti eins og gert hefur verið núna."

Þetta sagði einn af forustumönnum núv. ríkisstj. Ég læt hann um að þekkja sína eigin ræðu. En það er ekki úr vegi, að athuga nánar hvernig svo hefur tiltekizt, eftir að þessir menn taka við völdum í þjóðfélaginu, sem átt höfðu ráð undir hverju rifi og höfðu ráð á því að gagnrýna aðra með mikilli hörku. Hvernig hefur nú tekizt til með afgreiðslu fjárlaga? Fjárl. á árinu 1971 voru síðustu fjárlög fyrrv. ríkisstj. Þá voru útgjöld ríkissjóðs áætluð 11 milljarðar 23.3 millj. kr. Á árinu 1973, með því að leggja fram þetta fjárlagafrv., eru gjöldin áætluð 19 milljarðar 867.8 millj. kr., og nú hækka útgjöldin samkvæmt till. fjvn. um 268 millj. kr. Og eitt er víst, að hvað sem framundan er og hvaða aðgerðir sem verða gerðar í efnahagsmálum, þá munu útgjöld fjárl. aukast frá því, sem nú er við 2. umr. Þau hafa þegar aukizt við þessa 2. umr. frá fjárl. fyrrv. ríkisstj. um 9 milljarða 424.2 millj. kr., og það er sjáanlegt, að fjárl. munu hækka við lokaafgreiðslu hér. Núv. ríkisstj. hefur tekizt að tvöfalda fjárl. á tveimur árum, og ég hygg, að það megi leita þess víða og lengi, að ríkisstj., í hvaða landi sem er, sem setið hefur við völd á friðartímum, hafi náð jafngífurlegum árangri í hækkun ríkisútgjalda og þessi hæstv. ríkisstj. hefur náð.

Ríkisstj. hefur sjálf haft frumkvæðið að því að auka verðbólguna í landinu, ólíkt því, sem flestar ríkisstj. í öðrum löndum gera. Þær hafa haft þann hátt á að reyna að hamla gegn verðbólgu, þó að þær hafi flestar hverjar orðið að láta að einhverju leyti undan síga, en þessi gekk fram fyrir skjöldu strax eftir að veizlan byrjaði með því að auka þensluna í þjóðfélaginu og verðbólguna með þeim glæsilega árangri, sem nú liggur fyrir. Hún byrjaði á því, ríkisstj., að rýra tekjur útgerðarinnar, sem núna þarf á fyrirgreiðslu að halda, strax eftir valdatöku sína með útgáfu brbl. til þess að gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum, en það varð m. a. til þess að hvetja til almennra launahækkana í landinu, sem leiddu til vaxandi þenslu í efnahagsmálum. Útgjöld atvinnuveganna hafa aukizt jafnt og þétt, útgjöld ríkissjóðs hafa tvöfaldazt, eins og ég sagði áðan.

Ríkisstj. greip til þess örþrifaráðs að stórhækka beina skatta með þeim árangri, að álagður tekju- og eignarskattur hækkaði úr 1525 millj. kr. á árinu 1971 í 4429 millj. kr. á árinu 1972. Flest lönd, sem við þekkjum til, hafa horfið frá beinum sköttum og hafa í ríkara mæli farið yfir í óbeina skatta. Þetta hefur verið stefnan hér á landi á undanförnum árum. En þessi ríkisstj. gat í engu verið eins og fyrri ríkisstj. Hún þurfti að breyta um frá öllu og tók engum skynsamlegum aðvörunum, sem henni voru þó svo sannarlega gefnar við afgreiðslu síðustu tekju- og eignarskattslaga. Hún fór út í þá ófæru, að grundvöllur hennar nötraði og skalf, þegar skattskráin kom út í sumar, og afsakanirnar voru svo margar frá stjórnarþm. og ráðh. og í stjórnarblöðunum, að þær eru óteljandi. Ég held, að það sé eitt, sem við getum fullyrt núna, þótt það sé erfitt að fullyrða nokkuð um það, hvað þessi hæstv. ríkisstj. ætli að gera. Ég held, að ég þori að fullyrða, að hún þori ekki að hækka beina skatta. En ég þori ekki að fullyrða miklu meira, hvað hún ætlar að gera í öðrum efnum, og sennilega veit hún það ekki sjálf enn í dag, þótt hún ætli að afgr. fjárl. fyrir áramót.

Ég sagði áðan, að þessi ríkisstj. hefði metið í hækkun fjárlaga í allri veröldinni á friðartímum. Hún hefur ábyggilega líka metið í hækkun beinna skatta með því að þrefalda þá á einu ári. Þetta er alls ekki ónýt ríkisstj., sem við Íslendingar höfum. Samhliða þessum skattahækkunum eru fríðindi við álagningu skatta bæði til ríkis og sveitarfélaga stórlega skert, svo og fríðindi til aldraðra og öryrkja, að ógleymdri skerðingu á fríðindum til sjómanna, fiskimanna og farmanna. Má því segja, að opinberir aðilar hafi fengið rúmlega helming af því fjármagni, sem útgerðin var svipt eftir valdatöku þessarar ríkisstj. á fyrstu viku valdaferils hennar, á meðan hennar hamingjusól var hæst á lofti. Sú sól sést lítið þessa dagana. Þetta var árangurinn af því, að það þurfti að gleðja sjómenn í upphafi veizlunnar, en það þurfti að taka af þeim aftur glaðninginn, þegar komið var nokkuð fram yfir áramót. Þá voru allar hendur stjórnarsinna á lofti, — það var ekki hönd fjmrh. eins, sem oft er látið liggja að í Þjóðviljanum, einkamálgagni iðnrh., og jafnvel í málgögnum Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Er ekki byggingarvísitalan allgott sýnishorn af því, hvernig verðbólgan hefur leikið lausum hala í landinu, frá því að þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda? 1. júlí 1971 var byggingarvísitalan 535 stig. Hvernig hefur það gengið síðan? 1. nóv. s. l. var hún komin upp í 689 stig. Þetta eru

mennirnir, sem halda verðbólgunni í skefjum. Þetta er góður árangur, 28.79% hækkun á byggingarvísitölunni. Við hana hefur ekkert verið fiktað. Hvernig hefur þróun hennar verið? 1. júlí—31. okt. 1971, en hún er til fjögurra mánaða í einu, er hún 535 stig. 1/11—29/2 þetta ár fer hún upp í 543 stig, og 1/3—30/6 í sumar hoppar hún upp í 683 stig, og svo núna 1. nóv. tók hún smábreyt., 6 stig, til þess svona að vera í takt við stj. að einhverju leyti.

Í skiptingu ríkisútgjalda eftir hagrænu eðli, miðað við fjárlagafrv. 1972 og það frv., sem hér liggur fyrir, árið 1973, hafa kaup á vörum og þjónustu hækkað úr 5 milljörðum 374 millj. kr. í 7 milljarða 702.4 millj. kr. eða yfir 43%. Það er líka vel af sér vikið.

Þeir ætluðu líka að sjá um það, að ríkisbákninu yrði haldið í skefjum. Það yrði nú eitthvað annað en var hjá fyrrv. stjórn. Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1972 — í upptalningunni, sem því fylgir, — eru fastráðnir ríkisstarfsmenn, miðað við júlímánuð 1971, 6798 talsins. Það er á sama tíma og hin stjórnin fór frá. Í fjárlagafrv. fyrir 1973, sem einnig er miðað við júlímánuð þess árs, voru þeir orðnir 7244. Og nú fyrir nokkrum dögum eru þeir taldir, samkv. upplýsingum, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin útvegaði okkur að okkar beiðni, vera orðnir 7383. Fastráðnum ríkisstarfsmönnum hefur því fjölgað í tíð núv. ríkisstj. um 585. Mér finnst þetta líka vel af sér vikið. Og það hlýtur ráðh. að þykja. Það er ekki öll sagan sögð með þessu. Í þessum frumskógi ríkisstj., í ríkisbákninu, fást engar upplýsingar um það, hversu margir lausráðnir starfsmenn eru starfandi eða hafa verið. Við reyndum að fá upplýsingar um það til þess að fá alla myndina. En kerfið verkar ekki í þessum efnum, sagðist alls ekki hafa þessar upplýsingar. Ég veit ekki, hvort tölvurnar eru hættar að taka við, fjölgunin sé svo mikil.

Ég hygg, að það hafi verið mjög misráðið eins og margt fleira í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., þegar hún ákvað að stytta með lögum vinnuvikuna í 40 stundir án breytinga á vikukaupi. Ég hygg, að það hafi skeð án þess, að nokkur þessara 7 ráðherra eða guðfaðir stjórnarinnar hafi vitað, hvað þeir voru að gera, þegar þetta var tekið upp, því að þeir gerðu sér enga grein fyrir því, hve alvarlegar afleiðingar það hefur að stytta vinnuvikuna með lögum án þess að gera sér fyllilega grein fyrir, hvaða áhrif það hefur á fjármálalíf þjóðarinnar og atvinnuveganna. En þegar þetta frv. var lagt fram hér á Alþ., lýsti Sjálfstfl. því yfir, að hann væri andvígur þessari málsmeðferð og teldi hana vera mikið óráð af ríkisstj. Í fyrsta lagi að taka inn í pólitískan málefnasamning lögfestingu vinnutíma, þó að sumir stjórnarsinnar héldu því þá fram, að lögfesting vinnutímans mundi greiða fyrir kjarasamningum, sem þá voru á næsta leyti. Sú varð ekki raunin. Það greiddi ekki fyrir neinum kjarasamningum. Við vitum, hvernig fór. Það urðu almennar hækkanir launa og verðlags í landinu með þeirri þróun, sem ég hef áður sýnt hér fram á, en Sjálfstfl. lýsti því yfir, að hann ætlaði ekki, eins og formaður okkar flokks, Jóhann Hafstein, lýsti yfir, að hann teldi, að hvorki hann né aðrir sjálfstæðismenn mundu bregða fæti fyrir framgang frv., fyrst það væri komið inn í pólitískan málefnasamning og fyrst frv. væri komið hér inn í Alþ. Ástæðan fyrir því, að við vorum ekki á móti frv., eftir að það kom hér fyrir, var fyrst og fremst sú, að við vildum ekki taka þá ábyrgð á okkur — eða láta segja það um okkur réttara sagt, að við hefðum engt verkalýðshreyfinguna til mótmæla og jafnvel orðið til þess, að ekki hefði náðst heildarlausn í kjarasamningum launþega, sem þá voru, eins og ég sagði áðan, á næsta leiti. Þetta vildum við ekki hætta á. Þess vegna settum við okkur ekki upp á móti samþykkt þessa frv. hér á Alþ., þó að við lýstum því yfir mjög ákveðið, að við teldum, að það væri rangt að taka þetta upp í pólitískan málefnasamning og flytja frv. um það, því að um þetta ætti að semja á hverjum tíma af aðilum vinnumarkaðarins.

Mikil var nú gleðin fyrir jólin í fyrra, þegar verið var að afgreiða fjárl., hvað framlög til ýmissa verklegra framkvæmda hefðu hækkað mikið, og þá fylgdi listi með nál. minna ágætu vina og félaga, meiri hl. fjvn., um, hvað verklegar framkvæmdir hefðu hækkað frá árinu á undan, og töluverð skrá um þetta og mörg orð og stórar fyrirsagnir í málgögnum stjórnarflokkanna. Nú gat talsmaður meiri hl. fjvn. sleppt þessum kafla ræðunnar. En hann kom með eina litla rós í hnappagat ríkisstj., að hún hefði bætt pínulítið úr í sambandi við fjárveitingar til íþróttamannvirkja. Það er alveg rétt. Það er lítil upphæð í sjálfu sér, og ég skal taka undir það með honum, að ég hefði oft kosið, að það hefðu verið hærri framlög hér fyrr á árum til þeirra hluta og þessi hali yrði ekki svo langur. En það eru nú ýmsir halar að lengjast, skal ég segja bæði honum og öðrum. En eftir að þessar hækkanir áttu sér stað og afgreiðsla á mjög hárri framkvæmdaáætlun rétt fyrir þinglok í vor, fór ríkisstj., þegar var komið fram á sumar, að átta sig á því, að nú væri kassinn að verða tómur hjá Halldóri og nú þyrfti að draga úr útgjöldum og fara að spara. Og það vantaði eitthvað 4—5 daga upp á ársafmæli veizlunnar, þegar henni var skyndilega slitið. Það voru gefin út brbl., sem hétu tímabundnar efnahagsráðstafanir. Þessar ráðstafanir eiga að gilda til n. k. áramóta. Í þeim er heimild fyrir ríkisstj. að skera niður framlög á fjárl. ársins 1972 um allt að 400 millj. kr. Nú liggur loksins fyrir hvernig þessi niðurskurður hefur átt sér stað, en þó ekki nema að takmörkuðu leyti. Það liggur fyrir, að skorin eru niður framlög til verklegra framkvæmda á árinu 1972 um 174.6 millj. kr. Það skiptist eftir þessum liðum: Til hafnargerða 28.6 millj., heilbrigðismál 50 millj., skólar skyldunámsins 53 millj., iðnskólar 2.5 millj., til háskólans 12 millj., þjóðarbókhlöðu 7.5 millj., landsspítalabyggingar 6 millj. og til byggingar fæðingardeildar Landsspítalans 15 millj. Þessir fjórir síðast töldu liðir getum við ekki sagt, að séu hér í Reykjavík, því að þetta eru stofnanir, sem þjóðin öll á, þó að þær séu eða eigi að vera í Reykjavík. En annar niðurskurður skiptist þannig eftir kjördæmum, að Reykjavík er með 17.5 millj. kr., Vesturland 16 millj. kr., Vestfirðir 21.3 millj. kr., Norðurl. v. 13.9 millj., Norðurl. e. 21.7 millj., Austfirðir 20

millj., Suðurland 12 millj. og Reykjanes 11.7 millj. Það má því segja, að framkvæmdir hafi sumar jafnvel verið látnar bíða þar sem sízt skyldi og þó sérstaklega úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þar sem kannske er mest þörf fyrir þær. En þar sem peningarnir eru mestir, voru menn fljótir að hefja framkvæmdirnar og voru búnir, þegar ríkisstj. rankaði við sér, að hún þyrfti að skera niður, og þá var auðvitað ráðizt á garðinn þar sem hann var lægstur. Og hvað var það? Það var notað til þess ákaflega skemmtilegt kerfi, — þetta skemmtilega kerfi að segja mönnum: Það er ekki hægt að fara út í framkvæmdir. Undirbúningur er ekki nægur. Það nægir ekki þetta fé, sem er í fjárl. — Ég gæti nefnt nokkur dæmi um það, m. a. í hafnarmálum. Þar var reynt að tefja fyrir og kerfið notað til þess, sérstaklega á kostnað þeirra staða, sem sízt máttu við því.

Ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi, ef fyrrv. ríkisstj. hefði skorið niður framkvæmdir við byggingu fæðingardeildar Landsspítalans um 15 millj. Ég man það, þegar hæstv. utanrrh. núv. og hæstv. heilbrmrh. núv. fóru heim og fóru í sparifötin sín og komu hér nýklipptir og sléttir í ræðustólinn, vegna þess að það var fullt hér á pöllunum af konum, sem höfðu mikinn áhuga á byggingu fæðingardeildar. Þeir héldu sér þá vel til báðir og áttu þá ekki orð að lýsa því, hvað þáv. ríkisstj. stæði sig illa í þessum efnum. Við hinir vorum bara í hversdagsfötunum, þegar þessir tveir töluðu til kvennanna. Ég er hræddur um það, að núv. heilbrmrh. mundi eitthvað segja um ríkisstj., ef hann væri í stjórnarandstöðu, fyrir að fara svona svívirðilega að ráði sínu að skera niður framlög til byggingar fæðingardeildar Landsspítalans um 15 millj. kr. Ég get ekki stillt mig um að nefna þetta og vekja athygli á þessum undarlegu mönnum, sem þá tóku til máls um þetta efni, en á fyrsta heila ári þeirra í ríkisstj. ráðast á þá framkvæmd, sem þeir töldu sig hafa barizt fyrir meira og betur en nokkrir aðrir. — [Fundarhlé.]

Það vekur eftirtekt, að framlög til verklegra framkvæmda á fjárlagafrv. hækka engan veginn í hlutfalli við verðbreytingar. Í því sambandi má nefna, að síðasta fjárlagaár fyrrv. ríkisstj., árið 1971, hækkuðu framlög til bygginga barna- og gagnfræðaskóla úr 206 millj. 860 þús. kr. í 288 millj. 71 þús. kr. eða um 39%. Í fjárl. fyrir árið 1972 hækkuðu þessi framlög í 394 millj. 660 þús. eða um 37%. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár verða þessi framlög samkv. þeirri till., sem liggur nú fyrir frá fjvn., að upphæð 473 millj. 478 þús., en í þeirri upphæð er 53 millj. kr. fjárveiting vegna niðurskurðar á fjárl. á þessu ári, sem ég gerði að umræðuefni hér áðan, þannig að raunveruleg fjárveiting næsta ár, árið 1973, verður því 424 millj. 478 þús. kr. eða rétt um 7.5% hækkun frá síðasta ári miðað við fjárlög. Þetta sýnir mjög glöggt, hvað framlög til verklegra framkvæmda lækka, því að þessi liður til skólabygginga skyldunámsins er langstærsti framkvæmdaliðurinn í fjárlagafrv., og sýnir jafnframt breytingarnar, sem hafa orðið á þessum þremur árum: síðasta ár viðreisnarstjórnarinnar 39%, fyrsta ár þessarar stjórnar 37% og annað ár þessarar stjórnar 7.5%. Í hafnamálum er ástandið mjög svipað, því að við fjárlagaafgreiðslu fyrir s. l. ár, 1972, eru framlög til hafnarmannvirkja og hafnabótasjóðs 183.8 millj. kr., en eru eftir till. fjvn. við frv. nú 228.5 millj. kr., og eru þá endurveittar 28.6 millj. kr., sem skornar voru niður af fjárveitingu í fjárl. þessa árs. Raunverulegt framlag til hafnarframkvæmda verður því 199.9 millj. kr. eða um 9% hækkun frá fyrra ári. Hér nefni ég sem dæmi tvo af stærstu liðum til verklegra framkvæmda, þar sem er nú um 7.5% hækkun að ræða á þeim stærsta, skólabyggingunum, og 9% hækkun til hafnamála.

Mér verður líka í þessu sambandi hugsað til ýmislegs, sem hefur verið sagt hér á liðnum árum í sambandi við verklegar framkvæmdir, þegar talað var um, að verklegar framkvæmdir væru litlar í fjárl. liðinna ára, og þó alveg sérstaklega, að þær hafi stundum ekki fylgt byggingarvísitölunni. Ég man sérstaklega eftir einum af forustumönnum núv. ríkisstj., sem taldi, að það væri engan veginn nóg, að framlög til verklegra framkvæmda fylgdu byggingarvísitölunni. En ef það ætti aðeins að fylgja henni nú, þá ættu þau að hækka um 28.79%. En þessi talsmaður núv. ríkisstj., sem þá var í stjórnarandstöðu, sagði meira: Þau eiga að gera meira en að fylgja byggingarvísitölunni. Þau eiga að fylgja hlutfallslegri hækkun fjárl. — Hann var ekkert að skafa utan af því. Ja, ljótt væri það nú, ef stjórnarandstaðan gerði kröfu til að fylgja hér hlutfallslegri hækkun fjárl. til byggingar skóla og hafna um allt land. Nei, það er önnur stjórnarandstaða nú, a. m. k. frá hendi Sjálfstfl., en var frá hendi núv. stjórnarsinna, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Ég skal taka fram, og það er mín persónulega skoðun, enda er það orðið móðins nú að lýsa persónulegum skoðunum sínum, en ekki annarra, að ég tel, að eins og ástandið er núna í fjármálum þjóðarinnar, þá hafi hún ekki ráð á því að verja meiru til verklegra framkvæmda en raun ber vitni. Þess vegna tók ég og mínir samflokksmenn í fjvn. fullt tillit til þess ástands, sem nú er ríkjandi, og við skildum mjög vel hæstv. fjmrh., þegar hann sagði við okkur, að þessir liðir mættu ekki fara hærra en þeir hafa þegar farið samkv. till. fjvn. og í fullu samráði og samstarfi við hann. Þá skildi ég vel afstöðu hans, og við tókum því þátt í, eins og formaður fjvn. nefndi hér áðan, af jafnmikilli alvöru eða ekki minni alvöru en aðrir fulltrúar í fjvn. að reyna að skipta þessu fjármagni eftir þeim heildarlínum, sem ríkisstj. markaði: fjármagni til skólabygginga, bæði hinna almennu skólabygginga, gagnfræðaskóla og barnaskóla, sömuleiðis sérskólanna, sem hér hafa þegar verið afgreiddir: iðnskóla, héraðsskóla, húsmæðraskóla, enn fremur um skiptingu á fjármagni til hafnargerða og skiptingu á fé til læknabústaða, sjúkrahúsa, læknamiðstöðva og sömuleiðis til fyrirhleðslna og annars þess, sem hér liggur nú fyrir og hefur verið afgreitt frá fjvn. Ég fyrir mitt leyti tek fulla ábyrgð, alveg jafnt og meiri hl., á skiptingu á þessu fjármagni og treysti mér ekki, þó að ég sé stjórnarandstæðingur, til þess að leggja til að hækka þessar fjárveitingar. Ég tel nóg að gert í hækkunarmálum þrátt fyrir það.

Það getur vel verið, að það sé ekki talið praktiskt af stjórnarandstæðingi að vera svo ábyrgðarfullur við afgreiðslu slíkra framlaga, þar sem alltaf má ýta undir kröfurnar og taka undir hvað sem sagt er og hvar sem er. En ég vil þó heldur hafa það á þennan veg og hygg, að þegar fram í sækir, muni það verða affarasælla fyrir stjórnarandstöðu að haga sér þannig, en vera ekki með sífelld yfirboð og þá alveg sérstaklega þegar jafnhörmulegt ástand og nú er í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Í sambandi við hafnamálin tek ég undir það sama, að þó að ég telji, að þarfirnar í hafnamálum séu í raun og veru miklu meiri en í skólabyggingunum og megi jafnvel síður bíða, vegna þess að hafnirnar eru stór þáttur í atvinnutækjunum og atvinnurekstrinum, þá tel ég einnig, að það sé ekki hægt að ganga lengra í nýjum framkvæmdum í hafnamálum, eins og nú standa sakir. En ég harma það aftur á móti, að það liggur ekki enn þá fyrir frá hendi hæstv. samgrh., sem hann lofaði, þegar frv. til nýrra hafnalaga var lagt hér fram. Þá taldi hann, að frv. yrði lögfest fyrir áramót. Ég hef litla eða enga trú á því, að það verði. En hann hét því, að hans rn. mundi vinna að því að gera yfirlit yfir stöðu hinna einstöku hafna í landinu, sem nú eru sligaðar fyrir löngu undan greiðslubyrði sinni, bæði afborgunum og vöxtum, og að það yfirlit yrði lagt fyrir fjvn. og tekið til afgreiðslu við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. Ég veit, að hæstv. fjmrh. þekkir mjög vel til þessara mála, frá því að hann starfaði í fjvn., og veit, hvernig staða hinna mörgu hafnarsjóða á landinu er. Og þrátt fyrir það, að maður vilji ekki standa að hækkunartill., þá held ég, að hér sé um algera undantekningu að ræða, og ég vil mjög eindregið skora á hann að taka þetta mál til bráðrar athugunar og gera till. um, að það verði afgr. við 3. umr., því að við vitum, að það er ekki hægt að reka sveitarfélög, lítil, fámenn sveitarfélög, sem jafnvel þurfa að greiða um fjórðung tekna sinna í afborganir og vexti af hafnarlánum. Ríkissjóður á að greiða til þeirra jöfnunarsjóðsgjaldið, sem er tekið upp í vangoldnar afborganir og vexti af hafnarlánum.

Fyrir nokkrum árum var tekið inn í fjárlagafrv. fyrir tilstilli fyrrv. fjmrh. og fjvn. nokkur greiðsla til hafnanna vegna gengisbreytingarinnar, á þann veg, að ríkissjóður tók að sér að greiða 57.5% af upphæð þeirra lána, sem lánin höfðu hækkað um vegna gengisbreytingarinnar. Það var þá talin töluverð hjálp, þegar þetta var gert. Það hefur sýnt sig, að það var engan veginn nóg að gera þessar ráðstafanir. Bæði hafa framkvæmdir stórvaxið síðan hjá mörgum höfnum, og ég er hræddur um, að fólki hér í Reykjavík og í hinum stærstu bæjum landsins öðrum þætti allnærri sér höggvið, ef fjórðungur af tekjum þessara sveitarfélaga væri tekinn til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. En í mörgum kauptúnum um land allt er þessu þannig varið, að þar er lítið sem ekkert fé og víðast hvar ekkert til þess að standa undir verklegum framkvæmdum og taka þátt í verklegri og félagslegri uppbyggingu á þessum stöðum. Allt verður þetta til þess að ýta undir það, að fólk fari burt af þessum stöðum, sem ekki geta búið því sömu skilyrði og hinir stærstu staðir, og áfram heldur straumurinn á þetta litla svæði hérna, en á sama tíma minnkar og gisnar byggðin víðs vegar um landið. Þetta atriði, þetta eina atriði er að mínum dómi svo mikils virði, að ég vil setja það ofar en öll önnur atriði í sambandi við verklegar framkvæmdir og lán og vexti af þeim.

Ég sagði áðan, að vandinn í fjármálunum nú væri mjög mikið vegna þess, hvað þessi ríkisstj., sem nú situr, fór geyst af stað. Hún fór af stað í spretti, en þeim, sem ætla að ríða langa leið, er hyggilegra að fara gætilega af stað til þess að komast á leiðarenda. Ég held, að hesturinn sé sprunginn undir ríkisstj. og nú sé hún bara á sínum tveimur eða samtals 14 fótum.

Eitt lítið atriði í sjálfu sér vil ég gera að umræðuefni, sem sýnir, hvernig ástandið var, þegar til þessa heimilis var stofnað í júlí 1971. Þá var í rauninni ekkert, sem mátti verða eins og hjá fyrrv. stjórn. Engin framlög mátti taka með sama hraða og var hjá fyrrv. stjórn. Það þurfti allt að gerast með meiri hraða en áður. Eitt af þessum málum er mál, sem ég skal sízt af öllu telja, að hafi ekki verið mikils virði, og hefði gjarnan viljað, að hefði verið búið. Það er rafvæðing sveitanna. Fyrrv. iðnrh. hafði látið gera áætlun um rafvæðingu sveitanna, og það hafði verið ákveðið í Sjálfstfl. og Alþfl., fyrrv. stjórnarflokkum, að ljúka rafvæðingu sveitanna á 4 árum. Eftir atvikum held ég, að menn hefðu mátt mjög sæmilega við þetta una. En núv. ríkisstj. gat alls ekki sætt sig við það, að rafvæðing sveitanna tæki 4 ár. Hún varð auðvitað að taka 3 ár. Iðnrh. er búinn að standa upp hér á þingi hvað eftir annað til þess að koma því í útvarpið, að rafvæðingu sveitanna yrði lokið á þremur árum. Og þegar hann hefur komizt út á land, hefur hann eiginlega aldrei sleppt tækifæri að minnast á þetta afrek, auðvitað sitt afrek, ekki stjórnarinnar. Það er Halldór, sem leggur á skattana, en Magnús borgar.

En hver er svo árangurinn eftir fyrsta árið af þremur? Það hefur engan veginn verið staðið við þessa áætlun þegar á fyrsta ári. Ef hæstv. iðnrh. mætti vera að hlusta á óbreytta þm., þá gæti ég frætt hann um það, að ein sú framkvæmd, sem átti að vinna á þessu ári, varð þannig í reynd, að staurarnir voru fluttir í þessa línu og þeim var dreift nokkurn veginn með jöfnu millibili. Þegar komið var langt fram á haust, var ekki búið að koma upp staurunum. Þá fór að snjóa, og það snjóaði mikið í nóv. Ef hann ætlar að koma línunni upp fyrir áramót, þá held ég, að hann þurfi að moka mikinn snjó og leita lengi að staurunum til þess að koma þeim í frosna jörð. Ég nefni þetta dæmi aðeins vegna þess, að það er hyggilegra að flýta sér hægt. Það er hyggilegra að standa við það, sem lofað er, en ekki vera með sífelld yfirboð á öllum sviðum. Ég efast ekki um, að þessi áætlun stenzt ekki. Það mun taka 4 ár að framkvæma hana.

Man nokkur þm. eftir því að hafa séð við 2. umr. fjárl., að engin lausn er fundin á vandamálum stórra ríkisfyrirtækja, og eru þau inni í fjárlagafrv. með stórkostlegan halla, og enginn veit neitt, hvað gera skal? Ríkisútvarpið, sjón-

varp, er í fjárlagafrv. með 30 millj. 225 þús. kr. rekstrarhalla. Hin deild þess, hljóðvarpið, er þar með 25 millj. 120 þús. kr. rekstrarhalla. M. ö. o.: Ríkisútvarpið, sjónvarp og hljóðvarp, er inni í fjárlagafrv. nú við 2. umr. með 55 millj. 345 þús. kr. halla. Hvað ætlar ríkisstj. að gera við þessa fjölmiðla? Ég verð að segja, að ég veit ekki, hvaða stofnun á frekar að vera ríkisstj. í minni en ríkisútvarpið, því að ekki nota ráðh. svo lítið hljóðvarp og sjónvarp, að þeir megi við því, að því verði lokað, þegar líður á árið. Það væri fróðlegt að vita, hvað ríkisstj. hugsar sér í þessum efnum.

Í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar segir í sambandi við húsnæðismál, — það segir í formála fyrir félags- og menningarmálalið þessa kvers: „Ríkisstj. hefur sett sér þessi höfuðmarkmið í félags- og menningarmálum: Að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, hagstæðari lánum og afnámi vísitölubindingar húsnæðislána.“ Já, já, það var sannarlega gert. Það var farið í það að afnema vísitölubindingu húsnæðislána. En hann var nú ekki lækkaður, þessi óhóflegi húsnæðiskostnaður almennings. Ég nefndi áðan byggingarvísitöluna. Hannibal og aðrir í ríkisstj. ættu að muna, hvernig þróun hennar hefur verið, úr 535 stigum í 689. Það er vel af sér vikið. Það er von, að þeir geti hælt sér eitthvað. Húsnæðismálastjórn sendi fjvn. bréf, þar sem hún fer fram á það við fjvn., að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs verði hækkað mjög verulega. Hún segir í þessu bréfi, að ríkissjóði verði nú gert að leggja byggingarsjóði ríkisins til það fé, sem þarf til að mæta þeim skyldum, sem á hann voru lagðar með l. nr. 72 1. júní 1972, og þeim kostnaði, er hlýzt af hinni óhagstæðu lántöku hans hjá ýmsum lífeyrissjóðum á þessu ári. En með lögum frá s. l. ári var niður felld verðtrygging á ársgreiðslum íbúðalána byggingarsjóðs, er í gildi var til þess tíma, en sú ákvörðun skerðir ráðstöfunarfé sjóðsins verulega á næstu árum.

Á næstu árum verður byggingarsjóður ríkisins að standa undir verðtryggingu og vaxtamun vegna lántöku hjá lífeyris- og eftirlaunasjóðum að fjárhæð allt að 210 millj. kr., og samkv. útreikningum Seðlabankans veldur þessi lántaka, svo sem frá henni verður gengið, ca. 290 millj. kr. lækkandi útlánamöguleikum byggingarsjóðs á næstu 10 árum. Með lagabreytingunni á þessu ári var heimild húsnæðismálastjórnar til lánveitinga vegna kaupa á eldri íbúðum sem og vegna viðgerða á eldri íbúðum öryrkja hækkuð úr 50 millj. kr. í 80 millj. kr., en það eru 30 millj. kr. á ári. Byggingarsjóður hefur því verið verulega skertur. Hann verður að taka vísitölutryggð lán. Hann verður að taka á sig skuldbindingar, en hvað snertir lánin, sem hann veitir aftur á móti, þá er vísitöluákvæðið fellt niður. M. ö. o.: tekjurnar eru felldar niður, en útgjöldin vaxa. Það ber allt að sama brunni. Það endar í algeru peningaleysi eins og raun ber vitni, og samt hefur ekki verið breytt lánum til nýrra íbúða eða íbúðabygginga í hinu almenna veðlánakerfi, frá því að síðustu lög voru sett. Þetta er eitt af mörgu, sem ekkert hefur verið hugsað um og látið er fljóta sofandi að feigðarósi.

Það fer ekki á milli mála, að það hefur verið stofnað til fjölmargra nýrra útgjalda í tíð þessarar ríkisstj. og það í stórum stíl. Hún hefur sjálf gengið fram fyrir skjöldu að auka útgjöld þjóðarbúsins og er nú komin í alger vandræði. Og nú, þegar fjárlagafrv. er hér til 2. umr., eigum við þm., að taka efnislega afstöðu til ríkisfjármálanna, og þá á auðvitað að liggja fyrir skýr og ákveðin mynd af því, sem gera á og gera þarf. Það á að liggja fyrir skýr mynd, hverjar eru mögulegar tekjur ríkissjóðs nú, miðað við þá tekjupósta, sem eru í fjárlagafrv., og hvað eigi svo að gera því til viðbótar. En ekkert af þessu liggur fyrir. Fjárlagafrv. er eins og ríkisstj. opið í báða enda. Þar er allt í lausu lofti. Við vitum ekki, fjvn.-menn eða aðrir þm., neitt um, hvernig stærstu liðir fjárlagafrv. verða. Tryggingamálin eru langstærsti þáttur fjárl. Við vitum ekkert, hvað er hugsað að gera í þeim efnum eða hvaða breytingar á að gera. Það voru gerðar miklar breytingar á almannatryggingakerfinu á s. l. ári, sem teknar voru inn í fjárlög 1972. Sumir voru mjög hrifnir af þessari breytingu. Að sumu leyti get ég skilið, að það var mjög eðlilegt, að sú breyting yrði gerð að létta útgjöldum af sveitarfélögum í þessum efnum, og það var að mörgu leyti eðlilegt, að ríkið hefði þennan útgjaldalið eða þessa útgjaldaliði. En um eitt var ég algerlega ósammála, og það er niðurfelling persónuskattanna til almannatrygginganna, og þar segi ég eins og ég sagði áðan. Ég tala þar fyrir mig persónulega, en ekki aðra. Ég er þeirrar skoðunar, hef verið og er og mun vonandi verða, að framlag til almannatrygginga frá einstaklingunum er eins og hvert annað iðgjald af tryggingu, sem þeir kaupa. Þetta iðgjald vil ég fá að greiða sjálfur beint til almannatrygginga, en ekki greiða það gegnum Magnús Kjartansson eða Halldór E. Sigurðsson. Ég lít á þetta sem iðgjald fyrir tryggingu, sem ég er að kaupa til elliáranna, tryggingu fyrir örorkubótum, ef til þess kæmi, og ég tel mjög eðlilegt, að einstaklingurinn eigi að hafa rétt og skyldur í þessum efnum og vera í raun og veru á þennan hátt félagsmaður, en ekki að vera nafnnúmer: 3212-6539 eða eitthvað þess háttar. Það er ekki þess konar þjóðfélag, sem við flestir sækjumst eftir að vera í. En við erum á móti því að færa alla fjármuni undir eina miðstjórn hér, allir þeir, sem í raun og veru viljum frjálsa hugsun og frjálst athafnalíf.

Einn er sá þáttur í ríkisfjármálunum, sem fer sífellt vaxandi og það mjög vaxandi, en það eru fræðslumálin. Ég hygg, að það þurfi að taka þau mál í heild miklu fastari tökum en nú er gert. Ég held, að það þurfi meiri og betri skipulagningu í sambandi við fræðslukerfið og hvernig fólk velur sér námsefni. Að vísu verðum við að viðurkenna, að hver og einn á að hafa heimild til þess að velja sér námsefni og lífsstarf. En er þetta rétta þróunin, sem á sér stað í okkar landi í þessum efnum? Við skulum taka langskólanámið. Við skulum taka háskólann. Á árunum 1971—1972 komu 80 nýir nemendur í við-

skiptadeild háskólans og voru það ár 245. Á þessu skólaári, sem núna er, eru nýir nemendur í þessari deild 120. Þeim hefur fjölgað um 50% og samtals eru þeir 294 nú í þessari einu deild. Í heimspekideild eru núna 647 nemendur, í læknadeild 386, og samt er alltaf læknaskortur, sérstaklega í strjálbýli. Í þjóðfélagsfræði eru 111. Við skulum svo koma að verklega náminu. Hvernig er það? Langskólanámið er auðvitað gott og nauðsynlegt á sína vísu. Ég gleymdi að geta þess, sem ég má ómögulega gleyma, að í lagadeild komu 48 nýir nemendur á s. l. ári, en 64 nú á þessu ári. Þeir eru samtals 232.

Mín skoðun er sú, að í þessum greinum, sem ég hef nefnt, sé allt of mikið af fólki miðað við þá þróun, sem verður í sambandi við verklega námið. Stýrimannaskólinn, í hann kom 91 nýr nemandi á s. l. skólaári og samtals voru þar 210 nemendur. Á þessu skólaári eru í Stýrimannaskólanum 167 nemendur. Þróunin er með nokkuð öðrum hætti þarna. Í tækniskóla komu 87 nýir nemendur á fyrra ári, en ekki nema 68 nýir nemendur nú í byrjun þessa skólaárs. Við Íslendingar lifum fyrst og fremst á sjávarútvegi og fiskvinnslu. Við stofnuðum loks einn fiskvinnsluskóla, sem hóf starf fyrir rúmu ári. Það stunduðu 30 manns nám í þessum skóla í byrjun. Nú á öðru ári hans eru nemendur orðnir 25, en fjöldi nýrra nemenda, sem bættist við í þessa stóru atvinnugrein á Íslandi, er samtals 11, sem komu á s. l. hausti. 11 manns komu inn í eina fiskvinnsluskólann á landinu, og eru þar samtals 36 nemendur. En alþm. hefur ekki munað um að flytja tvö frv. um tvo nýja fiskvinnsluskóla á þessu þingi. Hvort halda menn nú, að sé meiri vöntun á mönnum, sem læra fiskvinnslu, að verða verkstjórar og aðrir yfirmenn í sífellt betri og afkastameiri fiskvinnslustöðvum í landinu, eða þeim, sem nema við háskólann í heimspekideild, 345 nýir þar, en 11 í fiskvinnsluskólanum?

Eins og ég sagði áðan, verður erfitt að breyta þessu kerfi. Það verður erfitt að segja mönnum fyrir verkum, hvað þeir eigi að gera og eigi að taka sér fyrir hendur. En ég held, að það þurfi a. m. k. af opinberum aðilum að búa þannig að fagskólunum, skólunum, sem taka við fólkinu, sem skapar útflutningsverðmætin í þjóðfélaginu, að það sé eftirsóknarvert að stunda nám við þá skóla. Ég held, að líka eigi að breyta töluvert um í sambandi við námslán, fara töluvert eftir því, hvar er þörf fyrir nýjar greinar, og meta þær greinar, sem vantar fólk í, og aftur hinar, þar sem er of mikið af fólki. Þá verður það fólk, sem er í raun og veru umfram, að sætta sig við að fá lítið eða ekkert til fyrirgreiðslu við sitt nám, þar sem er nóg af fólki fyrir og þjóðfélagið getur ekki komið fleira fyrir, þegar það hefur lokið sínu námi. Mér finnst rétt, að þetta komi hér fram. Ég tel, að það sé þarft verk að nefna þetta hér og það megi mjög gjarnan gera ítarlega könnun á því, hvort eigi ekki að breyta frá þeirri stefnu, sem verið hefur á undanförnum árum og er enn.

Ég sagði áðan, að það væri margt, sem hefði verið gert til þess að auka útgjöldin. Eitt af því, sem núv. stjórn stóð að, var lögfesting Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún ætlaði að koma á betra fyrirkomulagi og sameinaði þrjár stofnanir: Efnahagsstofnun, Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð, undir eina og sömu stjórn og sömu stofnun. Við skulum líta á kostnaðarhliðina, sem varð af þessu. Samtals kostaði starfsemi þessara sjóða allra á árinu 1967 11.9 millj., 1968 13.2, 1969 14.1, 1970 16.4, 1971 18.8. Kostnaður við þessa stofnun, sem var á s. l. ári 18.8 millj. kr., er nú áætlaður 33 millj. kr. Þannig var nú sparnaðurinn hvað þessu viðvíkur. Nokkuð liggur í því, að ríkisstjórnarflokkarnir gátu ekki sætt sig við að hafa einn forstjóra fyrir þessari miklu stofnun, heldur þurftu að koma þar inn 3 pólitískir kommissarar. Og þeir kosta auðvitað allmikið, sennilega hátt á 4. millj. kr. Ég vil benda ríkisstj. á, að hún geti sparað sér þarna. Margt smátt gerir eitt stórt. (Fjmrh.: Rétt er það.) Þakka þér fyrir, fjmrh.

Í fjárlagafrv. segir, að niðurgreiðslur séu byggðar á því, að sú niðurgreiðsluaukning, sem gerð var í júlí s. l. sem hluti verðstöðvunaraðgerða, haldist ekki lengur en til ársloka 1972. Niðurgreiðsla að þessu frátöldu er í heild 1 milljarður 560 millj. kr., það er 374.6 millj. kr. hærri fjárhæð en í fjárl. yfirstandandi árs. Meginorsök þessarar hækkunar felst í því, að niðurgreiðslur á mjólk voru í ársbyrjun hækkaðar allverulega frá áætlun fjárlaga. Þessari hækkun, sem gerð var í sumar með hinum svonefndu tímabundnu efnahagsaðgerðum og gefin út um brbl., er ekki ætlað að standa nema til áramóta. Þarna er einn liðurinn upp á hátt á annan milljarð, sem enginn veit í dag, hvar stendur. Hann hangir eins og fleira í lausu lofti. Allir stærstu liðirnir, allt það, sem hefur mest að segja, þetta er eins óljóst fyrir okkur og stólarnir hérna inni, ef við slökkvum ljósið. Og svo er til þess ætlazt, að við höldum áfram og afgreiðum þetta blindandi, með bundið fyrir augun. Þessar tímabundnu efnahagsráðstafanir renna út nú um áramótin.

Ég skal nefna nokkur dæmi í fjárlagafrv. um það, hvað er ógætilega farið með ýmsar hækkanir, hvað er ástæðulaust að hækka marga liði. Og nú ætla ég ekki að nefna lið, sem er ekki mikilvægur, heldur lið, sem er mjög mikilvægur, verkefni, sem ég sé ekkert eftir, að þetta fjármagn sé veitt í. En það verður að vera ríkjandi við gerð fjárlagafrv., að það sé ekki hægt að fimm- og sexfalda ákveðin verkefni á einu og sama árinu. Það hlýtur að enda á einn veg, að ríkissjóður standi ekki undir þeim útgjöldum. Og nú ætla ég að nefna þetta verkefni, og það er ekki ómerkara verkefni en til náttúruverndarráðs og þjóðgarða.

Framlag til náttúruverndarráðs er hækkað í frv. um tæpar 7.9 millj. og til þjóðgarða utan Þingvalla um tæpar 9.3 millj., eða samtals 17.1 millj. Mér er það ljóst og mjög vel ljóst, að það eru nægileg verkefni, þótt hér væri um miklu hærri upphæð að ræða en er í frv. En við verðum að sætta okkur við, ef við ætlum að halda einhverju jafnvægi í sambandi við gerð og afgreiðslu fjárlaga og láta ekki allt fara upp úr öllu valdi, að þá er ekki hægt að margfalda einhverja ákveðna liði. Það verður að halda að sér höndum. Mér er alveg sama, hvað menn kalla þetta, hvort þeir kalla þetta íhaldssemi eða ekki.

Það er nauðsynleg íhaldssemi í þessu þjóðfélagi, það hefur ekki verið svo mikið um hana.

Í gær var lögð á borðið hjá okkur heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, en það frv. átti að fylgja með í sambandi við fjárl. til að sjá heildarmyndina. Það frv. kemur nú eðlilega til umr. og afgreiðslu í þd., og skal ég ekki gera það að umræðuefni að öðru leyti en því, að þar er gert ráð fyrir framkvæmdum upp á 1 milljarð. Jafnframt er sjáanlegt, að til ríkisframkvæmda utan við fjárl. á að fara út í nýja skatta. Það sér maður í sambandi við vegaframkvæmdir, hvað fyrir liggur í þeim efnum, sem kemur seinna á daginn. Eftir er svo stóra dæmið um alla fjárfestingarsjóðina. Hvernig á að afla fjár til þeirra á árinu 1973? Það er sennilega engin smáupphæð, sem fjárfestingarsjóðirnir telja sig vanta, þó að þar beri auðvitað hæst Fiskveiðasjóð Íslands. En útlán fiskveiðasjóðs verða um 1200 millj. kr. á árinu 1972, sem er 200 millj. kr. hærra en áætlað var. Samtals verða þessar fjárveitingar, að ég held, um 1600 millj. kr. Eigið ráðstöfunarfé fiskveiðasjóðs er áætlað á næsta ári 580 millj. kr., og það, sem á vantar, auk halla frá þessu ári, mun nema kringum 1300 millj. kr. Hér er um sjóð að ræða, sem er ekki á nokkurn hátt hægt að skera niður. Það er búið að ákveða að kaupa og byggja skip, lána til fiskiðnaðarins, og það eru ákveðnar skuldbindingar, sem á þessum sjóði hvíla, svo að ekki verður hægt að komast hjá þessum vanda, þegar þar að kemur.

Ég ætla ekki að nefna fleiri fjárfestingarsjóði. En það mætti segja mér, að ekki yrði sú upphæð mikið undir 3000 millj. ,sem fjárfestingarsjóðirnir koma til með að þurfa á að halda á árinu 1973. Ég er hræddur um það, að ef ríkisstj. lifir fram yfir áramót, sem ég vona, að hún geri, því að ég vil alls ekki, að hún fái að hlaupa frá þessum vanda, þá held ég, að sumir menn verði orðnir þreyttir, þegar þeir verða búnir að sjá öllum þessum greinum fyrir fjármagni á árinu 1973, þó að ekki verði nú horft lengra fram á veginn. Ég öfunda ekki minn ágæta vin, hæstv. fjmrh., að vera í þessari stöðu. Og það er erfitt að halda í hemilinn á þeim í eyðsluráðuneytunum, því að höfuðútgjaldabeiðnirnar, sem koma til fjvn., koma ekki frá fólki úti í bæ eða félagasamtökum. Þær koma frá þessum eyðsluráðh., sem eru alla daga að tala um, að það þurfi að skera niður fjárl. Þeir eru alltaf skrifandi bréf og heimta milljónatugi og milljónahundruð. Það höfum við séð og höfum fyrir augunum, nm. í fjvn.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt. En það er ekki vegna þess, að það sé ekki af nógu að taka, heldur hins, að það þurfa fleiri að komast að. Og eins og fram kemur í nál. okkar sjálfstæðismanna, þá segjum við, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram, var það marklaust að því leyti, að stórar fjárhæðir vantaði á tekjuhlið frv. til þess að mæta gífurlegri útgjaldaaukningu, sem skapast, þegar verðstöðvun lýkur um næstu áramót, eins og brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir kveða á um. Fyrir 2. umr. fjárl. var ríkisstj. og er skylt að leggja fram till. um tekjuhlið fjárlagafrv., skýra frá því, á hvern hátt hún ætli sér að leysa þau efnahagsvandamál, sem nú steðja að. Í stað þess að gera það hefur ekkert komið frá ríkisstj. annað en þessi bréf til fjvn. frá einstökum ráðh., sem krefjast aukinna útgjalda. Við teljum þessi vinnubrögð óhæf með öllu; að fjalla um útgjaldabeiðnir, sem skipta hundruðum millj. kr., meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um, á hvern hátt tekna skuli aflað. Við flytjum því ekki, fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., brtt. við fjárlagafrv. við þessa umr. umfram það, sem fram kemur í brtt. fjvn., sem hv. formaður fjvn. hefur gert skil í framsöguræðu sinni, og þarf ég þar litlu við að bæta. Kannske eru örfáar aths., sem ég ætla nú að sleppa, en að öðru leyti er ég honum sammála í öllum höfuðatriðum. En við geymum okkur allan rétt til þess við 3. umr., þar sem við teljum, eins og stutt hefur verið rökum hér áður í minu máli, að mikilvægar ákvarðanir verði að taka um lausn efnahagsmálanna, áður en lengra er haldið, en þær ákvarðanir hljóta að hafa veruleg áhrif á afkomu alls almenning í landinu og endanlegar niðurstöður fjárl. Af þessum sökum er ógerlegt að taka á ábyrgan hátt afstöðu til ákveðinna efnisþátta ríkisfjármála og m. a. til þess, hversu langt megi gangn í fjárveitingum.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil byrja þessa umr. á því að þakka meðnm. mínum og þá sérstaklega formanni fyrir gott samstarf í fjvn. á hinum mörgu fundum, sem n. hefur haldið. Einnig er vert að þakka hagsýslustjóra, sem hefur mætt á fundum n. eins og fyrr og gefið okkur margvíslegar upplýsingar varðandi þær beiðnir, er fyrir liggja og afstöðu þarf að taka til. Á þessum fundum eru erindi rædd og útskýrð, og þar eiga sér ekki stað hörð pólitisk átök, eins og sumir kynnu að halda. Menn skýra sjónarmið sín og málin eru athuguð frá ýmsum hliðum.

Fjvn. kom fyrst saman, eins og drepið hefur verið á áður, upp úr miðjum okt. s. l., og hefur strangt fundahald staðið yfir, sérstaklega í s. l. viku, en þá voru fundir langt fram á kvöld. Undirnefndir hafa einnig starfað innan fjvn. í sambandi við úrvinnslu gagna við úthlutun á fjármagni til skóla, hafna og sjúkrahúsa. Ég átti ekki sæti í þessum undirnefndum. Þessar undirnefndir lögðu fram sundurliðaðar till. um það fjármagn, sem fer til viðkomandi málaflokka, en endanleg afgreiðsla var gerð á sameiginlegum fundi fjvn., þar sem allir sátu.

Eins og drepið hefur verið á hér á undan, þótti fjvn. rétt að tilkynna um tímasetningu varðandi skil erinda og færði þau tímamörk mjög fram miðað við venju undanfarinna ára. Nokkur árangur varð af þessari tilkynningu, og bárust erindi fyrr til rn. en venja hefur verið og fjvn. fékk þau síðan til sín mörg hver í sumar. Þrátt fyrir þetta eru enn erindi að berast, eins og formaður kom inn á og einnig síðasti ræðumaður, og það erindi, sem mörg hver fela í sér beiðnir frá rn. um jafnvel tugi millj. kr., og sjá allir menn, — og er rétt að undirstrika það, sem fram hefur komið hér nú og áður, — að slík vinnubrögð eru varla bjóðandi nokkrum aðilum, ef við eigum að vinna eðlilega að mati á þeim beiðnum, sem lögð eru á borðið hjá okkur.

Svonefnd undirnefnd fjvn., en þar eiga fulltrúar allra flokka sæti, hefur starfað nokkuð

í sumar og tekið ýmis mál til meðferðar á fundum sínum. En rétt er að mínu mati að marka nokkuð ákveðið starfssvið fyrir þessa undirnefnd, svo að föst venja skapist um verksvið hennar, því að hún hefur í raun og veru mikilvægu hlutverki að gegna. Í samvinnu við hagsýslustofnunina hefur hún einnig möguleika á því að fjalla sérstaklega og nánar en ella yrði gert um ýmisleg rekstrarvandamál ríkisfyrirtækja, skipan þeirra og fjármagnsþörf. Hæstv. fjmrh. hafði á sínum tíma sem þm. í stjórnarandstöðunni einmitt bent á nauðsyn þess, að þessi mál verði tekin fastari tökum, og ég vænti þess, að hann heyri það og taki eftir því, að ég tel eðlilegt, að starfssvið sé mótað í erindisbréfi og þessi undirnefnd fjvn. fái raunverulega þá stöðu, sem er nauðsynleg eðli málsins samkv.

N. hefur farið í nokkrar heimsóknir og séð og talað við starfsfólk um aðstöðu til vinnu í sumum ríkisfyrirtækjum. Þetta tel ég mikilvægt, bæði fyrir nm. og viðkomandi stofnun. Nauðsyn er á að skýra ýmsa hluti fyrir fjvn.-mönnum, og einnig tel ég æskilegt, að fjvn.-menn eigi þess kost að ræða nánar við forstjóra fyrir hinum mörgu ríkisstofnunum en heimsóknartími á þingtíma og í vinnutíma n. gefur forstjórum þessara fyrirtækja möguleika á. Undirnefndin fjallaði um nokkra mikilvæga málaflokka í sumar og hefur séð nánari úttekt á þessum flokkum í skýrslu frá hagsýslustofnuninni. Ég vil hér t. d. nefna mötuneytisrekstur ríkisins, sem er að verða mjög viðamikill og mun kosta ríkissjóð marga tugi millj. á komandi árum. Ég tel nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu varðandi þessi mötuneytismál, því fyrr því betra. Nú alveg á á næstunni á að taka hið nýja eldhús Landsspítalans í notkun, en heildarverð þess mun vera liðlega 100 millj. kr. með húsbúnaði og áhöldum. Í þessu nýja eldhúsi skapast ákveðnir möguleikar til þess að hafa með hendi matvæladreifingu til ýmissa annarra ríkisstofnana og spara þannig í raun ríkissjóði mikið fé, ef það skipulag yrði tekið upp strax. Fyrir liggur beiðni frá mörgum stofnunum um aðstöðu til að koma upp mötuneytum, og mikið vandamál er að leysa úr því fjárhagslega og þannig einnig að tryggja viðkomandi aðilum þann rétt, er kjarasamningar veita þeim til handa. Þetta er raunar mál, sem þolir ekki mikla bið. Þess vegna ræði ég það nú. Þótt það komi ekki beint inn á fjárveitingu næsta árs, þá er vitað, að ríkissjóður hefur hér vaxandi útgjöld, og nauðsyn er á að vekja athygli á þessu máli við þessar umr. að mínu mati.

Annað atriði, sem mikilvægt er að fjalla þegar um, er fyrirkomulag á tryggingum ríkiseigna og tryggingum ríkisstarfsmanna. Fyrir liggur nú allítarleg skýrsla um, hvernig þessum málum er háttað á vegum ríkisins, og það verður að segjast, að við fyrstu yfirsýn virðist manni hér ríkja hið mesta handahóf. Þetta er mál, sem þarf að taka fösum tökum sem fyrst og koma þessum rekstrarlið, sem nemur nokkrum tugum millj. fyrir ríkissjóð, í fastar skorður. Það er sem sé nauðsynlegt að móta hér heildarstefnu sem allra fyrst.

Um nokkra mikilvæga flokka í viðbót fjallaði undirnefnd í fjvn. í sumar, svo sem innheimtuþóknun ríkisstarfsmanna, fyrst og fremst sýslumanna og bæjarfógeta og tollstjóra hér í Reykjavík, en einnig um verkstæðismál ríkisins, ferðakostnað ríkisstofnana, skipulags og hagræðingarmál hjá Pósti og síma og húsnæðisþörf vissra þjónustustofnana á vegum ríkisins. Formaður fjvn. gat nokkuð itarlega um þessa þætti hér áðan, og ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta nánar. Ég vil aðeins undirstrika það, sem hann sagði hér, að nauðsyn er, að þessi mál séu tekin föstum tökum sem allra fyrst. Nauðsynlegt er einnig að ákveða skipulega kaup eða byggingu á húsnæði fyrir ríkið eða stofnanir ríkisins á hverju ári, en húsaleiga nemur nú um 30 millj. á ári, þó líklega eitthvað meira, ef miðað er við þær fregnir, sem heyrðust áðan frá síðasta ræðumanni varðandi Framkvæmdastofnunina. En hér í Reykjavík mun ríkið greiða rúmlega 20 millj. kr. á ári fyrir leiguhúsnæði. Það er oft gagnrýnt, að þjónusta ríkisins sé oft of dýr, óhentug og sein í vöfum. En ein forsenda fyrir því, að slík þjónusta geti verið eðlileg, eins ódýr og hægt er, en þó fullnægjandi, er, að starfsemin hafi yfir að ráða eðlilegum húsakosti. Í aths. við fjárlagafrv. á bls. 148 segir:

„Tekjuáætlun fjárlagafrv. er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er miðuð við gildandi lög um tekjustofna ríkisins og spár um tekjur, verðmætaráðstöfun og innflutning á árunum 1972 og 1973. Skattvísitölu skal ákveða með fjárlögum. Ef miða hefði átt skattvísitölu við hækkun framfærslukostnaðar á árinu 1972 eina saman, hefði hún átt að hækka um 10 stig. Hins vegar tók ríkisstj. þá ákvörðun við gerð fjárlagafrv., að teknu tilliti til allra aðstæðna, að hækkun skattvísitölunnar að þessu sinni yrði 28 stig."

Einnig er minnt á, að áfram séu í endurskoðun lög varðandi tekjuöflun ríkissjóðs og þessari endurskoðun sé haldið áfram, en er þó enn ekki lokið. Ég tók eftir því, að í framsögurræðu formanns var ekkert drepið á það, hvernig þessi mál stæðu, og mér leikur forvitni á að vita það af vörum fjmrh., hvað þessari endurskoðun skattal. líði, því að það er mjög erfitt, eins og ég mun koma að síðar og hefur komið hér fram hjá síðasta ræðumanni, að taka afstöðu til útgjaldaliða, ef við vitum ekkert um grundvallartekjuöflunarþætti ríkissjóðs. Þá segir enn fremur, að ekki sé ljóst, að hve miklu leyti hægt verði að miða tekjur ársins 1973 við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á tekjuöflun ríkissjóðs á þessu þingi. Við verðum því nú við 2. umr. fjárlaga 14. des 1972 að ræða fjárlagagerðina alla við algera óvissu, þrátt fyrir að öllum sé kunnugt og engum betur en hæstv. ríkisstj., að óraunhæft er að ganga út frá því, að þeir tekjustofnar, sem frv. byggir á, geti gefið ríkissjóði nægilegar tekjur til að mæta þeirri hækkun útgjalda, sem fyrirsjáanleg er á árinu 1973. Þá er það undirstrikað í frv., að höfð hafi verið fyllsta aðgæzla í útgjöldum ríkissjóðs og hækkun fjárlagafrv. sé fyrst og fremst vegna ákvarðana í kjarasamningum, í lögum og vegna aukinna verklegra framkvæmda. Þó hefur komið fram í ræðu hæstv. forsrh., að kaup allt hafi verið hóflegt og ástandið sé þannig, að ekki sé að vænta vandræða. Í ræðu hans, á bls. 38 í Alþingistíðindum, sem hann flutti hér sem stefnu-

ræðu ríkisstj., segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar litið er til efnahags þjóðarinnar, atvinnuástandsins, neyzlustigsins og lífsafkomu fólksins, er enginn voði á ferð, þó að við yrðum að lækka ofurlítið segiln um stundarsakir."

Það kom einnig fram í viðtali við hæstv. iðnrh. í útvarpinu, að þá er hann talaði um kaupmáttinn og það er undirstrikað í nál. meiri hl., að kaupmátturinn hefur aldrei verið meiri, og hann var svo mikill að mati iðnrh., að hann talaði um umframkaupmátt almennings og það þyrfti að draga úr þessum umframkaupmætti almenning mjög mikið, til þess að hæstv. ríkisstj. réði við þróun efnahagsmála. Einhvern tíma hefði nú hv. þm. talið það undarleg orð að tala um umframkaupmátt almennings í svo stórum stíl, að það væri eitt höfuðvandamál ríkisstj. Ég man eftir því á sínum tíma, að þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, talaði um, að sígandi lukka væri bezt. Hversu oft var ekki snúið út úr þessum orðum þá af þm., núv. ráðh. Magnúsi Kjartanssyni, í Þjóðviljanum á óbeinan hátt undir dulnefninu Austri? En það sannast nú, að sjálfur ráðh. og ríkisstj. öll mun reyna að hafa það að sannmæli, sem hæstv. forsrh. sagði, að sígandi lukka er farsæl og bezt. Það er sem sagt bezt að fara áfram með jöfnum og skynsamlegum hraða, en ekki að reyna að taka heljarstökk til að sýnast stór og mikill og til að reyna að efna loforð, sem voru gefin í harðri stjórnarandstöðu við þáv. ríkisstj. og þeir hafa engin tök á því að standa við, eins og rakið var hér vel áðan af síðasta ræðumanni, — að standa við margt af því, sem þá var sagt og lagt til að gert yrði.

Hæstv. forsrh. hefur sagt, launahækkanir á s. l. ári eða rúmlega það hafi verið hóflegar. Þó er það staðreynd, að varðandi vissa útflutningsframleislu hefur vinnutímastyttingin og launahækkunin komið þungt niður og þessar starfsgreinar eiga nú í miklum erfiðleikum og sjá fram á meiri og minni rekstrarvandræði á komandi ári. Einnig er það staðreynd, að marga fjárfestingarsjóði muni vanta stórfé. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, að það gæti numið allt að 3 milljörðum hjá þessum fjárfestingarsjóðum, eins og síðasti ræðumaður var að drepa á, og skal ég ekki meta þá tölu, en hitt er augljóst, að hér vantar mjög mikið fé, sem sennilega má telja í milljörðum króna. Þá er það ein meginforsenda fyrir gerð þessara fjárl. að ganga út frá því, að kaupgreiðsluvísitalan skuli vera allt árið í 117 stigum, þrátt fyrir það að kjarasamningar geri ráð fyrir 6% kauphækkun 1. marz 1973, og þegar eru falin um 2 vísitölustig, sem þarf að bæta, og einnig þarf að halda áfram niðurgreiðslu á 5—6 stigum, sem gert var með brbl. frá 11. júlí á þessu ári. Ekkert fjármagn, ég segi: ekkert fjármagn er sett til hliðar í þessu skyni. Þetta eru óraunhæf vinnubrögð við ríkjandi aðstæður. Þegar allt dæmið er gert upp, er augljóst, að fjármagnsþörf vegna þessara aðgerða, niðurgreiðslna á vísitölu, þarfa fjárfestingarsjóða og annarra framkvæmda, hlýtur að nálgast 4 milljarða. Rétt áðan barst mér í hendur blað, Nýtt land, þar er þessari sömu skoðun haldið fram varðandi fjármagnsþörfina, og kemur það fram bæði í leiðara blaðsins og á forsíðu, að þó að vandinn sé mikill, þá sé hann að vísu ekki óleysanlegur, en engu að síður þurfi að útvega fjármagn, sem hljóti að nema á milli 3 og 4 milljarða króna. Ég vona því, að ég sé hér ekki að meta fjármagnsþörfina óraunhæft.

Þm. hafa að vísu fengið til sín nú frá svonefndri valkostanefnd skýrslu um horfur og markmið og leiðir í efnahagsmálum. Það er nú opinbert leyndarmál, að innan hæstv. ríkisstj. eru hörð átök einmitt vegna þeirra ábendinga, sem koma fram í þessari skýrslu, um leiðir út úr ógöngunum, og ekki er vitað, hver niðurstaða verður, hvort heldur ríkisstj. nær samstöðu um leiðir eða ósamstaðan leiði til þess, að hæstv. ríkisstj. verði að segja af sér og afgreiðsla fjárlaga lendi að nokkru leyti þess vegna í handaskolum. Þótt það væri freistandi að fara út í umr. um þær leiðir, sem koma fram í þessari skýrslu hjá valkostanefndinni, þá mun síðar gefast tækifæri til þess, og mun ég því ekki á þessu stigi málsins ræða hana miklu meira. Þó er vert að undirstrika það, að augljóst er, að viðskiptahalli á yfirstandandi ári verður um eða yfir 4 milljarða og jafnvel meiri á næsta ári. Til þess að forða frá öngþveiti og rýrnun á gjaldeyrissjóði landsmanna hafa verið tekin löng erlend lán, sem vega eiga á móti þessum mikla viðskiptahalla, en þetta er nauðsynlegt, svo að ríkissjóður geti fengið miklar tekjur af innflutningi og hinni miklu þörf ríkisins fyrir tollatekjur sé fullnægt.

Mig rekur minni til þess, að sérstaklega af hálfu framsóknarmanna var mjög ráðizt á þáv. viðskmrh. vegna lántöku og vegna stefnu í viðskiptamálum og hversu glæfralega oft var siglt í því efni. En hæstv. ríkisstj. virðist nú hafa gleymt þeirri gagnrýni eða lagt hana niður í skúffu, því að hér hafa verulega verið auknar lántökur vegna brýnnar nauðsynjar. Þó hefur verzluninni verið gert óhægra um vik að vissu leyti, þannig að stutt vörukaupalán á mjög mörgum nauðsynjum hafa verið afnumin, og mér er kunnugt um það, að mörg kaupfélögin eiga við erfiðleika að etja í rekstri vegna þessa. Þau hafa notið bæði beint og í gegnum Samband ísl. samvinnufélaga góðs lánstrausts erlendis, og ég persónulega sé ekkert að því, — ég hef starfað hjá stóru kaupfélagi og séð um innkaup þar, — ég sé persónulega ekkert að því, að ef traustið er það mikið slíku fyrirtæki, að þau fái að njóta þeirra kjara, sem viðskiptaaðili erlendis vill bjóða þeim, þó að til stutts tíma sé. Hitt er svo eðlilegt, að ríkisstj. taki löng lán í ákveðnu skyni, í fjáröflunarskyni fyrir fjárfestingarsjóði, eins og gert hefur verið á þessu hausti, núna nýlega, vegna skipakaupanna í Japan, en þá voru teknar að láni 10 millj. dollara, um 900 millj. ísl. kr. til þess að það kæmi ekki fram á kaupverði skipanna, ef jenið hækkaði, og binda skipakaupin í dollurum. Þar sem við fylgjum dollaranum með okkar stofngengi, þá sé ég ekkert athugavert við það, þó að vissu fyrirtæki, sem hefur það lánstraust og hefur það fjármagn til, sem nauðsyn er á, hagnýti sér skynsamleg og góð greiðslukjör erlendis frá.

Í sambandi við tekjuöflun eru einnig hugmyndir um hækkun á víni og tóbaki og jafnvel

benzíni og söluskatti. Allt er þetta rætt. En það snjallræði mun hafa komið fram í huga ráðamanna, að þessar hækkanir verði ekki látnar verka á kaupgjaldsvísitölu og þannig mundi reynast léttara fyrir ríkissjóð að halda henni í 117 stigum, þar sem áhrif verðhækkana frá þessum tekjuöflunarliðum muni þá ekki koma fram. Röksemdin fyrir þessu er sennilega sú, að þær auknu tekjur, sem ríkissjóður muni fá eftir þessum tekjuöflunarleiðum, muni verða settar að meira eða minna leyti í auknar niðurgreiðslur og þess vegna eigi hinn almenni borgari að geta sætt sig við slíkar ráðstafanir. En kaupgjaldinu er haldið í skefjum með þessu móti. Ég vil þó sérstaklega undirstrika það, sem gerðist í nóvember 1970, þegar þáv. ríkisstj. flutti frv. um verðlag og atvinnuöryggi, vegna þess að þá hækkaði hún álagningu á vín og tóbak og frestaði áhrifum tæplega tveggja vísitölustiga um hálft ár. Þá fóru forsvarsmenn launþega hér á Alþingi af stað og höfðu stór orð og harða gagnrýni hér uppi og töluðu um ósvinnu, um árás á frjálsan samningsrétt, og afleiðingin var mikið upphlaup á vinnumarkaðinum og verkföll. En nú á að gera miklu, miklu meira af þessu með stuðningi sömu manna, — eða kemur eitthvað annað fram? Fróðlegt verður að sjá, hvernig viðbrögðin verða nú hjá hinum ýmsu verkalýðsfélögum. Ég heyrði í hádegisútvarpinu, að Dagsbrún, stærsta verkalýðsfélag landsins, sem jafnan hefur verið í forustu um kjör verkalýðsins, muni halda fund í kvöld. Það verða margir, sem bíða spenntir eftir því að heyra þá ályktun, sem þaðan kemur, því að það vita allir, og það veit formaður Dagsbrúnar mætavel, hvað til stendur, og þess vegna er mjög fróðlegt að heyra hverju hann skýrir frá og hvernig viðbrögðin verða, í ljósi þeirra atburða, sem hér hafa gerzt, bæði áður hér á Alþingi í sambandi við svipaðar hugmyndir og nú, þótt í miklu minna mæli hafi verið. Hvort sem núv. hæstv. ríkisstj. velur skattahækkun í gegnum söluskatt, hækkun á víni eða tóbaki eða hækkun á benzíni eða þá hina óvinsælu, — að eigin sögn á sínum tíma, — hina óvinsælu gengisfellingarleið, og ef ég man rétt, þá kom hæstv. forsrh. inn á hana í útvarpi 25. okt. s. l., en tók þó fram, að það væri um persónulega skoðun að ræða, að ríkisstj. mundi ekki fara inn á gengisfellingarleiðina, og kom þetta raunverulega engum á óvart, ef menn muna eftir málefnasamningnum. Hins vegar eru menn með þær fréttir nú í þingsölum, að ákveðinn stjórnmálaflokkur hafi þó borið fram breytt viðhorf í þessu efni, og væri fróðlegt að heyra eitthvað um það, því að það skapar stóraukinn vanda í þjóðfélaginu að vera að tala um gengisfellingu dag eftir dag. E. t. v. er hægt að fá fréttir um gjaldeyriskaup í dag og í gær og fram að helginni og sjá hvað það hafi þýtt, en það er alvarlegt mál að ræða um gengisfellingu dag eftir dag og skapa aukna kaupþenslu.

Í aths. við fjárlfrv. á bls. 147 er tekið fram, að kappkostað sé að nýta fjármagnið sem bezt og hraða framkvæmdum verka, þannig að fjármagnið mundi nýtast sem bezt. Einnig segir, að í kjölfari fjárlagafrv. muni verða lögð fram till. um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973, og gert sé ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlunarinnar fari saman á Alþingi, þar sem reynslan hefur sýnt, að nauðsyn beri til, að svo sé. Loksins í gær var hluti af þessari framkvæmdaáætlun lagður fram, þ. e. lántökuheimildir, og er ekki hægt að ræða það á þessu stigi, þar sem við höfum rétt séð það nú, en umr. verða auðvitað um þetta á eðlilegum tíma. En hvernig hefur þetta verið undirbúið? Það var sagt við 1. umr. fjárl., að fjárl. væru eins konar rammi, rammi án myndar. Því miður hafa aðeins verið dregnir vissir drættir innan í þennan ramma enn þá, en um heildarmynd er ekki að ræða og ekki er vitað, hvenær þjóðin fær að sjá slíka heildarmynd. Mér virðist næsta vonlítið, að unnt verði að leggja fram og ræða framkvæmdaáætlunina endanlega fyrir jól, þegar þetta er allt tekið saman sem ein heild. Hins vegar, ef pressa á umr. um framkvæmdaáætlunina í gegn á svo stuttum tíma, þá er hætt við, að við fáum ekki að vita, — nema hæstv. fjmrh. upplýsi það núna á eftir, — hvað líði endurskoðun skattalaga og hvað þau fela í skauti sínu. Annars fáum við ekki tækifæri til að gera okkur grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. stillir upp heildartekjuöflun fyrir árið 1973. Það er því óraunhæft að vera með brtt. á þessu stigi a. m. k. við fjárlfrv., og við í Alþfl. eða ég sem fulltrúi hans í fjvn. ber ekki fram till. til útgjaldaaukningar vegna þessa ástands. Hins vegar geymi ég mér allan rétt í því sambandi, ef það kemur í ljós síðar, að hæstv. ríkisstj. hafi mótað þær leiðir, sem við getum séð, að tryggi eðlilegar tekjur fyrir árið 1973 án þess að íþyngja þjóðinni um of.

Það kemur einnig fram í aths. við fjárlfrv., að reiknað er með, að í byggingu hvers barna- og gagnfræðaskóla fari 4 ár eða meira. Það hefur komið fram á fundum fjvn., — og það var drepið á það í ræðu hér á undan, að væntanlegt er frv., sem breytir þessum tíma í 4 ár. Það hefur reynzt erfitt að framfylgja lögum um 3 ára byggingartímabil, þó að menn geti sennilega verið sammála um það, að æskilegt væri að hafa færri skóla undir, en hafa byggingartímabil hvers skóla styttra. Það er nú einu sinni svo, að í þm. er togað úr öllum áttum, bæði um fjárframlög til skólabygginga, í vegi, í hafnir, í sjúkrahús, og hver vill ekki reyna að verða við þeirri beiðni að reyna að hafa áhrif á innstreymi fjármagns í sitt kjördæmi, þótt það kostaði það, að byggingartími vegna minna fjárframlags verði einu eða tveimur árum lengri? Hæstv. ríkisstj. sér sig til neydda að fara út á þessa braut, þrátt fyrir að það sé lögð áherzla á hina miklu skipulagshyggju og framkvæmdaáætlun og nýting fjármagns eigi að vera sem mest og sem hagkvæmust. Til þess að tryggja, að ekki verði nú ríkjandi handahóf í fjármálum ríkisins, eins og verið hafði s. l. áratug, sbr. þeirra umsagnir þá, var sett á stofn Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hefur haft með margvíslegar fjárlagaáætlanir og framkvæmdaáætlanir að gera, en því miður virðist eftirtekjan þrátt fyrir mikinn kostnað ekki vera sjáanleg enn svo að nokkru nemi. Þetta kann þó að standa til bóta.

Með brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, sem gefin voru út 11. júlí í ár, var auknum út-

gjöldum vegna þessara ráðstafana mætt með niðurskurði á fjárveitingum, og eins og segir í frv., að áætlaðri upphæð 400 millj. kr. Því miður hefur ekki endanleg sundurliðun komið fram um þessar 400 millj. eða hvort kostnaðurinn væri miklum mun minni eða eitthvað meiri. Ég hef áður beðið hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir því, hvað þetta kostar, og í nál. mínu dreg ég fram ýmsa liði, sem voru teknir af framkvæmdafé í þessu skyni. En við fengum bréf frá rn. um sundurliðun þessara mála. Áður höfðum við setið á undirbúningsfundi varðandi skiptingu þessa fjármagns. Hins vegar ber ég ekki ábyrgð fyrir hönd Alþfl. á þessum niðurskurði, enda raunverulega ekki ætlazt til þess af hæstv. fjmrh., þó að hann kallaði okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar á fund, er hann gerði grein fyrir málinu, og er það mjög virðingarvert út af fyrir sig. Þá vil ég forvitnast enn einu sinni um það, hvað þessi brbl. kostuðu ríkissjóð raunverulega og hvort ekki þarf að taka fé annars staðar en þarna kemur fram.

Síðasti ræðumaður, 2. þm. Vestf., rakti nokkuð skiptingu þessa fjármagns, og það kemur fram í mínu nál., og þarf ég ekki að lesa það nánar upp, en stærstu liðirnir eru teknir úr framkvæmdum við hafnir, um 28 millj., frá skólunum 75 millj. og heilbrigðisþjónustu 71 millj., sem sagt um 174 millj. kr. Ég vil einnig vekja athygli á því, að við héldum fund í fjhn. Ed. í gær um þessi brbl., og þau hafa enn ekki verið afgreidd úr Ed. Þá gat formaður n. ekki upplýst um þennan kostnað. Ég vona, að ég sé ekki einn um það að hafa áhuga á að vita, hvað þetta kostaði ríkissjóð, því að við getum þá nokkuð spáð í það, hvað það muni kosta að halda áfram á sömu braut næsta ár. Auk þess að þurfa að greiða niður neyzluvörur hér innanlands til þess að halda vísitölunni í 117 stigum, má gera ráð fyrir, að ríkisstj. verði neydd til þess að greiða eitthvað aukalega niður vegna verðhækkana erlendis frá, sem alltaf eiga sér stað í meira og minna mæli, þannig að vænta má, að þessi upphæð nemi allmiklu fjármagni á komandi ári. Ég vil fá það fram, hvað hún hefur áætlað, að mikið fé fari í að halda vísitölunni óbreyttri, hvað mikið fjármagn þarf í fjárfestingarsjóðina, hvað mikið fjármagn þarf til þess að hjálpa útflutningsgreinum sjávarútvegsins og jafnvel hluta af landbúnaðinum einnig, og auðvitað má ekki gleyma iðnaðinum. Þetta er kjarni málsins við mótun áætlunar um tekjuöflun, lántöku og framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár. Ég trúi varla öðru en að það liggi fyrir í a. m. k. grófum dráttum, hvað hver þessara þátta kostar, þ. e. að halda vísitölunni óbreyttri, hvað mikið fjármagn þarf í fjárfestingasjóðina, hvað útflutningsgreinar sjávarútvegsins eða raunverulega sjávarútvegurinn þarf og landbúnaðurinn og iðnaðurinn, ef á að muna eftir honum núna og tryggja eðlilega starfsemi hans. Hverjum stæði það raunverulega nær, miðað við fyrri rök og fyrri afstöðu til samvinnuhreyfingarinnar, en hæstv. fjmrh., forsvarsmanni Framsfl. hér í fjármálum, að muna nú eftir því, að langstærsti einstaki aðilinn í iðnaði á Íslandi er Samband isl. samvinnufélaga með svo mikla starfsemi, t. d. í höfuðstað Norðurlands, að óhugsandi er að íþyngja þeim atvinnurekstri, gersamlega óhugsandi.

En þetta er nú sá höfuðverkur, sem stjórnarherrarnir verða að kljást við og virðist hafa ruglað þá allmjög í ríminu, ef dæma má eftir þeim fregnum, sem eru í blöðum og manna á meðal hér í þingsölunum. Ég vil engu spá um, hver verður niðurstaðan af þessum vangaveltum. Hitt er augljóst, að allar þær umr., sem hafa orðið um hugsanlegar efnahagsráðstafanir, eins og það er kallað, hafa skapað vissa spennu hjá almenningi, eins konar kaupæði, sem hefur sett margt úr jafnvægi núna síðustu daga og þannig aukið á vandann. Ráðleysið, hikið, ósamlyndið er þess vegna beinn hvati á þann vanda, sem fyrir er, og gerir illt verra. Þessir ágætu stjórnarherrar hafa þó á undanförnum árum, að eigin sögn, átt ráð við flestum eða öllum vanda, en nú, þegar þeir mæta eigin vanda, sem er að verulegu leyti heimatilbúinn, þá virðist þá skorta hvort tveggja í senn: hugkvæmni og áræði. Ég vil undirstrika það, að verðlag á öllum eða svo til öllum sjávarafurðum er mjög hagstætt og þess vegna hefðu ekki umtalsverðar ráðstafanir þurft að koma til, einkum ef þær hefðu verið gerðar strax í haust. Hins vegar hefur afli minnkað nokkuð, sumir segja frá 8—15% eftir skiptingu á tegundum bolfisks, en afurðaverð á öðrum tegundum sjávarafurða hefur hækkað mjög og magn aukizt verulega á loðnu. Þessi aflaminnkun út af fyrir sig er ekki svo stór, að hún setji allt þjóðarbúið á annan endann. Annað eins hefur skeð áður í aflaminnkun frá ári til árs. Hins vegar skapar þetta auðvitað nokkurn vanda. Ekki er hægt að draga fjöður yfir það, að slík aflaminnkun kemur misjafnlega niður, en til þess er nú líklega efnahagsstofnunin og öll skipulagshyggjan að ráða bót á því á ákveðnum svæðum og endurskipuleggja það atvinnulíf, sem á þar í erfiðleikum eða vandræðum. Engu að síður er heildarvandinn, sem við blasir, langtum, langtum meiri en þessi aflaminnkun gefur tilefni til. Nei, auðvitað er orsökin, þegar betur er að gáð, ósamlyndið, stjórnleysið, eins og ég drap á áðan.

Það væri ástæða til að rekja hér marga þætti varðandi lánbeiðnir ýmissa stofnana, sem hafa lagt fram gögn til fjvn., en ég sé, að það er orðið framorðið og ég er aðeins þriðji ræðumaður í röðinni, svo að ég held, að ég sleppi því í þetta sinn og stytti því mál mitt, því að það munu áreiðanlega margir vilja komast að. Ég vil undirstrika það, sem kom fram í orðum núv. hæstv. fjmrh. við 2. umr. 1970, að nauðsynlegt er að marka ákveðna stefnu í sparsemi og skipulagi hjá ríkissjóði, — stefnu, sem er ekki þess valdandi að hvetja til verðbólgu. En því miður verður ekki annað sagt en að hæstv. ríkisstj. hafi sjálf með stefnu sinni verið hvati til verðbólgu, hreinlega sagt. Fari svo, að enn þurfi að hækka fjárl. um stórar upphæðir, sem allar líkur eru til, þá mun það verða staðreynd, áður en þessum umr. lýkur, þ. e. a. s. við 3. umr., að hæstv. ríkisstj. hefur á einu og hálfu valdaári sinu og með tveimur fjárlagafrv. tvöfaldað upphæð fjárl. Það hefði

einhvern tíma verið talið afrek út af fyrir sig, en ég vona, að slík afrek eigi ekki eftir að endurtaka sig hér á landi.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka hv. fjvn., formanni hennar og nm. öllum fyrir störf þeirra í n., sem ég þekki af fyrri reynslu, að eru mikil og vandasöm. Og ég vil þakka jafnt andstæðingum sem samherjum fyrir það starf, sem þeir hafa lagt á sig við það að koma málinu fram til 2. umr. og leggja þar a. m. k. kvöld við dag, til þess að það mætti takast, svo sem venja hefur verið um störf í fjvn. Þar hefur hvorki verið spurt um helgidag né kvöld, þegar liðið hefur að fjárlagaafgreiðslu, og svo hefur verið nú. Ég vil jafnframt þakka hagsýslustjóra og hans starfsmönnum fyrir störf þeirra í sambandi við undirbúning þessa fjárlagafrv. og öll hans störf í n., sem hann hefur unnið af miklum dugnaði, svo sem hans er háttur. Í sambandi við störf fjvn. vil ég einnig þakka þeim nm., sem setið hafa í undirnefnd fjvn., og einnig færa þeim úr þeirra hópi, sem fjarverandi er, hv. 2. þm. Vesturl., sem nú er hér fjarverandi vegna veikinda, — þakka þeim öllum fyrir samstarfið og þá vinnu, sem þeir hafa lagt í þetta verkefni, sem þeim hefur verið falið. Það er ánægjulegt að heyra það í ræðum þeirra hér á hv. Alþ., úr hvaða flokki sem þeir eru, að þá hafa þeir gert sér grein fyrir því, sem er mergur málsins, að í ríkisrekstri verður hvorki sparað né unnið skipulega, nema á bak við það liggi vinna, sem þeir menn verða að leggja fram, sem hafa nokkra kunnáttu til og kynnast verkefnunum sjálfir. Þetta var svo greinilegt í ræðum hv. þm., að það var ánægja á að hlusta. Eins og ég gat um í haust við 1. umr. fjárlfrv., hefur nú mjög verið efld hagsýslan, og er það einmitt gert með tilliti til þess að efla þetta samstarf og vinna þar að þeim verkefnum, sem fyrir liggja og fyrir munu liggja.

Í sambandi við mál þau, sem þeir nefndu, hv. frsm. allir, eins og frv. til l. um innheimtumenn, sem samið var af n., sem ég skipaði í fyrravetur, þá mun eftir áramótin verða samið frv. úr því nál. og þá með tilliti til þess, sem fram kom við athugun í undirnefnd fjvn. um málið í heild. Sama er að segja, að þar er alveg búið að vinna athugun á tryggingakerfi ríkisins, og í því efni er ekki um neitt annað að ræða en að taka ákvarðanir út frá þeirri vinnu, sem þegar liggur fyrir, til þess að meta það, hvort ríkið á að taka allar tryggingar í eigin hendur eða að bjóða þær út á annan hátt, eða hvernig með skuli farið. Sama er að segja um rekstur sjúkrahúsa og mötuneyta í sjúkrahúsum. Ég hafði ánægju af því, — það er svo sjaldan, sem maður sér nokkuð af léttara hjali, þegar lesin eru dagblöðin, — og ég sá eftir ræðu mína hér í haust, þar sem ég sagði frá þeirri hugmynd, að hið nýja eldhús Landsspítalans ætti að hafa víðtækari verkefni en það að elda matinn fyrir þá, sem þar væru, þá sá ég fyrirsögn í einni Staksteinagrein Morgunblaðsins, þar stóð: „Halldór brasar", og ég hafði gaman af því, að þeir skyldu þó hafa fyndni til að bera á þeim bæ.

Út í fleiri atriði í þessu sambandi skal ég ekki fara, en vil í upphafi máls míns víkja lítilsháttar að því, sem hv. 1. þm. Reykv. kom að í sinni ræðu, sem hann flutti hér utan dagskrár, en það hefur verið háttur þeirra í stjórnarandstöðu að hefja umr. utan dagskrár í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Ég met náttúrlega að verðleikum þessa vinsamlegu uppástungu þessa hv. 1. þm. Reykv., og hefði hún verið vel fyrirgefanleg, ef hér hefði verið á ferðinni maður, sem hefði verið nýliði á hv. Alþingi. En hér er ekki um það að ræða, að hv. 1. þm. Reykv. sé nýliði á Alþ., því að hann er í hópi þeirra, sem einna lengst hafa hér setið. Hv. 1. þm. Reykv. virðist samt ekki muna það, hvenær fjárlagaumr. hafa yfirleitt farið fram hér á hv. Alþ., en ég mun hafa getið þess í fyrra við 2. umr. og hef yfirlit um það og ætla nú ekki að fara að lesa það allt, en t. d. 1962 fór 2. umr. fram 12. des., 1963 fór hún fram 16. des. og 1964 fór hún fram 14. des. eins og nú, svo að hér er ekkert nýtt, að 2. umr. fjárl. sé seint á ferðinni, það hefur yfirleitt átt sér stað. Hefur verið hér til umr. á hæstv. Alþ., hvort sá tími, sem fjvn. hefði til afgreiðslu og undirbúnings fjárlaga væri nægjanlegur frá 10. okt., þó að vel sé unnið. Þess vegna er hér ekki nein nýlunda á ferðinni, heldur gamall kunningi, að hin 2. umr. fjárl. hafi farið fram um þetta leyti.

Þá er það, sem hv. 1. þm. Reykv. deildi mjög á, að tekjuáætlun fjárl., eins og hún endanlega yrði, lægi ekki fyrir við 2. umr. Nú skal ég ekki treysta um of á mitt minni, en mér er nær að halda, að þau séu færri dæmin, sem hægt er að vitna til, að tekjuáætlun fjárl. hafi legið fyrir við 2. umr. fjárl. Ég hef hér nokkuð fyrir mér í því, t. d. 1967, fjárl. fyrir 1968, þá var halli við 2. umr. og við 3. umr. var bætt inn tekjum upp á 200 millj. kr. 1968 vantaði um 230 millj. kr. við 2. umr., — sem var nokkur upphæð miðað við fjárl. þá, — og var leiðrétt við 3. umr., eins og venja hefur verið. Í mörgum tilfellum hefur þetta einnig verið svo, að það hefur líka við 2. umr. vantað inn ýmsa framkvæmdaflokka, eins og skóla, í miklu ríkari mæli en nú er. 1969—1970 hafa tekjur verið hækkaðar við 3. umr. um rúmar 300 millj. kr., en þá var hallinn um 87 millj. kr. Ég vil geta síðustu fjárl. viðreisnarstj., sem að vísu sýndu greiðsluafgang, en þau voru afgr. hér, ef ég man rétt, 21. des., en kvöldið áður hafði verið skrifað undir kjarasamning við opinbera starfsmenn, sem kostaði ríkið á árinu 1971 um 570 millj. kr. Þá vantaði nokkuð á, að það væri náð því marki, að fjárl. væru samkvæmt því hallalaus. Ég vil líka minna á það, að það er ekkert nýtt í þingsögunni, að ríkisstj. hafi gert ráðstafanir fljótlega eftir áramótin og fjárl. hafi verið afgr. fyrir áramót, og vil ég í því sambandi nefna árið 1968, en þá voru gerðar ráðstafanir í janúar. Það munu vera mörg fleiri dæmi um það, að ráðstafanir vegna atvinnuveganna hafi verið gerðar skömmu eftir að fjárlagaafgreiðsla hefur farið fram. Þetta vildi ég biðja hv. 1. þm. Reykv. að festa sér í minni. Hér er

ekki verið að taka upp neinar nýjar vinnuaðferðir, heldur fara í fornar slóðir. Hins vegar geta hv. þm. deilt um, hvort rétt væri að fylgja þeim fordæmum eða ekki.

Svo ætla ég að taka þetta í öfugri röð og snúa mér að hv. 5. þm. Reykn., Jóni Árm. Héðinssyni, frsm. 2. minni hl. Hann talaði um viðskiptahallann, hvað alvarlega mikill hann væri og mundi verða á þessu ári. Ég sé það hér í nál. hv. þm., að þar kemst hann svo að orði á 4. síðu um viðskiptahallann, með leyfi hæstv. forseta: „Reiknað er með mjög miklum viðskiptahalla annað árið í röð, og á þessum tveimur árum, 1972 og 1973, má gera ráð fyrir, að öfugur viðskiptahalli nemi tæpum 9 milljörðum kr.“

Ég er ekki alveg búinn að átta mig á því, því að ef ég segði, að um öfugan viðskiptahalla væri að ræða, þá mundi ég telja, að það þýddi, að það væri afgangur, en ekki halli.

Út af því, sem hv. 5. þm. Reykn. spurði um endurskoðun skattal., þá get ég sagt honum það, að það er mikið verk og að því verki er unnið. Ég get hins vegar ekki sagt honum, hvenær því verður lokið og sem heildarendurskoðun er það nokkuð langt undan.

Út af því, sem hann sagði um 4 ára byggingartíma skólahúsa, þá hefur það verið reynslan, að á 3 árum hafa þau aldrei verið byggð og að minni hyggju er með stærri skóla lítt framkvæmanlegt að koma því í verk á þeim tíma, vegna þess að byggðarlögin hafa ekki bolmagn til þess að keyra þessar stóru byggingar áfram með slíkum hraða, auk þess sem það er svo, að vinnuafl til þeirra er tæplega til á stöðunum. Frv. um þetta efni er nú komið í prentun og mun sennilega verða útbýtt hér á morgun.

Út af því, sem hv. þm. spurði um brbl., að því er varðar kostnaðinn við þau, þá verð ég að svara því til, að ég get ekki svarað þessu, því að stærstu liðirnir í kostnaðinum, eins og hv. þm. veit, eru niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, og það verður ekki ljóst fyrr en í lok þessa mánaðar, hvað þessir liðir verða kostnaðarsamir.

Hv. þm. spurði einnig um fjármagnsþörf o. fl. viðvíkjandi efnahagsmálum. Ég held, að það sé búið að gera meiri grein fyrir þessu nú heldur en nokkru sinni fyrr, þar sem búið er að láta hv. þm. í té tvær bækur, sem eru skýrslur valkostanefndar, þar sem mat þeirra, sem í henni sátu, er sett fram og að mínu mati ekki af neinu dregið um það, að þarna geti verið um mikið hálfkák að ræða. Hitt er svo annað mál, hver kann að verða niðurstaðan eða hver kann að verða valin af leiðum þeim eða hvernig með það verður endanlega farið. Um það kann ég ekki að segja að þessu sinni, en ég held, að það þurfi ekki að spyrja um þetta frekar, fyrr en búið er að velja úr því, sem þarna kemur fram, eins og t. d. nefnt hefur verið í framkvæmdaáætluninni. Þar er þegar búið að velja og draga úr þeim óskum, sem mestar voru að dómi þessarar ágætu n. Ég sé því ekki ástæðu til að fara að rifja það frekar upp, sem þar er sagt, því að það er svo greinilegt, að það mundi ekki batna neitt við það, þó að ég færi að endursegja það.

Ég vil hins vegar segja það líka í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Reykn. minnti á varðandi viðskiptahalla við útlönd, að það skiptir meginmáli, hvað er um að ræða, hvort við erum að taka lán til þess að fjárfesta í framkvæmdum, sem annaðhvort verða gjaldeyrissparandi eða gjaldeyrisaukandi, eða hvort lánin eru tekin til venjulegrar daglegrar notkunar. Mér fannst hv. 1. þm. Reykn. heldur deila á ríkisstj. fyrir það að hafa ekki farið þá leið að gera meira að því að taka slík lán. Þegar á það er litið í heild, þá er um mikinn mun að ræða og staðan í nóvemberlok núna er hagstæðari en í fyrra um rúman milljarð. Hvort það verður endanleg niðurstaða, þegar upp er staðið, skal ég ekki spá um, en þetta er svona. Viðskiptajöfnuðurinn er hagstæðari um rúman milljarð í nóvemberlok heldur en hann var á sama tíma í fyrra. Þess vegna er ég ekki viss um, að það, sem er reiknað með í þessu efni, verði svo sem gert er ráð fyrir.

Hv. 2. þm. Vestf. flutti hér langa og að mörgu leyti skemmtilega ræðu að vanda, og ég verð a. m. k. að endurgjalda honum með því að svara honum nokkru, þó að ég megi nú tímans vegna ekki fara út í allt það, sem þar kom fram, þótt gaman hefði það nú verið. Ég vil minnast á það, sem hann talar um og hafði eftir mér, að fjárlagafrv. gæfi mynd af stjórnarstefnunni. Þetta er að minni hyggju rétt. Ég tel, að þessi fjárl., núv. ríkisstj. hafi sýnt nokkuð aðra mynd en fyrrv. ríkisstj. sýndi áður, og tel ég, að félagslega sviðið skipi þar miklu meira rými en áður hefur verið, hvað sem á það sé litið.

Hitt geta menn svo deilt um, hvort of langt er gengið í því t. d. að taka tryggingakerfið í þjónustu fólksins í landinu, eins og þarna er gert. Hins vegar er það nú svo, að það hefur verið deilt á núv. ríkisstj. fyrir tekjutryggingunna, að hún skuli vera með þeim hætti, að hún sé raunveruleg tekjutrygging, en gangi ekki inn jafnt eftir sem áður, þó svo að fólk hafi tekjur. Þá er hún að mínu mati ekki lengur tekjutrygging og ekki heldur um það að ræða að tryggja það, að enginn hafi minna í tekjur en þetta, og þjóðfélagið eigi ekki að leggja annað til en það. Ef tekjurnar séu svo annars staðar frá, þá komi þjóðfélagið ekki til.

Ég vil líka segja, að ég met það nú svo, að það hafi bæði með fjárl. nú og í fyrra verið mörkuð sú stefna að reyna að draga úr skuldum í framkvæmdaliðunum. Það voru verulegar skuldir í hafnarframkvæmdunum í fyrra, sem varð að verja til nokkrum tugum millj. kr., og því er haldið áfram núna að greiða upp þessar skuldir, svo að hægt verði, er nýju hafnalögin koma til framkvæmda, að byrja þá á nokkuð hreinum grundvelli. Þetta tel ég, að sé breyt. frá því, sem áður hefur verið. Það er reynt nú t. d. að taka greiðsluna af Reykjanesbrautinni inn á fjárlögin í staðinn fyrir að taka lán til þess að greiða með lán. Sýnist mér, að þar sé um algjöra stefnubreyt. að ræða. Þess vegna held ég, að spegilmyndin af þessu sé einmitt þessi: að auka hið félagslega svið og reyna að komast á það stig, að ríkissjóður fjármagni það, sem á að fjármagna með ríkisframkvæmdum, með samtímistekjum. Menn geta svo um það

deilt, hvort þessi stefna sé rétt eða ekki. Það er auðvitað pólitískt mat.

Ég vil líka bæta því við, að með skattalagabreyt. í fyrra hafi verið komið til móts við byggðarlögin, af því að þau voru komin í þrot með þær framkvæmdir, sem þau urðu að standa fyrir. Það er alveg sama, hvað margar ræður verða um það fluttar, að þeirra hlutur hafi verið gerður verri eða veitzt að þeirra umráðasvæði, þá er það staðreynd, að það var ekki hægt að breyta tryggingakerfinu á þann hátt, sem gert var — ekki einu sinni af viðreisnarstjórninni, hvað þá með þeirri viðbót, sem núv. stjórn gerði, — og láta sveitarfélögin borga sinn hlut eins og þau gerðu áður. Þá hefðu þau komizt í þrot með uppbyggingu í sínum heimabyggðum, og þá hefði fólkið ekki dvalizt þar lengur. Eitt eða tvö sveitarfélög hefðu haldið þessu áfram. Það var höfuðborgin Reykjavík, sem gat það, en byggðarlögin úti á landi gátu það ekki. Ég vil biðja ykkur, hv. alþm., að kynna ykkur fjárhagsástæður ykkar eigin byggðarlaga nú og í fyrra hvað þessu við víkur. Það voru 18 byggðarlög, sem urðu að fá sérstakt aukaframlag úr jöfnunarsjóði til þess að geta staðið undir þeim greiðslum, sem nauðsynlegar voru. Ég birti hér skýrslu í gær um það, hvað nú er meira fé til fjármögnunar framkvæmda á þessu ári en verið hefur hjá byggðarlögunum. Hinu held ég fram, að byggðarlag eins og Reykjavík hefði ekki þurft að auka sínar framkvæmdir um 100%. Það segi ég, að hafi verið ofrausn, og þess vegna ekki þurft að nota þær heimildir, sem notaðar voru. Þetta tel ég, að sé hin félagslega stefna, sem endurspeglist í þessu fjárlagafrv. Ég vil svo bæta því við, að það mun hvorki reynast mér né öðrum fjmrh. fært að standa fyrir slíkum útgjöldum án þess að afla tekna.

Ég tók eftir því í fréttapistli hjá Ríkisútvarpinu á sunnudaginn, þar sem sagt var frá fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, að þar var aðeins sagt frá því, sem gera átti, en það þurfti engra tekna að afla til þess fyrir fram. Skelfing væri lífið orðið skrýtið, ef það væri svona. En við skulum ekki vera með neinar vangaveltur yfir því. Svona getur lífið ekki verið. Það væri ekki þess vert að lifa því, ef það væri svona auðvelt.

Ég vil líka segja það, að það voru margir baggar, sem viðreisnarstj. batt kosningaárið 1971, en þeir voru hugsaðir þannig, að útgjöldin kæmu ekki fyrr en eftir kosningar. Það var munur að hafa lánasjóð námsmanna með 70—90 millj. kr. heldur en á fjórða hundrað millj., sem nú er orðið. Það hækkar fjárl. Ég sá það síðast í Mogganum í dag, að það væri ekki nóg að gert enn þá, enn þá væru þeir að snuða námsmennina, þessir herrar í ríkisstj. Ég hélt nú, að annað hefði verið að ske. En það munar um það á fjárlagafrv. að vera komið á 4. hundrað millj. kr. og skuldir að auki til þess að standa undir þessu. Ég líka segi það, það munaði um þær ákvarðanir, sem voru teknar hér, eins og t. d. tryggingabæturnar o. fl., sem viðreisnarstjórnin setti. Og svo voru það skattal. góðu. Þau voru nefnilega ágæt, því að þau kostuðu ríkissjóð ekki neitt fyrr en eftir árið 1971. Þá átti að koma tapið af hinum ágætu skattal., sem sett voru í auglýsingaskyni vorið 1971. Skattal., sem ég setti, voru ekki svona ódýr, það varð að innheimta skattana eftir þeim. Ég er ekki með neina tæpitungu eða hræsni um það. Hvorki ég né aðrir geta borgað út stórar fjárhæðir í félagslegar umbætur fólksins í landinu, í uppbyggingu skóla og vega, hafna, flugvalla og hvað það nú nefnist, án þess að hafa tekjur til þess. Ég hef einhvers staðar sagt það, að allir, sem innheimta skatta, — og ég hef tekið þátt í því að leggja á skatta í 30—40 ár, — verði aldrei varir við það, að nokkrir væru ánægðir með skattana sína, og ég veit ekki, hvernig færi um þann fjmrh., sem lifði þá stund, að allir væru ánægðir með skattana sína. Frá sjónarmiði skattborgarans er fjmrh. og skattheimtumaðurinn illmenni, og það er allt í lagi, hann má bara ekki vera aumingi líka. Það er staðreynd, og þess vegna þarf hann að taka nóg. Og ég verð að segja það, að mér sýnist, að hin ágæta sjálfstæðisstjórn hér í Reykjavíkurborg ætli sér skatt á næsta ári. Á sama tíma sem ríkissjóður hefur hækkað persónufrádráttinn frá því að vera 110, eins og átti að vera eftir verðlagsvísitölunni, í 128, ætlar Reykjavíkurborg sér að taka alla upphæðina og hækka skattana um 27%. Borgarstjórinn sagði í beinu línunni í gærkvöldi, að Framkvæmdastofnunin hefði áætlað fyrir sig, að þetta væri 28—29%, og þeir hefðu dregið frá fyrir ellilaunum og slíku, sem þeir gæfu alltaf eftir. Hitt ætlaði hann að taka alveg. Ég sé ekki, að þeir séu í neinum skattalækkunarhug. Ef sveitarfélögin hefðu yfirleitt ekki notað heimildirnar, var skattahækkunin á milli áranna 1970—1971 og 1971—1972 svipuð að prósentutölu bæði árin. En þegar hinu var bætt við, þá er hún hærri 1971—1972.

Þá kom hv. 2. þm. Vestf. að veizlunni, sem ríkisstj. hefði efnt til. Það er oft búið að tala um þessa veizlu og hún er ágæt, þegar menn tala um, að henni fylgi gjöld. Þegar er verið hér á hv. Alþ. að afgreiða þá, sem á að bjóða til veizlunnar, þá vilja allir vera með. Ég er sannfærður um, að þó að við hefðum ætlað að draga það, núv. stjórnarsinnar, að afgreiða tryggingalöggjöfina í fyrra fyrir áramót, þá hefðum við ekki haft frið fyrir stjórnarandstöðunni, sem hafði mikinn áhuga á að keyra þetta í gegn. En veizluföngin okkar voru að borga tryggingarnar út fyrr en gert var ráð fyrir. Það var sú stóra veizla. Það var það, sem við brutum af okkur, að við fórum að greiða þessu fullorðna fólki tryggingabæturnar 4 mánuðum áður en lögin sögðu til. Í öðru lagi brutum við það af okkur, að við héldum áfram að halda vísitölunni óbreyttri, þó að fyrrv. ríkisstj. hefði ákveðið að afla ekki fjár nema til 1. sept. Að okkar mati hefði þetta verið framkvæmanlegt, vegna þess að tekjur fóru fram úr áætlun, ef launagreiðslur og fleiri þættir, sem voru ákveðnir af fyrirrennurum okkar, hefði ekki farið svo mikið fram úr áætlun, að við gerðum alls ekki ráð fyrir því.

Ég vil til viðbótar því, sem ég sagði hér áðan, geta þess út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér í upphafi, að það var með svipuðum hætti mætt hér mínu fyrsta fjárlagafrv. í fyrra og talað um að vísa því frá sem óraunhæfu og annað slíkt. En ég hef nú látið gera saman-

burð í nokkra mánuði á útgjöldum og tekjum mánaðarlega milli áranna, og það er nú talið í nóvemberlok að mati ríkisbókara, að útgjöld fjárl. 1972 muni reynast miklu nær því að vera eins og áætlað var heldur en var árið 1971. Ég skýt þessu inn í út af tali manna þá, sem nú er verið að taka upp aftur.

Þá kom hv. 2. þm. Vestf. og sömuleiðis hv. 1. þm. Reykn. að fjölgun ríkisstarfsmanna. Höfuðuppistaðan í fjölgun ríkisstarfsmanna er það, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1971 urðu miklar umr. í fjvn. Alþ. um það, hve mikill hópur manna væri lausráðinn í ríkiskerfinu. Sérstaklega var þetta áberandi hjá ríkisspítölunum. Þar voru ekki tugir, heldur hundruð manna, sem höfðu ekki verið teknir inn sem fastráðið starfsfólk, en greitt af öðrum útgjöldum spítalanna. Þá þegar var gerð áætlun um það í sambandi við Kleppsspítalann að taka þetta inn á 2—3 árum, og nú er þessu lokið. Það er búið að koma þessum málum þar í viðunandi horf. Sama er að gerast með Landsspítalann og önnur slík sjúkrahús, þar sem var mikill hópur lausráðinna. Það er nú verið að taka þetta inn sem fastráðið fólk, eins og það raunverulega er, og það er vandamál hjá ríkinu, hve mikið er af hinu lausráðna fólki, vegna þess að það nýtur ekki þeirra réttinda, sem það ætti að njóta, ef það væri fastráðið. Þess vegna er verið að reyna að vinna þetta mál upp með skipulegum hætti.

Bremsunefndin hefur verið endurvakin af núv. ríkisstj. og þykir, eins og bremsunefnd hefur þótt vera áður, fullkomlega íhaldssöm, enda þarf hún að vera það, og hleypir engu í gegn hjá sér, nema það séu fullkomin rök fyrir því. Það var farið að slakna mjög á starfi bremsunefndar, — og það þótti raunar dálítið skrýtið, að einn af ráðh. fyrrv. ríkisstj. sat í þeirri n. Hún var svo endurskipulögð og starfar nú eins og lög gera ráð fyrir, auk þess sem áfram hefur verið unnið að því að endurskoða í ríkiskerfinu. Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um sjónvarp og útvarp, að það væri halli á þeim rekstri, þá hygg ég, að þær stofnanir séu kannske ekki þær saklausustu um fólksfjölgun, enda eru þær ekki, eins og því miður þær stofnanir, sem hafa sjálfstæðan fjárhag, eins háðar ríkiskerfinu og hinar, sem þurfa að sækja beint inn í fjárlögin.

Hv. 2. þm. Vestf. minntist á þann niðurskurð, sem gerður var á verklegum framkvæmdum í sumar, og á mig hefur verið deilt fyrir að hafa ekki gert grein fyrir því fyrr. Ástæðan til þess, að það hefur ekki verið, er nákvæmlega sú sama og með útgjöldin. Það var unnið að þessum málum með þeim hætti, að það truflaði sem minnst framkvæmdir hins opinbera og þyrfti ekki að verða til þess að tefja þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar voru og hægt var að vinna. Hann sagði, að hæstv. ráðh., bæði utanrrh. og heilbrmrh., hefðu mætt hér á sparifötunum til þess að tala fyrir fæðingardeildinni á sínum tíma við ágæta áheyrn þeirra, sem hér voru á þingpöllum. Nú finnst mér, að þessir hæstv. ráðh. gætu mætt a. m. k. í smóking, því að það hefur svo vel verið búið að þessu, að það var mögulegt að lækka fjárveitinguna um 14 millj. án þess að tefja verkið. Og þegar búið er nú að veita 60 millj. til þess að ljúka verkinu, þá verða þeir sennilega næst að mæta í kjól, og þá fyndist mér ekki nema skikkanlegt, að ég yrði í för með þeim, sem hef orðið að leggja á skattana til að afla fjárins. Og ég hefði talið það ósköp sanngjarnt að bjóða hv. 2. þm. Vestf., sem dyggilega hefur unnið að málunum í fjvn., að vera með til að sjá, hvað vel hefur verið að verkinu staðið og fjármagnið verið vel nýtt. Og ef ég mætti ráða þar einhverju um, þá mundi ég nú leggja það til. (Gripið fram í: Gjarnan vildi ég skoða fæðingardeildina.) Það gæti vel verið, að hv. þm. þyrfti að koma við á fæðingardeildinni, ef hann á börn og barnabörn koma hjá honum, svo að það verður allt með eðlilegum hætti. Og ekki efast ég um það, að það verða góðir borgarar í þjóðfélaginu, sem af honum eru komnir.

Hins vegar er það svo, að það, sem þarf að gæta að í sambandi við þessar framkvæmdir, er bæði að haga þeim skipulega, og ég verð að segja það, að ég tel, að n. sú, sem vinnur í sambandi við Innkaupastofnunina að eftirliti með opinberum framkvæmdum, — ég man nú ekki heitið á henni, — hafi unnið mikið og gott verk. Það er alveg óhugsandi, að slíkir hlutir eins og ríkisframkvæmdirnar geti verið látnar gerast alveg eftirlitslausir. Ég veit, að sumir hv. þm. hafa verið sárir út í þessa n. fyrir að láta ekki framkvæmdir ganga með meiri hraða, og m. a. var einn læknisbústaður úti á landi mjög til umr. í sambandi við útboð, sem gert var um þá framkvæmd. Ef útboðinu hefði verið tekið, — það var útboð um að gera húsið fokhelt, — þá var nokkurn veginn öruggt, að bústaðurinn hefði farið upp í ca. 10 millj. kr., og lái það hver sem vill, þó að hvorki n., sem vinnur trúnaðarstarf í þessu, eða fjmrh. vilji standa að slíku, að það sé byggður yfir einn embættismann bústaður, sem kostar um 10 millj. kr. Nú er verið að vinna að þessum málum með skipulegum hætti og er búið að ákveða, hve stór þau hús megi vera, sem á að byggja yfir þessa stétt embættismanna. Og það er ekkert vit í öðru, fyrst verið er með embættisbústaði á annað borð, sem að verulegu leyti getur orkað tvímælis, og ég vil segja það mínum fyrirrennara til hróss, að hann gerði þar breytingu á til bóta, og ég fylgi henni fast eftir og mun í engu slaka á, að það verður mjög að gæta sín í því að byggja ekki yfir embættismenn alveg í ósamræmi við það, sem fólk býr við á þeim stöðum. Þessi n. hefur unnið mikið og gott starf og þakkarvert.

Hv. 2. þm. Vestf. vék að rafvæðingunni, og auðvitað er það svo í því sem öðru, að það getur orðið dráttur á framkvæmdum, vegna þess að snjói. Við því er ekkert að segja, og því verður að taka eins og er, og það segir ekki það, að stjórnvöld hafi ekki gert sitt til þess að koma málunum áfram, eins og nauðsyn bar til. Og það er nú svo með rafvæðinguna úti um landsbyggðina, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði um hafnirnar, að til þess að fólkið búi á þessum stöðum, verður það að hafa sambærileg kjör við aðra þegna þjóðfélagsins. Lífið er eins og það er, og það þýðir ekkert fyrir okkur

að gera ráð fyrir því, að við getum haft úti á landsbyggðinni annars pláss fólk. Þess vegna verðum við að taka þátt í þessari félagslegu uppbyggingu, þó að það kosti það að innheimta skatta og annað, sem þarf til þeirra hluta. Við eigum að sjálfsögðu að gera það með skynsamlegum hraða, og við reynum að gera það, en þetta er mál, sem mjög hefur brunnið á mörgum. Og það veit hv. 2. þm. Vestf. eins vel og ég, að þegar komið er ljós hjá nágrannanum, þá líður hinum, sem verður að vera í myrkrinu illa að horfa á það. Og okkar reynsla af þessu er bitur og við reynum að hraða þessu eins og föng eru á, en auðvitað innan þeirra skynsamlegu takmarka að vera ekki að vinna það á óhagkvæman hátt og gera það þannig dýrara. Það er ekki okkar hugsun.

Hv. 2. þm. Vestf. vék að hafnamálunum og hlut byggðarlaganna í þeim. Með þeirri afgreiðslu, sem nú verður á hafnalögum, verður hlutur byggðarlaganna verulega lagður, þar sem ríkið greiðir nú upp sínar skuldir, sem byggðarlögin hafa orðið að standa undir eða útvega fé í, meðan ekki var fram úr því ráðið. Hér er því um stórkostlega bót að ræða. Hvort það nægir, það er önnur saga, sem ég skal ekki fara lengra út í að þessu sinni. En ég er honum sammála um það, að þetta er félagsleg uppbygging og atvinnuleg, sem verður að komast í framkvæmd, og það verður að afla til hennar þess fjár, sem þarf. Það hefur orðið æðimikil breyting á þeim tveimur árum, sem núv. ríkisstj. hefur setið, því að þessi fjárhæð hefur meira en tvöfaldazt. Ég held, að það sé eins með skólamálin, það sé mjög unnið að því að koma þeim áfram með skipulegum hætti og að lengja greiðslutímabilið upp í 4 ár. Það er að mínu mati hyggilegt að gera það, því að hitt réðum við ekki við, eins og skólabyggingarnar eru nú orðnar dýrar.

Ég skal nú ekki fara að deila við hv. 2. þm. Vestf. um notkun núv. ríkisstj. á sjónvarpi eða útvarpi. Það hefur verið talað um það hér fyrr, og ég hef a. m. k. ekki þangað farið nema að beiðni þeirra. Ég verð að segja það, að það hefði kannske einhvern tíma verið talið hæpið, eins og átti sér stað í fyrra, þegar deilur voru á milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja út af kaupgjaldsmálum, sem oft á sér stað í þjóðfélaginu, þá var það svo, að þeirra starfsmönnum og m. a. stjórnarmanni, sem er fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, þeirra fréttum var mjög haldið til haga, — ég fékk yfirlit um það frá Ríkisútvarpinu, — mér var aldrei boðið af Ríkisútvarpinu að segja þar eitt einasta orð eða neinum frá ríkisins hendi. Einu sinni boðaði ég blaðamannafund, og þar voru þeir. Það var það eina. Ég fékk hins vegar yfirlit um það, að í kjaradeilum, sem t. d. höfðu átt sér stað þá haustið áður, hafði aldrei verið talað við nema báða aðila samtímis. En út í þetta skal ég nú ekki fara.

Þetta með niðurgreiðslurnar og efnahagsráðstafanirnar er verk, sem enn er óunnið, og til þess að halda áfram þeim niðurgreiðslum, sem nú eru framkvæmdar, þarf meiri fjárhæð á fjárlagafrv., og það er ákvörðun, sem verður tekin, áður en fjárlagafrv. verður afgreitt.

Þá sagði hv. 2. þm. Vestf., að ógætilegar hækkanir gætu verið mjög varasamar, og nefndi þar *til náttúruverndarráð eða fjárveitingar* til náttúruverndar. Það, sem verður að meta í sambandi við slíkar fjárveitingar, er ekki eingöngu, hvað þær hafa verið, heldur einnig m. a., hvert verkefnið er. Og þannig hefur það verið með náttúruverndarráð, að það hefur raunverulega sama og engar fjárveitingar haft. Það hefur ekki verið sótt á það að fá fjárveitingar, svo að þess vegna hafa þær ekki verið, en hins, — ég er rétt að verða búinn, svo að ég skal ljúka þessu, — en hins er svo að gæta, að gerðar hafa verið á nokkrum árum ýmsar ráðstafanir til náttúruverndar, m. a. var keypt jörðin Skaftafell til að setja þar upp þjóðgarð. Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem fyrir því stóðu, hafi gert sér grein fyrir því, að það mundi kosta sína fjármuni síðar. Það, sem hér er um að ræða, er að dómi þeirra manna, sem fyrir standa, hin mestu nauðsynjaverk, sem ekki má draga, að sé sinnt, og ég held, að það hafi verið svo með þá eins og fleiri, að það hafi verið skorið niður frá því, sem þeir töldu sínar þarfir vera í þeim efnum. En við skulum gæta þess, að við bætum ekki landið eða verjum það áfalli, eftir að áfallið er orðið.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði í sambandi við vegaframkvæmdir og tekjuöflun til þeirra, þá er ekkert um að ræða annað en það að afla tekna til þeirrar vegáætlunar, sem við *settum hér upp í fyrra og vorum nokkurn veg*inn sammála um, að nauðsyn bæri til. Og ég vona, að verði eins með þá tekjuöflun nú og var meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, að stjórnarandstaðan styðji hana ekki síður en við gerðum þá.

Ég skal svo ekki þreyta þm. lengur að sinni, þar sem nauðsyn er á að gera fundarhlé. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara almennt út í að ræða efnahagsmálin, — þau koma hér síðar til umr., og þá er hægt að gera það, — heldur víkja að því, sem fram kom í sambandi við fjárlagafrv. sjálft. Og ég vil segja það, að núv. stjórnarandstæðingar þurfa ekki að leita lengi í þingsögunni í sínum eigin aðgerðum til þess að finna sannanir fyrir því, að afgreiðsla fjárl. og efnahagsmála hefur ekki alltaf farið saman. Hefur oft og tíðum verið skammt á milli, frá því að fjárlög hafa verið afgreidd, þar til upp hefur verið tekinn nýr þáttur. — [Fundarhlé.]

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Næstur talaði hér á undan mér hæstv. fjmrh. og taldi sig þurfa að svara fáeinum atriðum í sambandi við ræðu þá, sem frsm. 1. minni hl. fjvn. flutti hér fyrr á þessum fundi. En þær aths., sem hæstv. fjmrh. gerði, voru ekki ýkjamargar og ekki veigamiklar heldur. En ég tel þó ástæðu til að gera aths. við örfáar þeirra.

Hæstv. ráðh. taldi ekki neina ástæðu fyrir þeirri gagnrýni, sem við höfum haft uppi um það, hversu fjárlagafrv. er vanbúið nú við 2. umr., og taldi, að farnar væru nú troðnar slóðir við afgreiðslu fjárl. og þess vegna ekki um neitt nýtt að ræða. Ég efa það ekki, að þær upplýsingar voru réttar, sem hæstv. ráðh. gaf, að umr.

er ekki seinna á ferðinni en oft hefur verið að dagatalinu til. En ég verð að segja það, þó að ég hafi ekki langan kunnugleika af afgreiðslu fjárl., þá er afgreiðslan að þessu sinni með nokkuð óvenjulegum hætti, og þó að við hefðum uppi gagnrýni um það um þetta leyti fyrir ári, hversu vanbúið fjárlagafrv. var fyrir 2. umr., þá var það þó með allt öðrum hætti en nú er. Í fyrra var það ákveðið, að þeirra tekna, sem á vantaði, skyldi aflað með sköttum. Það, sem ekki voru upplýsingar um, var aðeins það, hversu mikið þyrfti til. Nú er það hins vegar síður en svo ákveðið, með hverjum hætti verður séð fyrir þeim tekjum, sem þarf til að mæta útgjöldunum. Og það er langt frá því, að maður viti með neinni vissu heldur, hversu há útgjöld fjárl. þurfi að vera. Ég hygg, að ríkisstj. sé sama sinnis og við um það, að þetta ástand fjárl. sé með nokkuð óvenjulegum hætti, þar sem hún er sjálf búin að hlutast til um það, að sérstök n. sérfræðinga hefur starfað síðan á miðju sumri að því að athuga og ráðleggja ríkisstj. um það, hvernig eigi að standa að endanlegri afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Ég tel því, að það sé fullkomin ástæða fyrir þeirri gagnrýni, sem við höfum haft uppi í þessu efni.

Í öðru lagi gerði hæstv. fjmrh. aths. við það, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf. um framlög til verklegra framkvæmda. Fjmrh. gaf þær skýringar, að nú væri verið að greiða upp skuldir, sem hvílt hefðu á ríkissjóði vegna of lágra fjárveitinga á undanförnum árum til þessara framkvæmda. Mér er vel kunnugt um það, að þetta er í ýmsu falli rétt og fyllilega réttmætt að vekja athygli á því. Það er leitazt við nú að þessu sinni t. d., að því er varðar hafnarframkvæmdir, að greiða upp það, sem safnaðist á s. l. ári af skuldum, og að greiða að hluta til eftir áætlun þann hala, sem var frá fyrri tíma. Það er réttmætt, að þetta komi fram. Hins vegar er ekki því að leyna, að enn munu safnast upp skuldir í vissum málaflokkum, sérstaklega í sambandi við framlög til skólabygginga. Ég hef ekki við höndina tölur um það, hversu þær aukast mikið á þessu ári, en það er alveg sýnilegt, að bæði á þessu ári og á næstu árum, ef ekki verður aukið verulega við framlög til skólabygginga, munu þessar skuldir aukast, svo framarlega sem farið verður að lögum um afgreiðslu þeirra málaflokka.

Í þriðja lagi taldi hæstv. fjmrh., að ekki hefðu verið tæmandi upplýsingar, sem hv. 2. þm. Vestf. gaf um þá fjölgun, sem orðið hafði á fastráðnu starfsfólki hjá ríkisfyrirtækjum á þeim tíma, sem ríkisstj. hefur setið að völdum. Hann vefengdi að vísu ekki þá tölu, sem gefin var upp, enda mun það ekki vera hægt. Hún er rétt. Hún er tekin eftir þeim heimildum, að hún mun vera hárrétt. Hins vegar gat hann um það, að fyrir nokkrum árum hefði komið í ljós, að fjöldi lausráðinna starfsmanna hefði verið óskyggilega mikill við þessar stofnanir, og því hefði verið gert ráð fyrir því að fastráða þetta fólk í áföngum og eftir áætlun. Ég efast ekki um, að þetta er rétt, og það hefur verið gert ugglaust. En við, sem nú erum í fjvn., höfum grun um það, án þess að vita það með nokkurri vissu, að enn sé margt um lausráðið fólk á vegum ríkisstofnana. Hvernig sú tala er í hlutfalli við það, sem áður hefur verið, get ég ekki fullyrt neitt um. En ég vil geta þess hér og láta það koma fram, að alveg á síðustu vinnudögum fjvn. núna fyrir þessa umr. barst okkur áætlun frá stjórn ríkisspítalanna, þar sem lýst var vandræðum þeirrar stofnunar í sambandi við fólksráðningar. Og það voru hvorki meira né minna en 222 starfsmenn, sem þessi stofnun óskaði eftir að fá að fastráða. Hvort þetta fólk er lausráðið fyrir, skal ég ekkert um segja. En þetta starfsfólk, sem óskað var eftir að fá að fastráða í ríkisspítölunum, er þannig: Vegna vinnutímastyttingar þarf að ráða fast starfsfólk 65 talsins, vegna nýrra deilda og nýrra þjónustu 69 manns og vegna aukinnar þjónustu á eldri deildum 88 manns, eða samtals 222. Það var áætlað, að það mundi kosta 51 millj. kr. á árinu 1973, ef þetta fólk yrði ráðið, ekki hærri upphæð en þetta, vegna þess að áætlun var um að ráða þetta fólk í áföngum á árinu, eftir því sem þörf yrði fyrir það. Ég hygg því án þess að geta fullyrt um það, að lausráðinn starfsmannafjöldi hjá ríkisstofnunum sé æðistór núna á þessum tíma, þó að ég kunni ekki að dæma um, hvort það er hlutfallslega jafnmargt því, sem var fyrir nokkrum árum.

En svo að ég snúi mér að því máli, sem hér er til umr., fjárlagafrv. fyrir árið 1973, þá hygg ég, að það sé hollt til þess að geta rætt um það í einhverju samhengi að rifja upp, að þegar hæstv. ráðh. og stuðningsmenn þeirra sátu við samningaborð á öndverðu sumri 1971 og þegar þeir börðu saman óskalista sinn í Ólafskver, þótti þeim að vonum flestir vegir vera færir. Þá var sól á lofti, þá voru atvinnuvegirnir á Íslandi í sæmilegri rekstrarstöðu og þá þótti hinum verðandi ráðamönnum vera peningalykt úr hverjum polli. Sá óskalisti, sem þessa sumardaga var barinn saman, vitnar um, að það var þá mat hinna nýju ráðh., að ríkissjóður stæði vel, staða hans væri traust og greiðslugeta ríkisins væri slík, að strax mætti hefja fullgildingu gefinna loforða, — loforða, sem oft voru rifjuð upp í kosningabaráttunni um vorið. Þá voru engar hugleiðingar uppi um háskalegan arf frá tímum viðreisnarstjórnarinnar og því var strax hafizt handa um stórfelldar greiðslur úr ríkissjóði, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir að inna af höndum, þegar fjárlög ársins 1971 voru unnin og sett. Það var því engum undrunarefni, þegar greiðsluhalli ríkissjóðs 1971 reyndist vera um 340 millj. kr. Þótt þá væri áætlaður samkv. fjárl. þess árs hjá ríkissjóði 270 millj. kr. greiðsluafgangur, þá gerðu þær greiðslur, sem ákveðnar voru utan fjárl., svo háa upphæð, að engan undraði, þótt um greiðsluhalla yrði að ræða. Þessi fyrstu spor núv. ríkisstj. voru illur fyrirboði þess, sem nú er komið fram. Hin nýja efnahagsstefna ríkisstj., sem boðuð var fyrir valdatöku hennar, en var þó aldrei skilgreind nánar, var talin fara vel af stað. En hún birtist okkur ljósast í því frv. til fjárl., sem hér um ræðir.

Ég nefndi stefnu í efnahagsmálum. Vitaskuld er miklu réttara að segja stefnuleysi, því að svo gersamlega hefur verið látið reka á reiðanum um fjármál ríkisins. Allt frá fyrstu fótmálum

ríkisstj. hefur sigið meir og meir á ógæfuhlið, og var það að lokum viðurkennt af ríkisstj., þegar valkostanefndin var sett til starfa í sumar. Þegar þeirri n. var fengið erindisbréf, var verkefni hennar ákveðið það, að hún skyldi gera till. um leiðir og valkosti í efnahagsmálum með það fyrir augum að halda verðbólgu í skefjum til þess að treysta grundvöll atvinnuveganna og til að tryggja atvinnuöryggi og kaupmátt launa. Það mun því hafa verið orðið ljóst þeim, sem skipuðu n., að nú væri orðin þörf aðgerða í þessum málum, þar sem sú stefna ríkisstj., ef við eigum að kalla það svo, hafði ekki ráðið við þennan vanda, sem nú var við að etja.

Það má kannske segja, að það sé betra seint en aldrei, að ríkisstj. staldraði þá við og kvaddi til liðs við sig sérfræðinga til þess að leiða stjórnarliðið út úr þeirri blindgötu, sem það hafði í fullkomnu andvaraleysi og óráði álpazt inn í. Þegar ríkisstj. hóf austurinn sumarið 1971, sem er upphafið að því endemisástandi, sem nú er ríkjandi í ríkisfjármálunum, þá er ekki vitað, að hún hafi borið undir sérfræðinga, hversu langt væri fært að ganga í fjármálunum, sem fjárlagadæmið fól ekki í sér. Nei, á þeim dögum var óskhyggjan og gleðivíman látin ráða upphæðunum, sem látnar voru af hendi. En eftirköstin hafa nú riðið yfir eins og reiðarslag, og ólgan og spennan er í algleymingi.

Valkostanefndin hefur nú skilað till. til ríkisstj., en líklegast er, að nokkur bið verði enn á því, að ákvörðun um nýjar aðgerðir í efnahagsmálum verði tekin. En þetta frv., sem hér er til umr., er vitamarklaust, fyrr en ákvarðanir hafa verið teknar um efnahagsaðgerðir, og meðan svo er ekki gert, verður frv. sjálft ekki rætt af neinu viti að mínum dómi. Ég segi þetta vegna þess, að af frv. verður ekki séð, að um neinn vanda sé að ræða eftir áramótin. Frv. gerir ráð fyrir því, að á árinu 1973 verði þær ráðstafanir í niðurgreiðslum vegna verðstöðvunarinnar, sem nú er í gildi, afnumdar með öllu, og þó er frv. byggt á því, að vísitalan hækki ekki hót um áramótin, þegar niðurgreiðslunum verður hætt. Mér er ekki ljóst og sennilega engum venjulegum manni, hvernig ætlazt er til, að umr. um slíkt frv. verði með eðlilegum hætti við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi.

Eins og áður sagði, er fjárlagafrv. byggt á því, að vísitalan fari ekki yfir 117 stig. Ef það er tekið alvarlega og ákveðið að halda vísitölunni kyrri við þetta ákveðna mark, er talið, að á ársgrundvelli þurfi sennilega um 800 millj. kr. í niðurgreiðslur á þeim hluta vandans, sem nú er í gangi. En það má ekki ganga fram hjá því, að það muni bætast við allavega 5 vísitölustig um eða upp úr áramótunum vegna hækkaðs verðlags, sem ekki hefur verið greitt niður, en þau vísitölustig auka vandann að líkum hluta eða um allt að 1000 millj. kr. Ég fæ ekki þetta dæmi til að ganga upp, og meðan það liggur ekki fyrir, er á þennan hátt ógerningur að tala um einstaka efnisþætti frv., þegar svo margar stærðir eru óþekktar. Ég verð að segja það, að þetta er óskyggilegt ástand og skammur tími er til stefnu, enda kom ríkisstj. ekki auga á eða viðurkenndi ekki úrræðaleysi sitt í efnahagsmálunum fyrr en í eindaga var komið, ekki fyrr en hún var búin að vera við völd í heilt ár, en þá tók hún sig til og kallaði sér til hjálpar valkostanefndina, sem skyldi leggja á ráð, svo að einhver slarkfær leið fyndist út úr ógöngunum. Ég verð að segja það, að mér finnst, að þessi uppsetning á fjárl., eins og ég hef verið að lýsa hér að framan, sé sannarlega þann veg vaxin, að það er fullkomin ástæða til að kvarta undan því og gera um það aths., að svona er staðið að málum, því að ég get ekki líkt þessum starfsaðferðum við neitt fremur en það, þegar börn leika sér á sleða. Þau geta rennt sér niður brekkuna, en þau hafa ekki afl til að draga sleðann upp aftur til þess að endurtaka leikinn.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða um einstakar fjárlagatill., en ég tel, að það verði ekki hjá því komizt að ræða nánar þá valkosti, sem fyrir hendi eru í samhengi við fjárlagafrv. Skýrsla valkostanefndarinnar barst okkur alþm. fyrir nokkrum dögum sem trúnaðarmál. En hún hefur nú verið afhent fjölmiðlum og er þar með orðin opinbert plagg, og mun ég því koma lítillega að því og ræða helztu þætti þess.

Ég vil þá fyrst benda á það, að allar þær leiðir, sem valkostanefndin telur koma til greina að fara til lausnar efnahagsvandanum, gera ráð fyrir því að lækka opinber útgjöld og útlán um 1300—1700 millj. kr., og er þá alveg sama, hver leiðin valin er, hvort það er uppfærsla, niðurfærsla eða millifærsla. Nú tók ég eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að hann sagði, að í framkvæmdaáætlun, sem lögð var á borð hjá okkur alþm. nýlega, hefði verið gert ráð fyrir því að draga úr þeim upphæðum, sem ætlaðar voru til framkvæmda á árinu 1973, í samræmi við till. valkostanefndarinnar. Þegar tillit er tekið til þess, þá minnkar það fjárlagavandann frá því, sem gert er ráð fyrir í till. n., um 1300—1700 millj. Hversu miklu það nemur, veit ég ekki. Það verður upplýst síðar. En allavega er sá vandi, sem leysa verður með niðurskurði fjárl., gróflega mikill. Og það er hér um svo geipilega röskun að ræða frá því, sem áform hafa verið um hjá ríkisvaldinu til þessa, að ég tel það fullrar athygli vert.

Í þessu sambandi vaknar óhjákvæmilega sú spurning, hvort ekki væri eðlilegt, að Alþ. hefði eitthvað að segja um þetta stórfellda fráhvarf frá fyrri áætlunum og lagasetningum, eða sýnist mönnum sú aðferð eðlilegri að haga málum eins og gert var á þessu ári, þegar ríkisstj. ákvað einhliða og ákvað sjálf, hvernig niðurskurður á framkvæmdum skyldi koma niður? Ég held því hiklaust fram, að sá niðurskurður hafi verið gerður af fullkomnu handahófi, og þótt sá niðurskurður, sem gerður var á þessu ári og við höfum fregnir af, nemi ekki meira en 174.6 millj. kr., þykir mér hann í fyllsta máta koma óeðlilega niður. Og mig furðar það stórlega, að þeir menn, sem áður efndu til stórumr. um aðgerðaleysi stjórnvalda í uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar á öllum stigum hennar, og átti það jafnt við um aðstöðu og aðbúnað héraðslækna úti um land og byggingu sjúkrahúsa og fæðingarheimila, að þeir skuli nú sjálfir sitjandi í stólum ráðh. treysta sér til að skera niður fjárveitingar til

þessara málaflokka um 71 millj. kr. á fyrsta stjórnarári sínu. Þetta hefur þó gerzt.

Þá hafa og, eins og áður hefur komið fram í umr., verið skornar niður fjárveitingar til menningar- og menntamála um 75 millj. kr., og hefði ég haldið, að það hefði a. m. k. ýmsum þeim mönnum sjálfum, sem nú styðja ríkisstj., þótt fyrirsögn, að það skyldi nokkurn tíma koma fyrir í þeirra stjórn, að dregið verði úr framlögum til menntamála, en mjög þótti skorta um framlög til þeirra málaflokka, meðan viðreisnarstjórnin var við völd. Hið sama er að segja um hafnarframkvæmdirnar. Þær eru skornar niður um 27.9 millj. kr. á árinu, og ég verð að segja það eftir að hafa kynnt mér það sérstaklega, hvernig og hvar sá niðurskurður kom niður, að hann er fullkomlega af handahófi gerður. Það virðist vera gersamlega undir því komið, hversu fljótir og fjársterkir þeir aðilar hafa verið, sem framlaganna áttu að njóta, hvort þeir gátu farið seint eða snemma í framkvæmdirnar, hvort niðurskurður átti sér stað eða ekki. Þetta tel ég með öllu ósæmilegt og óeðlilegt, og ég hvet til þess, — ef þarf eins og valkostanefndin nú telur, — að fara í það að skera niður fjárveitingar, þá er sjálfsagt, að Alþ. fjalli um það, en ekki ríkisstj. ein.

Eins og ég gat um, hníga allar till. valkostanefndarinnar að því, að til framkvæmda komi lækkun á opinberum útlánum og útgjöldum. Þegar þetta er vitað á sama tíma og Alþ. fjallar um fjárlagafrv., segir það sig sjálft, að þingið hlýtur að fjalla sjálft um þær breytingar, sem væntanlega þarf að gera á fjárlagafrv., til þess að efnahagsaðgerðirnar nái tilgangi sínum. Ég legg á það höfuðáherzlu, að sú reynsla, sem fengizt hefur á yfirstandandi ári af því að fá ríkisstj. sjálfri í hendur vald til þess að breyta fjárl. og ákvarða, hvar lækkun útgjalda skuli koma niður, hún sýni og sanni, að þar hefur ráðið meiru hending en þein hugsun. Og í fjölmörgum tilvikum virðist það hafa ráðið úrslitum, hvort áfangi verks var hafinn seint eða snemma á liðnu sumri. Niðurstaða mín er sú, að ekki verði með neinu móti gengið endanlega frá fjárlagagerðinni, nema ákveðin efnahagsmálastefna fyrir næsta ár verði mótuð og felld að frv. Álit valkostan. mun eiga að vera leiðarvísirinn í þessum efnum fyrir hæstv. ríkisstj., og fyrr en hún hefur tekið sína ákvörðun um valkosti, verður með engu móti haldið lengra áfram við gerð fjárl., og vafalaust verður að vinna frv. upp að nýju, umreikna það til samræmis við uppfærsluleiðina, millifærsluleiðina eða niðurfærsluleiðina eftir því, hver þeirra verður endanlega fyrir valinu. Það er mikið verk og verður ekki hrist fram úr erminni í einu vetfangi.

Ég hygg, að margur maðurinn geti verið mér sammála um það, að sú gífurlega hækkun, sem orðið hefur á fjárl. í hinni skömmu stjórnartíð vinstri stjórnarinnar, hafi í sér fólginn háskalegan hvata til verðþenslu og dýrtíðar. Það er skoðun mín, við getum sagt persónuleg skoðun, að sú ákvörðun núv. ríkisstj. að auka á miðstjórnarvald ríkisins á svo margvíslegan hátt sem gert hefur verið með því að flytja til Reykjavíkur ýmsa þætti félagslegra málefna, taka þá úr höndum sveitarfélaganna, en fá þeim þá ekki önnur verkefni í staðinn, — það er skoðun mín, að þessi ákvörðun sé veigamikill þáttur í þeirri þenslu, sem einkennir hina opinberu stjórnsýslu hvað helzt um þessar mundir. Ég er ekki að halda því fram, að rangt hafi verið stefnt með því, að ríkið yfirtók öll löggæzlumál og losaði sveitarfélögin við þann málaflokk, eða ekki hafi átt að letta af þeim greiðslum til almannatryggninganna. Ég gagnryni þetta ekki, og ég vil taka fram í sambandi við þær aths., sem hæstv. fjmrh. gerði við ræðu hv. 2. þm. Vestf. um þetta efni, að það var ekki réttmætt. Hv. 2. þm. Vestf. gagnrýndi það ekki, að þessum greiðslum var lett af sveitarfélögunum. Það var ekki það, sem hann var að gagnryna. Hann gagnrýndi það, að personugjöldin voru ekki áfram greidd af þeim tryggðu sjálfum. Við gagnrýnum ekki, að þessar greiðslur voru teknar af sveitarfélögunum. En ég fullyrði, að um leið og þetta var gert, átti að fá sveitarfélögunum önnur verkefni til að leysa og tekjustofna í samræmi við þau verkefni. Þau verkefni, sem að mínum dómi kemur fyrst og fremst til greina að afhenda sveitarfélögunum, eru þessi, — og þá verð ég að segja aftur, að þetta er mín persónulega skoðun og ég tala hér ekki fyrir munn annarra, — ég tel, að þjónustustofnanir fyrir yngstu og elztu borgarana séu þau verkefni, sem sveitarfélögin eigi fyrst og fremst að leysa. Þar á ég við barnaheimili alls konar, skóla á skyldunámsstigi og elliheimilin. Ég er þeirrar skoðunar, að stofnkostnaður þessara stofnana yrði lægri eftir þá breytingu, og ég tel, að uppbyggingin gengi hraðar, ef ákvörðunarvaldið um uppbygginguna væri í höndum eins aðila, en ekki tveggja. Ég get ekki rökstutt þetta með neinum dæmum, en ég hygg, að þetta muni koma út, ef málið er skoðað niður í kjölinn. Og ekki þarf að efa, að vel mætti fækka mönnum og minnka umsvif innan menntmrn., ef það þyrfti ekki að hafa önnur afskipti af skyldunámsstiginu en að fylgjast með því, að kennsluskyldan sé framkvæmd hvað námsefni snertir. Það er ég alveg viss um. Þetta nefni ég, þótt einhverjum sýnist e. t. v., að það snerti ekki fjárlagaafgreiðsluna. En það gerir það þó, þegar hækkun fjárl. er skoðuð í því ljósi, að hún sé verðbólguvaldandi, eins og ég lýsti hér áðan.

Ég hef reynt að draga fram í dagljósið, hversu fráleitt er að taka ábyrga afstöðu til fjölmargra þeirra þátta, sem fjárlagafrv. er byggt upp af. Ég hef leitt að því rök, að enn vantar mikið á, að allra þarfa sé gætt og fullnægt þeirri fjármagnsþörf, sem líkleg er eftir mati hinnar sérstöku valkostanefndar. Og að síðustu hef ég drepið á leið til þess að draga úr því miðstöðvarvaldi ríkisins, sem mjög hefur eflzt í valdatíð hæstv. núv. ríkisstj. Niðurstaða mín er sú að þessu öllu athuguðu, að fjárlagafrv. sé enn, eins og þegar það var lagt fram. Marklaust og óhæft til endanlegrar afgreiðslu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér sýnist raunar, að það muni varla vera siður, að stuðningsþm. hæstv. ríkisstj. tali við fjárlaga-

afgreiðslu. Það met ég af þeirri stuttu reynzlu, sem ég hef af störfum á Alþ. Og það virðist raunar ekki vera ýkjamikill áhugi fyrir þessu máli, ef meta má af þunnskipuðum sölum. Það mætti nánast ætla, að hér væri um eins konar einkamál hæstv. fjmrh. að ræða.

Ég ætla þó að leyfa mér að segja fáein orð, en vil í upphafi míns máls upplýsa hæstv. fjmrh. um það, að það, sem ég segi hér, verða fyrst og fremst velviljaðar ábendingar, og vona ég, að hann og aðrir líti á það sem slíkt. Raunar mætti segja, að ég hafi nokkra sérstöðu að því leyti í þessu máli, að ég hef í 15 ár veitt ríkisstofnun forstöðu, og ég get þess vegna litið á þetta mál frá hinum endanum.

Ég verð að segja það, að mér hefur virzt mjög miklu ábótavant við undirbúning fjárl., allt frá því að ég kynntist þessum málum fyrst, en þó farið versnandi. Á fyrstu árum var þetta allt saman heldur lítið í sniðum. Þá voru fjárhagsáætlanir gerðar eins og nú eða með svipuðu móti. Þær voru sendar viðkomandi rn., og maður fékk venjulega nokkuð góðan aðgang að þessum rn. og gat rætt þar um málin, og það var jafnvel tiltölulega auðvelt að fá aðgang að fjmrn. og starfsliði þess og benda þar á þá þætti, sem mikilvægastir voru, því að sjálfsögðu var ekki þá fremur en nú veitt fjármagn til alls þess, sem ríkisstofnanir óskuðu.

Fyrir nokkrum árum var hins vegar þessu breytt. Þá var sett upp sérstök fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ég tel, að þetta hafi verið réttmætt, því að fjárlagaundirbúningur er allur orðinn langtum meiri og flóknari en áður var. Mér virtist í upphafi, að þessi stofnun eða ágætt starfslið hennar vildi kynna sér málin, þegar þau voru hjá henni, en þetta finnst mér, að hafi breytzt. Nú má segja, virðist mér, að fjárhagsáætlanir, eftir að þær eru farnar frá viðkomandi rn., þar sem venjulega er lítið um þær fjallað, séu læstar inni hjá þessu starfslið í nálægt því skotheldu byrgi. Mér hefur a. m. k. reynzt nánast útilokað að komast þar að til að gera grein fyrir þeim málum, sem ég tel mikilvæg í þeim málaflokkum, sem ég hef fjallað um.

Ég veit, að það ágæta starfslið, sem þarna er, hefur mjög erfitt verk með höndum. Það er ekki vinsælt að þurfa að skera niður óskir fjölmargra aðila, en ég er sannfærður um, að þetta verk væri langtum betur unnið, þegar á heildina er litið, ef mat á fjárlagaóskum færi fram á fyrra stigi þessa undirbúnings heldur en nú er. Ég er sannfærður um, að það væru betri vinnubrögð, ef starfslið fjárlagastofnunarinnar ásamt t. d. undirnefnd fjvn. skoðaði hina ýmsu liði þegar á sumri og kæmi fjárlagafrv. þannig langtum betur skoðuðu og athuguðu í hendur Alþ. Þetta er fyrst og fremst sú gagnrýni, sem ég vildi koma hér á framfæri og leggja rika áherzlu á, að þessi vinnubrögð verði tekin til endurskoðunar. Stundum er sagt, að þetta sé allt of mikið verk. En er það þá ekki allt of mikið verk fyrir hv. fjvn. að ætla henni að skoða nálægt því hvern einstakan þátt fjárl. á þeim stutta tíma, sem hún hefur fjárlagafrv. til meðferðar.

Mér er raunar ekkert sérstaklega ljúft að tala hér um þá stofnun, sem ég veiti forstöðu, enda má segja, að það ætti að vera óþarft, því að það sitja 8 alþm. í Rannsóknaráði. En ég hef ekki séð, að neinn þeirra ætli að hafa döngun í sér til þess að ræða um Rannsóknaráð, svo að ég verð víst að gera það sjálfur. Enda má nú segja, að það sé kannske bezta dæmið um meðferð á fjárhagsáætlunum fyrir mig að ræða um, því að ég þekki það að sjálfsögðu bezt.

Um rannsóknir í þágu atvinnuveganna voru sett ný lög árið 1965. Þar var gerð töluverð breyting á því kerfi, sem áður var. M. a. var verkefnum Rannsóknaráðs breytt mjög verulega. Samkv. þessum lögum er því ætlað sem fyrsta og meginverkefni að vinna að eflingu vísinda í landinu. Sem fyrsta aukaverkefni getum við nefnt athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins og eins konar annað aukaverkefni að stuðla að auknu vísindasamstarfi á alþjóðlegum vettvangi. Þegar þessi lög komu til framkvæmda, var þegar gerð allitarleg starfsáætlun og að sjálfsögðu lögð megináherzla á meginverkefni Rannsóknaráðs. Ekki tókst betur til en svo, að fjármagn fékkst næstum ekkert til almennrar eflingar á vísindastarfsemi í landinu, til athugana og rannsókna á því sviði. Hins vegar reyndist tiltölulega auðvelt að fá fjármagn til athugunar og nýtingar náttúruauðæfa landsins, og er það vissulega góðra gjalda vert. Sú starfsemi á vegum Rannsóknaráðs hefur þess vegna blómgazt allmjög. Til þeirrar starfsemi hafa fengizt ágætir starfskraftar, og ég fyrir mitt leyti er mjög stoltur af þeim árangri, sem þarna hefur náðst, vil ég reyndar leyfa mér að fullyrða, að þótt aðeins sé litið á frv., sem nú liggur fyrir þessu hv. Alþ. um þangvinnslu á Reykhólum, sé margfalt endurgoldið það fjármagn, sem til þessarar starfsemi hefur verið veitt. Ég vænti einnig mikils af ítarlegri rannsókn á saltvinnslu á Reykjanesi. En því er ekki að neita, að Rannsóknaráð hefur á meðal vísindamanna legið mjög undir ámæli fyrir það að hafa ekki sinnt meginverkefni ráðsins, að vinna að eflingu og samræmingu rannsóknastarfseminnar í landinu.

Nú brá svo við á þessu ári, að aukinn starfskraftur fékkst, ágætur ungur maður, og sömuleiðis fékkst vilyrði fyrir því, að prýðilegur starfsmaður, sem þar hefur verið lausráðinn, yrði fastráðinn. Þess virtist þá að vænta, að breyting yrði á starfsemi þessarar stofnunar, og var þá þegar hafizt handa og gerð á ný ítarleg starfsáætlun, sem ég er með hér og leyfi mér að fullyrða, að sé einhver sú ítarlegasta, sem opinber stofnun hafi gert. Mætti ætla, að hún væri velkomin, ekki sízt þar sem á það hefur verið deilt, að rannsóknastofnanir hafa yfirleitt ekki gert slíkar starfsáætlanir.

Einnig var gerð áætlun í fjármálum þess efnis að flytja nú starfsemina að verulegu leyti frá athugunum á nýtingu náttúruauðæfa landsins yfir á þann þáttinn, sem er meginverkefni Rannsóknaráðs.

Rannsóknaráð hafði 1972 6 millj. 655 þús. kr. til almennrar starfsemi, auk 2 millj. til að athuga nýtingu náttúruauðæfa landsins á framkvæmdaáætlun, eða 8 millj. 655 þús. Hin nýja fjárhagsáætlun varð upp á 9 millj. 784 þús., en á henni eru þær hækkanir, sem stafa af almennum verðhækkunum í landinu, launahækkunum og þess háttar, samkv. upplýsingum hagsýslu-

stofnunarinnar, útreiknaðar 1 millj. 376 þús. eða nálægt því helmingurinn af þeirri hækkun, sem er á fjárhagsáætluninni frá fjárlagalið Rannsóknaráðs, þegar ekki er tekin með fjárveiting á framkvæmdaáætlun. Þessi áætlun fékk ágætar undirtektir í menntmrn. og var rædd þar og vel farið yfir hana, og var starfsáætluninni fagnað, að því er virtist. Þegar hins vegar fjárlagafrv. birtist, eftir að ég hafði gert nokkrar tilraunir til að fá að vita, hvaða meðferð þetta fengi nú, kom í ljós, að til Rannsóknaráðs eru ætlaðar 6 millj. 76 þús. kr., og í frv. gætir stærilætis og ánægju yfir því, að fjárveiting til Rannsóknaráðs lækki um 579 þús., en að vísu er bent á það, að vextir eru færðir yfir á sérstakan lið hjá fjmrn. Ef það er tekið til greina, er hækkun í tölum á þeim lið, sem á fjárl. er veittur til Rannsóknaráðs, 359 þús. Þá er að sjálfsögðu ekki tekin til greina sú fjárveiting, sem ég nefndi áðan og var á framkvæmdaáætlun, en er þar að sjálfsögðu ekki lengur. En á móti þessu koma 360 þús. í húsaleigu, nákvæmlega sama tala og hækkunin getur talizt og ekki þurfti að greiða áður. Þá kemur hækkun á launum samkv. útreikningi hagsýslustofnunarinnar 400 þús. og hækkun á öðrum kostnaði 600 þús. Er því um raunverulega lækkun um 1 millj. kr. að ræða, eftir að ítarleg starfsáætlun er gerð og reynt að sýna fram á hin ýmsu verkefni. Skorið er niður allt það fjármagn, sem beðið er um til athugunar á þróun vísinda, m. a. á mjög mikilvægum þætti að okkar mati, aðstoð við rannsóknastofnanirnar við gerð langtímaáætlana yfir starfsemi þeirra, sem við teljum mjög nauðsynlega og erum þar sammála því, sem fram hefur komið m. a. hjá hæstv. forseta Nd. hv. Alþ. um starfsáætlun einnar rannsóknastofnunar. Það var einnig gert ráð fyrir því að efna árlega til ársfundar, þar sem öllum alþm. yrði til boðið og reynt að gera grein fyrir þróun vísinda og vísindastarfseminnar almennt, eins og tíðkast hjá mörgum nágrannalöndum okkar. Þetta kostar einnig töluvert fé. Eins og nú horfir, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fella burt þessa liði.

Ég held fyrir mitt leyti, að hér hljóti að vera um mistök að ræða, og mistökin eru beinlínis þau, að hið ágæta starfslið, sem vinnur að niðurskurði á fjárhagsáætlunum, lokar sig inni, eins og ég sagði áðan, og leitar ekki upplýsinga um eðlilega þróun þessara mála. Það telur sig líklega ekki hafa tíma til þess, en það tel ég mikinn skaða.

Ég nefni þetta sem dæmi um þá meðferð, sem fjárhagsáætlanir fá. Ég ætla ekki að lengja umr. hér með því að rekja meðferð á fjárhagsáætlun rannsóknastofnananna almennt. En ég vil leyfa mér að fullyrða, að Hafrannsóknastofnunin geti á engan máta sinnt, svo að vel sé, því stóra verkefni, sem henni er falið og mun fara vaxandi með aukinni friðun á okkar fiskimiðum.

Það er alveg rétt, að þessar stofnanir hafa verið tregar til þess að gera starfsáætlanir. En varpa mætti fram þessari spurningu: Hvers vegna eiga þær að gera starfsáætlun, þegar starfsáætlun fær þær móttökur, sem ég hef nú minnzt á. Það vekur hins vegar mikla athygli í hópi starfsmanna rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna, að Háskóli Íslands hefur bólgnað mjög út og vaxið. Ég er ekki að átelja það. Það er vissulega góðra gjalda vert, þó að ég leyfi mér að fullyrða, að vöxtur háskólans sé alls ekki eins vel hugsaður og eins vel skipulagður og þyrfti að vera. Ég held, að þar megi margt vera á annan veg. Sá einkennilegi háttur hefur þó verið hafður, — ég hygg, að nú sé verið að breyta því, — að hagsýslustjóri sjálfur hefur setið í samstarfsnefnd með háskólamönnum um allar áætlanir háskólans, hefur þannig á einum stað samþykkt það, sem honum ber svo að skera niður á öðrum. Ég hef fyrir satt, að þessu eigi að breyta, og fagna ég því, en legg hins vegar áherzlu á, að starfsmenn hagsýslunnar þurfa hlutlaust að kynna sér, eins og ég er búinn að segja hér oft, sem allra bezt snemma í fjárlagaundirbúningi þær áætlanir og þær hugmyndir, sem liggja að baki allra fjárhagsáætlana.

Ég ætla svo að leyfa mér að minnast á tvö atriði, sem ég er sannfærður um, að gleymska eða misskilningur eða mistök ein valda, að ekki eru með í þessu fjárlagafrv.

Í árslok 1971 var hafið í Vestur-Evrópu samstarf meðlimaríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar um athugun á útbreiðslu loftmengunar frá iðnaði. Það var leitað til okkar hér um þátttöku í þessu með eina endastöð, sem var talin mjög mikilvæg. Eftir ágætar undirtektir og góðan skilning tveggja rn. var ákveðið að ráðast í þetta, enda ekki kostnaðarsamt. Var áætlað, að það kostaði 250—300 þús. kr. Veðurstofa Íslands tók að sér þetta verkefni. Veittar voru 100 þús. kr. af takmörkuðum fjárhæðum Rannsóknaráðs til að koma því af stað. Farið var fram á þegar í maí s. l. 300 þús. kr. til að halda þessari starfsemi áfram á árinu 1973, en ætlað er, að þessi athugun taki 3 ár. Ég sé þetta hvergi í fjárlfrv. og er sannfærður um, eins og ég sagði hér áðan, að hér hljóti að vera um mistök ein að ræða. Það getur ekki verið ætlunin, að við skerumst þarna úr leik í mjög mikilvægu og athyglisverðu máli. Ég get upplýst, að þær mælingar, sem hérna hafa verið gerðar, eru af öðrum þátttökuríkjum taldar mjög mikilvægar, enda frá eins konar endastöð að þessu leyti.

Þá vil ég leyfa mér að minnast á aðrar rannsóknir, sem ekki er heldur um getið í fjárlfrv., rannsóknir á landgrunni okkar. Við afgreiðslu þáltill. um fiskveiðilögsöguna á þinginu í apríl 1971 var samþ. shlj., ef ég man rétt, till. um aukafjárveitingu eða réttara sagt lánsheimild fyrir hæstv. ríkisstj. að upphæð 30 millj. kr. til þess að hleypa af stokkunum landgrunnsrannsóknum. Þessu var tekið sem eðlilegum þætti í tilraun okkar til þess að afla þekkingar um svæði, sem bætzt hefur við og sjálfsagt er að við könnum og skoðum sjálfir, eins og við frekast megum. Það má raunar segja, að okkur beri siðferðileg skylda til þess. Ég legg enga áherzlu á mikla möguleika á olíu eða öðru verðmætu. Það eru hins vegar mjög mikilvægar mælingar, sem þarna eru gerðar, bæði á hafsbotni og dýpt, og munu koma að stórkostlegu liði fyrir íslenzkar fiskveiðar. Hefur það lengi háð okkar fiskveiðum, að við höfum ekki haft eins góðar upplýsingar um þessi mál og jafnvel

þær þjóðir, sem við eigum nú í hálfgerðu stríði við.

Það gerist næst í þessu máli, að menntmrn. setur upp samstarfsnefnd um landgrunnsrannsóknir í maí 1972 að till. Rannsóknaráðs ríkisins. Gerð var fjárhagsáætlun, sem skilað var þegar í maí þetta ár, og hljóðaði hún upp á um það bil 12.8 millj. kr. fyrir rannsóknir á landgrunninu á s. l. sumri, en aftur á móti fylgdi einnig þessari áætlun bráðabirgðaáætlun, sem kölluð var, fyrir landgrunnsrannsóknir á sumrinu 1973, upp á 21 millj., enda var talið, að þá fengist meiri tími og betur yrði unnt að sinna þessum málum heldur en á sumrinu 1972, þegar málið var æði síðbúið. Í ljós kom, þegar fjárlfrv. sást, að ekkert fjármagn er ætlað til þessara rannsókna. Landgrunnsnefnd endurskoðaði þá þegar áætlun sína og skilaði nýrri í nóv. s. l. upp á 20.7 millj., eða mjög svipaðri þeirri, sem gerð var í maí 1972. Ég skal ekkert um það segja, hvort ekki megi lækka þessa upphæð eitthvað, það má vel vera. Það hefur verið skoðað og liggur frammi álit um það. En það er sannfæring mín, að ekki geti verið ætlun hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. að hverfa nú með öllu frá þessum rannsóknum, sem svo voru álitnar nauðsynlegar á vorinu 1971, að samþykkt var samróma hér í þessum sal að heimila ríkisstj. að taka lán til rannsóknanna. Ég trúi því ekki, að það sé ætlunin, þegar svo vel var tekið undir þetta mál á s. l. vori, að hæstv. ríkisstj. útvegaði án tafar þá fjárupphæð, sem um var beðið, þannig að unnt var að sinna þessum rannsóknum af ýmsum stofnunum með miklum ágætum á þessu sumri. Þetta er aðeins ábending frá mér til hv. fjvn., sem ég treysti, að verði tekin til athugunar.

Fleiri ábendingum ætla ég ekki að koma hér á framfæri, en ætla aðeins að lokum að lýsa ánægju minni með ýmsa þætti þessa frv. Þar er margt nýstárlegt vissulega, eins og hlýtur að vera í svona stóru máli.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með það blað, sem nú er brotið í náttúruverndarmálum okkar með myndarlegri fjárveitingu á því sviði. Ég er algerlega ósammála því, sem hér hefur komið fram, að þar sé um einhverja ofrausn að ræða. Ég vænti mikils af því starfi, sem barna fer fram. Ég hygg, að við getum öll gert það. Það er áreiðanlega orðið tímabært að skipuleggja betur en gert hefur verið sambúð okkar við landið, raunar svo tímabært, að til stórvandræða horfir á fjölmörgum sviðum, ef ekki er þegar gripið til ráðstafana. Ég ætla ekki að ræða þau mál. Það hefur verið gert hér fyrr og verður eflaust gert síðar. En ég vil leggja á það ríka áherzlu, að hv. Alþingi þarf að láta þau mál til sín taka í vaxandi mæli. Það er ekki aðeins sambýli okkar við landið, heldur einnig góð sambúð þeirra, sem í dreifbýli búa, við þá, sem þéttbýli byggja, sem um er að ræða. Málin eru þarna ótalmörg og mikil og e. t. v. meiri en við gerum okkur grein fyrir í fljótu bragði.

Ég vil einnig lýsa ánægju minni með fjárveitingar til heilsugæzlustöðva í því kjördæmi, sem ég starfa fyrir, til Ísafjarðar og Patreksfjarðar, og til læknisbústaðarins á Hólmavík, en vil leggja á það ríka áherzlu, að hraða þar framkvæmdum á þessum stöðum, ef ekki á að koma til meiri háttar vandræða, sem raunar má segja, að séu þegar orðin á Hólmavík.

Ég vil lýsa ánægju minni með myndarlegar fjárveitingar til margra skóla, t. d. Reykjaskóla og skólans á Reykjanesi. Að síðustu vil ég lýsa ánægju minni með það, að hin margrómaða Kokkálsvík á Ströndum virðist hafa hlotið náð fyrir augum hv. fjvn. Þar á að byggja ágætt bátalægi. Ég harma að visu, að ekki skyldi vera nægilegt fjármagn til þess, að ljúka mætti því verki á næsta ári.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér hefur lengi verið það hulin ráðgáta, hvernig ýmsir þeirra hv. þm., sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., líta á samhengið milli efnahagsmála og félagslegra framfara. Samt sem áður fer ekki á milli mála, að þeir þykjast vera félagslega sinnaðri en aðrir vondir menn, og oft og tíðum sýnist vaka fyrir þeim að framkvæma félagslegar umbætur án fjármuna til þess. Ég var því harla glaður, þegar ég heyrði innan um stóryrði hæstv. iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar í útvarpsumr. á s. l. vori, að hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar mun hin félagslega sókn því aðeins bera tilætlaðan árangur, að okkur takist að tryggja sæmilegt jafnvægi í efnahagsmálum." Hann sagði einnig: „Koma verður til markviss barátta stjórnvalda til þess að draga úr þenslu."

Þetta tel ég hin athyglisverðustu ummæli, einkum vegna þess, hvaðan þau eru komin, því að þau upplýsa okkur venjulega menn hér á hv. Alþ., sem svona hafa hugsað frá blautu barnsbeini að kalla, að hæstv. ráðh. hefur þó lært nokkuð í ráðherrastóli. Þessi ummæli eru ekki síður athyglisverð fyrir þá sök, að með þeim hefur hæstv. ráðh. viðurkennt, að sá mikli vandi og jafnvægisleysi, sem nú er orðið í efnahagsmálum þjóðarinnar, er og verður á næstunni hemill á félagslegar framfarir í landinu, hversu hart og titt sem hæstv. ráðh. ber sér í munn hugtakið félagslegar umbætur. Og það sem meira er, við slíkar aðstæður verður ekki einu sinni komið saman fjárl. til eins árs, hvað þá heldur markvissri áætlunargerð til langs tíma, sem hv. stuðningsmenn ríkisstj. þreytast ekki á að klifa á, að sé algjör forsenda farsældarþjóðfélagsins. Að mati sérfræðinga ríkisstj. er ástandið orðið svo slæmt í efnahagsmálum þjóðarinnar, að 3—5 þús. milj. kr. skortir í fjárðflun í ríkissjóð, ef ekki er að gert, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir áframhaldandi skattpíningu. 1—2 þús. millj. kr. halli blasir við á útflutningsatvinnuvegunum og hvorki meira né minna en 6000 millj. kr. greiðsluhalli við útlönd á næsta ári, ef svo fer fram sem horfir og ekkert er að gert.

Ég vil í þessu sambandi leiðrétta aðeins það, sem hæstv. fjmrh. kom hér inn á í ræðu sinni áðan. Hann virtist vilja gera lítið úr því, hver viðskiptahallinn væri á þessu ári, og taldi, að hann væri minni nú en á sama tíma í fyrra. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að á bls. 18 í þeim hluta af skýrslu valkostanefndarinnar, sem stundum hefur verið kallaður Gamla testa-

menti, er tafla, sem sýnir áætlaðar niðurstöður um viðskiptajöfnuð á þessu ári, og þar er niðurstaðan, að hann hafi verið neikvæður 1971 um 4.3 milljarða, 4300 millj., hann verði neikvæður um 6.2 milljarða, 6200 milljónir, á þessu ári, og gert ráð fyrir, að hann verði óhagstæður um tæpar 6000 millj. á næsta ári, ef svo fer fram sem horfir. Þá er um að ræða óhagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd, sem nemur um 1600 þús. millj. kr. á aðeins 3 árum. Þegar svo hörmulega er ástatt í þjóðarbúskapnum, eru flestir sammála um, að m. a. sé nauðsyn á aðhaldi, jafnvel niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs. Hætt er þá við, að fjárveitingar til félagslegra framkvæmda verði ekki sízt fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum. Þessi hefur orðið raunin á nú, eins og hv. 2. þm. Vestf. benti hér réttilega á í umr. Framlög ríkissjóðs til skólabygginga, sjúkrahúsa, heilsugæzlustöðva og ýmissa félagslegra framfaramála hafa ekki verið minni um langt árabil, ef miðað er við raungildi peninga, en einmitt núna. Orð hæstv. ráðh. Magnúsar Kjartanssonar hafa því orðið að áhrínsorðum, því miður.

Ríkisstj. verður að bíta í það súra epli, að hún hefur fórnað félagslegum og raunar efnahagslegum framförum í þjóðarbúskapnum með óráðsíu- og eyðslustefnu sinni í efnahagsmálum og fjármálum. Þessi spegilmynd blasir við í því frv. til fjárl., sem hér er til 2. umr. Þessar niðurstöður, ásamt því, að fram undan er stórfelld kaupmáttar- og kjaraskerðing allrar alþýðu, er ákaflega lærdómsrík að skoða í ljósi hins stutta, en lánlausa ferils ríkisstj.

Þegar ríkisstj. kom til valda, svaraði forsrh. því til vegna fyrirspurna frá mér hér úr þessum ræðustóli, að ríkisstj. teldi, að loforð málefnasamningsins um 20% kaupmáttaraukningu, lengingu orlofs og styttingu vinnuviku, ásamt stórfelldum útgjöldum ríkissjóðs, væru gefin „að vel yfirlögðu ráði", eins og hann orðaði það, og eftir athugun á ítarlegum gögnum um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum. Þannig var mat sjálfrar ríkisstj. á þjóðarbúinu, þegar hún tók við völdum. Þetta er óhagganleg og skjalfest staðreynd, sem hæstv. ríkisstj. kemst ekki hjá að viðurkenna, hversu mikla mælskuleikfimi og blekkingar sem einstakir ráðh. og málgögn þeirra reyna nú að viðhafa um ástand þjóðarbúsins, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum fyrir um það bil þremur missirum.

Launþegar tóku auðvitað stjórn hinna vinnandi stétta, eins og hún kallaði sig, fyrstu mánuðina alvarlega, og samið var um kjarabætur í áföngum, sem voru innan þess ramma, sem ríkisstj. taldi, að unnt væri að lofa. Sannleikurinn er sá, að talsverðar líkur eru á, að þjóðarbúskapurinn hefði a. m. k. þolað umræddar grunnkaupshækkanir, ef vel hefði verið á haldið af hálfu stjórnenda þjóðarinnar og markvissrar baráttu hefði gætt, — markvissrar baráttu stjórnvalda til þess að draga úr þenslu, eins og hæstv. iðnrh. komst að orði. Því var þó sannarlega ekki að heilsa, og er raunar svo að sjá, að þeir flokkar, sem nú standa að hæstv. ríkisstj., virðist keppast hver um annan þveran við að gera að sem mestum öfugmælum það, sem þeir sögðu um efnahagsmálin, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Þá töluðu þeir um aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum, hóf í erlendum lántökum o. s. frv. Reyndin varð hins vegar sú, að þessir menn, sem aldrei þreytast einnig á að tala um nauðsyn heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum með markvissri áætlanagerð, hófust þegar handa um að eyða og spenna, taka lán af algjöru handahófi og án þess að gera minnstu tilraun til þess að sjá fyrir um, hvernig ráðslag þeirra léki þjóðarbúskapinn í heild. Þeir hófu feril sinn á að greiða um 1000 millj. kr. úr ríkissjóði og öðrum sjóðum án nýrrar tekjuöflunar, sem varð þess valdandi, að verulegur greiðsluhalli varð á ríkissjóði árið 1971, þrátt fyrir að stórfelldar umframtekjur fram yfir útgjöld þess árs hefðu orðið, ef ákvarðanir núv. ríkisstj. um framangreindar greiðslur hefðu ekki komið til. Þó kastaði fyrst tólfunum á þessu ári. Þrátt fyrir gífurlegustu tekjuskattpíningu sögunnar, sem var svo óréttlát, að ríkisstj. neyddist til að leiðrétta hana að hluta hvað snerti aldraða, er búizt við 400 millj. kr. greiðsluhalla á ríkissjóði á þessu ári að mati sérfræðinga ríkisstj., og hann hefur verið í geigvænlegri yfirdráttarskuld við Seðlabankann allt árið. Samfara þessu hefur verið ráðizt í meiri lántökur erlendis og innanlands á vegum ríkisstj. en nokkru sinni fyrr. Í skýrslu svonefndrar valkostanefndar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Lántökur Íslendinga erlendis hafa verið gífurlega miklar á árunum 1971 og 1972, og hafa heildarskuldir við útlönd aukizt á þessum tveimur árum um nærri 6000 millj. kr. eða 53%." Er þetta að halda uppi markvissri baráttu gegn þenslu?

Í þessu sambandi vil ég líka minna á orð hæstv. iðnrh. frá útvarpsumræðunum í vor, en það eru ekki nema fáir mánuðir síðan hann viðhafði þau orð. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var sá háttur hafður á að taka erlend lán til framkvæmda bæði fyrir erlendum og innlendum kostnaði. Ég tel, að þessi stefna sé bæði röng og hættuleg." Hæstv. ráðh. virðist annaðhvort ekki hafa vitað hvað hann var að segja, þegar hann mælti þessi orð, miðað við það, sem sérfræðingar ríkisstj. segja nú um erlendar lántökur, eða þá að þessi fullyrðing ráðh. hefur verið í svipuðum dúr og aðrar fullyrðingar, sem hann viðhafði í þessari ræðu, sem ég tel vera einhverja hrottalegustu, sem ég hef heyrt í íslenzkum stjórnmálum.

Það þarf enga fjármálaspekinga til þess að sjá, að framangreindar ráðstafanir ríkisstj. og margar fleiri hliðstæðar hafa þanið efnahagskerfi þjóðarinnar meira en það þolir og orðið undirrót þeirrar innlendu verðbólgu, sem er kjarni vandans í dag, eins og raunar glöggt kemur fram í ófagurri lýsingu valkostanefndarinnar á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Á þessum bakgrunni ber hv. þm. að líta á það fjárlagafrv., sem hér er til umræðu og enn er hvorki fugl né fiskur, þar sem hvergi er að finna stafkrók í því um ráðstafanir til þess að leysa þann stórfellda vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálunum.

Stórfellt bruðl og stjórnleysi ríkisstj. í fjármálum á undangengnum 3 missirum veldur því nú, að ekki verður komizt hjá tilfinnanlegum

niðurskurði framkvæmda til eflingar félagslegra framfara, bæði hér á þéttbýlissvæðinu og ekki sízt úti um landsbyggðina. Ég vil aðeins nefna örfá dæmi um þetta úr mínu kjördæmi. Það eru einungis fáeinar vikur síðan hæstv. forsrh. las hér upp bréf frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem m. a. á að sjá um markvissa áætlunargerð til langs tíma og heildarstjórn þjóðarbúskaparins, eins og hv. þm. muna úr umr. héðan úr hv. Alþingi frá því í fyrra. Bréfið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Unnið er að tillögugerð um, að hafnir og flugvellir komi inn í Norðurlandsáætlunina á árinu 1973. Miðað er við, að 25 millj. kr. fari af Norðurlandsáætlun í hvorn þátt á því ári. Helztu fyrirhugaðar framkvæmdir í flugvöllum eru við nýja flugvöllinn á Sauðárkróki og á Blönduósi og flugbrautarljós á Húsavík og víðar. Í hafnamálum eru fyrirhugaðar framkvæmdir á Skagaströnd, Hofsósi, Siglufirði og Ólafsfirði." Eins og hv. þm. taka eflaust eftir, var eina mannvirkið í hafnargerð, sem hæstv. forsrh. nefndi á Norðurl. e., í Ólafsfirði. Á þskj. 170 kemur á hinn bóginn fram, að Norðurlandsáætlun í flug- og hafnamálum á ekki að fá 50 millj. kr. til ráðstöfunar, heldur 38 millj., og eina höfnin á Norðurl. e., sem var nefnd í bréfi hæstv. forsrh. og hefur jafnframt brýnasta þörf fyrir framkvæmdir, er skorin niður. Hér er um að ræða ljóst dæmi, þótt lítið sé ef til vill að sumra dómi, um það, hvernig fer fyrir mkarvissri áætlanagerð, þegar þannig er haldið á efnahagsmálum í heild sem nú hefur verið gert af hæstv. ríkisstj. En í þessu sambandi vildi ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hafi verið beðinn að mæla með fjárveitingu á fjárlögum til Ólafsfjarðarhafnar, — út af þessum niðurskurði á Norðurlandsáætlun. Mér hefur verið tjáð, að hann hafi lofað því. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti upplýst um þetta hér á eftir.

Fleiri dæmi þessu lík mætti nefna. Nýbygging fjórðungssjúkrahúss á Akureyri, sem er einhver mesta framkvæmd á Norðurlandi til eflingar félagslegra framfara, fær 5 millj. kr. til framkvæmda á árinu. Læknamiðstöð á Akureyri fær enga fjárveitingu, og sama er að segja um sjúkraskýli á Ólafsfirði. Skólabyggingar stöðvast. Svo mun t. d. verða að öllum líkindum við gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og á fleiri stöðum. Þannig mætti lengi telja, hvernig óráðsíustefna ríkisstj. kemur niður á félagslegum framfaramálum landsbyggðarinnar, enda er óhrekjanlegt, að nú fara miklu lægri upphæðir að raungildi til þessara mála en t. d. árið 1971, eins og ég sagði áðan.

Niðurskurður hæstv. ríkisstj. til verklegra framkvæmda á yfirstandandi ári er alveg af sama toga. Hv. þm. muna, að á s. l. sumri þótti ríkisstj. keyra um þverbak í dýrtíðarflóði og stefna að óviðráðanlegu jafnvægisleysi í efnahagsmálum. Hún greip þá til þess ráðs til bráðabirgða að auka niðurgreiðslur og hagræða með því vísitölunni. Tekna skyldi afla til þessara auknu útgjalda með niðurskurði á verklegum framkvæmdum á fjárlögum. Niðurstaðan var sú, eins og hv. 2. þm. Vestf. benti á í ræðu sinni, að langmestur þessi niðurskurður var framkvæmdur á ýmiss konar byggingum hins opinbera á landsbyggðinni. Í Rvík var heildarniðurskurður, þegar Þjóðarbókhlaðan, háskólinn og aðrar framkvæmdir eru meðtaldar, 58 millj. kr., en á landsbyggðinni var niðurskurðurinn 116.6 millj. kr. Þetta er staðreynd, hvað sem hver segir, og sýnir, að efnahagsvandinn, sem þegar var farið að grípa á í haust, var þegar farinn á yfirstandandi ári að segja til sín í minni félagslegum aðgerðum en ella, einkum úti á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ég hef reynt að færa hér rök að því, að jafnvægisleysið, sem orðið er í efnahagsmálunum og birtist glöggt í þeim vandræðum, sem hæstv. ríkisstj. á í við afgreiðslu þessara fjárlaga, sem nú eru til 2. umr., hefur þegar og mun valda stórfelldum vandræðum í félagslegri og efnahagslegri sókn þjóðarinnar, ef ekki verður að gert þegar í stað. Því miður virðist alger sundrung ríkja innan ríkisstj. um lausn þess *mikla vanda, sem að steðjar. Með hliðsjón af því,* hve hann er mikill og hve mikil þörf er á að leysa hann sem fyrst, tel ég, að ríkisstj. eigi að segja af sér, komi hún ekki fram með tillögur um lausn á þessum vanda þegar í stað.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það voru nokkur atriði tiltölulega smá, sem mig langaði til að vekja athygli á í sambandi við þær tillögur, sem hér liggja á borðum okkar, og eitt atriði stórt. Ég ætla að byrja á þessum smáu.

Hv. 1. þm. Vestf. nefndi hér áðan, að vissar till., sem fyrir lægju núna, stöfuðu annaðhvort af gleymsku, mistökum eða misskilningi. Ég er dálítið hrædd um að þess sjái víðar stað í þessu frv., að of mikið hafi farið fyrir „gleymsku, mistökum og misskilningi". Samt veit ég, að mikið starf hefur hvílt á hv. fjvn., og menn hafa reynt, eftir því sem þeir hafa framazt getað, að sinna þeim þörfum, sem nauðsynlegar hafa verið, en vitanlega hafa menn í öllum önnunum ekki haft tíma til að líta yfir ýmislegt, sem aflaga hefur farið.

Ég vil vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir vissum fjárveitingum til kvenfélagasambanda á landinu. Hingað til hefur verið ein heildarfjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands, sem hefur, eins og kunnugt er, um áratugaskeið annazt mjög mikið fræðslu- og menningarstarf víða um landið. Kvenfélagasamband Íslands hefur verið eins og miðstöð og miðlari fyrir þessa starfsemi, haldið ýmiss konar námskeið á ýmsum sviðum og miðlað starfsstyrkjum til kvenfélagasambanda úti um land. Nú bregður svo við, að það er að vísu fastur styrkur til Kvenfélagasambands Íslands í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, og meira að segja lögð til hækkun í till. fjvn., og það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, því að Kvenfélagasambandið sem slíkt rekur mjög mikilsverða starfsemi, þar sem ekki sízt ber að nefna leiðbeiningastöð húsmæðra, sem heimili í landinu yfirleitt, bæði húsmæður sem húsbændur, karlar sem konur, hafa haft mjög mikið gagn af. Svo bregður við, að það er sérstakur styrkur til Sambands norðlenzkra kvenna 50 þús. kr., sérstakur styrkur til námskeiðahalds á vegum þess sambands 25 þús., til námskeiðs í heimilisgarðrækt, sem er

eitt af mörgum sviðum, sem þær hafa fengizt við, og svo kemur núna í till. frá hv. fjvn. sérstakur styrkur til annarra sambanda á landinu. Norðlenzku konurnar höfðu fengið 50 þús. + 25 þús., svo kemur samband vestfirzkra kvenna, sem á að fá 50 þús., samband austfirzkra kvenna, sem á að fá 50 þús., samtals 3 kvenfélagasambönd á landinu með 50 þús. kr. hvert. Nú spyr spyr ég: Mun það ekki vera annaðhvort gleymska, mistök eða misskilningur að raða þessum fjárveitingum niður á þennan hátt? Sannarlega eru þessi samtök góðra styrkja verð, en ég vil vekja athygli á því, að í landinu eru ekki aðeins þessi sambönd, sem þarna eru 3 talsins, heldur hvorki meira né minna en 20 kvenfélagasambönd. Ef ekki á að vera um mismunun að ræða, er nauðsynlegt, að hin 17 samböndin fái líka sambærilegan styrk. Mér sýnist þetta líta út eins og hv. fjvn. hafi skyndilega tekið viðbragð og viljað hafa jafnvægi í byggð landsins, eins og sjálfsagt er, og jafnskjótt og norðlenzkar konur höfðu fengið 50 þús., hafi ötulir þm. frá öðrum fjórðungum einnig tekið sig til og viljað útvega sínum kvenfélagasamböndum annað eins, og ég efast ekki um, að hv. þm. Sunnlendinga vildu líka fá sín 50 þús. handa hvoru kvenfélagasambandi í þeim fjórðungi, og svona má áfram telja. Ég bendi á þetta, ég geri enga sérstaka tillögu í þessu að svo stöddu. Því hefur þegar verið lýst af hálfu talmanns okkar flokks, að við teljum fjárlög þessi, — ég veit ekki, hvort ég má leyfa mér að taka mér í munn orð eins hv. þm. úr öðrum flokki, sem hrutu honum af munni hér í dag, hann sagði, að raun og veru væru þetta ekki fjárlög, þessi ósköp, — en við höfum viljað leggja áherzlu á þá skoðun með því að flytja enga beina brtt. við þessa umræðu. Við ætlum að sjá, hvort ekki muni eitthvað úr rætast, þannig að betur sé hægt að átta sig á því við 3. umr., hvað um er að vera í þessari fjárlagaafgreiðslu. En alla vega vil ég eindregið beina því til hv. fjvn. að athuga, hvað er að gerast í þessari útdeilingu fjármagns til einstakra kvenfélagasambanda. Það gefur auga leið, að það er auðvitað ekkert vit í því, að 3 kvenfélagasambönd á landinu fái sínar 50 þús. kr. hvert, en hin 17 ekki neitt. Annaðhvort verður að vera þarna einhver jöfnuður á milli eða þá að öll upphæðin, sem sagt 20 sinnum 50 þús., bætist við þá fjárveitingu, sem þegar er ákveðin til Kvenfélagasambands Íslands, og síðan útdeili Kvenfélagasambandið því til hinna einstöku sambanda af þeirri sömu rausn og fjvn. hefur nú hugsað sér að gera og er ágætt, svo langt sem hún nær, til þessara þriggja sambanda.

Ég vil, þegar um þetta er rætt, sérstaklega minna á mikilvægi þess, að menn hafi skilning á og haldi í heiðri því starfi, sem unnið er á vegum Kvenfélagasambands Íslands. Það hefur dálítið viljað á því bera í seinni tíð, að menn hafa vanmetið þau störf, sem lúta að fræðslu um heimilishald, en ég vil leggja á það mikla áherzlu að slík fræðsla á ekki síður rétt á sér í dag en oft fyrr og raunar miklu fremur, þar sem það færist í vöxt, að konur starfi utan heimila, eða bæði hjón starfi utan heimila sinna. Þá þarf vitanlega sú fræðsla, sem lýtur að skipulagi á heimilisstörfum að vera í miklu betra horfi og ná til fleiri húsmæðra og húsbænda heldur en nú er. En þetta er einmitt það verkefni, sem Kvenfélagasamband Íslands hefur sinnt. Auk þess hefur Kvenfélagasamband Íslands sinnt miklu fleiri verkefnum. Það má segja, að víða úti um sveitir hafi það í raun og veru haldið uppi mjög fjölþættu menningarstarfi áratugum saman, og ég verð að segja, að mér sárnar það allt að því, ef þm. hinna ýmsu byggða á landinu hafa ekki vakandi auga með því, að þetta starf sé áfram styrkt, og sína, að þeir kunni að meta að verðleikum það, sem unnið hefur verið á þessu sviði.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta atriði, vildi aðeins vekja athygli á þeim undarlega misskilningi, sem þarna virðist hafa verið á ferðinni, og óska þess, að hann verði leiðréttur.

Annað atriði, sem ég vil vekja sérstaka athygli á og varðar ekki stóra upphæð í öllum þeim fjárhæðum, sem við eru hér að ræða um, er það, að nú vantar tveggja millj. kr. styrk til starfsemi svonefndrar leitarstöðvar B á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Ég veit, að Krabbameinsfélag Íslands væntir þess, að það fái þennan styrk. Að öðrum kosti verður þessari starfsemi ekki upp haldið eins og undanfarin ár, og ekki þarf að útlista það fyrir hv. þm. né öðrum. Þeim hlýtur að vera það kunnugt af ýmsum upplýsingum í fjölmiðlum og víðar, hvílíkt geysigagn þessi leitarstöð hefur unnið. Mér er óhætt að segja, að það eru ótalin þau líf kvenna, sem þessi leitarstöð hefur bjargað. Það hefur forðar mörgum börnum frá því að standa uppi móðurlaus, og þessi leitarstöð hefur fundið marga sjúkdóma, sem hefðu getað leitt til alvarlegs heilsubrests síðar meir, ef þessi starfsemi hefði ekki verið fyrir hendi. Það er því mjög nauðsynlegt heilsugæzluatriði, að þessi leitarstöð fái þann styrk, sem henni er nauðsynlegur til sinnar starfsemi, og ég veit raunar, að stjórnvöldum er það ljóst. En ýmis rn. og vafalaust flest rn. eru mikil útgjaldarn., og þess vegna vilja þau gjarnan koma ýmsum nauðsynlegum fjárveitingum yfir á einhverjar stofnanir, til þess að ekki þurfi að nefna hlutina í fjárl. sérstaklega. Sú leið var farin síðasta ár vegna algers neyðarástands, sem þarna var fyrir hendi, og ég má segja af einhverri gleymsku í sambandi við afgreiðslu fjárl., að þessari fjárhæð var beint í gegnum sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar. Núna hins vegar liggur fyrir, að á þessu þarf að halda. Fjárl. eru ekki enn afgreidd, og ég vil benda á, að Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki lagaheimild til þess að ráðstafa fé sínu til heilsugæzlu. Sjúkratryggingarnar eiga að greiða annan kostnað en þennan. Þess vegna er mjög nauðsynlegt, að þetta sé tekið inn á fjárl. Þar á það eðlilega heima. Vissulega er mestmegnis um ríkisfé að ræða í höndum Tryggingastofnunar ríkisins, en engu síður veitir henni nú sízt af því fé, sem henni er þegar ætlað á fjárl. til ýmissa verkefna, sem verið er að fella á herðar Tryggingastofnunarinnar. Raunar svífur það svo í lausu lofti, að varla verður auga á komið, hvernig á að reka Tryggingastofnun ríkisins á næsta ári. Ég veit ekki, hvort hv. alþm. er ljóst, að með reglugerð núna snemma í þessum mánuði var ákveðið að hækka fjölskyldubætur

í 13 þús. kr. á ári með hverju barni. Það er 5 þús. kr. hækkun frá því, sem gert var ráð fyrir á fyrra helmingi þessa árs. Þá reiknuðu menn með því, að fjölskyldubætur yrðu 8 þús. kr. á ári. Núna er búið að ákveða, að þær verði 13 þús. kr. á ári. (**Gripið fram í:** Ríkissjóður borgar fjölskyldubæturnar.) Ríkissjóður borgar að vísu allar fjölskyldubæturnar, rétt er það. En hvergi sér þess stað, að fyrir þessari hækkun sé gert ráð í fjárl. Ef svo er, óska ég þess, að okkur verði bent á, hvaðan á að taka þessa peninga, hvar gert er ráð fyrir þessum útgjaldalið í fjárl. Á meðan kerfisbreyting á útborgun fjölskyldubóta hefur ekki farið fram, er það svo, að útborgun þeirra fer í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. (Gripið fram í.) Víst er það rétt, að ríkissjóður borgar þær allar. Ríkissjóður stendur undir æðimiklum hluta almannatryggginganna yfirleitt í dag. Engu að síður á Tryggingastofnun ríkisins að sinna vissum þörfum, sem henni er ætlað með lagasetningu, þ. á. m. er þetta. Það skaðar ekki, þótt ég nefni það í þessu sambandi, að stundum hefur komið til tals, að e. t. v. væri heilbrigðara fyrirkomulag á ýmsan hátt að hafa allt annan hátt á útborgun fjölskyldubóta í stað þess að láta þær ganga í gegnum kerfi almannatryggingа og valda með því þeim misskilningi, sem oft verður vart hjá fólki, að fjölskyldubætur séu hreinar og beinar tryggingabætur. Það væri mun eðlilegra að láta þær gagna í gegnum skattkerfið. Ég leyfi mér að halda því fram, að bara slík kerfisbreyting ein gæti sparað ríkissjóði stórfé. Og með því að það gæti kannske farið svo við 3. umr. fjárlaga, að ég leyfði mér að flytja einhverja till. til hækkunar, þá ætla ég að biðja hv. þm. að muna eftir því, að þarna er ein leið til sparnaðar, sem e. t. v. gæti staðið undir hugsanlegum hækkunartill. Ég veit, að ríkissjóði mun ekki af veita. Það er oft verið að ásaka stjórnarandstöðu fyrir að hrifast mjög að hvers kyns hækkunartill. og koma aldrei með sparnaðartill., en ég leyfi mér að nefna þetta atriði, um leið og ég vek athygli á þeim drengilega málflutningi, sem hv. 2. þm. Vestf. hafði hér uppi í dag, er hann gat þess, að hann vildi ekki hvetja til aukinna fjárframlaga til ýmissa framkvæmda, þótt þarfar væru, við hefðum hreinlega ekki efni á því. Og ég verð að segja það, að þau ár, sem ég fylgdist með störfum hv. Alþ. úr nokkurri fjarlægð, sýndist mér alltaf, að annað væri uppi á teningnum hjá þeirri stjórnarandstöðu, sem hér sat í þingsölum þá. Þá virtist í þeirra till., sem ekki nokkurri ríkisstj. væri vorkunn að sinna ýmsum þörfum málum, hvað svo sem þau kostuðu.

Í sambandi við útgjöld almannatryggingа, sem ekki hefði verið gert ráð fyrir á fjárl. og ég nefndi áðan, að því er varðaði fjölskyldubætur, þá hygg ég, að þarna sé um að ræða um það bil 400 millj. kr. hækkun, sem þegar er ákveðin, en kemur alls ekki fram í fjárl. Þetta varðar greiðslu fjölskyldubóta einna. Ég sé ekki betur en hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða. Og sú hækkun, sem ákveðin var á fjölskyldubótum um síðustu mánaðarmót, mun, að því er ég bezt veit, — nú tek ég fram, að ég er fjarri því að vera mjög leikin í meðferð vísitölunnar eins og margir eru eða a. m. k. flestir stjórnmálamenn þurfa mjög á að halda, ekki sízt í seinni tíð, — þá mun sú hækkun, sem gerð var á fjölskyldubótum, nema um það bil 1.1 vísitölustigi. Sé þetta ekki rétt hjá mér, þá vil ég leyfa mér að óska þess að fá upplýst, hvað hið rétta er í þessu máli, og hv. alþm. verði skýrt frá því, hvað hér hefur gerzt. Tryggingastofnun ríkisins mun ekki geta greitt þessa fjölskyldubótahækkun fyrr en eftir áramót, ekki a. m. k. skrifstofan hér í Reykjavík. Til þess var þessi breyting of seint á ferðinni. En bréf hefur verið sent til umboða úti um land um, að þeir, sem treysta sér til, geti greitt þessa hækkun strax núna fyrir des. Hún á sem sagt að gilda frá 1. nóv.

Annað atriði sýnist mér vera mjög alvarlegt í sambandi við áætluð útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins. Nú er það svo, að það leiðir af breytingu, sem gerð var á tryggingal. í fyrra, að nú verða að ligga fyrir áætlanir um kauphækkanir, væntanlegar kauphækkanir á næsta ári, til þess að tekjuáætlun Tryggingastofnunar ríkisins geti staðist, vegna þess að núna er sú lagaskylda felld á Tryggingastofnun ríkisins að hækka bætur um leið og kauphækkun verður. Þess vegna sýnist mér a. m. k. um þær kauphækkanir, sem þegar eru séðar fyrir, eins og t. d. væntanleg kauphækkun 1. marz 6% til verkalýðs og 7% til opinberra starfsmanna, þá hljóti a. m. k. að verða að gera ráð fyrir þessum hækkunum. En ég veit ekki til, að fyrir þessu sé gert ráð í áætlun fjárl. Við þetta bætast svo alls konar hækkanir aðrar, sem við hljótum að búast við, að orðið geti eftir ýmsar væntanlegar ráðstafanir, sem nú hafa mjög legið í loftinu hér í þingsölum og annars staðar. Þær hljóta einnig að leiða til stórfelldra hækkana, þannig að fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins, eins og hún er í þessu frv., hlýtur að vera mjög í lausu lofti. Hér er um svo stórfellda fjármuni að ræða, að það hlýtur að vera nauðsynlegt að leggja fyrir Alþ. einhverja útreikninga hér að lútandi. Enn fremur vil ég taka fram í þessu sambandi, að vissar hækkanir er skylt að gera eftir lögum um almannatryggingar skv. ársgömlum lögum. Þær geta leitt til þess, að þær áætlanir, sem nú liggja fyrir, verði alrangar og geti gerbreytzt eftir svo sem hálft ár og jafnvel miklu fyrr. Hvenær sem er getur ríkisstj. gripið til þess ráðs án þess að leita til tryggingaráðs og án þess að leita til Alþ. að hækka fjölskyldubætur svo mikið sem henni sýnist. En fyrir öllu þessu þarf að gera ráð í fjárlögum, að því er ég bezt veit. Ég veit ekki betur en það frv., sem við höfum hér á borðum, eigi að sýna okkur áætluð ríkisútgjöld á næsta ári.

Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á þessi atriði. Ég mun ekki fara að flytja hér neina eldhúsdagsræðu um störf ríkisstj. Það væri vafalaust allt of langt mál, og margir þm. munu verða til þess. Ég vildi aðeins benda á þessi atriði, sumpart smá og sumpart stór, sem ég tel, að þurfi nauðsynlega að athuga vegna „gleymsku, mistaka og misskilnings“.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við þessa 2. umr. fjárl., sem nú fer fram, er svo að sjá sem fáar eða nær engar brtt. muni koma fram

eða líta dagsins ljós. Hvað veldur? Er það svo, að allir hv. alþm. séu ánægðir með frv. í heild sinni eða einstaka þætti þess? Varla getur það verið. Til þess eru sjónarmið hv. alþm. allt of mörg og ólík. Hitt mun sönnu nær, að óvissan er svo mikil um ýmsa veigamikla þætti og staðreyndir, sem byggja verður á, að erfitt er að gera sér fulla grein fyrir framvindu málanna. Menn halda því að sér höndum í lengstu lög og bíða átekta, hvaða leið verður valin út úr þeim efnahagsvanda, sem nú grúfir yfir landinu.

Ég efast ekki um, að það sé erfitt fyrir stjórnarliðið að standa á slíkum krossgötum. En það er ekki heldur auðvelt fyrir einstaka þm. að gera upp hug sinn, meðan ekki er vitað, hvaða leið verður valin út úr þeim ógöngum, sem hv. stjórnarlið hefur lent í. Það er þó nokkuð ljóst nú, að margt verður skammtað úr hnefa og naumt skammtað við afgreiðslu þessara fjárl. miðað við afgreiðslu fjárl. fyrir ári, þegar nægar fyrningar voru í hlöðunni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í ríkisstjórnarsáttmálanum var kveðið svo á, að endurskoða ætti tekjuöflunarleiðir hins opinbera með það fyrir augum að dreifa skattabyrðinni réttlátlegar en gert hefur verið. Haldast átti í hendur endurskoðun skattakerfis og tryggingalöggjafar og tryggja öllum þjóðfélagsþegnum lífvænlegar lágmarkstekjur. „Tekjur, sem einungis hrökkva fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, verði ekki skattlaðar," stendur þar. Einnig átti að stefna að því að leggja niður persónuskatta, svo sem til almannatrygginga, og afla teknanna með öðrum hætti.

Það er ekki úr vegi að fara um þessi efni örfáum orðum, þar sem tekjuskattur einstaklinga er nú aftur orðinn mjög snar þáttur í tekjuöflun ríkisins, og þá ekki síður vegna hins, að öll þessi mál eiga að vera í endurskoðun um þessar mundir. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir oftar en einu sinni á síðasta þingi, ef ég man rétt, að árið 1972 yrði nokkurs konar tilraunaár á ýmsan hátt að því er varðar skatta og skyldur þegnanna við ríkið. Það hafa líka reynzt orð að sönnu. Ég man ekki eftir því, að álagning skatta til ríkisins hafi vakið jafnmikla öldu óánægju og gremju og réttlátrar reiði sums staðar og s. l. sumar, sérstaklega hjá eldra fólki, sem ekki gerir að jafnaði miklar aths. Hitt er satt, að þessi alda lækkaði til mikilla muna, þegar hæstv. ríkisstj. játaði yfirsjónir sínar og gaf út brbl. til lækkunar þessara gjalda. Það er svo enn rétt, að þrátt fyrir þessi lög voru margir, sem sáralítla leiðréttingu fengu, þrátt fyrir þá heildarmynd, sem hér hefur verið gefin í þingsölunum núna síðustu dagana af þessu máli. Auðvitað hefur margt eldra fólk miklar tekjur. Í frystihúsi einu á Vesturlandi, þar sem vinna upp undir 100 manns, sagði verkstjórinn mér, að á síðustu vertíð hefði hann ekki fengið nema eins og 15—18 manns til að vinna næturvinnu, þó að mikið lægi við, þó að mikil verðmæti væru í veði. Þetta væri alltaf sami hópurinn, sömu, gömlu mennirnir, sama gamla fólkið, sem ekki þekkti annað en vinnu og aftur vinnu, sérstaklega þegar mikið lægi við. Flestir aðrir væru farnir að velta því fyrir sér, að aukin yfirvinna þýddi jafnframt aukna skatta og það til mikilla muna, og reikna það dæmi með hliðsjón af eigin hag.

Hæstv. ríkisstj. hefur mikið stært sig af afnámi nefskatta. Satt er það, að gott, nauðsynlegt og þægilegt er að losna við ýmis slík gjöld, t. d. námsbókagjaldið, sem ekki svaraði orðið kostnaði að innheimta. Mun meiri vafi sýnist mér vera t. d. um almannatryggingaiðgjaldið, sem nú er að vísu afnumið. Ég ætla að leyfa mér að fara um það aðeins örfáum orðum.

Iðgjöld voru greidd af fólki á aldrinum 16—67 ára, sem lögheimili átti í landinu. Undanþegnir gjaldskyldu voru ýmsir, t. d. sjúklingar, tekjulágir bótaþegar, og aldrei skyldi iðgjald lagt á þann, sem ekki hafði aðrar tekjur en bætur samkv. almannatryggingalögum. Það var vanaviðkvæðið, þegar rætt var um þessi mál af hálfu valdhafa, t. d. á síðasta þingi, að útgjöld tryggginga væru orðin svo há, að hækka yrði iðgjaldið eftir því, t. d. með þreföldun þeirrar fjárhæðar eða eitthvað þar um bil, er síðast gilti, jafnvel meira, en þá var jafnan miðað við ákvæði 23. gr. tryggingalaga óbreytt, að því er virtist, þ. e. að útgjöld lífeyristryggginga skyldu borin uppi af ríkissjóði, hinum tryggð, sveitarsjóðum og atvinnurekendum í þeim hlutföllum, sem þar var skráð. Þetta var þó að vissu leyti blekking. Ekkert er eðlilegra og sjálfsagðara en ríkissjóður taki vaxandi þátt í fjármögnun tryggingakerfisins, þegar því vex fiskur um hrygg og það hefur þróazt að því marki, sem nú er orðið. Ég held samt sem áður, að allir fullhraustir þjóðfélagsþegnar hafi á mjög margan hátt gott af því að greiða einn hóflegan nefskatt eða hóflegt iðgjald til tryggginga. Hingað til hefur almannatryggingakerfið íslenzka byggzt á tveimur höfuðsjónarmiðum, að ég held, tveimur meginstefnum í almannatryggingamálum, raunar tvenns konar tryggingakerfi: Annars vegar kerfi, sem byggist á tryggingasjónarmiði, þar sem iðgjaldagreiðslur hinna tryggðu skapa réttinn til bóta ásamt fleiri skilyrðum. Hins vegar kerfi, sem byggist að mestu leyti á framfærslusjónarmiðinu, þar sem þörf hinna tryggðu vegur mest. Reglum um iðgjaldagreiðslur mátti á hinn bóginn breyta á ýmsan veg, t. d. þannig, að fólk þyrfti ekki að byrja að greiða iðgjöld fyrr en t. d. 18—20 ára, með tilliti til fólks, sem er að kosta sig í skóla. En þetta eru sjálfsagt taldar hugleiðingar, sem tilheyra liðinni tíð, þannig að ekki er vert að fara lengra út í þær á þessu stigi málsins.

Um vinnutímastyttinguna hefur nokkuð verið rætt í þessum umr. í dag og þau lúmsku áhrif, sem hún virðist hafa til hækkunar á ýmsum sviðum og hefur án efa í raun. Þar eru þó ekki nærri öll kurl komin enn til grafar, en mér segir svo hugur um, að enn um stund a. m. k. verði íslenzk þjóð að hafa það mark og mið að leggja heldur meira á sig, sætta sig við að vinna örlítið lengri vinnudag en þær þjóðir, sem lengst eru komnar og við bezt skilyrði búa. En látum ekki fleiri orð falla um þetta efni að sinni.

Hin mikla hækkun fjárl., þar sem vist má telja, að útgjöld tvöfaldist nú frá afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1971, er sannarlega uppvænleg. Ofþenslan og verðbólgan er slík, að með algerum eindæmum má telja, a. m. k. á friðartímum, eins og bent er á í nál. 1. minni hl. fjvn. Nei, þetta

eru vissulega uggvekjandi staðreyndir, þegar þess er gætt, að baráttan fyrir efnalegu sjálfstæði er einn meginþáttur ævarandi sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Um frv. þetta mætti að sjálfsögðu margt fleira segja, bæði almennt og eins ræða sérstaka þætti þess, svo sem gjaldahliðina og einstakar greinar hennar og gjaldaliði, og svo sannarlega mætti minnast á mörg mál, sem snúa að mínu kjördæmi, en það læt ég bíða. Í gjaldahlið þessa frv. eru vissulega mörg mál, sem eru áhugaverð og mikil þörf er að styrkja og styðja við með fjárframlögum. Það hefur verið bent á í þessum umr., að launuðu starfsfólki á vegum hins opinbera hafi fjölgað ískyggilega mikið, frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Tæmandi upplýsingar eru þó ekki handbærar í þessu efni. Sjálfsagt er að gæta ítrustu sparsemi og hófs á þessu sviði. En hitt liggur þó í augum uppi, að ógerningur er að neita „kategóriskt" um fjölgun starfsmanna á vegum ríkisins hvar og hvernig sem á stendur. Ég tel t. d. útilokað fyrir hæstv. stjórnarvöld að leggjast gegn sérhverri fjölgun lögreglumanna, enda þótt kostnaður af löggæzlu falli með fullum þunga á ríkissjóð á þessu ári. Vænti ég, að fjárveitingavaldið endurskoði afstöðu sína að þessu leyti, enda þótt ég viðurkenni fyllilega, að fullrar aðgæzlu sé þörf í þessu efni sem öðrum.

Um alla þá mörgu valkosti, sem nú virðast vera fyrir hendi, mun ég ekki ræða að þessu sinni né heldur aðra fleiri þætti þessa fjárlagafrv., þar sem svo margt er á huldu og framtíðin óljós og ótrygg.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta til fjárl. fyrir árið 1973 liggur hér fyrir við 2. umr. við nokkuð sérstakar aðstæður. Það er vitað mál, að fram undan eru efnahagsaðgerðir, sem enginn veit á þessu stigi, hverjar verða, og þeim hlýtur að fylgja, að gera verður stórkostlegar breytingar bæði á tekjuhlið og gjaldahlið þessa frv. Það er því rökrétt, sem fram kom hjá formanni Sjálfstfl. í upphafi fundar fyrr í dag, að ástæða væri til að fresta þessari umr. Þó að ekki hafi verið orðið við þeirri kröfu, lít ég svo á, að ef það er ætlun núv. stjórnarliða að keyra frv. í gegn við 3. umr., áður en nokkuð kemur fram um, hvaða leiðir ríkisstj. hyggst fara í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum, séu það óforsvaranleg vinnubrögð.

Með þessu frv. er og náð sérstökum áfanga. Sérstakur kapítuli er hafinn í fjármálum ríkisins. Eins og nú er komið, hefur frv. til fjárl. fyrir næsta ár náð því, að gjaldahlið þess er um 20 milljarðar kr. Ég vil leyfa mér hér á þessum stað að óska núv. hæstv. fjmrh. til hamningju með þennan áfanga. Ég vænti þess, að bæði hv. þm. og landslýður allur veiti þessu athygli og beri saman við það, sem þessi hæstv. ráðh. hefur sagt fyrr á árum í sambandi við ríkisfjármál. Það er haft eftir núv. hæstv. fjmrh., að fjárlög hverju sinni birti spegilmynd stjórnarstefnu. Það verður ekki sagt að þessu sinni. Það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, birtir alls ekki mynd neinnar stefnu. Sú mynd, sem þar birtist, er mynd óstjórnar, verðbólgu og ráðleysis í gerðum núv. ríkisstj. Þessi staðhæfing mín hefur verið rökstudd hér af ýmsum ræðumönnum, sem talað hafa fyrr í dag. Ég tel þó ástæðu til að láta enn nokkur orð fylgja þessari staðhæfingu.

Þann tíma, sem liðinn er síðan núv. ríkisstj. kom til valda, eða um það bil eitt og hálft ár, hefur ríkt einstakt góðæri í landinu. Gildir þar einu, hvort litið er til sveita eða að sjávarsíðunni. Bændur höfðu á s. l. hausti aflað meiri heyja og fengið meiri uppskeru en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Við sjávarsíðuna hefur yfirleitt verið góður afli, þó að nokkuð hafi brugðið út af með einstakar fisktegundir. Eftir því sem birtist í skýrslum Framkvæmdastofnunar ríkisins, er meiri afli á þessu ári til ágústloka en á fyrra ári, svo að nemur 66 þús. tonnum. Það er því út í hött, þegar hæstv. ráðh. og stjórnarliðar eru að tala um, að á þessu ári hafi orðið aflabrestur, enda þótt þorskafli hafi nokkuð dregizt saman.

Ríkisstj. tók í upphafi við miklum fyrningum. Hún fór að í sambandi við þessar fyrningar líkast útigangspeningi, sem sleppt er í heystakk. Hún dreifði fé á báðar hendur úr ríkissjóði og öðrum opinberum sjóðum, svo að nam nærfellt 1 milljarði kr., þar af 650 millj. umfram fjárlög á síðustu mánuðum fyrra árs. Málefnasamningurinn bauð upp á loforð, sem birtu landslýðnum, að nálega hvaða gæði sem vera skyldu væru nú til reiðu og ástand þjóðarbúsins væri með þeim hætti, að það væri hægt að dreifa þessum gæðum eins og hver vildi hafa um alla landsbyggðina. Þessar fyrstu athafnir hæstv. ríkisstj. lögðu grundvöllinn að þeirri verðbólguþróun, sem hátt hefur risið síðan og hefur að meginefni skapað þann vanda, sem nú er við að fást í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ofan á þetta gerðist, eins og rakið hefur verið, að fjárlög voru hækkuð á síðasta ári um nærfellt 50%, og útlit er fyrir, að á þessu ári verði hækkunin 100%, ef saman eru lögð tvö fyrstu fjárlagaár þessarar ríkisstj. Með þessum aðgerðum er ekki einasta verið að magna þau áhrif, sem sprettta af þessari miklu útbreiðslu fjármagnsins, þessu mikla bruðli á fjármagni þjóðarinnar. Þetta hefur haft þau sálrænu áhrif á þjóðina, að allir sjá, sem eitthvert skyn bera á fjármál, að þetta stefnir til ófarnaðar, og það hefur enn þau áhrif í för með sér, að hver og einn keppist við að fjárfesta, keppist við að kaupa hvaða hluti sem er til þess að festa það fé, sem þeir hafa handa á milli. Þeir keppast við að ná, sem mestu fjármagni út úr lánsfjárstofnunum þjóðarinnar til þess að koma því í fasteignir. Það er því ekki blöðum um það að fletta, að aðgerðir þessarar ríkisstj. í fjármálum á hennar fyrstu dögum hafa leitt yfir þjóðina þá verðbólguholskeflu, sem síðan hefur risið. Sá vandi, sem nú er við að fást, er því bein afleiðing af gerðum þessarar ríkisstj. Hann er heimatilbúinn vandi.

Það hefur hér mikið verið rætt um skattamál, og skal ég ekki fara út í þau efni. En það er ljóst mál, að engan þarf að undra, þegar svo er staðið að meðferð ríkisfjármála, að þá þurfi einhvers staðar að afla tekna til ríkissjóðs, enda urðu landsmenn við það varir á síðasta sumri, að þyngri skattar voru lagðir á þjóðina og lengra seilzt á ýmsum sviðum en nokkru sinni fyrr.

Má þó vera, að ég verði að gera hér eina undantekningu á, ef trúa má orðum hv. 3. þm. Norðurl. v., þegar hann sagði, að skattar í tíð hæstv. forseta Sþ., Eysteins Jónssonar, hafi numið allt upp í 90% af nettótekjum. En hann man þetta ábyggilega betur en ég. Ég þori ekki að fullyrða þetta. Um skattamálin að öðru leyti skal ég ekki fara fleiri orðum.

Þrátt fyrir þessa háu skatta er nú gert ráð fyrir því, að tekjuhalli verði á ríkissjóði. Við vitum allir, að yfirdráttarskuldir ríkissjóðs á þessu ári hafa verið hærri en nokkru sinni fyrr, og munar meira en helmingi, þegar þær komust hæst, að ég hygg í júlí eða ágústmánuði. Samfara þessu hafa viðskipti við útlönd verið með þeim hætti, að innflutningur hefur verið langt umfram verðmæti útflutningsins og meiri skuldir safnazt erlendis en nokkru sinni hefur gerzt. Þó að hæstv. fjmrh. reyndi í dag að mótmæla því, að halli væri í utanríkisviðskiptum, hefur það þegar verið rakið og þarf ekki að lesa fleira upp úr gögnum þeim, sem stofnanir hæstv. ríkisstj. dreifa, þ. á m. Framkvæmdastofnun ríkisins, en þau gögn hafa allir hv. alþm. í höndum. Gjaldeyrisstöðunni hefur þrátt fyrir þennan mikla greiðsluhalla við útlönd verið haldið uppi með lántökum erlendis, og eru erlendar lántökur nú komnar upp í 16 milljarða, 16 þús. millj. kr., ef miðað er við föst lán, og talið er, þó að ég hafi ekki séð um það ábyggilegar heimildir, að lausaskuldir við útlönd séu álíka miklar. (**Fjmrh.:** Þetta getur þm. ekki meint.) Hæstv. ráðh. segir, að ég geti ekki meint þetta. Ég fullyrti þetta ekki, en ég hef heyrt þetta hjá mönnum, sem ég trúi allvel. En ég læt það fylgja með, að einhvern tíma hefðu hv. talsmenn Framsfl., bæði hæstv. fjmrh. og aðrir flokksmenn hans talið, að með þessu væri verið að leggja það, sem þeir kölluðu drápsklyfjar, á þjóðina.

Einu sinni stóð ungur talsmaður Framsfl. hér í þessum ræðustól, þegar erfiðleikar sóttu að í þjóðfélaginu og orðið hafði að taka nokkur lán erlendis. Hann gagnrýndi þær ráðstafanir með því, að það væri verið að leggja drápsklyfjar á þjóðina, ekki einasta núlifandi fólk, heldur og afkomendur þess um alla framtíð. Ég hef ekki orðið þess var, að þessi ágæti talsmaður Framsfl., sem nú er ritstjóri Tímans, tali nú mikið um þessi efni í málgagni Framsfl.

Þannig er ástandið í stórum dráttum, og hygg ég, að ég hafi leitt nóg vitni til sönnunar þeirri fullyrðingu minni, að sú spegilmynd, sem birtist í þessu fjárlagafrv., sé mynd óstjórnar, verðbólgu og ráðleysis. Hvarvetna blasir við fjárvöntun. Það blasa við uppsprengd fjárlög, óeðlilegar lántökur og ráðleysi núv. ríkisstj. í sambandi við þau úrræði, sem hún hlýtur að verða að beita gagnvart efnahagsvanda þjóðarinnar, sem nú er við að glíma. Hæstv. fjmrh. minntist hér í dag á veizluna, sem núv. ríkisstj. bauð landslýðnum til í upphafi síns ferils. Ég lít svo á, að landbúnaðurinn og bændastéttin hafi ekki notið mikils af þessum veizlukostum. Ég ætla að visu ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði, en ég vil leyfa mér að bera saman útgjöld ríkisins til landbúnaðarmála á síðasta fjárlagaári viðreisnarstjórnarinnar, fjárl. 1971, og það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir. Ef tekin eru útgjöld þau, sem fara í gegnum hendur landbrn., þá var hlutdeild þeirra gjalda í heildarútgjöldum fjárl. árið 1971 6.1%. Samkv. því frv., sem nú liggur fyrir, eru útgjöld til sömu þátta 4.9% og hafa því lækkað hlutfallslega, miðað við heildarútgjöld ríkisins, um um það bil fimmta part. Vissa er fyrir því, að þegar þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu, hefur hlutfallið raskazt enn verulega landbúnaðinum í óhag.

Hv. talsmenn Framsfl. og hæstv. fjmrh. og landbrh. hafa löngum talið sig vera sérstaka málsvara landbúnaðarins, og það var titt í tíð fyrri ríkisstj., að þessir menn gerðu harða hríð að fyrrv. landbrh. fyrir það, hvað hann stæði illa á verði fyrir landbúnaðinn. Ég hygg, að þeim hefði verið sæmra að hafa um þetta færri orð. Svo kann að fara, að bændastéttin komist að raun um, að það voru ekki umskipti til hins betra, þegar núv. landbrh. tók við. Sumir álitu, að það yrði bændastéttinni hagstætt, að landbrh. væri jafnframt fjmrh. Ég var ekki í þeim hópi, sem gerði ráð fyrir því, að þetta væri hagkvæmt skipulag, og það mun koma í ljós eftir því sem meir kreppir að í fjármálum ríkisins, þá er mikil hætta á því, ef þessi hæstv. ráðh. tekur sig ekki verulega á landbúnaðinum til hagsbóta, að þetta hlutfall fari versnandi.

Í þessu frv. er ekki að finna neitt um það, hvað hugsað er fyrir því, ef verða kynnu hækkanir á landbúnaðarvörum á næsta ári. Þess er kannske heldur að vænta, vegna þess að þar er ekki að finna áætlanir um nokkurn skapaðan hlut, er varðar verðlagsbreytingar, kaupgjaldsbreytingar, sem þó eru ákveðnar samkv. kjarasamningum á næsta ári. En ég vil minna á það, að þegar ríkisstj. setti brbl. á síðasta hausti um tímabundnar efnahagsráðstafanir, var slegið á frest gerð nýs verðlagsgrundvallar fyrir landbúnaðarvörur. Þessi frestur var veittur til áramóta, og þess er að vænta, að við það verði staðið, að þessi grundvöllur verði þá tekinn til endurskoðunar og nýr grundvöllur taki gildi. Sá grundvöllur, sem enn er í gildi, er tveggja ára gamall. Það er vitað, að magntölur allar eru úreltar og þá ekki sizt þær magntölur, er snerta höfuðútgjöld búanna, — þar á ég við kjarnfóður og áburð, — og enn fremur hitt, að fjármagnskostnaður, sem bændum er reiknaður í verðgrundvellinum, er gersamlega úreltur, og nægir þar að minna á eitt atriði. Við gildistöku hins nýja fasteignamats varð stórkostleg hækkun á mati á öllum fasteignum bænda, og gefur auga leið, að fjármagnskostnaður stórhækkar við það, að mat fasteigna hækkar þannig stórkostlega. Þarna eru þess vegna liðir, a. m. k. fjármagnsliðurinn, sem hljóta, ef einhverrar sanngirni er gætt, að koma til hækkunar á verðlagsgrundvellinum. Það eru því ýmsir liðir, sem án efa eiga eftir að koma inn í myndina, áður en fjárlög fyrir næsta ár eru afgreidd, ef á að afgreiða þau án þess, að allt sé í óvissu. En ef á að afgreiða þau með þeim hætti, að botninn sé upp í Borgarfirði og þau opin í báða enda, þá er auðvitað ekki þess að vænta, að þessir liðir séu teknir inn, enda eru þá fjárl. marklaus, eins og sagt hefur verið hér fyrr af ræðumönnum.

Ég vil minnast á það hér, að fyrir nokkru flutti ég till. til þál. um breytingar á greiðslu

jarðræktarframlaga, og leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh. og landbrh., hvort það sé ætlunin, um leið og þau framlög til jarðræktar, sem áður voru greidd út af Landnámi ríkisins, en voru með lögum á síðasta Alþ. felld inn í jarðræktarl. og skyldu greidd út af Búnaðarfélagi Íslands, — hvort ætlunin sé að stíga með þessu skref til baka bændum til óhagræðis og framlögin, sem áður voru greidd út á framkvæmdaári, greiðast út ári síðar en framkvæmdir eru unnar. Það væri ágætt að fá þetta fram við þessa umr., því að þarna er um atriði að ræða, sem ekki einasta snertir fjárhag hvers einasta bónda í landinu, heldur hefur einnig mikla þýðingu í sambandi við fjárhag og rekstur ræktunarsambandanna, en þau munu mörg eiga við slíkan fjárhag að búa, að þeim veiti ekki af, að haldið sé í horfinu, fremur en skrefin séu stigin til baka.

Hina miklu útþenslu ríkiskerfisins, sem átt hefur sér stað í tíð núv. ríkisstj., hefur borið á góma í þessum umr., svo sem vænta mátti. Hæstv. fjmrh. flutti sínar skýringar við þetta efni, og skal ég ekki fara að orðlengja það, sem um það hefur verið rætt, hvorki um tölu nýrra ríkisstarfsmanna, sem fastráðnir hafa verið, né heldur hinna, sem eru lausráðnir. En eins og kom fram í þessum umr., er tala fastráðinna ríkisstarfsmanna nú 585 manns fleiri en var fyrir ári. En ég get ekki stillt mig um að minnast á í þessu sambandi, að á síðasta Alþ., þegar núv. hæstv. ríkisstj. hafði setið að völdum í 7—8 mánuði, tók það hæstv. forsrh. 45 mín. hér í þessum ræðustól að telja upp nýjar nefndir og nýja starfsmenn, sem ríkisstj. hafði ráðið á vegum ríkisins. Þetta hlýtur að gefa nokkra vísbendingu um það, að útþensla ríkiskerfisins sé nú þrátt fyrir allt meiri en hæstv. fjmrh. vildi vera láta hér í dag. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, að þessi sami hæstv. forsrh., sem því miður er hér ekki viðstaddur, hafði sérstakan kafla um það í flestum sínum framboðsræðum í mínu kjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar að úthrópa það, sem hann kallaði lúxusflakk, nefndafargan, ríkisbákn á vegum fyrrv. ríkisstj. Hér er enn eitt dæmi um það, að þeir menn, sem nú eru komnir í valdastólana og hafa gagnrýnt ýmislegt það, sem þeir hafa talið miður fara í tíð fyrrv. ríkisstj., hafa í flestum greinum farið langt fram úr því, sem þeir sökuðu aðra um. Er þar enn eitt dæmi um það ráðleysi, sem núv. ríkisstj. sýnir varðandi fjármál ríkisins og málefni þjóðarinnar í heild.

Það liggur ljóst fyrir, að við þessa umr. verða ekki fluttar neinar brtt. frá einstökum þm., a. m. k. hafa þær ekki komið fram enn þá. Ég lít svo á, að svo kunni að fara, að ekki verði unnt að komast hjá því að flytja nokkrar brtt. við 3. umr., ef ekki verður gerð breyting á frv. sjálfu í ýmsum greinum, og þá einnig í sambandi við skiptingu þess framkvæmdafjár, sem þegar liggja till. fyrir um frá hv. fjvn. Ég vil hér aðeins drepa á tvö eða þrjú atriði og vænti þess, að það, sem ég ætla að ræða um, sé fremur í því horfi, sem raun ber vitni, vegna mistaka, en að það hafi verið ætlan þeirra manna, sem um þetta fjölluðu í hv. fjvn. Enda er það svo, að það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á Alþ., á engan fulltrúa í þessari hv. n.

Það kom fram hér í dag, að hæstv. ríkisstj. hefur á yfirstandandi ári skorið niður framlög ríkisins til heilbrigðismála um 71 millj. kr. Nú hefur það verið svo í tíð þessarar ríkisstj., að hæstv. heilbmrh. hefur ekki látið nokkurt tækifæri ónotað til þess að básúna þau miklu verk, sem að væri unnið á sviði heilbrigðismála. Það má ekki koma fram fsp. um einstaka þætti þessara mála, svo að þessi hæstv. ráðh. taki sig ekki til og flytji langan lestur um það, sem hann sé með á prjónunum til úrbóta í læknamálum strjálbýlisins og í heilbrigðismálum yfirleitt, og nægir að vitna til ræðu hæstv. ráðh. nú fyrir fáum dögum. Þetta fer ekki beinlínis saman við það, að svo skuli þessi hæstv. ráðh. standa að því að skera þessi framlög niður á síðasta ári um 71 millj. kr. En ég vil láta þess enn getið hér í sambandi við læknamál strjálbýlis og þann vanda, sem þar er við að etja, en hann er einn alvarlegasti félagslegi vandi strjálbýlisins, að það er einmitt fjármagn til framkvæmda, þ. e. uppbygging heilsugæzlustöðvanna og sköpun viðunandi aðstöðu fyrir lækna og starfsfólk sjúkrahúsanna, sem gerir okkur helzt kleift að halda starfsfólki við þessa lífsnauðsynlegu þjónustu, en missa ekki alla lækna og hjúkrunarfólk fyrst til aðalþéttbýlisins og jafnvel til annarra landa.

Ég get ekki látið hjá líða hér við þessa umr. að vekja athygli á því, hvernig eitt kjördæmi landsins hefur verið gersamlega afskipt í sambandi við þær till., sem hér hafa birzt frá hv. fjvn. Eins og ég sagði, vænti ég, að hér sé um mistök að ræða og að hv. fjvn. og hv. meiri hl. hér á Alþ. sjái sér fært að ráða þarna nokkra bót á. Eftir þeim till., sem fyrir liggja, er ætlunin að verja 2 millj. 940 þús. kr. til heilbrigðismála í Norðurl. v. Ef litið er til nágrannakjördæma, og ég tek það fram, að allur slíkur samanburður er mér næsta ógeðfelldur, en ekki verður hjá því komizt að gera þarna nokkurn samanburð til þess að greina þann mun, sem þarna kemur fram, þá er ætlað að verja til Vesturlandskjördæmis 30 millj. 530 þús., Vestfjarða 29 millj. 450 þús. kr., til Norðurl. e. 16 millj. 800 þús. kr., til Austfjarða 21 millj. 87 þús. kr. og til Suðurlandskjördæmis 36 millj. 250 þús. kr. En þetta eru, að ég kalla strjálbýliskjördæmi landsins, og skil ég þá eftir Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Það kemur sem sé í ljós, að í flestum kjördæmum er um það bil 10 sinnum meira fjármagn ætlað til framkvæmda í heilbrigðismálum en í Norðurl. v. Ég hlýt að segja það hér, að þetta er algerlega óviðunandi niðurstaða, og eins og ég hef þegar tekið fram, vænti ég, að hér sé a. m. k. að einhverju leyti um mistök að ræða, sem hv. fjvn. sér sér fært að leiðrétta með velvilja, áður en 3. umr. fer fram.

Það má vitaskuld nefna fleiri framkvæmdaþætti, og er þá skýrast að benda á hafnir og fjárframlög til hafnaframkvæmda. Það er gert ráð fyrir því, að fjárframlög til hafna í Norðurl. v. verði á næsta ári 7 millj. 250 þús. kr. Ef aðeins er litið til þeirra kjördæma, sem eru sitt hvorum megin við þetta kjördæmi, þá er

gert ráð fyrir tæplega 56 millj. kr. til hafna á Vestfjörðum og í Norðurlandi eystra rúmlega 43 millj. kr. Hafnir eru, eins og öllum alþm. er kunnugt, lífæðar þeirra byggðarlaga, sem byggja á sjósókn og flutningum á sjó.

Það er varla einleikið, að unnt skuli vera að benda á, eftir að till. hv. fjvn. kom fram, að eitt kjördæmi landsins sé svo gjörsamlega afskipt eins og fram hefur komið í því, sem ég hef bent á varðandi heilbrigðismál og þennan þátt samgöngumála. Það getur jafnvel hvarflað að manni, að formenn tveggja stærstu stjórnarflokkanna, sem eru þm. þessa kjördæmis, hafi beitt áhrifum sínum til þess, að framlög til þessa kjördæmis yrðu svo skorin niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja að fleiri einstökum liðum í sambandi við þetta frv. á þessu stigi. Það er ljóst, að eftir er að afgr. fjölmörg erindi hjá hv. fjvn., og svo er stóra málið eftir, — stóra málið, sem er: hvaða leið velur núv. hæstv. ríkisstj. til úrbóta í þeim ógöngum, sem fjármál ríkisins og efnahagskerfi þjóðarinnar eru komin í.

Eins og ég hef þegar tekið fram, er það óviðunandi niðurstaða, ef á að afgr. fjárl. nú fyrir jól, án þess að það sé komið fram, hvaða leiðir hæstv. ríkisstj. ætlar að fara í þessum efnum, og gerð sé grein fyrir því, hvernig þær leiðir verka á gjaldabálk og tekjuhlið fjárl. Þessi atriði hafa að vísu glögglega verið rakin af fyrri ræðumönnum hér í dag, og ég mun þess vegna ekki fara út í þau, en eins og þetta horfir við nú, er ljóst, að fjárlagafrv. er botnlaust og fjármál ríkisins í þeim ólestri, að efnahagsástandið er fyrir tilverknað núv. stjórnarherra komið í það ófremdarástand, sem við blasir. Ef skynsamlega hefði verið á málum haldið og varlega farið í sakir af þessari ríkisstj., væri ekki við þá erfiðleika að etja, sem raun ber vitni í dag. Þessi ríkisstj. fékk e. t. v. betra tækifæri í hendur en nokkur önnur ríkisstj. hefur fengið á þessu landi. Hún tók við blómlegu búi og hafði færi á því að halda svo á málum, að unnt hefði verið að sigla áfram þjóðarskútunni, án þess að þyrfti að steyta á skeri á næstu árum. Hún sigldi ekki með þetta sjónarmið fyrir augum. Hún fór ekki að í samræmi við það, sem var yfirlýst stefna Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, sem var að varðveita efnahagsbata síðustu ára eftir áföllin 1967—1968 og auka kaupmátt launa til samræmis við það, sem greiðslugeta atvinnuveganna leyfði. Þessi ríkisstj. fór ekki eftir þessum markmiðum. Hún dreifði fé á báðar hendur, og einn hæstv. ráðh. lét þau orð falla í sambandi við þá samninga, sem gerðir voru á síðasta hausti milli aðila vinnumarkaðarins, að atvinnurekendur yrðu að stökkva, það yrði að ráðast, hvort þeir næðu til lands. Það er ljóst nú, að atvinnuvegir þjóðarinnar eru á sundi. Þeir ná ekki til lands, nema sérstakar aðgerðir ríkisvaldsins komi til og eru þær aðgerðir raunar þegar hafnar í sjávarútveginum með uppbótakerfi.

Ég vil skiljast við þetta mál með því að láta í ljós, að ein meginorsök að öllu þessu og kannske stærstu mistök, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er, að hún skyldi lögfesta á síðasta Alþ. styttingu vinnuvikunnar. Ég átti ekki sæti á Alþ., þegar þessi löggjöf var afgr. úr þessari hv. d., en ég get látið það koma fram, að ég álít, að þetta hafi verið ein mestu mistök, sem ríkisstj. hefur gert. Ég var þessu frv. þá mjög andvígur og hefði greitt atkv. gegn því. Ég álít, að það þurfi ekki mörgum orðum að styðja þessa skoðun mína. Ég álít, að heilbrigð skynsemi segi hverjum sem er, bæði hv. alþm. og öðrum, að íslenzkir atvinnuvegir eru ekki svo í stakk búnir og voru ekki einu sinni þá, að þeir geti búið við það að greiða verkamönnum og öðrum launþegum fullnægjandi laun fyrir skemmri vinnutíma hér á Íslandi en gerist í nokkru nágrannalandi okkar. Sum þessara nágrannalanda okkar eru þó þróaðar iðnaðarþjóðir, og það er alkunna, að við slíkar þjóðfélagsaðstæður er auðveldara að komast af með stuttan vinnutíma, vegna þess að tæknin hefur þróazt á hærra stig en gerist við þá atvinnuhætti, sem hjá okkur ríkja. Það er enda svo, að í undirstöðuatvinnugreinum okkar, frumframleiðslunni, sjávarútvegi og landbúnaði, verður þessum vinnutíma ekki við komið. Það hefur enn þau áhrif, að fólk vill ógjarnan hverfa til þessara starfa. Það forðast undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar og leitar til þjónustugreina, þar sem það getur notið þessa stutta vinnutíma. Það má telja marga annmarka á þessari löggjöf, sem auk þess var brot á þeirri hefð, að til þess tíma hafði ekki verið sett löggjöf um vinnutíma á Íslandi, heldur hafði það efni jafnan verið útkljáð í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Ég lít svo á, að þetta atriði eigi eftir að draga á eftir sér langan slóða vandræða í okkar þjóðfélagi, og þótt ekkert annað hefði komið til, hefði það vissulega leitt af sér erfiðleika. En þegar ofan á bætist öll sú óráðsía og rangar aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. í fjármálum, þá er ekki von, að vel fari. Þá er ekki von, að sú mynd, sem við blasir, sé fögur, að það sé björt sól, sem skín yfir hæstv. ráðh. í dag. Sú sól skein vissulega glatt, sem þeir áttu yfir höfði sér, þegar þeir tóku við völdum, en það virðist svo sem geislar hennar nái ekki til ráðh. um þessar mundir.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég get ekki tekið undir heillaóskir samflokksmanns míns, hv. 5. þm. Norðurl. v., þar sem hann var í ræðu sinni áðan að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með þau spor, sem hann stæði í, þann árangur, sem náðst hefði í málefnum þjóðarinnar, og það stig, sem frv. það, sem hér er til umr., er á. Af hinni stuttu viðkynningu, sem ég hef af hæstv. ráðh., kemur hann mér fyrir sjónir sem valinkunnur sæmdarmaður, sem ég hygg, að muni hafa miklar áhyggjur af því, hvernig málum er nú komið. Ég vildi þá frekar nota þetta tækifæri til að votta honum samúð mína með þá erfiðleika, sem hann stendur í nú. Það er sannarlega ekki gott að standa í þeim sporum að vera ábyrgðarmaður að fjárlagafrv., sem ber með sér, að útgjöldin hafi tvöfaldazt eða því sem næst á tveimur árum og að við 2. umr. vanti hundruð millj. kr., ef ekki milljarða kr., til að ná endum saman,

hafa engin ráð og vita ekkert, hvað er framundan og hvernig þessi málefni á að leysa. Svona standa þessi mál hjá flokkunum, sem töldu sig öllum öðrum fremur undir það búna og höfðu það að aðalleiðarljósi sínu að bæta stjórnarfarið í landinu.

Ég verð að segja það, að þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. fjmrh., fannst mér ég einhvern veginn ekki geta tekið mikið undir það, þegar hann var að afsaka sig eða telja sér til málsbóta þau tilvik, sem voru gerð í fjárl. á tímum viðreisnarinnar, sem hann átaldi svo mjög. Mér fannst málflutningur hans á þeim tíma þess efnis, að hann gæfi fyllilega til kynna, að slíkar leiðir mundi hann ekki velja, þegar að því kæmi, að hann þyrfti að standa fyrir slíku máli. Hafandi til stuðnings hið mikla kerfi, sem núv. stj. stofnaði til, Framkvæmdastofnunina, sem átti að hjálpa og undirbúa allt svo haglega, þá hefðu venjulegir menn búizt við, að staðan væri mun betri og öll framkvæmd mála réttari en raun er á. Satt betzt að segja fannst mér einhvern veginn undir ræðu hæstv. fjmrh., að ofarlega í huga mínum væri stef, gamla viðlagið úr sálmi hans Hallgríms blessaða: „Það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann."

Ég hef ekki í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, aðstöðu til þess að fara út í einstaka liði þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir hendi. En það, sem mig langaði til að staldra örlítið við, eru þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram í umr. um aukningu starfsmannakerfisins. Það hefur komið fram, að opinber starfsmannafjöldi hefur á rúmu ári aukizt um tæp 600 manns. Stöðu minni er þannig háttað, þar sem ég er forstöðumaður peningastofnunar úti á landi, að ég þarf að hafa mikil samskipti við stofanir hér í Reykjavík. Ég verð að segja það eins og er, og ég efast ekki um, að ég tala fyrir munn ótalmargra annarra, að vöxtur miðstjórnarkerfisins, sérstaklega hér í Reykjavík, er að verða eins og eitthvert frumskógamyrkviði, sem alltaf verður erfiðara og erfiðara með hverju árinu að komast í gegnum. Erindi manna hér í Reykjavík taka alltaf lengri og lengri tíma, og það er alltaf að verða einhvern veginn erfiðara og erfiðara að koma málunum í gegn. Eyðublöðunum, valdi númeranna, fer alltaf fjölgandi og kannske er þó eitt áhald, sem er að verða valdamest í öllu kerfinu, það er vald stimpilsins. Ég hef komizt í þá aðstöðu, að það munaði minnstu, að gæti ekki fengið nauðsynlega afgreiðslu mála minna, fyrr en ég gat komið því á hreint, að Jón G. Sólnes væri sama og 5188—3012. Þá fyrst var kerfinu fullnægt. Það erfiðasta fyrir okkur úti á landsbyggðinni er ekki að ná ákvörðunarvaldinu frá þeim, sem ákvörðunarvaldið hefur, þeim æðsta. Það eru milliliðirnir, hringrásin, að komast í gegnum allt kerfið, þangað til málefnið getur fengið afgreiðslu. Það er eins og borðin séu óteljandi í kerfi hins opinbera, sem erindið þarf einhverra hluta vegna að stöðvast á, ekki beinlínis af því að það hafi nein áhrif á framkvæmd málsins, heldur er þarna einhver persóna, stimpilhaldari eða eyðublaðabirgðavörður, sem þarf nauðsynlega að fá þetta erindi inn á borðið sitt, og ef það fer ekki inn á það borð, þá nær erindið ekki fram að ganga.

Það er ekki ætlun mín að fara að kenna núv. hæstv. ríkisstj. um allt það, sem miður hefur farið og miður fer í þessu mikla myrkviði, en að ég geri þetta að umtalsefni, af því að það er sannarlega tími kominn fyrir hæstv. ríkisstj. og hv. ráðamenn þjóðarinnar að taka þessi mál til gagngerðar athugunar og endurskoðunar og varanlegra endurbóta, því að núverandi ástand er hreint og beint ógnvekjandi.

Mig langar til þess, hv. alþm., að gefa ykkur smálýsingu á því, hvernig eitt málefni þróast og við hvaða erfiðleika maður á stundum að etja. Athafnasamur, duglegur útvegsbóndi, eða útvegsmenn, kannske einn, tveir eða fleiri, sem hafa allar aðstæður til að fá sér fiskibát, hafa ákveðið að láta byggja sér lítinn, þægilegan bát, sem ætlað er það hlutskipti að afla tekna og framleiða í þjóðarbúið, öllum til heilla. Hvernig er svo gangur þessa máls, þannig að þessar starfsfúsu hendur megi fara að inna þetta ágæta hlutverk af hendi. Jú, fyrst er að fylla út eyðublað, senda inn umsókn til opinbers sjóðs hér í Reykjavík. Og hverjir eru aðstandendur að þessum sjóði? Á þessu fyrsta stigi þurfa að fjalla um þessa umsókn til þess að smíða 12 tonna dekkbát fulltrúi æðsta peningavaldsins í landinu, Seðlabankans, fulltrúi beggja stærstu viðskiptabankanna, Landsbankans og Útvegsbankans. Ég held, að megi fara með logandi ljósi í fundargerðarbækur fiskveiðasjóðs til þess að finna slíka umsókn, sem fengið hefur fullnaðarafgreiðslu á fyrsta fundi, sem hún hefur verið tekin fyrir á. Það hefur alltaf vantað eitthvað hjá þessum ágætu mönnum. Alltaf hefur vantað eitthvað til að fullnægja þessu óþrjótandi kerfi, sem alltaf heimtar meiri eyðublöð, meira af númerum og stimplum. En það er í þjóðarmeðvitund Íslendinga að gefast ekki upp, og einhvern veginn tekst með þessari rótgrónu þrautseigju, sem okkur er einhvern veginn í blóð borin Íslendingum, að komast eftir þrotlausa baráttu gegnum þennan frumskóg og leyfið fæst. Maðurinn má fara að gera samning við skipasmíðastöð. Það má fara að byggja þennan bát. Ekki er allt búið með þessu. Skipasmíðastöðin fer að byggja, hefur marga menn í þjónustu sinni, þarf að greiða mönnum vikulega kaup, kaupa efni og þarf ýmislega fyrirgreiðslu að fá. Þá er búið að koma málum þannig fyrir, að þessi sama skipasmíðastöð á að fá fyrirgreiðslu úr fiskveiðasjóði, eftir því sem gengur á verkið. Maður skyldi nú halda, að í jafnþróuðu þjóðfélagi og okkar geti þessi meðferð gengið greiðlega. Nei, það er nú öðru nær. Það er þó þannig komið, að það á að virða, á hvaða stigi smíðin er í það og það skiptið, til þess að hægt sé að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu hjá sjóðnum. Nú, er það svo mikið? mundi e. t. v. einhver spyrja. Nei, maður skyldi halda, að það væri ekki svo mjög mikið. En það er miklu meira en það. Í sambandi við allar þessar skipasmíðastöðvar og bátasmíðastöðvar, sem eru hér á landi, er aðeins einn maður, sem á að framkvæma þessa skoðun, þannig að stimpilverkið, eyðublaðaverkið og númeraverkið taki töluna gilda. Mörgum sinnum hefur komið fyrir,

að þessi ágæta persóna hefur kannske verið að athuga um skipakaup suður í Frakklandi, Vestur-Þýzkalandi, í Noregi og jafnvel austur í Japan. Á sama tíma bíða vinnandi stéttir, tugir og hundruð manna þurfa að fá útborgað kaupið sitt og bíða eftir því, að þessi fyrirgreiðsla fáist. Það, sem veldur því, að þessi mál hafa ekki stöðvazt algerlega, er það, að menn hafa stolizt til þess að gera hluti, sem yfirboðarar þeirra hafa oft og mörgum sinnum harðbannað að gera. Það er þetta kerfi, sem þarf að höggva vel í.

Hæstv. fjmrh. minntist á í ræðu sinni, að nú væri búið að endurvekja bremsunefnd, sem ætti að athuga alla frekari starfsmannafjölgun og þá um leið kerfisaukningu í þessu þjóðfélagi. Ég vil í litillæti mínu leyfa mér að benda á, að það er góðra gjalda vert að endurvekja bremsunefnd. En ágætu þm., það þarf miklu meira. Fullkomna niðurskurðarnefnd þarf til þess, að þetta komi að góðum notum. Það þarf í mörgum tilfellum að afnema og fækka öllu þessu opinbera starfsliði, sem fjallar um mörg málefni og ekkert annað hlutverk hefur í þjóðfélaginu en að handfjalla stimpla, eyðublöð og athuga númer. Við erum ekki það stórt þjóðfélag, að við höfum ráð á að hafa þúsundir manna til slíkra starfa. Við erum 200 þús. hræður. Við höfum ekki efni á því að eyða tugum og kannske hundruðum millj. til að viðhalda sliku starfsliði, — starfsliði, sem er kannske orðið fjölmennara en fólkið, sem vinnur að aðalframleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar.

Ég vil leyfa mér að vonast til þess, að hæstv. fjmrh. taki þessi orð til vinsamlegrar athugunar. Ég veit, að við höfum öll miklar og þungar áhyggjur af því, hvernig fjármálum þjóðarinnar er komið og hvernig öllum málum er háttað hjá okkur í dag. Atvikin hafa hagað því þannig, að ég hef um aldurfjórðungsskeið átt setu í bæjarstjórn Akureyrar, þar sem enginn meiri hluti er fyrir hendi. Þar hef ég haft náið samstarf við vini mína, framsóknarmenn, eignazt þar ágæta og góða vini og haft við þá happadrjúgt og gott samstarf. Þeir sögðu mér, að það væri ákaflega erfitt fyrir jafnstóran og áhugasaman flokk og Framsfl. er að þurfa að bíta í það súra epli að vera 12 ár utan ríkisstj. Ég segi fyrir mitt leyti, að það getur vel verið, að það hafi verið rangt að taka það ekki til nánari athugunar að hleypa þeim inn í stjórnarsamstarfið fyrr, því að þar er margt ágætra manna, sem margs góðs eru maklegir. En ég vil segja ágætum vinum mínum, framsóknarmönnum, það, að ég held, að þeir hafi metið stöðuna rangt, þegar þeir eftir síðustu kosningar héldu, að þeir gætu með samstarfi við kommúnista læknað þau þjóðarmein, sem þurfa lækningar við hjá okkur. Það var víða reynt meðal lýðræðisþjóða, sérstaklega eftir síðari heimsstyrjöld, en það gafst alls staðar illa. Það var reynt hér í þessu landi af kannske beztu tamningamönnum stjórnmálamannanna, og allir vita, hvernig fór, svo að vissulega hræða sporin. Ég held, að það sé einmitt af því, að þeir mátu ekki stöðuna rétt og vildu borga það of dýru verði að komast í stjórnarstólana, þessir ágætu framsóknarmenn, að nú er svo komið fyrir okkur sem raun er á. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að ég tala fyrir munn margra ágætra vina minna, framsóknarmanna á Akureyri, og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að minnast þess, að orðið kostnaðarverðbólga er þaðan komið. Ég segi að lokum sem 5188-3012, að því fyrr sem framsóknarmenn gera sér ljósa þá staðreynd, að heill og hamningju þessarar þjóðar er bezt borgið með því, að þessu samstarfi verði sem fyrst slitið, því betra.

Haildór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um út af hinum skyndilega málvöndunaráhuga hæstv. fjmrh. að láta þess getið, að það er nú ekki komið svo fyrir hv. 5. þm. Reykn. eins og þeirri n., sem hæstv. fjmrh. skipaði til þess að leysa fyrir sig efnahagsvandann, að sérstaklega sé um það fjallað í þættinum um daglegt mál, en svo hefur verið um orðin valkostir og valkostanefnd, að þetta hefur sérstaklega verið tekið fyrir sem dæmi um málleysu og bent á, að miklu réttara væri að kalla þetta kosti og kostanefnd. Og réttilega heyrðist hvíslað hér einhvers staðar, að enn réttara væri náttúrlega ókostir og ókostanefnd.

Þessar umr. hafa nú staðið í allmargar klst., og það, að þær eru þó ekki orðnar lengri en þetta, er því að þakka, hve fáir forstöðumenn ríkisstofnana eiga sæti hér á hinu háa Alþ. En það mátti heyra undir ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, að slíkum mönnum er mjög þungt í skapi þessa dagana, svo að þess eru naumast önnur dæmi. Það er áreiðanlega rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þó að undirbúningur fjárl. hafi oft verið bágborinn, hefur hann þó farið versnandi, sérstaklega þó þetta ár og s. l. ár. Ég minnist þess við fjárlagaafgreiðsluna s. l. ár, að hæstv. fjmrh. breiddi mjög úr sér hér í ræðustólnum og lýsti því yfir sem sérstakri stefnu sinni, að meðan hann yrði fjmrh., mundi hann leggja metnað sinn í það, að fjárl. gæfu sem bezta og réttasta mynd af ríkisbúskapnum, tekjum og gjöldum, eins og þau yrðu áætluð á næsta ári. Nú getum við séð það í nál. meiri hl. fjvn., að þar er sérstaklega um það talað, að á þessu stigi sé ómögulegt að gera sér grein fyrir, hvernig tekjuöflun fjárl. verður næsta ár, vegna þeirra efnahagsörðugleika, sem við blasa. Orðrétt segir svo í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Eins og fyrr er getið í nál. þessu, er ljóst, að stjórnvöld munu grípa til sérstakra efnahagsaðgerða til þess að tryggja atvinnuöryggi og hallalausan ríkisbúskap. Af þeim aðgerðum hlýtur afgreiðsla fjárl. að markast, og gerir meiri hl. fjvn. því á þessu stigi ekki till. um breyt. á tekjuhlið frv.“ Þessi orð í nál. meiri hl. fjvn. verða ekki skilin öðruvísi en svo, að formaður n. treysti sér ekki fyrir sitt leyti til þess að afgreiða fjárlög nú fyrir jól. Hitt er annað mál, til hvers hann lætur þröngva sér af hæstv. fjmrh. En sýnt er nú, að hann ætlar að hafa að engu loforð frá því í fyrra um það, að hann muni leggja metnað sinn í að láta tekjur og gjöld ríkissjóðs koma sem skýrast fram í fjárlagafrv. Það voru því sannarlega orð í tíma töluð hjá þessum hæstv. ráðh. í gær, þegar hann var að gera því skóna, að hann þyrfti 12 ár í ráðherrastóli til að taka það aftur, sem hann lofaði í

fyrra. Reynslan hefur nú sýnt, að hann þarf ekki eitt ár til þess, því að það vantar upp á það 3—4 daga.

Ég átti satt að segja ekki von á því við þessar fjárlagaumr. að heyra einn af hæstv. ráðh. kveinka sér undan því, að illa væri með þá farið í hljóðvarpi og sjónvarpi. En svo var þó að heyra rétt áðan á hæstv. fjmrh., og þótti honum illa farið *með sig í sambandi* við kjaradeilur BSRB. Ég fylgdist mjög náið með þessum deilum, bæði á Alþ., í fjölmiðlum og á almennum fundi í Háskólabíói, og það verð ég að segja, að engan mann fann ég koma eins aftan að hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, í Háskólabíói. Það gefur náttúrlega enn tilefni til þess að rifja upp framkomu þessa ráðh. fyrr og síðar í garð samráðh. sinna. Enda er svo komið nú, að svo er að sjá, sem hann þori ekki að setjast á ráðherrabekkina, því að hann sést aldrei orðið hér í hinu háa Alþ.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hann ætlaði ekki að tala neina tæpitungu. Og hvaða orð lét hann þá falla? Jú, það, að skattal. 1971 hefðu verið sett í auglýsingaskyni. Ég verð að segja, að mér fannst þetta hraustlega mælt. Hæstv. fjmrh. er mjög vel kunnugt um það, að þau skattalög, sem þá voru lögfest, eru einhver bezt undirbúnu skattalög, sem hafa verið lögfest á Alþ. Öðrum þræði voru þau við það miðuð að búa atvinnuvegina undir inngöngu í EFTA og við það sniðin, að atvinnuvegirnir byggju við sambærileg skattakjör og er í öðrum EFTA-löndum. Á hinn bóginn var í þessum skattal. um *mikilsverðar leiðréttingar* að ræða, m. a. elztu borgurunum til handa, sem hæstv. fjmrh. skar allar niður á s. l. vetri, en treysti sér þó ekki, til annars, þegar í ljós kom, hvernig nýju skattal. verkuðu, en að veita þessum elztu borgurum nokkra leiðréttingu, eftir að Sjálfstfl. og málgagn hans höfðu gert harða hríð að ríkisstj. og höfðu svo að ekki varð um villzt, sýnt fram á, að þarna var um hreint ranglæti að ræða. Stjórnarsinnar reyndu fyrst í stað að ljúga því að elztu borgurunum, að þeir borguðu minna en áður, en þeir létu ekki glepja sig, enda muna þeir vel aðra vinstri stjórn, þó að fjmrh. væri þá annar.

Ég vil líka í þessu sambandi, fyrst hæstv. fjmrh. talar svo mjög um skattalög, spyrja, hvað líði því loforði hans frá síðasta Alþ., þegar hann var að reyna að fá flokksbræður sína og aðra stuðningsmenn ríkisstj. til þess að samþykkja skattal., eins og frá þeim var gengið, um það, að endurskoðun skattal. haldi áfram og þau verði leiðrétt á þessu þingi. Þetta var eitt aðalloforðið og það, sem hæstv. fjmrh. taldi skattal. mest til gildis, á síðasta þingi, að þau yrðu löguð nú aftur á þessu þingi. Hvað *líður þeirri endurskoðun? Ég spyr einnig:* Er það rétt, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að svo sé komið, að hæstv. ríkisstj. þori ekki að hækka beinu skattana meira en gert var? Beinir skattar hækkuðu frá 1971—1972 um 50%, á sama tíma og tekjuaukningin nam 26%, og það er ekki lítil hækkun. Eða verður stefna hæstv. heilbrmrh. ofan á? Svo var að heyra á honum í útvarpsþætti nú á dögunum sem honum þætti, að enn mætti hækka beinu skattana, hæsta þrepið.

Hæstv. fjmrh. státar mjög af *því*, að hann hafi í fórum sínum tölur um, að það fé, sem fer í framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, sé hlutfallslega meira í ár en s. l. ár, ef miðað er við heildarútgjöld sveitarfélaganna nú og þá. Þegar þessi mál voru til umr. á síðasta Alþ. gerði hæstv. fjmrh. mjög mikið úr því, að miklum útgjöldum hefði verið lett af sveitarfélögunum. Í því dæmi, sem hann tók um heildarframkvæmdir sveitarfélaganna nú, sleppti hann ekki þessum miklu útgjöldum, sem hann státaði sem mest af í fyrra. Hann bar ekki heldur heildarfjárfestingu sveitarfélaganna saman við heildarfjárfestingu ríkisins. Hvernig skyldu þær tölur vera? Hvað skyldu ríkisframkvæmdirnar hafa vaxið mikið á þessum tíma?

Einna broslegast var þó, þegar hæstv. fjmrh. hrósaði sér af því, að hann hefði nú á þessu ári athugað gjöld og tekjur ríkissjóðs á milli mánaða og séð, hvernig þetta stemmdi saman. Væri þá í þeim samanburði fróðlegt að sjá hvar hann setti 13. söluskattsmánuðinn, en hann getur sennilega ekki hrósað sér af því einnig á næsta ári að geta innheimt söluskattinn fyrir 13 mánuði, eins og hann gerði á þessu ári, og verður fróðlegt að *fá það inn í dæmið. Annars* var eitt í ræðu hæstv. fjmrh., sem gladdi mig mjög hér í sölum Alþ. í gær, og það var, að hann viðurkenndi, að unga fólkið stendur mjög illa að vígi skattalega, og það er veruleg ástæða til að undirstrika þetta hjá hæstv. fjmrh. Það er svo komið í þjóðfélaginu nú undir ríkisstj., sem kennir sig við hinar vinnandi stéttir, að það er orðið gersamlega útilokað að eignast eitthvað með vinnu sinni, — gjörsamlega útilokað. Það er sannarlega tíma til kominn, að ríkisstj. beiti sér fyrir leiðréttingu að þessu leyti. Unga fólkið á nú erfiðara uppdráttar en nokkru sinni fyrr. Það er ekki aðeins, að óvissan í peningamálum og fjármálum sé meiri en nokkru sinni fyrr, og er þá mikið sagt, heldur er einnig hitt, að ríkissjóður seilist nú dýpra í vasana en áður. Auk þess bætist við óvissa um úthlutun á lánum húsnæðismálastjórnar, og fleira mætti til tína.

Eins og fram hefur komið hjá ýmsum þm. Sjálfstfl., hefur Sjálfstfl. markað og undirstrikað sína fyrri stefnu í sambandi við skattamál, sem byggist á tveimur grundarvallaratriðum: annars vegar á því, að frekar eigi að skattleggja eyðslu en tekjur, og hins vegar því, að skattar megi aldrei verða of háir, aldrei fara yfir 50%. Ég undirstrika, að að minni hyggju er 50% algert hámark í þessu efni og nauðsynlegt að stefna að því að lækka beinu skattana enn þá meira.

Ég get ekki látið hjá líða, áður en ég fer úr ræðustól, að minnast örlítið á nokkur atriði í sambandi við Norðurl. e. og það, hvernig búið er að því á margan hátt í fjárlagafrv., sem nú liggur hér fyrir. Á Akureyri stendur svo á, að þar eru fram undan tvær geysimiklar framkvæmdir, annars vegar nýtt sjúkrahús og hins vegar höfn, hvort tveggja mjög stórar framkvæmdir. Í fjárlagafrv., eins og það er lagt

fyrir, eru einungis ætlaðar 5 millj. kr. til sjúkrahússins, sem er að sjálfsögðu hlægilega lítið fé og til vansæmdar fyrir ríkisstj. Ég vek athygli á því, að í frv., sem dreift var hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, er gert ráð fyrir 38 millj. kr. framkvæmdum til hafna og vega, — hafna og flugvalla ætla ég, að þarna eigi að standa, og er prentvilla þar í grg., sem náttúrlega kemur ekki að sök. Af þessu fé er ekki að sjá, að eyrir eigi að renna til Norðurl. e.

Að síðustu ætla ég aðeins að minna á, að við afgreiðslu fjárl. s. l. ár var svo að heyra á hæstv. fjmrh. sem hann bæri mjög mikið fyrir brjósti leikhús, leiklistaráhuga og almennan menningaráhuga úti um byggðir landsins. Ég man, að hann ræddi sérstaklega um leiklist í því sambandi. Af því tilefni flutti ég á s. l. ári till. um, að Leikfélag Akureyrar yrði gert að sérstökum fjárlagalið og fengi nokkru hærri framlög en áður hefði verið. Nú liggur fyrir Alþ. beiðni frá þessu leikfélagi, sem ákveðið hefur verið að gera að atvinnuleikfélagi, um verulegt framlag til þess að undirbyggja þessi djarflegu áform. Ég á ekki von á því og fer ekki fram á það, að hæstv. fjmrh. eða fjvn. sjái sér fært að verða við beiðni Leikfélagsins að öllu leyti. En hitt vona ég, að þessir aðilar sjái sér fært að koma að nokkru til móts við hið duglega áhugamannafólk, sem þarna hefur lagt á sig mjög mikla vinnu, ótrúlega mikla vinnu, með þeim árangri, að Leikfélag Akureyrar hefur nú jafnmörg verkefni á starfsskrá sinni og Leikfélag Reykjavíkur. Ég vænti þess, að þetta mál fái mjög góðar undirtektir í fjvn. Erindi þess liggur nú óafgreitt hjá fjvn., eins og raunar mörg erindi önnur, og ég vænti þess, að það fái meðbyr þar í nefndinni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virtist vilja sýna mér mikla föðurlega umhyggju í ræðu sinni í dag, enda þótt ég væri enginn nýliði hér á þingi, eins og hann réttilega gerði grein fyrir. Það má nærri geta, hvort þessi hæstv. ráðh. telur sig ekki þess umkominn að taka nýliðana eða yngri menn á þingi undir hönd sér og veita þeim föðurlega forsjá og kenna þeim að rata um erfiða stigu fjármálanna. En það var alveg óþarfi af hæstv. ráðh. að vera að leggja þetta á sig mín vegna, því að ég var alls ekkert að gagnrýna í aths. minni utan dagsrár í dag, að 2. umr. færi fram 14. des. Ég gat þess bara m. a., að hún hefði farið sama dag fram í fyrra. Ég hef ekkert á móti því, að 2. umr. fari fram 14. des., þegar það er meiningin að afgreiða fjárlög fyrir jól, ef það hefur verið unnið að fjárl. og þetta er eitthvað annað en ómerkilegt pappírsgagn opið í báða enda og alger markleysa eins og þm. eru stöðugt að segja hér. Það er það, sem ég var að finna að, og þetta verður hæstv. fjármálaráðherra Íslands að skilja, að það er vegna þess, sem gagnrýni okkar er sett hér fram, að það er ekki hægt að koma með pappírsgagn við 2. umr. fjárlaga 14. des., sem ekkert er í um þau veigamestu atriði, sem fjármál ríkisins hljóta að byggjast á. Þar eru götin og glompurnar. Þær voru þar við 1. umr., og þær eru þar enn við 2. umr. Frv. var stropegg, þegar það var lagt fram, og það kemur náttúrlega sjaldan ungi úr stropeggi.

É skil ekki í öðru en hæstv. forseti sjái eftir því að hafa ekki orðið við till. minni um að fresta þessari umr. í dag, eftir að hún hefur nú staðið fram til miðnættis og ljóslega hefur komið fram við þessa umr., eins og við 1. umr., að það, sem menn eru mest knúnir til að ræða um, er það, sem ekki er í frv. Þetta er auðvitað algerlega gagnstætt öllu eðli málsins og því, sem gera á. Samkv. þingsköpum á að ræða greinar frv. lið fyrir lið við 2. umr. og þær brtt., sem við þær eru. En hér þurfa menn að ræða fyrst og fremst það, sem ekki er í frv., það, sem vantar í frv. Það er kaldhæðni örlaganna, þegar við stöndum í þorskastríði og ríkisstj. er búin að lifa á því þann tíma, sem hún hefur starfað, að landhelgismálið hefði algeran forgang, flestar aðrar vitleysur hennar verið afsakaðar með því, þá skuli gleymast framlag, eins og hv. 1. þm. Vestf. talaði hér um áðan, til rannsókna á landgrunninu, sem var þó búið að taka upp í fjárl. 1971 það er enn þá meiri kaldhæðni örlaganna, að eftir að ríkisstj. sjálf er búin að bera fram frv. byggingu varðskips og fjvn. búin að skila nál. og mæla með því, að þetta frv. verði samþ., og búið að liggja fyrir þinginu frá því í byrjun þings frv. um eflingu Landhelgissjóðs, þá skuli ekki vera varið eyri til eflingar Landhelgissjóðs í frv. né til þess að kaupa varðskip eða bæta aðstöðu Landhelgisgæzlunnar. Hið litla framl. til Landhelgissjóðs er bara, eins og verið hefur áður, til þess að forða Landhelgissjóði frá því að standa í vanskilum með skuldir sínar, næstu afborganir af lánum. Þetta er hörmuleg skömm fyrir stjórnarliðið, — hörmuleg skömm, að hér skuli ekki varið eyri til að efla Landhelgissjóð né til þess að ýta undir framkvæmd till. ríkisstj. sjálfrar um byggingu varðskips og ekki eyri til þess að rannsaka landgrunnið. Á þetta kannske að standa svo enn við 3. umr.? Við höfum ekki flutt till. hér við 2. umr., en við látum ekki slíkt standa óbreytt án þess að flytja um það brtt. við 3. umr., þegar þar að kemur.

Þetta er ekki eina skömmin, sem komið hefur upp. Hér kemur hv. 12. þm. Reykv. og upplýsir það, að fjölskyldubætur hafi verið stórhækkaðar 1. des. Ég spyr fjvn.-menn: Var ekki fjvn. gerð grein fyrir þessu? Nei, henni var alls ekki gerð grein fyrir þessu. Hver er þessi hækkun? fer maður að spyrja. Ja, það mundi kosta ríkissjóð á næsta ári hundruð millj. kr., kannske 400 mill. kr., er mér sagt. Við þurfum að fá að vita um það í þinginu, þegar slíkt er verið að gera. Hvað er verið að pukrast með þetta? Það borgar sig ekki, því að það kemst upp um strákinn Tuma. Það átti að borga þarna niður 1.1 stig eða eitthvað því um líkt í vísitölunni, til þess að það kæmi ekki fram 1. des., og því þá ekki að hækka fjölskyldubæturnar?

Ég skal reyna að lengja ekki mikið þessar umr. En það, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að það er bæði við 1. umr., og það getum við sagt, að sé eðlilegt, og einnig við 2. umr., en þá á að vera búið að laga vankantana, verið að ræða

hér um þá meginþætti efnahagsmála og fjármála í þjóðfélaginu, sem fjármál ríkisins og fjárlagafrv. byggjast meira og minna á. En það er ómögulegt að ráða í neitt af þessu í sjálfu fjárlagafrv., það er ekki gert ráð fyrir því. En þó eru að ýmsu leyti áætlaðar tekjur og gjöld, sem eru grundvölluð á þessum hliðarþáttum sumum hverjum, eins og ég skal koma að síðar. Við höfum fyrir okkur hluti eins og þá, að ríkisstj., sem fordæmdi verðstöðvun á sínum tíma, byrjar á því að framlengja verðstöðvun á árinu 1971. Á miðju ári 1972 framlengir hún svo verðstöðvun með tímabundnum ráðstöfunum í 6 mánuði. Þá er hún búin að hafa verðstöðvun í 9 mánuði. Síðan boðar forsrh. verðstöðvun í 12 mánuði til viðbótar. Þó að menn greini á um verðstöðvun, þá held ég, að menn hafi ekkert greint á um það, að í raun og veru getur hún aldrei verið nema bráðabyrgðaráðstöfun. Það eru allir hættir að tala um hana núna, eftir að sérfræðingar fjölluðu um málið, og hennar er ekki sérstaklega getið í þeirra áliti. Þegar forsrh. kom hér í byrjun þings og flutti stefnuræðu sína, gerði hann sérstaklega grein fyrir efnahagsmálum, en þegar hann ætlaði að gera grein fyrir aðalatriði efnahagsmálanna, minntist hann ekki á ríkisfjármálin. Þegar hæstv. fjmrh. kemur hér með fjárlagafrv., segist hann ekki geta sagt neitt um efnahagsmálin. Þessi svikamylla er alveg stórkostleg. Þegar forsrh. talar um efnahagsmál, þá minnist hann ekki á ríkisfjármál, og þegar fjmrh. talar um ríkissjóð, minnist hann ekki á efnahagsmál. Geri aðrir betur. Það er von, að menn setji hljóða og vilji láta fresta umr. eins og þessari umr. og gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til að sýna þjóðinni, að hún sé þó fær um að hafa ríkisfjármálin og fjárlagafrv. í einhverju skaplegu lagi, en ekki algerlega botnlaus og fullkomna markleysu.

Maður skyldi ætla, að það hefði t. d. verið talað eitthvað meira um greiðsluhallann hjá ríkissjóði, þegar fjárl. eru til meðferðar. Það hefur verið bent á það hér í umr., að sérfræðingar ríkisstj. hafi gert ráð fyrir því, að hann yrði 400 millj. kr. á árinu 1972. Hann var á fjórða hundrað millj. kr. á árinu 1971. Yfirdráttur ríkissjóðs við Seðlabankann hefur aldrei orðið eins mikill og hann var á miðju sumri. Nú heyrist, að fjmrh. sé að hvísla því að mönnum, að þetta sé allt saman að lagast og yfirdrátturinn sé að minnka, hröðum skrefum að minnka. En af hverju er hann að minnka? Er hann ekki að minnka m. a. vegna 13. mánaðarins í sambandi við innheimtu söluskattsins? Er hann ekki að minnka vegna þeirrar óskaplegu ofþenslu, sem ríkisstj. hefur efnt til í þjóðfélaginu, minnka vegna þess, að tekjurnar fara langt fram úr áætlun, og að sumu leyti einnig vegna þess, að það hefur eitthvað verið skorið niður af fjárl. þessa árs, eins og gerð hefur verið grein fyrir? Voru það ekki tæpar 300 millj. kr., en ekki 400 millj., eins og brbl. gerðu ráð fyrir? En hvað þýðir niðurskurður af þessu tagi? Hann þýðir aðeins, að fresta á framkvæmdunum fram á næsta ár. Það verða að koma peningar fyrir þessu á næsta ári. Þetta þýðir bara frestun og seinkun á verklegum framkvæmdum eða öðrum framkvæmdum, sem þetta fé hefur átt að ganga til og hv. stjórnarsinnar hældu sér af á síðasta þingi, að væri nú í ríkara mæli lagt til en áður.

Viðskiptahallinn við útlönd er auðvitað ofboðslegur. Hann er ofboðslegur. Þó grundvallast tekjur og útgjöld fjárlagafrv. á hallanum. Á þremur árum er gert ráð fyrir, að viðskiptahalli við útlönd sé um 15 þús. millj. kr., og það er engin tilraun gerð til þess að sníða fjárlfrv. við afturhvarf í þessum efnum, miða það við minnkandi greiðsluhalla og helzt engan greiðsluhalla, því að mál er að hætta þessum hallabúskap. Árin áður en þessi núv. ríkisstj. tók við var viðskiptajöfnuður við útlönd hagstæður á tveimur árum um 1000 millj. kr. En fyrir árin 1971 og 1972 og skv. spá um 1973 verið að tala um nálægt 15 þús. millj. kr. halla.

Þegar þannig er háttað í kringum sjálf fjárl. og það, sem þau grundvallast á, er von, að þm. vilji fá þessar myndir skýrar dregnar og málið betur undirbúið, áður en þeir ljúka 2. umr. um fjárl., eins og ég lagði til í dag, en ekki hefur verið hlustað á. Ofan á allt þetta bætist svo, að sjálf ríkisstj. svífur í lausu lofti og það veit enginn, hvort hún er í stjórnarráðinu á morgun eða ekki. Og vegna hvers? Af því að hún veit ekki, hvað á að gera í efnahagsmálum. Það er verið að pressa okkur í það að vera hér fram undir miðnætti til þess að afgreiða 2. umr. fjárl., og enginn veit, hvað á að gera í efnahagsmálunum. Af hverju er svona mikið öngþveiti í stjórnarráðinu? Af hverju situr ekki hæstv. viðskrh. hér, eins og sagt var áðan? Hann hefur ekki látið sjá sig. Hæstv. forsrh. hefur ekki heldur látið sjá sig. En það eru sumir, sem segja að þessir menn séu að reyna að stoppa í götin á Vindsval ríkisstj., þessum loftbelg, sem ríkisstj. fleytir sér enn þá á. Hver er það, sem hefur borið hann burt? Hvaðan koma þessi göt á loftbelgnum?

Við vorum í gær að ræða um, að það væri gengislækkunarhugmyndunum að kenna, og þá sagði hæstv. forsrh., að það væri ekkert meint með þessu ákvæði Ólafskvers eða stjórnarsáttmálans, að ríkisstj. mundi ekki grípa til gengislækkana, það stæði alls ekki þar, heldur ætti bara við þann vanda, sem þá var við að glíma, þ. e. a. s. þegar hann tók við. Það vissu allir að það var ekki við neinn vanda að glíma þá og það gat ekki komið til álita, að nokkur væri að tala um gengislækkun í því sambandi. Fráfarandi ríkisstj. hafði verið með tillögugerð um gengishækkun réttu ári áður, vorið 1970. Þetta er sennilega það furðulegasta, sem komið hefur fram í skýringum á Ólafskveri, að það væri ekkert meint með þessum ákvæðum sáttmálans um gengislækkun. Það er von, að þm. brosi að þessu.

En menn bentu á, að það hefði verið aðalboðskapurinn hjá stjórnarliðum, að þessi ríkisstj. mundi aldrei framkvæma gengislækkun það var ekki bara 1971, heldur á síðustu mánuðum og vikum. Hv. 1. þm. Sunnl. var með blað í hendinni með fallegri mynd af hæstv. fjmrh., þar sem var sagt frá því, að hann hefði á fundi á Selfossi fyrir nokkrum vikum sagt, að ríkisstj., sem nú situr, mundi aldrei grípa til gengislækkunar. Menn fóru að rifja upp fyrir sér, að þeir hefðu heyrt hæstv. forsrh. segja hið sama

ekki alls fyrir löngu. Ég hef hérna fyrir framan mig ljósrit af fréttum í ríkisútvarpinu 25. okt., og þar var þessi frétt: „Forsrh. sagði í dag, að hann áliti, að verðstöðvun ætti að standa næsta ár og gengislækkun yrði ekki, á meðan núv. stjórn væri við völd". Hvað á aumingja fólkið í landinu að hugsa, þegar svo forsrh. í gær kemur og segir: Við meintum ekkert með þessu í Ólafskveri, nema meðan við var að glíma þann vanda, sem var eftir viðreisn? — Svo er sagt í seinni fréttum: „Forsrh. kvað gengislækkun ekki gerða af núv. ríkisstj." Það hefur verið hnykkt á þessu, og það er fullt af þessu. Framsfl. hefur haldið fundi um gervallt landið á s. l. hausti, og sögum af þeim fundum ber öllum saman um eitt helzta atriðið, sem þeir hafi sagt, að gagngerðasta stefnubreyting, sem mörkuð var, þegar núv. ríkisstj. tók við, væri sú, að hætt yrði að nota gengislækkun sem eitthvert úrræði í efnahagsmálum. Það ætlum við ekki að gera, herrar mínir, var sagt. Þetta var sagt bæði fyrir norðan, austan, vestan og sunnan.

Hitt er svo annað mál, að ég mundi fagna því, ef þessir hv. menn tækju þetta allt saman aftur og hefðu vitkazt á þeim tíma, sem þeir hafa verið í stjórn, og teldu, að það væri ráðlegast að framkvæma einhverja gengislækkun til þess að ráða bót á vandræðum, sem þeir hafa stofnað til í efnahagsmálum. En þá er ég hræddur um, að það þurfi að breyta ýmsum liðum fjárl. Það hefði verið gott að eiga 2. umr. eftir, og sennilega væri næstum því nauðsynlegt að eiga eftir 3. umr., þó að hæstv. forsrh. hafi sagt í gær, að fjárl. yrðu afgreidd fyrir jól. En það getur vel verið, að gengisbreyting verði komin fyrir jól, ég veit það ekki.

Ég held, að meðferðar fjárlagaafgreiðslunnar í ár verði lengi minnzt í þingsögunni og af þeim sökum, sem ekki aðeins ég hef verið að reyna að draga fram hér, heldur vegna þess, sem fram hefur komið í ræðum allra þm. og kemur mjög greinilega fram í nál. minni hl. í fjvn., þar sem þeir gera grein fyrir því, hve mikið vanti á í raun og veru, að grundvöllur sé til að láta 2. umr. fjárl. fara fram. En það þýðir ekki að hafa fleiri orð um það, og umr. fer nú senn að ljúka. Spurningin er þá aðeins, hversu mikið hæstv. ríkisstj. auðnast að taka til hendinni til þess að koma þessari frv.-ónefnu í eitthvert sæmilegt horf við 3. umr., hvenær sem hún á að fara fram, því að ég get ekki trúað hæstv. ríkisstj. að ætla sér að reyna að afgreiða 3. umr. fjárl alveg út í bláinn, án þess að hún sjálf sé búin að gera sér grein fyrir því áður, hvaða efnahagsaðgerða hún ætlar að grípa til. Það væri of mikil lítilsvirðing fyrir hv. Alþ. og fullkomin lítilsvirðing fyrir þjóðina í heild, ef þannig ætti að fara að því að afgreiða fjárlög landsins.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er nú þannig með mig og hv. 1. þm. Reykv., að það fer ekki vel á því, að við gefum hvorir öðrum föðurlegar áminningar, því að við erum jafnaldrar, og það getur ekki passað, að föðurlegar áminningar eigi þar við.

En út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um það að afgreiða fjárlög nú og óraunhæfi þeirra, þá vildi ég biðja hv. þm. að kynna sér þingsöguna frá 1968 og framkvæmdir ríkisstj. í efnahagsmálum á því ári og vita, hve skammt var á milli aðgerða hennar í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar einmitt á því herrans ári. Gengisfelling var þó um haustið 1967. Það var búið að gera það, áður en fjárlög voru afgreidd, en það voru æðimargir hnútar óleystir og fjárl. var breytt a. m. k. tvisvar sinnum, áður en þingi lauk, og svo nokkrum sinnum þar á eftir, á mánuðunum frá því að þingi lauk og þar til þing kom saman aftur, og síðan varð gengisfelling enn á haustinu 1968. Vildi ég biðja hv. þm. að kynna sér sín fyrri afrek. Ég vil líka biðja hann, að kynna sér ummæli fyrrv. samráðh. sinna: hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar í útvarpi og Alþýðublaðinu í ágúst um gengislækkun og hv. þáv. formann Sjálfstfl. um gengislækkun hér á hv. Alþ., hvað hann sagði þá og hvort hann taldi, að það ætti að leysa þann vanda, sem þá var við að etja, með henni og svo hvað gert var. Út í þetta skal ég svo ekki fara frekar, en það væri gott fyrir hv. þm. að kynna sér þetta, því að þá gæti hann áttað sig dálítið betur en hann virðist gera.

Ég vil svo út af tali hv. þm. um góða viðskilnaðinn minna á hrollvekjuræðu Ólafs Björnssonar. Hún sagði sitt um, hvað þið voruð að skilja við. Það voru allir kjarasamningar lausir í landinu þá, það var búið að semja við ríkisstarfsmennina, og það var fyrirboði þess, sem koma skyldi. Þetta vil ég nú minna ykkur á, mínir ágætu hv. alþm., og þá ættuð þið að fá samhengi í hlutina.

Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl., sem því miður er ekki hér í salnum, fyrir hans ræðu. Hann gerði mér nefnilega mikinn greiða, því að hann minnti mig á það, sem ég hafði gleymt í ræðu minni hér í dag, þegar hv. stjórnarandstæðingar voru að telja upp fjölgun í starfsmannakerfi ríkisins. — Þá varð mér það á að gleyma lögregluliðinu, sem kom frá sveitarfélögunum og bæjarfélögunum yfir til ríkisins og var á milli 300 og 400 manns. Þeir eru nú taldir ríkisstarfsmenn, en voru áður bæjarstarfsmenn, og það er stærsti hluti hópsins. Auk þess mun bremsunefnd hafa tekið inn í einu lagi milli 40 og 50 manns a. m. k. hjá Pósti og síma, sem þar hafði áður verið lausráðið. Þá fer þetta að nálgast 4. hundraðið, og 446 voru þeir starfsmenn, sem þarna var um að ræða. Í kennarastétt er fjölgun á hverju ári, svo að það fer að verða harla lítið, sem ríkisstj. hefur ráðstafað af þessu, að öðru leyti en því sem varðar lögreglumennina, sem var hennar ákvörðun, og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa talað með.

Það var atriði, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Sunnl., sem mér fannst athyglisvert og ég vil mjög gjarnan hugsa um. Það var hugmynd hans um að færa starfslið frá ríkinu yfir til bæjar- og sveitarfélaga, og nefndi hann börnin og gamla fólkið í því sambandi. Ekki væri mér það á móti skapi, að sveitarfélögin tækju að sér rekstur barnaskólanna, því að það væri

mikill fengur fyrir ríkissjóð, ef kennaraliðið færðist þangað yfir. Ég vildi mjög gjarnan láta taka upp samstarf við sveitarfélögin um þessa tilfærslu. Hann tók réttilega fram, eins og ég hef áður talið, að eðlilegt hefði verið, að kostnaður við lögregluna fylgdi ríkinu vegna þess, að enginn ákvörðunarréttur var hjá sveitarfélögunum þar um, og sama var að segja um tryggingarnar. Það má svo deila um persónuskattana, en mitt mat var það og okkar í ríkisstj., að eftir að persónuskattarnir væru orðnir svo háir, að þeir gætu verið um 50 þús. fyrir hjón með tvö börn í skóla, sem vildu borga fyrir börn sín, þá væri það orðin of há tala til þess að leggja á gjaldendur alveg án tillits til tekna. Um þetta má deila, en mitt mat og okkar í ríkisstj. var, að þetta væri ekki framkvæmanlegt á þennan hátt.

Út af ræðu hv. 1. þm. Vestf. vil ég nú segja það, að á margan hátt þótti mér gott að fá slíka ræðu, því að það sýnir, að ríkiskerfið er ekki aðhaldslaust, eins og mér finnst, að sumir áliti, þegar það snýr ekki þannig að þeim. Hins vegar vil ég ekki taka undir það, að þeir, sem vinna í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, vinni ekki vel sitt verk, en ef þeir ættu að taka kröfur allra rn. til greina, eins og þær koma fyrir, mundu fjárl. hækka allverulega. Þegar ég kom upp í fjmrn. í fyrra og tók við gögnum frá rn., þá lágu fyrir kröfur um hækkun milli 4 og 5 milljarða. Í sumar var upphæðin skorin niður um 2—3 milljarða. Ég veit, að það kennir víða til beins, en það er ekki hægt að tala samtímis um að draga úr ríkisútgjöldum og tala einnig um eða leggja til, að þau verði hækkuð. Sum atriði n., sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi, eru mál, sem ekki eru búin að fá afgreiðslu nú við 2. umr. og verða athuguð. Hitt verð ég að segja, að ég er ekki búinn að sjá fram á, að lausnin verði sú, að 20 millj. kr. verði veittar í landgrunnsathugunina. Ég þarf a. m. k. að fá að sofa á því í nótt, áður en ég játa mig undir það, og svo er með fleiri þætti.

Út af því, sem frú Ragnhildur, hv. 12. þm., Reykv., sagði um tryggingarnar, þá er gott að eiga sína menn í tryggingaráði, þá geta menn fengið aðgang að því. En ég hef litið svo á, að þær ákvarðanir, sem ríkisstj. hefur tekið í sambandi við niðurgreiðslur, væri mál, sem yrði hennar að sjá um greiðslu á. Ráðstöfun um niðurgreiðslurnar nú 1. des. var ekki nema annar þáttur í því að halda vísitölunni í skefjum fram að áramótum. Þegar ég svaraði því í kvöld, hvað það kostaði að halda vísitölunni í skefjum fram til áramóta, þá svaraði ég því til, að ég gæti ekki gefið upp þá tölu, því að ég vissi ekki núna, hvað niðurgreiðslurnar eða fjölskyldubæturnar kostuðu fram að áramótunum. Ég veit, hvað þær kosta til nóvemberloka, en því, hvað þær kosta í des., get ég ekki svarað í dag. Hins vegar hef ég áætlun um það, og auðvitað lendir það á fjárlagagreiðslu ársins 1972. Með framhald á þeim málum verður auðvitað farið eins og aðra þætti, sem eftir er að ákvarða. Annað í ræðu frúarinnar, hv. 12. þm. Reykv., held ég, að ég sjái ekki ástæðu til að fara út í.

Þá var það út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson vék að. Sumt af því var þannig, að það voru góðar ráðleggingar og alls konar vangaveltur um ágæti í efnahagsmálum og skammsýni annarra manna, og gott er að eiga slíka menn að. Það kom einnig fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að bankastjóranum, sem talaði hér áðan, sem hafði ýmislegt við hið opinbera kerfi að athuga, og komið hefur líka fyrir, að maður hafi heyrt bankakerfið gagnrýnt. En það þykir ekki eins hentugt í pólitík að gagnrýna það eins og stjórnkerfið, því að menn þurfa að labba fyrir bankastjórana og slá sér út víxla, en minna er um slíkt gagnvart ráðh. Ég verð að segja það um ræður þessara ágætu manna, sem ég veit, að gengur gott eitt til, að á minum stutta valdatíma hefur Akureyri komið við ríkissjóð og hækkað hjá mér fjárl., aukið strauminn úr kassanum. Ég er ekki alveg viss um, að Akureyrarbær hefði þolað, þrátt fyrir stjórn þessara ágætu manna, að Slippstöðin á Akureyri hefði verið látin fara á hausinn í fyrra. Það kostaði ríkissjóð 45 millj. kr., og það er eitt dæmið um ráðleysi, óráðsíu og fyrirhyggjuleysi, af minni hendi, sem hv. þm. tala um. Það má vel vera, að þessir hv. þm. hefðu getað séð þar betri ráð en tekin voru. Mitt mat og ríkisstj., sem ég lagði málið fyrir, var það, að halda yrði þessari starfsemi áfram, hún væri á margan hátt merkileg. Fjárhagurinn væri með þeim hætti, að það væri vonlaust nema leggja í þetta stórfé, og það var gert með 45 millj. kr. úr ríkissjóði.

Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, o. fl. hafa rætt um viðskiptin við útlönd á þessu ári og spádóma þar um, verð ég að segja eins og er, að ég kann ekki skil á því, að það sé óráðsía, eyðslusemi, fyrirhyggjuleysi og allt það, þegar íslenzka þjóðin tekur lán til þess að kaupa atvinnutæki eða þegar hún tekur lán til þess að gera virkjanir, sem eiga að verða atvinnugjafi í landinu, bæði á sviði gjaldeyrismála og annarra mála. Þannig hefur til langflestra þessara mála verið stofnað. Viðskiptahallinn nú er miklu minni en hann var 1971, það ár, sem hv. 1. þm. Reykv. stjórnaði þó að hálfu. Það mun hafa verið svo í júlí 1971, að skuldir út á við voru um 13 þús. millj. kr., gjaldeyrissjóðurinn 4 þús. millj., birgðir ca. 2700 millj., nettóskuld um 6000 millj. Í ársbyrjun voru þessar skuldir um 14300 millj., gjaldeyrissjóðurinn 4700 millj., birgðirnar tæpar 2 þús. millj. og nettóskuld um 7700 millj. Núna eru skuldirnar um 16600 millj., gjaldeyrissjóðurinn tæpir 6 milljarðar, birgðirnar um 2200 millj., nettóskuld 8400 millj. Er skuldahækkunin því innan við milljarð, þegar þetta dæmi er gert upp svona. Menn geta svo lagt mat á það, hvort réttmætt er að taka erlent lán til þess að byggja skip til annarra framkvæmda, sem eiga að vera gjaldeyrisaukandi eða þá að spara gjaldeyri. Skal ég ekki fara lengra út í að ræða það, því að ég ætla að reyna að hafa þetta mál mitt sem stytzt. Hitt vitum við ósköp vel, að það eru vissir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Því hefur á engan hátt verið leynt, og ég hygg, að það sé í fyrsta sinn, sem það hafa verið

gefnar út slíkar grg. um þau mál, sem nú hefur verið gert. Ég man a. m. k. ekki eftir því. Ef mig misminnir, vildi ég gjarnan fá leiðréttingu á því, og skal ég ekki eyða um það fleiri orðum.

Út af því, sem hv. þm. Lárus Jónsson spurði um loforð mitt um Ólafsfjarðarhöfn, verð ég að segja það, að ég er ekki alveg minnugur á það. Hins vegar hef ég átt þess kost að greiða fyrir Ólafsfjarðarhöfn og gert það. Það, sem um var að ræða í sambandi við Ólafsfjarðarhöfn, var, að af framkvæmd, sem þar átti að fara í, var skilin eftir framkvæmd, sem nú hefur verið greidd með 40% ríkisframlagi, en við breytingu á lögunum mundi framlag til hennar aukast, og ég held, að það hafi ráðið niðurstöðu um, að ekki var lagt í þessa framkvæmd.

Út af fjárveitingu til sjúkrahússins á Akureyri vil ég segja, að það heldur sínum 11 eða 9 millj., ég man nú ekki nákvæmlega töluna, sem var í fyrra, og til viðbótar það, sem er á fjárlagafrv. Hins vegar hafði ég ekki gert ráð fyrir því, að það yrði hærra, og mun það verða skoðað betur milli umr. Út af læknamiðstöðinni á Akureyri, þá er það mál, sem kom til fjvn. mjög seint og liggur ekki ljóst fyrir, hvort um er að ræða raunverulega læknamiðstöð eða t. d. læknahús, eins og læknar hér hafa byggt sér sameiginlega. Ég held, að það hafi verið mat manna, að það þyrfti að vita betri skil á því, áður en ákvörðun væri tekin þar um.

Ég skal ekki fara langt út í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Þeir voru að spyrja mig um skilin á 13. söluskattsmánuðinum. Ég vildi svara því til, að þeir gætu líka spurt fyrirrennara minn að því, hvernig hann hefði farið að, þegar hann fékk 13. söluskattsmánuðinn. Ég held, að hann hafi tekið hann tekjumegin, og ég held, að ég muni gera hið sama. Það verður ekkert vandamál að koma því fyrir. Ég held, að þeir, sem vinna að bókhaldi í ríkisbókhaldinu, kunni skil á því, og við báðir á að taka ákvörðun.

Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um ágæti þeirra sjálfstæðismanna í skattamálum. Þeir voru, eins og kunnugt er, 12 ár í ríkisstj. og á síðasta þingi viðreisnar lýsti þáv. fjmrh. skattal. landsins m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: Skattakerfið er allt of flókið, álögð gjöld allt of mörg, frádráttarreglur flóknar, allt of þungt á unglingum, allt of mikið um undanþágur og sérreglur.

Þetta var þegar liðin voru hér um bil 12 ár síðan viðreisnarstjórnin tók við. Er svo nokkur hissa á því, þó að núv. ríkisstj. þurfi meira en 12 mánuði til að komast út úr þessari flækju? Ég held, að ef menn bara hugsa þetta rólega, þá geri þeir sér ósköp ljósa grein fyrir því, að það þarf miklu meira en 12 mánuði til þess að komast út úr þessu. Svo skal ég ekki ræða skattamál meira.

Hitt vil ég svo segja í sambandi við fjárveitingar til Norðurl. e., að ég veit ekki, ef við förum að gera það dæmi upp, hvort það kjördæmi sé afskipt. Eigum við ekki að taka skólana með líka og sjá hvernig fer? Á hverjum tíma er í afgreiðslu Alþ. verið að reyna að sinna málum Norðurl. e., Norðurl. v., Vesturlands, Suðurlands, Austurlands, Reykjavíkur og Reykjaness. Það er verið að reyna að sinna þessu af sem mestri sanngirni. Í ár getur eitt kjördæmið komið upp með geysilega háa tölu í heilbrigðisstofnunum, en lága í öðru, í skólum, eins og þarna á sér stað. Ég held, að við þurfum ekki að kvarta undan því.

Ég fer víst að verða of langorður, því að það er orðið áliðið. En það voru nokkur orð í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., sem ég hefði gjarnan viljað víkja að. Menn geta æft sig í að tala um ráðleysi, stjórnleysi og allt það, eins og þá langar til. Þegar hv. þm. slá slíku fram, mega þeir það sér til gagns og gamans eftir þeirra mati. Það skiptir engu máli og hefur engin áhrif. Mér fannst koma fram hjá sumum þessara þm. eins og þetta hefði verið æft í kór. Þeir voru orðnir svo í takt, að það var alveg eins og þeir hefðu æft þetta sameiginlega.

Um halla á ríkisbúskapnum í ár, þá er desember nú bráðum hálfnaður, og við skulum bara bíða eftir úrslitunum. Það er venja hjá mönnum, a. m. k. í kosningum, að reyna að spá framan af. Þegar líður að því, að á að fara að kjósa, hætta menn, bíða og sjá, hvernig fer. Ég held, að það verði að vera eins með þetta.

En svo var það, að heilsugæzlustöðvar á Norðurl. v. væru eitthvað illa settar. Af hverju er það? Af því að það hefur verið byggt meira af héraðssjúkrahúsum í Norðurl. v. en á öðrum stöðum á undanförnum árum. Það hefur verið byggt á Sauðárkróki, Blönduósi, Hvammstanga og ég man ekki hvað meira, læknisbústaður á Skagaströnd, sem er auður. Þið í Norðurl. v. hafið verið þar á undan okkur hinum, og þess vegna er þetta nú svona. Út af landbúnaðarmálum, þá er víst mikill munur á mér eða hv. 1. þm. Sunnl. Ekki kom hv. þm. þó með mikið, sem sannfærði mig um, að svo væri. Ég held t. d., að Landgræðslan þurfi ekki að kvarta undan skiptunum. Þar er um 100% hækkun á tveim árum. Er það til þess að kvarta undan? Þurfa þeir að sakna þess, að það urðu skipti á landbrh.? Þarf Framleiðnisjóður landbúnaðarins að kvarta undan því, að það urðu skipti á landbrh.? Þar var engin fjárveiting 1971, en 30 millj. kr. núna. Er það af hinu verra? Hvað er með nýju jarðræktarlögin? Frá þeim var gengið eins og Búnaðarþing gekk frá þeim. Þau fóru í gegnum þingið nákvæmlega þannig, og fjárveitingarnar eru miðaðar við það, og þar er líka hækkun. Þarf Bændaskólinn á Hvanneyri að kvarta undan skiptum á landbrh.? Eftir að fyrirrennari minn hafði setið í 12 ár og verið búinn að vera með verk í framkvæmd í sennilega ein 8 ár, — ég man það ekki nákvæmlega, — hækkaði fjárveitingin, hún var þreföldud á einu ári. Ég veit, að betur má, ef duga skal. En er ástæða til að kvarta undan þessu? Ég veit það ekki. Ég veit ekki, hvort þeir biðja um það, að það yrðu skipti aftur og þeir fengju sínar 5 millj. Holdanautastöðin, það voru engar fjárveitingar þar. Nú eru þær 6 millj. Það er líka nýtt. Er ástæða vegna þessa til að breyta um aftur? Hvað er með afgreiðslu í sambandi við Stofnlánadeild landbúnaðarins? Það voru 140 millj. 1970, það voru 254 millj. 1971, og það féll í hlut núv. landbrh. að útvega verulegan hluta af því fjármagni. Það verða 360—370 millj. á þessu ári. Ég veit ekki, hvort þarf að kvarta undan þessum skiptum. Það má vel vera, að hv. 5. þm. Norðurl. v. þurfi að kvarta. En ég fæ ekki

séð, að bændur almennt þurfi að kvarta. Hvernig er með kaupgjald bænda á þessu ári? Það hefur samkv. útreikningum Hagstofunnar hækkað í samræmi við kaupgjald annarra stétta, vinnutímastyttingu og orlof tekið þar einnig inn í. Er undan þessu að kvarta? Hvað er með veðdeildina? Hvernig voru hennar fjármál, þegar landbrh.-skipti voru? Það lá bréf uppi í stjórnarráði um að útvega veðdeildinni 5 millj. að láni. Hvers virði var bréfið? Það var pappírsblað með undirskriftinni Ingólfur Jónsson, og ég man nú ekki, hver var annar. En hvar voru peningarnir? Það varð hlutverk núv. landbrh. að útvega þá. Það voru veittar úr veðdeild Búnaðarbankans á árinu 1970 14.5 millj., 1971 15.3 millj., 1972 46.5 millj. Er það til þess að kvarta yfir? Lánin hafa verið hækkuð úr 200 í 500 þús. E. t. v. er þetta allt til þess að kvarta undan af bændastéttinni, en ég er ekki alveg viss um, að hv. 5. þm. Norðurl. v. meti það rétt, þegar hann metur það svo. Hvernig voru afurðalánin, sem bændur fengu út á afurðir sínar á þessu hausti? Þau voru um 1400 millj. kr. úr Seðlabankanum og úr viðskiptabönkunum held ég að þau hafi verið 1700 millj. kr. Hlutfallið er betra en áður hefur verið. Er það þetta, sem þarf að kvarta undan?

Ég ætla ekki að breyta hv. þm. á lengri ræðu. En ég vona, að hv. 5. þm. Norðurl. v. skoði hug sinn og kynni sér þetta, og þá veit ég ekki nema við komumst að sameiginlegri niðurstöðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Föstudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. des. 1972.

Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns Framsfl. í Norðurl. v. taki 3. varamaður flokksins, Sigurður J. Líndal bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Sigurður J. Líndal hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili, og hefur kjörbréfið verið samþykkt. Býð ég hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að kveðja mér hljóðs hér, áður en gengið er til atkv. um einstakar gr. fjárlagafrv. Í morgun hef ég staðreynt við nánari athugun fjárlagafrv. vegna starfa míns í tryggingaráði, að hæstv. fjmrh. leyndi Alþ. mikilvægum upplýsingum og fór með rangt mál varðandi einfaldar staðreyndir á þingfundinum um miðnæturskeiðið hér í nótt. Raunar er það ekki aðeins hæstv. fjmrh., sem hér á sök, heldur öll ríkisstj. Ég leyfi mér að benda á það í gærkvöld, að ekki væri gert ráð fyrir auknum útgjöldum til Tryggingastofnunar ríkisins í fjárlagafrv., og átti þá við þau gjöld, sem hæstv. ríkisstj. hefur vitað um ákveðið frá því í nóv. s. l. og sumpart miklu lengur. Í skýrinum fjmrh. á miðnæturfundi þingsins s. l. nótt kom fram, að ómögulegt væri að segja, hve háar fjölskyldubætur yrðu. Auðvitað veit enginn mennskur maður, hvaða hækkanir valkostirnir hafa í för með sér. En stórkostlegar hækkanir hafa þegar verið ákveðnar. Það er einber blekking að segja, að ómögulegt sé að greina þar frá upphæðum.

Ég hafði samt tilhneigingu til að trúa því, að hæstv. ráðh. færi með rétt mál, svo vel sem hann hlýtur að rata um refilstigu ríkisfjármálanna, og hugsaði aðeins: Hvers vegna skyldi ég, fávís kona, fara að rengja svo vísan mann. Ég kannaði í morgun betur, hvernig máli þessu væri farið, og tel mér skylt að upplýsa það, sem kom í ljós.

Í bréfi til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 22. nóv., frá heilbr.- og trmrn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til 12. gr. l. nr. 96 1971, þar sem gerð er breyting á 78. gr. l. nr. 67 1971, hefur ríkisstj. ákveðið að hækka upphæð fjölskyldubóta frá og með 1. nóv. 1972 úr 11 þús. kr. á ári með hverju barni og upp í 13 þús. kr. á ári með hverju barni. Er Tryggingastofnuninni hér með tilkynnt þetta og henni jafnframt falið að hefja undirbúning undir útborgun bóta samkv. þessari breytingu.

Þar eð málið er síðbúið, er rn. ljóst, að ekki verður unnt að hefja útborgun bóta þessara fyrir áramótin.

F. h. ráðherra,
Jón Ingimarsson."

Tilkynningar samkv. þessu bréfi hafa verið sendar umboðum út um allt land. Staðreyndum í þessu bréfi hefur verið haldið leyndum. En þarna dylst visitöluhækkun, sem raunverulega var orðin og enn er ekki komin til framkvæmda í kaupgreiðslum, og sú er e. t. v. ástæðan fyrir laununginni yfir máli þessu. Í fjárlagafrv. er miðað við 8 þús. kr. fjölskyldubætur á barn, en hækkunin upp í 11 þús. kr. átti aðeins að gilda til áramóta, eins og raunar er sagt frá í aths. við fjárlagafrv. á bls. 148. Það er því hækkun á fjölskyldubótum um 62.5%, sem vantar í fjárl. Heildarupphæð hækkunar er útkoma úr einföldu reikningsdæmi, þótt hæstv. ráðh. teldi þar allt óljóst. Heildarupphæð fjölskyldubóta 1973 hækkar, miðað við núverandi aðstæður og þær staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, hátt upp í 400 millj. kr. Þar við bætast 150 millj. kr. vegna ríkisframlags til lögskipaðrar hækkunar annarra bóta, sem þegar er ákveðin, bæði í tryggingalögum og með kaupsamningum, sem eru löngu gerðir. Samtals er því þarna um 550 millj. kr. blekk-

ingu í fjárlagafrv. að ræða. Þetta er alveg fyrir utan þá verðlagsþróun, sem verður á næsta ári og hlýtur að leiða til stórfelldrar hækkunar bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

Herra forseti. Ég þakka það, að mér var leyft að taka hér til máls utan dagskrár, en ég taldi mér skylt að upplýsa þetta mál, fyrst mér var um það kunnugt og hér virtist á ferðinni stórfelldari gleymska, mistök og misskilningur en unnt væri að láta liggja í þagnargildi fyrir atkvgr. þá, sem hér er á dagskrá. Þetta er meira en tvöfalt hærri upphæð en allar brtt. hv. fjvn. samanlagt, þær sem voru hér til umr. í gær.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég taldi, að 2. umr. fjárl. hefði verið lokið í gærkvöld, og ætla því ekki að fara að hefja umr. um þau á nýjan leik nú. Ég vil hins vegar benda hv. 12. þm. Reykv. á, að það, sem ég svaraði til hér í gærkvöld, var það, að mér væri ekki fullkomlega kunnugt um, hvað það mundi kosta að greiða niður þau 2000, sem var varið til þess að halda vísitölunni í skefjum fram að næstu áramótum. En annað var ekki hér til umr., því að frekari ákvörðun um það mál hefur ekki verið tekin. Það hefur ekkert laumuspil verið framið af hendi minni í sambandi við það. Það er ekki mitt að gefa út tilkynningu um vísitölu, heldur aðeins að greiða þetta til að halda henni í því marki, sem hún nú er í.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 1, n. 167, 168 og 171, 162, 165). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. með þeim tölubreytingum, sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr. með þeim tölubreytingum, sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 162,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 162,2—22 samþ. með 44 shlj. atkv.

— 165 samþ. með 46 shlj. atkv.

— 162,23—85 samþ. með 43 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 162,86—90 samþ. með 44 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Efri deild, 25. fundur.

Föstudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143.) — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 143 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og l. nr. 50 22. apríl 1967, um breyt. á þeim l., þar sem 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.“

Frv. þetta gerir ráð fyrir breyt. á lífeyri til eftirlifandi maka sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara til samræmis við breyt., sem Alþ. samþ. á síðasta þingi á l. nr. 29 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við meðferð frv. til l. um breyt. á l. á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29 1963, á s. l. þingi var tekin í lög breyt. á rétti maka til lífeyris, sem gilda skyldi frá næstu áramótum. Réttur maka til lífeyris hefur verið sá, að summa bóta úr almannatryggingum og úr lífeyrissjóði hefur verið tiltekinn hluti af launum sjóðfélaga. Þetta hefur valdið því, að launahækkanir ríkisstarfsmanna hafa hækkað líka makalífeyri, en hækkun bóta almannatryggingа ekki, þar eð greiðsla úr lífeyrissjóði hefur þá lækkað að sama skapi. Þessa reglu hafa margar ekkjur átt erfitt með að skilja. Þær hafa tekið með þökkum hækkunum, sem fylgt hafa launahækkunum, en þegar skrifað hefur verið í blöð um kjarabætur gamla fólksins vegna hækkunar bóta almannatryggingа, hefur þessum konum þótt súrt í broti, að fá hækkun einnar greiðslu, en sömu lækkun annarrar. Þessu ákvað Alþ. að breyta s. l. vor, eins og áður sagði, með l. nr. 49 1972, 2. gr. Sú breyt. var þó einungis gerð að því er varðar Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Eðlilegt þykir, að sama reglan gildi um Lífeyrissjóð barnakennara, enda er hann algjörlega sambærilegur. Frv. það, sem hér liggur til umr., felur í sér þá breyt. Æskilegt er, að frv. verði afgr. fyrir jól, enda á það ekki að þarfnast verulegrar athugunar, sbr. það, sem sagt hefur verið um meðferð málsins á s. l. vori.

Þetta eru þær skýringar, sem liggja að baki þessu frv., að hér er eingöngu um hliðstæða breyt. að ræða og gerð var á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Ég treysti því, að þó að seint sé, þá muni hv. d. hraða þessu máli, svo að það geti orðið að lögum um næstu áramót og ekkjur þær, sem þarna eiga hlut að máli, njóti sömu réttinda og þær ekkjur, sem njóta lífeyris úr Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fylgja þessu frv. um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum úr hlaði með mörgum orðum. Þetta er mál, sem hv. alþm. er vel kunnugt um, m. a. frá umr., sem hafa farið fram um það, og

í öðru lagi fylgja svo rækilegar skýringar með í athugasemdum, að ég get verið stuttorður í sjálfu sér.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ofneyzla fíkniefna hefur verið böl víða um lönd. Það má segja, að lengi vel höfum við hér sloppið betur við það en aðrir. Það hefur verið fyrirferðarminna hér en annars staðar að undanförnu. En það er samt staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá, að það er farið að brydda mjög á þessu hér, og þess vegna er nauðsynlegt að gera í tíma allar tiltækar ráðstafanir, sem gætu spornað við því, að þessi ófögnuður breiddist hér út.

Það er í aths. gerð grein fyrir því, hvernig þessum málum hefur verið og er nú fyrir komið hér, þar sem löggæzlunni er þannig háttað í þessu efni eins og á öðrum sviðum, að lögregla hvers löggæzluumdæmis hefur á höndum eftirlit með því, að ávana- og fíkniefni séu ekki á boðstólum eða þeirra neytt í því umdæmi. Tollgæzlan fylgist með því, að efnunum sé ekki smyglað inn. Þessir aðilar hafa svo sín á milli samráð og skiptast á upplýsingum. En reynslan í þessum efnum hefur sýnt, að í næstum því öllum þeim málum, sem upp hafa komið, hafa þau snert fleiri lögsagnarumdæmi en eitt.

Það hefur starfað að þessum málum sérstök samstarfsnefnd, sem dómsmrh. setti á fót í marzmánuði 1972, og í þeirri n. eiga sæti fulltrúar frá þeim rn., sem þessi mál heyra sérstaklega undir, en það er svo, að þessi málefni snerta málaflokka, sem heyra undir 3 eða 4 ráðuneyti. Þessi samstarfsnefnd hefur unnið gott starf að mínum dómi, þótt hún hafi haft nokkuð takmörkuð fjárráð og því verið takmörk sett, fyrir hverju hún hefur getað sérstaklega beitt sér. Hún sendi frá sér 15. ágúst s. l. bréf til dóms- og kirkjumrn., sem prentað er hér með sem fylgiskjal, þar sem hún gerir vissar till. Í fyrsta lagi er farið fram á það, að skipuð verði sérstakur umboðsdómari, er hafi með höndum rannsókn mála varðandi brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni. Í öðru lagi, að tryggt verði, að a. m. k. 8 löggæzlu- og tollgæzlumenn starfi að jafnaði að fíkniefnalöggæzlu í Reykjavík og nágrenni, þar með talin Keflavík og Keflavíkurflugvöllur, og að þeim verði séð fyrir fullnægjandi starfsaðstöðu, bæði hvað snertir tækjabúnað og skrifstofuaðstoð. Það sé háð ákvörðun rn., hvort þessir löggæzlumenn starfa við eitt eða fleiri embætti á þessu svæði. Í þriðja lagi er farið fram á, að rn. hlutist til þess í samráði við heilbrrn., að lækni með sérmenntun í geðlækningum verði falið að sinna þessu máli. Í þessu bréfi koma fram þau rök, sem n. færir fram fyrir þessari málaleitan. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau hér. Enn fremur er þess að geta, að mér hafa borizt till. um þessi málefni, sem að sumu leyti ganga í sömu átt og sérstaklega hafa vikið að því, að sett yrði á stofn sérstök rannsóknardeild í fíkniefnamálum. Þær koma frá Kristjáni Pétursyni deildarstjóra á Keflavíkurflugvelli, sem hefur haft sérstakan áhuga á þessum málum og hefur unnið mikið að þeim. Má segja, að frv., sem hér liggur fyrir, hafi vissa stoð í þessum till., sem þannig hafa fram komið, þó að það hafi ekki verið hægt að þræða þær að öllu leyti, og þær eru grundvöllur undir frv. Aðalefni þess er, að stofnaður verði sérstakur dómstóll til að rannsaka og dæma brot varðandi ávana- og fíkniefni og taki hann til landsins alls.

Eins og ég sagði áðan, er þessum brotum flestum þannig háttað, þegar upp kemst um þau, að þau snerta fleiri en eitt lögsagnarumdæmi, og er óþægilegt bæði í rannsókn og dómsmeðferð að þurfa að dreifa því í fleiri en einn dómara. Hitt er augljóst hagræði, að rannsókn málsins geti farið fram undir stjórn einnar lögregludeildar og dómara. Þessi dómstóll á að hafa aðsetur í Reykjavík, dómari, er ráðh. skipar og á að hafa þekkingu á þessum málaflokki. Það er gert ráð fyrir því, að fulltrúar geti starfað við þennan dómstól eftir því sem þörf krefur. Málsmeðferð í þessum dómi á að lúta meðferð opinberra mála. Þegar ávana- og fíkniefnabrot blandast öðrum brotum, sem vel getur átt sér stað, skal leita úrskurðar saksóknara ríkisins um, hvort þessi fíkniefnadómstóll eða hinn almenni sakadómur skuli fara með málið í heild. Verði héraðsdómari var brots varðandi ávana- og fíkniefni, gerir hann þessum sérstaka dómi aðvart, og flytz þá málið þangað. Það er enn fremur gert ráð fyrir því, að dómsmrh. geti úrskurðað, hver störf skuli lögð undir þennan dómstól, að öðru leyti en lagafrv. ákveður. Starfslið dómarans skal ráðið af ráðherra. Svo er það loks, sem er þýðingarmikið og raunar annað aðalefni frv., auk þess að gera ráð fyrir að setja á stofn þennan sérstaka dómstól, að við embætti dómarans starfi undir hans stjórn sérstök lögregludeild, og er gert ráð fyrir, að það sé byrjað þar í smærri stíl en Kristján og samstarfsnefndin fóru fram á, þar sem gert er ráð fyrir að byrja með aðeins 3 menn. Þessi sérstaka deild á að starfa með lögreglumönnum hinna einstöku umdæma, sem vinna að ávana- og fíkniefnamálum, en slíkt mundi auðvitað haldast áfam og það yrðu sérstakir menn við embætti hvers lögreglustjóra, einkum hér í nágrenninu, sem hefðu sérstaklega með þessi mál að gera. Þessi sérstaka lögregludeild á að aðstoða þá, en að öðru leyti eiga þeir að vera dómaranum til aðstoðar við rannsókn mála. Það er svo gert ráð fyrir því, að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð.

Það er auðvitað svo, að þessari starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir, fylgir allmikill kostnaður, og fyrir honum er gerð grein í athugasemdum frv. Það er auðvitað atriði, sem þarf að huga að í þessu sambandi, hve mikinn kostnað menn telja fært og rétt að leggja í við þetta, og verður að sjálfsögðu Alþingis að meta og ákveða.

Í sambandi við þetta mál hafa vaknað vissar spurningar. Í till. n. er gert ráð fyrir því, að það verði skipaður umboðsdómari til að fara með þessi mál, en umboðsdómari er nú, eins og menn vita, skipaður til að fara með sérstakt og ákveðið mál. Að athuguðu máli þótti vafasamt, hvort það hentaði að hafa þá skipan á, sem leggur þá af sjálfu sér nokkuð mikið vald í hendur dómsmrh. að ákveða, hvaða dómur í

hverju einstöku falli fari með hvert einstakt mál, þannig að horfið var að því, að gera ekki ráð fyrir þessum svokallaða umboðsdómara, sem fari með þetta, heldur föstum dómara, enda er það svo, þegar sett er upp sérstök rannsóknarlögregludeild, sem ein fer með þetta embætti, að þá væri dálítið erfitt að koma því við, ef aðeins ætti að vera um umboðsdómara að ræða. Enn fremur kom það til athugunar, að við vonum öll, að hér sé um tímabundið ástand að tefla, sem geti liðið hjá, og þess vegna var það mjög athugað, hvort ekki væri rétt að binda í þessu frv., að í lögunum væri dómari aðeins skipaður til ákveðins tíma. Um það verð ég einnig að segja, að athuguðu máli og að áliti fróðustu manna var líka talið dálítið vafasamt, að slíkt væri a. m. k. í samræmi við venju um skipun dómstólakerfisins, að það væri hægt að skipa dómara þannig til ákveðins tíma. En það er vitaskuld atriði, sem hv. n., sem fær málið til meðferðar, getur tekið til athugunar, og er sjálfsagt, að hún taki það til athugunar. En þrátt fyrir það, að hér sé ekki gert ráð fyrir því, að dómarinn sé skipaður tímabundið, þá er eftir sem áður auðvitað sú von fyrir hendi, að hér sé um tímabundið ástand að ræða, og yrði þá auðvitað, að binda endi á starfsemi þessa dóms, sem þannig væri skipaður til óákveðins tíma, í samræmi við almennar reglur þar um.

Ég skal svo, herra forseti ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það er að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því, að þetta mál sé afgr. nú fyrir jól, og þess vegna ástæðulaust að vera að tefja tímann nú með löngum umr. um þessi efni, sem eru þó auðvitað þess eðlis, að þau verðskulduðu það. Það getur komið til athugunar, þegar betri tími gefst til þess. Það var aðeins ætlunin að koma frv. til n. fyrir jólaleyfi, og ég skal láta hér staðar numið, nema það komi fram fyrirspurnir, sem ég gæti leyst úr. Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég gleðst yfir því, að frv. til l. um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum er komið fram. Okkur er víst öllum ljóst, að á síðustu árum hefur sigið á ógæfuhlið hjá okkur í þessu efni, varðandi neyzlu og innflutning ávana- og fíkniefna. Á síðasta Alþ. fluttum við alþm. Ellert B. Schram og ég till. til þál. um rannsóknardeild vegna sölu og neyzlu fíkniefna. Í sambandi við þær umr., sem urðu þá, var greinilegt, að hér var orðið um verulegan vanda að ræða í okkar þjóðfélagi, enda þótt menn greindi nokkuð á um, hve vandinn væri stór. Það, sem er erfiðast fyrir okkur að sætta okkur við, er að geta ekki fundið þær orsakir, sem liggja til þessa. Við vitum, að þetta er kannske að einhverju leyti innflutt vandamál. Við vitum, að þetta er tízkufyrirbrigði í ýmsum löndum, og við vonumst til, að sú alda þessara óhappa, sem yfir gengur, gangi yfir á tiltölulega skömmum tíma. Hins vegar ber því ekki að neita, að hér er um vanda að ræða, sem verður að reyna að hafa hemil á svo sem unnt er. Við lögðum í þessari till. okkar til, að sérstök rannsóknardeild yrði skipuð, og það gleður mig sérstaklega, að hér er farið inn á þá braut að hafa sérstaka deild til rannsókna á ávana- og fíkniefnamálum.

Þeir, sem aðallega lenda í höndum lögreglu í sambandi við þessi mál, eru unglingar, og það hefur sýnt sig að vera einnig svo í öðrum löndum. Þess vegna er vafalaust ástæða til að leggja áherzlu á, að þeir lögreglumenn, sem rannsaka slík mál og starfa við rannsóknardeildina, séu sérhæfðir til starfa sinna og þá einkum með tilliti til þess, að þeir meðhöndla hér viðkvæm ungmenni, þar sem e. t. v. getur varðar miklu um framtíð þeirra, hvernig til tekst og hvort þeir lögreglumenn, sem að þessu starfa, þekkja andleg vandamál æskunnar og fara eins rétt og varlega í sakirnar og unnt er. Í því sambandi langar mig til að minnast á bréf, sem borizt hefur alþm. frá Neytendasamtökunum, þar sem getið er um, að 15 manns hafi kvartað yfir meðferð lögreglumanna á ungmennum, sem hafi verið tengd ávana- og fíkniefnamálum. Að sjálfsögðu er ekkert sérstakt fyrirbrigði, að kvartað sé undan slíku. En það, sem ég vildi leggja sérstaka áherzlu á, er, að hér er að mestu leyti um ungmenni að ræða, sem þurfa sérstakrar aðgæzlu og tillitssemi við. Ég segi þetta í þeim tilgangi einum, að frá upphafi verði reynt að mennta þessa menn til starfa og þeir fái leiðbeiningar félagsráðgjafa og sálfræðinga.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég sem sagt gleðst yfir því, að þetta frv. kom fram. Ég er ekki öruggur um, að sá háttur, sem hér er á hafður, að hafa sérstakan dóm fyrir þessa málaflokka sé æskilegur. Mér skilst, að sérdómstólar séu ekki sérlega vel þokkaðir eða ekki talið vera æskilegt nú á tímum að hafa marga sérdómstóla, og spurningin er, hvort hentugra hefði verið að fara þá leið, sem n. lagði til um sérstakan umboðsdómara. Ég tel mig ekki færan um að leggja dóm á það mál, en ég vil vekja athygli n. á þessu atriði, að það eru að mínu áliti nokkuð skiptar skoðanir um, hvort hér sé rétt að málum staðið. Hins vegar er meginatriðið fyrir mér það, að rannsóknardeild, þar sem vinna hæfir menn, er okkur nauðsyn, og ég vona, að það verði mikill og góður árangur af starfi hennar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er vikið að stórfelldu vandamáli, sem ekki er tími eða tök á að ræða neitt náið nú. Víða virðist þetta vera orðið eitt alvarlegasta þjóðfélagsmeinið í ýmsum háþróuðum menningarlöndum, og það er sjálfsagt erfitt að vita, hvernig við því á að snúast. Hér er vikið að einum þætti þessa máls, þ. e. a. s. hinni lagalegu hlið, og ég geri mér það að vísu ekki ljóst við lauslega athugun, hvort og hversu mikið hér er verið úr að bæta, en veit þó, að fyrir því er góður vilji bæði þeirrar n., sem þarna um ræðir, og eins hæstv. ráðh. En hér spinnst vitanlega margt inn í, og í eiturlyfjaneyzluna, held ég, að spinnist ekki hvað sízt sú gróðahvöt, sem í sambandi við hana er. Það eru á ferð víða erlendis hreinir

auðglæpahringar, sem skipuleggja þessa starfsemi sér til ábata, og eins og víða, þar sem slík sjónarmið komast að, er enn erfiðara en ella að komast fyrir vandann og leysa hann.

Hér er örugglega orðið þegar töluvert vandamál að ræða hér á landi. Hvaðan þessi eiturlyf og fíknilyf koma, skal ég láta ósagt, það veit ég ekki gjörla, en um það hef ég a. m. k. lúmskan og reyndar nokkuð rökstuddan grun, að þýsna drjúgan hlut af þessu sé að finna í sambandi við hernámsliðið á Miðnesheiði. Er þetta þá ekki fyrsta vandamálið, sem af því stafar, og þann þátt þyrfti áreiðanlega að rannsaka rækilega, hversu mikinn þátt erlent herlið hér ætti einmitt í sölu og jafnvel dreifingu þessara efna. Það er ekki hvað sízt alvarlegur þáttur þessa máls.

Auðvitað gerum við okkur ljóst, að með þessu finnst ekki lausn á þessu máli eingöngu og hér þarf margt til að koma frekar. En ég treysti því fullkomlega, að núv. hæstv. dómsmrh. sjái rækilega um, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson benti hér á áðan, að einmitt í sambandi við þennan dóm verði lögð á það mikil áherzla, að þeir menn, sem um þessi mál fjalla, hafi á því sérþekkingu, hafi fullt vald á því, sem þeir eru að gera. Á því er áreiðanlega full þörf.

Ég ætla einnig að víkja að því stuttlega, að mér þykir svo sem á þessum fíkniefnamálum hafi verið tekið af fjölmiðlum á þýsna óhagstæðan máta. Ég á við það, að úr þessu hafi oft verið gerðar hinar verstu og mestu æsifréttir, sem eru til þess líklegar eingöngu að varpa ævintýraljóma á þessa neyzlu og þá ekki hvað sízt í augum nýjungagjarnra og áhrifagjarnra unglinga. Ég held, að það væri full ástæða einmitt til þess að gæta vel að þeim þætti, að fjölmiðlarnir fjölluðu um þessi mál af fullkominni varfærni og hvorki gerðu of mikið úr einstökum þáttum né heldur drægju neina dul yfir þau, — það er alls ekki meining mín, en aðeins að þeir tækju á þessum málum af varfærni og á eins réttan máta og þeim væri nokkur leið.

Að lokum langar mig að geta þess, vegna þess að þessi mál eru komin hér á dagskrá og þegar *þessi mál eru rædd og svo myndarlega* tekið til hendi eins og hér er óneitanlega um að ræða og þá ekki hvað sízt á fjárhagssviðinu, þá fer ekki hjá því, að áfengisvandamálið komi hér upp einnig, og manni verður hugsað til þess, hvernig okkur hefur gengið baráttan gegn því, og þá ekki hvað sízt vegna þess, að hér hefur verið rætt um unglinga sérstaklega sem neytendur þessara fíkniefna, og vegna þess, hvert vandamál áfengisvandamálið er einmitt gagnvart þessum unglingum. Þá er rétt að gera sér einmitt grein fyrir því, þegar við erum að ræða löggjafaratriði þessa máls, að bak við drykkjuskap unglinga liggja lögbrot, oft fleira en eitt og fleiri en tvö, sem sagt, þessir unglingar mega ekki neyta áfengis að því leyti til, að þeir hafa ekki rétt til þess að kaupa það, og eiga þess vegna ekki að hafa möguleika á því að nálgast það öðruvísi en áður hafi verið framið lögbrot. Þessi lögbrot tíðkast vitanlega — ég vil segja hverja helgi og miklu oftar. Það er full ástæða til þess að herða eftirlit með því og sekta þá, sem uppvísir verða að því að stunda slík lögbrot, jafnvel í stórum stíl, ekki bara með málamyndasektum, sem þeir geta með auðveldum hætti aurað sér inn fyrir um næstu helgi á eftir, heldur einmitt þungum fésektum og þungum dómum, sem gætu orðið þeim einhver viðvörun. Ég ætla ekki að fara að tefja þessar umr. núna og skal fara í því að tilmælum hæstv. dómsmrh. En af því að ég veit, að hann hefur einnig mjög góðan skilning og vilja í sambandi við áfengismálin, þá vænti ég þess, að í þeim verði einnig tekið til hendi á myndarlegan hátt og a. m. k. ekki síður hvað snertir bæði þennan þátt og aðra þætti þess vandamáls en hér er lagt til gagnvart þessu vandamáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 82, n. 172). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var rætt á fundi fjh.- og viðskn. hinn 13. des. N. kvaddi á sinn fund skrifstofstjóra fjmrn., Björn Hermannsson, og gaf hann n. upplýsingar og skýringar varðandi efni frv.

Eins og fram kemur í aths. frv., er það borið fram til að samræma íslenzku tollskrána þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á Brüsseltollskránni svonefndu frá því árið 1968, en íslenzka tollskráin er gerð eftir tollskrárfyrirmynd Tollasamvinnuráðsins í Brüssel, hinni svonefndu Brüsseltollskrá, eins og hún var árið 1959. Á árunum 1959—1968 voru samþ. þó nokkrar breytingar á Brüsseltollskránni, og hefur íslenzku tollskránni þegar verið breytt til samræmis við þær breytingar. Frá árinu 1968 hafa verið gerðar frekari breytingar, og í bréfi Tollasamvinnuráðsins frá 25. nóv. 1971 segir, að þær breytingar séu gerðar til þess, að Brüsseltollskráin megi fylgja þeirri tækniþróun, sem orðið hefur á síðustu árum, og þeim breytingum í alþjóðaviðskiptum, sem *þessari þróun hafa verið samfara.* Þær breytingar, sem gerðar hafa verið, voru samþykktar í Tollasamvinnuráðinu hinn 9. júní 1970.

Til stóð, að þetta frv. yrði flutt á s. l. hausti, en það var þá of síðbúið og varð ekki af flutningi þess. Nú er lögð áherzla á, að frv. þetta nái fram að ganga. Hér er ekki um tollahækkun eða lækkun að ræða, og skráin er yfirleitt ekki opnuð, heldur eru fyrst og fremst fyllri skrýringar í aths. við tollflokka og kafla og textabreytingar við einstök tollskrárnúmer, sem miða í flestum tilvikum að því að bæta inn í viðkomandi nr. heitum nýrra vörutegunda. Í Tollasamvinnuráðinu eru um eða yfir 100 þjóðir, þó hvorki Bandaríkjamenn né Rússar. Allar að a. m. k. langflestar þessara þjóða í Tollasamvinnuráðinu hafa þegar staðfest þær breytingar, sem hér er leitað staðfestingar á og lagt er til, að gerðar verði.

Að fengnum upplýsingum og skýringum hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir

á þskj. 82. Við afgreiðslu í n. voru fjarstaddir þm. Björn Jónsson og Geir Hallgrímsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 77, n. 155, 156). — 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbúnaðarlöggjöfin er margþætt, og einn þáttur hennar er frv. það, sem hér liggur fyrir, og fjallar það um búfjárrækt. En fyrr á þessu ári hefur Alþ. afgreitt annað mikilvægt landbúnaðarmál, og það eru jarðræktarlögin. Þessi tvenn lög fjalla annars vegar um ræktunarmál jarðar og hins vegar ræktun búfjár. Með sanni má segja að þau hafi, hvor tveggja verið mikil lyftistöng fyrir bændastéttina frá fyrstu tíð og gert henni kleift að sinna verkefnum sínum. Þrátt fyrir það, að bændum hefur fækkað, hefur þeim tekizt eindæma vel að halda uppi mikilli og góðri landbúnaðarframleiðslu.

Frv. þetta segir fyrir um það aðalverkefni, sem félagsstarfsemi landbúnaðarins þarf og á að beita sér fyrir. Það markar stefnu í búfjárræktarmálum frá grunni, þ. e. hjá bændunum sjálfum og þeirra hreppabúnaðarfélögum. Það mótar jafnframt leiðbeiningaþjónustu búnaðarsambanda og ákveður verksvið Búnaðarfélags Íslands, sem hefur heildarstjórn á leiðbeiningaþjónustu landbúnaðarins, og veitir einnig mikilvægar leiðbeiningar og innir af hendi margþætta opinbera þjónustu.

Frv. þetta er að mörgu leyti líkt þeirri löggjöf, er nú gildir um búfjárrækt. En að sjálfsögðu felur það í sér ýmsar nýjungar, sem byggjast á nýrri tækni, auknum vísindum og breyttum samgöngum á landi og í lofti. Allt samstarf hjá bændum er miklu auðveldara nú en áður var.

I. kafli frv. fjallar um félagskerfið, starfssvið þess á hinum einstöku stigum og þá þjónustu, sem veitt er af því opinbera, þ. e. leiðbeiningaþjónustu eða ráðunautaþjónustu. Allt er þetta mótað nánar í frv. þessu en áður í löggjöf, en þó eru stórvægilegar breytingar, þar sem fylgt hefur verið hefðbundnum reglum í þessum efnum. Undirstaða þess, að vel til takist í leiðbeiningaþjónustunni, er að ráðunautar fái haldgóða þekkingu á landbúnaði og að tilrauna- og rannsóknastarfsemi landbúnaðarins sé vel uppbyggð og góð tengsl séu á milli rannsókna annars vegar og leiðbeiningaþjónustunnar hins vegar. Eigi má heldur loka augum fyrir því, að allir bændur verða að hafa þekkingu á starfi sínu og getað tileinkað sér með góðum árangri þær nýjungar, sem eru að gerast og til heilla horfa. Ég hef hér að framan lýst félagskerfi landbúnaðarins og leiðbeiningaþjónustunni, og raunar kemur þetta allt fram í 4. gr. frv.

II. kafli þessa frv. er um nautgriparækt, og eru þar mestu breytingarnar frá gildandi löggjöf í þessu frv. Tekin eru upp sérstök ákvæði í frv. um það, að Búnaðarfélag Íslands skuli reka nautastöð til framleiðslu á djúpfrystu nautasæði, eins og þegar hefur verið gert að Hvanneyri í nokkur ár með mjög góðum árangri. Gert er ráð fyrir því, að sérstök kynbótanefnd verði valin á Búnaðarþingi til þess að sjá um val kynbótanauta, og skal n. þannig valin, að hún geti haft sem nánust og bezt tengsl við bændur í hinum einstöku landshlutum. Þar af leiðir, að fellt er niður það ákvæði, sem gilt hefur um sérstakar kynbótanefndir í hverjum hreppi. Búnaðarsamböndin eiga að sjá um dreifingu á djúpfrystu sæði hvert á sínu félagssvæði. Til þess að standa undir kostnaði við starfsemi þessa fá samböndin framlög frá ríkissjóði, stofnstyrk, ⅓ af kostnaði stöðvanna og nauðsynlegra tækja, sem þeim fylgja. Þá skulu þau einnig fá 65% af viðurkenndum launum sæðingarmanns og 65 kr. í styrk á hverja sædda kú. Lagt er til, að búnaðarsamböndin geti innheimt allt að 0.7% af grundvallarverði innveginnar mjólkur hjá mjólkurbúunum, og mörg búnaðarsambönd hafa notið styrks frá mjólkursamlögum, annaðhvort á þennan hátt eða heildarupphæð á ári hverju. Nægi þessar tekjur ekki samböndunum til starfsemi sinnar, skal það, sem á vantar, tekið með sérstöku gjaldi á sædda kú á sambandssvæðinu.

Þá eru í frv. þessu sett skýrari ákvæði en áður um afkvæmarannsóknir á nautum. Tvær afkvæmarannsóknir á nautum. Tvær afkvæmarannsóknastöðvar hafa starfað hér á landi, þ. e. á Lundi í Eyjafirði og Laugardælum í Árnessýslu. Stöðvar þessar hafa möguleika á að afkvæmarannsaka 6—8 naut árlega, en það þykir of lítið og verður vafalaust allt of lítið í framtíðinni. Möguleikar eru á því að rannsaka afkvæmahópa á búum bænda með því að semja við þá um notkun á vissum nautum og kvígnauppeldi. Þá er í þriðja lagi hægt að vinna upplýsingar upp úr skýrslum bænda um kúabúin, en það þykir ekki eins nákvæm athugun og þarf að hafa miklu fleiri gripi í athugun, þegar sú aðferð er notuð. Þessar tvær síðasttöldu leiðir eru í seinni tíð mikið notaðar erlendis, og gera má ráð fyrir, að þær verði fyrir valinu hér á landi í framtíðinni. Fjárframlög í þessu skyni eru miðuð við það, að hægt sé hér að velja og hafna um leiðir eða nota þær allar, eftir því sem hentar bezt. Þá eru tekin upp ákvæði um héraðssýningar á kúm, en þessar sýningar eru háðar ströngu eftirliti þeirra, sem fylgjast eiga með sjúkdómum búfjár, einkum garnaveiki og öðrum smitnæmum búfjársjúkdómum. Gert er ráð fyrir sérstökum verðlaunum á sýningum þessum, annars vegar fyrir afkvæmi og hins vegar fyrir einstaklinga og þar að auki fyrir beztu kúna á hverri sýningu.

III. kafli frv. fjallar um sauðfjárrækt. Nýmæli er það í frv. þessu, að tekin eru upp ákvæði um sauðfjársæðingarstöðvar, og eru þær fjárhagslega byggðar upp á sama hátt og dreifingarstöðvar fyrir nautasæði. Þá er tekin upp heimild fyrir Búnaðarfélag Íslands til að koma upp djúpfrystingarstöð fyrir hrútasæði og sjá um rekstur hennar. Stöð þessi mundi starfrækt á svipaðan hátt og nautastöðin á Hvanneyri. Tæknilega hefur ekki reynzt nógu vel að djúpfrysta hrútasæði og halda því nothæfu, en vonandi tekst að leysa þau vandamál innan tíðar. Það

mundi skapa mikla möguleika á aukinni sauðfjárrækt, ekki sízt hjá þeim bændum, sem ekki hafa aðgang að úrvalssauðfjárstofnum, eins og enn þá er sums staðar á landinu. Að öðru leyti er þessi kafli ekki mikið breyttur frá gildandi lögum nema það, að tekið er inn ákvæði um héraðssýningar á sauðfé. Framlög ríkis miðast við það, að þátttaka þeirra, sem eru í sauðfjárræktarfélögum, sé meiri en verið hefur, og fer framlagið lækkandi, eftir því sem hver og einn hefur hlutfallslega fleiri ær skráðar í félaginu. Þetta hvetur bændur til þess að taka í stærri stíl þátt í þessari starfsemi en annars mundi verða.

Þá er nú sem fyrr lögð á það áherzla að viðhalda geitfjárstofni þeim, sem til er landinu, og greiðir ríkið nokkurn styrk í þessu skyni samkv. frv. þessu, eins og gilt hefur í lögum um nokkurra ára skeið.

IV. kafli frv. er um hrossarækt. Þar er um bæði félagslegar breytingar að ræða og verulega aukin fjárframlög til kynbótastarfseminnar. Frá því að íslenzki hesturinn var ómissandi þjónn á hverju heimili og allir landflutningar byggðust á hestum, hefur orðið talsverð breyting á hlutverki hestsins. Margur hélt um tíma, að hlutverki hans væri lokið, en svo var þó ekki. Í dag er hesturinn þarfur þjónn á bændabýlum og hjá fjölda fólks í Reykjavík og í bæjum og kauptúnum víðs vegar á landinu. Auk þess er hann að verða eftirsóttur erlendis og á eftir að verða dýrmæt útflutningsvara, þegar meira verður vandað til kynbóta en hingað til hefur verið. Skoðun mín er, að við eigum ekki að flytja úr landi nema vel tamda gæðinga. Kaflinn um hrossarækt í frv. þessu miðast allur við það, að meira eftirlit verði haft með kynbótum hrossa en verið hefur og vandað til stóðhesta og þeir afkvæmaprófaðir og dæmdir eftir því. Það þykir aldrei góð mjólkurkýr, sem er skapvond og selur illa mjólkina. Eins er það með gæðinginn, hestinn, að hann getur eigi reynzt traustur og góður, nema lundin sé þjál, þótt að vísu sé nokkuð til í því, að oft verði góður hestur úr göldum fola. En þó er það nú svo, að sjaldnast verða þeir hestar góðir nema þá hjá þeim, sem hafa tamið þá og umgengist þá lengst.

Nýmæli í kafla þessum er það, að 5 manna sýningarnefnd á að starfa á vegum Búnaðarfélags Íslands til þess að semja reglur um fyrirkomulag og framkvæmd sýninga og skipan dómnefnda og forsendur dóma. Búnaðarþing kýs 2 menn í þessa sýningarnefnd og Landssamband hestamannafélaga tilnefndir 2 menn, en oddamann skipar Búnaðarfélag Íslands, og skal það vera ráðunautur félagsins í hrossarækt. Þá er lagt til að koma upp svonefndum Stofnverndarsjóði, sem myndast af útflutningi hrossa, 10% af útflutningsverði hryssa og 20% af útflutningsverði óvanaðra hesta. Sjóður þessi skal notaður til þess að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fé til kaupa á kynbótahrossum, sem annars yrðu seld úr landi. Mundi það vera mikill skaði, ef til þess þyrfti að koma.

Þá er það nýmæli í frv. þessu, að sýslunefndir og sveitarstjórnir fá heimild til þess að skylda hrossaeigendur til þess að hafa öll sín hross í vörzlu nema þann tíma, sem þau eru á afrétti. Þess má geta, að hross fara illa með haglendi, ekki sízt þegar krafsjörð er á vetrum. Auk þess er hættulegt að láta hross nöllta meðfram þjóðvegum, og getur það valdið slysum með sívaxandi umferð, eins og á sér stað hér á landi.

V. kafli þessa frv. er óbreyttur frá gildandi lögum, og er hann um svína- og alifuglarækt.

VI. kafli er nýr og fjallar um hundarækt, þar sem Búnaðarfélagi Íslands er heimilað að semja við einstaklinga um að rækta, ala upp og venja hreinkynja fjárhunda, annaðhvort af íslenzku eða erlendu kyni. Við Íslendingar höfum yfirleitt ekki komizt upp á lag með að hafa eins mikil not af fjárhundum við smalamennsku og fjárgæzlu og t. d. skozkir bændur hafa getað og margir aðrir. Hugsunin með þessu ákvæði frv. er að gera tilraunir til að bæta úr þessu vandamáli, því að sannarlega er mikil þörf á góðum fjárhundum, þar sem fámenni er mikið í sveitum og mjög víða erfiðar smalamennskur.

VII. Kaflinn er um loðdýrarækt. Hann er nýmæli, þar sem Búnaðarfélagi Íslands er falið að hafa ráðunaut í loðdýrarækt til þess að leiðbeina um fóðrun og kynbætur loðdýra. Þeir, sem staðið hafa fyrir innflutningi minka á undanförnum árum, hafa mjög sótt á með að fá leiðbeiningar á þessu sviði, og hefur Búnaðarfélagið leitazt við að sinna þessum verkefnum með því að fá bæði innlenda og erlenda menn til þess að taka að sér leiðbeiningar á þessu sviði, en þó ekki nema skamman tíma í einu. Hugsanlegt er, að þetta geti orðið fullkomið starf fyrir einn ráðunaut, og ætlazt er til þess í þessu frv., að þarna geti orðið um svo mikið verkefni að ræða, að til þess þurfi sérstakan ráðunaut, sem hefur kynnt sér til hlítar loðdýrarækt.

VIII. kaflinn um æðarrækt er nýmæli í löggjöf nú í seinni tíð. Áður fyrr hafði Búnaðarfélagið leiðbeiningar á þessu sviði, og það hefur einnig haft þær með höndum í seinni tíð, enda hafa æðarræktarbændur óskað eftir leiðbeiningum á þessu sviði. Hér er líka um mjög þýðingarmikið mál að ræða, því að æðardúnninn, ef vel er til hans vandað að öllu leyti, er mjög dýrmæt vara, bæði innanlands og einnig til útflutnings.

IX. kaflinn er óbreyttur frá gildandi lögum, en hann fjallar um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé. Í þessu sambandi má minna á það, að ákveðið er að reisa sóttvarnarstöð í Hrísey. Þangað skal flytja djúpfryst sæði úr erlendum nautum af Galloway-kyni og nota fyrir þann kúastofn, sem verður einangraður á þeirri sóttvarnastöð. Vonir standa til, að innflutningur þessi skapi möguleika á meiri og betri nautakjötsframleiðslu en hér hefur verið til þessa.

X. kafli frv. er um forðagæzlu. Hann er óbreyttur að öðru leyti en því, að lögð eru niður ákvæði um stofnun fóðurbirgðafélaga, þar sem reynslan hefur sýnt, að þau náðu ekki þeirri útbreiðslu, sem reiknað var með í upphafi. Því er áfram ætlazt til þess, að hlutaðeigandi sveitarstjórnir sjái um þessi mál.

XI. kaflinn um almenn ákvæði felur ekki í sér nein nýmæli önnur en þau, að sektarákvæði eru tvöfölduð í upphæð frá því, sem er í gildandi lögum, og mun það ekki vera til ósamræmis

við ýmsar aðrar verðhækkanir í landinu frá því, að þessi löggjöf öðlaðist gildi.

Þá hefur landbn. lagt fram nokkrar brtt. á þskj. 156, og eru þær að mestu teknar upp eftir till., sem hagstofstjóri sendi n. og hann taldi nauðsynlegt, að væri ákvæði um í löggjöf. Þessar brtt. fjalla um tvennt: í fyrsta lagi leiðréttingar á misritun í frv. og í öðru lagi breytingar við kaflann um forðagæzlu, en þar hefur hagstofustjóri farið fram á það við n., að hún tæki inn í frv. ákvæði um það, að bæði Reykjavíkurborg og bæjarfélögin í landinu hefðu sína forðagæzlu eins og sveitahrepparnir. Og það er ekkert óeðlilegt, að þetta sé gert, ekki sízt þegar það er haft í huga, að í öllum bæjum er nokkuð mikið um búfénað. Hestum fer fjölgandi í bæjunum og mjög ört fjölgandi hér í Reykjavík, og einnig má segja, að í fjölmörgum bæjum og kauptúnum sé mjög margt sauðfé. Allt bendir til þess, að nauðsyn sé á, að á þessum stöðum sé forðagæzla, það nái svipuð lög yfir þann búfénað, sem er í bæjum, og þann, sem er í sveitum. Það gefur líka auga leið, að þetta er miklu þægilegra á allan hátt fyrir úrvinnslu og þá upplýsingaþjónustu, sem Hagstofa Íslands veitir. Þetta mun hafa verið áður í lögum, en ég veit ekki vel, hvenær það hefur fallið úr. Það kemur ekki beint fram í gildandi löggjöf, en ég held, að það sé heppilegt og rétt, að þetta sé tekið inn. Allar brtt. að undanteknum leiðréttingum fjalla um breytingar, sem hagstofustjóri lagði til, og eru þær varðandi bæjarfélögin, og þar á að sjálfsögðu að greina frá fóðurforða, og einnig vill hann fá inn í skýrslur upplýsingar, sem aflað er í bæjum, um þá garðrækt eða garðuppskeru, sem til fellur á þeim stöðum, til þess að þær upplýsingar, sem Hagstofan veitir á þessu sviði, séu nákvæmari en annars mundi vera.

12. brtt. er bráðabirgðaákvæði, sem kemur á eftir 66. gr., og er um það, að búnaðarsamböndum verði „heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.“ En í frv. segir, að þetta skuli tilkynnt eigi síðar en 1. des. árið áður en gjaldið skuli á lagt. En miðað við það, að senn er þessi mánuður á enda, desembermánuður, og vonandi verður þetta frv. að lögum annað tveggja nú fyrir jólin eða snemma á næsta ári, þá mundu búnaðarsamböndin geta notfært sér þennan gjaldstofn, ef þau vildu, og gætu tilkynnt það með mánaðar fyrirvara, eftir að lögin öðluðust gildi, hvenær svo sem það yrði á næsta ári.

Þá kemur fram í nál., að n. bárust bréf frá fleiri en hagstofustjóra. Það kom bréf frá Landssambandi hestamannafélaga, sem óskaði eindregið eftir því, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Einnig barst n. bréf frá sýslumanni Húnvetninga, þar sem hann óskaði eftir smávægilegum breytingum við frv., og eru þær einkum tvær. Það er við 31. gr., þar sem sagt er, að óheimilt sé að láta stóðhesta ganga lausa. Breytingin, sem sýslumaður fer fram á, er sú, að oddvitum verði falið þetta starf í stað hreppstjóra, og rökstyður hann það nokkuð. En n. sá ekki ástæðu til að fara að taka upp þessa breytingu, ekki sízt vegna þess, að hreppstjórarnir hafa alltaf haft þessi störf með höndum, og okkur er ekki heldur kunnugt um það, að þeir hafi ekki staðið sig vel, þar sem á slíku hefur þurft að halda. Þá er önnur breyting, sem kom fram í sama bréfi. Það er varðandi forðagæzluna, þar sem sýslumaður taldi, að það mætti gjarnan fella niður tvær greinar, sem um þau mál fjalla, þ. e. 58. og 59. gr. frv., og rökstyður hann það með því, að það, sem í þessum gr. standi, komi fram í 55. gr. og 65. gr. En n. fannst það ítarlegra að láta þessar gr. standa og gat því ekki fallizt á þær breytingar, sem þar er farið fram á.

Þá barst n. bréf frá ráðunautum Búnaðarfélags Íslands. Það er um, að tekinn verði upp sérstakur styrkur til kaupa á sjálfvirkum mælum, sem nauðsynlegt er að nota, eftir að sjálfvirku mjaltavélakerfin komu og mjólkurtankar á heimilin. Þessir mælar eru alldýrir og hafa verið tollaðir nokkuð hátt að undanförnu, en vonir standa til þess, að tollskrá verði endurskoðuð nú síðar í vetur, og hef ég rætt þessi mál við fjmrn., og hafa þeir heitið bót og betrun í því, að tollur af þessum tækjum skyldi verða svipaður og af mörgum öðrum landbúnaðartækjum eða um 7%, og teljum við þá, að úr þessu sé bætt.

Fleira er það ekki, sem ég sé ástæðu til að gera grein fyrir í sambandi við þetta mál, en vonast eftir því, að hv. þm. samþykki frv. og þær breytingar, sem fyrir liggja, og allir nm. eru líka á einu máli um, að svo verði gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 156,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
32.—45. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
47.—52. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,6 samþ. með 16 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,7 samþ. með 16 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,8 samþ. með 16 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 156,9 samþ. með 17 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 156,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
58. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 156,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
59. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
60.—66. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 156,12 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 24. fundur.

Föstudaginn 15. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31, n. 138 og 142). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 138 felld með 22:11 atkv.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði, sem mig langaði að minnast á við þessa umr. Það er að vísu, að ég held, þýðingarlaust að tala almennt um þær skattalagabreytingar, sem gerðar voru á síðasta þingi. Það er þýðingarlaust vegna þess, að það er sama, hvað bent er á, það er ekki hlustað. Það er ekki hlustað nú fremur en á s. l. vetri, þegar hæstv. ríkisstj. var margbent á, hvers konar afglöp hún væri að fremja. Það er ekki hlustað nú fremur en áður, þótt sannanir séu komnar fram í dagsljósið eftir álagningu skattanna á s. l. sumri.

Hér er til umr. frv. til l. um staðfestingu á brbl., sem sett voru á s. l. sumri. Með þessum brbl. hélt hæstv. ríkisstj., að hún gæti þvegið hendur sínar með því að leiðrétta að nokkru eina verstu skyssuna, sem hún gerði í sambandi við skattal., þegar skattbyrði aldraðra var aukin meira en á öðrum þjóðfélagsþegnum. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega efni þessa frv. eða brtt., sem fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. hafa lagt fram og hv. 1. þm. Reykn. gerði hér grein fyrir í umr. um daginn. En það voru atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég þarf að fá skýringu á.

Hv. 1. þm. Reykn. ræddi um þau áhrif, sem niðurfelling almannatryggingagjaldsins hefði við álagningu skatta nú. Hann sagði réttilega, að áður en breytingin var gerð á þessu ári hefði almannatryggingagjaldið verið frádráttarbært, þ. e. a. s. almannatryggingagjald, sem greitt var á s. l. ári, hefði fengizt dregið frá tekjum nú að óbreyttum lögum við álagningu 1972. Nú var almannatryggingagjaldið fellt niður sem sérstakt gjald, en almannatryggingar eru nú fjármagnaðar gegnum tekjuskattskerfið. Er ekki alveg ljóst, að með þessu er komið aftan að gjaldendum? Þegar svo þar við bætist, að þeir, sem orðnir voru 67 ára, greiddu alls ekki almannatryggingagjald, en gera það nú gegnum tekjuskattskerfið, þá þykir mér liggja í augum uppi, að aðstaðan er verri en áður. En hæstv. fjmrh. sagði hér í umr. í fyrradag, að fólk væri raunverulega búið að fá framlagið til almannatrygginga dregið frá skatti, ekki aðeins einu sinni, heldur raunverulega tvisvar. Lái mér hver sem vill, þótt ég skilji þetta ekki, en ég fer fram á nánari skýringar. En örfá orð til viðbótar um skattbyrði eldra fólksins.

Hæstv. fjmrh. sagði, ég held, að ég hafi það nokkurn veginn orðrétt eftir honum, að það væri broslegt að gefa öldruðu fólki sérstakan frádrátt, ef það hefur miklar tekjur. Hann taldi aldraða fólkið betur sett en unga fólkið eða það fólk, sem er að mennta börnin sín. Það er í sjálfu sér virðingarvert að bera umhyggju fyrir unga fólkinu. Sérstakur frádráttur ætti sem sagt ekki að miðast við aldur, heldur við tekjur, auk þess sem spurning væri um það, hvað fólk ætti að skila miklu til eftirkomendanna. Þá höfum við það. Þetta er skoðun hæstv. fjmrh., sem ég bið menn að taka eftir. En er það raunverulega skoðun hæstv. ríkisstj., að þeir, sem eiga lifið fram undan eða a. m. k. mest af sinni starfsævi, skuli njóta sérstakra skattfríðinda umfram þá, sem fyrir aldurs sakir hafa lokið sinni starfsævi og hafa ekki lengur atvinnutekjur? Mér sýnist, að ef þetta er skoðunin, þá eigi að halda áfram skattpíningunni alveg fram í andlátið, ef svo má segja. Ef svo skyldi fara — (Gripið fram í.) já, raunar fram yfir það, ég kem að því, — ef svo skyldi fara, að ekki næðist nægilega mikið af hinum öldruðu gegnum tekjuskattskerfið, þá er lausnin erfðafjárskatturinn, eins og sýndi sig á síðasta þingi. Þá ætti að vera nokkurn veginn öruggt, að ríkissjóður fengi sitt. En hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þá leið, að það væri spurning, hvað rétt væri að leyfa eftirkomendunum að fá. Um leið lætur hann þó í ljós þá skoðun, að sérstaka umhyggju þurfi að bera fyrir yngri kynslóðinni. En það er hins vegar engin spurning um það, hvað menn þurfa nú að greiða í tekjuskatt. Það er engin spurning um það, hve skattbyrði hinna öldruðu hefur aukizt, og þetta frv., sem hér er til umr., bætir þar ekki mikið um.

Ég skal ekki fara út í það að nefna einstök dæmi, sem þó eru fjölmörg um, hve skattbyrði aldraðra hefur aukizt frá því, sem áður var. En má ég nefna eitt? Er t. d. nokkurt réttlæti í því, að ekkja, sem komin er hátt á níræðisaldur, þurfi nú að greiða 140 þús. kr. í skatta, í tekjuskatt og útsvar, móti 17 þús. kr. á s. l. ári, þótt hún hafi eingöngu eftirlaun, bæði vegna eigin starfa áður og eftir mann sinn? Þetta get ég ekki tekið undir, að sé réttlæti.

Þá ræddi hæstv. fjmrh. nokkuð um það hagræði, sem sveitarfélögin hefðu haft af skattalagabreytingunni á síðasta þingi. Hann las upp skýrslu, sem átti að sýna, að kaupstaðirnir hefðu nú meira fé til framkvæmda en áður. Ég leyfi mér að segja, að þessi skýrsla er markleysa, vegna þess að það er ekkert tillit tekið til þeirra miklu hækkana, sem orðið hafa á öllum kostnaði við framkvæmdir. Það kom hér fram í fjárlagaumr. í gær hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að byggingarvísitala hefur hækkað um 28.9% frá 1. júlí 1971. Ef hæstv. ríkisstj. hefði hins vegar haldið sig við málefnasamning sinn, þótt ekki væri nema að því eina leyti, sem hún lofaði í sambandi við sveitarfélögin, þá hefði munurinn á því, sem sveitarfélögin ættu nú að hafa til verklegra framkvæmda, átt að vera miklu, miklu meiri en skýrsla hæstv. ráðh. sýnir. Í málefnasamningn-

um segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga."

Hvað hefur gerzt? Vald sveitarfélaga hefur fremur verið skert en hitt og verkefnin flutzt yfir á ríkið. Tekjustofnar þeirra hafa einnig verið skertir. Það er tilgangslaust fyrir ríkisstj. að benda á, að létt hafi verið byrðum af sveitarfélögum með því að losa þau við þátttöku í löggæzlukostnaði. Það voru allir sammála um. En með því var ekki verið að auka vald sveitarfélaganna eða fela þeim aukin verkefni, þvert á móti. Af öllum mætti er unnið að auknu miðstjórnarvaldi, og meðan þessi hæstv. ríkisstj. er við völd, verður áreiðanlega haldið áfram á þeirri braut. Það stoðar ekkert að líta til ákvæða í málefnasamningnum margnefnda, — ákvæða, sem þó mætti ætla, að allir skildu, eins og t. d. það ákvæði, sem ég las hér upp áðan. Við getum alveg eins búizt við því, að okkur verði sagt, að við rangtúlkum þetta ákvæði eða bara skiljum það ekki. Þannig kann aukið sjálfsforræði byggðarlaga að nást með því, að ákvarðanir, sem varða þau, verði allar teknar í rn. og fé fái þau ekkert til ráðstöfunar nema gegnum rn. líka og þá náttúrlega eftir að hafa skilað tilheyrandi grg. Það getur vel verið að þetta sé leiðin til þess að auka sjálfsforræði sveitarfélaga. Ég held ekki.

Annars gladdi það mig hér í umr. í gærkvöld að heyra hæstv. fjmrh. taka undir — að vísu með fyrirvara — orð hv. þm. Steinþórs Gestssonar um, að sveitarfélögin ættu að taka að sér þjónustu við unga og aldna. Um þetta vill hæstv. ráðh. gjarnan hugsa. Mig grunar, að hann hafi orðið svona hrifinn af þessu, þar sem hann eygði möguleika á að losna við allt kennaraliðið af launaskrá ríkisins. En mér virtist hins vegar eins og hann væri að heyra þessa hugmynd í fyrsta skipti. Hún er þó sett fram í skýrslu, sem Samband ísl. sveitarfélaga lét gera fyrir um það bil tveimur árum um hugsanlega breytingu á skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga. Ef slík breyting væri gerð, þarf hins vegar að hugsa fyrir auknum tekjustofnum fyrir sveitarfélögin. Þetta veit ég að sjálfsögðu, að hæstv. fjmrh. skilur, svo mikil afskipti sem hann hefur haft af sveitarstjórnarmálum áður fyrr. En ég er hins vegar hræddur um, að till. sem þessar eigi ekki upp á pallborðið hjá ýmsum öðrum meðal stuðningsmanna hæstv. ríkisstj.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Við fjórir þm. höfum leyft okkur að flytja brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Er brtt. okkar á þskj. 186 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undan 1. gr. komi ný gr. svo hljóðandi:

6. gr. l. orðist svo:

Á eftir 4. mgr. 14. gr. komi ný mgr., 5. mgr., svo hljóðandi:

Auk frádráttar samkv. 1.—4. mgr. þessarar gr. skal frá hreinum tekjum sjómanna, sem lögskráðir hafa verið eigi skemur en 6 mánuði við fiskveiðar á íslenzkum fiskiskipum, draga upphæð, sem nemur hálfri kauptryggingu, eins og hún er á hverjum tíma, áður en skattur er á þær lagður."

Eins og fram kemur af tillgr., hljóðar till. um aukinn frádrátt til handa sjómönnum í sambandi við álagningu tekjuskatts. Reglur um sjómannafrádrátt, eins og það er orðað, er að finna í 14. gr. l. nr. 68 frá 15. júní 1971 og 6. gr. l. nr. 7 frá 23. marz 1972. Þessi umrædda gr. l. frá 1972 hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Auk frádráttar samkv. 1.—4. mgr. þessarar gr. skal frá heinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður."

Vel má vera, að einhverjum finnist, að ekki sé ástæða til þess að ganga lengra til móts við óskir sjómanna um aukinn frádrátt en gildandi lög gera ráð fyrir. Ef svo er, tel ég, að um alvarlegan misskilning sé að ræða, og kemur þar margt til: Í fyrsta lagi gerbreytt atvinnuaðstaða manna hin síðari ár miðað við það, sem áður var. Áður fyrr var það svo, að sjómennska var betur launuð en landvinna, jafnvel þó að miðað væri við jafnlangan vinnutíma. Ungir menn sáu sér því hag í því fjárhagslega að gera sjómennsku að ævistarfi sínu, þó að sjómennska sé, eins og allir vita, bæði erfiðari og hættulegri atvinna en mörg störf, sem unnin eru í landi. Hin síðari ár hefur þetta breytzt mjög á þann veg, að mörg störf í landi, sem henta sjómönnum vel, eru orðin eins vel, ef ekki betur launuð en störf sjómanna, ef miðað er við sambærilegan vinnutíma. Þetta hefur óneitanlega dregið úr áhuga ungra manna á að gera sjómennsku að ævistarfi og hefur beinlínis orsakað það, að erfiðara hefur orðið með hverju ári, sem líður að fullmanna bátaflotann á vetrarvertíð. Eftir að 40 stunda vinnuvikan var lögfest hjá landverkafólki, hefur þetta versnað enn til muna, eins og við mátti búast. Hér hefur því skapazt vandamál, sem á einhvern hátt verður að leysa. Flm. till. gera sér alveg ljóst, að hér er um allerfitt vandamál að ræða. Hins vegar þýðir ekki annað en horfast í augu við það og reyna að finna leið til þess að snúa við þeirri þróun, sem átt hefur sér stað í þessum málum á undanförnum árum. Einhverjir kunna að halda, að hægt sé að leysa þetta með því að hækka hlut sjómanna í heildartekjum útgerðarinnar, en ég dreg mjög í efa, að svo sé. Útgerðin greiðir nú um helming af brúttótekjum bátaflotans, sem bolfiskveiðar stundar, til og vegna skipshafnar. Ég hygg, að ef þessum hlutföllum yrði raskað nokkuð sem heitir, mundi það skapa verulegan samdrátt hjá útgerðinni, og yrði það engum til góðs, hvorki sjómönnum né þjóðfélaginu í heild. Það nærtækasta og sennilega eina leiðin til úrbóta er að veita sjómönnum frekari skattfrádrátt en nú er.

Eins og fyrr er sagt, nemur aukafrádráttur til sjómanna samkv. 6. gr. l. frá 23. marz 1972 8% af beinum tekjum þeirra. Ef miðað er við 10 mánaða úthald skips og 500 þús. kr. aflahlut háseta, gerir þetta 40 þús. kr. Ef till. okkar yrði samþykkt, mundi þetta hins vegar verða, miðað við sama úthaldstíma og sama aflahlut, um 160 þús. kr., og telja flm. það algert lágmark

og eru vissulega tilbúnir að styðja frekari skattafrádrátt sjómönnum til handa, ef um það næst samkomulag. Við teljum réttara að miða frádráttinn við upphæð kauptryggingar, eins og hún er á hverjum tíma, frekar en prósentur af brúttótekjum, eins og nú er gert. Með því að miða frádráttinn við kauptryggingunna helzt hið rétta hlutfall, sem með frjálsum samningum hefur verið ákveðið milli undirmanna og yfirmanna á fiskiflotanum, og getur ekki farið út í neinar öfgar, þó að um háar tekjur yfirmanna sé að ræða. Ég vil mjög undirstrika þetta og vil biðja hv. þm. að gera sér ljóst, að það er ekki einvörðungu hagsmunamál sjómanna, að aðstaða þeirra verði bætt, heldur ekki síður þess fólks, sem í landi vinnur, og reyndar þjóðarheildarinnar. Talið er, að um 5000 sjómenn séu nú starfandi hér á landi, og það væri sjálfsblekking, ef við gerðum okkur ekki fulla grein fyrir því, að það er starf þessara manna frekar en nokkurra annarra, sem þjóðfélagsheildin byggir afkomu sína á. Ef sjómannastéttinni fækkar eins og nú er því miður mjög mikil hætta á vegna þeirrar röskunar, sem orðið hefur á afkomugrundvelli þeirra miðað við aðrar stéttir, sem í landi vinna, verður því miður óhjákvæmilega um samdrátt að ræða í útflutningstekjum okkar og gjaldeyrisöflun. Ég sé það af blöðunum í dag, að stjórn Farmanna- og fiskisambands Íslands hefur bent hæstv. ríkisstj. á, að neyðarástand, eins og þeir orða það, ríki við að manna fiskiskipaflotann fyrir næstu vetrarvertíð. Ég tel, að Alþ. og ríkisstj. beri að taka þessa ábendingu samtaka skipstjórnarmanna mjög til greina. Flm. þeirrar till., sem ég hér hef rætt, vænta þess fastlega, að þessi mál verði tekin til alvarlegrar athugunar eftir þeirri leið, sem till. gerir ráð fyrir, eða þá annarri, sem stefnir að sama marki og er sjómönnum a. m. k. ekki óhagstæðari.

Ég vænti þess að lokum, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, skoði þetta mál mjög rækilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 144). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 144 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda samning fyrir Íslands hönd milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Norðurlöndin hafa um langt skeið haft með sér samvinnu á mörgum sviðum, og hefur sú samvinna verið mjög vaxandi. Þannig hefur Ísland gert samninga við hvert hinna Norðurlandanna til þess að koma í veg fyrir tvísköttun. Norðurlönd önnur en Ísland hafa sín á milli gert samning um aðstoð í skattamálum. Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd, að öll Norðurlöndin gerðu með sér fjölhliða gagnkvæman samning um aðstoð í skattamálum. Hafa sérfræðinganefndir unnið að máli þessu og náðist samkomulag milli þeirra á þessu ári. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 9. nóv. 1972, og er þess vænzt, að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjum á þessu ári, þannig að hann geti tekið gildi um næstu áramót. Aðstoðin, sem gert er ráð fyrir, er aðallega tvenns konar: gagnkvæm aðstoð við rannsókn skattamála og skipti á upplýsingum og aðstoð við innheimtu skatta. Auk þess er gert ráð fyrir, að aðstoðað verði við birtingu ýmissa skjala og skipzt á eyðublöðum í sambandi við skattamál. Samningurinn tekur til tekjuskatts og eignarskatts, bæði til ríkissjóðs og sveitarsjóða, ökutækjaskatta, virðisaukaskatta, söluskatta, almennra tryggingagjalda og annarra opinberra gjalda, sem ákvörðuð eru af skattstjórnarvöldum. Samningur þessi mun auðvelda ýmislegt í framkvæmd í skattamálum og skattaeftirliti.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að fullgilda þennan samning, sem prentaður er með frv., og eins og kemur fram í aths., ber nauðsyn til að gera það fyrir næstu áramót. Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. d. geti afgreitt þetta mál með verulegum hraða, þar sem tími er takmarkaður til málameðferðar hér, enda mun hér vera um að ræða mál, sem almennt mun vera samkomulag um og ekki þurfa sérstakrar athugunar af hálfu hv. Alþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 169 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt. Hér er um að ræða að framlengja launaskatt þann, sem lagður hefur verið á um tveggja ára skeið, 2.5%, og skiptist þannig, að 1% rennur í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1.5% í ríkissjóð, en það var tekið upp vegna niðurgreiðslna, sem upp voru teknar á árinu 1970 og hefur verið haldið síðan.

Með l. nr. 94 19. nóv. 1970, um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, 1.5%, á tímabilinu frá 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971, sbr. 2. gr. téðra laga. Með brbl. nr. 77 21. júlí 1971 var framangreint tímabil um, að innheimta skyldi launaskatt þennan, framlengt til 31. des. 1971. Með l. nr. 96 27. des. 1971, um breyt. á l. um almannatryggingar, var ákveðið, að skattur þessi skyldi innheimtur á árinu 1972, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 3. lið. Það er óhjákvæmilegt, eins og nú er háttað, að þessi 1.5% launaskattur verði gerður að varanlegum tekjustofni handa ríkissjóði. Er því rétt að breyta ákvæði l. nr. 14 1965 til samræmis við það og felur 1. gr. frv. í sér þá breytingu.

Með 2. gr. frv. er gerð till. um orðalagsbreytingu, til þess að hlutverk Byggingarsjóðs í kostnaði við álagningu og innheimtu skattsins verði óbreyttur frá því, sem verið hefur, þrátt fyrir hækkun skattsins.

Ég vænti þess, að um þetta frv. geti einnig orðið samstaða hér á hv. Alþ., þó að það sé seint fram komið, og takast megi að afgreiða það fyrir áramót, þar sem brýna nauðsyn ber til að halda þessum skatti.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.- og viðskn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem hæstv. fjmrh. sagði reyndar, að með þessu frv. væri verið að gera þennan skatt að varanlegum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Það segir í grg., að brýna nauðsyn beri til að gera þetta að varanlegum tekjustofni. Fram að þessu hefur þessi skattur verið framlengdur við hverja verðstöðvun, og hann hefur gegnt hlutverki sínu með þeim hætti. Ég sé ekki, að það sé nokkur þörf á því að breyta lögunum eins og hér er gert með því að gera þetta að varanlegum tekjustofni.

Það er eðlilegt, að þessi skattur, eins og margir aðrir, sé tekinn til athugunar, þegar um efnahagsráðstafanir er að ræða. Ég vil vekja athygli þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, á því, hvort hún vill ekki taka þetta mál til athugunar og ganga úr skugga um, hvort það sé rétt, sem hér stendur í grg., að það sé óhjákvæmilegt, eins og nú háttar, að þessi 1½% launaskattur verði gerður að varanlegum tekjustofni ríkissjóðs og það sé þess vegna, sem verið sé að breyta ákvæðum laganna frá 1965 um þetta efni. Það þarf nánari og fleiri skýringar en hæstv. ráðh. gaf hér áðan til þess að sannfæra hv. alþm. um, að þetta sé óhjákvæmilegt, og ég vænti þess, að hv. n. athugi þetta mál gaumgæfilega.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af athugasemd hv. 1. þm. Sunnl. vil ég taka það fram, að ég skal alveg fallast á það að fá ársframlengingu á skattinum eins og verið hefur, því að eins og kunnugt er hefur ekki verið dregið úr niðurgreiðslum. Til þess að það verði ekki deiluatriði, þá má framlengingin vera til eins árs, enda er tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs til athugunar, svo að það breytir engu, þó að þetta hafi verið sett í frv. með tilliti til þess, að um endurnýjun hefur verið að ræða áður fyrr. Það má vera svo áfram og tek ég það fúslega fram, til þess að málið nái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 170). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 170 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973. Eins og boðað var í grg. í fjárlagafrv. fyrir árið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkissjóðs fyrir það ár nú lögð fram, meðan fjárlfrv. er enn til meðferðar, þannig að unnt verði að líta á heildarframkvæmdir ríkisins við ákvörðunartöku á Alþ. Þetta er í fyrsta sinn, sem frv. þessi eru til meðferðar samtímis á þinginu, og er að því augljóst hagræði. Lánsfjáröflun til þeirra opinberu framkvæmda, sem í 10. gr. frv. eru taldar, nemur 918 millj. kr., auk 100 millj. kr., sem ætlað er að að gangi til Framkvæmdasjóðs Íslands sem hluti af nýrri spariskírteinaútgáfu, eða samtals 1018 millj. kr. Hluti opinberra framkvæmda af nýrri spariskírteinaútgáfu er einnig 100 millj. kr., þannig að slík útgáfa nemur í heild um 200 millj. kr. Á árinu 1972 var heimiluð útgáfa spariskírteina að fjárhæð 500 millj. kr. Nú hefur verið ákveðið, að ekki verði notaðar nema 360 millj. kr. úr þeirri heimild, og er ekki talið líklegt, að búið verði að selja skírteini fyrir þá fjárhæð fyrr en á fyrstu mánuðum ársins 1973. Með tilliti til reynslu af sölu á spariskírteinum á þessu ári þykir ekki ráðlegt að reikna með meiri sölu en 200 millj. kr. á árinu 1973, enda mun hluti af heimild þessa árs verða notaður á því ári. Auk þess er ráðgert að á árinu 1973 verði aukin sala skuldabréfa happdrættisláns vegna vega- og brúaframkvæmda á Skeiðarársandi, sem hér er áætluð 230 millj. kr., og er það í samræmi við vegáætlun. Endurgreiðsla eldri spariskírteina er áætluð 350 millj. kr., vörukaupalán hjá Bandaríkjastjórn (PL-480) 50 millj. kr., önnur erlend lántaka til opinberra framkvæmda, (vega- og raforkumála) 172 millj. og tækjakaupalán í þágu vitamála og löggæzlumála 16 millj. Fyrir utan framangreindar lántökuheimildir til opinberra framkvæmda, sem samtals nema 918 millj. kr., má gera ráð fyrir 400 millj. kr. erlendri lántöku Landsvirkjunar, sem er áætlaður kostnaður við ársáfanga Sigölduvirkjunar, og 60 millj. kr. tækjakaupaláni Pósts og síma, en ekki er þörf á að leita sérstakrar lántökuheimildar í þessu frv. til þessara framkvæmda. Þannig nemur lántökuþörfin til opinberra framkvæmda í heild 1378 millj. kr. á árinu 1973, en árið 1972 námu hliðstæðar lántökuheimildir samtals 1778 millj. kr. og er því lækkunin um 400 millj. kr.

Það, sem hér er ráðgerð lántaka til, er í fyrsta lagi Rafmagnsveitur ríkisins, að þær fái af þessu láni 236 millj. kr. Framkvæmdir þær, sem um er að ræða á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, eru í meginatriðum þessar: Til virkjana eru ætlaðar 125 millj. kr., þar af til Lagarfossvirkjunar 46.5 millj. og til Mjólkárvirkjunar 79.1 millj. Kostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar er áætlaður 65.1 millj. kr., þar af Andakíll-Þingnes 3.5 millj., Snæfellsneslína 25 millj., Varmahlíð—Sauðárkrókur 5 millj., Djúpivogur—Berufjörður 9.6 millj., Laugarvatnslína 6.5 millj., Mýrdalssandur 8 millj., spennar á Akureyri og í Aðaldal auk aðveitustöðvar á Dalvík 7.5 millj. Til innanbæjarkerfa eru ætlaðar 30 millj. og ýmissa annarra verkefna 23.5 millj. Heildarframkvæmdir eru þannig 244 millj. kr., en á móti koma heimtaugagjöld, sem eru 8 millj. kr.

Þá er gert ráð fyrir lengingu á lánum vegna skuldagreiðslubyrðar rafveitnanna, og er gert ráð fyrir 10 millj. kr., en árið 1972 var varið 20 millj. kr. í þessu skyni.

Framkvæmd Laxárvirkjunar hefur enn seinkað nokkuð, og nú er gert ráð fyrir, að virkjunin hefji starf vorið 1973. Þessari seinkun fylgir nokkur kostnaðarauki, og er talað um 47 millj. kr. lánsfé muni nægja til þess að ljúka virkjuninni. Ríkisstj. hefur ályktað, að stefnt skuli að því að leggja orkuflutningslínu frá væntanlegri Sigölduvirkjun til Norðurlands. Hér er gert ráð fyrir 13 millj. kr. rannsóknakostnaði vegna verkefnisins, og auk þess er í 7. gr. frv. leitað sérstakrar aukalegrar lántökuheimildar að fjárhæð 150 millj. kr., sem síðar yrði ákveðið, hvort nota skuli. Yrði það hugsanlega í sambandi við frekari rannsóknarkostnað á árinu en hér er áætlaður eða til efniskaupa, miðað við, að lagningin geti hafizt árið 1974.

Á fjárlagafrv. árið 1973 eru áætlaðar 50 millj. kr. til sveitarafvæðingar, og með þeirri fjárhæð er svo 70 millj. kr. lánafjáröflun, en gert er ráð fyrir 120 millj. kr. til þeirra framkvæmda á næsta ári.

Hjá Orkustofnuninni er gert ráð fyrir fjórskiptri lánsfjáröflun, samtals að fjárhæð 53 millj. kr. Í fyrsta lagi ganga 20 millj. kr. til vatnsorkurannsókna og yrðu Þjórsár- og Hvítársvæði og Jökulsár á Fjöllum aðalverkefnin. Í öðru lagi yrði varið 23 millj. til hitarannsókna, einkum til borunar í Svartsengi á Reykjanesi og tæknilegra vinnsluathugana á nýtingu varmaorku fyrir byggðarlög utarlega á Reykjanesi og Keflavíkurflugvöll. Í þriðja lagi er ráðgerð 6 millj. kr. fjáröflun til jarðborana ríkisins vegna rekstrarfjárþarfa, og loks 4 millj. kr. fjáröflun til jarðhitaleitarlána til viðbótar 5.1 millj. í fjárlfrv.

Þá er, eins og áður er fram tekið, gert ráð fyrir 230 millj. kr. til framkvæmda á Skeiðarársandi.

Á sama hátt eru teknar hér fjárhæðir í samræmi við vegáætlun. Þær framkvæmdir, sem þar um ræðir, eru hraðbrautir 75 millj., Norðurlandsáætlun 150 millj., Austurlandsáætlun 75 millj. og Djúpvegur 25 millj. kr. Samtals nemur kostnaðurinn við þessar framkvæmdir samkvæmt vegáætlun 325 millj. kr., en áætlað er, að breyting á vegalögunum muni leiða til allt að 250 millj. kr. tekjuauka af stofnum vegasjóðs, þannig að á vantar 75 millj. til þess að fjármagna þetta.

Til framkvæmda við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi er ráðgert að afla um 50 millj. kr., en af þeim mun rösklega helmingurinn fara til skuldagreiðslna.

Það, sem vinna á að við landshafnir á næsta ári, er: Áframhaldandi rannsóknir í Þorlákshöfn, og er gert ráð fyrir 2 millj. kr. fjárveitingu. Til Njarðvíkurhafnar eru áætlaðar 11 millj. kr., og á þar að gera sérstakan garð. Og til Rifshafnar eru um 6 millj. vegna frágangs á verkum þar.

Þá er gert ráð fyrir tækjakaupum vegna radióvita.

Norðurlandsáætlun um hafnir og flugvelli eru áætlaðar 13 millj. kr. vegna hafna á Drangsnesi, Skagaströnd og Hofsósi. Til flugvalla er gert ráð fyrir að verja 25 millj. kr. Skipting þess fjár hefur enn þá ekki endanlega verið ráðin, en skv. fyrirliggjandi till. þar um munu 15 millj. kr fara til að endurbyggja flugbrautina á Sauðárkróki og hitt skiptist á milli annarra staða.

Fjárhæð til flugöryggismála nemur 11 millj. kr. til greiðslu inn á 6 ára samning, sem gerður var 1971 um ratsjárbúnað fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og þjálfun starfsfólks.

Til lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, er gert ráð fyrir að varið verði 19 millj. Fjáröflun til þessara framkvæmda er 8 millj. í formi tækjakaupaláns, eins og fyrr greinir. Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 3.2 millj. fjárveitingu til verksins, þannig að til ráðstöfunar verða 22.2. Hins vegar er gert ráð fyrir því í síðustu áætlun um þessa framkvæmd, að um 8 millj. kr. vanti til endanlegs frágangs utanhúss og innan, sem flyzt þá til ársins 1974.

Rannsóknastofnanir á Keldnaholti: Vegna framkvæmda rannsóknastofnananna þarf um 9 millj. kr. á árinu 1973, þar af 7 millj. til skuldagreiðslna vegna verka, sem þegar eru unnin, og 2 millj. eru ætlaðar vegna vegagerðar og lýsingar og ýmissa smáverka.

Að lokum er svo gert ráð fyrir því, að halli á framkvæmdaáætlun 1972 verði um 30 millj. kr., og er gert ráð fyrir að útvega lánsfé til þess að mæta því.

Ég mun ekki eyða fleiri orðum um þessa framkvæmdaáætlun og legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vinsamleg tilmæli mín eru þau, þrátt fyrir það að sú n. fái nú mörg verkefni samtímis, að hægt verði að hraða málinu svo, að hægt verði að ljúka afgreiðslu framkvæmdaáætlunar sem fyrst, helzt áður en þingi verður frestað að sinni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðallega vegna þess, að hæstv. fjmrh. mælist til þess, að n. sú, sem fær málið til meðferðar, verði skjót í afgreiðslu sinni og að við getum afgr. málið, að því er mér skilst frá þinginu, áður en fundum þess verður frestað fyrir jólin. Ég get ekki rætt þetta frv. nú við 1. umr., einfaldlega vegna þess, að ég hef ekki komizt yfir að lesa frv. Síðan því var útbýtt hafa verið stanzlausir fundir fram á miðnætti hér í þinginu, eins og kunnugt er. Í sjálfu sér hefði það ekki sakað neitt, þó að frv. færi til n. og við hefðum ekki átt kost á að ræða um málið við 1. umr. Þetta mál er einmitt þannig vaxið, að það er fyrst og fremst í n., sem það athugast. En málið vandast miklu meira, ef ætlazt er til, að málið verði afgreitt á örskömmum tíma. Þó að við í stjórnarandstöðunni viljum leggja okkur fram við það og séum ekkert sparir á að eyða tíma í að afgreiða mál á skömmum tíma, þegar þess er þörf, þá má hæstv. ríkisstj. ekki ofbjóða okkur eða misbjóða með því að ætlast til of mikils í þessu sambandi.

Ég minnist þess að í fyrra þurfti að fara fram veruleg athugun og íhugun á frv. um fram-

kvæmdaáætlunina. Hún sætti þá að ýmsu leyti gagnrýni hjá okkur stjórnarandstæðingum. Hvort hún gerir það nú, skal ég ekki dæma um, fyrr en ég er búinn að kynna mér málið betur. En ég vil láta þetta koma fram nú þegar við 1. umr. og áskilja okkur í Sjálfstfl. rétt til þess að gera eðlilegar kröfur til athugunar á þessu máli og öðrum, áður en þinghlé verður veitt, sérstaklega þegar svo stendur á, að segja má, að engu máli skipti í sjálfu sér, hvort málið er afgreitt fyrir áramót eða ekki.

Ég tel, að það sé mjög æskilegt, eins og hér er leitazt við, að afgreiða framkvæmdaáætlunina í tengslum við fjárlfrv. Það má þá ekki verða í senn, að meðferð og afgreiðsla fjárlfrv. sé í raun og veru flaustursverk og framkvæmdaáætlun þannig, að það sé meiri sýndarmennska, hvernig málið er afgreitt. Þetta vil ég láta koma fram núna og skal ekki lengja tímann nú. Málið fer til n., og við munum að sjálfsögðu athuga það í þingflokki Sjálfstfl., hvort við höfum aðstöðu til þess að verða við þessari beiðni, en ég get ekki annað að svo komnu en áskilið mér rétt til fyrirvara um það, að við höfum eðlilegan tíma til að athuga málið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega um spariskírteinaútgáfuna, þótt tilefni sé kannske til. Það er vissulega erfitt að ræða fjárþörfina vegna framkvæmdaáætlunar, þegar allt er yfirleitt í óvissu um tekjuhlið fjárlagafrv. Efnahagsmálin hafa verið hér mikið rædd, og ég ætla ekki heldur að fara inn á þær brautir. En það er eitt atriði í þessu frv., sem mig langar að vekja athygli á. Það er í 10 gr., þar sem talið er upp, til hvaða framkvæmda fénu verði varið, og þar er m. a. gert ráð fyrir, að 50 millj. kr. fari til Hafnafjarðarvegar í Kópavogi. Ég vil geta þess, að þm. Reykjaneskjördæmis hafa átt fundi með byggingarnefnd Hafnarfjarðarvegar, þar sem málin hafa verið skýrð ítarlega. Mér er óhætt að segja, að skilningur hefur ríkt hjá öllum, sem nálægt þessu máli hafa komið, á nauðsyn þess að afla fjár til framkvæmdanna við þennan veg. Ég læt í ljós þá von, að hv. þn., sem fær þetta mál til athugunar, taki það til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki sé unnt að verða við óskum byggingarnefndarinnar um það framlag, sem hún hefur talið nauðsynlegt. Ég held, að ég fari þar rétt með, þegar ég segi, að þm. kjördæmisins hafi allir sýnt þessu máli stuðning. En ég þarf að fara um þetta mál örfáum orðum, án þess að ég ætli mér á nokkurn hátt að fara að rekja sögu þess, sem þó væri ef til vill ástæða til, vegna þess að ég hef grun um, að ýmsir haldi, að verið sé að færa Kópavogskaupstað einhverjar fjárfúlgur, sem bæjarsjóður ætti að réttu lagi að leggja fram. Ég skal ekki heldur fara ítarlega út í að lýsa þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegt er að gera á þessum vegarkafla.

Í stuttu máli er um það að ræða, að í árslok 1973 verði þeim áfanga náð, að báðar akbrautir vegarins verði fullgerðar í fyrirhugaðri breidd svo langt til suðurs, að þær tengist eðlilega gamla Hafnarfjarðarveginum, þar sem hann sker fyrirhugaða legu hinnar nýju akbrautar. Þá er einnig gert ráð fyrir, að lokið verði frágangi tenginga austan vegarins að öðru leyti en því, að yfirlagsmalbik verði ekki komið á tengiveg frá suðri á Digranesveg. Framkvæmdakostnaður við þennan áfanga er áætlaður 50 millj. kr., og það er sú upphæð, sem farið var fram á. Í frv. þessu er gert ráð fyrir 50 millj. kr. heildarframlagi, en það þýðir, að til framkvæmda verða aðeins rúmlega 21 millj., þar sem vextir og afborganir vegna þessa vegar nema nú yfir 28 millj. kr. Þessi upphæð, sem fer til framkvæmda á árinu 1973, er því allt of lág, til þess að nothæfur áfangi náist. Þessar framkvæmdir, sem þarna er unnið að, byggjast á samkomulagi, sem gert var árið 1966 milli bæjarstjórnar Kópavogs og samgrn. En síðan hafa að sjálfsögðu ýmsar aðstæður breytzt. Upphafleg áætlun, sem farið hefur verið eftir, hefur verið aðlöguð breyttum kröfum, en sumar þær breytingar, sem gerðar hafa verið, hafa verið viðurkenndar af rn., en aðrar ekki. Ég ætla ekki að hefja hér neinar deilur um það, hvað hver á að borga eða hvað eðlilegt þyki, að ríkissjóður borgi, og hvað eðlilegt er, að Kópavogskaupstaður greiði sjálfur. Hæstv. samgrh. hefur, að því er ég bezt veit, þegar skipað viðræðunefnd til að ræða þessi mál, og ég læt í ljós þá von, að sú n. komist að samkomulagi í þessu máli öllu.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um gildi þessa vegar, en ég legg áherzlu á, að hann er ekki eingöngu lagður fyrir Kópavogsbúa. Þetta er, má segja, ein af 3 höfuðtengingum við höfuðborgina sjálfa, og það út af fyrir sig ætti að vera nægilegt að nefna, til þess að menn átti sig á því, að þetta er ekkert einkamál Kópavogsbúa, sem þeir ættu að bera allan kostnað af. Umferðin um þennan veg er meiri en á nokkrum öðrum stað á landinu. Á vissum köflum hans er umferð eitthvað milli 20 og 30 þús. bílar á dag. Það er rétt, að það komi einnig fram, að áður en þetta samkomulag var gert 1966, var þessi vegur þjóðvegur. Núna telst hann til þéttbýlisvega, þannig að Kópavogskaupstaður bindur allt sitt þéttbýlisvegafé um ófyrirsjáanlegan tíma í þessum vegi.

Ég vil einnig upplýsa, að áætlaður kostnaður við þessar framkvæmdir í árslok 1972 er 205 millj. kr., en þá er talið, að eftir standi um 270 millj., þar til vegurinn verður fullgerður, en þá er einnig tekin með í reikninginn yfirbygging vegarins að hluta. En sé miðað við þá liði, sem samkomulag hefur verið um, þá munu vera eftir 82 millj. Ég legg áherzlu á það, að ég er ekki að flytja hér neina till. um hækkun á þessu framlagi, en mælist eindregið til þess, að hv. fjh.- og viðskn. líti sérstaklega til þessa liðar og að hv. þm. sýni þessu máli fullan skilning. Það mætti margt fleira nefna að sjálfsögðu í sambandi við þetta mál, en ég ætla að láta þetta duga.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Sunnl. að flytja brtt. á þskj. 179 um landshafnir. Það er þess vegna, sem ég kveð mér hljóðs við þessa umræðu um

frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973. Við héldum fund, þm. Sunnl., um þetta mál, eftir að frv. var útbýtt og augljóst var, að Þorlákshöfn hafði verið strikuð út. Við vorum allir jafnóánægðir með þetta og höfðum allir jafnmikinn áhuga á því, að þetta væri tekið upp á ný, þótt við séum aðeins tveir flm.

Það var í haust, sem við, allir þm. Sunnl., gengum á fund hæstv. samgrh. út af þessu máli, og tók hann okkur vel og af skilningi og sagðist þekkja þetta mál og skilja nauðsynina á því að hefja þessar framkvæmdir við Þorlákshöfn, þ. e. að lengja ytri garð hafnarinnar. Þetta er nauðsynlegt, vegna þess að þeim bátum er alltaf að fjölga, sem nota Þorlákshöfn. Bátarnir hafa einnig stækkað, það er ekki lengur pláss í höfninni, og ytri garðurinn er of stuttur, þannig að það er mikið sog í höfninni, þegar illt er í sjó og stormur er, og bátarnir eru þá í hættu. Það var í fyrravetur, sem við þm. Sunnlendinga og hafnarstjórn Þorlákshafnar áttum fund í Þorlákshöfn með hæstv. samgrh. einmitt um þetta mál. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að hæstv. ráðh. hefur skilning á þessu og hefur áhuga á þessu, eins og kom fram hjá honum í morgun, þegar við þm. Sunnlendinga vorum á hans fundi. En hans góði vilji dugði ekki enn til þess, að málið væri tekið með í frv. Það var fyrir nokkrum vikum, sem við þm. Sunnlendinga og sveitarstjórnarsamband Suðurlands vorum á fundi á Stokkseyri. Þar mætti einn af framkvæmdastjórum Framkvæmdastofnunarinnar. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo, að þetta mál væri efst á blaði eða mjög ofarlega á blaði í Framkvæmdastofnuninni. Þess vegna voru þetta okkur mikil vonbrigði, að sú upphæð, sem þarf á næsta ári til þess að lengja garðinn, er ekki með. Vitamálastjóri hefur gert athuganir á þessari framkvæmd. Hann telur, að það sé nauðsynlegt að lengja hafnargarðinn um 75—80 metra til þess að fá skjól í höfninni og hún geti orðið viðunandi. Hann segir, að undirbúningi að þessum framkvæmdum sé lokið og það sé heppilegt að framkvæma þetta verk á tveimur árum, á árunum 1973 og 1974. Þetta var okkar áætlun, þegar við ræddum við hæstv. samgrh.

Þorlákshöfn er landshöfn, eins og allir vita. Hún er ekki aðeins fyrir útgerð frá Þorlákshöfn. Hún er einnig fyrir Stokkseyri og Eyrarbakka, þegar ekki er hægt að lenda þar. Hún er einnig mikið notuð fyrir útgerð frá Suðurnesjum, kannske eins mikið og útgerð austan fjalls. Allir, sem kynna sér þessi mál, skilja það, að þessi eina höfn á suðurströndinni, landshöfnin í Þorlákshöfn, þarf endurbóta við. Þessi höfn gegnir svo mikilvægu hlutverki, að þetta má ekki vera ógert. Ég treysti því, að hæstv. samgrh. beiti áhrifum sínum áfram. Ég veit, að hann vildi gera þetta, en hann hefur ekki gert það enn. Ég treysti því líka, að hæstv. fjmrh., sem hlustar á mig, taki þessu máli með skilningi. Það er landshöfn á Rifi. Ég ætla ekki að telja eftir það, sem fer í hana. En það er stutt á milli Rifs og Ólafsvíkur, en það er langt til hafnar hjá Sunnlendingum, ef Þorlákshöfn dugir ekki. Þess vegna höfum við flutt þessa brtt. í von um það, að málið verði endurskoðað og það verði teknar upp í frv. 38—40 millj. kr., til þess að þessu megi ljúka á næstu tveimur árum.

Ég þarf ekki að segja meira um þetta. Bæði hæstv. ráðh. og þm. þekkja þetta mál, játa, að þetta sé nauðsynlegt, viðurkenna, að það er brýn nauðsyn. Þess vegna má þetta ekki bíða. Og ekki meira um það.

Ég reyndi að hlusta á hæstv. fjmrh. áðan, en hann hafði stundum svo lágt, að ég heyrði ekki það, sem hann sagði. En ég talaði við hann á eftir og spurði hann, hvort ég hefði heyrt rétt, að það ætti að breyta vegal. og fá þannig auknar tekjur, sem næmu 250 millj. kr. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri rétt og það væri von á frv. og hann væri hissa á því, að frv. skyldi ekki hafa verið útbýtt. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta núna, ekki fyrr en frv. hefur verið tekið á dagskrá. En ég vil þó benda á, að þetta kemur mér á óvart, að það eigi að fara að hækka benzín og þungaskatt. Við munum, að bifreiðar voru hækkaðar mikið í byrjun þessa árs. Þá var lagður á svokallaður jeppaskattur. Þá hækkuðu dísil-Land-Rover-jeppar um 75 þús. kr. og þeir, sem eru ekki allt of góðir í garð ríkisstj., kalla þetta bændaskatt. Aðrar bifreiðar, fólksbifreiðar, hafa hækkað frá 45 upp í 100 þús. kr. og vörubifreiðar frá 150 og upp í 300 þús. kr. Og til viðbótar þessu á að hækka þungaskattinn og benzínið. Það er eðlilegt, að umr. um það mál biði þangað til frv. kemur til umr. Það mætti segja, að það væri næstum því utan dagskrár að hefja miklar umr. um það í sambandi við þetta mál. En ég var þó búinn að hugsa mér, áður en hæstv. ráðh. sagði frá þessari fyrirætlan, að benda á, að með þessu frv. væru ekki fjármagnaðar allar framkvæmdir í vegáætluninni fyrir næsta ár, þar sem er aðeins gert ráð fyrir 75 millj. kr. lántöku.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta, en ég sé nú fram á, að það verður mikil annavika, næsta vika, ef á að ljúka frv. um breytingu á vegal., á að ljúka fjárl., á að ljúka þessu frv., sem nú er til umr., á að ljúka tvennum eða þrennum frv. um skattamál og víst ýmsu fleiru. Það verður annavika. Ég get tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þótt þetta frv. biði fram yfir áramót, þá væri enginn skaði skeður. Það mundi hafa alveg jafnmikið gildi fyrir ríkisstj. og fyrir fjármögnun framkvæmdanna fyrir næsta ár, þótt þetta yrði ekki gert að lögum fyrr en í jan. eða febr. n. k. Og ég held, að það sé eðlilegt, að það verði farið að hugsa í alvöru um þessi mál, hvort það sé hægt að afgreiða öll þessi frv. þannig, að það geti verið sómasamlega og vel af hendi leyst. Hæstv. ríkisstj. veit vitanlega miklu betur en ég um það, hvað líður tekjuöflunaráætluninni í sambandi við fjárl. Út í það skal ég ekki fara. En það virðist samt sem áður, þótt samkomulag yrði með bezta móti á stjórnarheimilinu, mikið verk óunnið í sambandi við fjárlögin.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér varðandi brtt. þeirra félaga. Það er allt saman rétt, sem hann sagði um þeirra för á minn fund og undirtekt-

ir mínar undir það að taka fjárveitingu til Þorlákshafnar á fjárl. nú eða framkvæmdaáætlun. Ég ber þetta mál mjög fyrir brjósti og tel þess mjög ríka þörf, að hægt verði að ljúka þessum áfanga, sem hér um ræðir, en hann er upp á 80 millj. að kostnaði, og væri hægt að framkvæma hann í tvennu lagi og fyrri hlutanum væri hægt að ljúka með því að taka 40 millj. eða um það bil á framkvæmdaáætlunina. Það var líka eftir fund minn með þeim þm. Sunnl. till. mín og hugmynd, að sú upphæð, 40 millj., yrði tekin á framkvæmdaáætlunina í þessu skyni, því að ég taldi þörfina mjög brýna. Það eru varla í nokkurri höfn á Íslandi önnur eins ofsaþrengsli og í Þorlákshöfn, og hún annar ekki því verkefni, sem henni ber að anna, fyrr en hún hefur verið stækkuð til mikilla muna. En þessi áfangi mundi koma að fullu gagni, með hvaða hætti sem framkvæmdum yrði hagað um framtíðarstækkun hafnarinnar, kæmi að sama gagni, hvor leiðin sem þar væri farin, en tvær leiðir eru þar helzt til umr. En þegar til kastanna kom, var talið, að það væri ekki hægt að taka að þessu sinni á hina áhlöðnu framkvæmdaáætlun slíka upphæð, 40 millj. kr., til þessarar einu hafnar.

Menn sjá, að heildarupphæðin til landshafna er núna aðeins 19 millj. kr. og skiptist í þrennt: aðeins 2 millj. til Þorlákshafnar, 11 millj. til landshafnarinnar í Njarðvík og 6 millj. til Rifshafnar. Þegar hv. þm. Sunnl. höfðu verið á mínum fundi og rætt við mig um hina brýnu þörf á þessari fjárveitingu til Þorlákshafnar, þá komu einnig fulltrúar landshafnarinnar í Njarðvík og tjáðu sína nauðsyn á því, að höfnin væri gerð nothæf, því að hún væri nánast ónothæf nema í blíðskaparveðri, þegar hafna er minnst þörf. Þetta er orðið mikið og dýrt mannvirki, en svo mikil hreyfing og súgur er í höfninni, að menn nota hana helzt, ef eitthvað ber út af með veður, þannig að þeir koma bátunum fyrir utan á hafnargörðunum. Það var talið hægt að bæta verulega úr og gera höfnina til muna nothæfari með því að taka 11 millj. kr. fjárveitingu núna á framkvæmdaáætlunina, og á það var af ýmsum fallizt. Þar sem ekki var hægt að fá upphæð, sem nægði neitt til hálfs áfangans í Þorlákshöfn, en minna dugði þar ekki, 40 millj. kr. eða svo, þá var sem sé Þorlákshöfn þar með byggt út að þessu sinni, og er leitt til þess að vita. En svona er það. Það vantar hér og það vantar þar 40—50 millj. kr. til nauðsynlegra framkvæmda, og rúmast það ekki innan þeirra háu fjárl. og framkvæmdaáætlunar, sem við erum að afgreiða. Með öðru orðinu er fjargviðrazt yfir því af stjórnarandstæðingum, að allt þetta sé yfirspennt og of hátt, en samt komast þeir sömu menn ekki hjá því að flytja sitt mál um svona 40—50 eða 100 millj. kr. fjárveitingar að auki, sem ekki hafa komizt með á fjárlög eða framkvæmdaáætlanir. Þannig stendur þetta með Þorlákshöfn, að fyrir þann 40 millj kr. áfanga, sem er viðurkennt af öllum aðilum, að sé brýn nauðsyn að ráðast í, reyndist ekki pláss að þessu sinni, og ber að harma það, en unnt að taka minni áfanga, sem kæmu þó að gagni, fyrir 11 millj. kr. í annarri landshöfn, Njarðvíkurhöfn.

Þetta er niðurstaðan, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Ég geri mér litlar vonir um að geta áorkað því að hækka fjárveitinguna, sem hér er um að ræða, um 38 millj. eða svo. Það væri algert lágmark. En engum leiðum skal þó lokað, fyrr en fullreynt er, og mundu þá a. m. k. stjórnarandstæðingar ekki gera veður út af því, þó að hér yrði hækkun enn um 40 millj. kr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að reyna að ræða þetta frv. hér í heild. Það hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum, að til þess eru lítil efni af augljósum ástæðum, bæði vegna ástands efnahagsmálanna og vegna þeirrar óvissu, sem fjármál ríkisins eru almennt í. En það voru tvö atriði, sem ég ætlaði að gera að örlitlu umræðuefni.

Það mun hafa orðið einhver misskilningur á milli okkar hæstv. fjmrh. í gær út af fsp. minni um Ólafsfjarðarhöfn, en ég las hér bréf frá Framkvæmdastofnun, sem var svar hæstv. forsrh. til mín um samgönguáætlun Norðurlands, þ. e. a. s. þann þátt, sem snýr að höfnum og flugvöllum, og þar var gert ráð fyrir 25 millj. kr. til hafna í þessari áætlun og 25 millj. til flugvalla. Nú, þegar þetta frv. kemur fram, er ljóst, að hér hafa verið skornar af 8 millj. kr. til hafna, og það hefur einmitt gerzt vegna framkvæmda í Ólafsfirði. Ég spurði hæstv. fjmrh. í gær, hvort það væri rétt skilið hjá mér, sem mér hefur skilizt á hæstv. forsrh., að það hefði verið ætlunin, að þessi framkvæmd yrði tekin inn á fjárl. Hæstv. fjmrh. svaraði mér því til í gær, að það væri ætlunin, að þetta kæmi á framkvæmdaáætlun. En það er misskilningur, eins og ég var að segja áðan. Hér stendur það svart á hvítu, að skera á þessa framkvæmd niður. Og það, sem ég vildi fá upplýst í sambandi við þetta er: Var ætlunin að taka þetta inn á fjárlög? Urðu einhver mistök í sambandi við þetta, eða er það ætlun ríkisstj., að engar hafnarframkvæmdir verði í Ólafsfirði í ár? Nú er svo ástatt, að þangað eru að koma tvö stór skip, 500 tonna skip. Þau koma þangað á þessu ári, og sjómenn segja mér, að þeir muni ekki geta varið þessi skip við þau hafnarskilyrði, sem nú eru í Ólafsfirði, en þar er svo ástatt, að byrjað er á nýrri hafnarkví, en þar er ekki aðstaða enn til viðlegu. Ég vildi sem sagt í allri vinsemd óska eftir upplýsingum um þetta mál.

Síðara málið, sem ég vildi gera hér að umræðuefni, er framlag til rannsókna á stofnlínu Norðurland-Suðurland, 13 millj. kr. Hér er um að ræða upphæð, sem einungis fer til rannsókna á línulögn frá Sigölduvirkjun og norður yfir heiðar, en síðan er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilað sérstaklega að taka 50 millj. kr. að láni út af þessari framkvæmd. Hæstv. ráðh. hefur upplýst hér, að mig minnir, að þessi línulögn muni kosta nokkur hundruð millj., það geti skipt nokkrum hundruð millj., hvort hún verður hönnuð fyrir mikla eða litla orkuflutninga, þannig að hér er einungis um byrjunarfjárveitingar að ræða í þetta verkefni. En það, sem ég vil gagnrýna og undirstrika mjög rækilega í sambandi við þetta mál, er, að hvernig sem á það hefur verið bent frá hálfu heimamanna, þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki fengizt

til að rannsaka aðra kosti til orkuöflunar fyrir Norðurland. Hún hefur tekið pólitíska ákvörðun um það að leggja stofnlínu norður, án allra hagkvæmisathugana um það, hvort hægt væri að afla þessarar orku á annan og hagkvæmari hátt á Norðurlandi sjálfu.

Ég vil taka skýrt fram, að ég er hér ekki að tala um framhaldsvirkjanir í Laxá. Það er aðeins einn kosturinn, og hæstv. ráðh. hefur lýst því hér skýrt og skilmerkilega, að ekki verði farið í slíka virkjun. Það er algerlega því máli óviðkomandi, að ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að gera athuganir á fleiri orkuöflunarleiðum á Norðurlandi. Hún hefur að vísu talað um Dettifoss. En það vita allir, að Dettifoss er svo mikil virkjun, að hún kemur ekki til neinna álita fyrir Norðlendinga og mundi alls ekki koma til álita, nema það kæmi orkufrekur iðnaður á Norðurlandi eða yrði hönnuð það mikil flutningslína milli Suður- og Norðurlands, að hún gæti flutt verulega mikla orku. Þetta vil ég gagnrýna. Ég held, að það hefði verið réttara, að í þessari framkvæmdaáætlun hefði verið heimilað að veita 13 millj. kr. til orkurannsókna á Norðurlandi og þá jafnframt á þessari leið, sem hér um ræðir, og það hefði verið gerð sú athugun, sem heimamenn eru allir sammála um og var samþ. shlj. á síðasta Fjórðungsþingi Norðlendinga, að það bæri að stefna að því að kanna, hvort hagkvæmara — og þá yrði að fara fram athugun á því — að virkja fremur í fjórðungnum sjálfum heldur en fara nú á þessu stigi í orkuflutning á milli Norður- og Suðurlands. Ein ástæðan fyrir þessu er sú, að menn gera sér ljóst, að ef þessi leið verður farin í orkuöflunarmálum Norðlendinga, verður að koma upp mikilli varaaflsstöð í fjórðungnum, dísilstöð eða gastúrbínustöð eða einhverri slíkri stöð, sem kostar mikla fjármuni, vegna þess að það hefur aldrei verið gert áður að flytja orku milli landsfjórðunga hér á landi, og við vitum ekki, hvernig það tekst, og það er fullkomið óréttlæti, ef á að bjóða fólki norður í landi að flytja þangað orku um eina línu, þegar ekki er hægt að bjóða Reykvíkingum minna en tvær línur frá Búrfelli. Þannig er þetta mál vaxið, og ég tel, að það hefði verið sæmra fyrir hæstv. ríkisstj. að gera ráð fyrir því í þessari framkvæmdaáætlun, að þessu fé yrði varið til orkurannsókna, en ekki aðeins til rannsókna á einum kostinum af mörgum, sem fyrir hendi eru.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. tók raunar af mér ómakið með sinni ræðu, því að hann ræddi einmitt það atriði í þessu frv., sem ég ætlaði að gera að höfuðefni máls míns. Ég er honum algerlega sammála um, að það er miklu nær að verja þeim 13 millj. kr., sem ætlaðar eru til stofnlínu á milli Norður- og Suðurlands, til virkjunarrannsókna á Norðurlandi. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, það er fyrst og fremst vilji okkar Norðlendinga, að það verði virkjað heima í héruðunum á Norðurlandi, að við fáum virkjun þar. Það hefur raunar verið sagt af mönnum í háum stöðum, að það væri ekki neitt aðalatriði, hvar virkjanirnar væru. Ég er á gagnstæðri skoðun. Það er ekkert aukaatriði, hvar virkjanirnar eru. Þær eru einmitt meginundirstaðan undir því, að sjálfstæði byggðanna haldist, að byggðirnar haldist. Þær eru sjálfstæðismál byggðarlaganna. Þess vegna tek ég mjög undir orð hv. þm. Lárusar Jónssonar um þetta atriði.

Ég ætla ekki, þó að það væri kannske ástæða til, að ræða þær framkvæmdir, sem voru á döfinni í sumar, þegar verið var að leggja raflínu frá Eyjafirði til Skagafjarðar. Við áttum dálítið örðugt með að skilja þessar framkvæmdir þarna nyrðra, því að við vissum, að í Norðurl. e. var engin afgangsorka. Þaðan var ekkert rafmagn að fá fyrir okkur í kjördæminu vestra, nema þá að byggja stórar og miklar dísilstöðvar norður á Akureyri. Okkur fannst, að það hefði alveg eins mátt byggja dísilstöðvar heima í okkar kjördæmi, eins og fara að leggja þessa línu og fá rafmagn frá dísilstöðvum norðan Öxnadalsheiðar.

Það var einhvern tíma sagt frá því í sumar að hæstv. forsrh. hefði raunar verið algerlega á móti þessari framkvæmd, en hæstv. meðráðh. hans, iðnrh., hefði ekki spurt hann og farið í þessar framkvæmdir upp á eigin spýtur. Hæstv. félmrh. sagði það, sem alveg rétt er, að það vantar fé bæði hér og þar, og það er ákaflega erfitt fyrir okkur einstaka þm. að vera að impra á einhverjum till., einhverjum hækkunartill. eða fjárveitingum til einstakra starfsemi í okkar kjördæmum, eins og stendur, allra sízt meðan við höfum ekki hugmynd um, hvernig afgreiðsla fjárl. verður.

Ég vil þó aðeins leyfa mér að benda hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, á það, að til Norðurlandsáætlunar eru ætlaðar á frv. 38 millj. kr. Af þessum 38 millj. kr. eru ætlaðar 13 millj. kr. til hafna, og er þá að ræða um framkvæmdir á Drangsnesi, Skagaströnd og Hofsósi. Það var drepið á það hér í gær í umr. um fjárlagafrv. af samþm. mínum hv. 5. þm. Norðurl. v., að honum þóttu fjárframlög til hafnargerða í okkar kjördæmi heldur smávaxin, og var það víst ekki ofsagt, því að meðan öll önnur kjördæmi, án þess að ég vilji fara í meting, fá til hafnargerða mismunandi marga tugi millj., þá er ætlað, að í kjördæmi okkar fari rétt rúmar 7 millj. kr. til hafnarframkvæmda. Nú lá þó fyrir beiðni um það, að veitt væri, — ég held, að ég megi fullyrða það, — meira fé til hafna í kjördæminu heldur en þetta. En ég veit, að það er ekki hægt að fullnægja öllum óskum. En það má segja, að hér sé bætt um. Nú eru ætlaðar 13 millj. kr. af framkvæmdaáætlun í hafnir í okkar kjördæmi og þó ekki alveg, því að ein framkvæmdin á að vera í Strandasýslu. En nú í morgun barst mér í hendur bréf, sem ég vil raunar segja, að er nokkuð síðkomið, norðan af Siglufirði, þar sem er óskað eftir fjárveitingu til hafnarframkvæmda í Siglufirði vegna þeirra framkvæmda, sem útgerðarfélagið Þormóður rammi er nú að ráðast í. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á þessa beiðni. Ég veit ekki á þessu stigi, hvað hér er um mikla upphæð að ræða, en ég vil biðja hv. n. að athuga, hvort ekki væri unnt að veita eitthvert fé til Siglufjarðar, án þess þó að skorið sé niður af því fé, sem ætlað er til þeirra hafna, sem nefndar eru í þessu frv., því að þeim mun ekki af því veita.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeirri ræðu, sem hv. 11. landsk. þm. flutti hér áðan, þar sem hann vék að Hafnarfjarðarveginum í gegnum Kópavog. Í tilefni þeirra orða langar mig til þess að upplýsa, að ég hef undanfarna daga átt ítrekaðar viðræður við hæstv. fjmrh. um þau vandamál, sem þarna er við að stríða, og nauðsyn þess, að nokkur framkvæmdahraði verði í sambandi við það verk. Ég get lýst því yfir með samþykki hæstv. ráðh., að ég tel góðar vonir á því, að hann útvegi eftir einhverjum leiðum viðbótarfjármagn umfram það, sem gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætluninni, til þess að vinna og fullgera nothæfan áfanga við þessa framkvæmd. Hæstv. fjmrh. gerði það mögulegt líka í fyrra með útvegun aukafjárveitingar umfram framkvæmdaáætlun, að hægt hefur verið á þessu ári að vinna verulega mikið við þessa framkvæmd, og ég treysti honum fyllilega til þess að gera eitthvað í þeim efnum núna, eins og hann gerði þá.

Það voru tvö atriði, sem fram komu í ræðu hv. 11. landsk. þm. áðan, sem mér þykir ástæða til þess að leiðrétta. Hið fyrra er, að hann sagði, að með samkomulagi framkvæmdanefndar Hafnarfjarðarvegarins við samgrn. hefði þessi vegur gegnum Kópavog verið gerður að þéttbýlisvegi í kaupstað. Það var ekki gert þá, ekki með samningunum árið 1966, heldur var það gert með vegal., sem samþ. voru árið 1963, að þessi vegarspotti, sem áður var rekinn og haldið við af ríkinu, var settur yfir á Kópavorgskaupstað.

Hitt atriðið er, að hann talaði um, að þéttbýlisvegafé Kópavogs til vegagerðar væri bundið um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er ekki heldur rétt, því að samkv. samkomulagi því frá 1966, sem hann vék hér að áðan, er gert ráð fyrir því, að þéttbýlisvegafé Kópavogskaupstaðar sé ekki lengur bundið vegna þessarar framkvæmdar en til enda næsta árs.

En úr því að ég er kominn hingað, langar mig til þess að víkja lítillega að öðru atriði, sem hæstv. samgrh. vék að áðan, er hann var að tala um landshafnirnar. Það er vandamálið, sem hann lýsti hér með nokkrum orðum, að upp er komið í sambandi við landshöfnina í Njarðvíkum og Keflavík. Þar hefur reynslan sýnt, að vegna mistaka kemur þessi dýra framkvæmd að mjög litlum notum fyrir bátaflotann frá þessu svæði. Þegar vindur stendur af vissum áttum, hefur orðið að flytja bátana úr landshöfninni í þá litlu höfn, sem fyrir er í Keflavíkurkaupstað, og þeir, sem til þekkja, vita, að er yfirfull. Og við höfum fengið sent, þm. Reykn., áætlanir frá stjórn landshafnarinnar um aðgerðir, viðbótarframkvæmdir, sem nauðsynlegar eru taldar til þess að gera höfnina nothæfa. Þessar áætlanir hafa verið gerðar og undirbúnar af dönsku verkfræðifyrirtæki. Ég hef að vísu ekki séð kostnaðaráætlun yfir þá leið, sem landshafnarstjórnin telur, að rétt sé að fara í af þeim þremur leiðum, sem hið danska verkfræðifyrirtæki leggur til, að farnar verði til úrbóta. Þó þykist ég geta fullyrt, að þær 11 millj., sem áætlaðar eru á framkvæmdaáætluninni á landshöfninni í Njarðvík-Keflavík duga mjög lítið til þess að fullgera þann áfanga. Ég vil treysta því, miðað við það, sem samgrh. sagði hér um það ófremdarástand, sem þarna ríkir, að honum takist að fá aukna fjárveitingu til þessara nauðsynlegu framkvæmda, því að allir hljóta að sjá, að það er óhagkvæmt fyrir þjóðfélagið, að jafndýr framkvæmd og landshöfnin í Njarðvík og Keflavík er skuli ekki koma að nema mjög óverulegum notum vegna mistaka, sem þar hafa orðið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, langar mig að segja aðeins nokkur orð og í fyrsta lagi út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér um afgreiðslu málsins. Það verður að sjálfsögðu af hálfu ríkisstj. haft samband við stjórnarandstöðu um afgreiðslu þeirra þingmála, sem nauðsyn ber til, að verði afgreidd fyrir áramót, og þau verða tekin fyrst, sem nauðsynlegust eru. Það er rétt, að þetta frv. er ekki eins nauðsynlegt að afgreiða fyrir áramót og tekjuöflunarfrv., sem ég talaði fyrir áðan. Verður það að sjálfsögðu haft til athugunar. Þó að æskilegt hefði verið að afgreiða málið nú, er það ekki eins nauðsynlegt og hin málin, sem ég áður talaði fyrir, mun verða reynt að hafa vinsamlegt samstarf um það.

Það er eins og oft vill verða í sambandi við slíka framkvæmdaliði, sem eru á þessari skrá, að þar togast á löngunin til þess að koma í framkvæmd þeim nauðsynjaverkum, sem eru í hverju byggðarlagi, og möguleikarnir til að fjármagna þá, og líka möguleikarnir til að fá vinnuafl til að geta leyst verkefnin af hendi. Það hefur verið deilt á núv. ríkisstj. fyrir það, að hún væri of athafnasöm í þessa átt og framkvæmdi of mikið, sækti þess vegna of mikið fé til þegnanna, og ekki nóg með það, heldur lánsfé líka, og tæki of mikið vinnuafl til verklegra framkvæmda. Um þetta má að sjálfsögðu alltaf deila, en þannig fer það, að þegar hver og einn kemur að sínum stað og sínu áhugamáli, þá finnst honum það ekki geta beðið, heldur eitthvað annað, og þetta eitthvað annað er þá áhugamál og nauðsynjamál annars aðila. Þannig er verið að reyna að velja og hafna í þessum efnum.

Það, sem var lagt til grundvallar í sambandi við þessa framkvæmdaáætlun, er í fyrsta lagi að halda áfram við þau verk, sem nú er verið að vinna að. Þannig er það með þær rafmagnsveitur, sem eru hér stærsti liðurinn, 236 millj. kr., í ríkisframkvæmdunum. Þar eru áframhaldandi verk við Lagarfossvirkjun og Mjólkárvirkjun. Þetta tekur um 126 millj. kr. af heildarfjáröflununinni, og það blandast engum hugur um, að það er með öllu óhugsandi annað en halda áfram við þessi verk vegna þess fjármagns, sem þarna er komið, og nauðsyn ber til að halda þeim áfram og koma á þann rekspöl, að nýting geti átt sér stað.

Í öðru lagi er svo verið að styrkja flutningslínur, sem eru orðnar þannig, að það er orðin stórhætta á því, að þær bresti, og það er verið að reyna að meta það, hvar hættan er mest. Í þessu sambandi vil ég segja það, að eitt af þeim álitamálum, sem mjög var verið að velta fyrir sér var flutningslína frá Andakílsárvirkjun vestur á Snæfellsnes, sem er talið hið mesta nauðsynjaverk. Og það er ekkert ánægjulegt að

þurfa að beita skurðarhnífnum til þess að draga úr þessari framkvæmd. En það var ekki talið framkvæmanlegt, ef átti að koma þessari áætlun saman með sæmilega skynsamlegum hætti með tilliti til fjármagnsútvegunar og mannafla til framkvæmda. Þetta veit ég, að hv. þm. er öllum ljóst. Þess vegna er það ekki spurning um vilja eða viljaleysi, sem hér er að verki, heldur spurning um það, hvað hægt er að útvega af fjármagni og hvað framkvæmanlegt er að vinna að af stórum verkum án þess að trufla atvinnureksturinn í landinu.

Þegar kom að landshöfnunum, var það alveg rétt, að það var áhugamál samgrh., að Þorlákshöfn kæmi inn í það dæmi. Í raun og veru þýddi ekkert að vera að fást við Þorlákshöfn nema til frekari rannsókna kæmi, því að það var viðurkennt af vitamálastjóra, að frekari rannsókn þyrfti að eiga sér stað í Þorlákshöfn, áður en til framkvæmda kæmi, og þess vegna var hann með 2 millj. kr. fjárupphæð til þessara rannsókna. En það allra minnsta fjármagn, sem hægt var að hugsa sér til framkvæmda, var 40 millj. kr. Ég efast ekkert um, að það er vel hægt að rökstyðja, að það er nauðsyn á því að hefja þetta verk og koma þessum fjármunum þar fyrir, sem yrðu meira en 40 millj. a. m. k. *80—100 millj.* kr. Nú er tiltölulega stutt síðan gert var stórt átak í Þorlákshöfn. Það kom líka fram í þeim skýrslum, sem voru til meðferðar, þegar var verið að vinna að þessu máli, að í Njarðvík mætti með 11 millj. kr. framkvæmd breyta verulega notagildi hafnarinnar. Njarðvík hefur orðið út undan í framkvæmdum nú upp á síðkastið, og hvort tveggja var, að verkið var talið af þeirri stærðargráðu, að það væri viðráðanlegt, og svo hitt, að það gæti kannske breytt miklu, og í þriðja lagi, að þessi höfn hefði beðið lengur en aðrar, og þá var ekki talið eðlilegt að taka aðrar fram yfir þana í þessum efnum. Ef hins vegar Þorlákshafnardæmið hefði verið tekið inn í framkvæmdaáætlunina, hefði orðið að leggja hin til hliðar, því að það að fjármagna þetta allt saman var a. m. k. talið litt viðráðanlegt og ekki skynsamlegt, þó að fjármagn hefði verið til, vegna annarra framkvæmda. Þess vegna vil ég undirstrika það, að hér er ekki spurning um vilja eða viljaleysi, heldur spurning um það, hvað framkvæmanlegt er, hvað hægt er að fjármagna og hvað skynsamlegt er að framkvæma mikið á þessu ári á þessum sviðum sem öðrum. Það, sem um er að ræða í Rifi, er aðeins frágangur á því, sem unnið var á s. l. ári, ganga raunverulega frá því verki, svo að það sé ekki hætta á, að það skemmist, sem búið er að vinna. Þetta vona ég, að hv. 1. þm. Sunnl. meti og skilji og aðrir hv. þm. Sunnl. í sambandi við það, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Sunnl.

Út af því, sem hann vék að vegaskattinum, þá skal ég ekki fara að ræða það mál núna, því að það verður hér síðar til umr. En eitt hef ég þó verið alveg sannfærður um, að öruggur bandamaður úr liði stjórnarandstöðu í því máli yrði hv. 1. þm. Sunnl., því að svo vel og dyggilega var hann studdur, þegar hann þurfti á sliku að halda og þurfti þá eins og við nú að afgreiða það mál á skömmum tíma. En um það skulum við ræða, þegar það mál verður hér til umr. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki, hvað hv. þm. sagði.

Um hafnarframkvæmdirnar í Ólafsfirði, þá má vel vera, að við höfum ekki skilið hvor annan, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, en ég taldi mig hafa sagt, að það hefði verið tekið af hafnarframkvæmdum í Ólafsfirði, sem var innan þeirra marka að vera 75%, en ekki það, sem mundi liggja í 40% framkvæmdum, **því að vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum þar um, var talið** hyggilegt að láta það bíða.

Út í raforkumálin ætla ég ekki að fara. En út af því, sem hv. 2. þm. Reykn. og hv. 11. landsk. þm. sögðu um Reykjanesbrautina, þá vil ég segja það, að því máli var bjargað á yfirstandandi ári með því að lengja lán, sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun, að greidd yrðu. Og sú leið er helzt hugsanleg til að bjarga þessu máli og ná endum saman við þá framkvæmd, sem hugsanleg er, að fara enn inn á þá braut og geta þannig bjargað því, sem þarf, til þess að verkinu skili sæmilega, án þess að um frekari fjáröflun þurfi að vera að ræða. Ég vil svo segja það út af þessu máli, að hæstv. samgrh. hefur leitað eftir því, að ég tilnefni mann í n. til þess að ræða á ný samkomulag við Kópavogskaupstað út af þessari vegagerð, þar sem það samkomulag, sem á sínum tíma var gert þar um, sé gengið sér til húðar, eða a. m. k. þurfi endurskoðunar við, og mun ég reyna að verða við því.

Þessar skýringar taldi ég nauðsynlegt að gefa hér út af því, sem fram hefur komið við þessa umr., og skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þannig stendur á, að ég þarf að víkja af fundi, og mun þá haga orðum mínum þannig, að þau valdi ekki æsingi hjá hæstv. ráðh. út af því, sem ég þarf að segja.

Hæstv. samgrh. talaði um, að stjórnarandstaðan talaði oft um miklar hækkanir og þenslu í þjóðfélaginu. Þetta er rétt. Við gerum það oft, og það gera margir, þegar fjárl. hækka á tveimur árum um meira en 100%, eins og núna litur út fyrir. En þenslan í þeim fjárl., sem við ætlum að fara að afgreiða núna, er ekki fyrst og fremst vegna mikilla framkvæmda, því að eins og hæstv. ráðh. vita, þá verður hlutfallið til framkvæmda á fjárl. miklu lægra en það hefur verið. Þetta er staðreynd, sem ekki þarf að mótmæla og allir geta séð, sem bera saman fjárlagafrv. nú og fjárl. í fyrra og þá sérstaklega fjárl. 1971. Þetta hlutfall versnar enn við endanlega afgreiðslu málsins. Og framkvæmdaáætlunin og fjárl. eru samtvinnuð, það eru alveg samtvinnuð mál. Það hefur áhrif á framkvæmdaáætlunina, hvernig afgreiðsla fjárl. er. Við í stjórnarandstöðunni viljum helzt, að það fari sem mest til nauðsynlegra framkvæmda og minna í rekstrarkostnað. Veit ég nú, að hæstv. ráðh. eru mér sammála um þetta, þótt raunin hafi orðið sú upp á síðkastið, að þeir hafa ekki getað að þessu leyti unnið eins og þeir hefðu helzt viljað. Þetta er skýringin á því, sem hæstv. samgrh. minntist á í sambandi við tal stjórnarandstöðunnar og

vilja. Við viljum vitanlega allir gera sem mest, og það er kallað eftir miklum framkvæmdum.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það hefði þurft að vinna við landshöfnina í Rifi, og það var reyndar rökstutt líka um landshöfnina í Njarðvíkum, nauðsynlegt að vinna þar til þess að bjarga verðmætum. Ég býst við, að þetta sé alveg rétt. En þessu er raunverulega einnig þannig farið um Þorlákshöfn. Það er rétt, sem hæstv. fjármrh. sagði hér áðan, það var gert stórt átak í Þorlákshöfn fyrir fáum árum og það er búið að láta mikla peninga í Þorlákshöfn. En þessir peningar nýtast ekki, nema það sé gert meira, eins og hæstv. samgrh. hefur viðurkennt. Nú veit ég, hvernig það er að koma saman framkvæmdaáætlun. Ég þekki alveg til þess. Það hefur oftar en nú verið messað lengi yfir framkvæmdaáætlun til þess að koma henni saman. Það er ekki í fyrsta sinn nú, sem sagt er, að það þurfi að skera meira niður, vegna þess að fé sé ekki fyrir hendi. En það þarf ekkert að vera að segja mér það, að þjóðfélagið fari úr skorðum, þótt tekin væri inn þessi upphæð, sem vantar í Þorlákshöfn. Sem betur fer þarf meira til, ef það er ekki komið allt í kaldakol. Það er ekki þessi litla þúfa, sem veltir hlassinu, eins og þar stendur.

Ég kom nú aðallega upp í ræðustólinn til þess að segja það aftur, að ég vonast til þess, að bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. endurskoði þetta mál. Ég var ánægður með, hvað þeir báðir sögðu í sambandi við nauðsyn þess að framkvæma þetta. En ég var ekki eins ánægður með það, hvað þeir voru daufir í dálkinn og að mér virtist vonlitlir um, að það mætti takast að ná þessari upphæð inn. Við vitum allir, að þetta er mögulegt, ef viljinn er nægilega sterkur. Og þess vegna segi ég það aftur: Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. endurskoði þetta mál og taki upp fjárveitingu, 35—40 millj. kr., í Þorlákshöfn, til þess að það mikla fjármagn, sem þar er komið, megi nýtast. Þetta er ein mikilvægasta fiskihöfnin á landinu, og þetta er líka samgönguhöfn fyrir Vestmannaeyjar, því að það er ekki hugsanlegt að hafa daglegar ferðir milli lands og Vestmannaeyja, nema Þorlákshöfn verði bætt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Eftir að ég hafði lokið fyrri ræðu minni, tjáði Valur Arnþórsson, mér, formaður stjórnar Laxárvirkjunar, að sú tala, sem ætluð væri til Laxárvirkjunar, 47 millj. kr., væri að sínu mati allt of lág. Það mundi þurfa um 80 millj. kr. til þess að ljúka þessu verki, ef ætti að ljúka því. Og ég vil bara koma þeim tilmælum á framfæri við hv. fjhn., sem mun fá þetta frv. til skoðunar og athugunar, og hæstv. ráðh., að þeir kanni þetta mál og beiti áhrifum sínum til þess að leiðrétta það, ef þörf er á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 175). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um orlof felur í sér þrjár smávægilegar breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til, að þetta orðalag verði tekið inn í 7. gr.: „Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.“ Þessi breyt. er fram borin vegna þess, að sjómenn þóttust verða fyrir nokkurri kjaraskerðingu að því orðalagi, sem er nú í gildandi lögum, og er orðið við óskum sjómannasamtaka um breyt. að þessu leyti og þessum óskum þar **með fullnægt. Þá** er enn fremur það atriði, að vangreitt orlofsfé megi taka lögtaki. Það er til þess að gera innheimtuna á orlofsfénu auðveldari, en þetta er nauðsynlegt í sambandi við það, að orlofsfé fer nú aðrar brautir en hefur verið til þessa samkvæmt gildandi lögum og fyrirkomulagi. Við höfum gefið út orlofsbækur, og við það hefur verið ærið mikill kostnaður og fyrirhöfn og skriffinnska. Nú er ætlunin að gera samkomulag við Póst- og símamálastjórnina um, að þetta verði afgr. í gegnum gíróreikninga, og ég vænti, að af því verði mikið hagræði.

Þá segir í 2. gr., að kostnaður við framkvæmd þessarar gr. greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkvi ekki til að bera kostnaðinn. Þetta mun þó varla kosta ríkissjóð nokkurt fé, því að það er jafnvel talið, að ávöxtun fjárins hjá landsímanum muni skila meiri vaxtatekjum en kostnaðinum nemi. Samt er talið vissara að hafa þetta orðalag. En það mun ekki valda ríkissjóði útgjöldum, svo að neinu nemi a. m. k., og þá aðeins í undantekningartilfellum.

Nú um gildistöku þessa frv. er það að segja að fyrsta atriðið, sem snertir orlofsfé, er ætlunin, að taki gildi 1. janúar, í byrjun skattárs, en að öðru leyti taki lögin gildi 1. maí 1973, en þá byrjar hið nýja innheimtufyrirkomulag á orlofsfénu með nýju orlofsári, og þannig stendur á þessum mismunandi tímasetningum á gildistökunni.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta, legg til, að verði vísað til hv. félmn. Frv. var lagt fram í hv. Ed. og hefur það verið afgr. þar shlj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 176). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fylgja þessu frv. um undirbúning á þörungavinnslu á Reykhólum úr hlaði í hv. Nd. aðeins með örfáum orðum. Í Ed. gerði ég allítarlega grein fyrir þessu máli og baksviði þess, enda er hér um að ræða að minni hyggju forvitnilegt og merkilegt mál. Þar urðu allmiklar umr. um málið, og ég hygg, að þær umr. allar liggi hér á borðum þm. prentaðar, þannig að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, sem þar var sagt. Önnur ástæða fyrir því, að ég ætla aðeins að hafa fá orð um þetta, er sú, að ég hef mikinn hug á því að koma frv. til n. og fara fram á það við hv. alþm., að þeir afgr. þetta mál sem lög fyrir jól. Um ástæðuna fyrir þessum hraða og því undarlega fyrirkomulagi, sem segja má, að sé á þessu frv., vil ég fara nokkrum orðum.

Rannsóknir á þörungavinnslu á Reykhólum hafa staðið yfir 2 áratugi eða raunar lengur. Þær beindust lengi vel að þaravinnslu eða vinnslu á þaramjöli, og á því komu fram ýmsir annmarkar, en að undanförnu hefur athyglin beinzt að þangvinnslu og þangmjöli, og þar hafa komið í ljós mjög athyglisverðir möguleikar. 8. nóv. s. l. skilaði Rannsóknaráð skýrslu til ríkisstj. um þessar rannsóknir sínar, og um miðjan nóv. eða fyrir u. þ. b. mánuði var iðnrn. falið að fjalla áfram um þetta mál. Ég sendi það þá til verkfræðiskrifstofu Baldurs Líndals til könnunar á niðurstöðum Rannsóknaráðs, og enn fremur fór ég fram á það við Framkvæmdastofnunina, að hún athugaði fjárhagshliðar málsins og markaðinn. Í sjálfu sér hefði verið eðlilegt, að ég hefði beðið með að leggja þetta mál fyrir þing, þangað til þessar kannanir lægju fyrir. Þá fyrst hefði verið eðlilegt, má segja, að ég hefði lagt málið hér fram. En ástæðan fyrir því, að reynt er að hafa hraðari gang á, er sú, að við erum þarna í tímaþröng. Það liggur fyrir tilboð frá skozku fyrirtæki, Alginate Industries, um að kaupa verulegt magn af skoluðu, þurrkuðu og möluðu þangi á árinu 1974, 4000 tonn, og halda síðan áfram þeim viðskiptum í vaxandi mæli um 10 ára skeið þar á eftir. Þessi kaupandi þarf hins vegar á þessari vöru að halda á árinu 1974, og ef hann getur ekki fengið hana hér, þá verður hann að leita eftir henni einhvers staðar annars staðar. Ef það kemur í ljós, að hagkvæmt sé að reisa slíka verksmiðju, þá tel ég, að við verðum að leggja áherzlu á að tengja framkvæmdir við þetta tilboð og reyna að hafa þann hraða á, sem þarf til þess, að við getum haft þessa vöru á boðstólnum á árinu 1974. Þess vegna er þetta fyrirkomulag á frv. Það er sniðið eftir lögum sem samþ. voru á sínum tíma um undirbúningsfyrirtæki að stofnun hugsanlegrar olíuhreynsunarstöðvar, og ætlunin með þessu fyrirkomulagi er sú, að ef það kemur í ljós við þær kannanir, sem ég var að tala um, að þetta sé álitlegt fyrirtæki, þá sé hægt að hraða framkvæmdum svo mjög, að það verði unnt að framleiða þessa vöru á árinu 1974. Einmitt þess vegna fer ég þess á leit við hv. alþm., að þeir geri þetta frv. að l. fyrir jól, svo að hægt sé að hafa þennan hraða á, ef athuganir leiða í ljós, að það sé skynsamlegt. Það má minna á það í því sambandi, að þarna þarf að leggja einnig í annars konar fjárfestingar. Hið opinbera þarf að ráðast í hafnarmannvirki, vegagerð, jarðhitavirkjun og raflínu, og má áætla, að kostnaðurinn við það verði á næsta ári um 50 millj. kr., ef af þessu verður, þannig að þarna er um að ræða allverulegar fjárhagslegar skuldbindingar. Hins vegar eru kostirnir við þetta mál svo margvíslegir, — ég veit, að ég þarf ekki að taka þá fram neitt frekar, — að ég legg mikla áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga.

Í hv. Ed. var algjör samstaða um málið milli allra flokka, og menn unnu sameiginlega að því að greiða götu þess gegnum Ed., og ég þykist vita, að sama verði raunin hér í hv. Nd. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þetta frv., sem ég er algjörlega samþykkur, og mér finnst haldið mjög rétt og vel á þessu máli, þar sem gert er ráð fyrir, að meiri hl. hlutafjár í fyrirtækinu verði í höndum Íslendinga, en minni hl. e. t. v. í höndum erlendra aðila. En það er eitt atriði, sem mig langar til að vekja sérstaklega athygli á í þessu sambandi, og það er, að ég held, að grundvöllurinn undir þessu fyrirtæki sé í raun og veru sá, að sölusamningur hefur verið gerður til langs tíma, um þá framleiðslu, sem þarna á að verða. (Gripið fram í: Kann að verða gerður.) Kann að verða gerður. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að það er a. m. k. meiningin, og einhvers staðar sá ég hér afrit af bréfi, fskj. með frv., þar sem því er hreinlega lýst yfir að viðkomandi fyrirtæki sé tilbúið að gera samninga. Það er þannig alveg augljóst, að hér eins og víða annars staðar eru það markaðsmálin, sem eru grundvöllurinn undir því, að hægt sé, að ráðast í iðnaðarframleiðslu eins og þessa.

Auðvitað er þetta fyrirtæki hluti af hinni margumtöluðu iðnbyltingu, sem ég styð hæstv. ráðh. dyggilega í. Ég vildi mega benda á, að það mætti kannske leggja meiri áherzlu á það að reyna að vinna meira úr íslenzku hráefni eða íslenzkum jarðefnum með það fyrir augum að koma upp verksmiðjum víðar um landið. Það segir sig sjálft, að þetta fyrirtæki verður mjög mikils virði fyrir það byggðarlag, sem það rís í. Við eigum hér á landi marga og góða vísindamenn á mörgum sviðum og rannsóknarstofnanir. Við ættum þannig, finnst mér, að geta lagt nokkru meiri áherzlu á margs konar hráefni, eins og t. d. vikur, perlit, basalt o. fl., sem ég veit, að verið er að vinna að, en mér finnst að þyrfti að leggja dálítið meiri kraft í.

Ég er sem sé algjörlega samþykkur frv., en legg áherzlu á, að það sé lagt í auknar rannsóknir á fleiri sviðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 32. fundur.

Laugardaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í umr. utan dagskrár í Sþ. í fyrradag vakti ég athygli hæstv. ríkisstj. og þingheims á því, að hjá því gæti ekki farið, að það hefði mjög alvarlegar afleiðingar í för með sé fyrir viðskipta- og gjaldeyrismál þjóðarinnar, ef sú óvissa, sem þá var, héldist áfram varðandi efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. Ég benti á, að það væri algerlega óeðlilegt, að ríkisstj. sæti við völd og það væri vitað af alþjóð, að ágreiningur væri innan hennar sjálfrar og innan stuðningsflokka hennar um það, hvaða leiðir skyldi fara í efnahagsmálum, og þessi ágreiningur varaði dögum saman, þar eð enginn vissi, hver niðurstaðan yrði. Ég lagði áherzlu á, að brýna nauðsyn bæri til, að höggvið yrði á þennan hnút sem fyrst, helzt strax, ef komast

ætti hjá mjög alvarlegum atburðum í gjaldeyris- og viðskiptamálum þjóðarinnar. Nú er það altalað hér í Reykjavík, var altalað í gærkvöld og hefur verið altalað í morgun, að í gær hafi átt sér stað stórkostlegur fjárflótti úr íslenzkum bönkum, þ. e. a. s. að stórkostlegar fjárhæðir hafi verið yfirfærðar í erlendan gjaldeyri úr ísl. kr., að greiddar hafi verið skuldir, sem ekki voru gjaldfallnar, svo að tugum, ef ekki hundruðum millj. skiptir. Um það vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún geti upplýst þingheim og þjóðina nokkuð um þetta. Ef það er rétt, þá er það staðfesting á því, að þau varnaðaorð, sem ég mælti í fyrradag, voru ekki að nauðsynjalausu töluð. Ef þetta reynist rétt, sem ég held, að sé, þá undirstrikar það enn nauðsyn þess, að ákvarðanir verði teknar í þessum málum nú þegar, þannig að þjóðin viti, hvar hún stendur í efnahagsmálum sínum, þannig að þjóðin viti, hvers hún má vænta í byrjun næstu viku, við hvað hún á að vakna upp á mánudagsmorgun. Ef ríkisstj. tekur ekki ákvörðun í þessum efnum í dag eða á morgun, tel ég það tvímælalausa skyldu hennar að segja þegar í stað af sér.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þar sem hæstv. bankamálaráðh. er ekki kominn, verð ég að segja hér nokkur orð um ræðu hv. 7. þm. Reykv. Auðvitað hlustuðum við með athygli á varnaðarorð hans í fyrradag og höfum kynnt okkur eftir það, eins og reyndar áður, hvernig ástatt væri um yfirfærslur í bönkum, og höfum staðið í sambandi við bankastjórana og sérstaklega þá bankamálaráðh. í sambandi við Seðlabankann.

Þann dag, sem hv. þm. kom fram með þessi aðvörunarorð hér á þingi, reyndist það svo, þegar upplýsingar lágu fyrir um þann dag, að 140 millj. höfðu verið yfirfærðar. Það er talsvert meira en eðlilegt er. Þó er þess að gæta, að það er alltaf verulega mikið um yfirfærslur í þessum mánuði og á þessum dögum, og þarf ekki út af fyrir sig að vera neitt óeðlilegt við það. Ég hef orð seðlabankastjóra fyrir því, að hann taldi þetta, 140 millj. þennan dag, ekkert óeðlilegt. — Ég sé nú, að hæstv. bankamálaráðh. er kominn, og er hann kannske fróðari um þessi mál öll. — Í fyrradag námu aftur yfirfærslur 115 millj., þannig að þær höfðu lækkað mjög verulega frá því deginum áður, — deginum, þegar ræða hv. 7. þm. Reykv. var flutt. Miðað við þessar aðstæður taldi Seðlabankinn ekki ástæðu til þess að grípa til ráðstafana í gær. En hitt er alveg laukrétt, sem hv. þm. sagði, að útstreymi gjaldeyris í gjaldeyrisbönkunum í gær var miklu meira en dagana áður. Ég hef ekki svo nákvæmar tölur við hendina, að ég vilji fara með þær. En það er alveg rétt, að það var mun meira, og sjálfsagt einhver hættumerki þar á ferð. Þó veit ég ekki og hef ekki heldur fengið upplýsingar um það, hve mikið af þeim yfirfærslum er hægt að segja, að hafi verið óeðlilegar. Þetta var föstudagur, menn að leysa út mikið af vörum til laugardagssölu og þess vegna ekki óeðlilegt, þó að það væri venju fremur mikið um gjaldeyrisyfirfærslur. Hitt er rétt, að það var óvenjulega mikið. Það er kannske ekkert undarlegt, og það þarf kannske ekki að leita lengi orsakanna til þess. Ekki er þeirra að leita hjá okkur ráðh., ekki höfum við verið með neinar yfirlýsingar um, að það verði gengisfelling. En það hefur hins vegar verið þrálátur orðrómur um þetta, eins og hv. þm. drap á. Sá orðrómur hefur komizt á prent. Og hvar hefur sá orðrómur komizt á prent? Hefur það verið í stjórnarblöðum? Nei, það hefur verið í stjórnarandstöðublöðum. Ef einhver á sök á því að hafa komið orðrómi á kreik um þetta, þá segi ég: Ábyrgðin liggur hjá stjórnarandstæðingum og stjórnarandstöðublöðunum. Það þarf engan að undra, þegar slikum orðrómi hefur verið komið á kreik, eins og gert hefur verið að undanförnu, — ég segi bara í Morgunbl. og Vísi, — þá þarf engan að undra, þó að einhverjir vilji fara að leita í gjaldeyrisbankana og fá gjaldeyrisyfirfærslu.

Ég veit, að varnaðarorð hv. þm. voru mælt af fullri alvöru, og ég hef tekið þeim vinsamlega og tók þeim vinsamlega þá. Og ég tek þessum aðvörunarorðum hans vinsamlega. Það er alveg augljóst, að ef einhver dráttur verður á aðgerðum í þessu efni, eftir að búið er að koma slíkum orðrómi á kreik, þá verður að grípa í taumana og taka til skoðunar, hvað á að gera varðandi lokun gjaldeyrisbanka, ef þessi orðrómur verður áfram á döfinni. Mér er það að sjálfsögðu jafnmikið kappsmál og ekki minna kappsmál en hv. 7. þm. Reykv., að það þurfi ekki að dragast lengi héðan af, að það liggi ljóst fyrir, til hverra ráðstafana verður gripið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér finnst, að hæstv. forsrh. ætti ekki að haga orðum sínum eða athöfnum þannig, að hann bæti fleiri ávirðingum á sínar herðar en hann hefur gert með frammistöðu sinni undanfarna daga. Hæstv. forsrh. hefur djörfung í sér til þess að koma hér upp í ræðustól á Alþ. og ásaka stjórnarandstæðinga fyrir orðróm um, að gengislækkun kynni að vera í vændum. Ekkert stendur um það í stjórnarblöðum, nei, nei. Það er bara í Morgunblaðinu og Vísi. — Þetta er auðvitað minni háttar atriði, hvað í blöðum stendur, en í forustugrein Tímans s. l. sunnudag var hins vegar sérstaklega bent á gengislækkun sem eina af valkostaleiðunum, og þegar alltaf er verið að tala um, að hér sé um hugsanlega valkosti að ræða, þá er þetta auðvitað ábending um, hvað e. t. v. kunni að koma til álita. En þetta er minna atriðið.

Hæstv. forsrh. stóð sjálfur fyrir nokkrum dögum í þessum sama ræðustól og var að gefa skýringar fyrir alþjóð, — sem allir hafa nú reyndar brosað að, — um það, að hann hefði ekki meint það í stjórnarsáttmála sínum, að núv. ríkisstj. mundi ekki grípa til gengislækkunar. Hún væri ekkert bundin af því að gera það ekki. Að vísu sagði ráðh.: Ég er ekki þar með að segja, að við gerum það. — Hvað er þetta annað en að koma af stað orðrómi? Þetta er hæstv. forsrh. til mikillar skammar, framkoma hans hér í dag.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er kannske erfitt að komast í gegnum þetta

líf án þess að verða sér einhvern tíma til skammar. En ég ætla ekkert að segja um það, hvor okkar hv. 1. þm. Reykv. hafi orðið sér oftar til skammar. Þar verður annar um að dæma. Hann hefði í stað þess að koma upp með Tímann hér áðan átt að koma með Morgunblaðið frá í gær og lesa upp úr því. Og hann hefði átt að koma með Vísi frá í gær og lesa upp úr honum, og þá hefði kannske verið skiljanlegt, hvernig stóð á þessum miklu gjaldeyrissölum. En úr því að hv. 1. þm. Reykv. er að vekja þessar umr. hér og úr því að það virðist orðið til siðs á þessum síðustu dögum þingsins, þegar nóg er að gera, að hefja hér málþóf, þá skal ég ekki skorast undan því að ræða dálítið um það, sem ég hef sagt um gengislækkun m. a. Og ég ætla þá fyrst að byrja á málefnasamningnum.

Því hefur verið haldið fram æ ofan í æ, að í málefnasamningnum hafi því verið lýst yfir, að ríkisstj. mundi ekki grípa til gengisfellingar. Ég hef leiðrétt það hér, það stendur ekkert þvílíkt í málefnasamningi ríkisstj. Það stendur orðrétt í málefnasamningi ríkisstj. það, sem ég vil mega leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum.“ Ég er að vísu enginn íslenzkusérfræðingur, en ég tel mig þó skilja almennt mælt mál. Þarna er ákveðið ábendingarfornafn „þeim“, og sagnorðið „er“ í nútíð, og mér hefur verið kennt það, að þetta gæti ekki átt við nema tiltekinn vanda, sem þá er fyrir hendi. Það mundi hafa verið orðað á aðra lund, ef ríkisstj. hefði ætlað að segja, að hún mundi aldrei grípa til gengislækkana. Þá hefði ég haldið, að það mundi verða orðað svo: Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við verður að glíma. — Ég held, að það geti enginn sæmilega læs maður lesið þetta á annan veg en þennan, sem ég hef hér gert grein fyrir. En auðvitað verður haldið áfram að klifa á því í blöðum stjórnarandstöðunnar, hvort sem og hvaða ráðstafanir sem verða gerðar nú, að ríkisstj. hafi lýst því yfir í málefnasamningi sínum, að hún mundi aldrei grípa til gengisfellingar. En ég vil vona, að þeir af landsmönnum, sem vilja heldur hafa það, sem sannara reynist, taki tillit til þess, sem stendur prentað í þessum samningi, og sjái ástæðu til að taka til greina þá leiðréttingu, sem ég hef hér komið á framfæri.

En þetta er ekki það eina, sem sagt hefur verið um gengislækkun og haft hefur verið eftir mér í því sambandi. Því hefur verið haldið fram í blöðum stjórnarandstöðunnar hvað eftir annað, a. m. k. í blöðum Sjálfstfl., að ég hafi sagt það hér í umr. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, að ríkisstj. mundi ekki grípa til gengisfellingar. Þessar umr. um tímabundnar efnahagsráðstafanir fóru fram 25. okt. s. l. og 30 okt. Við þessar umr. hélt ég tvær ræður. Þær eru birtar í 3. og 4. hefti Alþingistíðinda, sem nú eru, sem betur fer, gefin út jafnharðan. Ég vil taka það fram, að ég hef þann hátt á, að ég les ekki yfir ræður mínar og leiðrétti þær ekki. Þær koma því prentaðar í þessum tíðindum algerlega eins og talað er inn á hljóðnemann. Um þetta getur fulltrúi Alþ., sem hefur með þetta að gera, borið vitni. Og nú hef ég gert mér það til dundurs, — eftir að þeir hafa þrástagazt á þessum fullyrðingum, að ég hafi sagt í þessum ræðum, að þessi ríkisstj. mundi ekki grípa til gengisfellingar, — að lesa nú yfir þessar ræður mínar, og ég hef ekki fundið í þeim eitt einasta orð um það, að ekki yrði gripið til gengisfellingar. Ég hef ekki fundið í þeim stafkrók um það, að ég lýsti því yfir, að ég afneitaði gengislækkun eða breytingu á gengisskráningu. Ég finn hins vegar í þessum ræðum, að ég legg hvað eftir annað áherzlu á, að það sé ekki tímabært að ræða um úrlausnir í efnahagsmálum, það eigi að bíða eftir áliti valkostanefndarinnar og athuga þær niðurstöður, sem hún kemst að, og velja síðan úrræði samkv. því. En þetta hafa þau sagt, stjórnarandstöðublöðin, dag eftir dag, að ég hafi sagt á þingi. Nú skora ég á hv. 1. þm. Reykv. að lesa þessar ræður eða láta einhvern þjóna sinna lesa þessar ræður og finna eitt einasta orð, sem bendir í þá átt, að ég hafi út af fyrir sig afneitað gengislækkun eða ég hafi boðað, að það yrði alls ekki gripið til breytinga á skráðu gengi. Ég skora á þá að gera það.

Það er ekki ástæða til að vera að fárast um það, þó að dagblöð séu að fara með fleipur dag eftir dag. Það tekur maður ekki nærri sér og lætur eins og vind um eyru þjóta. En hitt, — ég vil ekki segja, að mig taki það sárt, en mér þykir það leiðinlegt, að maður eins og hv. 1. þm. Sunnl., sem ég hef talið og tel, að vilji vera heiðarlegur, skuli halda áfram að tönnlast á þessu og skuli ekki vilja taka til greina leiðréttingar, sem ég hef gert á þessu, bæði varðandi málefnasamninginn og varðandi þessi ummæli, sem höfð hafa verið eftir mér um gengislækkun.

Í þeim ræðum mínum, sem ég geri nú hér að umtalsefni, vík ég aðeins á einum stað að gengi. Það var að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Norðurl. e., sem hafði verið að halda því fram, að við stjórnarandstæðingar hefðum ekki viljað ljá máls á hækkun gengis 1970. — Ég þurfti að svara því nokkrum orðum og vil — með leyfi hæstv. forseta — mega lesa það upp, sem ég í því sambandi segi um gengismál:

„Ég man það t. d., að hv. 2. þm. Norðurl. e. var að tala um gengishækkun, sem þeir hefðu viljað gera 1970, og lét að því liggja, að þá hefði stjórnarandstaðan ekki tekið líklega undir það mál. Ég minnist þess nú ekki að ég hafi látið uppi neitt álit um það efni, enda komst það víst aldrei á það stig, að það kæmi til kasta stjórnmálaflokka. Hitt mun hafa verið rétt, að aðilar vinnumarkaðarins höfðu ekki mikla trú á þessu úrræði.

Ég held, að það geti verið ákaflega hættulegt að fordæma einhver úrræði í eitt skipti fyrir öll. Þó að það hafi tekizt þannig til, að menn hafi í huga eitt ákveðið fordæmi í sambandi við gengishækkun, sem ekki tókst sem skyldi, þá held ég fyrir mitt leyti, að það sé mjög vafasamt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll, að aðstæður geti ekki verið þannig, að hún geti komið til greina. Og þó að ég sé þeirrar skoðunar, að það sé mjög veigamikið undirstöðuatriði í efnahagslífi landsins að hafa sem tryggast gengi, þá getur vel verið, að í okkar landi, sem er svo ákaflega háð sveiflum, að það gæti verið hugsanlegt að hafa einhvern ramma, svigrúm, þar sem gengið

væri látið hreyfast innan einhverra ákveðinna takmarka, upp eða niður eftir aðstæðum, innan mjög þröngra takmarka. En ég ætla að vona, að mér leyfist að láta þetta í ljós sem hugleiðingu, án þess að það verði farið að herma það upp á ríkisstj., að hún verði að bera ábyrgð á þessum umr. Þetta er persónuleg skoðun."

Þetta er það eina, sem ég sagði í þessum umr. um gengi, og ég ætla að vona, að hv. 1. þm. Reykv. leggi nú í lúsarleit og athugi, hvort hann finnur eitthvað annað í þessum ræðum, sem ég hélt við þetta tækifæri, um gengismál. Hitt er svo laukrétt, að í viðtali við fréttamann frá útvarpinu svaraði ég 25. okt. aðspurður spurninu um það, hvort ríkisstj. mundi grípa til gengislækkunar, á þá lund, að mér þætti ekki líklegt, að þessi ríkisstj. gripi til gengislækkunar. Vilja nú hv. þm. gefa mér leiðbeiningar og fræða mig um, hvernig ég hefði átt að svara svona spurningu á þessum tíma öðruvísi? Vilja ekki hv. þm. hugleiða, hvaða áhrif það hefði haft á spákaupmennsku og „spekúlasjón" í landinu, ef ég hefði farið að segja á því stigi: Það getur vel verið, að það verði gripið til gengisfellingar. — Eða sagt sem svo: Ég vil ekki útiloka nokkurn möguleika, það getur vel komið til greina. — Hvernig gat ég á þessu augnabliki og hvernig hefði ég og hvaða ráðh. sem er yfirleitt getað að undanförnu svarað svona spurningu, ef henni er beint til hans beint frá fjölmiðlum, sem flytja þjóðinni svarið, öðruvísi en á þann veg, að það komi ekki til gengisfellingar? Ég tel, að ef ég hefði farið að svara þessu á þá lund, að víst gæti það komið til greina, að til gengisfellingar yrði gripið, þá hefði ég verið að fremja brot á góðri ráðsmennsku ráðh. Ráðh. má aldrei gefa slíkar yfirlýsingar fyrirfram, og ég er í góðum félagsskap að þessu leyti til. Ég man ekki betur en Bjarni Benediktsson lýsti því yfir í nóv. 1967, að gengi yrði ekki fellt, að það yrði ekki gripið til gengisfellingar, af því að gengisfelling, ef ég man rétt, skapaði meiri vanda en hún leysti. Hvað skeði? Rúmlega viku síðar var gengið fellt. Og hvað sagði hv. 7. þm. Reykv. í ráðherrastóli í ágúst 1967? Efnislega alveg á sömu lund sagði hann, að ekki yrði gripið til gengisfellingar. Ég er ekki að segja þetta mönnum til lasts, síður en svo. Þeir gátu blátt áfram ekki svarað svona spurningu öðruvísi en þeir gerðu á þeim tíma. Annað hefði verið brot hjá þeim. Og eitthvað minnir mig einnig um það, að sá margrómaði og heiðarlegi maður, Sir Stafford Criffs, hafi á sínum tíma í Englandi lýst því yfir undir svipuðum kringumstæðum, að til gengisfellingar yrði alls ekki gripið, þó að það væri svo gert nokkrum dögum seinna.

Nei, þeir Morgunblaðsmenn mega halda áfram skitkasti á mig fyrir að hafa sagt þessi orð í útvarpi. En þeir skyldu þá gæta að því, þeir góðu menn, að jafnframt eru þeir að ata auri minningu síns fallna foringja, Bjarna Benediktssonar. Kannske er þeim öllum ekki sárt um það. Þeir vita það fyrir víst, að þeir komast aldrei í þau spor, sem hann steig, — með tærnar þar, sem hann hafið hælana. (ÞK: Það eru fleiri um það.) Já, mér dettur ekki í hug að halda, að ég komist það heldur. Ég hef aldrei haldið því fram. Ég álít mig yfirleitt ekkert stórmenni.

Ég tel mig með þessu hafa nokkuð sýnt fram á, að það er ástæðulaust að vera að brýna mig á því, að ég hafi verið með einhverjar yfirlýsingar um, að aldrei yrði gripið til gengisfellingar. Og ég er ekkert að segja það hér á þessari stundu, að það verði gripið til gengisfellingar. Ég vona, að það liggi fyrir innan skamms, til hvaða efnahagsaðgerða verði gripið. En ég veit, að blaðamenn gera sér oft leik að því að tína upp ummæli, sem hafa verið höfð löngu áður og undir öðrum aðstæðum, og þetta gengur kannske gegnum blöðin árum saman. Og þetta gerum við líka á þingi, og sjálfsagt hef ég einhvern tíma tekið þátt í þeim leik. En auðvitað er þetta ákaflega lítils virði og oftast nær gagnslaust og tilgangslaust að vera að rifja það upp og rekja, sem menn hafa sagt þá og þá, e. t. v. við allt aðrar aðstæður. Sannleikurinn er sá, að það er engum leggjandi til lasts, þó að hann skipti um skoðun að fengnum nýjum upplýsingum, að fenginni nýrri vitneskju, að fenginni nýrri reynslu, að framlögðum nýjum rökum. Ég tel það ekki ljóð á neinum manni, þó að hann breyti um skoðun og fari þann veg og breyti nú á þá lund, sem hann sér, að er betri en hann áður taldi. Ég hygg, að enginn hv. þm. hafi lýst þessu betur en hv. 7. þm. Reykv., sem hefur sýnt fram á, hvað það væri fornaldarlegur hugsunarháttur, að menn ættu að steinrenna og staðna í einhverjum skoðunum, sem þeir hafi einhvern tíma haft. Auðvitað eiga menn að laga sig að fenginni reynzlu og breyttum aðstæðum. Annars væri maðurinn blátt áfram ekki skyni gædd vera. Það er mergurinn málsins. Við erum öll að læra og eigum öll að vera að læra allt okkar líf.

Þess vegna er það í sambandi við þær efnahagsaðgerðir, sem kunna að verða gerðar og ég vil ekki segja neitt um nú, þá er það í raninni algert aukaatriði, hvað ég hef sagt áður. Það, sem skiptir höfuðmáli, það eina, sem skiptir máli, er, að við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, sé valin sú leið, sem skynsamlegust er. Það veltur allt á því, en ekki á því, hvað menn hafa sagt endur fyrir löngu eða kannske fyrir stuttu. Erum við ekki allir sammála um, að það eigi að velja skynsamlegustu leiðina? Hver er skynsamlegasta leiðin? Það kemur á daginn, hvaða leið við í stjórnarflokkunum teljum skynsamlegustu leiðina. Þá kemur til kasta stjórnarandstöðunnar að segja til um það, hvaða leið hún telur skynsamlegustu leiðina. Ef hún vill ekki fallast á þau úrræði, sem við komum með, þá er það hennar að benda á, hvaða úrræði hún vill færa fram, og hún hefur til þess betri aðstöðu nú en stjórnarandstaða hefur nokkru sinni haft áður, vegna þess að það hefur aldrei verið hagað vinnubrögðum gagnvart stjórnarandstöðu á sömu lund og gagnvart þessari stjórnarandstöðu. Við höfum látið hana fylgjast með. Hún hefur fengið nokkurn veginn jafnsnemma í hendurnar álit sérfræðinganefndarinnar og við fengum það. Hún hefur þess vegna haft alla möguleika til að mynda sér skoðun á þessu máli, skapa sér aðstöðu, koma með till. og vera reiðubúin til þess jafnsnemma og við. Við skulum bíða, sjá og heyra, hvað hún segir, þegar efnahagsaðgerðirnar liggja fyrir. (Gripið fram í.). Ég er að vona það. En víst er um það,

að ef þessi stjórn gefst upp, þá er beðið eftir því með óþreyju að komast í stólana. Það er ekki alveg víst, að þeir verði lausir strax.

Ég skal svo, herra forseti, ekki syndga öllu meira upp á náðina að þessu sinni, en ég gat ekki orða bundizt. Ég sá enga ástæðu til þess að gera hið minnsta verður út af þeim orðum, sem hv. 7. þm. Reykv. lét hér falla, því að þau voru málefnaleg á allan hátt og réttmæt. En þegar hv. 1. þm. Reykv. kemur hér upp og flytur með hávaða fyrirlestur um það, hversu oft ég hafi orðið mér til skammar að undanförnu, þá ætla ég að svara honum fullum hálsi, og í hvert eitt einasta sinn, sem hann kemur upp með það, þá ætla ég að svara honum alveg fullum hálsi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það fer nú að verða gaman að hæstv. forsrh. Allur þingheimur kvartar undan því allajafna, að það heyrist aldrei neitt í honum, hann muldri í barm sér eitthvað, sem enginn heyrir í þingsölunum. En menn gera enga aths. við það og láta það gott heita. Hann fór þó að hvessa sig núna, blessaður.

Hæstv. forsrh. sagði hér, og það hefur einnig verið sagt í blaði hans, að það hafi aldrei verið hagað vinnubrögðum eins og nú í sambandi við lausn efnahagsmála og að stjórnarandstaðan hafi fengið álit sérfræðinga nokkurn veginn jafnsnemma í hendur og sjálf ríkisstj. Þetta vil ég leiðrétta. Nú verð ég að hressa upp á minnið hjá hæstv. forsrh. Við skulum taka haustið 1968, þegar við viku eftir viku, stjórnarliðar, sátum með fulltrúum stjórnarandstöðunnar, þ. á m. núv. forsrh. (**Forsrh.:** Við vorum látnir húka í biðstofunni.) Hæstv. forsrh. var sannarlega ekki látinn húka í biðstofunni, hann sat viku eftir viku á fundum með ríkisstj. (**Forsrh.:** Það eru fleiri til frásagnar um það en ég.) Ætlar hæstv. forsrh. að neita því, að hann hafi setið þá með ríkisstj. á fundum um lausn efnahagsvandamálanna? (**Forsrh.:** Á endanum boðið inn.) Á endanum boðið inn? Honum hefur líklega verið boðið að sitja á óæðri endanum, en var það svo merkilegt? Það er næsta furðulegt, hvernig forsrh. hagar sér, því að haustið 1968 var stjórnarandstæðingum boðið að hefja viðræður við fulltrúa ríkisstj. um þann mikla vanda, sem þá var í efnahagsmálunum. Þá var nefnilega við verulegan vanda að glíma í efnahagsmálunum. Og það var látið uppi af þáv. ríkisstj. og fulltrúum hennar, að einmitt viðræður, sem þá var stofnað til við stjórnarandstæðinga, gætu alveg eins leitt til þess, — ef þeir yrðu menn til þess að taka á sig einhverja ábyrgð á þeim hlutum, sem gera þyrfti, — þá gæti það alveg eins leitt til breytinga á ríkisstj., sem þá var. Þá var hvert einasta atriði, sem ríkisstj. sjálfri var kunnugt um í efnahagsmálunum, og álit sérfræðinga og hvers konar skýrslur í því efni látnar þessum mönnum í té, og þeir þurftu alls ekki að lesa það á biðstofum, því að þeir fengu að fara með það heim til sín og hafa það með höndum alveg eins og ráðh. En það endaði auðvitað með því, að engir af fulltrúum stjórnarandstöðunnar vildu bera neina ábyrgð á þeim aðgerðum, sem gerðar voru, þ. e. a. s. gengislækkun, þegar að henni kom.

Það var raunverulega ekki talað nema um tvo höfuðvalkosti þá, þar sem nú er talað um þrjá. Annars vegar millifærsluleið, sem nú er kölluð, og hins vegar gengislækkun. Stjórnarandstæðingar fengust þá aldrei til þess að flytja neinar till., sem nokkru máli skiptu í sambandi við lausn efnahagsvandans, — alls engar, og höfðu þeir þó öll plögg og öll gögn í höndum, eins og ég hef lýst. Þess vegna vil ég, eins og ég sagði áðan, hressa upp á minni hæstv. forsrh. og leiðrétta þetta, því að það er alrangt, að það sé einhver nýlunda nú, að stjórnarandstöðu séu látin í té öll þau sömu gögn og sama vitneskja og ríkisstj. sjálf hefur í höndum í sambandi við lausn efnahagsmála.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri algert aukaatriði, hvað hann sagði eða hefði sagt. Ég held, að þetta sé eini forsrh. í heimi, sem kemur fram fyrir þingheim og lýsir yfir: Það er alveg sama, hvað ég segi. — Þetta er einsdæmi, held ég. En þegar mönnum verður á að lýsa yfir einhverri glópsku eða gera eitthvað, sem er þannig vaxið, að ráðh. gerir sér grein fyrir því sjálfur, að þetta mátti betur fara og ætti betur að fara, þá er sú leið viðhöfð í þingræðislöndum, og það eru mörg dæmi þess, að þá kemur ekki ráðh. og segir: Það skiptir engu máli, hvað ég segi. — Hann segir: Því miður hef ég ekki sagt það, sem ég vildi sagt hafa. Ég hefði átt að segja annað, og ég tek afleiðingunum af þessu og segi af mér. — Það er nefnilega dálitið atriði, hvað forsrh. segir.

Það var gripið fram í hér áðan, þegar hæstv. forsrh. minntist á Bjarna heitinn Benediktsson og vildi taka hann sem fordæmi. Auðvitað mátti af því skilja, að hann ætlaði sér að hafa skjól af Bjarna Benediktssyni, og þá var réttilega gripið fram í, að hann mundi lítið skjól geta haft af þeirri persónu, og ég hygg, að það hafi verið sannmæli. En þegar Bjarni Benediktsson lýsti því yfir, — eins og hæstv. forsrh. segir, — að ekki yrði gripið til gengislækkunar haustið 1968, þá vil ég minna á, að þá var gengislækkun gerð, eftir að pundið var fallið, og við Íslendingar höfum jafnan verið, og vorum þá alveg sérstaklega háðir pundinu. Og það var, held ég, enginn, sem gat álitið þá, að við yrðum ekki fyrir áhrifum af þeirri gengisfellingu.

Ég minni á; að það er ekki fyrst núna, sem ríkisstj. er að lækka gengi íslenzku krónunnar. Hún lækkaði gengið í fyrra um 8% eða eitthvað því um líkt, þegar dollarinn féll. Og hún hefur ekki verið ásökuð sérstaklega fyrir það, að krónan félli þá um leið og dollarinn. Ég hef hins vegar bent á það mörgum sinnum, að ríkisstj., — ég held, að ég fari rétt með það, — að bæði hæstv. viðskrh. og ég held seðlabankastjórinn einnig hafi haft orð á því á opinberum vettvangi, að færi svo, að dollarinn félli, þá væri það þó að athuga, að um það bil 60% af gjaldeyrisöflun okkar væru í dollurum, en um 40% í Evrópugjaldeyri, þá kæmi til álita að fara bil beggja, ef til gengisbreytinga kæmi, með hliðsjón af þeim hlutföllum, sem í gjaldeyrisöflun okkar væru, annars vegar í dollurum og hins vegar í öðrum gjaldeyri, sem þá féll ekki, en þvert á móti hækkuðu a. m. k. sumar tegundir gjaldeyrisins, eins og þýzka markið.

Hæstv. forsrh. talaði með miklum hávaða um skítkast Morgunblaðsmanna. Ég held nú, að hæstv. forsrh. sé ekki meiri þörf á neinu í dag heldur en aurhlíf fyrir því moldviðri, sem hann sjálfur þyrlar upp í kringum sig. Hann er tvisvar sinnum búinn að gefa þessar dæmalausu skýringar á stjórnarsáttmálanum og ætlar að skýla sér á bak við það, að þar væri ekki lýst yfir, að núv. ríkisstj. mundi ekki grípa til gengislækkunar. Það hefur verið uppistaða í málflutningi stjórnarsinna, að það væri einn meginmunur á fyrrv. ríkisstj. og þessari, að þessi ríkisstj., sem nú væri, hefði gerbreytt um stefnu, hún ætlaði sér ekki að fara gengislækkunarleiðina, sífellda gengislækkunarleið. En slíkar leiðir hafa meira að segja verið álitnar svo slæmar, að þær eru taldar koma af stað afbrotum unglinga. Eftir að stjórnarsáttmálinn var kunngerður, hefur þetta verið áframhaldandi uppistaðan í málflutningi þeirra, og ég hef alveg sannar fréttir af því, að á fundum hjá framsóknarmönnum sjálfum, — og það getur vel verið, að svo hafi verið hjá öðrum stjórnarsinnum, en sérstaklega á ég hér við fundi framsóknarmanna á s. l. hausti um allt land, — þá hafi einmitt komið fram hjá þeim sá boðskapur, að það yrðu fundnar aðrar leiðir en gengislækkunarleiðin, því að þessi ríkisstj. ætlaði sér ekki að brenna sig á sama soðinu og fyrirrennarar hennar í þeim efnum. Og með staðfestingu á þessu m. a. var hv. 1. þm. Sunnl. í þinginu fyrir nokkrum dögum í blaði, framsóknarmanna á Suðurlandi, — Þjóðólfur, held ég, að það heiti, — þar sem þeir segja frá fundi, sem þar hafði verið haldinn, pólitískum fundi, og þar er haft eftir sjálfum fjmrh., að núv. ríkisstj. muni ekki grípa til gengislækkunar. Það var enginn að þvinga hann um þetta eða spyrja hann um það. Þess vegna setti menn hljóða, þegar menn heyrðu skýringar hæstv. forsrh. í hljóðvarpi á stjórnarsáttmálanum fyrir nokkrum kvöldum, þegar hann fór að tala um, að þar væri bara verið að tala um þann vanda, sem við var að glíma í efnahagsmálum, þegar núv. ríkisstj. tók við, að öðru leyti væri ekkert, sem máli skiptir, um gengislækkun eða ekki gengislækkun í þessum stjórnarsáttmála.

Önnur stjórnarblöð hafa nú litið á þetta allt öðruvísi, bæði Þjóðviljinn, Nýtt land o. fl., svo sem auðvelt er að rekja. En það getur vel verið, og ég skal ekkert um það segja, dæmi ekkert um það, því að ég hef ekki sérstaklega tekið eftir því, að einhver blöð hafi sagt, að forsrh. hafi sagt í umr. á Alþ. nú nýlega, að ekki yrði gripið til gengislækkunar, og þetta sé ekki rétt, það sé ekkert hægt að finna í ræðum hans um það. En þá var verið að ræða hér í þinginu um tímabundnar efnahagsráðstafanir, og forsrh. gaf þá hinar merkilegu yfirlýsingar sínar um sína persónulegu skoðun, sem hann sjálfur er nú að segja, að eigi ekkert að taka mark á lengur og yfir höfuð ekki, þegar hann talar, því að hann komist kannske á einhverja aðra skoðun og þá ætlar hann að fylgja henni. Og það var út af þessum umr. í þinginu, sem ríkisútvarpið hafði viðtal við hæstv. forsrh. eins og hann var að víkja að, og þar segir í fréttum útvarpsins, í útdrættinum, sem fyrir liggur í skjölum útvarpsins og ég hef ljósrit af, að „forsrh. sagði í dag, að hann áliti, að verðstöðvun ætti að standa næsta ár og gengislækkun yrði ekki, á meðan núv. stjórn væri við völd". Á þessum tíma var fréttaviðtal, var talað við forsrh., og í það er svo vitnað í seinni fréttatímanum þetta sama kvöld, og um það liggja fyrir þessar skjallegu sannanir, sem ég hef hér í höndum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ólafur Jóhannesson forsrh. mælti í dag fyrir frv. til staðfestingar á brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Í viðtali við fréttastofuna í kvöld gerði hann grein fyrir persónulegu áliti sínu á verðlagsmálum o. fl. og sagði það sitt álit, að verðstöðvun ætti að standa út næsta ár. Hann áliti, að niðurgreiðslur þetta tímabil mundu kosta 800—1000 millj. kr. Hann kvaðst telja, að beinir skattar ættu ekki að hækka, en sagði það sitt álit, að leggja ætti á óbeina skatta, sem þá væru ekki teknir inn í vísitöluna." Og svo endar þessi frásögn: „Forsrh. kvað gengislækkun ekki gerða af núv. ríkisstj."

Sé nú ekkert í sjálfum ræðunum í Alþ. af slíkum staðhæfingum sem þessum, eins og hæstv. forsrh. segir, þá finnst mér það ekki höfuðsynd, þó að einhverjum hafi orðið á að blanda málum, að forsrh. hafi sagt þetta í þinginu, þegar í tvígang eru höfð eftir honum þessi ummæli og hann sjálfur í viðtali viðhefur þau í fréttum ríkisútvarpsins um kvöldið vegna þessara umr. En nú kemur hæstv. forsrh. og segir: Ég gat ekkert annað sagt, þegar ég var að því spurður, og ég mátti ekki segja neitt annað. — Það eru farnir að verða nokkuð furðulegir tilburðir hæstv. forsrh. í sambandi við gengislækkunarmálin, en það var mjög ánægjulegt, að hann skyldi gefa sérstaka ástæðu til þess, að þessi mál yrðu rædd nú. Ég gerði þetta að umtalsefni hér um miðnættið við 2. umr. fjárl. Hæstv. forsrh. var þá ekki viðstaddur þær umr. frekar en margir aðrir ráðh., sem kannske gerði ekki svo mikið til, því að það er rétt, sem við sögðum, að það var um markleysu að ræða, að 2. umr. um fjárl. færi fram, eins og þá var í pottinn búið. En ég held, að það sé alveg gersamlega óþarfi, eins og hæstv. forsrh. var að skora á mig, að fara í einhverja lúsarleit í ræðum hans, þegar hann sjálfur hefur viðhaft þessi ummæli, sem skjalfest eru og ég hef lesið hér upp, þegar verið er að ræða við hann í áheyrn allrar alþjóðar um það, hvað hann hafi sagt í þinginu þennan sama dag.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að blanda umr. um hugsanlega gengislækkun inn í þetta mál og ætlaðist ekki til þess, að aths. mínar í upphafi þingfundar yrðu til þess að efna til almennra umr. um gengisbreytingu, um það, hvað menn hefðu sagt eða hefðu ekki sagt. En það var hæstv. forsrh., sem vék málinu inn á þessar brautir, og af því tilefni finnst mér ég þurfa og eiga rétt á að gera örfáar aths.

Það var að ýmsu leyti nýr maður, sem stóð hér í ræðustólnum áðan sem hæstv. forsrh., allt annar og mun betri maður en hér stóð oft áður í 12 ár sem leiðtogi og forustumaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins. Nú var það kjarni í máli hans, að það væri aukaatriði, hvað menn

hefðu sagt, það væri algert aukaatriði, hvað hann hefði sagt um hugsanlega gengisbreytingu, aðalatriðið væri að gera rétt. Um þetta er ég honum fullkomlega sammála. Ég hef löngum haldið því fram, að það væri stjórnmálatal á sérstaklega lágu stigi, þegar röksemdir væru byggðar á því, hvað menn hefðu sagt fyrir 20 árum, fyrir 10 árum, jafnvel fyrir einu ári, ef það, sem áður hefur verið sagt, var sagt undir allt öðrum kringumstæðum en þeim, sem ríkja á þeirri stundu, sem síðustu orðin eru töluð. Hingað til hefur þetta ekki þótt mikil speki í herbúðum þeirra, sem nú mynda ríkisstj. á Íslandi. En mér þykir vænt um að heyra, að nú hefur hæstv. forsrh. lært svo mikið af tæplega tveggja ára setu í sínu virðulega embætti, að hann tekur undir þessi orð, og ég vona, að hann geri það af heilu hjarta, og efast raunar ekki um, að svo sé. En ástæðan til þess, að ég vek athygli á þessu, er sú, að maður hefur þurft að lesa það meira en þúsund sinnum í blaði hæstv. forsrh., hversu óskaplegir óbótamenn þeir Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason hafi verið að viðhafa þau ummæli haustið 1968, að gengi krónunnar skyldi ekki breytt, og svo hafi því samt verið breytt. Ég hef ekki lagt það á mig að telja það og mun aldrei gera, hversu oft við höfum verið bornir sökum, þyngstu sökum, fyrir þetta í blaði hæstv. forsrh. Þegar hann nú heldur *því fram réttilega hér, að slíkur málflutningur sé ósamboðinn skynsömum mönnum*, þá öfunda ég ritstjóra Tímans og formann þingflokks Framsfl. ekki af þeim vitnisburði.

Sannleikurinn var sá, að þegar við Bjarni heitinn Benediktsson gáfum þá yfirlýsingu haustið 1968, að gengislækkun væri ekki fyrirhuguð, þá var hún auðvitað gefin í góðri trú og af heilum hug. Það vita allir, sem þeim málum voru kunnugir, að það var ætlun þáv. ríkisstj. að reyna að leysa þann efnahagsvanda, sem þá var fyrir dyrum, með öðrum hætti en gengisbreytingu. Við höfðum uppi tilburði í þá átt, og það vissi stjórnarandstaðan eflaust, það vissi stjórn Alþýðusambandsins, að það var vilji okkar að reyna að komast hjá gengisbreytingu og taka öðruvísi á þeim vanda, sem beið. Hitt er annað *mál, að það tók enginn orð okkar um það*, að ekki yrði gengisbreyting eða að við vildum komast hjá henni haustið 1968, þannig, að við værum almennt að fordæma gengisbreytingu. Það er munurinn á ummælum okkar þá og ummælum ýmissa valdamanna nú. Öll þjóðin vissi þetta Við skömmuðumst okkar ekkert fyrir það, að við höfðum áður á áratugnum beitt okkur fyrir gengisbreytingu sem einu skynsamlegu leiðinni úr þeim vanda, sem þá var við að etja. Við höfum aldrei nokkurn tíma, hvorugur okkar Bjarna Benediktssonar, sem hér hafa verið nefndir í þessu máli, sagt eitt einasta orð, sem væri al*menn fordæming á gengisbreytingu sem hag*stjórnartæki. Þvert á móti, við höfum sannað það með gerðum okkar hvað eftir annað, að við teldum, að undir vissum kringumstæuðm væri gengisbreyting það eina rétta, sem hægt væri að gera til þess að leysa efnahagsvandann. Þess vegna þýddu orð okkar haustið 1968 ekkert annað en það, við þær kringumstæður, sem þá voru, að þótt við viðurkenndum, að gengisbreyting gæti verið öldungis rétt og hið eina rétta í mörgum tilfellum, þá teldum við, að við þáverandi aðstæður ætti að reyna önnur ráð en gengisbreytingu. Þetta sögðum við, og þetta meintum við.

Þá gerist það, að Bretar breyta sínu gengi, lækka gengi pundsins. Ég held, að engum viti bornum manni hafi þá getað dottið í hug annað en að við fylgdum pundinu. Þar með var krónan lækkuð gagnvart dollar og öðrum dollaramyntum. Þá tók ríkisstj. þá ákvörðun að leysa þann vanda, sem við var að etja, með viðbótargenginlækkun. Gengi krónunnar hlaut að falla, og þá sannfærðumst við um, að þann vanda, sem beið, væri hyggilegast að leysa með þeim einfalda hætti að lækka gengið nokkru meira en nauðsynlegt var og allir voru sammála um, að nauðsynlegt væri að gera vegna gengisbreytingar pundsins. Þetta er sannleikurinn um þá atburði, sem gerðust þetta margumtalaða haust.

En því miður hafa hæstv. núv. ráðh. aldrei hagað orðum sínum um gengisbreytingu og gengismál yfir höfuð að tala eins og við í fyrri ríkisstj. gerðum allan þann tíma, sem við vorum í ríkisstj., í 12 ár. Þvert á móti var meginárásarefni núv. stjórnarflokka á okkur það, að við skyldum hafa notað gengið sem hagstjórnartæki, að við skyldum hafa beitt gengisbreytingu til þess að mæta utanaðkomandi erfiðleikum og aflabresti. Í 12 ár höfum við orðið að hlusta á gagnrýni, auðvitað rangláta og auðvitað fullkomlega ósanngjarna, en í 12 ár höfum við orðið að hlusta á gagnrýni fyrir það að hafa breytt genginu til þess að leysa efnahagsvanda. Ég kvarta ekki undan gagnrýni, það eiga stjórnmálamenn auðvitað ekki að gera, jafnvel þó að hún sé ósanngjörn og heimskuleg, eins og þessi gagnrýni var. Því verður að taka. Maður verður að búast við hverju sem er af þeim, mönnum, sem átt er í höggi við, eftir því við hverja er við að eiga. En getur nokkur verið hissa á því, að ég skuli núna ekki láta eins og vind um eyru þjóta, að allt í einu skuli vera það hljóð komið í strokkinn, að nú komi gengisbreyting sannarlega til greina og sé jafnvel líklegasta úrræðið. Eftir 12 ára tal gegn gengisbreytingu er hún nú *allt í einu talin koma til greina af hálfu þessara* sömu manna, sem stór orð hafa notað í þessum efnum. M. ö. o.: ef genginu verður breytt núna, sem ég er auðvitað enginn maður til að spá neinu um og ætla mér ekki að spá neinu um, þá felst í þeirri ráðstöfun alger og endanleg ómerking á öllum þeim orðum, sem sögð hafa verið í Tímanum og Þjóðviljanum, sögð hafa verið af hálfu Framsfl., Alþb. og SF, af þeim fyrrnefndu í 12 ár og af hálfu hinna frá því að þeir fæddust. Við skulum bara bíða alveg rólegir eftir því, hvað hæstv. ríkisstj. kemur til með að gera. Það verður mikill grautur, sem þá *þarf að borða, og ég vildi ekki þurfa að leggja* það á mig að láta hann allan ofan í mig. En við skulum sjá, hvað kokviðir sumir reynast.

Það síðasta, sem ég segi um málið, skal vera það að minna á, að jafnvel þó að hæstv. forsrh. sé nú orðinn svo sanngjarn og réttlátur og skynsamur að segja, að auðvitað geti gengisbreyting komið til greina, þá á hann fortíð í þessum efnum. Ég fagna því vissulega, að hann skuli hafa

tekið þessum mikilsverðu sinnaskiptum, og vona, að þau taki einnig til formanns Framsfl. En ég kemst ekki hjá að minna á, að þangað til fyrir rúmlega viku var það skoðun Framsfl., að það ætti ekki að breyta genginu. Þangað til fyrir rúmlega viku var Framsfl. eins og Alþb. uppbótaflokkur, fylgjandi gömlu, ömurlegu uppbótaleiðinni, sem við margir höfum hörmulega reynslu af. En hvernig stendur á sinnaskiptunum? Tók hæstv. forsrh. sinnaskiptunum sjálfur? Tók hann þeim sjálfur? Og hefur hæstv. viðskrh. tekið sinnaskiptum og hæstv. iðnrh.? Það vitum við ekki? Ég heyri, að hæstv. forsrh. er á miklum batavegi. En aftur á móti heyri ég ekkert um, hvort hinum tveimur, viðskrh. og iðnrh., er nokkuð að skána. Það veit maður ekki enn. Ég get vel unnt þeim þess, að þeir skáni svolítið líka. (**Gripið fram í:** Það kemur allt í ljós.) Það kemur allt í ljós, það er ágætt. Við fáum heilbrigðisskýrslur eftir helgina. En það, sem ég vildi vekja athygli á, er, að afturbati hæstv. forsrh. er ekki af sjálfsdáðum. Það er ekki eigin líkamsstyrkur, það er ekki eigin andlegur þróttur, sem hefur læknað hann. Það er sessunautur hans í ráðherrastólnum, sem það hefur gert. Það vita bæði guð og menn núna, að hæstv. — (**Gripið fram í:** Hvernig væri að gleðjast yfir heilsubótinni?) Ég gleðst yfir henni. Þess vegna liggur svona vel á mér.

Nei, sannleikurinn er sá, að því miður hefur batinn ekki komið innan að, hann hefur komið utan að. Það vita allir, að það, sem gerzt hefur í stjórnarherbúðunum, er það, að Frjálslyndir sýndu þann stjórnmálakjark, það stjórnmálahugrekki, að varpa gömlum hugmyndum fyrir borð, varpa gömlum hugmyndum um gengismál fyrir borð og leggja fram till. um breytingu á genginu innan ríkisstj. Þetta er ekkert leyndarmál lengur. Þetta hefur komið í blöðum og því hefur ekki verið mótmælt, svo að ég er hér engu að ljóstra upp. Þá fyrst tók Framsfl. að átta sig. Þá fyrst hófust sinnaskiptin, sem mér heyrist núna, að séu orðin alger. En enn þá vitum við ekkert um ráðh. Alþb. Þeir þegja enn þá þunnu hljóði. En sem sagt, ég óska jafnvel þeim alls hins bezta í þessum efnum.

Síðustu orð mín skulu svo vera þau að leiðrétta það, sem hæstv. forsrh. fór með um þann mæta mann, Sir Stafford Cripps, þegar hann var fjmrh. á sínum tíma. Frásögn hans var ekki alveg rétt, en rétt er sagan svona: Pundið var í mikilli hættu. Sir Stafford hélt útvarpsræðu að kvöldi dags um það, að gengi pundsins yrði ekki breytt. Þar talaði brezkur fjmrh. Því var breytt um nóttina. Þegar menn vöknuðu morguninn eftir, hafði Sir Stafford sagt af sér.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, Þáltill. (þskj. 160). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efling Landhelgisgæzlunnar, þáltill. (þskj. 35 n. 151 og 158). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Því miður hefur orðið nokkur töf á afgreiðslu þessa máls í fjvn., og má þá fyrst og fremst kenna um miklum önnum n. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. En það er von mín og ég held allra nm., að þessi töf komi ekki að sök. Fjvn. hefur rætt þetta mál allítarlega. Innan n. er ekki skoðanamunur um það, að efling Landhelgisgæzlunnar sé nauðsynjamál. Þess vegna eru allir nm. sammála um efni og tilgang þessarar þáltill. Hins vegar kusu fulltrúar Sjálfstfl. í n. að skila séráliti, þar sem þeir munu líta svo á, að með því ættu þeir auðveldara með að koma fram sérstökum viðhorfum sínum til eflingar Landhelgisgæzlunni. Ég sé ekki, að þetta sé á neinn hátt óeðlilegt, en ég fagna því, að þeir sem aðrir hv. fjvn.-menn eru meðmæltir samþykkt tillögunnar.

Við, sem að þessu nál. stöndum, leggjum eindregið til, að till. verði samþ. óbreytt. Ég vil geta þess, að sú skoðun kom fram í n., að skynsamlegt mundi vera í sambandi við öflun nýs varðskips að skipa sérstaka skipakaupanefnd eða byggingarnefnd varðskips. Við gerum ekki till. um, að tillgr. verði breytt til samræmis við þessa skoðun, en eigi að síður er hér um ábendingu að ræða, sem meiri hl. fjvn. væntir, að hæstv. ríkisstj. taki til athugunar. Ég endurtek, að meiri hl. fjvn. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hl. fjvn., sem við stöndum að, fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn., þá erum við samþykkir samþykkt þessarar till. Þegar hún kom fyrst til umr. í fjvn., bentum við á, að 1. þm. Reykv. ásamt nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. hafði flutt frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæzlu Íslands, sem er á þann veg, að í Landhelgissjóð skuli renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota á fiskveiðilöggjöfinni og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr., og jafnframt, að ríkissjóður leggi Landhelgissjóði til árlegt framlag, 75 millj. kr. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi síðla þings og varð þá ekki útrætt, en var flutt aftur í byrjun þessa þings og vísað til allshn. Nd. 18. okt. Ég sé í fundargerðarbókum allshn., að frv. hefur verið tekið fyrir þar 7. nóv. og ákveðið að kalla á fund n. forstjóra Landhelgisgæzlunnar og ráðuneytisstjórann í dómsmrn. 14. nóv. koma þeir á fund n. til viðræðna við n., og að þeim fundi loknum er í raun og veru ekkert eftir annað en að afgreiða málið.

Fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. lýstu því yfir, að þeir væru algerlega sammála þeirri till., sem lægi hér fyrir frá ríkisstj. og fylgt var úr hlaði af hæstv. forsrh. og er á þá leið, að Alþ. ályktí að heimila ríkisstj. að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæzluna. En það er ekki stafkrókur um það, á hvern hátt eigi að kaupa skip eða efla starfsemi Landhelgisgæzlunnar fjárhagslega. Við vitum, hvernig staða Landhelgissjóðs er. Við höfum fengið um það upplýsingar, og þegar þetta frv., sem ég minntist á áðan, kom hér til 1. umr. í hv. þd., tók forsrh. því mjög jákvætt, en við fulltrúar Sjálfstfl. vildum fá vitneskju um það og inntum eftir því við meiri hl. fjvn., af því að þeir ættu, eins og eðlilegt er, greiðari aðgang að skoðunum

hæstv. forsrh. en við, hvort hann hygðist beita sér fyrir því, að þetta frv. um að efla Landhelgissjóð yrði samþ. eða þá að það verði tekið inn í fjárlög álitleg upphæð til þess að standa undir þessum framkvæmdum og sömuleiðis að gera ákveðna áætlun um eflingu Landhelgisgæzlunnar. Þetta fékkst ekki fram. Fulltrúar meiri hl. töldu, að þetta skipti ekki máli í sambandi við samþykkt þessarar till. En við hinir erum á öðru máli. Við teljum, að það skipti afar miklu máli, hvernig eigi að standa undir kostnaðarsömum framkvæmdum og mikilvægum framkvæmdum eins og væntanlegum framkvæmdum Landhelgisgæzlunnar. Það kemur mér því á óvart, að 12. des. sé ég, að varaformaður allshn. Nd., sem gegndi störfum í n. í fjarveru formanns, skýrir frá því, að hann hafi ítrekað beiðni n. til forstjóra Landhelgisgæzlunnar um kostnaðaráætlun fyrir nýtt varðskip og fyrir endurbyggingu gæzlunnar í landi. Fulltrúar Sjálfstfl. í n. óskuðu eftir því, að afgreiðslu málsins væri hraðað og það kæmi fyrir Alþ. fyrir afgreiðslu fjárl. Mér finnst þessi bókun vera mjög einkennileg, því að það liggur fyrir hjá fjvn. ljósrit af bréfi, sem er lauslegt tilboð eða réttara sagt upplýsingar, hvað kostnaðarverð er á skipi eins og systurskipi Ægis, sem er nýjasta varðskipið. Þetta bréf fékk formaður fjvn. sent, og ég skil ekki í því, að það hefði ekki verið hægur vandi að koma þessu bréfi, þessu eina ljósriti, á milli herbergja á 1. hæð Þórshamars, til þess að allshn. hefði getað fengið að sjá þetta ljósrit, en það er á þá leið, að slíkt skip muni kosta um 22 millj. danskra kr., en þegar Ægir var byggður, var umsamið kaupverð hans um d. kr. 13 millj. 850 þús. Hækkun hefur orðið á byggingarkostn. um 59%.

Hins vegar er talið sjálfsagt að hraða mjög afgreiðslu á till. um að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi, þar sem ekki er minnzt einu orði á fjármálahliðina, á sama tíma og frv. liggur fyrir n. allan þennan tíma, sem fjallar um það að efla Landhelgissjóðinn til þess m. a. að standa undir kaupum eða byggingu á slíku skipi eins og hér er um að ræða. Allshn. Nd. hefur ekki afgr. þetta mál og hefur í raun og veru engan rökstuðning fyrir því að vera ekki búin að afgreiða þetta mál fyrir löngu. Við eigum auðvitað enga heimtingu á því, að meiri hl. allshn. afgreiði þetta frv. algerlega breytingalaust. Þar hefur meiri hl. fullan rétt til að leggja til, að það verði fellt, ef hann vill leysa fjármál Landhelgisgæzlunnar með öðrum hætti. En á sama tíma, sem knúið er á, sem eðlilegt er, af hæstv. forsrh. að afgreiða þá till., sem ríkisstj. leggur fram, þá eigum við fullan rétt á því, flm. þessa máls, að það sé knúið á um afgreiðslu málsins í n. Það eru engin frambærileg rök fyrir því að liggja á þessu máli, eins og átt hefur sér stað.

Mér þykir leitt til þess að vita, að það þurfi að koma til karps um málefni Landhelgisgæzlunnar. En okkur er ekki sama um það, á hvern hátt þessi mál verða leyst. Það er ekki nóg að flytja till. upp á tvær línur, en láta svo ekki fylgja neitt meira, hvernig á að standa undir fjáröflun, á sama tíma og við vitum, að Landhelgissjóðurinn, eins og hann er núna, stendur engan veginn undir þeirri fjáröflun, sem þarf til þess að standa undir lánum vegna síðasta skips, hvað þá heldur að taka á sig nýjar skuldbindingar, nema hann fái aukið fjármagn. Tekjur Landhelgissjóðs á árinu 1971 voru ekki beysnar. Sektir, andvirði upptæks afla og veiðarfæra voru ekki nema 2 millj. 365 þús., björgunarlaun voru 7 millj. 297 þús., vextir 541 þús. og framlag ríkissjóðs 17 millj. 982 þús., eða alls 28 millj. 185 þús. En vextir og afborganir vegna varðskipsins Ægis námu á árinu 1971 hvorki meira né minna en 23 millj. kr. Á árinu 1972 eru sektir og andvirði upptæks afla og veiðarfæra 3 millj. 431 þús. og björgunarlaun 1 millj. 264 þús. Ég held, að menn geti ekki búizt við að öllu óbreyttu, að tekjur Landhelgissjóðs aukist mikið, a. m. k. ekki á meðan ekki eitt einasta skip er tekið í landhelgi og fært til hafnar og sektað, heldur er það eina, sem hefur verið gert, að beita veiðiþjófana hrekkjum á miðum úti með því að klippa á togvírana. En ég held, að framtíðin til friðunar íslenzkri landhelgi liggi ekki í því að hrekkja þjófana. Ég held, að það væri talin heldur skrýtin löggæzla, ef lögreglan biði við glugga á húsum, þar sem innbrotsþjófar eru, ef hún ætlaði ekki að gera annað en að klípa í rassinn á þeim og sleppa þeim svo. Ég tel, að það sé kominn tími til, að það verði látið til skarar skríða gagnvart erlendum veiðiþjófum í íslenzkri landhelgi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér þykir leitt, ef svo er, að menn geti ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar till. Í þessari till. liggur ekki annað fyrir en heimild til handa ríkisstj. til að láta hefja athugun á undirbúningi um smíði skips eða athugun á kaupum á skipi. Ríkisstj. getur a. m. k. ekki formlega hafizt handa í þessu efni nema fá þessa heimild. Hitt er svo auðvitað, að öllum er ljóst, að áður en til framkvæmda kemur í þessu efni, á hvorn veginn sem verður, þá verður að afla fjár til þess. Ég get hugsað mér, að eitthvað þessu viðkomandi verði tekið inn á heimildagr. fjárl. Í annan stað vil ég segja, að ég tók frv. sjálfstæðismanna um eflingu Landhelgissjóðs vel, og ég hef gert ráð fyrir því, að það yrði afgreitt á þessu þingi í einhverri mynd, en ekki þar með sagt, að það yrði afgreitt í þeirri mynd, sem það er í nú. Ég held, að það sé ekki ástæða til að kvarta neitt óskaplega yfir því, þó að ekki sé búið að afgreiða það. Ég held, að það liggi æðimörg frv. fyrir í n. óafgreidd, meira að segja æðimörg stjfrv., þannig að ég held, að það þurfi ekki að örvænta um, að þetta frv. verði afgreitt, þó að það hafi ekki enn þá komið til afgreiðslu.

Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um Landhelgisgæzluna. Það er rétt, að hans orð standi sem vitnisburður hér.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Fyrst hv. 2. þm. Vestf. fór að lesa upp úr bókum allshn., get ég upplýst, að það er rétt, að allshn. óskaði eftir skýrslu frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar um, hvað þyrfti háa upphæð til að standa straum af skipi, sem keypt yrði og væri á stærð við Ægi, en auk þess, hvað væri líklegt, að þyrfti í vexti og afborganir og til þess að byggja yfir

Landhelgisgæzluna, þannig að það væri sómasamlegt að hans mati. Það er alveg rétt, að við kölluðum hann fyrir og óskuðum eftir þessu, og það er búið að ganga eftir því að fá þessa grg., en hún hefur ekki borizt okkur í hendur enn. Við erum nefnilega ekki eins glöggir fjármálamenn og hv. þm., þannig að við getum ákveðið upphæðina og sett inn í frv. án þess að kanna nánar, hvað eðlilegt væri að stæði þarna. Hann upplýsti hins vegar, að vextir og afborganir af Ægi mundu nú nema um 23 millj., en byggingarkostnaður á slíku skipi hefði hækkað um 50%. Ég veit því ekki, hvaðan hv. flm. hafa fengið þessar 75 millj., því að þeir reiknuðu með, að 50 millj. færu í að kaupa þetta skip, en síðan 25 millj. á hverju ári í að byggja yfir Landhelgisgæzluna. Mér finnst eðlilegt, að n., sem starfa, reyni að fá sem gleggstar upplýsingar um áætlanir í þessu skyni, áður en þær afgreiða sín mál. Það er ekki hægt að átelja allshn. fyrir slæleg vinnubrögð í þessu efni, og ég held, að það séu þá fleiri n., sem hafa ekki afgreitt mál, og meðferð þessa máls sé með eðlilegum hætti.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að það mun verða tekið til athugunar, áður en fjvn. lýkur afgreiðslu sinni, um fjármál út af væntanlegum skipakaupum. Á hvern hátt það kann að verða, get ég ekki sagt á þessu stigi, en það mun verða rætt við n., áður en hún lýkur sínum störfum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki efna til neinna deilna um þetta mál eða skyld mál. Aðalatriðið, sem fram hefur komið í sambandi við mál, sem snerta Landhelgisgæzluna, á þessu þingi er það, að hæstv. forsrh. sagði réttilega, að hann hefði tekið vel frv. okkar sjálfstæðismanna og gerði ráð fyrir, að það hlyti afgreiðslu á þessu þingi. Þetta þykir mér gott að fá áréttað, og mér þykir einnig vænt um að heyra yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það, að fyrir 3. umr. fjárl. verði tekið til athugunar að setja inn einhverja upphæð í sambandi við þarfir Landhelgissjóðs. Þetta tvennt vil ég leggja megináherzlu á.

Hitt vil ég ekki fallast á, að afgreiðsla allshn. sé með eðlilegum hætti, að öðru leyti en því, að það er rétt hjá hv. þm., formanni allshn., að afgreiðsla hennar er að því leyti með eðlilegum hætti, að þn. hafa lagt það í vana sinn að undanförnu að vera ákaflega seinar að afgreiða mál og alveg sérstaklega á fyrri hluta þingsins. Þetta er ekki sagt sérstaklega allshn. eða formanni allshn. til lasts, heldur á þetta við um allar þn. Ég vil beina því til forseta að hlutast til um það við þn., hverjir svo sem í þeim verða í framtíðinni, að vinnubrögðum verði verulega breytt að þessu leyti. Við höfum hvað eftir annað horfzt í augu við það, að frv. koma fram á fyrsta mánuði þingsins og eru ekki komin úr n. í fyrri d. síðari hluta vetrar og daga svo e. t. v. uppi eða koma í síðari d. á síðasta spretti þinghaldsins. Þetta á ekki svo að vera. Það á enginn einn sök á þessu, hvorki þm. né flokkur. Við eigum allir sök á þessu, en þetta er atriði, sem þarf að leiðr.

Það er ekki deilt um það að fylgja þessari till. um byggingu varðskips frá hæstv. ríkisstj. Það kemur fram hjá þm. Sjálfstfl. í fjvn., að þeir styðja till., svo að það á ekki að vera neitt ágreiningsatriði um afgreiðslu hennar. Forsrh. furðaði sig að vísu svolítið á því, ef hún gengi ekki greiðlega fram, og það er ástæða til þess, ef svo fer. En ég vil minna á, að það var flutt till. á síðasta þingi af mér og hv. 2. þm. Reykv. um byggingu varðskips, og nú segir hæstv. forsrh.: Það er ekki hægt að byrja bygginguna nema fá heimildina. — Það var hægt að fá þessa heimild á síðasta þingi. En stjórnarliðið hirti ekki um að fá þessa heimild samkv. þeirri till. Það voru einnig í þeirri till. fyrirmæli frá Alþ. um áætlunargerð um framtíðaruppbyggingu Landhelgisgæzlunnar. Ég gerði fastlega ráð fyrir því, að eins og sakir stæðu, mundi Landhelgisgæzlan og dómsmrn. hafa forgöngu um það. Ég benti á, að til þess að gera áætlanir fram í tímann um uppbyggingu Landhelgisgæzlunnar, þyrfti hún að geta byggt á einhverjum vissum tekjum, því að tekjur Landhelgissjóðs eru ákaflega óvissar. Það kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að ég held, að 1971 hafi björgunarlaun verið 7 millj. kr. fyrir Landhelgissjóðinn, og ég held, að þetta sé í sambandi við björgun á olíuskipi. Hitt árið, sem hann nefndi, voru björgunarlaunin innan við 2 millj. kr. Þegar farið er yfir þennan lista, sem ég hef ekki núna, en rekur aðeins minni til, sést, að björgunarlaunin voru stundum sama sem engin, nokkur hundruð þús. kr. eða innan við það sum árin, svo að í þessu er mikil óvissa. Það er ekki hægt að byggja framtíðaráætlanir á slíku. Þess vegna þótti mér vænt um, þegar hæstv. forsrh. tók vel undir það í upphafi þings, að Landhelgissjóðurinn þyrfti einmitt að fá fastar og ákveðnar tekjur, eins og frv. okkar sjálfstæðismanna gerir ráð fyrir.

Það er ekki rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að við gerum ráð fyrir því í okkar frv., að 25 millj. fari í uppbyggingu Landhelgisgæzlunnar í landi og 50 millj. í byggingu skips. Fyrri hlutinn er réttur. Þar er til heimild um að verja, ef þarf, allt að 25 millj. til uppbyggingar í landi, en hitt er til annarrar ráðstöfunar Landhelgissjóðs. Það er fleira en skip, sem á þarf að halda, og eins og öllum hv. þm. er kunnugt, væri mjög æskilegt að geta eflt flugflota Landhelgisgæzlunnar. Aðstaða Landhelgisgæzlunnar til þess að kaupa ný tæki þarf að batna, og sennilega þarf einmitt við gæzlu 50 mílna landhelginnar að hafa tæki staðsett bæði í landi, áður en langt um líður, og í skipunum. En miklu dýrari tæki þarf til staðsetningar skipa svo langt úti á sjó og er allt annars eðlis en þegar verið var að gæta 12 mílna landhelginnar. En heimildin í frv. til að verja fé til uppbyggingar í landi nemur allt að 25 millj., og þá er fyrst og fremst verið að tala um aðalstöðina hér í Reykjavík. En ég hef bent á, að það væri mjög æskilegt og nauðsynlegt, að Landhelgisgæzlan hefði aðstöðu í landi á Austfjörðum og Vestfjörðum, alveg sérstaklega, og þá fyrir flugvélar og þyrilvængju á þessum stöðum. Með því móti gæti Landhelgisgæzlan gegnt því tvíþætta hlutverki sínu að gæta betur land-

helginnar og veita þjónustu í hinum dreifðu byggðum, en það er eitt af hlutverkum Landhelgisgæzlunnar, því að þá væru flugvéla- og þyrluskýli á þessum stöðum. Þá gætu þyrlurnar haft náin tengsl við skip, sem eru fyrir austan og vestan. Það er oftast svo, að tvö af stóru skipunum eru kannske sitt hvorum megin, fyrir austan og vestan landið, en á öllum þremur stærri skipunum eru þyrluskýli, sem þyrlurnar, sem kæmu úr landi, gætu horfið til, ef veður og aðrar aðstæður eru slíkar.

Ég skal ekki tefja tímann að þessu leyti. Ég styð að sjálfsögðu þessa till. hæstv. ríkisstj., og sjálfstm. í fjvn. hafa einnig lýst sig henni fylgjandi. Ég vil mega treysta því, að frv. okkar sjálfstm. nái fram að ganga með þeim hætti, sem viðunandi er. Loks fagna ég því, að inn í fjárlfrv. verði fyrir 3 umr. bætt því, sem menn telja fært í fjárveitingu til þess að efla Landhelgissjóðinn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 194).

Efri deild, 26. fundur.

Laugardaginn 16. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tollskrá, frv. (þskj. 82). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 191). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 25. fundur.

Laugardaginn 16. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 177). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég lagði þetta frv. fyrir síðasta þing til kynningar, og það er nú lagt fram óðru sinni með óverulegum breytingum. Ég gerði ítarlega grein fyrir málinu á síðasta þingi og tel ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Ósk mín er aðeins sú, að hv. þm. geti á það fallizt, að þessu máli verði vísað til n. og fái þar þá eðlilegu athugun, sem nauðsynlega er. Ég óska þess vegna eftir því, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er um afar einfalt frv. að ræða. Það voru samþ. hér á þingi lög um eiturefni og hættuleg efni á árinu 1968, og fylgdu þeim listar yfir eiturefni og hættuleg efni, og öðluðust þessir listar lagagildi með því. Nú er hins vegar nauðsynlegt orðið að breyta þessum listum, og það er dálítið þunglamaleg aðferð að þurfa að gera það með lagabreytingum hverju sinni, þannig að í þessu frv. felst heimild til ráðh. til þess að breyta þessum listum með setningu reglugerðar samkv. till. þeirra sérfróðu aðila, sem um það fjalla.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147 n. 174). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Efni það, sem þetta frv. fjallar um, hefur oft áður verið til meðferðar á Alþingi. Skipan 9 manna verðlagsnefndar, þeirrar er nú starfar, var ákveðin með lögum í nóv. 1967, skyldi sú skipan þá gilda til ársloka 1968, en síðan hefur þessi skipan verið framlengd um eitt ár. Með þessu frv. er lagt til að framlengja enn umboð verðlagsnefndar og binda það ekki lengur við tiltekinn tíma. Það er að því leyti frábrugðið því formi, sem málið hefur verið í áður, þegar það hefur verið lagt hér fyrir.

Fjvn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 119 (sbr. 4), n. 182). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., ef fram kæmu.

Megintilgangur þessa frv. er að samræma löggjöfina um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, eftir því sem við á. Menntmn. tekur eindregið undir nauðsyn slíkrar samræmingar. Það er óhjákvæmilegt, að stýrimannaskólarnir geri sömu kröfur, hvort heldur um er að ræða inngönguskilyrði og kennslu á sömu námsstigum o. s. frv. eða þegar um að ræða sambærilega skólastarfsemi. En því verður auðvitað ekki breytt, að Vestmannaeyjaskólinn heldur aðeins uppi kennslu á 1. og 2. námsstigi.

Það kom fram í umr. í menntmn., að menn

höfðu vissar áhyggjur út af því ákvæði stýrimannaskólanna og þar með þessa frv., að krafizt sé gagnfræðaprófs til inngöngu í stýrimannaskóla. Áhyggjur manna út af þessu ákvæði stafa af því, að telja má líklegt eða næstum víst, að til séu menn með góða skipstjórnarhæfileika, þótt ekki hafi þeir lokið gagnfræðaprófi. Hér getur t. d. verið um að ræða vana sjómenn eða bátaformenn, sem sýnt hafa dugnað og fiskimannshæfileika á smærri skipum, sem þeir hafa rétt til að stjórna. Slíkum mönnum kann að verða meinað að öðlast réttindi til skipstjórnar á stærri og betri fiskiskipum, ef inntökuskilyrðum laganna er fylgt eftir ströngustu bókstafstúlkun. Menntmn.- menn munu sammála um það, að rétt sé að túlka ákvæðin um inntökuskilyrðin af sanngirni og réttsýni, þegar sérstaklega stendur á, enda gerir stýrimannaskólalöggjöfin og þetta frv. sjálft ráð fyrir slíku frjálslyndi, þar sem er heimildin til þess að víkja frá skilyrðum um gagnfræðapróf og veita sérstaklega undirbúningskennslu í nauðsynlegustu námsgreinum þeim mönnum, sem hafa ekki gagnfræðamenntun. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að forráðamenn stýrimannaskólanna gera sér grein fyrir því mannlega vandamáli, sem hér er um að ræða, og það eigi ekki að vera nein sérstök hætta á því, að efnilegir skipstjórnarmenn séu útilokaðir frá inngöngu í stýrimannaskólann, vegna þess að þeir hafi ekki lokið gagnfræðaprófi. Með skynsamlegri og réttsýnni framkvæmd Stýrimannaskólalaganna á að vera hægt að koma í veg fyrir slíkt. En n. leggur sem sé til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
12.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 181). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., hefur á tveimur síðustu þingum verið flutt frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Gerðahreppi jörðina Útskála, en frv. hefur ekki hlotið afgreiðslu. Frv. er endurflutt hér samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar með þeim viðauka, að óskað er heimildar fyrir ríkisstj. til að selja einnig Gerðahreppi jörðina Brekku. Það kemur fram, að ábúandi jarðarinnar Brekku er samþykkur því, að hreppnum verði seld jörðin. Hann fellur frá forkaupsrétti jarðarinnar, ef um verður að ræða sölu á jörðinni til Gerðahrepps.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 163). — 1 umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. ásamt 4 öðrum hv. þm. úr öllum þingflokkum, lítið frv. til breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Frv. felur þá einu breyt. í sér, að ákvæðum l. um heimild til endurmats verði breytt þannig, að atvinnutækjum verði leyft að miða fyrningarverð fasteigna við nýja fasteignamatið, þótt fyrirtæki hafi ekki eignazt þær fyrr en á árunum 1969—1971, en ákvæði um endurmat lausafjár haldist óbreytt. Þegar talað er um atvinnufyrirtæki í lögunum, er einnig átt við bændur, en lögin eru þannig, að ef eignaskipti hafa orðið eftir 1968, er óheimilt að miða fyrningar við nýja fasteignamatið, þótt það sé miklu hærra en söluverðið var. Þetta hefur komið óneitanlega illa niður á tiltölulega fáum aðilum. Ég þekki eitt dæmi hvað bændur snertir, um feðga á sömu jörðinni. Bóndinn seldi syni sínum jörðina og útihúsin á talsvert lægra verði en fasteignamatið reyndist verða. Nú verður sonurinn að standa skil á sköttum og skyldum, sem miðast við nýja fasteignamatið, en hann fær ekki til frádráttar fyrningu nema af kaupverðinu, — eins og það var. Þetta er óréttlátt og þarf að leiðrétta. Og þó að ég þekki ekki nema eitt dæmi, eru þau ábyggilega fleiri. Ég get trúað, að þau finnist eitt eða tvö í flestum sýslum landsins. Þetta snertir ríkissjóðinn ekki mikið. Það verða ekki stórar upphæðir, sem þarna er um að ræða, en einstaklingana getur munað talsvert um þetta. Annað dæmi er um verkstæði, þar sem líkt stóð á, að það voru feðgar, sem áttu saman verkstæðið. Sonurinn keypti helminginn af því, og það var á lægra verði en fasteignamatið reyndist verða. Nú fær sonurinn ekki að fyrna nema sem svarar kaupverðinu. Ef engin eignaskipti hefðu orðið, hefði fyrning af allri eigninni miðazt við fasteignamatið. Þess vegna er hér mál á ferðinni, sem má skoða nánast sagt sem leiðréttingu. Þetta hefur fengið viðurkenningu fulltrúa allra þingflokkanna. Það eru fulltrúar frá öllum þingflokkunum, sem eru flm. að þessu frv.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að tala meira fyrir þessu frv. Ég vænti þess, að þessi breyt. verði gerð á l. um tekju- og eignarskatt nægilega fljótt til þess, að það megi taka til greina við næstu skattframtöl. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. alþm. hafa áreiðanlega orðið þess varir, jafnvel öðrum landsmönnum fremur, síðustu árin, hve ört Háskóli Íslands hefur fært út kvíarnar. Mest er að sjálfsögðu áberandi fjölgun námsmanna. Á fjögurra ára bili, frá 1968—1972, fjölgaði innrituðum stúdentum úr 1300 í 2145 s. l. haust. Kennurum hefur fjölgað að sama skapi og þá sérstaklega stundakennurum. En reynslan sannar, bæði í Háskóla Íslands og annars staðar, að þegar mikið er um stundakennslu, þá vaxa stjórnunarstörf við skólastofnanirnar meira en annars væri, ef samsvarandi fjölgun fastra kennara ætti sér stað. Nýjar háskóladeildir og námsbrautir hafa tekið til starfa. Við háskólann eiga sér stað mjög umfangsmiklar byggingarframkvæmdir. Rannsóknarstöðum hefur fjölgað verulega, og lagt hefur verið kapp á að breyta kennsluháttum og bæta þá í mörgum greinum. Þrátt fyrir byggingarframkvæmdir er langt frá því, að þær fullnægi þörf háskólans fyrir kennsluhúsnæði af ýmsu tagi. Orðið hefur að útvega leiguhúsnæði í ýmsum borgarhlutum, koma því í kennsluhæft ástand, fylgjast með því, búa það húsgögnum og annast viðhald og umsjá kennslutækja.

Þessi öra útþensla Háskóla Íslands hefur átt sér stað með samþykki og fyrir atbeina Alþingis. Það er ljóst, að stórauknum umsvifum hlaut að fylgja aukin starfsbyrði fyrir yfirstjórn háskólans, sem fæst við æ fleiri og umfangsmeiri verkefni og vandamál. En svo er mál með vexti, að yfirstjórnin er sá þáttur í starfsemi háskólans, sem orðið hefur út undan. Það árabil, sem ég tilgreindi áðan og námsmönnum hefur fjölgað um næstum ⅔, hefur viðbót starfsmanna á skrifstofu háskólans aðeins verið ein skrifstofustúlka. Ákvarðanataka fyrir Háskóla Íslands og yfirstjórn stofnunarinnar er enn í verkahring tveggja manna, háskólarektors og háskólaritara, alveg eins og var, þegar námsmenn voru fá hundruð og kennarar fáir tugir. Ég býst við, að öllum, sem til þekkja, hafi verið ljóst, að við svo búið gæti ekki staðið öllu lengur, og það kom afar glöggt í ljós, hvílíkar veilur eru í æðsta stjórnkerfi háskólans, þegar háskólarektor veiktist skyndilega. Þá kom upp tvenns konar vandi. Bæði kom á daginn, að engin skýr ákvæði eru í háskólalögunum um, hver koma skuli í stað háskólarektors, þegar hann forfallast um stundarsakir, og í öðru lagi kom í ljós, að mjög torvelt er að valda verkefnum, sem fyrir liggja í háskólanum á verksviði rektors og háskólaritara yfir mesta annatímann, þegar aðeins einn maður, sem málum er kunnugur, er í starfi.

Þessir atburðir ýttu svo á, að háskólaráð tók málið til meðferðar og beitti sér fyrir samantekt þess frv. til breyt. á háskólal., sem hér er borin fram og hefur að markmiði að bæta úr þessum augljósu ágöllum á stjórnkerfi háskólans. Meginatriði frv. er, að stofnað skuli nýtt starf, embætti kennslustjóra, hliðstætt embætti háskólaritara. Í 1. gr. er kveðið á um starfssvið þessa nýja embættismanns háskólans og starfsskiptingu milli hans og háskólaritara og þeirra beggja gagnvart háskólarektor. Er ætlazt til, að háskólaritari og kennslustjóri hafi eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem háskólann varða. Í umboði rektors og háskólaráðs hefur háskólaritari heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkv. fjárl. og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóra aftur á móti er ætlað að annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað þess.

Síðan er í 2. gr. ákvæði, til að fylla þá gloppu í háskólalögunum, sem í ljós kom s. l. sumar og ég hef áður getið. Í háskólal., eins og þau eru nú úr garði gerð, er ákvæði um, að varaforseti háskólaráðs taki við starfi rektors, ef hann fellur frá eða hverfur úr embætti. Hér er lagt til, að sama skipan verði lögfest, þegar svo vill til, að háskólarektor forfallast um stundarsakir eða er fjarverandi.

Komið hefur fram sú hugmynd, að bezta skipunin til frambúðar væri, að kosinn yrði vararektor á sama hátt og háskólarektor og samtímis, varamaður, sem ævinlega gæti hlaupið í skarðið fyrir rektor og hefði í starfi sínu svipaðan bakhjarl og hann í kjöri aðila, sem atkvæðisrétt hafa um kjör háskólarektors. Þessi hugmynd verður athuguð nánar ásamt öðrum í könnun, sem hafin er innan háskólans á stjórnsýslu stofnunarinnar fyrir frumkvæði rektors og háskólaráðs. En þær breytingar á háskólal., sem lagðar eru til í frv., sem hér er lagt fram, eru svo brýnar, að ótækt þykir að láta þær bíða niðurstöðu heildarendurskoðunar háskólastjórnkerfisins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Mánudaginn 18. des., að loknum 27. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 197). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér er nú tekið til umr. frv. til l. um breyt. á vegal. Í frv. felast breytingar á þremur gr. vegal., 85., 86. og 87. gr. Með frv. er að því

stefnt að auka nokkuð fjármagn til framkvæmda vegáætlunar og draga jafnframt úr lántökuþörf vegna framkvæmda í vegamálum. Er rétt að vísa um síðarnefnda atriðið til aths. við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, en það frv. liggur nú fyrir Alþ.

Í þessu frv. er lagt til, að innflutningsgjald af benzíni hækki um 2 kr. af lítra og gúmmígjald og þungaskattur hækki í sama hlutfalli, að undanskildum þó þungaskatti af benzínbílum, en þungaskattur af þeim verður óbreyttur. Innflutningsgjaldið hækkar úr 7.87 kr. í 9.87 kr., 2 kr. á lítrann, eins og ég áðan sagði. Samkv. vegáætluninni eru tekjurnar af innflutningsgjaldinu á árinu 1973 áætlaðar af 90.2 millj. lítra, en sú áætlun hefur ekki staðizt og er því lækkuð í 88.6 millj. lítra. Reynslan á árinu 1972 varð sú, að áætlunin stóðst ekki og varð 1.4 millj. lítra undir áætlun. Það er staðreynd, að endurgreiðslur vegna ársins á undan koma ekki fram sem hækkun fyrr en á árinu 1974, og ber að taka það með í reikninginn. Almennur þungaskattur af dísilbifreiðum er nú 22 þús. kr. á ári fyrir bifreiðar allt að 2 tonn að þyngd að viðbættum 750 kr. fyrir 100 kg varðandi dísilbifreiðar allt að 5 tonna þunga. Með hlutfallslegri hækkun miðað við innflutningsgjald verður hækkunin annars vegar í 27500 kr. á móti 22 þús. og hins vegar í 950 kr. pr. 100 kg umfram 2 tonn, sbr. hins vegar 750 kr. Þungaskattur af dísilbifreiðum yfir 5 tonna þunga eigin þunga, sem er innheimtur með km-gjaldi samkv. mælum, hækkar líka hlutfallslega samkv. frv.

Áætlaðar tekjur af þungaskatti á árinu 1973 eru samkv. vegáætluninni 223.1 millj. kr. og má gera ráð fyrir, að um 50% af þeirri upphæð sé vegna km-gjaldsins. Km-gjaldið er því áætlað 111.6 millj. án hækkunar. Innheimta á fyrsta ársfjórðungi 1973, sem er vegna aksturs á 4. ársfjórðungi þessa árs, er áætluð 22.3 millj. Hækkun km-gjaldsins kemur því aðeins á 89.3 millj. kr. á árinu 1973 og verður um 22.7 millj. Af almenna þungaskattinum, sem er áætlaður 111.5 millj. kr. á árinu 1973, eru um 44.3 millj. kr. vegna þungaskatts benzínbifreiða, þannig að hækkunin kemur á 67.2 millj. kr., og verður sjálf hækkunin þannig 17.1 millj. kr. Þar sem um er að ræða endurgreiðslur vegna ársins á undan, kemur hækkun á þeim ekki fram fyrr en á árinu 1974, eins og ég tók fram. Heildarhækkun á þungaskatti verður því árið 1973 um 39.8 millj.

Gúmmí-gjald, sem nú er 36 kr. á kg, verður 45 kr. á kg. Skv. vegáætluninni er reiknað með, að tekjur af gúmmígjaldi árið 1973 verði 50 millj. kr., en hækkunin mundi gefa af sér 12.1 millj. kr. á næsta ári. Hér er svo í fskj. gerð grein fyrir því, hvernig þessar hækkanir kæmu fram á árunum 1973, 1974 og 1975 skv. vegáætluninni, og verður upphæðin á næsta ári 204 millj., á árinu 1974 246.6 millj. kr. og á árinu 1975 262.2 millj. kr. Samtals er áætlað, að þessar hækkanir, sem fara allar í vegasjóð, kunni að nema um 220—225 millj. kr.

Ég held, að þetta frv. skýri sig sjálft. Það er ætlað til fjáröflunar fyrir vegasjóðinn til þess að komast hjá lántökum og svo að ekki verði samdráttur á framkvæmdum. Ég hygg, að allir þm. séu sammála um það, að ekki megi slaka á, af því að verkefnin, sem óleyst eru, eru svo mikil og að svo mörgu að hyggja. Allir vilja fá umbætur á vegum og til þess verður að taka fé. Ég undirstrika það, sem sé, að lokum máls míns, að tekjuöflun skv. þessu frv. fer öll í vegasjóð og að engu leyti inn í það dæmi, sem verið er að leysa með annarri löggjöf, varðandi fjárhag ríkissjóðs eða aðra þætti þess vandamáls, en þar er fyrst og fremst verið að leysa vanda útflutningsatvinnuveganna. Ég held, að ég láti þessar skýringar nægja á frv. Það er alveg ljóst, hver tilgangur þess er, og það liggur alveg fyrir, hvaða hækkanir verða hér á benzíni, þungaskatti og gúmmígjaldi. Það eru tekjustofnarnir, sem þessar hækkanir koma á.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umræðu lokinni vísað til hv. samgn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera þetta frv. að umtalsefni í löngu máli, en mér þykir þó rétt að láta nokkur orð fylgja því við 1. umr. málsins. Ég held, að flutningur þessa frv. sé dæmi um þau handabaksvinnubrögð, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur á fjármálum landsins og málefnum ríkissjóðs, vegasjóðs og þeim málum raunar öllum, sem henni er trúað fyrir. Í síðustu viku þings fyrir jólafrí, er þessu frv. útbýtt hér í hv. d., frv., sem gerir ráð fyrir ekki lítilli hækkun á þeim gjöldum, sem þar er fjallað um. Það er fullyrt af hálfu hæstv. ráðh., að það standi í engu sambandi við önnur þau mál, sem hv. Nd. er nú að ræða um, eða fjármál ríkisins almennt. Ég staðhæfi, að þetta sé rangt, a. m. k. er það eina afsökunin, sem hæstv. ráðh. hefur fyrir því að koma með þetta frv. á síðustu stundu í þessari hv. d., að það standi í sambandi við önnur meiri og stærri mál. En tökum hæstv. ráðh. trúanlegan um, að þetta frv. standi ekki í sambandi við önnur fjármál ríkisins. Ef svo er ekki, hver er þá afsökun hæstv. ríkisstj. fyrir að koma fram með hækkun, sem nemur 25% eða meiru, á gjöldum, sem koma niður á öllum landslýð í einu eða öðru formi. Ég tek það fram, að með þessum orðum mínum tek ég ekki afstöðu til efnis frv. Ég tek ekki afstöðu til nauðsynjar þeirrar tekjuöflunar, sem frv. fer fram á, en bendi á óhæf vinnubrögð og þá óvirðingu, sem hv. þd. er sýnd með þessari framkomu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Vissulega er þetta mál seint á ferðinni, nú þegar svona margt ber að. Þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðh. er það auðvitað angi af því heildardæmi, sem hæstv. ríkisstj. er að káka við að reyna að leysa. Það gefur auðvitað auga leið. Það kemur einnig fram í sambandi við frv. um lántökur eða framkvæmdaáætlun að það var auðvitað reiknað með þessu, þó að þetta sé svona geysilega seint á ferðinni, að það vinnst nánast ekki almennilegur tími til að afgreiða málið. Það er ekki nýtt, að benzín hafi hækkað hér á landi, og má búast við, að slík þróun eigi sér stað áfram. Þegar fyrrv. samgrh. lagði hliðstætt frv. fram, hafði hann itarlega skýrslu um verðlag á benzíni annars staðar í Evrópu, og gátum við haft hana til

samanburðar. Ef til vill getur samgn. fengið slíka skýrslu, þó að tími sé naumur. Ég á sæti í n., og mun a. m. k. fara fram á að fá að sjá, hvernig þróunin hefur átt sér stað í því efni í öðrum löndum. En hins saknaði ég í ræðunni, hvort endalaust á að vera að hækka bifreiðarekstur landsmanna. Ef ég man rétt, þá er svo komið, að ein bifreið er á, ef við teljum í tölum, 4.4 eða 4.5 manns.

Það óumdeilanleg staðreynd, að bíllinn er orðinn þarfasti þjónninn hér á landi. Það snertir því hverja fjölskyldu meira og minna, hvernig verðlag er í kringum bílinn, innkaupsverð og rekstrarverð. Það kom ekkert fram, á einn eða annan veg, að nokkuð væri á döfinni annað en að bíllinn hækkaði fullum fetum í sambandi við gengisbreytingar og aðrar álögur, sem í vændum eru. Þetta tel ég mjög miður. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að hæstv. ráðh. leggi því lið, að bílarnir hækki. Hverja vantar bíl? Hvaða fjölskyldur eru það, sem eiga ekki bíl? Eru það ekki fjölskyldur, sem þessi hæstv. ráðh. hefur æ ofan í æ talið sig vera talsmann fyrir? Auðkýfingarnir, þessir með breiðu bökin, eru ekki á fjórum fótum núna og í vandræðum með að kaupa bíl, heldur fólkið, sem hæstv. ráðh. hefur viljað bera önn fyrir skv. eigin orðum á undanförnum árum á þinginu. Ég get fallizt á að hækka benzínið, ef því fylgir það, að aðrar kvaðir á bílnum lækki, ella er hér aðeins verið að auka mjög verulega skattheimtu og þyngja rekstur bílsins fyrir almenning, sem er gersamlega óhjákvæmilegur. Ef maður hugleiðir þetta með tilliti til hinna dreifðu byggða, sem ráðh. er einmitt umboðsmaður fyrir hér á hv. Alþingi, þá er þetta enn tilfinnanlegra. En það eru einmitt margir sem hafa átt í erfiðleikum og vantar 50—100 þús. kr. til þess að geta eignazt bílinn, og nú vantar á 200 þús. Þeir hafa ekki tök á því eftir þetta og því síður ef þeir sjá, að allur kostnaður vex einhliða í sambandi við bílinn.

Tekjuöflun í vegasjóð er auðvitað óhjákvæmileg. Við gerum allir kröfur um góða vegi, við viljum allir leggja til að hafa góða vegi. Það hafa verið teknar í það lántökur erlendis og safnað í það fé innanlands. Við stöndum allir að því meira og minna og erum tilbúnir að taka á okkur ónot fyrir það. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. í þessu sambandi, að það kostar vissa gagnrýni að leggja mikið fé í vegi. Sumir segja, að við förum of hratt, aðrir segja, að við förum of hægt og jafnvel mismunum svæðum á landinu. Þetta er matsatriði. En það hefur verið ríkjandi sú stefna, að við leggjum beztu vegina næst þéttbýlinu, þar sem mest umferðin er, vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að gífurlegt álag á vegunum fletur þá bókstaflega út, gerir þá svo óhæfa í rekstri vegna viðhalds. Ekki er kostur annars en að koma varanlegu slitlagi á sem fyrst, sbr. veginn Grindavík—Keflavík, er stendur engan veginn undir því álagi, sem á veginn er lagt, enda er þess nú skammt að bíða, að menn sjái, að ekki er hægt að komast hjá því að setja þar varanlegt slitlag.

Ég vil ekki lengja þessar umræður, málið er algerlega á síðasta snúning, ef á að koma því gegnum Alþingi. Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri við 1. umr. og einnig, að samgn. eigi þess kost að gera samanburð við verðlag í öðrum löndum varðandi þá þætti, sem frv. fjallar um.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er náttúrlega að snúa hlutunum við, þegar fullyrt er af hæstv. félmrh., að innihald þessa frv. sé ekki hluti af stærra vandamáli. Að sjálfsögðu stendur það í beinu sambandi við þann vanda, sem ríkisstj. er að glíma við. Skulum við ekki blekkja okkur á því. Það er einnig blekking að halda því fram, að bíll sé lengur eitthvert lúxustæki, sem menn geti verið án. Sannleikurinn er sá, og það kom fram í ræðu hæstv. félmrh. áðan, að hann teldi það ekki vera erfiðan bita fyrir sig að kingja að bera þetta frv. fram, þótt það þýði stórkostlegar álögur á allan almenning í landinu. Bíll er orðinn nánast eitt af þeim heimilistækjum, sem talið er hverri fjölskyldu nauðsyn. Það er ekki eingöngu vegna þessara aðila, sem hafa komizt yfir bíl, sem ég hef áhyggjur. Getur hæstv. ráðh. upplýst okkur t. d. um, hvað gjöld með almenningsvögnum, langferðabílum og strætisvögnum Reykjavíkur muni hækka? Hvað hyggst ríkisstj. leyfa mikla hækkun á þessum daglegu útgjöldum almennings út á þær auknu tekjur, sem menn í landinu eiga að fá? Þetta vildi ég gjarnan, að yrði gert heyrinkunnugt, því að það er óumdeilanlegt, að það er lægst launaða fólkið, sem notar þessa almenningsvagna, og hver á kjararýrnunin með tilkomu þessa frv. að verða? Við þessu vildi ég gjarna fá einhver svör, áður en málið heldur miklu lengra.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að ég megi þakka sæmilegar undirtektir undir frv. Ég heyrði ekki betur en að hv. 2. þm. Reykv. tæki ekki afstöðu til málsins og veitti því þannig enga mótspyrnu, og er ég honum þakklátur fyrir það. Ég gat ekki reiknað með meiru af hans hendi eða hans flokks í sambandi við frv., sem sannarlega er frv. um skattálögur á þegnana. En hins vegar varðandi þá afstöðu hans, að það væri verið að sýna Alþingi óvirðingu að bera fram frv. núna rétt fyrir jólin, vil ég segja það, að það væri þá mikil siðabót, sem orðin er á Alþingi Íslendinga, ef jólavikan eða páskavikan væri friðuð fyrir frv.-flutningi. Það hefur ekki tíðkazt hingað til á þessum bæ, svo að ég viti, ekki heldur hjá þeim, sem hér réðu húsum áður. Það var sannarlega ös á Alþingi í jólavikunni vegna flutnings stórra mála hjá fyrrv. ríkisstj., hefur alltaf verið og verður alltaf. Nei, það er enga óvirðingu verið að sýna Alþingi með því að flytja frv. jafnt í jólavikunni sem öðrum vikum. Þetta er auðvitað mikil starfsvika og hefur alla tíð verið, og eins fyrir páska og þingslit. Þetta eru hápunktar vertíðarinnar hjá okkur alþm.

Þeir hafa talað hér 2 hv. þm. Alþfl., og ég heyrði ekki betur en að hv. 5. þm. Reykn. talaði um hina miklu nauðsyn fjáröflunar vegna vegamála í ræðu sinni. Þetta frv. er eingöngu um það. Það er eingöngu um fjáröflun til framkvæmda í vegamálum. Hann segir, að þörfin sé þar mikil, og vitanlega er hann sammála mér

um það, að til þess þarf peninga, ef ekki á að verða samdráttur í þeim framkvæmdum. Hann taldi líka, að komast ætti hjá erlendum lántökum til vegamála, og þetta frv. leggur því sjónarmiði einnig lið. Ég held, að ekki gangi vel að koma inn í vegamálafrv. breytingum varðandi verðlag á bílum og öðru slíku. Það yrði eitthvert hnoð, held ég, ef farið yrði inn á þá braut. Ég held þess vegna, að við verðum að bíða með það til annaðhvort sérstaks frv.-flutnings eða a. m. k. að koma því inn í annað frv. en frv. um breyt. á vegalögum.

Hv. 1. landsk. þm. ræddi líka um málið og vildi fá upplýsingar um, hverjar breytingar yrðu á fargjöldum með almenningsvögnum. Það er engin leið að koma neinu um það inn í þetta frv. heldur. Það mál lá fyrir, þó að þetta frv. væri ekki flutt, og verður áreiðanlega að gefa réttum aðilum svar við því. En það hefur engin áhrif á ákvörðun um fargjöld með strætisvögnum, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. Vandinn er fyrir hendi. Það er vaxandi dýrtíð í landinu, það hefur enginn neitað því, og þá er eðlilegt, að þeir, sem hafa með rekstur að gera, fari fram á, að rekstur þeirra sé tryggður með verðhækkunum.

Ég held, að þetta mál liggi alveg ljóst fyrir, og ég hef ekki heyrt nein rök gegn því. Þvert á móti hafa allir tekið undir, að vegasjóður verði að fá sitt til þess að mæta auknum kostnaði við framkvæmdir og komast hjá stórfelldum erlendum lántökum. Þá er auðvitað það eitt fyrir hendi að taka afstöðu til þess, hvort menn viðurkenna þau rök og þá ríku nauðsyn, sem fyrir því sé. Fleiru geta menn, held ég, ekki blandað inn í þetta mál. Það er ofur einfalt og fjallar um hækkun á benzíni, á gúmmívörum til bifreiða og hækkun á þungaskatti og nemur samtals um 220—225 millj. kr. eftir nákvæmustu áætlun þeirra, sem bezt þekkja til.

Ég hef aldrei lofað kjósendum mínum því, að bifreiðar skuli ekki hækka í verði, og er ég ekki neinn svikari við þá, þó að svo kunni að fara, að bifreiðar hækki í verði sem annað. En það má vera, að þessir hv. þm. hafi lofað sínum kjósendum því ásamt fleiru.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðh. fara svolítið á hlið við það, sem ég veit hann hefur skilið, að ég var að spyrja hann um hér áðan. Ég var ekki endilega að spyrja um hag þeirra, sem reka langferðabifreiðar eða almenningsstrætisvagna, eftir gildistöku laganna, heldur það, hvers farþegar þessara farartækja mættu vænta. Hvað mega þeir gera ráð fyrir mikilli hækkun á sínum daglegu greiðslum? Þetta var það, sem ég óskaði að fá að vita. Ég var ekki að spyrja um, eins og hann vildi þó vera láta, hver yrði hagur þeirra, sem gera út þessar bifreiðar, heldur þeirra, sem þessar bifreiðar nota. Það er tvímælalaust lægst launaða fólkið í landinu, sem er neytt til þess að nota þessar bifreiðar framar öðrum og á nokkurn rétt á því að vita, hvaða kauprýrnun það á í vændum með hækkuðum fargjöldum hjá almenningsvögnum, áður en við hnýtum lokapunktinn á þetta hér í þinginu. Það er þetta, sem ég vildi fá svar við en ekki endilega hver útgerðarkostnaður þessara tækja væri.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er oft sagt um menn, ef þeir vilja ekki standa í þrasi um eitt og annað, að þeir hlusti þannig, að þeir sleppi því út um annað eyrað, sem þeir setja inn um hitt. Mér virðist þannig hafa orðið afstaða hæstv. ráðh. Ég var ekki að bera neitt á hann að hann hefði lofað neinu. En ég velti vöngum yfir því, hvort hann mundi ekki hugleiða það í leiðinni, hver heildarrekstrarkostnaður yrði fyrir fjölskyldu, sem á bíl, vegna þess að í hinni deildinni er verið að tala um ráðstafanir, sem hafa það í för með sér, að bíllinn mun stórhækka. Ég spurði hæstv. ráðh. um það, og það kemur í ljós, að hann hefur ekkert hugleitt það og hefur ekki af því áhyggjur, og það er mjög fróðlegt fyrir okkur hér í hv. d. og almenning. Það er mjög fróðlegt að vita, að hann hefur engar áhyggjur af því, hver heildarkostnaðurinn, stofnkostnaðurinn og rekstur bílsins, muni verða fyrir almenning. Það var það, sem ég var að spyrja um, en ekki um ein eða nein loforð. Ekki á nokkurn hátt. Ég tók fram, að við verðum að glíma við að útvega fjármagn. Það hefur verið tvenns konar: erlend lán og innlend fjármögnun í gegnum benzíngjald. En ég vildi forvitnast um það í leiðinni, hvort hæstv. ríkisstj. hafi nokkuð hugleitt heildarkostnað við bílinn, en svo er ekki. Það er fróðlegt að fá að vita af því.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. virtist vera feginn því, að ég tók ekki afstöðu gegn þeirri gjaldahækkun, sem í frv. felst, við 1. umr. Það er e. t. v. hans háttur að taka afstöðu gegn frv., sem ríkisstj. flytur, sem hann er í andstöðu við, án þess að hafa kynnt sér málið. Í þeim skilningi get ég vel skilið, að honum finnist þetta virðingarverð afstaða. Ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. taki upp þennan hátt, þegar hann lendir í stjórnarandstöðu, að hugsa málin fyrst, áður en hann tekur afstöðu, og taka ekki afstöðu til mála eingöngu á grundvelli þess, hvort hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það, sem við þdm. ætlumst til af hæstv. ríkisstj., er, að hún leggi mál þannig fyrir, að unnt sé að taka afstöðu til málsins. Eins og mál þetta er lagt fyrir, er ekki unnt a. m. k. við 1. umr. málsins að taka afstöðu til þess.

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál stæði eitt sér, sjálfstætt, fjallaði um fjáröflun í vegasjóð til þarflegra framkvæmda. Á þessu stigi skal ég ekki ræða, hvort gjaldahækkun á þessu stigi málsins, eins og nú er umhorfs í okkar þjóðfélagi, er réttlætanleg, það er svo annað mál. Þetta vil ég láta koma fram. En þá vil ég líka spyrja hæstv. ráðh., ef frv. það verður að l., sem hann nú hefur mælt fyrir, hvað verð á benzínlítranum í útsölu verði, þegar búið er að taka tillit til hinnar nýju gengisskráningar ísl. kr. og þeirra gjaldahækkana, sem þetta frv. hefur í för með sér. Hvað verður útsöluverðið á benzínlítranum til neytenda?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef upplýst það, að hver einasti eyrir,

sem leiðir af tekjuhækkun þeirri, sem þetta frv. fjallar um, fer í vegasjóð og er þannig óviðkomandi allri fjáröflun til annarra hluta. Þetta vildi ég undirstrika. Að sjálfsögðu hef ég ekki útreikninga á því, hvað lítrinn af benzíninu kosti, ef gengisbreyting sú, sem nú er verið að ræða í Nd., verður samþykkt. Ég hef enga aðstöðu til þess að svara þeirri spurningu og bið velvirðingar á því, að ég hef ekki svör við henni á reiðum höndum. En hækkunin á benzínlítranum, sem leiðir af þessu frv., er 2 kr. á lítrann, það liggur klárt fyrir, og aðrar breytingar get ég ekki reiknað út á þessari stundu eða gefið svör við. Það fer um það eins og önnur verðáhrif þeirrar lagasetningar, þegar hún hefur tekið gildi, á almennt verðlag í landinu. Ég held, að það sé ekki hægt að blanda því inn í afgreiðslu þessa máls, ég get a. m. k. ekki á þessu stigi gefið svör við því. Málið fer nú til athugunar í n. og það er að sjálfsögðu auðvelt fyrir n. að leita þar allra upplýsinga, bæði um þetta atriði og önnur, sem hún telur hlýða að fá upplýsingar um, eins og t. d. verð á benzíni í nágrannalöndunum. Það hef ég fyrir satt, að verðlagið á benzíni í nágrannalöndunum sé enn nokkru hærra en hér á landi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Mánudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Öll dagskrármálin tekin út af dagskrá.

Neðri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 18. des., að loknum 26. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Seðlabankinn hefur nú í samráði við ríkisstj. fellt gengi íslenzku krónunnar um 10.7%. Af þeim sökum langar mig til þess að taka fram eftirfarandi:

Á fundi stjórnmálanefndar SF í Reykjavík var gerð svofelld ályktun, áður en gengisfellingin var ákveðin, hún hljóðar svo:

„Fundur í stjórnmálanefnd SF í Reykjavík haldinn 16. des. 1972 lýsir yfir, að af þeim leiðum, sem svokölluð valkostanefnd hefur lagt fram samkv. upplýsingum fjölmiðla, er gengisfellingarleiðin sú lakasta fyrir launþega, fordæmd áratugum saman af þeim og forustumönnum þeirra. Gengisfelling er afleiðing af verðbólgu og leiðir til frekari verðbólgu, eins og ferill viðreisnarinnar hefur sýnt, og kemur það mat skýrt fram í stjórnmálayfirlýsingu stofnfundar SF, undirstrikuð í öllum málflutningi samtakanna fyrir síðustu kosningar, svo og staðfest í sjálfum stjórnarsáttmálanum. Gengisfelling nú yrði til þess að staðfesta þann áróður stjórnarandstöðunnar, að ekki séu til aðrar leiðir í efnahagsmálum en þær, sem viðreisnarstjórnin fór. Þess vegna skorar stjórnmálanefnd SF í Reykjavík á alla launþega, hvar í flokki sem þeir standa, að berjast af alefli gegn því, að þessi lausn verði valin."

Svo mörg eru þau orð. Óþarft er að ræða um almennar afleiðingar gengisfellingar. Hún er, eins og kom fram í ofangreindri ályktun, sprottin af verðbólgu og leiðir til frekari verðbólgu. Hún ómerkir íslenzku krónuna, eltur á skuldasöfnun og rýrir fé sparifjáreigenda. Hún stuðlar að röngu gildismati og fjárhagslegu misrétti. Hún stangast því á við grundvallarboðskap SF, enda hafa þau sýknt og heilagt fordæmt hana og bent á fjórar gengisfellingar viðreisnarstjórnarinnar sem víti til varnaðar. Gengisfelling má heita algert neyðarúrræði, og aðrar þjóðir forðast hana í lengstu lög. Þegar aflabrögð eru sæmileg, eins og verið hefur á þessu ári, verðmætaaukning í framleiðslu sjávarafurða veruleg og markaðsverð útfluttra sjávarafurða í hámarki og fer stöðugt hækkandi, brestur að mínu viti eðlilegar forsendur gengisfellingar.

Þingflokkur SF hefur átt frumkvæði að því og knúið fram, að ríkisstj. leysti efnahagsvandann með gengisfellingu, sem bersýnilega er aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Hann hefur brugðizt þeim fyrirheitum, sem gefin voru kjósendum og staðfest eru í stjórnarsamningnum. Og með því að vinnubrögð sumra forustumanna þingflokksins eru af því tagi, að þau eru fremur fallin til að splundra vinstri mönnum en sameina, segi ég mig úr þingflokknum. Þetta merkir alls ekki, að ég segi mig úr samtökunum, heldur mun ég kappkosta eftir mætti að hrinda fram stefnumálum þeirra, eins og þau eru mótuð í stefnuyfirlýsingu SF í Reykjavík frá stofnfundi 1969 og í stjórnmálayfirlýsingu heildarsamtakanna, einnig frá stofnfundi.

Núv. ríkisstj. hefur verið í ýmsu mislagðar hendur. Lögð hefur verið of þung skattabyrði á herðar lágtekju- og miðlungstekjufólki, og enn kunna margir á því lagið að koma sér undan því að greiða eðlilegan skatt til almannaþarfa miðað við þær tekjur, sem þeir hafa. Fjárfestingar og útgjöld hins opinbera hafa farið úr hófi fram, og skort hefur sparsemi og ráðdeildarsemi.

Þótt þetta komi til og gengisfelling ríkisstj., kem ég ekki auga á, eins og nú hagar í íslenzkum stjórnmálum, neina aðra hugsanlega ríkisstj., sem ég treysti betur en núv. stjórn til að leysa deiluna um fiskveiðilögsöguna farsællega til lykta, vinna að brottvikningu varnarliðsins og þoka áleiðis þeim umbótum í atvinnu- og félagsmálum, sem hún hefur þegar lagt grundvöllinn að. Þess vegna mun ég styðja áfram stjórnina, en jafnframt veita henni aðhald eftir beztu vitund.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég heyrði það, að hv. síðasti ræðumaður sagði sig úr þingflokki SF, hefði þó kunnað betur við, að hann hefði sent úrsögnina réttum aðila, því að hann þurfti ekki að tilkynna Alþ. það sérstaklega, fyrr en þá að gerðum hlut gagnvart sínum réttu aðilum. Hér var lesin upp af

honum samþykkt úr félagi SF í Reykjavík. Það er eitt af flokksfélögum okkar samtaka. Ég hef ekkert við það að athuga. Ég tel sjálfsagt og býst við, að það sé í öllum stjórnmálaflokkum svo, að einstök stjórnmálafélög innan þeirra megi taka mál til meðferðar og komast að þeim niðurstöðum, sem meiri hl. þar kveður á um. Þessi samþykkt hefur fengið pláss í ríkisútvarpi og sjónvarpi og nú verið flutt hér á Alþ., og hefur þannig verið gert eins mikið úr henni og hægt er, og minnir það mig á gamla þjóðarréttinn á hungursárunum fyrri, flautirnar. Það er búið að blása þetta út, og það er ekkert við því að segja. Flokksfélögin eru frjáls að því að gera sínar samþykktir. En það breytir engu um það, að þingflokkur SF hefur einróma tekið sínar ákvarðanir um lausn þess vanda, sem hér er um að ræða, og sú niðurstaða, sem hér er fengin, er sameiginleg lausn ríkisstj. allrar, þeirrar sem hv. þm. lýsti yfir, að hann styddi. Ég hef ekki meiru við þetta að bæta. Ég vil þó undirstrika það, að þó að það þyki kannske atburður, að hv. þm. myndar nú sjálfstæðan þingflokk, þá er allt gott, sem endar vel, þar sem hann styður ríkisstj. að þessum verkum sem öðrum.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzkrar krónu er afleiðing eða fylgifiskur gengisbreytingarinnar, þ. e. sams konar frv. og þau, er jafnan áður hafa fylgt gengisbreytingum. Það er nauðsynlegt að fá það afgreitt sem fyrst, svo að gjaldeyrisviðskipti geti hafizt á ný. Ég hef því beint þeim tilmælum til stjórnarandstæðinga, að þeir flýti, eftir því sem kostur er, fyrir afgreiðslu þessa máls og helzt svo, að það verði afgreitt í dag. Ég hygg, að jafnan áður hafi sá háttur verið hafður á, að það hafi verið greitt fyrir framgangi frv. sem þessa. Af þessum tilmælum mínum leiðir það, að ég mun reyna, eftir því sem mér er frekast unnt, að stilla máli mínu hér í hóf og mun ekki að fyrra bragði vera með sérstakar ýfingar í sambandi við þetta mál.

Um þetta frv. út af fyrir sig þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Það er, eins og ég sagði, gamall kunningi, sem hefur verið og er jafnan fylgifiskur gengisbreytinga og hefur fyrst og fremst að geyma nauðsynleg atriði tæknilegs eðlis, og fylgja á þeim fullnægjandi skýringar í aths. með frv. Eina nýja atriðið er raunar 3. gr., sem breytir leyfilegu svigrúmi frá stofngengi í 2.25% í hvora átt í stað 1% nú. Fyrir þessari breytingu er gerð grein í aths. með 3. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Flestar þjóðir heims hafa nú með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekið upp 2.25% frávik til hvorrar áttar frá stofngengi. Er ákvæði um þetta tekið upp að beiðni bankastjórnar Seðlabankans til breytingar á lögum bankans, en þau hafa byggt á 1% fráviki til hvorrar áttar."

Í tilkynningu þeirri, sem Seðlabankinn gaf út í gærkvöld, eru frekari rök færð fyrir þessu á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikil óvissa er um það, hver muni verða þróun framleiðslu og viðskiptajafnaðar á næsta ári. Vegna þróunar aflabragða undanfarandi ára er torvelt að spá um þorskafla á komandi vetrarvertíð, en það eykur á þá óvissu, sem ætíð ríkir um tekjur sjávarútvegsins. Jafnframt er erfitt að leggja á það dóm á þessu stigi, hvort takast muni að gera fullnægjandi ráðstafanir til að halda hækkun framleiðslukostnaðar í skefjum og koma í veg fyrir víxlhækkun verðlags og kaupgjalds, er brátt mundi eyða hagstæðum áhrifum hverra aðgerða sem ætlaðar væru til þess að bæta stöðu atvinnuveganna.

Með tilliti til þessarar efnahagslegu óvissu og hinna tíðu gengis- og verðlagsbreytinga erlendis þykir eðlilegt að stefna nú að nokkru meiri sveigjanleika í gengisskráningu en tíðkazt hefur til þessa. Liggur beinast við að gera þetta með þeim hætti, að leyfð verði hér á landi sömu frávik um kaup- og sölugengi frá stofngengi eins og flestar þjóðir heims hafa nú tekið upp með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þ. e. a. s. 2.25% frávik til hvorrar áttar frá stofngengi. Bankastjórn Seðlabankans hefur því beint þeim tilmælum til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir lagabreytingu, er heimili allt að 2.25% frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi hér á landi, og er þess vænzt, að sú lagabreyting geti náð fram að ganga, áður en gjaldeyrisviðskipti hefjast að nýju."

Við þessi rök seðlabankastjórnarinnar hef ég í sjálfu sér engu að bæta, get gert þau að mínum.

Ég geri naumast ráð fyrir því, að deilur verði um þetta frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, út af fyrir sig. Það er hins vegar skiljanlegt, að hér verði umr. um forsendur þess, sjálfa gengisbreytinguna. Er skiljanlegt, að stjórnarandstæðingar telji sig þurfa að ræða það mál á breiðum grundvelli. Er ekkert við því að segja. En að þessari forsendu fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, sjálfri gengisbreytingunni, ætla ég að víkja með nokkrum orðum. Ég vil þó aðeins, áður en ég kem að því, undirstrika það, að ég ætla, að enginn neiti því, að um sé að ræða vanda í íslenzku efnahagslífi, né heldur deili um það, í hverju hann sé í höfuðdráttum fólginn. Um hitt geta skoðanir verið skiptar, og um það verður sjálfsagt deilt, af hverju vandinn stafi, hvort við honum hafi verið brugðizt í tæka tíð o. s. frv. Um það skal ég ekki ræða að svo stöddu, en leyfi mér aðeins að minna á, að mér hefur virzt, að hv. stjórnarandstæðingar gerðu sízt minna úr þessum vanda en við stjórnarsinnar, heldur meira. Og ef vandi er fyrir hendi, þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að finna leiðir til þess að komast út úr þeim vanda, úrræði til þess að mæta honum. Og þá kem ég að því að gera í stuttu máli grein fyrir þeirri forsendu, sem er fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, sjálfri gengisbreytingunni.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, ákvað bankastjórn Seðlabankans í gær með samþykki ríkis-

stj. og að höfðu samráði við bankaráð að taka upp nýtt gengi íslenzkrar krónu. Hið nýja gengi felur í sér lækkun um 10.7% frá því gengi, sem í gildi hefur verið. Þessi ákvörðun á sér nokkurn aðdraganda, eins og kunnugt er.

Þegar brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir voru sett hinn 11. júlí s. l., var ljóst, að leita þyrfti varanlegri úrræða til þess að mæta aðsteðjandi efnahagsvanda, ekki sízt til þess að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og jöfnuð í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Hinn 18. júlí s. l. skipaði ríkisstj. n. til þess að gera till. um leiðir og valkosti í efnahagsmálum með það fyrir augum að halda verðbólgu í svipuðum skorðum og í nágrannalöndunum, treysta grundvöll atvinnuveganna og tryggja atvinnuöryggi og kaupmátt launa. Í þessa n., sem hlotið hefur nafnið valkostanefnd í daglegu tali, voru skipaðir eftirtaldir menn, eins og hv. alþm. er kunnugt: Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, formaður, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Jóhannes Elíasson bankastjóri, Ólafur Björnsson prófessor, Guðlaugur Þorvaldsson prófessor, Þröstur Ólafsson hagfræðingur, Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur. Lagt var fyrir n. að hafa samráð við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Af hálfu þessara samtaka voru nefndir til þessa samráðs Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og Jón Bergs, formaður Vinnuveitendasambands Íslands.

N. hóf störf þegar í ágústbyrjun og fylgdist síðan náið með þróun efnahagsmála og kynnti sér horfurnar fram undan eftir föngum. Samráðið við samtök vinnumarkaðarins var aðallega í því fólgið, að samráðsaðilum var skýrt frá mati n. og horfum í efnahagsmálum og fyrir þá voru lögð gögn um þessi atriði. Þeim tímabundnu efnahagsráðstöfunum, sem ákveðnar voru með brbl. frá 11. júlí s. l., var ætlað að standa til áramóta. Af þessari ástæðu var ljóst, að álit n. þyrfti að koma fram sem fyrst, til þess að það kæmi að gagni við töku ákvarðana um þær aðgerðir, sem leysa ættu brbl. af hólmi um áramótin. Jafnframt var ljóst, að mikilvægt væri að koma till. um almennar leiðir í efnahagsmálum á framfæri um líkt leyti og fjallað yrði endanlega um fjárlagafrv. og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun á Alþ., enda eru á þeim vettvangi teknar mikilvægustu fjármálaákvarðanir ársins. Hvort tveggja þetta mælti með því að hraða störfum n. eftir föngum, strax og fram voru komnar frumáætlanir stjórnvalda á þessu sviði. Á hinn bóginn hlaut vandlega yfirvegað mat á efnahagshorfum næsta árs og athuganir á samhengi hagstærða á því ári að vera meginforsenda till. um efnahagsaðgerðir. Vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa í efnahagslífi okkar á þessu ári, var þetta verk óvenjuvandasamt. Til þessara athugana þurfti að ætla rúman tíma, og eðli málsins samkv. hlaut þetta mat að verða þeim mun betra sem lengra væri á árið liðið og þannig meiri vitneskja fyrirliggjandi um raunverulega framvindu efnahagsmála á árinu 1972 og þar með traustari undirstaða undir spá fyrir næsta ár.

N. skilaði síðan áliti sínu um mánaðamótin síðustu. Helztu niðurstöður þessa mats á horfum í efnahagsmálum, sem n. byggði till. sínar á, — en þetta mat var í aðalatriðum shlj. skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins frá því í okt. um þjóðarbúskapinn, framvinduna 1972 og horfur 1973, — má setja fram í 10 eftirfarandi atriðum, og eru þessi 10 atriði, sem ég tel hér á eftir, í raun og veru aðeins útdráttur úr þeirri skýrslu, sem lögð hefur verið fyrir hv. alþm., og þar tekið upp í styttra máli, hver höfuðatriðin eru:

1. Að aukning þjóðarframleiðslu gæti í mesta laga orðið 4—5%.

2. Ef haldið verður út árið 1973 niðurfærsluráðstöfunum samkv. brbl. frá 11. júlí 1972, eða ef greiddar verða fullar vísitölubætur á kaup á árinu 1973, er með grunnkaupshækkunum 1. marz 1973 og þeim áformum um skattlagningu og tilfærslu, sem felst í fjárlagafrv., stefnt að 6—7% aukningu kaupmáttartekna heimilanna árið 1973 og þar með væntanlega svipaðri aukningu einkaneyzlu frá hinu háa stigi ársins 1972. Þetta er að sjálfsögðu miðað við, að full atvinna haldist.

3. Mat á útgjalda- og framkvæmdaáformum þess opinbera og einkaaðila bendir til þess, að samneyzla muni aukast um 6—7% og fjármunamyndunin í heild um 2—3%. Í heild væri um að ræða 7.2% magnaukningu verðmætaráðstöfunar, en 5.5%, ef birgðabreytingar útflutningsvara eru frá taldar. Af þessu hlyti að leiða, að sá verulegi viðskiptahalli, sem verið hefur út á við undanfarin 2 ár, yxi að mun á árinu 1973.

4. Spár um útflutningsframleiðslu benda til þess, að sjávarvöruframleiðslan geti aukizt að magni um 2—7%, en að verðmæti um 15—20%. Hér er þá byggt á mikilli bjartsýni um loðnuveiði og um verðlag á fiskimjöli og lýsi. Í heild er gert ráð fyrir, — miðað við lægra tilvikið, sem ég nefndi hér að framan um sjávarvörur, — að magnaukning útflutningsframleiðslu geti orðið 11%, einkum vegna álsins, og verðhækkun að meðaltali 9%. Þessari verðhækkun er mjög ójafnt dreift. Almennt er reiknað með 4% verðhækkun á sjávarvörum 1973, öðrum en fiskimjöli og lýsi, en þar er reiknað með mjög mikilli hækkun, 80—90% á mjöli, en 40—50% á lýsi.

5. Þrátt fyrir þessa bjartsýni um útflutningsframleiðslu telja sérfræðingar, að stefni í mikinn halla á viðskiptajöfnuði eða um 5500—5800 millj. kr. Að hluta til skýrist þetta af óvenjumiklum innflutningi fiskiskipa og þá fyrst og fremst togara og að nokkru leyti af birgðaaukningu. En þótt leiðrétt sé fyrir þessum atriðum, er talið, að eftir standi halli, sem rekja má til almennrar eftirspurnar af stærðargráðunni um 3000 millj. kr. Að óbreyttri lántökustefnu væri við því að búast, að nettóinnstreymi erlends fjármagns á næsta ári yrði um 2600 millj. kr. og þannig gæti stefnt í yfir 3000 millj. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðu. Samdráttaráhrifa slíkrar þróunar mundi þó fljótlega gæta og þau verka á móti henni með þeim hætti, að atvinnurekstur og þar með tekjur þjóðarinnar mundu dragast saman.

6. Í þjóðhagsspánni er gert ráð fyrir a. m. k. 7—8% almennri verðhækkun og 13—14% hækkun kauptaxta af ársmeðaltali á árinu 1973. Vafalítið mundi, ef allt fer fram sem horfir, gæta tilhneiginga til meiri verðhækkunar, en jafnan er erfitt að ráða nákvæmlega í, að hve miklu leyti

umframeftirspurn veldur verðhækkun heima fyrir og að hve miklu leyti halla út á við. Þær rannsóknaraðferðir, sem beitt er, hafa sennilega tilhneigingu til þess að vanmeta verðbólguhættuna við þessar aðstæður.

7. Á þeim forsendum, sem miðað er við í þjóðhagsspánni, er óleystur fjárhags-, fjáröflunareða niðurskurðarvandi á sviði opinberra framkvæmda og fjárfestingarlána, sem nema röskum 3 þús. millj. kr. Þessi fjáröflunarvandi virðist nú hafa lækkað í frekari meðförum stjórnvalda um nálægt 700 millj. kr. auk hugsanlegrar frestunar á greiðsluhalla af óleystri fjárþörf frá fyrra ári.

8. Á forsendum þjóðhagsspárinnar skortir um 1000—1200 millj. kr. á tekjur ríkissjóðs til þess að ná endum saman miðað við framhald niðurgreiðsluráðstafana.

9. Á forsendum þjóðhagsspárinnar má búast við verulegum hallarekstri fyrirtækja í sjávarútvegi í öllum greinum nema fiskmjölsvinnslu og loðnuveiðum. Tapið í heild gæti numið 700—950 millj. kr., en ef hagnaður fiskmjölsvinnslu er talinn frá 1000—1200 millj. kr. Hér er þá miðað við, að í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins renni 317 millj. kr. af loðnuafurðum. Auk þessa halla væri um að ræða halla á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem næmi 150—200 millj. kr. Horfur væru einnig á taprekstri í iðnaði, ekki sízt í útflutningsiðnaði. Sennilega gæti hallinn verið af stærðargráðunni 100 millj. kr. í almennum iðnaði í heild samanborið við 400 millj. kr. hagnað í þessari grein árið 1971. Afkomuhorfur annarra greina, sem mæta samkeppni erlendra aðila, eru einnig erfiðar. Þannig gæti stefnt í yfir 100 millj. kr. tap hjá þremur stærstu skipafélögunum, samanborið við 40 millj. kr. hagnað árið 1971, og yfir 100 millj. kr. tap hjá stóru flugfélögunum tveimur, miðað við óbreyttar gjaldskrár þessara aðila. Á það skal þó lögð áherzla, að vitneskja um afkomu annarra greina en sjávarútvegs er afar ófullkomin.

10. Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, er ljóst, að þessi frumdrög þjóðhagsspár geta ekki rætzt sem spá um raunverulega þjóðhagsniðurstöðu næsta árs, nema að því gefnu, að hvers konar halla, sem þessi þróun fæli í sér, hvort heldur í atvinnurekstri, opinberri starfsemi eða í viðskiptum þjóðarbúsins við útlönd, verði mætt með því að ganga á gjaldeyrissjóð eða með enn meiri skuldasöfnun erlendis. Enginn vafi leikur á, að öruggur rekstur undirstöðuatvinnuveganna og þar með talin full atvinna verður ekki tryggður að óbreyttu tekjuverði þeirra, nema lánastofnanir fjármagni taprekstur fyrirtækja hömlulítið eða ríkisstyrkir eða aflétting gjalda komi til. Án nýrrar skattheimtu gildir einu til skamms tíma litið, hvor þessara leiða er farin, enda kæmi fljótt að því, að viðskiptabankar teldu sig ekki geta veitt slíka fyrirgreiðslu til fyrirtækja í taprekstri, þar sem fjárhagsgrundvöllur þeirra mundi brátt bresta. Þar sem í slíkri stefnu mundi einnig felast mjög mikil peningaþensla af hálfu Seðlabankans, hlyti framhald hennar að verða afar rík tilhneiging til verðhækkunar, sem aftur eykur vanda útflutningsatvinnuveganna og veikir enn stöðu þjóðarbúsins út á við.

Þetta er það mat á efnahagshorfum, sem fram kemur í þeim skýrslum, sem lagðar hafa verið fyrir hv. alþm., og er þess vegna út af fyrir sig ekki neinn nýr sannleikur fyrir þeim, þó að ég hafi gert það mér til hægðarauka að draga þetta saman í nokkuð styttra mál en í skýrslunum er. En þetta mat, sem kemur fram í þessum gögnum og lagt var fyrir hv. alþm. í nefndum skýrslum, mótast aðallega á mánuðunum ágúst—okt. og tók að sjálfsögðu mið af því, sem þá virtist líklegast um þróun aflabragða og útflutningsverðlags. Þróunin síðustu mánuðina hefur reynzt heldur hagstæðari en menn þorðu að spá þá. Þannig benda nú allar líkur til þess, að útflutningsframleiðsluminnkunin í sjávarútvegi verði ekki nema 5—6% samanborið við fyrri spár um 7—9%. Þegar þessar tölur eru skoðaðar, ber þó að hafa í huga, að framleiðslumagn sjávarútvegsins minnkaði einnig í fyrra um tæp 5% samtals, samtímis því sem sókn bátaflotans jókst um tæp 3%. Og í ár er sóknaraukningin áætluð um 4%. Þannig hefur verið um verulega minnkun afla á sóknareiningu að ræða undanfarin 2 ár. Það er sú staðreynd, sem engum þýðir að mótmæla.

Verðlagsþróun sjávarafurða hefur einnig reynzt nokkru hagstæðari en spáð hafði verið. Þannig má sennilega telja, að verðlag frystra fiskafurða hafi nú þegar náð nokkurn veginn því stigi, sem spáð var fyrir árið 1973 að meðaltali. Innflutningsaukningin í sept. og okt. var einnig nokkru minni en við hafði verið búizt og við er miðað í þessu yfirliti úr þjóðhagsspánni, sem ég las hér upp áðan. Þótt þannig megi e. t. v. nú rökstyðja nokkru bjartari mynd af horfum fyrir næsta ár en upp er dregin í skýrslum hagrannsóknadeildar og valkostanefndarinnar, leikur enginn vafi á því, að við okkur blasir tvíþættur meginvandi á sviði efnahagsmála: Annars vegar stefna útgjaldaáform þjóðarinnar í heild verulega fram úr framleiðslugetu þjóðarbúsins, en slíku misvægi fylgir hætta á viðskiptahalla umfram eðlilegan fjármagnsinnflutning og verðbólguþróun. Hins vegar skortir á, að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna og annarra greina, sem mæta erlendri samkeppni, sé nægilega tryggður á næsta ári. Þessi grundvallarvandi birtist í ýmsum myndum, en einkum í margvíslegum fjárhagsvanda, bæði hins opinbera og einkaaðila, í samkeppnisgreinunum.

Það varð að öllu athuguðu niðurstaða ríkisstj., og um það er alger eining innan ríkisstj., að sú lækkun á gengi íslenzku krónunnar um 10.7%, sem ákveðin var í gær, væri heppilegasta leiðin til þess að mæta þessum vanda.

Vegna þess, hve mikil óvissa ríkir um það, hver verða muni þróun framleiðslu- og viðskiptajafnaðar á næsta ári, og einnig með tilliti til hinna tíðu gengis- og verðbreytinga erlendis, hefur, eins og ég drap reyndar á í upphafi máls míns, þótt eðlilegt að stefna nú að nokkru meiri sveigjanleik í gengisskráningu en tíðkazt hefur til þessa. Liggur beinast við að gera þetta með þeim hætti, að leyfð verði hér á landi meiri frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi en það 1% frávik til hvorrar áttar, sem nú er í lögum. En flestar þjóðir heims hafa einmitt nú með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekið upp

2.25% frávik til hvorrar áttar frá stofngengi. Innan þessa bils getur þannig verið um meiri eða minni breytingu á genginu að ræða, eftir því sem aðstæður bjóða.

Til þess að tilætlaður árangur náist með þessari efnahagsaðgerð, þarf að styðja hana með aðhaldssamri fjármála- og peningamálastefnu. Þannig er afar mikilvægt, að á næsta ári verði haldið aftur af útlánum, framkvæmdum og umsvifum hins opinbera, — ríkis, ríkisstofnana og sveitarfélaga, — eftir því sem tök eru á og samrýmzt getur æskilegri, atvinnulegri og félagslegri framþróun. Og auðvitað á hið sama við um einkaaðila. Á þessi atriði mun reyna, þegar endanlega verður gengið frá fjárl. ársins 1973 og framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisins fyrir það ár. Síðast, en ekki sízt verður að freista þess að ná um það víðtækri samstöðu að draga úr þeirri verðbólguhættu, sem óneitanlega fylgir gengisbreytingu. En þessi hætta er einmitt meginókostur gengisbreytingarinnar, þótt hún hafi að dómi sérfróðra manna ýmsa yfirburði sem lausn á aðsteðjandi efnahagsvanda. Þessir yfirburðir, eins og raunar beinlínis má lesa í skýrslu efnahagsmálanefndarinnar eða valkostanefndarinnar, liggja fyrst og fremst í því, að gengisbreytingin veldur almennri hækkun tekna allra greina útflutnings og mismunar í því efni ekki milli greina, eins og hætt er við, að hefði fylgt öðrum leiðum, jafnframt því sem hún bætir samkeppnisaðstöðu allrar innlendrar atvinnustarfsemi gagnvart innflutningi með því, að innfluttar vörur og þjónusta hækka í verði samanborið við innlendar. Þar með dregur gengisbreytingin úr innflutningi, jafnframt því sem tekjur útflutningsgreina hækka. Á miklu veltur, að stuðningsaðgerðir, sem rætt var um hér að framan og ég rakti, takist vel, til þess að tryggja, að sá árangur, sem gengisbreytingin færir eða stefnir a. m. k. að, verði varanlegur.

Svo sem ég hef áður nefnt, var það niðurstaða valkostanefndarinnar, að samsettar aðgerðir með 12% gengislækkun sem kjarna næðu bezt þeim tölulegu markmiðum, sem sett voru fyrir efnahagsmálastefnu 1973. Það liggur þó í hlutarins eðli og er reyndar lögð á það rík áherzla í skýrslunni sjálfri, að það heildarmat, sem ræður vali leiða, hlýtur ætíð að vera fjölþætt og huglægt mat, eins og þar segir, sem er fyrst og fremst stjórnmálalegs eðlis. Það er bæði um það að ræða að vega og meta mikilvægi einstakra efnahagslegra markmiða og ekki síður að taka tillit til fleiri þátta þjóðarbúsins og þjóðlífsins.

Eins og menn hafa lesið og kynnt sér í skýrslu valkostanefndarinnar, er þar lýst þremur meginleiðum til lausnar á efnahagsvandanum, eins og hann nú liggur fyrir: Millifærsluleið, sem byggist á almennri skattheimtu og síðan uppbótakerfi eða styrkveitingum, ef menn vilja tala um það, til atvinnuveganna, sem í raun og veru er þó aldrei rétt, að tala um styrkveitingar til undirstöðuatvinnuvega. Niðurfærsluleið, sem byggist á niðurfærslu kaupgjalds og verðlags. Og loks uppfærsluleið, sem svo er kölluð í skýrslunni, eða gengislækkun.

Í skýrslunni er, eins og hv. þm. hafa haft tækifæri til að kynna sér, sagður kostur og löstur á þessum þremur meginleiðum, eftir því sem tök hafa verið á að meta það og þessir sérfræðingar 7 komu sér allir saman um. Það liggur þó í augum uppi, að jafnvel það mat getur aldrei orðið tæmandi eða fullnægjandi. Margvísleg álitamál og matsatriði önnur en þau, sem tölur ná til, koma einnig til greina. Hér er ekki sízt um að ræða langtímasjónarmið og ýmis atriði, sem varða frambúðarkosti eða galla tiltekinna aðgerða, og að auki ýmsa þætti efnahagsmála, sem nær eru í tímanum, en er illa eða alls ekki lýst í því talna- og upplýsingakerfi, sem er undirstaða tölulegs mats á áhrifum efnahagsaðgerðanna. Í þessu sambandi er um hvort tveggja að ræða: efnahagsleg sjónarmið og framkvæmdaatriði, bæði að því er varðar nauðsyn lagasetningar og síðar framkvæmd hennar og eins það, hversu auðvelt eða torvelt muni reynast að vinna aðgerðunum fylgi, samþykki eða a. m. k. forðast beinar mótmælaaðgerðir af hálfu hagsmunasamtaka og raunar einnig á sjálfum vettvangi stjórnmálanna. Þetta almenna mat varðar ekki hvað sízt framtíðarmöguleika atvinnulífsins. Hagvaxtarmarkmiðið, rekstrargrundvöllur atvinnuvega og hagnýt nýting framleiðsluafla eru að mörgu leyti samofin sjónarmið, ekki sízt þegar litið er lengra fram í tímann en til næsta árs.

Millifærsluleiðin hefur ýmsa ókosti frá þessu sjónarmiði, ef litið er svo á, að sá vandi, sem við er að fást í atvinnulífinu, sé varanlegur eða a. m. k. ekki að öllu leyti háður tímabundnum aðstæðum, sem von sé til að breytist innan skamms til batnaðar. Sá kostur millifærsluleiðarinnar, að hún gerir kleift að mismuna eftir þörfum um styrkveitingar milli atvinnuvega, er því aðeins kostur, að um tímabundið rekstrarvandamál einstakra greina sé að ræða. Eigi rekstrarvandamál atvinnuveganna og þá einkum útflutningsatvinnuveganna sér sameiginlegan kjarna, þ. e. að innlent kostnaðarverðlag sé almennt orðið of hátt miðað við verðlag útflutningsteknanna, þ. e. a. s. gjaldeyrisins, getur þessi kostur orðið dýrkeyptur, því að þá væri í reynd aðeins verið að leysa hluta vandans, en honum að öðru leyti skotið á frest. Þetta væri rétt, ef þau dæmi, sem við er stuðzt við mat á afkomu atvinnuvega, hafa almennara gildi en svo, að þau lýsi einungis sínu eigin þrönga sviði. Mismunun í styrkveitingum eða uppbótum milli atvinnugreina, sem stendur lengi, hefur mikla tilhneigingu til þess að úreldast og getur, þegar frá líður, haft neikvæð áhrif á nýtingu framleiðsluþátta og þar með hagvöxt. Af skiljanlegum ástæðum hneigjast slík kerfi til þess að viðhalda því, sem fyrir er, oft á kostnað greina, sem ekki eru komnar á legg eða ná ekki að vaxa úr grasi, stundum einfaldlega vegna þess, að lítið er um þær vitað. Millifærsla til atvinnuvega eftir knappt metnum þörfum hefðbundins útflutnings gæti unnið á móti brautryðjendastarfi í iðnþróun og dregið úr vaxtamöguleikum nýrra útflutningsgreina. Og auk þess kemur það til, að fjármagnsflutningur innan okkar þjóðfélags er þeim vandkvæðum bundinn, — eins og ég hef gert grein fyrir áður á öðrum stað, — að tæplega verður um það að ræða, að bætt verði við beina skatta, svo að nokkru nemi, eins og nú er komið, og þess vegna yrði ekki annar kostur

en afla þeirra tekna, sem til þyrfti að færa, með óbeinum sköttum, en óbeinir skattar koma jafnharðan inn í visitölu eftir því kerfi, sem við búum við, og þess vegna verður það til þess að auka verðbólgu og magna í raun og veru, þegar skammt er liðið frá, þann vanda, sem við er að glíma. Ég hef lýst því áður, að ég tel þetta kerfi, sem við búum við í þessum efnum, gallað. Ég tel litla skynsemi í því að leyfa hinu opinbera, — og gera ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut, — að það geti lagt á skatta, en það sé jafnframt lögð á það í raun og veru sú kvöð að skila aftur nokkrum hluta skattsins, en það er í raun og veru það, sem þetta kerfi býður. Þess vegna er einmitt millifærsluleiðin í stórum stíl a. m. k. mjög torveld, þó að hún geti óneitanlega haft vissa kosti, ef um skammtímavandamál er að tefla.

Gengisbreytingin er ekki með þessum vanköntum eða a. m. k. ekki með öllum þessum vanköntum, sem fylgja millifærslu, og hefur því sem lausn á atvinnuvegavanda ýmsa kosti. Meginókostir hennar liggja í því, að hún getur viðhaldið hinum rótgróna verðbólguhugsunarhætti, sem hér hefur verið landlægur árum saman. Og þrátt fyrir það, þó að það sé býsna vinsælt að tala illa um verðbólgu, þá held ég nú samt, að reyndin verði sú, þegar til raunveruleikans kemur, að hún eigi sér býsna marga fylgjendur og það séu býsna margir, sem eru ófúsir til þess að stíga skref til baka. En í sambandi við þessa gengisfellingu, sem ég er nú að mæla fyrir, þó að með óbeinum hætti sé, þar sem það er aðeins frv., sem hér er til umr. að formi til, þá er rétt að benda á það, að fyrri gengisbreytingar — stórgengisbreytingar — hafa oft verið framkvæmdar við slakt atvinnuástand og gjaldeyrisskort, ekki sízt eftir að dregizt hafði úr hömlu að leiðrétta varanlega rekstrarskilyrði útflutningsgreina. Alkunna er, að megintilgangur sumra þessara gengisbreytinga var að hreinsa upp flókin styrkja- eða fjölgengiskerfi, sem höfðu gengið sér til húðar, a. m. k. að mati þeirra aðila, sem stóðu fyrir þeim gengisbreytingum. Gengisbreytingarnar 1967 og 1968, sem voru miklar, voru þó ekki af þessu tagi, heldur komu í kjölfar verulegrar aflaminnkunar og verðlækkunar á fiskafurðum. Reynsla okkar og mat á gengisbreytingum er því aðallega mátað af mjög miklum breytingum gengisskráningar. Slíkum stórbreytingum fylgir að sjálfsögðu veruleg hætta á bakslagi. Gengisbreytingin, sem nú hefur verið ákveðin, er miklu minni en síðustu gengisbreytingar, auk þess sem hún er nú nokkru sveigjanlegri, ekki sízt með tilliti til gerbreyttra aðstæðna í gengismálum í heiminum og í viðhorfum manna til beitingar gengisskráningar sem hagstjórnartækis. En það er staðreynd, að það hefur átt sér stað víðtæk breyting í þeim efnum á allra síðustu tímum.

Því skal ekki neitað og sízt af mér, að ýmislegt hefði mælt með því, að reynt yrði að fara niðurfærsluleið að einhverju leyti til þess að leysa efnahagsvandann, sem við er að fást, ekki sízt með það í huga að reyna að eyða stöðugri verðbólguhugsun með þjóðinni. Hins vegar er hvort tveggja, að aðstæður í launa- og verðlagsmálum virðast þær, að ekki sýnist fært að ná neinni umtalsverðri verðhjöðnun eftir þessari leið, og að óvissa um framkvæmd verðlækkana í kjölfar kauplækkana er mikil. Þessi atriði hníga í þá átt, að erfitt er að hugsa sér niðurfærsluleið nú sem aðaluppistöðu í heildarlausn. Til þess að niðurfærsla komi til greina sem aðaltæki, þarf að vera fyrir hendi mikil áherzla á gildi verðlagsmarkmiðsins og vilji til þess að færa verulegar fórnir fyrir framtíðina, því að ef niðurfærslan tækist, hlyti hún til langs tíma litið að hvetja til meiri rekstrarhagkvæmni og samkeppni. Óvissuatriðin, sem tengd eru þessari leið, eru það mörg. Á það er líka rétt að benda, að niðurfærsluleiðin, sem lýst er í skýrslu valkostanefndarinnar, er svo mjög blandin millifærsluleið, að ókostur hennar segir sjálfsagt einnig nokkuð til sín í sambandi við hana. Ég held þess vegna, að hvort sem mönnum er það nú ljúft eða leitt, þá verði þeir að horfast í augu við, að það er ekki raunsætt nú að gera ráð fyrir því, að niðurfærsluleið verði farin.

Það er til gamall málsháttur, sem segir, að neyðin kenni naktri konu að spinna. Það geta hugsanlega komið þeir tímar, að menn verði nauðugir viljugir að fara inn á niðurfærsluleið. En þá er ekki víst, að sú braut verði blómum stráð. Og eins og ég sagði áðan, þrátt fyrir allt — ég vil nú ekki segja glamur, en orðaflaum um verðbólgu og hennar forkastanleika, þá er eins og það séu æðimargir í þessu þjóðfélagi, sem hafi bundið sig við verðbólguna og finnst, hvort sem það er rétt eða rangt, að þeir eigi talsvert undir því, að hún haldi áfram. Þetta er nú sannleikurinn umbúðalaus, hvernig sem hann lætur í eyrum manna. Menn eru ófúsir að stíga til baka. Þeir eru fáir, sem treysta því, að tapið af því lendi ekki á sér.

Í sambandi við tímasetningu efnahagsaðgerðanna nú má almennt segja, að stjórnvöld standi nú betur að vígi en oft áður til þess að ná hagfelldum árangri með almennum aðhaldsaðgerðum eða niðurfærslu, þar sem við búum við ágætt atvinnuástand, eigum traustan gjaldeyrisforða og getum því með allt öðrum hætti en við aðþrengdar aðstæður vegið og metið frambúðargildi hugsanlegra aðgerða. Aðalatriðið er að bregðast við horfunum, áður en alvarleg veikleikamerki fara að gera vart við sig. Hæfilegar aðhaldsaðgerðir nú, sem ekki taka allt of stuttan tíma í viðmiðun, koma í veg fyrir, að til kollsteypuaðgerða þurfi að grípa síðar. Auk þess má á það benda, að afar auðvelt mun reynast að rétta sig af í átt til rýmri eftirspurnarskilyrða, yrði slíks talin þörf á næstu missirum, og á ég þar auðvitað við atvinnumálin og atvinnuöryggi.

Á það er rétt að leggja áherzlu, að þær efnahagsaðgerðir, sem nú verður ráðizt í, þurfa að verða við það miðaðar að tryggja almennan rekstrargrundvöll sjávarútvegsins og þá einkum þeirra undirstöðugreina hans, sem treysta á bolfiskafla. Skyndilegur, óviss, en að sjálfsögðu velkominn búhnykkur á þröngu sviði innan sjávarútvegsins, eins og nú er búizt við að því er loðnuafurðirnar varðar, má ekki valda því, að þessi vandi, sem er fyrir hendi að því er aðalgreinarnar varða, sé vanmetinn. Jafnframt mun reynast nauðsynlegt að taka að nokkru leyti

rekstrarvandamál togaraflotans til sérstakrar meðferðar. Það verður að haldast í hendur, að gildi auðlinda sjávarins sé rétt metið og að nýjum greinum séu gefin lífvænleg vaxtarskilyrði. Til langs tíma litið falla þessi sjónarmið saman, og því þarf að gæta þess, að efnahagsaðgerðirnar séu ekki einskorðaðar við þarfir þess, sem er og hefur verið, heldur sé einnig tekið mið af því, sem koma skal, þ. e. taka þarf tillit til frambúðarhagsmuna sjávarútvegsins, sem ráðast af styrk fiskstofna, og ekki síður til áætlana um skipulega eflingu útflutningsiðnaðar.

Af þessum ástæðum, sem ég hef hér rakið, er það mat ríkisstj., að gengisbreytingin nái þessum markmiðum skást af þeim kostum, sem fyrir hendi voru, ef henni er fylgt eftir með skipulegum stuðningsaðgerðum.

Það er að sjálfsögðu svo, eins og fram hefur komið, að í þessari gengisskráningarleið, sem hér er farin, er ekki þrædd sú till. eða sú hugmynd, sem valkostanefndin setti fram um svokallaða uppfærsluleið, vegna þess að kaupgjaldsvísitalan er látin halda áfram að mæla áhrif gengisfellingarinnar. Ef það hefði ekki verið gert, hefði mátt segja, að hróflað væri við kjarasamningum. Inn á þá leið vill ríkisstj. ekki fara án samkomulags við aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar verður haldið áfram viðræðum við launþegasamtökin um hugsanlegar breytingar á gildandi vísitölufyrirkomulagi. Af þessu leiðir auðvitað, að áhrifa gengisbreytingarinnar hlýtur að gæta í verðlagi, og verður að horfast í augu við þá staðreynd, að hin jákvæðu áhrif hennar, — sem ég hef að vísu lagt megináherzluna á í máli mínu hér að undanförnu, — geti orðið skammvinnari en ella og að erfitt geti reynzt að halda verðlagsþróun í þeim skefjum, sem gert var ráð fyrir í málefnasamningi ríkisstj., eða í svipuðu horfi og í nágrannalöndunum. Mér dettur ekki í hug að reyna að blekkja neinn með því að neita þessu. Og ég held, að það þýði ekki og það sé bezt að játa þetta hreinskilnislega.

Að því er ríkissjóðsdæmið varðar, — sem ég ætla ekki í þessu sambandi að víkja mikið að, en er auðvitað nátengt öllum efnahagsaðgerðunum, — þá munu áhrif gengisbreytingarinnar hafa jákvæð áhrif á það, þó að þar komi vissulega mínusliðir á móti. Þau áhrif nægja þó auðvitað ekki til að jafna metin í ríkissjóðsdæminu, þar eð gert er ráð fyrir því að halda dýrtíðarráðstöfunum í svipuðu horfi og á þessu ári, en á því mun verða full þörf að mínum dómi. Þar þurfa því að koma inn tekjupóstar, sem í athugun eru nú í sambandi við lokastig fjárlagameðferðarinnar. Enn fremur er það, að liður í þessum aðgerðum er það, sem kemur í ljós í sambandi við afgreiðslu fjárl., að fengin verði heimild til lækkunar á fjárveitingum, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárl., sem svigrúm gefur til niðurskurðar í þá átt, sem gert er ráð fyrir í till. valkostanefndar, þó að ég vilji ekki í þessum orðum mínum slá fastri neinni heildarfjárhæð í því sambandi. Það skýrist við heildarfjárlagaafgreiðsluna, sem kemur til innan tíðar. Sú aðgerð, sem hér hefur verið ákveðin, mun einnig að nokkru leyti eða eitthvað hjálpa til þess að leysa vandamál fjárfestingarsjóða.

Ég lofaði því nú að vera ekki mjög langorður, og mér er skylt að standa við það fyrirheit, þar sem ég hef farið fram á það við stjórnarandstæðinga að greiða fyrir málinu, og ég skal þess vegna fara að ljúka þessum inngangsorðum mínum. Ég get að síðustu sagt það, að gengislækkun í sjálfu sér er að sjálfsögðu aldrei neinn fagnaðarboðskapur. Það þarf varla að taka það fram, að til þessa úrræðis grípur engin ríkisstj. að gamni sínu. Til þessa úrræðis er auðvitað aldrei gripið nema af illri nauðsyn að mati stjórnvalda, og hún verður auðvitað alltaf neyðarúrræði, en getur verið óhjákvæmilegt neyðarúrræði.

Stöðugt og traust gengi er að sjálfsögðu grundvallaratriði undir traustu og heilbrigðu efnahagslífi. En það er samt annað grundvallaratriði, sem verður að setja enn ofar. Það er, að atvinnuvegir þjóðarinnar séu í fullum gangi; það er, að atvinnuöryggið sé í lagi, að allir hafi atvinnu. Þess vegna er það og verður ætíð æðsta boðorðið í efnahagslífi þjóðar, ekki sízt í efnahagslífi íslenzkrar þjóðar, að tryggður sé grundvöllur undirstöðuatvinnuveganna, hvað sem gengisskráningu líður. Hjá þjóð eins og okkur, sem á svo mikið undir útflutningi og því, að rekstrargrundvöllur atvinnuvega sé tryggður, hlýtur það alltaf að verða nr. eitt að tryggja næga atvinnu. Og sé það ekki hægt á annan hátt en þann að hækka andvirði þess gjaldeyris, sem þeir skila þjóðarbúinu í hendur, þá verður að gera það, hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt. Hjá því verður aldrei komizt nema um takmarkaðan tíma að viðurkenna þessa staðreynd, ef ekki finnast leiðir til þess að lækka framleiðslukostnað eða þá að flytja til framleiðsluatvinnuveganna fjármagn eða einhvers konar uppbótakerfi, sem oftast nær samkv. reynslu hér og annars staðar endar þó fyrr eða síðar með breyttri gengisskráningu.

Ég held, að með þeirri aðgerð, sem ríkisstj. hefur ákveðið, takist, ef vel tekst til, að ná því markmiði að skapa atvinnuvegunum traustan grundvöll; að skapa og tryggja atvinnuöryggi hér á landi; að tryggja kaupmátt launa. Hitt verður erfiðara, — og mér dettur, eins og ég sagði áðan, ekki í hug að neita því, — að tryggja, að verðlagsþróun á næstunni haldist hér á landi í svipuðum skorðum og hjá nágrannaþjóðum okkar. Við í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar höfum vissulega staðið andspænis vandasömu mati. Og ég vona, að hv. alþm. skilji, og ég vona, að öll þjóðin skilji, að við höfum þurft nokkurn tíma til þess að átta okkur á því og framkvæma það mat.

Ég vona, að mat okkar í þessu efni sé rétt. Það er sannfæring mín, að við höfum, — miðað við aðstæður og það samkomulag, sem unnt var að ná meðal þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa og hafa ólík sjónarmið um margt, — þá höfum við valið réttu leiðina. Og þó að ég viti, að hugur stjórnarandstæðinga til þessarar ríkisstj. er að sjálfsögðu blandinn, þá vona ég, að flestir landsmenn sameinist um þá ósk, að þær aðgerðir, sem nú hefur verið gripið til, megi ná tilætluðum árangri.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er vissulega þörf að óska þess, að almenningur í land-

inu hafi samúð með hæstv. forsrh. Annars kemur mér ákaflega á óvart þessi ræða hæstv. forsrh. Hann hefur samband við formenn stjórnarandstöðunnar og biður þá um skjóta afgreiðslu á þessu frv., sem hér er á dagskrá, og jafnvel helzt að það fari ekki einu sinni í n. Svo kemur hæstv. forsrh. hér sjálfur og heldur ræðu, sem stendur á aðra klst., um gengisbreytinguna og efnahagsmálin almennt, byrjaði þó að tala um það, að hann gerði ráð fyrir því, að stjórnarandstæðingar þyrftu sinn tíma til þess að ræða málin almennt á breiðum grundvelli, og þess vegna var hann að óska eftir því, að afgreiðsla þessa frv. gæti gengið fljótt. Það er vissulega þörf á því, og við munum ekki sitja okkur úr færi um það að ræða efnahagsmálin, fjármál ríkisins og úrræði ríkisstj. almennt á breiðum grundvelli. En það var auðveldara fyrir forsrh., sérstaklega þegar hann með þessum hætti, má segja, fer hálfpartinn aftan að stjórnarandstöðunni, að halda langa ræðu um gengisbreytinguna, þar sem hæstv. forsrh. las að verulegu leyti bls. eftir bls. upp úr nál. valkostanefndarinnar. Þess vegna var það svo, að stundum brá manni, þegar hæstv. ráðh. var að lýsa viðhorfum sínum í efnahagsmálunum, því að hér var kominn alveg spánnýr maður og allt annar en við höfum þekkt hér í þingsölunum eða þjóðin þekkir varðandi viðhorf til gengislækkunar og annarra aðgerða í efnahagsmálunum.

Neyðin kennir naktri konu að spinna, sagði hæstv. forsrh. og það má sannarlega segja það, að neyðin hafi kennt þessum hæstv. forsrh. að spinna. Það vill svo vel til, að hann er sjálfur fyrir 3—4 dögum búinn að slá því föstu hér í þingsölunum, að þegar hann tók við forustu ríkisstj., var ekki við þann vanda að glíma í þjóðfélaginu, að þyrfti gengisfellingu, sem hann segir, að hljóti auðvitað alltaf að vera neyðarúrræði. Hvers vegna þarf nú að grípa til neyðarúrræðis, eftir að hæstv. forsrh. er búinn að vera 3 missiri stjórnarformaður í vinstri stjórn? Þá er svo komið, að þarf að grípa til neyðarúrræða, — neyðarúrræða eins og gengisbreyting réttilega er. En þegar hún er neyðarúrræði, eins og hún hefur áður verið, þá er það vegna áfalla, eins og þeirra, sem við höfum þurft að þola í þjóðfélaginu 1967 og 1968, þegar útflutningsverðmæti okkar féllu um allt að því 50% á tveimur árum. En hvaða áföll hafa orðið nú? Jú, hæstv. forsrh. las úr reifastranganum frá Seðlabankanum. Hann er áður búinn að láta reifastranga fylgja gengislækkun ríkisstj. um s. l. áramót. Og það felst í því fullkomin blekking við þjóðina að lýsa hlutunum eins og þar er gert. Það er sagt og lesið í útvarpinu, og hæstv. forsrh. endurtekur það hér, að það sé svo mikil óvissa og miklir erfiðleikar í þjóðfélaginu, mikil óvissa og miklir erfiðleikar og mikill aflabrestur, að það þurfi að grípa til gengisbreytingar. En af því að hæstv. forsrh. las upp úr mörgum skjölum, þá stangaðist dálítið á, það sem hann sagði hér og hvar. Þegar hann las aftur síðar upp úr nál. sérfræðingan., þá sagði hann, að ráð væri gert fyrir 15—20% aukningu verðmæta sjávarafurðanna á næsta ári, — 15—20% verðmætisaukningu, — og líka væri gert ráð fyrir magnaukningu í sjávarafurðunum. Við höfum líka séð það, sem höfum lesið þetta nál., að það byggist á því, að fiskifræðingarnir séu orðnir alvitringar. Það byggist á því, að loðnan veiðist í ríkara mæli en nokkru sinni áður. Á þessu eru m. a. byggðar margar þær ráðstafanir, sem ríkisstj. er að gera. Ég held, að hún ætti að setja loðnuna í skjaldarmerkið sitt. En það er ekki hægt að segja í sömu andránni, að óvissan sé mikil í þjóðfélaginu og erfiðleikarnir séu miklir, og segja svo, að útflutningsverðmætin muni aukast um 15—20% eftir spá sérfræðinganna. Þetta fær ekki staðizt.

Hæstv. forsrh. hefur geð í sér til þess að halda því hér fram, að viðhorf manna til beitingar gengisbreytingar sem hagstjórnartækis hafi breytzt mjög mikið nú upp á síðkastið. Hvaða manna? Jú, það er greinilegt, að viðhorf hæstv. forsrh. og meðstjórnenda hans í ríkisstj. gagnvart gengisbreytingu sem hagstjórnartæki hefur breytzt mjög. Það var alveg rétt, sem einn stjórnarsinni sagði hér í upphafi utan dagskrár, að hann og aðrir stjórnarsinnar væru búnir að fordæma gengisbreytingar áratugum saman, þ. á m. hæstv. forsrh. Hann sagði einnig, að staðfestingu á þessari fordæmingu væri að finna í stjórnarsáttmálanum. Þeir skyldu þó aldrei hafa skrifað undir stjórnarsáttmálann og skilið hann með ýmsum hætti, ýmsir stjórnarsinnarnir. Þessi hv. þm., hv. 3. landsk., sem sagði sig úr þingflokki frjálslyndra nú fyrir nokkru, lagði einnig áherzlu á það, að verðmæti sjávarafurða væru í hámarki, og þetta gerði hann réttilega. Af þeim sökum er ekki hægt að nota það sem ástæðu fyrir neyðarúrræðum. Það er eitthvað annað, sem hefur komið af stað því ástandi eða orðið valdandi að því ástandi í þjóðfélaginu nú, sem var ekki fyrir hendi, þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að til gengisbreytingar þurfi að grípa sem neyðarúrræðis.

Við þurfum að sjálfsögðu, stjórnarandstæðingar, að fá tóm til þess að ræða þessi mál á breiðum grundvelli, eins og hæstv. forsrh. sagði, og á slíkum vettvangi eins og þessum er ekki nema af handahófi, sem ég get gripið niður í málinu. Hvað ætlar ríkisstj. að gera samhliða þessari gengislækkun, sem hún hefur ákveðið, því að Seðlabankinn er bara verkfæri í höndum ríkisstj. í þessu sambandi? Hvaða ráðstafanir ætlar hún að gera aðrar? Hvað er fyrirhugað í fjármálum ríkisins? Bæði hækkun skatta og gjalda og lækkun útgjalda? Hvað er fyrirhugað í þessu sambandi? Hvað er fyrirhugað um fyrirkomulag á vísitölunni, og ég spyr sérstaklega, m. a. þeim 2.5 vísitölustigum, sem frestað var í sumar til áramóta? Hvað er fyrirhugað í því sambandi? Hvað er fyrirhugað í því sambandi, að bændur voru látnir fresta endurskoðun á verðlagsgrundvellinum í sumar, og átti sú frestun að gilda til áramóta? Hvað er fyrirhugað í þessu sambandi? Allt þetta verður að liggja fyrir og því verður að svara, þegar slík mál eru lögð fyrir eins og þegar ákvarðanir eru gerðar um gengisbreytingu, því að væntanlega ætlar ríkisstj. ekki að fara að huga að þessu eftir á.

Það verður þess vegna að vera hægt að meta heildaráhrif þessarar ráðstöfunar, sem hér er um að ræða, bæði á ríkisfjármál og viðskiptajöfnuð okkar og annað út á við. Og nú spyr ég: Var

bankaráði Seðlabankans gerð grein fyrir þessum ráðstöfunum, fyrirhuguðum hliðarráðstöfunum ríkisstj. og áhrifum fyrirhugaðrar gengisbreytingar á viðskiptajöfnuð og ríkisfjármál og annað? Voru gerðar fyrirspurnir í bankaráði Seðlabankans af bankaráðsmönnum, sem ekki var svarað, látnar standa opnar í báða enda? Var bankaráðið látið fallast á þetta með athugasemdum einmitt um það, að því væri ekki gefinn kostur á því að meta réttmæti þessarar gengisbreytingar, hvað svo sem bankastjórarnir hafa sagt í sinni tilkynningu, sem birtist þjóðinni í ríkisútvarpinu?

Það er auðvitað aðalatriðið í þessu sambandi, að gengislækkun sé því aðeins réttlætanleg, að jafnframt sé búið þannig um hnútana, að til nýrrar gengislækkunar þurfi ekki að koma von bráðar, og að almenningur sannfærist um, að þannig sé um hnútana búið. En því fer víðs fjarri nú. Það er vitað, að í ríkisstj. voru af hálfu eins stjórnarflokksins uppi tillögur um allt aðra gengisfellingu en hér er ákveðin. Það er einnig vitað, að þessi gengisfelling, sem nú er ákveðin, byggist ekki á mati ríkisstj. á því, hvað sé rétt í þessu sambandi og hvað ekki eða hvaða hliðarráðstafanir þurfi að gera. Það gerir hún ekki. Niðurstaðan er lokaþátturinn í valdataflinu innan ríkisstj., milli þriggja flokka. Og ég óska hæstv. félmrh. til hamingju með sigurinn í þeirri glímu, því að það var hann, sem svínbeygði hæstv. forsrh. og kommúnistana í ríkisstj. í þessu máli og Björn Jónsson ekki síður, forseta Alþýðusambands Íslands. Og það verður ekki þeirra sök, þó að það sé kannske ekki þannig um hnútana búið í gengisfellingunni, að almenningur fái nægjanlegt traust á henni sem varanlegu úrræði. Og verst af öllum er sú gengisfelling, sem er þannig til komin, eins og þessi gengisfelling, að fólk hefur ekki traust á henni, hefur ekki traust á, að hún skapi jafnvægi og ró í efnahagslífinu. Það verður almannarómur. Ef þessir menn halda áfram stjórnartaumunum, sem nú eru í stjórnarráðinu, verður það almannarómur, að krónan haldi áfram að lækka. Þessir menn, sem eru búnir að fordæma gengisfellingar í áratugi, eins og hv. 3. landsk. sagði, eru nú búnir að opna kokið svo mikið, að þeir eru búnir að gleypa öll stóru orðin. Þeir munu ekki eiga erfitt með að opna kokið svolítið betur til þess að bæta við gengislækkun til viðbótar, þegar þeim þykir þörf á, ef það þýðir það og er skilyrði til þess, að þeir geti lafað áfram í valdastólunum, í ráðherrastólunum. Og gengislækkun, sem ákveðin er á grundvelli þess að geta lafað áfram í ríkisstjórn, hún er þess eðlis, að hún er ekki líkleg til að skapa traust.

Það getur vel verið, að okkur í stjórnarandstöðunni geti veitzt möguleiki til þess að veita þessari ríkisstj. það aðhald frammi fyrir allri þjóðinni að knýja hana til sæmilegra aðgerða í sambandi við gengislækkunina, en þá verður að hafa skapleg vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna. Það er frumskilyrði. En það er ætlazt til þess, að án nokkurs tíma séu afgreidd fjárlög við 3. umr., og þau eru í raun og veru að mestu leyti í sömu sporum og þau voru, þegar fjárlagafrv. var lagt fram í okt ó bermánuði. Það hlýtur því að verða krafa okkar, að fjvn.-mönnum og fyrst og fremst fulltrúum okkar sjálfstæðismanna og þá væntanlega einnig hins stjórnarandstöðuflokksins verði gerð nákvæm grein fyrir því, hvaða hliðarráðstafanir stjórnin hefur í huga og hvernig hún ætlar að skera niður þau útgjöld, sem í ríkum mæli eru talin forsendan fyrir því, að gengislækkunin geti blessazt, eins og kemur fram í sérfræðingaálitinu. Nú vitum við, að fjárlagafrv. hefur ekki verið skorið niður, heldur hefur það verið hækkað við 2. umr. um nokkur hundruð millj. kr. En sérfræðingarnir sögðu m. a., að það væri forsenda að draga úr útgjöldum fjárlaganna, að draga úr lánveitingum fjárfestingarsjóðanna og að einnig væri það forsenda að binda kaupgjaldsvísitöluna, sem hæstv. forsrh. lýsti nú yfir, að ekki mundi gerast. Þetta var þeirra mat.

Það verður að leggja á borðið öll plögg í sambandi við þessa ákvörðun. Skemmtilegt væri nú að hafa á hljóðbandi öll viðtöl, sem fram hafa farið á milli ráðherranna um þessa gengislækkun í stjórnarráðinu. En eitthvað hefur nú verið skráð, og þar á meðal hefur verið skráð bréf frá Alþb. til hæstv. forsrh. Mér er sagt, að hann sé búinn að taka það upp úr vasanum og hafi sýnt öðrum meðráðherrum sínum það, þó að það hafi dregizt nokkuð hjá honum. Nú bið ég hæstv. forsrh. að lesa fyrir þingheim þetta bréf, ef hann vildi gera svo vel, svo að við mættum fá að heyra, hvað Alþb.-mennirnir, postularnir á móti gengislækkun hvar og hvenær sem er, hafa sagt í þessu bréfi. Þá sjáum við m. a. að minni hyggju, hvort er verið að meta gengislækkunina sem efnahagsráðstöfun, sem hagstjórnarkerfi, eða hvort hún er liður í pólitísku valdatafli. Ég býst við því, að forsrh. verði við þessari ósk minni, að birta þingheimi þetta bréf.

Ég vil svo segja í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir, að við sjálfstæðismenn munum greiða fyrir framgangi þess með skjótum hætti, eins og hæstv. forsrh. fór fram á, að svo miklu leyti sem við teljum, að ráðstafanirnar, sem í frv. eru, séu nauðsynlegar, að það sé nauðsynlegt að afgreiða þær í þinginu í dag eða á morgun. En í 3. gr. er ákvæði, sem enga nauðsyn ber til að afgreiða í dag eða á morgun, en það er breyting á seðlabankal., að frávikið frá stofngengi verði meira en 1%, eins og í þeim l. er tilskilið, og fari allt upp í 2.25%. Ég ætla ekki nú að leggja neinn dóm á það, hvort þetta þyki eðlileg breyting á seðlabankal. En það á þá að gera þá breytingu á seðlabankal., og það liggur ekkert á. Sú ríkisstj., sem hefur lækkað gengið í dag um nær 11%, þarf ekki til viðbótar að fá 2.25% til að leika sér að á bak við tjöldin til frekari gengislækkunar. Ég skora þess vegna á hæstv. forsrh. að fallast á það að fella þessa grein úr frv., og síðan er hægurinn hjá fyrir ríkisstj., ef hún heldur áfram að vera sama sinnis, að koma þessari breytingu á eftir áramótin í sambandi við breyt. á l. um Seðlabankann. Í aths. við 3. gr. segir, að ákvæði þetta sé tekið upp að beiðni bankastjórnar Seðlabankans til breytingar á l. um bankann. Þá er bezt að breyta l. um bankann réttilega, þar sem það á við, sjálfum seðlabankal. Það er alveg nauðsynlegt, að seðlabankastjórnin geri þn. grein fyrir

því, hvaða nauðsyn knýr á að gera þetta. Og það er ekki nokkur nauðsyn, sem rekur til að gera þetta í dag eða á morgun. Jafnvel þó að seðlabankastjórarnir séu snjallir, þá geta þeir ekki sannfært neinn mann um það. Og ég held, að það sé einnig nauðsynlegt, að fram komi viðhorf þau, sem fram munu hafa komið hjá bankaráðsmönnum Seðlabankans.

Ég vil svo að lokum segja það, að þegar gripið er til gengisbreytingar sem hagstjórnartækis, þá verður almenningur í landinu að hafa það á tilfinningunni, að þetta sé af tiltekinni nausðyn og betra en aðrir kostir, sem um er að ræða, og að þeim mönnum, sem um stjórnvölinn halda, sé treystandi til þess að framkvæma slíka breytingu, þeim sé treystandi til þess að nota gengisbreytingu sem hagstjórnartæki, hún sé ekki aðeins notuð sem þáttur í valdabaráttu þeirra innbyrðis og aðeins til að forða viðkomandi ríkisstj. frá því að biðjast lausnar. Við sjálfstæðismenn treystum ekki núverandi ríkisstj. til þess að framkvæma þá gengisbreytingu, sem hér er um að ræða, eða gera aðrar hliðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að skapa festu og öryggi íslenzks gjaldmiðils. Þeir eru þegar búnir að skapa mikið vantraust á ísl. krónunni, og fjármálastjórn þeirra er með þeim endemum, að almenningur mun í vaxandi mæli hafa vantrú og ótrú á því, að þessir menn geti beitt þeirri festu og gætni, sem hæstv. ráðh. talaði um, að nauðsynlegt væri við meðferð slíkra mála. Af þessum sökum, — og við teljum, að það sé í samræmi við skoðanir þorra almennings í þessu landi, — hefur þingflokkur sjálfstæðismanna ákveðið á fundum sínum í morgun að lýsa vantrausti á hæstv. ríkisstj. og krefjast þess, að Alþingi verði rofið og kosningar fari fram.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hefur ekki farið á milli mála síðustu daga, að forustumenn stjórnarandstöðunnar í þessu landi hafa verið býsna órólegir. Það hefur varla verið um svo lítið atvik að ræða, sem gerzt hefur í þjóðfélaginu, að þeir hafi ekki þotið hér upp í ræðustól, svo að segja daglega, utan dagskrár, skjálfandi af spenningi yfir því, hvort ríkisstj. gæti nú ekki fallið á næstunni og þeirra tími færi að koma. Í sambandi við allan þennan mikla skjálfta hafa svo heyrzt frá þeim mjög furðuleg viðbrögð. Maður sér í blöðum þeirra með stærsta fyrirsagnaletri fyrirsagnir sem þessar: Allt í kaldakoli. Óðaverðbólga afleiðing stjórnarstefnunnar. Heimatilbúinn vandi. Kostnaðarverðbólga ríkisstj. að stöðva allt atvinnulíf. Stefnulaus ríkisstj. — og annað eftir því. Er þetta rétt? Já, svona geta menn lagzt undir þennan áróður. Einn af þm. Sjálfstfl. gefur sig hér fúslega fram og segist hafa verið blekktur af þessu. (Gripið fram í: Trúir ráðh. þessu ekki?)

Nú er einmitt rétt að virða það fyrir sér, hvernig ástandið er í þjóðfélaginu, og gera tilraun til að koma þessum villuráfandi Sjálfstæðismönnum inn á rétta línu aftur. Að vísu segja þessir hv. þm. og foringjar stjórnarandstöðunnar alltaf í öðru orðinu: Hvað er verið að tala um minnkandi aflaleysi, það hefur ekkert minnkað aflinn? Hvað er verið að tala um lækkandi verð á framleiðsluvörunni, framleiðslan hefur hækkað í verði? Og þá á allt að vera gott og allt að kenna vonzku ríkisstj. En þessi framkoma er alveg furðuleg. Hvað gerðist t. d. hér í byrjun októbermánaðar, um það leyti sem ákveða þurfti nýtt fiskverð fyrir síðustu 3 mánuði ársins? Þá var þar nokkur vandi á höndum. Sjómenn og útgerðarmenn töldu sig þurfa að fá nokkru hærra fiskverð en áður hafði verið í gildi, m. a. vegna þess, að afli hefði minnkað hjá þeim og verið verðminni vegna samsetningarinnar. Og fiskvinnslumenn töldu, að þeir gætu ekki borgað hærra fiskverð, þar sem reksturinn hefði komið lakar út á árinu hjá þeim en ráð hefði verið fyrir gert. Þegar þetta gerðist, ruku þeir upp í stjórnarandstöðunni og sögðu auðvitað eins og fyrri daginn, að nú væri allt að kollsteypast. Alþbl. skýrði frá þessu dag eftir dag, og alltaf stækkaði letrið frá degi til dags, þangað til loksins kom stærsta letrið, og þá sögðu þeir: Frystihúsin stöðvast alveg örugglega. — Það varð vitanlega að reyna að hnykkja á eftir allt það, sem á undan var komið, með einhverju stóru. Vísir sagði: Það vantar 1000 millj. kr., til þess að hægt sé að halda útgerðinni áfram til áramóta, — 1000 millj. kr., — og nú á að taka þessa upphæð úr verðjöfnunarsjóðnum, og þá verður hann uppétinn um næstu áramót. — Svo gekk þetta allt fyrir sig á venjulegan hátt. Þeir, sem höfðu með málið að gera, fiskkaupendur og fiskseljendur, og fiskseljendur, komu sér saman um n. manna til þess að skoða málið, og niðurstaða hennar varð sú, að til þess að bæta hag frystihúsanna, bátanna og sjómanna allverulega, þyrftu að koma til fjármunir, — ekki 1000 millj., eins og þessi blöð höfðu hrópað upp um, heldur 88 millj., til áramóta. Svona geta hróp og köll manna orðið alveg furðuleg, þegar þeir tapa sönsum. En þó að menn hafi verið í ríkisstj. í 12 eða jafnvel í 15 ár í einni lotu, eins og sumir, sem eiga hlut að máli, þá þurfa þeir ekki að koma fram með svona ósköpum, þó að þeir séu utan ríkisstjórnar 1½ ár.

En það er fyllilega þess vert í sambandi við þær umr., sem hér eiga sér nú stað, að reyna að gera sér grein fyrir því í nokkrum aðalatriðum, hvað hefur verið að gerast í íslenzkum efnahagsmálum að undanförnu og hver sá vandi í raunninni er, sem við stöndum nú frammi fyrir.

Því verður ekki neitað, að árið 1971, en á því ári miðju tók ríkisstj. við völdum, var afbragðs ár efnahagslega séð, og a. m. k. er verið að skýra frá því, hvað efnahagsmálin hafi komið hagstætt út fyrir þjóðarbúið á því ári, þá vilja þeir úr fyrrv. ríkisstj. skrifa það allt hjá sér, en alla annmarka, sem komu fram á því ári, og erfiðleika, þá vilja þeir skrifa hjá núv. ríkisstj. Á árinu 1971, fór það svo, að afli sjávarútvegsins dróst saman um 4½%, þ. e. aflamagnið, en hins vegar var svo hagstæð verðlagsþróun erlendis, að meðalverðhækkun á útfluttum sjávarafurðum á því ári nam 25%. Árið var því einstaklega hagstætt fyrir okkur, jafnvel þó að aflinn færi nokkuð minnkandi. En á þessu ári gerðist ýmislegt, sem snertir verulega efnahagsmál þjóðarinnar.

Núv. ríkisstj. ákvað, skömmu eftir að hún kom til valda, eða í ágústmánuði 1971, að hækka fiskverð til sjómanna um 18—19%. Auðvitað er

ekkert um það að villast, að þessi ráðstöfun hafði í för með sér, að það gekk betur að manna flotann en annars hefði verið, og ég hygg, að flestir verði í rauninni að viðurkenna, að þessi ráðstöfun hafi verið nauðsynleg. Maður sér að vísu nú í nál. frá fulltrúum sjálfstæðismanna í sambandi við afgreiðslu fjárl., að á þennan hátt hafi verið gengið á hagsmuni útgerðarinnar í landinu. Var þessi ráðstöfun þó gerð með þeim hætti, að það var ekki tekin ein kr. frá útgerðinni í sambandi við þann rekstrargrundvöll, sem henni hafði verið ætlaður á því ári. En það var rétt, þessi hækkun var ákveðin á kostnað sameiginlegs sjóðs, sem útgerðin í landinu sem heild stendur að. En þeir sjálfstæðismenn eru auðvitað að koma núna út úr skotum sínum og eru að byrja að játa það, að þeir hafi verið á móti þessari aðgerð, sem þarna átti sér stað. Þeir um það. Þeir skulu koma hér fram og játa það betur fyrir alþjóð, að þeir hafi verið á móti þessari fiskverðshækkun til sjómanna, sem þarna var ákveðin. Auðvitað veit ég mætavel, að það er hægt að segja, að ef þessi hækkun til sjómanna hefði ekki verið ákveðin, heldur hefði hún verið látin renna til útgerðarinnar, þá hefði útgerðin staðið eitthvað betur að vígi. Ekki neita ég því. En ég fullyrði það, að þessi hækkun var nauðsynleg.

Það er líka rétt, að núv. ríkisstj. ákvað, skömmu eftir að hún kom til valda, að flýta framkvæmd á almannatryggingal., sem fyrrv. ríkisstj. hafði staðið að því að setja, en ætlaði sér ekki að byrja á að framkvæma fyrr en eftir áramótin 1971—1972. Auðvitað kostaði þessi ráðstöfun fjármuni. En eru stjórnarandstæðingar, sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, á móti þessari ráðstöfun? Nú ættu þeir að svara því hreinlega. Eru þeir á móti því, að þetta var gert?

Það er líka rétt, að á árinu 1971 varð núv. ríkisstj. að borga ýmsar greiðslur, sem fyrrv. ríkisstj. hafði efnt til. Fyrrv. ríkisstj. var búin að gera samninga um launakjör opinberra starfsmanna með mjög stórfelldri launahækkun til þeirra. En hún hafði ekki séð fyrir því að leggja fé til hliðar til þess að greiða þessar launabætur. Það urðu aðrir að sjá um að greiða þennan reikning.

Þetta gerðist allt á árinu 1971. Og fyrrv. ríkisstj. hafði skilið þannig við málin, að hún hafði gert ráð fyrir því, að verðstöðvun yrði í gildi fram að 1. sept. á árinu 1971, en hún hafði auðvitað ekki skilið eftir neina sérstaka fjármuni til þess að standa undir framkvæmd verðstöðvunar, það sem eftir var af árinu. Og vitanlega, ef ekki átti að sleppa verðlagi þá lausu, þurfti fjármuni til þess að halda niðri verðlagi þann tíma, sem eftir var af árinu. En það er lítill vandi að koma á eftir og segja: Þarna hafið þið eytt í tryggingabætur, þarna hafið þið eytt í sjómennina, þarna hafið þið eytt í það að borga launin til opinberra starfsmanna, þarna hafið þið eytt í það að halda áfram verðstöðvun til áramóta. Auðvitað kostaði þetta allt einhverja fjármuni. En það gera auðvitað ekki aðrir en þeir, sem vilja lemja höfðinu við steininn, að neita því, að það hafi þurft að standa við þetta, sem þarna var gert.

En það eru fleiri þýðingarmiklir þættir, sem tilheyra árinu 1971, þessu góða ári. Á því ári, á árinu 1971, varð um mikinn viðskiptahalla að ræða við útlönd, upp á 400 millj. kr. Að vísu fór það nú svo, að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar út á við batnaði eigi að síður um 1493 millj. kr. En um þetta leyti voru menn ekki að hamra á því í sífellu, að það væri gífurlegur viðskiptahalli við útlönd.

Á núverandi ári, 1972, er viðskiptahallinn við útlönd líka áætlaður mjög svipaður, í kringum 4000 millj., og nú ætla menn alveg að rifna af vandlætingu yfir því, að það skuli vera svona mikill halli í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. En það er ekki verið að greina frá því, hvernig stendur á þessum viðskiptahalla bæði á árinu 1971 og á árinu 1972. Þessi viðskiptahalli varð einfaldlega vegna þess, að þjóðin var á þessum tíma að ráðast í ýmsar stórframkvæmdir, kaupa varanlegar eignir og flytja þær inn í landið, og meðan er verið að gera slíkt, verður viðskiptahalli. Á árinu 1971 voru t. d. keyptar flugvélar til landsins fyrir tæpar 2000 millj. kr. Þessar flugvélar eru taldar með í innflutningi til landsins og skekkja viðskiptastöðuna við útlönd um þessa upphæð. En hvaða maður ætlar að telja, að þjóðarbúskapurinn sé eitthvað verr á sig kominn, þegar við höfum keypt þessar flugvélar á einu ári og flutt þær til landsins og greitt þær að sjálfsögðu með erlendri lántöku. Eignin er öðrum megin og skuldin er hinum megin. Ef við hefðum ekki keypt flugvélarnar, hefði auðvitað viðskiptahallinn orðið 2000 millj. minni. Það er þetta, sem er að gerast á yfirstandandi ári. Við höfum tekið erlend lán, vegna þess að við erum að kaupa í stórum stíl skip og önnur varanleg verðmæti og ráðast hér í stórframkvæmdir, og meðan við stöndum í slíku, verður viðskiptahalli. Ég efast ekki um, að allir hv. alþm. gera sér grein fyrir því, að það er engin leið fyrir okkur Íslendinga að kaupa á einu eða tveimur árum skip fyrir 3—4 þús. millj. kr. og borga þau út í hönd af tekjum ársins. Það verður að taka erlent lán í sambandi við þessi kaup. En skipin, þegar þau koma, teljast með innflutningi og hækka okkar viðskiptahalla á viðkomandi ári. (Gripið fram í.) Ég er að reyna að útskýra hlut, sem virðist vera, að þurfi að lemja inn í hausinn á nokkrum sjálfstæðismönnum. Það er til afskaplega lítils að vera að sveifla um sig á þennan hátt og tala um það sem einhverja sérstaka erfiðleika í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, þó að það verði viðskiptahalli við útlönd. Vitanlega verður það að koma fram, af hvaða ástæðum hann stafar. (**Gripið fram í:** Þetta er aðeins lítill hluti af honum.) Er þetta aðeins lítill hluti af af honum? Þetta er allur viðskiptahallinn. (**Gripið fram í:** Allur?) Þessar 4000 millj. (**Gripið fram í:** Fer hann allur í flugvélar og skip?) Allur í flugvélar og skip, í varanlegar eignir, var ég að segja. Það eru til skýringar algerlega á honum og liggja fyrir. Ég ætla að biðja hv. þm., formann Sjálfstfl., að lesa sína biblíu, sem hann hefur fengið hér, betur, því að þetta er allt að finna í henni. Þetta kemur alveg skýrt fram í þeim nál., sem hér liggja fyrir. En þeim hefur sem sagt ekki þótt það punta upp á sinn málflutning að segja rétt frá í þessum efnum.

Við skulum svo líta aftur á þróunina í meginatriðum á árinu 1972, hvað þá hefur gerzt. Í

árslok 1971 hafði verið hér í gildi verðstöðvun í 14 mánuði, eða frá 1. nóv. 1970, að fyrrv. ríkisstj. ákvað þá verðstöðvun. Núv. ríkisstj. framlengdi þessa verðstöðvun til ársloka 1971. Það vissu auðvitað allir, að það var alveg útilokað annað en að á svona löngum tíma hefði safnazt fyrir ýmislegt í verðlagsmálum landsins, þannig að það yrði að leyfa nokkrar verðhækkanir, og ekki síður þegar það lá einnig fyrir, að verðhækkanir erlendis höfðu orðið miklar sem höfðu auðvitað áhrif hér á landi seinni hluta árs 1971 og þó einkum á árinu 1972. En núv. ríkisstj. hefur staðið þannig að verðlagsmálum, að hún hefur ekki leyft nema lítið þeirra verðhækkana, sem farið hefur verið fram á, og væri líklega gleggsta dæmið að snúa sér til varaformanns Sjálfstfl., Geirs Hallgrímssonar fyrrv. borgarstjóra, og spyrja hann um það, hvað hann hafi fengið mikið af öllum þeim hækkunum, sem hann bað um að fá að framkvæma hér á alls konar þjónustu við almenning. Hann fékk ekki nema lítinn hluta af því samþykkt. En þeir sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur hafa bara hert á sínum róðri og sent okkur ný bréf núna, og nú vilja þeir fá að hækka ýmis gjöld ennþá meira en í fyrra tilfellinu. Nú fara þeir t. d. fram á það að mega hækka strætisvagnagjöldin hér í Reykjavík um 44%. En þó að ríkisstj. hafi staðið þannig að framkvæmd verðlagsmála, að hún hafi hleypt eins litlu í gegn og tök hafa verið á, og staðið þannig að þeim, að meira að segja þeir, sem skrifa leiðara Morgunblaðsins, kvarta sáran undan því, að það skuli ekki hafa verið leyfðar ýmsar verðhækkanir til ýmiss konar fyrirtækja í landinu, þá fór það auðvitað svo, að ríkisstj. leyfði nokkrar verðhækkanir á fyrri hluta ársins 1972, eða fram á mitt ár, og það liggur alveg fyrir, hvað hér var sett mikið út í verðlagið. Framfærsluvísitalan á þessu tímabili, frá því að ríkisstj. tók við, hækkaði úr 155 stigum upp í 170 stig eða um 15 stig. Það jafngildir því, að framfærsluvísitalan hafi mælt hækkun upp á 9.7%. Síðan var aftur sett á verðstöðvun, og sú verðstöðvun er enn í gildi.

Þegar menn hafa það svo í huga, hvað hefur verið að gerast í þessum málum hjá okkur og í öðrum löndum, þá liggur þetta fyrir, og ég bið hv. alþm. að taka vel eftir því: Á tímabilinu frá 1. nóv. 1970, þegar fyrrv. ríkisstj. setti sína verðstöðvun, og fram til 1. nóv. í ár, 1972, á tveggja ára tímabili, hefur farið út í verðlagið hér verðhækkun upp á 9.7%, á tveggja ára tímabili. (Gripið fram í.) Það skiptir svo sem ekki máli, á hvaða tíma það fer fram, en á tveggja ára tímabili er það þetta, sem gerist. En þetta þýðir það, að að meðaltali á ári fer hér út í verðlagið 4.9% hækkun. En á sama tíma og þetta hefur gerzt liggur það fyrir, að verðlag í löndunum hér í kringum okkur hefur hækkað svo mikið af ráðstöfunum, sem við gátum ekki ráðið við, og það kemur fram í efnahagsskýrslu hagrannsóknadeildarinnar, að frá árinu 1971 til ársins 1972 hefur innflutningsverð á vörum til landsins hækkað um 9.25%. Erlent verð hefur hækkað að meðaltali um 9.25% á þessu tímabili, en við höfum sleppt út í verðlagið 9.7% á tveggja ára tímabili og það þó að fjöldamörg vandamál hafi verið skilin eftir frá fyrrv. ríkisstj. í verðlagsmálum. Ef við berum okkur svo einnig saman við verðlagsþróun hér í nálægum löndum, þá má t. d. geta þess, að á s. l. ári hækkaði verðvísitalan í Bretlandi um 11% og árið þar áður um 8.7%, og tilkynnt er, að hækkunin á þessu ári muni verða milli 10 og 11%.

Sannleikur málsins er sá, að ríkisstj. verður ekki dæmd fyrir það að hafa sett hér út í verðlagið meiri hækkanir en hafa átt sér stað í nálægum löndum á þeim tíma, sem hún hefur starfað. Það er miklu frekar hægt að ásaka ríkisstj. fyrir það, að hún hafi haldið svo stíft á verðlagsmálum, að það geti verið erfitt fyrir ýmsa aðila í landinu að framfylgja þeim reglum. Ég játa það miklu frekar. En allar fullyrðingar um það, að núv. ríkisstj. hafi staðið hér fyrir verðhækkunum, eru úr lausu lofti gripnar. Og ég vil biðja hv. þm. að kynna sér þau gögn, sem hér liggja fyrir um þessi mál, áður en þeir fara að endurtaka það, sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram í þessum efnum.

Við þetta er svo einnig því að bæta, að auðvitað var það svo, að þegar kauphækkanir urðu jafnmiklar og raun hefur á orðið í samningum hinna almennu verkalýðsfélaga í des. 1971, þá var gefið mál, að slíkar launahækkanir hlytu að leiða til einhverra verðhækkana. Það var alveg útilokað að ætla að láta atvinnureksturinn eða framleiðsluna í landinu bera allan þennan aukna kostnað. Það varð að hleypa einhverju út. En ég held, að það sé enginn vafi á því, að sú stefna, sem ríkisstj. hefur haldið uppi í þessum efnum, hefur þýtt það, að hér hefur verið sleppt út í verðlagið minni hækkunum en bein efni stóðu til. Og ef maður ber þetta saman við það, sem gerðist á tímum viðreisnarstjórnarinnar, þá er þetta vitanlega gerólíkt, því að það liggur fyrir, að á tímabilinu frá 1. jan 1968 og fram að verðstöðvunartímanum hjá ríkisstj. 1. nóv. 1970, á nærri þriggja ára tímabili, hækkaði vísitalan hjá fyrrv. ríkisstj. að meðaltali um 18.6% á ári. Ef maður fer lengra aftur í tímann, ekki bara til 1. jan. 1968, þá verður hækkunin enn meiri, því að þeir felldu gengið líka 1967.

Nei, sá vandi, sem við var að glíma og við er að glíma á þessu ári, er ekki vegna þess, að núv. ríkisstj. hafi staðið fyrir því að hækka verðlagið innanlands meira en átt hefur sér stað í nálægum löndum. En hver er þá vandinn? Jú, vandinn kom alveg skýrt fram, þegar leið fram á árið 1972 eða fram undir haust. Þegar að því kom, að frystihúsaeigendur kvörtuðu undan sínum hag og bátaeigendur vildu fá hækkað fiskverð, þá settu þessir aðilar nefnd til að rannsaka það, hvað hefði gerzt á árinu, og þeir urðu sammála um nál., sem þeir skiluðu, og þeir sögðu: Kostnaður af vinnulaunum og öðrum tilkostnaði í rekstrinum er eins og reiknað hafði verið með, þegar fiskverð var ákveðið í ársbyrjun. En það er annað, sem hefur breytzt. Aflinn reyndist minni og aflasamsetningin var þannig, að hún var verðminni. Þetta var þeirra stóri vandi og þó ekki svo stór, að það þyrfti að líða yfir nokkurn mann eða að hann gæfi tilefni til þess að segja, að allt væri hér farið til fjandans.

Auðvitað má segja, að ef engin kauphækkun hefði orðið hjá verkafólki í des. 1971, þá hefði

útgerðin staðið sig betur, auðvitað er það rétt. En gat nokkrum manni komið til hugar að standa þannig að málum að neita þeim kjarasamningum, sem voru gerðir í byrjun des. 1971? Við vitum öll, að þeir kjarasamningar voru gerðir í beinu framhaldi af þeim launasamningum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert við opinbera starfsmenn og nú hefur verið upplýst hér á Alþ., að hafi raunverulega þýtt um 45% almenna launahækkun hjá opinberum starfsmönnum. Það var algerlega vonlaust mál að standa þannig að kjarasamningunum í des. 1971, að þá yrði ekki um verulegar launabætur að ræða. Hefði ríkisstj. staðið þannig að málum, hefði hún aðeins fengið langt verkfall og mikla framleiðslustöðvun og mikið þjóðhagslegt tap. En það er alveg rétt, að þeir kjarasamningar leiddu auðvitað af sér miklar launahækkanir, og auðvitað hlaut það að verða svo, að það yrði meiri vandi á eftir að reyna að tryggja það, að þessi kaupmáttur launa fengi haldizt. Og þegar ríkisstj. mætti svo þeim vanda, að fiskaflinn reyndist minni en áætlanir höfðu verið gerðar um og einnig verðminni vegna samsetningar, þá vitanlega munaði strax talsvert verulega um það. Það var talið af þeim vísu mönnum, sem athuguðu þetta mál, að þessi minnkun afla og breyting á samsetningu næmi á ársgrundvelli í kringum 1000 millj. í útflutningsverðmætum, í gjaldeyri.

En þá er ég kominn að því að víkja nokkru nánar að því, hver sá vandi er í raun og veru, sem við er að fást í okkar efnahagslífi. Ég held samkv. því, sem ég hef sagt, að það sé engin leið að halda því fram, að núv. ríkisstj. hafi búið til þennan vanda, nema menn komi alveg hreint fram og segi, að þeir hafi verið á móti launahækkununum. Ég veit það, að sérstaklega ritstjórar Morgunbl. geta ekki legið á því, að þetta sé þeirra skoðun, að launahækkunin hafi verið allt of mikil. En það kemur hins vegar ekki eins vel fram hjá forustumönnum flokksins, sem tala hér á Alþ. Ég tók eftir því, að fyrir stuttu birtist í leiðara í Morgunblaðinu yfirlýsing eða grein á þessa lund, — þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sá vandi, sem atvinnuvegirnir standa frammi fyrir í dag, stafar af því, að þeir hafa verið knúnir til að taka á sig aukin útgjöld, sem þeir ekki gátu með nokkru móti staðið undir. Frá 1. sept. 1971 til 1. júní 1972 hefur tímakaup í fiskvinnslu hækkað um 35.7%. Líklegt má telja, að á þessu ári hafi útgjöld atvinnuveganna vegna aukins vinnulaunakostnaðar og hækkandi rekstrarkostnaðar í kjölfar verðbólgunnar hækkað um nálægt 40%."

Þessir piltar eru að koma út úr sínum holum. Þeir ætla að segja alveg hreint til. Sjálfstfl. á að segja alveg hreint til, að hann hafi verið á móti því að hækka laun vinnandi fólks í landinu, eins og gert var til samræmis við það, sem miklu betur launaðar stéttir höfðu áður fengið með samningum við fyrrv. ríkisstj. Ef á að kenna núv. ríkisstj. um þá þróun, sem orðið hefur, þá er það vegna þess, að hún hafi hækkað kaup sjómanna of mikið, hækkað kaup verkafólks of mikið, hækkað tryggingarnar of mikið. En það er rétt, hún verður að viðurkenna það, að þetta hefur hún gert, og hún þarf að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að standa við þetta. En við skulum þá virða nokkuð frekar fyrir okkur, hver er í rauninni sá vandi, sem við er að glíma nú í efnahagsmálum.

Framleiðslan er í fullum gangi, og hún hefur ekki kvartað við þær aðstæður, sem hún býr við í dag. Um þær kringumstæður hefur hún samið, og það hefur ekkert komið fram um það, að hún telji ekki hag sinn sæmilegan, eins og ástandið er í dag. En ástandið í dag er við það miðað, að ríkissjóður greiði niður í kringum 5 vísitölustig. Við það miðuðust bráðabirgðaráðstafanirnar samkv. brbl. frá s. l. sumri. Þessar ráðstafanir eiga að renna út um áramót, og því er eðlilegt, að um það sé spurt: Hvernig á að halda þessu áfram? Þá kemur spurningin: Hvað kostar að borga áfram þessi 5 vísitölustig niður eða 5.5 eða 6 eða hvað sem þau yrðu? Jú, það er reiknað út af hinum vísu mönnum í valkostanefndinni, sem ég er nú ekki alls kostar ásáttur með, en það er önnur saga, en þeir reikna út, að þetta kosti rétt rúmar 1000 millj. á ársgrundvelli. Og það er talið, að það þurfi að afla ríkissjóði tekna upp á 1000 millj. kr., svo að hann geti staðið áfram við það að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, eins og gert hefur verið nú á seinni hluta ársins. En það er svo mikil spurning, hvort menn telja það að afla fjár upp á 1000 millj. einhver ósköp. Ég geri það ekki. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, þegar hann lagði hér fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að laun starfsmanna ríkisins samkv. frv. mundu hækka um tæplega 1000 millj. á árinu. Það var aðeins hækkunin, m. a. vegna þess, að opinberir starfsmenn eiga rétt á því að fá 1. marz n. k. 7% almenna launahækkun, og svo vegna þeirra samninga, sem áður höfðu verið gerðir við þá. Það þykir auðvitað alveg sjálfsagt að standa við þennan samning, og það verður að gera það. En ég held, að okkur eigi ekki heldur að verða skotaskuld úr því að afla fjár upp á 1000 millj. til þess að halda áfram þeim ráðstöfunum í verðlagsmálum, sem við höfum haldið uppi á þessu ári til þess að reyna að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds.

Ég vil ekki gera úr þessu neinn stórvanda. Ég er hræddur um, að þeir viðreisnarmenn hefðu á góðu árunum sínum ekki talið þetta ýkjastóran vanda, — þeir, sem komu hér til Alþ. á svo að segja hverju einasta ári, í fjögur skipti í röð komu þeir með till. um að fella gengið, 1960, 1961, 1967 og 1968, og bara í tveimur síðustu sprettunum gerðu þeir hvorki meira né minna en það, að þeir hækkuðu verð á erlendum gjaldeyri um 100%. (**Gripið fram í:** Ráðh. fer nú vel af stað líka.) Ja, það verður að játast, að það er litið, þetta sem við ætlum að gera, upp á 10.7%, miðað við það, sem þeir gerðu. En þeir gerðu miklu betur en þetta með gengislækkanirnar. Þeir komu flest árin með till. um það að hækka söluskatt. Þeir byrjuðu eitthvað í 3% og voru komnir upp í 11% og voru auðvitað á hraðri leið upp, ef þeir hefðu stjórnað áfram. Þeir eru að óskapast hér yfir millifærslulciðum. Ég veit ekki betur en þeir hafi tekið upp á sínum tíma hvað eftir annað allmikilvægar millifærslur til framleiðsluatvinnuveganna. Og

þeir auðvitað margfölduðu bæði tekjuskatta og aðra skatta á sínum stjórnartíma. Ég held, að þeir hefðu ekki verið hissa á því að leggja á einn lítinn skatt og ná sér í 1000 millj.

En hinn hluti af vandanum, sem við eigum við að glíma nú, er sá, að það þarf að styðja nokkuð við útflutningsframleiðsluna, sbr. þá útreikninga, sem fram fóru í okt. s. l., þegar frystihúsamenn og bátaeigendur fóru fram á viðbótarhækkun á fiskverði við fyrri samninga, og það var á það bent, að á ársgrundvelli, miðað við það sem sagt að standa við slíkt á heilu ári, þá hefði það átt að kosta í kringum 880 millj. En það er hægt að tala um það fram og til baka, hvort vandamál sjávarútvegsins eru 1000 millj. eða 1200 millj. eða 800 millj. Hagfræðingarnir, sem leitað hefur verið til, hafa reiknað út allar þessar tölur og lagt þær allar fyrir. Það fer nokkuð mikið eftir því, hvað þeir gefa sér í dæmið. T. d. aðaldæmið, sem liggur fyrir í valkostanefndinni, er miðað við það, að á næsta ári verði hækkun á útflutningsverði sjávarafurða, sem nemi 4%. Á þessu ári var hækkunin á milli 8 og 9% og á árinu á undan 25%. En þeir gefa sér það, að meðaltalshækkun á útflutningi verði 4%. Á það er svo bent, að langsamlega þýðingarmesta útflutningsvara okkar, sem er frosinn fiskur, langsamlega stærst, hefur þegar hækkað um 6% frá því, sem miðað var við, og árið er ekki byrjað enn. Við vitum um allmargar greinar í sambandi við útflutningsvörur, sem allar líkur eru til, að eigi eftir að hækka verulega í verði. En það er rétt, það er ríkjandi mikil óvissa um þetta. Við getum ekki sagt um það fyrir fram. Ég hygg, að það hafi fleiri heyrt en ég, að Samlag skreiðarverkenda skýrði frá því í útvarpinu fyrir nokkrum dögum, að þeir byggjust við, að framleiðsla þeirra hækkaði á milli 30 og 40% á næsta ári, og við vitum líka um vörutegund, sem við höfum nýlega samið um sölu á, og hún hækkaði um 50% frá því í fyrra. Það er, eins og ég segi, afskaplega erfitt að segja um það fyrir fram, hvað verðhækkunin verður mikil á næsta ári á okkar útflutningsvörum. Það er jafnerfitt og að segja til um það, hvað aflinn muni verða mikill. Við höfum séð það hjá þeim í valkostanefndinni, að þeir hafa sett upp töflur um það, ýmist að fiskaflinn muni minnka á næsta ári frá þessu lágmarki, sem hann var í þetta ár, eða þá að aflinn verði jafnmikill. En það er mjög mikill munur á þessu í þeirra útreikningum, eins og skýrslurnar sýna.

Ég skal alveg játa það, að það hefur verið minn háttur lengi, að ég hef verið heldur bjartsýnn í sambandi við rekstur sjávarútvegsins. Þó hefur það komið fyrir, að svartsýnin hefur náð tökum á mér. Ég er alveg hiklaust bjartsýnn miðað við horfurnar nú. En það er afar erfitt að slá einhverju föstu um það fyrir fram fyrir allt árið, hver útkoman verður. Ég tel því, að í aðalatriðum sé sá vandi, sem við er að glíma og við stöndum nú frammi fyrir, sá, að okkur vantar tekjur handa ríkissjóði upp á ca. 1000 millj. kr., svo að ríkissjóður geti haldið áfram að koma í veg fyrir verðhækkanir, eins og hann hefur gert að undanförnu, og í öðru lagi vantar okkur að færa yfir til útflutningsatvinnuveganna í kringum 1000 millj. kr. til þess að tryggja sómasamlega vel afkomu þeirra. En þá eru ýmsir, sem bæta hér við og segja: Já, en hvað er þá um framkvæmdaáætlun ríkisins, og hvað er þá um lánin úr öllum stofnlánasjóðunum? Þarf ekki að afla fjár til þeirra líka? Það liggur fyrir, að við höfum verið með mun meiri framkvæmdir á vegum framkvæmdaáætlunar ríkisins en var hér um langan tíma. Og heildarlánin hjá stofnlánasjóðunum eru mun meiri hluti af okkar áætlun en áður var. Það er engin veruleg hætta á ferðum, þó að við stillum þarna nokkuð í hóf og förum ekki eftir öllum stærstu óskum, sem fram koma um að geta fengið lán. Þeir, sem vilja mála hér skrattann á vegginn, þeir, sem eru búnir að prenta það í blöð sín, eins og formaður Alþfl., að allt sé í kalda koli, þurfa auðvitað að reyna að gera þennan vanda sem allra stærstan og segja: Þarna vantar 2000 millj., þarna 2000 millj. og enn 2000 millj., hér verður að grípa til stóra hnífsins.

Ég fyrir mitt leyti er ekki á þessari skoðun. Ég álít, að þjóðarbúskapur okkar í dag skili fullum afköstum og það sé ekki undan neinu að kvarta. Ég tel því, að þær till., sem ríkisstj. gerir nú í efnahagsmálum, séu þannig, að þær séu mjög miðaðar við það hóf, sem á því ætti að vera, hvað þarf að gera til eðlilegrar millifærslu. Það er alveg rétt — við Alþb.-menn höfum ekki verið hrifnir af gengislækkun og erum það ekki. Við vitum mætavel, að þær gengislækkanir, sem hér hafa verið framkvæmdar, hafa allar haft það að meginmarkmiði að skerða umsamin launakjör. Þeim hefur öllum fylgt það, að vísitalan væri tekin úr sambandi, en ekki látin mæla launþegunum að fullu, eins og þeir hafa átt samningsrétt til. Það er þetta meginatriði, sem gert hefur það að verkum, að launþegasamtökin í landinu eru yfirleitt á móti gengislækkunum, af því að þeim hefur beinlínis verið beitt til þess að hafa af mönnum það kaup, sem þeir hafa samið um. Í till. ríkisstj. nú er að vísu gert ráð fyrir gengislækkun, lítilli gengislækkun, en það er gert ráð fyrir því, að vísitöluákvæði kaupgjaldssamninga haldist áfram eins og þau hafa verið og launþegar fái bætta þá verðlagshækkun, sem af gengislækkuninni leiðir. Á þessu er auðvitað grundvallarmunur.

Mér er það ljóst, að með gengislækkun er hægt að færa yfir til útflutningsframleiðslunnar ákveðna fjármuni. Það er líka hægt að færa ákveðna fjármuni yfir til útflutningsframleiðslunnar, án þess að um gengislækkun sé að ræða. Það hefur oft verið gert áður. Það er engin launung, að við Alþb.-menn hefðum frekar kosið að fara venjulega millifærsluleið. En við höfum gert samkomulag um, að fara þá leið, sem hér er lögð til, og við stöndum því að þessari leið alveg eins og aðrir í ríkisstj.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði: Meginvandi gengislækkunar er fólginn í því, að gengislækkun leiðir af sér hækkandi verðlag. Og við viljum reyna að koma í veg fyrir hækkandi verðlag, eins og kostur er á. Það er vegna þess, sem ríkisstj. hugsar sér að gera ýmsar hliðarráðstafanir jafnhliða gengislækkuninni, sem miði að því að reyna að koma í veg fyrir of mikla hækkun á verðlagi. Þannig er það, að ríkissjóði mun verða séð fyrir þeim tekjuauka, sem hann

þarf til þess að geta haldið áfram niðurgreiðslum, eins og hann hefur innt af hendi til þessa. Og það verður einnig reynt að sjá til þess með öðrum hliðarráðstöfunum, að hinir tekjulægstu í þjóðfélaginu, eins og t. d. hinir lægst launuðu bótaþegar almannatrygginga, ellilaunafólk og öryrkjar, fái nokkra viðbótargreiðslu við sín laun, af því, að við vitum, að kaupgjaldsvísitalan, þó að hún geti verndað þá, sem hafa verulegt kaup, þá verndar hún ekki nægilega vel þá, sem hafa sáralítið kaup. Við gerum líka ráð fyrir því, að námsmenn okkar erlendis fái sérstakar aukabætur, þannig að þeir geti fengið í erlendum gjaldeyri jafnháa fjárhæð og þeim hafði verið ætluð áður. Við gerum líka ráð fyrir því í okkar till., að samþ. verði heimild um það að lækka útgjöld á fjárlögum um 10—15% af ólögbundnum fjárveitingum. Á þennan hátt ætti að vera hægt að lækka útgjöld á einu ári um a. m. k. 500 millj. kr. Og við teljum, að þótt við færum nokkuð niður þær beiðnir, sem liggja fyrir frá hinum ýmsu lánasjóðum í landinu, þá sé engin hætta á því, að þeir geti ekki haldið áfram að lána til framkvæmda, á meðan þeir fá meira fé en þeir höfðu árið áður.

Ég veit, að hv. stjórnarandstæðingar munu hafa hér uppi mörg orð um það, að við, sérstaklega Alþb.-menn, höfum hingað til verið á móti gengislækkun, og við höfum oft lítið vandað þeim kveðjurnar, þegar þeir hafa staðið að sínum gengislækkunum. En slíkur lestur hefur ekkert að segja, hann breytir hér engu um. Það, sem hér skiptir máli, er það, að menn segi alveg hreinlega til um það, hvað af því, sem gerzt hefur í tíð núv. stjórnar, hafi verið rangt og eigi að dragast til baka. Ef stjórnarandstæðingar vildu koma fram með það alveg skýrt og greinilega, hvað þeir vildu fella niður af þeim útgjöldum, sem við höfum stofnað til, þá væri vissulega hægt að tala við þá. En eilíft fjas um það: Stefnan er röng, stefnan er röng, og skýra það svo ekki í neinu, það hefur lítið upp á sig.

Núv. ríkisstj. vinnur að því að byggja upp atvinnutæki landsmanna. Sú uppbygging hlýtur að eiga eftir að skila sér í aukinni framleiðslu í þjóðarbúið. Við treystum því. Sú stefna ríkisstj. að færa út fiskveiðilandhelgina leggur líka grundvöll að því, að framleiðslan geti orðið meiri. Sú stefna ríkisstj. að hafa vinsamlegt samstarf við launþegasamtökin í landinu og standa að því, að hægt sé að semja til tveggja ára og tryggja þannig vinnufrið, er allt önnur en hjá fyrrv. ríkisstj., þegar allt logaði í verkföllum á hverju ári og við töpuðum hundruðum þúsunda af vinnudögum á hverju ári, eins og skýrslur liggja fyrir um.

Sá vandi, sem nú er við að glíma í okkar efnahagsmálum, er minni háttar, og það eru allar líkur til þess, að við getum fljótlega komizt yfir þann vanda. Ég vil í þessu sambandi segja, að ég tel, að framkoma, sérstaklega foringja stjórnarandstöðunnar, hafi verið að undanförnu vægast sagt ábyrgðarlaus. Á örfáum dögum, sem liðið hafa síðan valkostan. skilaði áliti sínu, hafa blöð stjórnarandstöðunnar og foringjar stjórnarandstöðuflokkanna ekki sett sig úr færi á nokkurn hátt með því að hrópa út yfir landsbyggðina: Gengið verður fellt, það á að fella það svona og svona mikið, gengið verður fellt. — Auðvitað hefur þetta orðið til þess, að það hafa margir brugðið þannig við, svo sem vill verða, þegar menn eru gerðir hræddir í þessum efnum. En þá hafa þessir menn kunnað að leika hlutverk sitt bezt, þegar þeir koma beint ofan í svona framkomu og segja: Við erum nú að aðvara stjórnina, hún þarf að gæta að því, hvað gerist í þessum málum. — Dálagleg aðvörun það, að koma öllu úr skorðum á þennan hátt.

Okkur Alþb.-mönnum er það vel ljóst, að til þess að koma í veg fyrir ráðstafanir af því tagi, sem við stöndum nú frammi fyrir hér í okkar þjóðfélagi, en þær hafa nú mjög sótt á okkur, svo til árlega, þá þarf auðvitað út af fyrir sig að gera miklu meira en að færa til minni háttar fjármuni, það getur aðeins bjargað í bili. Það er enginn vafi á því, að okkar þjóðfélagsbygging er allt of dýr. Við eyðum allt of miklu á mörgum sviðum. Við höfum t. d. lagt til og núv. ríkisstj. hefur lýst því yfir í sínum stjórnarsamningi, að hún vilji vinna að því, að við sameinum banka í landinu og gerum bankakerfið einfaldara. Þessu máli hefur þokað það áleiðis, að það mun verða lagt fram frv. á þessu þingi um sameiningu bankanna. Okkur er líka ljóst, að það mætti spara stórfé með því að breyta skipulagi á olíusölunni í landinu. En það er ekki auðvelt að fá samkomulag um það, og mættu þeir í stjórnarandstöðunni vita allvel, hverjir hafa helzt staðið þar á móti. Það er líka enginn vafi á því, að það mætti gera hér skipulagsbreytingu á mörgum sviðum, sem gæti létt af okkur miklum kostnaði. En við gerum okkur það fyllilega ljóst, að þó að við séum í samstjórn með öðrum flokkum, að við munum ekki fá fram allar okkar till. og það á stuttum tíma, og við vitum, að þótt ríkisstj. væri mjög samstiga um það að gera þessar breytingar, þá tekur það alllangan tíma. Að þessu þarf vitanlega að vinna.

Ég skal nú stytta mál mitt, þó að freistandi væri að tala um miklu fleiri þætti þessa máls, en tíminn er naumur og málið þarf að nást fram, helzt af öllu í dag, og því skal ég ljúka máli mínu.

Ég efast ekki um, að þeim í stjórnarandstöðunni líður ósköp illa núna. Þeir misstu af því, að stjórnin félli. Þeir voru búnir að gera sér vonir um það, sumir munu jafnvel hafa verið farnir að taka sig til í tauinu í þeim efnum. En þetta hefur nú farið á hinn veginn. Við auðvitað getum sýnt þeim samúð í þessum efnum. Þeir verða enn að bíða.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Engri ríkisstj. á Íslandi hefur mistekizt jafnherfilega og þeirri, sem setið hefur að völdum undanfarið hálft annað ár. Hún tók við í mesta góðæri, sem yfir þessa þjóð hefur gengið. Að hálfu öðru ári liðnu stöðja nú að svo hrikalegir efnahagserfiðleikar, að a. m. k. tveir af stjórnarflokkunum hafa orðið að kyngja 12 ára gömlum fullyrðingum um skaðsemi gengislækkunar og sýnt í því sambandi, að kokið á þeim er býsna vítt.

Hvað var það, sem hæstv. ríkisstj. hafði lofað, þegar hún tók við völdum fyrir hálfu öðru ári?

Hún gaf þrjú meginloforð. Hún lofaði, að grundvöllur útflutningsatvinnuveganna skyldi haldast traustur, að hér skyldi ekki vera meiri dýrtíð en í nálægum löndum og að kaupmáttur launa skyldi hækka um 20% á tveim árum. Hverjar hafa orðið efndirnar á þessum loforðum? Er rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna traustur? Hver veit ekki, að bátaflotinn er í dag rekinn með miklu tapi? Hver veit ekki, að togaraflotinn er rekinn með tapi? Hver veit ekki, að frystiiðnaðurinn, mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga, er rekin með tapi? Allar þessar aðalgreinar útflutningsatvinnuveganna njóta nú þegar styrks úr ríkissjóði, og halli þeirra mun fara stórvaxandi á næsta ári. Hver hefur ekki heyrt þann boðskap iðnrekenda, bæði einkaiðnrekenda og samvinnuiðnrekenda, að fyrirsjáanlegt sé, að á næsta ári muni verða stórkostlegur halli á rekstri iðnaðar á Íslandi? Er þetta að efna loforðið um traustan grundvöll útflutningsatvinnuveganna? Og hvernig er með dýrtíðina? Hefur dýrtíðin verið stöðvuð? Nei, dýrtíðarvöxturinn hefur haldið áfram, og enginn hefur borið á móti því, að dýrtíð hér hafi undanfarið hálft annað ár vaxið meira en hún hefur gert í nálægum löndum. Þetta loforð hefur ekki heldur verið efnt. Hvernig er með 20% kaupmáttaraukninguna, sem lofað var á tveimur árum? Í kjarasamningunum í des. 1971 var samið um verulegar kauphækkanir, sem hefðu aukið kaupmátt launa, ef þær hefðu fengið að haldast, því sem næst 15%. En ríkisstj. hefur smám saman verið að taka dálítið af þessu aftur. Hún svipti launþega hluta af þessari kauphækkun í sambandi við skattalagabreytinguna, þegar hún breytti nefsköttunum í venjulega tekjuskatta. Nefsköttunum, sem voru í vísitölugrunninum, breytti hún í tekjuskatta, sem voru ekki í vísitölugrunninum, og hækkaði þess vegna verð á landbúnaðarvörum sem nam um 4—5 vísitölustigum, án þess að launþegar fengju þetta bætt í 9 mán., og þá loks ekki nema að nokkrum hluta. Enn gekk hún á hlut launþeganna með brbl. í júlí s. l., þegar frestað var framkvæmd á 2.5 vísitölustigum, sem launþegar hafa orðið að bera bótalaust síðari hluta þessa árs. Í dag er ekki greitt kaupgjald samkv. rétt reiknaðri vísitölu. Það er haldið fyrir launþegunum vísitölustigum, u. þ. b. 4—5 stigum, sem launþegar fá nú ekki bætt. Ríkisstj. hefur í tvígang, að ég nú ekki tali um skattalagabreytinguna, skattaþynginguna, verið að taka aftur hluta af kjarabótinni, sem launþegar sömdu um í des. 1971. Nú er þetta allt saman kórónað með 11% gengislækkun, sem auðvitað kemur til með að valda kjaraskerðingu, jafnvel þó að vísitölukerfið haldi áfram að vera í gangi. Mér skilst, að þessi gengislækkun, sem nú hefur verið ákveðin, muni hækka framfærsluvísitöluna um u. þ. b. 7 stig og kaupgjaldsvísitöluna um u. þ. b. 5 stig, þegar hún er komin til framkvæmda að fullu. En mergur málsins er sá, að ríkisstj. gaf stór loforð, en hefur verið að svikja þau.

Þetta minnir mig á sögu af bandarískum kaupsýslumanni og syni hans. Kaupsýslumaðurinn lá á banabeði. Hann hafði náð miklum árangri í lífu sínu, komizt til mikilla áhrifa og safnað miklum auði. Sonur hans kemur til hans að banabeðinum og segir, að sig langi til að feta í fótspor hans, og biður hann að gefa sér góð ráð um það, hvernig hann eigi að ná jafnlangt og honum hafi tekizt. Gamli maðurinn segir við son sinn: „Vertu heiðarlegur og vertu hygginn.“ Sonurinn spyr: „Hvað er að vera heiðarlegur?“ Faðirinn segir: „Það er að efna alltaf loforð sín.“ Sonurinn spyr: „En hvað er að vera hygginn?“ Þá segir faðirinn: „Það er að gefa aldrei nein loforð.“ Um þessa ríkisstj. er það að segja, að hún gaf mörg loforð, en hefur svikið þau öll. Um hana má segja með sanni, að hún er hvorki heiðarleg né hyggin.

Þegar rætt er um frv., sem til umræðu er, og ákvörðun ríkisstj. og Seðlabankans um 11% gengislækkun, verður að vekja sérstaka athygli á því, sem ekki hefur verið undirstrikað rækilega í umr. fram að þessu, að úrræði ríkisstj. eru ekki nein af till. valkostan. Hún benti á þrjár leiðir, eins og allir vita, á uppbótaleið, niðurfærsluleið og gengisbreytingarleið, ásamt ýmsum hliðarráðstöfunum. Þær ráðstafanir, sem valkostan. benti á, var hún sammála um, að mundu ná tilætluðum árangri og leysa vandann. Enga þessara leiða hefur hæstv. ríkisstj. valið. Ef valkostan. yrði spurð um það, hvort þær ráðstafanir, sem ríkisstj. er nú að gera, muni leysa þann vanda, sem við er að etja í efnahagsmálum, er enginn vafi á því, að hún muni svara neitandi. Það er ekki nokkur vafi á því, að dómur valkostan. um þessar ráðstafanir ríkisstj. yrði neikvæður. Vandinn er m. ö. o. óleystur, þrátt fyrir þessar ráðstafanir, þetta er auðvitað mergur málsins. Ríkisstj. hefur ekki tekizt að ná samkomulagi um að beita sér fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún veit, ef hún tekur mark á sínum eigin sérfræðingum, að einar mundu leysa vandann. Verðbólgan mun halda áfram, verðbólguvöxturinn mun halda áfram, og rekstur útflutningsatvinnuveganna mun ekki verða tryggður. Þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. nú grípur til, munu eflaust duga til þess að fleyta þjóðarskútunni áfram í nokkra mánuði, kannske í ½ ár, en lengur verður það ekki. Þá strandar hún. Þá lendir ríkisstj. í nýrri kreppu. Hvort henni tekst að leysa hana, er enn þá óséð mál.

Annars er hið sögulegasta við þessa ákvörðun það, að annaðhvort er hún röng eða þá að allt það, sem núv. stjórnarflokkar hafa verið að segja um efnahagsmál og gengismál í 12 ár, hefur verið rangt. Hið þriðja er ekki til í dæminu. Hafi verið snefill af sannleika í því, sem forustumenn Framsfl., Alþb. og SF hafa haldið fram varðandi grundvallarsjónarmið í efnahagsmálum undanfarin 12 ár, þegar þeir hafa undantekningarlaust fordæmt þær gengisbreytingar, sem þá voru gerðar, áttu þeir auðvitað ekki að lækka gengið. Þá hlýtur líka að vera rangt að lækka gengið núna. Í raun og veru er því fólginn í þessari ráðstöfun þungur áfellisdómur yfir öllum málflutningi höfuðmálgagna stjórnarflokkanna um efnahagsmál í 12 ár. Ég öfunda þá ekki á næstu dögum og vikum að þurfa að gera grein fyrir því, hvers vegna gengislækkun, sem hefur verið mestur skaðvaldur á undanförnum áratug, er nú allt í einu orðin heilbrigt og heppilegt bjargráð. Skýringuna á því eiga menn eftir að fá.

Annars er nauðsynlegt, að menn geri sér grein

fyrir því, að þær gengisbreytingar, sem gerðar voru á undanförnum áratug, voru allt annars eðlis og gerðar undir allt öðrum kringumstæðum en gengisbreytingin núna. Ég vil minna á það, að gengisbreytingin 1960 var fyrst og fremst kerfisbreyting. Þá var verið að breyta uppbótakerfinu, sem verið hafði í 15 ár og var gersamlega gengið sér til húðar og farið að valda stórtjóni. Það var verið að afnema það og taka upp rétta gengisskráningu í staðinn. Þetta var kjarni gengisbreytingarinnar 1960. Nú er ekki um neina kerfisbreytingu að ræða. Gengisbreytingin 1961, sem var lítil, var afleiðing mjög verulegrar skyndilegrar verðlækkunar erlendis og kostnaðarhækkunar innanlands. Um gengisbreytingarnar 1967—1968 er það að segja, sem raunar öllum ætti að vera kunnugt, að sumpart áttu þær rót sína að rekja til gengislækkunar pundsins, sem auðvitað var óhjákvæmilegt að taka tillit til, og sumpart til þess, að útflutningsverðmæti lækkaði á 2 árum um hvorki meira né minna en 45% í kjölfar þess, að síldarafli brást gersamlega og verðlag lækkaði mjög verulega á erlendum mörkuðum. Allar gengisbreytingar undanfarinn áratug voru annað tveggja kerfisbreyting eða afleiðing af utanaðkomandi orsökum, erfiðleikum, sem áttu sér upptök í öðrum löndum.

Þessi gengisbreyting er ekki kerfisbreyting, og orsakir hennar eru ekki utanaðkomandi erfiðleikar. Það er mikið góðæri í landinu, þó að þjóðartekjur í ár mundu ekki vaxa eins stórkostlega og þær jukust í fyrra. En öllum er ljóst, að það er góðæri í landinu. Það hefur aldrei komið fyrir áður í íslenzkri hagsögu, að gengi hafi verið lækkað, þegar um góðæri og vaxandi þjóðartekjur er að ræða, nema þá að verið sé að framkvæma kerfisbreytingu, sem ekki á sér stað nú. Orsakir þessarar gengisbreytingar eru m. ö. o. heimatilbúnar. Hún á rót sína að rekja til óstj. og einskis annars en óstj. af hálfu ríkisstj.

Nú spyrja menn eflaust, hvað ég telji, hvað minn flokkur telji skynsamlegt að gera í þeim vanda, sem við er að etja og við gerum okkur fullljósan. Ég tel, að undir núverandi kringumstæðum og með hliðsjón af ástandi efnahagsmálanna og horfum í efnahagsmálum, sem að sumu leyti eru mjög góðar, hefði átt að grípa til ráðstafana, sem hefðu verið áþekkar eða svipaðar þeim, sem ríkisstj. Emils Jónssonar greip til sumarið 1959. Þær tókust vel og náðu tilskildum árangri. Meginkosturinn við slíkar ráðstafanir er einmitt sá, að með því væri vöxtur verðbólgunnar heftur. En verðbólgan er auðvitað meginvandinn. Sú stjórnlausa verðbólga, sem hér hefur haldið áfram undir þessari ríkisstj., er auðvitað meginvandinn, sem við er að etja og þessi ríkisstj. hefur síður en svo ráðið við, eins og glöggt sést á afgreiðslu hennar á fjárlögum, eins og glöggt sést á þróun verðlagsmálanna og nú síðast, en ekki sízt í þeirri gengislækkun, sem búið er að taka ákvörðun um.

Það er því mjög athyglisvert í sambandi við þessar ráðstafanir, að hér er í raun og veru ekki um stefnu flokks forsrh. eða flokks viðskrh. að ræða, heldur er hér um að ræða stefnu flokks hæstv. félmrh., það er að segja SF. Auðvitað er það ekki aðeins athyglisvert, heldur beinlínis sögulegt, að ríkisstj. skuli nú grípa til ráðstafana, sem vitað er, að stærstu flokkar ríkisstj. eru í raun og veru andvígir, en láta minnsta flokkinn í ríkisstj. kúska sig til þess að samþ. og framkvæma. Það er komið í ljós, eins og ég hef raunar oft haldið fram á undanförnum áratug, að í hjarta sínu er Framsfl. uppbótaflokkur. Hann er ekki flokkur, sem hefur trú á því, að það sé gott hagstjórnartæki að skrá gengi krónunnar rétt. Framsóknarmenn hafa stundum borið á móti þessu, þegar ég hef borið þeim það á brýn hér í ýmsum umr. á undanförnum áratug, að það, sem þeir í raun og veru vildu, það væru þeirra ær og kýr, að hafa uppbótakerfi, innheimta skatta úr hinum og þessum áttum og dreifa svo út peningum í allar mögulegar áttir, eftir því sem þeim hentaði. Þeir hafa viljað bera á móti því, að þeir væru uppbóta- og haftaflokkur, en slíkt kerfi verður ekki framkvæmt til lengdar nema með því að beita höftum jafnframt. Nú kom það í ljós í umr. í hæstv. ríkisstj., að þeir vildu í raun og veru fara uppbótaleiðina, sem innan skamms hefði leitt til haftabúskapar á Íslandi. Hitt hefur líka verið vitað, að Alþb. hefur verið fylgjandi höftum, enda beittu Alþb.-menn sér mjög eindregið fyrir þeim á sínum tíma, þegar þeir voru síðast aðilar að ríkisstj., á árunum 1956—1958. Það kom í ljós, að þeir voru fylgjandi haftakerfi, uppbótakerfi, þó að þeir vildu afla fjárins svolítið öðruvísi en Framsfl. Framsfl. vildi fyrst og fremst afla þess með gífurlega hækkuðum söluskatti, en Alþb. vildi afla fjárins með minni hækkun á söluskatti, og sérstöku innflutningsgjaldi. M. ö. o. það, sem þá greindi á um, Framsfl. og Alþb., var ekki, að komið skyldi upp uppbótakerfi og þar með haftakerfi, heldur hvernig fjárins til uppbótakerfisins skyldi aflað.

En svo gerðist það, að upp risu miklir spámenn, hæstv. félmrh. og starfsbróðir hans í ríkisstj., ásamt forseta Alþýðusambandsins, og sögðu: Þessi ráð eru varhugaverð. Slíkar ráðstafanir á ekki að gera. Hið eina rétta er gengisbreyting. — Hvað gerðist þá? Þá kom í ljós, að hinir drógu sínar till. til baka. Þeim reyndist þykja svo vænt um ráðherrastólana, að þeir vildu heldur halda þeim, þótt þeir misstu andlitið, en að gera það, sem þeir voru sjálfir búnir að lýsa yfir, að væri hið eina rétta. Sannleikurinn er sá, að ég man ekki eftir, að nokkuð þessu líkt hafi gerzt áður þá áratugi, sem ég hef fylgzt með í íslenzkum stjórnmálum. Sérstaklega hlýtur það að teljast ömurlegt hlutskipti fyrir hæstv. forsrh. og formann stærsta stjórnarflokksins að vera búinn að kunngera ákveðna stefnu í efnahagsmálum og framkvæma svo allt aðra stefnu. Ég er hræddur um, að einhverjir aðrir þurfi að skipta um föt en við í stjórnarandstöðunni. Þeim verður eflaust ekki skotaskuld úr því að skipta um föt, fyrst þeir hafa skipt svona rækilega um skoðun.

Á það verður að minna, að hér er ekki skrípaleikur á ferðinni, heldur harmleikur. Það hlýtur að kallast harmleikur, að ráðh. tveggja stærri stjórnarflokkanna skuli hafa boðað ákveðna stefnu, en síðan verið kúgaðir til þess af minnsta flokknum að gera allt annað. Er enn því óséð, hvernig þeir með góðu móti geta varið þetta fyrir sjálfum sér og fyrir þjóðinni. Vörnin til

þessa hefur ekki verið sérlega burðug, þó að langar ræður hafi verið fluttar.

Nei, sannleikurinn er sá, að Framsfl. og Alþb. eru uppbóta- og haftaflokkar, en hafa verið neyddir inn á þá braut, sem þeir nú ganga. Það er því engan veginn óeðlilegt, að í kjölfar alls þessa sé hafin mikil upplausn í stjórnarliðinu. Það er engan veginn undarlegt. Deilurnar innan stjórnarflokkanna, sem háðar hafa verið um þessar ráðstafanir, hafa verið svo hatrammar, að það er útilokað, að um heilsteypt stjórnarsamstarf geti orðið að ræða að loknum þessum deilum. Það hefur ekki nokkur maður trú á því, að menn og flokkar, sem reynslan hefur sýnt núna að hafa jafngerólíkar skoðanir á efnahagsmálum og raun ber vitni, geti haldið áfram að vinna saman af heilindum nema í mjög stuttan tíma.

Síðasta dæmið um þá upplausn, sem þegar er hafin, er sú mikilvæga tilkynning eins af þm. SF hér áðan, hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar, að hann segi sig úr þingflokki SF. Ég man ekki eftir því, að það hafi gerzt áður, að þm. segi sig úr þingflokki, en sé þó áfram í flokknum, sem um er að ræða, og haldi áfram að styðja ríkisstj., sem hann telur vera að gera rangt. (Gripið fram í.) Já, en bara að það verði betri föt, sem Bjarni Guðnason fer í, en þau, sem hann er í. Það er það, sem ég er ekki algerlega viss um, því miður. En annars óska ég honum alls góðs í þessu sambandi, og hann þarf ábyggilega á góðum óskum að halda. En þetta er aðeins eitt dæmi um þá upplausn, sem þegar er hafin og mun áreiðanlega halda áfram.

Sannleikurinn er sá, að sú deila, sem hefur átt sér stað undanfarinn hálfan mánuð um þessar efnahagsráðstafanir, er upphaf að endalokum þessarar ríkisstj. Enginn glöggskyggn maður getur nú efazt um það, að dagar hennar eru í raun og veru taldir. Það er aðeins spurning um það, hvenær hún gefur upp andann. Henni tekst eflaust að framlengja líf sitt um nokkra mánuði, kannske fram á mitt sumar, en miklu lengra getur það varla orðið. Dauðastríð ríkisstj. er hafið. Það er áreiðanlega rétt, sem Steinn Steinarr sagði á sínum tíma: Það vinnur ekki neinn sitt dauðastríð.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Dálítið er það nú sérkennilegt, þegar forustumenn hv. stjórnarandstöðuflokka tala um þetta mál, en lýsa ekki andstöðu sinni, svo að menn skilji a. m. k., við það frv., sem hér er til umr., við gengisfellinguna. Það skyldi þó ekki vera, að þeir væru með málinu þrátt fyrir allt sitt tal.

Öllum er ljóst, sagði síðasti hv. ræðumaður, hv. 7. þm. Reykv., að góðæri er í landinu. Og þetta er hverju orði sannara. Hér ríkir ekkert neyðarástand, engin upplausn, hversu mörg orð sem um það eru höfð. En það er skoðun þeirra, að það eigi aldrei að framkvæma gengislækkun nema í neyðarástandi. Ég álít, að það sé alrangt. Þeir hafa safnað saman neyðinni í stóran drelli og síðan, þegar allt hefur verið komið í strand, hafa þeir komið með gengislækkun, risavaxna gengislækkun, sem hefur umturnað öllu í þjóðfélaginu, og það hefur verið þeirra sterka mixtúra og endurtekin a. m. k. fjórum sinnum. Ég álít, að það sé miklu skynsamlegra að framkvæma gengislækkun og aðrar efnahagsmálaaðgerðir undir eðlilegum kringumstæðum og beita henni sem hverju öðru hagstjórnartæki, án þess að komið sé alveg fram í rauðan dauðann, í algert neyðarástand. En þetta hefur verið þeirra aðferð, og þetta mundi verða þeirra aðferð, ef þeir sætu aftur í valdastólum, sem sennilega verður ekki í bráð.

Ein setning var í ræðu hv. 7. þm. Reykv. um það, hvað þeir vildu gera, Alþfl.-menn. Þeir mundu vilja hafa aðferðina hans Emils hérna um árið, þ. e. a. s. vissa útgáfa af niðurfærsluleið. Ég get lýst því yfir, að þessi leið var vandlega skoðuð í núv. ríkisstj. Hún var meðal þeirra leiða, sem sérfræðinganefnd ríkisstj. í efnahagsmálum taldi koma til greina. En þá lá ekki fyrir yfirlýsing hv. 7. þm. Reykv., kannske gefin fyrir hönd Alþfl. í heild. Stjórnarliðið kannaði það og fékk ekki þingmeirihl. meðal stjórnarflokkanna fyrir að fara þessa ágætu niðurfærsluleið, sem byrjar á því að lækka kaupgjald í landinu og öll launamál og reynir síðan að halda verðlagi í sömu hlutföllum og lækka verðlag að sama skapi. Að öðrum kosti væri leiðin a. m. k. ekki hagstæð launastéttunum, ef mikil kjaraskerðing yrði, launin skorin niður, en verðlagsbreytingarnar færu ekki niður á við að sama skapi á eftir. Það var þess vegna lokuð leið fyrir núv. stjórnarflokka, nema því aðeins að yfirlýsing hefði legið fyrir um það, að Alþfl. gæti veitt henni stuðning í heild. Við áttum ekki von á slíku stórhappdrætti upp á borðið hjá okkur og urðum því að afskrifa þessa niðurfærsluleið. Hún var ekki framkvæmanleg að okkar mati.

Hér var því haldið fram, af hv. 7. þm. Reykv., að minnsti flokkurinn í ríkisstj. hefði kúskað hina flokkana til þess að fara inn á sína leið. Ég get sagt ykkur það, að hér hefur enginn verið kúskaður. Við höfum rætt þær leiðir, sem mögulegar voru taldar af sérfræðingum, sem ríkisstj. hafði kvatt til, og við höfum litið á þær till., sem stjórnarflokkarnir höfðu hver um sig borið fram. Við höfum sett þær undir sérfræðingamat og samstarfsflokkar mínir og minn flokkur litið á allar till. og litið síðan opnum augum á samanburðarniðurstöður sérfræðinga, þ. á m. hagrannsóknastjóra, og komizt að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta eru öll ósköpin. Það var beitt þarna skynsamlegum vinnubrögðum og litið á alla möguleika, sem fyrir lágu, og síðan tekin ákvörðun innan mjög skamms tíma. Það er í dag, held ég, hálfur mánuður síðan nál. sérfræðinganefndarinnar lá fyrir. Þá fórum við að skoða þau plögg, bækurnar tvær, og það er vika í dag, held ég, síðan flokkur minn lagði fram till. sínar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem voru eins og allir vita, um að fara gengislækkunarleið að meginstofni. Það hefur ekki tekið okkur lengri tíma en þetta að rífast um þetta, af þeirri einföldu ástæðu, að það hefur ekkert verið rifizt. Málin voru athuguð, rædd gaumgæfilega, og síðan komumst við að sameiginlegri niðurstöðu. Það, sem liggur hér fyrir,

10.7% gengislækkun, er sameiginleg niðurstaða allra stjórnarflokkanna, ríkisstj. í heild. (Gripið fram í: Hver setti þær kröfur fram?) Ég var að enda við að segja, að það hefði verið minn flokkur, sem hefði lagt fram till. í ríkisstj. um að leysa efnahagsmálavandann að meginstofni með gengislækkun. Ég játa alveg á mig glæpinn, ef glæpur er.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að það væru alger pólitísk fataskipti, sem hér hefði gerzt. Flokkar, sem aðhylltust millifærsluleið, hefðu sætt sig við gengislækkunarleið. Ég er nú hræddur um það, að Alþfl. hafi einhvern tíma á 12 ára samstarfstímabili við Sjálfstfl. orðið að fara úr sokkum, kannske úr buxum líka, til þess að fara inn á þær leiðir, sem Sjálfstfl. lagði til og taldi nauðsynlegar, þótt þær samrýmdust kannske heldur illa stefnu Alþfl., svo að pólitísk buxnaskipti eru ekkert nýtt fyrirbæri hér hjá fleiri en þeim, sem nú sitja í valdastólum. Það kann að hafa gerzt einhvern tíma áður, og það gæti verið, að hér væri að gerast það, sem Tryggvi heitinn Þórhallsson kallaði, að sagan endurtæki sig. — Þetta var nú aðallega í tilefni af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan. Það var mér efst í huga, og því taldi ég rétt að hefja mál mitt á því.

Það er því eitt atriði, sem ég vil víkja að í tilefni af hans ræðu. Hann talaði um, að hér væri að hefjast nýtt stríð, þ. e. a. s. helstríð núv. ríkisstj. Það er ekki gott að segja, hvort hann hefur rétt fyrir sér í þessu eða ekki. Það er margur talinn dauðvona og dauður, sem verður allra karla elztur, svo að ég veit ekki, hversu spádómsgáfa hans að þessu leyti endist. En reynslan sýnir það. Það eitt er víst, að úr því að hann segir, að þetta sé upphafið að endalokum núv. stjórnar, þá er hann, að því er virðist, enn þá vonbetri um, að það kunni að vera lausir stólar handa honum og hans félögum og samstarfsmönnum innan skamms. En þær vonir eru ekki orðnar að veruleika.

Það, sem gerzt hefur í þessum málum, er, eins og öllum er kunnugt, að í júnímánuði s. l. skipaði ríkisstj. Íslands n. sérfræðinga til þess að athuga þann vanda í efnahagsmálum, sem við blasti og kynni að blasa við fram á árið 1973. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að þessir sérfræðingar njóta mikils trausts í öllum stjórnmálaflokkum og eru líklega úr öllum stjórnmálaflokkum. Þeir tóku að sér þetta verk, unnu það og skiluðu miklu og góðu verki að minu mati. Og það, sem merkilegt var, þeir urðu allir sammála um, hvaða leiðir væru fyrir hendi. Þeim var ekki falið að gera till. um, hvaða leiðir skyldu farnar, en þeir áttu að gera grein fyrir, hvaða leiðir teldust færar til lausnar á þeim efnahagsvanda, sem við blasti. Þeim var gert ljóst, að þeir ættu að finna leiðir, sem fullnægðu ákveðnum markmiðum. Þar var sett allra efst á blað að finna leið, sem fullnægði því markmiði, að full atvinna héldist í landinu. (Gripið fram í.) Jú, það er rétt, það dróst nokkuð, að þeir gætu lokið sínu verki. Þeir gerðu sér lengi vonir um, að þeir gætu lokið verkinu að lokinni fyrstu viku nóv., en það dróst nokkuð fram yfir þann tíma, og þeir skiluðu ekki nál. sínu endanlega fyrr en í byrjun þessa mánaðar. Það tel ég, að hafi ekki verið neinn óeðlilegur dráttur, þó að æskilegt hefði verið, að þeirra merku gögn hefðu legið fyrir eitthvað fyrr. Þegar þessi sérfræðinganefnd hafði afhent sitt mikla nál., skoðuðu ríkisstj.-flokkarnir það og sögðu til um, hvaða leið þeir vildu fara. Þeir lögðu fram sínar till.

Það er öllum kunnugt, að hæstv. forsrh. lagði fram till., þar sem lagt var til, að aðalvandi efnahagsmálanna yrði leystur með hækkun söluskatts úr 11%, eins og fráfarandi stjórnarflokkar skildu við hann, — Ég held, að þeir hafi byrjað með hann 3—4%, — og forsrh. lagði til, að hann yrði hækkaður í 16%. Með þessu var ætlunin að afla meginstofnsins af því fjármagni, sem þurfti að færa til í þjóðfélaginu 23—25 þús. millj. kr. Alþb. lagði svo nálega samtímis fram sínar till., sem gerðu ráð fyrir, að aðaltekjuöflunin yrði með tvennu móti, með innflutningsgjaldi á um það bil helming innflutningsins og að nokkru leyti með söluskatti. Minn flokkur tjáði sig, þegar hann hafði athugað þessar till., vera andvígan þeim báðum. Það er alkunnugt, að verkalýðshreyfingin hefur ekki hrópað neitt húrra fyrir söluskatti sem tekjuöflunarleið. Það hefur verið viðurkennt, að söluskatturinn, sem leggst á allar vörur og hækkar þannig verðlag engu síður en gengisbreyting, leggst einna þyngst á þá, sem lágar tekjur hafa og verja nálega öllum tekjunum til kaupa á brýnustu lífsnauðsynjum. Um innflutningsgjaldið er það að segja, að það leggst við innkaupsverðið á vörunum og er þannig í eðli sínu sama eðlis og gengislækkun. Slíkt innflutningsgjald mundi aldrei verða afnumið aftur, nema með því að skrá það saman við innflutningsverðið og þannig færa það upp í nýtt gengi, þ. e. a. s. þetta er skref í áttina til gengisfellingar. Þessu höfnuðum við hvoru tveggja. En þá stóð auðvitað skákin á okkur, og okkur var sagt: Komið þið þá með ykkar till. — Og það gerðum við. Við unnum í því yfir eina helgi og lögðum fram till. okkar í 10 liðum, og síðan var sú till. ásamt hinum tveimur til skoðunar í ríkisstj. Enginn hafði sett þessar till. sínar fram sem úrslitakosti, það er alrangt, þó að því hafi verið haldið fram í blöðum. En þær lágu þarna allar fyrir á borðinu hjá okkur og voru okkar umræðugrundvöllur í nokkra daga. Okkar till. fól í sér aðalfjáröflun gegnum gengislækkun. Ég tek það enn fram, ef einhver skyldi hafa fengið sér blund í salnum og ekki heyrt það áðan. Ég hef þegar sagt frá því, að sérfræðingar voru látnir fara yfir allar þessar þrjár till. og gera á þeim nákvæman samanburð, og sá samanburður kom okkar till. nokkuð í vil og mun hafa átt sinn þátt í því, að meðráðh. minir féllust að lokum á að fara að meginstofni þessa leið.

Gengislækkunin nú er sett undir nokkuð eðlilegum kringumstæðum. Það er ekkert neyðarástand ríkjandi. Hún er þess vegna ekki nema 10.7%, sem þýðir að gjaldeyririnn hækkar um 12%. Ég játa að vísu, að við hefðum talið varlegra að skrá gengið 15—16%, en þá er þess að gæta, að með í þessari leið er það, að nú verður að hætti margra annarra þjóða aukið svigrúm um skráningu gengis, þannig að nú verður frjálst, ef þetta frv., sem hér liggur

fyrir, verður samþykkt, að skrá gengið 2.25% yfir meðalgengi og 2.25% niður á við. Þannig verður meira svigrúm en áður hefur verið, og getur það stuðlað að því, að hægt sé að komast af með skráningu rétt við 11%. Ég hefði talið — ég játa það hreinskilningslega — hitt varfærnislegra. En vitanlega leikur sér enginn að því að ákveða meira gengisfall en fallizt er á, að sé alveg bráðnauðsynlegt.

Vitanlega var enginn af þessum leiðum né leiðunum, sem sérfræðinganefndin taldi færar, neinn fagnaðarboðskapur. Það kemur við í þjóðfélaginu að þurfa að færa til um 3000 millj. Frá einhverjum verður að taka þær, úr því að þær eiga að koma til einhvers aðila. En ég álít, að með gengisfellingu gerist þetta með eðlilegustum hætti, nokkurn veginn sjálfkrafa, án þess að setja upp neitt „apparat" til þess að koma fénu til þeirra aðila, sem eiga að fá það.

Hverra kosta var völ? Það var niðurfærsluleiðin, sem ég hef þegar rætt um og sagt frá, á hverju strandaði, að mati okkar í stjórnarflokkunum. Hún var ekki talin fær að mati okkar né verkalýðshreyfingarinnar. Millifærsluleiðin var sú, sem sérfræðingarnir höfðu einnig tekið í mál að fara. Teknanna yrði þá aflað með sköttum og dýrt úthlutunarkerfi sett á stofn til að koma þessu fé í réttar hendur, — áður þrautreynd leið og vafasamt um réttmæti hennar í framkvæmd. Ósamræmi skapast tiltölulega fljótt við framkvæmd hennar, hversu réttlátlega sem menn reyna að framkvæma hana, og nauðsyn er á að leiðrétta ósamræmið, sem myndazt hefur, eftir lengri eða skemri tíma með gengislækkun. Af þessu höfum við reynslu. Við höfum því reynslu af því, að millifærsluleiðir, þó að þær séu enn þá teknar í mál, af sérfræðingum, skapa fleiri vandamál en þær leysa. Og það var ekki ætlunin að vera með í neinum slíkum dansi.

Þá var aðeins ein leiðin eftir, ekkert sælgæti kannske, gengislækkunarleiðin. En þegar ég og mínir flokksmenn vorum búnir að sannfærast um, að þetta væri skásta leiðin af þeim, sem um væri að ræða, hikuðum við ekki við að fara hana, þótt við vissum, að það væri illur keimur af hugtakinu gengislækkun. Hún mælir þó útflutningsatvinnuvegunum hlutfallslega eftir framleiðslumagni, án þess að nokkurt „apparat" sé sett til þess að framkvæma það. Það voru allir í valkostanefndinni, — ég kalla það sérfræðinganefndina, — sammála um, að þessi leið, sem þeir kölluðu uppfærsluleiðina, — ég sé enga ástæðu til að nota það nafn, ef það væri skilið þannig, að menn væru að dulbúa gengislækkunina með öðru nafni, — tryggi bezt af þeim leiðum, sem fyrir hendi voru, fulla atvinnu í landinu. Það er stærsta krafa verkalýðshreyfingarinnar, eins og allir geta skilið. Ég get því lýst yfir, að ég vel þessa leið með beztu samvizku, hvað sem hver segir, og tek afleiðingunum af því.

Þessari leið okkar fylgja aðrar minni háttar aðgerðir, eins og hér hefur verið nefnt í umr. Það er áformað að hækka áfengi og tóbak. Það þarf a. m. k. ekki að fara djúpt ofan í hvers manns buddu, þó að slíkt sé gert. Því ræður fólk sjálft, og þetta á að gefa um 350—400 millj., ef menn taka ekki upp á því fangaráði að láta vera að drekka og reykja, sem er mönnum alveg frjálst, þegar verðið er skrúfað upp á vörunni. Þá er og lækkunarheimild á ólögbundnum gjaldaliðum fjárl., sem ætti að lækka útgjöld ríkissjóðs — menn gera sér vonir um 500 millj. Ég tel það alveg sjálfsagða aðgerð sem lið í þessu. Einnig munu verða gerðar ráðstafanir til að lækka tekjuskattsbyrði á hinum lægst launuðu í landinu og leitað samninga við verkalýðshreyfinguna og nokkur önnur félög um það atriði. Ætlunin er t. d. að fara fram á það við verkalýðshreyfinguna, að hækkunin á áfengi og tóbaki hafi ekki áhrif á vísitölu, þar sem hér er ekki um almenna neyzluvöru að ræða, a. m. k. ekki almenna nauðsynjaneyzluvöru. Það fylgir ekki beint með í þessum aðgerðum, að lagt verður gjald á benzín og þungaskattur hækkaður. Það er ekki gert til þess að leysa dæmi ríkissjóðs og ekki vegna fjárfærslunnar til útflutningsatvinnuveganna, heldur fer hver einasta króna, sem með þeim hætti verður aflað, beint í vegasjóð til þess að fyrirbyggja, að dregið sé úr framkvæmdum í samgöngumálum.

Menn hafa talað um, að verzlunin hafi oft auðgazt á gengislækkunum. Hún hefur verið beitt svokallaðri 30% reglu, unað henni illa, talið hana sér óhagstæða og þrönga, en samt látið kyrrt liggja. Ég held, að þar sem við ákveðum að fylgja henni gagnvart verzluninni, þá sé ekki ástæða til að þrengja meira að henni í sambandi við slíka gengislækkun, sem hér er um að ræða, og hún fái engan gróða af henni.

Ég held, að menn verði líka að taka það með í reikninginn, að hér er að nokkru leyti um allt aðra aðferð við gengislækkun að ræða en viðhöfð hefur verið. Það var tekið fram hér áðan og er ástæða til að endurtaka það, að allar gengislækkanir, sem áður hafa verið framkvæmdar, hafa verið framkvæmdar með þeim hætti að kippa vísitölunni úr sambandi og láta þannig launþegana bera meginhlutann af byrði gengislækkunarinnar. Þessu er ekki svo farið nú. Það er ætlunin, að launþegar fái vísitöluna greidda á laun sín, og gerir það gengislækkunina í raun og veru allt annars eðlis, að því er snertir allar launastéttir landsins. Með því að taka vísitöluna úr sambandi, var í raun og veru verið að taka af verkafólki og öðrum launþegum í landinu og færa beint af þeirra launum yfir til sjávarútvegsins og annarra útflutningsatvinnuvega. Þetta verður ekki gert að þessu sinni. Auk þess hefur það þýðingu í málinu, að hér er aðeins um gengislækkun að ræða, sem er brothluti af því, sem framkvæmt hefur verið hverju sinni áður.

Nú vil ég segja það, að þeir, sem eru á móti öllum þessum leiðum, sem hér hafa verið nefndar, og þá kannske alveg sérstaklega á móti þeirri leið, sem ríkisstj. hefur valið, gengislækkunarleiðinni að meginstofni, eru að mínu áliti skyldugir til að koma með einhverja þá leið, sem þeir geta sýnt fram á, að sé færari og hagkvæmara að fara en þá, sem valin hefur verið. Undan þeirri skyldu komast þeir ekki. Hver er sú kjörleið, sem þeir hafa? (**Gripið fram í:** Stjórna betur.) Þessum orðum beini ég ekki aðeins til Sjálfstfl. og Alþfl. sem núverandi stjórnarandstöðuflokka, heldur einnig til hins nýja þingflokks, sem hefur hér orðið til í dag og er

skyldugur til að koma með sínar till. til lausnar á þessum málum eins og hinir. — Stóll þingflokksins er auður.

Þegar ég og minir samflokksmenn vorum að velja milli þeirra leiða, sem teknar höfðu verið í mál, komumst við raunar að þeirri niðurstöðu, að valið væri ekki mjög vandasamt, því að hér væri aðeins verið að velja á milli dulbúinna gengislækkunarleiða og hreinnar og beinnar gengislækkunar. Ég er nú einu sinni þannig gerður og mér hefur alltaf gefizt það vel að fara heldur beint framan að kjósendum en krókaleiðir að þeim. Það með öðru gerir auðveldara fyrir mig að velja þá leið, sem gekk beint framan að kjósendum og þeir gátu dæmt um þegar í stað, gengislækkunarleiðina með engum umbúðum, engum öðrum nöfnum, hvorki söluskatti né innflutningsgjaldi eða neinu öðru, því að það voru auðvitað hvort tveggja dulbúnar gengislækkunarleiðir.

Menn hafa hér verið að gera að gamni sínu um það, að menn hafi áður fortekið, að þeir yrðu nokkurn tíma með gengislækkun eða tækju þátt í að beita henni. Jú, það kann að vera, að einhverjir hafi fullyrt þetta. En ég held nú samt, að það verði heldur erfitt fyrir menn að finna, að ég hafi fordæmt gengislækkun undir öllum kringumstæðum. Ég hef stundum barizt á móti gengislækkun hjá fyrrv. stjórnarflokkum, og ég tel, að stundum hafi þeirra gengislækkanir verið ótímabærar. Þannig hafi verið full ástæða til þess stundum að berjast á móti þeim. Gengislækkanir geta verið sjálfsagðar efnahagsaðgerðir. Þær geta líka verið allsendis ótímabærar. Það er þess vegna engin smán fyrir nokkurn mann að hafa eftir atvikum barizt fyrir gengislækkun eða barizt á móti. Það verður að líta á aðstæður. Og hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan, að gengislækkanirnar, sem þeir hefðu framkvæmt áður, hefðu verið allt annars eðlis en þessi og undir allt öðrum kringumstæðum framkvæmdar. Vitanlega ber fyrst og fremst að líta á aðstæðurnar. Ef aðstæður hafa breytzt, þá geta menn komizt að allt annarri niðurstöðu, og ég held, að það sé haft eftir hinum mikla meistara sosialismans, Lenin sjálfum, að ef aðstæður breyttust 365 sinnum á einu ári, þá væri hann reiðubúinn til þess að skipta um skoðun 365 sinnum á því sama ári. Hvað þá um minni spámenn? (**Gripið fram í:** En skipta þeir oft um skoðun?) Já, ég jafna þeim ekkert á við Lenin. Nú spyr ég: Sjálfstfl. hefur beitt gengislækkun, Alþfl. hefur beitt gengislækkun, og nú er tekið í mál að beita gengislækkun. Eru þeir búnir að skipta um skoðun? Kannske. Aðstæðurnar eru allt aðrar. Þetta er framkvæmt undir allt öðrum kringumstæðum. En ef það opnar þeim leið til þess að skipta um skoðun, því þá ekki öðrum?

Það er vissulega verið að framkvæma gengislækkun hér með öðrum hætti. Það er verið að taka upp nýja aðferð við gengisskráningu. Það er verið að taka upp sveigjanlegri gengisskráningu en hér hefur ríkt og verið lagaákvæði um, og það er mikils virði. Það gerir gengislækkun, sem þannig er framkvæmd, nokkuð annars eðlis en þær gengislækkanir, sem fyrrv. stjórnarflokkar framkvæmdu.

Hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, spurði: Hvers vegna gengislækkun nú? Því er fljótsvarað. Við erum, stjórnarflokkarnir, að nokkru leyti valdir að þessari gengislækkun, það skal alveg fyllilega játað. Við höfum staðið að geysimikilli kauphækkun í landinu. Þá var áður að vísu af fyrirrennurum okkar búið að framkvæma geysilega launahækkun hjá öllum opinberum starfsmönnum. Það var erfitt fyrir okkur að láta hlut verkafólksins í landinu eftir liggja eftir slíka aðgerð, sem fyrrv. stjórn hafði gert á launakerfi opinberra starfsmanna. Þetta var því sjálfsögð aðgerð, við vorum skyldugir til þess að framkvæma hana og gerðum það í samstarfi við verkalýðshreyfinguna. En yfir 30% kauphækkun í einu er stórt stökk og leggst auðvitað sem byrði á framleiðsluatvinnuvegina í landinu. Við höfðum líka horft upp á það, að hlutur sjómanna var of rýr. Það var komið upp það vandamál, að ekki fengust menn á skipin. Og hvar erum við þá staddir? Hvað á þá að gera? Þá verður að hækka fiskverð og bæta þannig lífskjör sjómanna. Það gerðum við. Það hefur kannske orðið samtals um 30% fiskverðshækkun, síðan við tókum við. En þar var nauðsynleg aðgerð, því að öll efnahagsmál íslenzka þjóðfélagsins byggjast á framleiðsluatvinnuvegum okkar og fyrst og fremst á sjávarútveginum. Við framkvæmdum styttingu vinnuvikurnar um 4 stundir, úr 44 í 40, af því að fyrirrennarar okkar í stjórnarstólum höfðu lögfest 40 stunda vinnuviku hjá því fólki í landinu, sem léttustu störfin vinnur. Þá var ekki auðvelt að láta hlut verkafólksins eftir liggja, þess, sem þrælar við erfiðustu störfin. Ég játa, að það hefði verið hyggilegra að dreifa þessu á tvö ár, kannske á fjögur ár, stytta vinnutímann um eina klst. á ári næstu fjögur árin. Það hefði verið ærin þjóðfélagsbreyting samt. En þetta kemur einkanlega fram hjá sjávarútveginum og fiskiðnaðinum sem launagreiðsla. Þá kemur fyrir greiðsla yfirvinnukaups með 50% álagi og nætur- og helgidagavinnukaups með 80% álagi. Þegar maður litur á það frá sjónarmiði atvinnurekandans, er þetta auðvitað íþynging í launagreiðslum, og þetta kemur líka á sjávarútveginn. Hér er því um það að ræða, að við erum búnir að þyngja byrðar framleiðsluatvinnuveganna verulega til hagsbóta fyrir hið vinnandi fólk í formi launagreiðslna, styttingar vinnutíma og fiskverðshækkunar, og það hefur auðvitað enginn möglað gegn því. Þetta eru allt saman góð mál. En góðu málin eru oft ekki nefnd, eftir að þau eru orðin að veruleika. Svo kemur nokkur rýrnun aflamagns hjá útveginum, og þá standa menn frammi fyrir því, að þeir ná ekki endum saman. Það þykir fullkannað. Það er ekki bara þeirra uppgjör, að þeir ná ekki endum saman, það þykir sannað mál. Hvað á þá að gera? Það verður að færa fjármagn í þjóðfélaginu til, til þessara undirstöðuatvinnuvega landsmanna, sem allir lifa á. Það erum við að gera. Það er ekki til neins að neita þeirri staðreynd, að um aflabrest er að ræða, og það er það, sem sker úr um, að endarnir nást ekki saman tekna- og gjaldamegin.

Úr þessum vanda ætlar ríkisstj. að bæta með því að skrá gengið um 10.7% niður á við. Ég heyrði, að hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, taldi, að þessi gengislækkun væri í knappasta lagi, og hún er það vafalaust. Hún ofætlar ekki fjármagnstilfærslunni á fyrsta stigi. Ríkisstj. telur, að á vetrarvertíðinni, meðan kostnaðarliðir eru ekki farnir að þokast verulega upp á við og útgjaldaliðirnir þannig ekki farnir að rísa að marki, sé hægt að komast af með lægri fjármagnstilfærslu til útvegsins, og skoðun hennar er, að þetta kunni að duga. Þeir, sem gera út á sumarvertíð, gera út við aðrar kringumstæður, minni aflavon, smærri fisk, dýrari í vinnslu oft og tíðum, og þá er frekar farið að koma fram verðhækkun innfluttrar vöru. Samt höfum við gengið inn á þetta, ég og mínir samflokksmenn, að skrá gengið um 10.7% niður á við, en svo er opnuð sú leið, að svigrúmið verði 2.25% upp á við og niður á við með breyttri gengisskráningu, og lagaheimild þar til. En ég játa, að þetta muni vera algerlega í neðra kanti þess mögulega, til þess að dæmið sé leyst. Ég held hins vegar, að það hefði enginn sagt neitt við því, þó að gengið hefði verið skráð t. d. 12% og möguleikarnir staðið opnir um 2.25% upp fyrir það, ef eitthvað bjátaði á í sjávarútveginum frá því, sem nú er reiknað með.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. Við höfum farið fram á, að málið fái afgreiðslu án tafa og megum þá ekki tefja fyrir því sjálfir. En ég lýk máli mínu með því að segja: Þið, sem áður hafið farið gengislækkunarleiðir, gerið það upp við ykkur, hvort þið eruð nú allt í einu á móti gengislækkun, svo lítilli gengislækkun, að þið hefðuð aldrei tekið í mál neitt slíkt. Kannske þið segið bara: Hún er svo lítil, að það tekur því ekki. Okkur þykir skömm að henni, hún er svo smánarlega lítil. — Það væri hægt að búast við slíku af þeim, sem hafa verið með gengislækkun upp í 40—50% og þaðan af meira. Þið, sem hafið önnur úrræði en gengislækkunarleið, verið ekki svo hæverskir og hlédrægir, að þið liggið á góðum úrræðum og látið þau ekki koma fram. Berið þau hér fram og leggið þau fram á þinglegan hátt í tillöguformi, svo að við missum ekki af neinum kjörleiðum, sem vera kynnu til, áður en við afgreiðum þetta á þann hátt, sem ríkisstj. leggur til. En ég verð að segja það, að ef þið hv. stjórnarandstæðingar hafið verið undrandi á því, að þeir menn, sem áður hafa fortekið að fylgja gengislækkun sem efnahagsmálaúrræði, standi nú að gengislækkunarfrv., held ég líka, að ýmsir meðal landslýðsins yrðu dálítið hissa á því, ef Alþfl. og Sjálfstfl. — og nýi þingflokkurinn — gætu nú með engu móti talið forsvaranlegt að lækka gengið um 10.7%.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég verð nú að gleðja hæstv. félmrh. með því að birtast hér sem heill þingflokkur. Honum tókst ekki á sínum tíma að vera nema hálfur þingflokkur, þegar hann og tvíburi hans, Björn Jónsson, mynduðu einn þingflokk.

Ástæðan fyrir því, að ég stend hér upp, er fyrst og fremst sú, að ég vil vekja athygli á einu máli, sem mér þykir mjög á skorta, að vakið sé máls á í þessum umr. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh., sem kom hér fram í upphafi, að nauðsynlegt sé að tryggja rekstur undirstöðuatvinnuveganna, og þær efnahagsráðstafanir, sem hér á að gera, eru ekki sízt knýjandi til að tryggja rekstrargrundvöll útgerðar og vinnslustöðva í sjávarútvegi, sem í reynd ákvarða gengi íslenzka gjaldmiðilsins. En í þessu sambandi vil ég benda á orðsendingu Farmanna- og fiskimannasambandsins til ríkisstj. frá 13. des. s. l. Þar kom fram, að nú hljóti að verða að taka skipulag fiskvinnslunnar föstum tökum, svo að hún geti skapað sér eðlilegan rekstrargrundvöll. Það kemur einnig fram í þessari sömu orðsendingu til ríkisstj. eitthvað á þá leið, að efnahagssérfræðingar á árunum 1967—1968 héldu því fram, að það væri nauðsynlegt að endurskipuleggja allan fiskiðnaðinn, en enn sem komið er örlar hvergi á aðgerðum. Í stað þess rísa í hverju útgerðarplássi vinnslustöðvar, allt frá dýrum og fullkomnum stöðvum niður í stöðvar, sem hafa aðsetur í alls konar skúrum. Hér er að mínu viti komið að kjarna málsins, sem nauðsynlegt er fyrir þingheim að íhuga. Það verður í sambandi við þessi mál öll að taka fiskiðnaðinn föstum tökum. Það er með öllu óviðunandi að moka alltaf öðru hverju millj. eða jafnvel milljörðum af almannafé í þessa atvinnugrein eftir ýmsum leiðum, jafnvel þótt hún sé að sjálfsögðu undirstaða undir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Við vitum allir gjörla, að það eru dæmi um tvö frystihús í litlum sjávarplássum. Annað rekur t. d. kaupfélagið, hitt einkaaðili, og síðan er samkeppni, báða aðila skortir hráefni, og bæði eru frystihúsin rekin með tapi. Það er einnig dæmi um illa útbúin frystihús, sem hafa starfsrekstur aðeins hluta ársins. Við vitum einnig, að það eru til fiskvinnslustöðvar, sem hafa skilað ágóða, jafnvel þegar önnur frystihús hafa verið rekin með tapi.

Það er í raun og veru nóg komið af því að gefa þessari atvinnugrein einhvers konar deyfilyf á vissu árabili, einhverjar vítamínsprautur. Það verður að beita hnífnum. Það verður að ráðast að meininu sjálfu, en ekki alltaf leita í vasa almennings til þess að bjarga við þessum fyrirtækjum. Mér virðist þróunin vera mjög óskyggileg eða geta orðið óskyggileg í sambandi við skuttogarana. Til þeirra er lánað 90% af kaupverði, og ef að líkum lætur, fer þannig, að það muni þurfa að veita þessum togurum einhvers konar styrki af hálfu hins opinbera. M. ö. o.: það er búið þannig að hlutunum, að einkaframtakið er fólgið í því að hirða gróðann, þegar vel árar og vel gengur, en þegar illa árar, þá á að þjóðnýta tapið. Með þessu vil ég ekki segja, að það eigi ekki að veita dugmiklum atvinnurekendum sjálfsagða fyrirgreiðslu. Það þykir mér alveg sjálfsagt. En það er ógerningur að reka svona stóra og mikilvæga atvinnugrein á þann hátt, sem verið hefur í þjóðfélaginu. Og ég vil leggja áherzlu á það, að í sambandi við þær ráðstafanir, sem nú eiga sér stað, geri ríkisstj. úttekt á fiskvinnslunni í landinu og reyni

að koma á sem mestri hagkvæmni í þeim málum, ella heldur þetta ófremdarástand áfram. Að sjálfsögðu hafa hraðfrystihúsaeigendur sín samtök og leggja fram sínar óskir, en ríkisvaldið á að taka þeim með nokkurri gát. Þegar hið opinbera stendur að því að færa til milljarða króna af almannafé til frystihúsaeigenda, verður ríkisvaldið að hafa aðhald að þessum fyrirtækjum og sjá til þess, að hér sé ekki sóað fé. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt.

Ég hef áður látið í ljós skoðun mína á gengisfellingu. Ég vil þó í upphafi segja það, að ég tel, að stjórnarandstaðan hafi gert of mikið úr þeim vanda, sem við er að glíma. Ég vil benda á það, að í skýrslu valkostanefndarinnar, þar sem gerð er grein fyrir efnahagshorfum á næsta ári, er að sjálfsögðu miðað við þjóðhagsstærðir á árinu 1972. En þessar tölur árið 1972 eru ekki fulltraustar. Það hefur t. d. komið í ljós nú þegar, að aflabrögð verða 2% meiri en valkostanefndin notaði í útreikningi sínum. Einnig hefur komið í ljós, að fiskverðshækkunin á næsta ári, sem átti að verða 7—8%, er eiginlega þegar komin inn í verðið. Þetta skiptir auðvitað geysimiklu máli. Þannig koma fram stórar skekkjur í útreikningnum. Og ég vil líka benda á það, að skreiðarverðið fer mjög ört hækkandi og loðnuafurðir stiga geysimikið í verði, þannig að ég tel, að vandinn sé ekki eins mikill og margir vilja láta í skína, allra sízt að hér jaðri við hrun atvinnulífsins.

Hæstv. félmrh. talaði um gengisfellingu sem einhvers konar hallelúja-lausn á öllum vanda, og það er alveg nýr skilningur og opinberun fyrir mig, að gengisfelling sé annað en neyðarráðstöfun. Það er alveg nýtt. Ég vil t. d. benda á það, að á Norðurlöndum hafa verið til sams konar erfiðleikar og hjá okkur, hækkandi verðlag og verðbólga í landinu. En frændur vorir á Norðurlöndum hafa varazt það í lengstu lög að fella gengi. Þetta þekkjum við frá ráðstöfunum í Danmörku á síðasta ári og einnig í Svíþjóð. Þeir fara þá einhvers konar millileið, sem er á máli félmrh. auðvitað gengisfelling. En engu að síður er það staðreynd, að menn beita ekki gengisfellingu, nema þegar neyðarástand er, atvinnuleysi, aflabrestur verulegur og fall á útflutningsverðmæti. Þetta er viðhorf mitt til þessara mála, og ég tel, að þessar forsendur séu ekki fyrir hendi og þess vegna hefði átt að útvega fé með millifærsluleið og jafnframt draga meira úr fjárfestingu og útgjöldum ríkisins og reyna með hörku og aðhaldi í fjármálum að jafna þennan halla á fyrstu mánuðum ársins 1973.

Nú er svo komið, að gengisfelling er lausn á öllum efnahagsvanda og einkanlega sjálfsagt að nota gengisfellingu, ef vandinn er ekki mikill. Þetta er alveg nýtt viðhorf.

Eitt vil ég benda alveg sérstaklega á í málflutningi félmrh. Hann lét í það skína, að þessi till. frá þingflokknum hefði verið borin fram á ríkisstjórnarfundi og síðan hefði stjórnarflokkarnir sannfærzt um það á svipstundu, fengið hugljómun og talið, að þetta væri eina rétta leiðin, og síðan var ákveðin gengisfelling. Ég vil bæta því við, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að félmrh. var einu sinni hálfur þingflokkur og það, sem hann sagði um þetta mál, er hálfur sannleikur. (Gripið fram í: Hver er sannleikurinn?)

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hafa nú lokið máli sínu þrír hæstv. ráðh. og fulltrúar allra stjórnarflokkana, og nú síðast var að ljúka máli sínu einn flokkur, sem styður alla stjórnarflokkana og allt, sem þeim viðkemur, nema þingflokk SF. Hann hefur sagt sig úr sálufélagi við þá, svo að það hafa hækkað aksíurnar í dag í þm. SF um 25% í hverjum, þannig að þeir eru nú um 25% hver, Hannibal, Karvel, Björn og Magnús Torfi, en voru 20% fyrir þingfund í dag. (Gripið fram í.) Já, þar var gengishækkun, en ekki gengislækkun hjá þeim.

Það kemur undarlega fyrir sjónir að heyra þessa hæstv. ráðh. og þingflokkinn, sem var að tala hér áðan, tala eins og þeir gerðu. Við vitum, að hæstv. ráðh. hafa hver um annan þveran lýst því yfir fyrir síðustu kosningar og flestir þm. þessa stjórnarliðs, að gengisbreytingar væru úrelt úrræði, sem kæmu ekki til greina. Þeir hafa lýst því á þann veg, að það væri nokkurs konar glæpur að framkvæma gengislækkun, það væri árás á launþega í landinu, það væri verðbólguaukandi að fara gengislækkunarleiðina, og það kemur fram í málefnasamningi ríkisstj., sem hæstv. forsrh. bað okkur þm. að lesa kvölds og morgna, að ríkisstj. ætlaði ekki að beita gengislækkunarleiðinni. En hæstv. forsrh. er að reyna að snúa sig út úr því núna með því að segja, að þessi ákvörðun hafi aðeins átt við þá, og vitnar þá í ástandið í efnahagsmálunum eins og það var, þegar ríkisstj. tók við í júlí 1971. En þá var bara enginn efnahagsvandi fyrir og þurfti því engan efnahagsvanda að leysa, eins og ég skal koma síðar að. Og hvað sagði svo hæstv. forsrh. fyrir hönd allra þessara ráðh. sinna í umr. hér á hv. Alþ. 18. okt. í fyrrahaust, þegar hann flutti sína stefnuræðu eða stefnuræðu ríkisstj.? Þá segir hann orðrétt:

„Ég hygg, að ein mikilvægasta grundvallarstefnubreytingin sé sú, að núv. ríkisstj. er og vill vera ríkisstj. hins vinnandi fólks í landinu, launþega og framleiðenda til sjávar og sveita. Hún vill stjórna í þeirra þágu og hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og framleiðenda. Fyrrv. ríkisstj. beitti hins vegar ríkisvaldinu hvað eftir annað gegn verkalýðshreyfingu og launafólki, bæði með setningu brbl. og gerðardómum í kjaradeilum, en einnig með því að beita gengislækkun æ ofan í æ og rýrði þannig kjör launþega, eftir að þeir höfðu háð árangursríka kjarabaráttu."

Þarna er almennt fordæmd gengislækkun sem leið til úrbóta af hæstv. forsrh. Þegar fyrsti vandinn kemur upp, vildi hann sjálfur ekki fara þessa leið, heldur lætur hann hæstv. félmrh., gamla manninn úr Selárdal, segja sér fyrir verkum, hvaða leið eigi að fara. En ég hef haldið af löngum kynnum mínum af hæstv. félmrh., að honum væri margt annað betur gefið en að fjalla um efnahagsmál. En þegar hann er nú orðinn aðalefnahagsráðunautur þessarar ríkisstj., þá gef ég ekki mikið fyrir hana í framtíðinni. Þá held

ég, að orð hv. 7. þm. Reykv. séu að koma fram, að hún sé þegar að byrja sitt dauðastríð.

Ég vil sérstaklega bjóða velkominn til þingstarfa á ný hæstv. viðskrh. og sjútvrh. En hann er eini ráðh. í ríkisstj., sem hefur forsmáð Alþ. ár eftir ár, hefur skrópað, en verið í bænum, og ekki fengizt til þess að taka þátt í þingstörfum og ekki mælt fyrir sínum málum. En nú gerist hann heldur betur vígreifur. Hann kemur hér upp í pontuna og flytur mikla ræðu, ádeilurræðu á stjórnarandstöðuna, og nú er loksins hægt að ná í skottið á honum til þess að tala aðeins við hann, og fagna ég því.

Eitt ætla ég að segja honum, áður en ég held lengra. Þar sem svo oft er, a. m. k. á síðustu tímum, talað um persónulegar skoðanir manna, skal ég segja honum, að ég var ákaflega kvíðinn fyrir því, að þessi stjórn geispaði golunni núna fyrir nokkrum dögum, svo að ég fagna því innilega, að Ólafía, sem hefur liðið illa núna undanfarinn hálfan mánuð, með slæman hita þrátt fyrir fúkkalyf til þess að halda honum niðri, er nú loks að hressast. Ég verð að segja, að það gladdi mig mikið, ekki vegna þess að ég byggist við miklum og jákvæðum eða skynsamlegum aðgerðum þessarar stjórnar, heldur taldi ég nauðsynlegt gagnvart þjóðinni, að ráðh. og þessir flokkar, sem að henni standa, fái að sýna sitt rétta andlit, fái að éta ofan í sig fyrri fullyrðingar, fái að éta ofan í sig, að gengisbreytingar séu aldrei nema til ills, eins og hæstv. viðskrh. hefur haldið fram s. l. 12 ár og þá ekki síður hæstv. forsrh. Svo koma þessir herrar og fara að tala um það, að gengisbreytingar hafi átt sér stað áður, 4 gengisbreytingar á tímabili viðreisnarstjórnarinnar. Hvað hafði skeð á undan? Voru ekki Lúðvík Jósepsson og Hannibal Valdimarsson í ríkisstj. á undan, sem tók upp gengisbreytingu, en þorði ekki að kalla hana gengislækkun? Þeir kölluðu það yfirfærslugjald, 55% yfirfærslugjald. Það var auðvitað ekkert annað en gengislækkun. Það var afleiðing þeirra starfa, að gengisbreytingu varð að gera á árinu 1960. Þeir hafa lítið talað um, af hverju gengisbreyting var gerð á árunum 1967 og 1968. Ég hef ekki heyrt einn einasta þeirra þriggja minnast á fall sterlingspundsins eða að framleiðsluútflutningsverðmæti þjóðarinnar hrundu á þessum tveimur árum og þau voru ⅓ minni að krónutölu árið 1968 en þau voru 1966. Það hefur enginn þeirra minnzt á það. En svo koma þessir herrar hér fram fyrir Alþ. og einn þeirra, nýi efnahagssérfræðingurinn, félmrh., segir: Þessi gengisbreyting er of lítil. — Svo kemur annar, sem einu sinni var efnahagssérfræðingur, hann var sérfræðingur í skattamálum í fyrra, viðskrh. Hann segir: Þetta er ekki nokkur vandi. — En þá spyr ég: Til hvers er hann þá að breyta gengi krónunnar, ef þetta er enginn vandi, ef þetta er svona lítið? Þá tel ég það ástæðulaust. Ég hef verið þeirrar skoðunar, og það eina, sem ég get tekið undir í sambandi við ræðu nýja þingflokksins, er, að gengisbreytingu á ekki að beita, nema í neyð sé, en ekki að gamni sínu. Og henni hefur aldrei verið beitt fyrr, nema nauðsur hafi til þess rekið.

Hæstv. viðskrh. var að venju með margar fullyrðingar. Það má nú segja, að í fyrra, þegar hann flutti ræðuna um skattamálin, rétt eftir að frv. voru lögð hér fram, þá fullyrti hann og var ekki lengi að reikna, að með skattalagafrv. yrði stórfelld lækkun skatta á Íslandi á árinu 1972. Þeir voru aftur hinir að burðast með að láta tölvuna í háskólanum reikna fyrir sig, bæði hæsv. fjmrh. og formaður þingsflokks Alþb. En þessi hæstv. ráðh. þurfti ekki á tölvu að halda. Hann á sina eigin tölvu, og hann reiknaði út, að skattarnir mundu lækka, ef þessi frv. yrði að lögum. Nú höfum við fyrir okkur, hvernig þetta varð í reynd, og þá kemur í ljós, að álagðir skattar hækkuðu, en lækkuðu ekki, úr 1525 millj. kr. á árinu 1971 í 4429 millj. kr. á árinu 1972. Það sést á þessu, hve mikið er að marka þessa ágætu tölvu, sem er innbyggð í höfði hæstv. viðskrh. Svo kemur þessi hæstv. ráðh. og segir: Við hverju tókum við, þegar við tókum við? Þeir eru að segja, stjórnarandstæðingar, Sjálfstfl.-menn og Alþfl.-menn, að við höfum tekið við blómlegu búi. Við hverju tókum við? Hvað þurftum við að gera, þegar við tókum við? — En honum varð ekki úr vegi að segja frá því. Fjárlög ársins 1971, sem voru síðustu fjárl., sem fyrrv. ríkisstj. afgreiddi, voru upp á 11 milljarða 23 millj., en tekjur umfram fjárlög 1971 fóru fram úr áætlun upp á hvorki meira né minna en 1723 millj. kr. Þá skulum við líka koma að því, sem hæstv. ráðh. talaði um. Hann sagði: Við þurftum að mæta launahækkununum, sem skullu yfir, rétt eftir að fjárl. voru afgreidd, en þær námu 577 millj. kr. Til þess að mæta þessum launahækkunum skildi fyrrv. ríkisstj. eftir 270 millj. kr. af greiðsluafgangi við afgreiðslu fjárl., og þá voru eftir 307 millj. kr., sem einhver hefði talið auðvelt að borga af 1723 millj. kr. tekjum umfram fjárlög, þó að við bættust framlög til Tryggingastofnunarinnar vegna útborgunar ellilífeyris og örorkubóta, sem fyrrv. ríkisstj. setti lög um, en reiknaði ekki með fyrir kosningar, að tækju gildi fyrr en um áramótin þar á eftir. Núv. ríkisstj. lét þessi lög koma til framkvæmda 4 mánuðum fyrr, og til þess notaði hún það fé, sem hún hafði umfram vegna þess, hve fjárlagafrv. fyrrv. ríkisstj. var varlega áætlað hvað tekjuhlið snertir. Það var því efnt til veizlu, strax eftir að ríkisstj. tók við völdum 14. júlí 1971. Það var ausið á báða bóga, eins og áður hefur verið lýst hér og það margoft. En hæstv. viðskmrh. hefur ekki mátt vera að því að hlusta, hvorki á þetta né annað. Það hefur verið bent á leiðir til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, t. d. við umr. um síðustu fjárlög.

Þessir hæstv. ráðh. hafa fordæmt gengisbreytingar hvað eftir annað og aðdáendur þeirra. Það stóð ekki á þeim við gengisbreytinguna 1968 að vera hér með spjöld fyrir utan á götunni. Og ég man alltaf eftir áletruninni á einu spjaldinu: Hengjum ákveðna menn. — Það voru aðdáendur þessara tveggja hæstv. ráðh., sem sögðu það. Ég hef ekki orðið var við þennan hóp núna með spjöldin vegna gengisbreytingarinnar. Þó vil ég biðja hæstv. utanrrh. að passa sig, því að 1968 flaug steinn hérna inn um gluggann. En það er kannske ekki sama, hverjir beita gengislækkun. Það er kannske ekki sama, fyrir hvaða hóp eða fyrir hvaða menn þessi hópur er að vinna í þjóðfélaginu. En þetta er fólk, sem má vera að-

dáendur þessara manna eftir sem áður fyrir mér. Ég öfunda þá ekkert af því að eiga þetta lið að vinum.

Hæstv. viðskrh. og sjútvrh. fór nokkrum orðum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég verð að segja, að það var sagt, þegar ég var að alast upp, að ef einhver sagði ósatt, þá sagði gamla fólkið, að nú væri svartur blettur á tungunni á viðkomandi. Ég held, að eftir þessa ræðu hæstv. viðskrh. og sjútvrh. hafi ekki verið svartur blettur á tungunni á honum, heldur tel ég alveg örugglega, að öll tungan hafi verið orðin svört. Ég furða mig á því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að fara þeim orðum um þær aðgerðir, sem voru gerðar gagnvart sjávarútvegi á s. l. hausti, að þær hafi verið gerðar fyrir tilstuðlan samtaka útvegsins. Hæstv. ráðh. veit vel, að það alvarlega ástand, sem var ríkjandi í sjávarútvegi á s. l. hausti, var dýrtíðarstefnu ríkisstj. að kenna, og þegar ríkisstj. hefur viðhaft jafnmikið gáleysi og hún hefur gert, frá því að hún tók við völdum, þá á ekki að leggja það á útflutningsatvinnuvegina að standa undir því. Ríkisstj. átti að bæta fyrir sínar syndir, og láta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í friði. Hann var ekki stofnaður til þess að standa undir dýrtíðarhítinni hér innanlands heldur til þess að standa undir, ef áföll verða á erlendum mörkuðum í verði útflutningsafurða okkar, þannig að það þyrfti ekki að grípa til gengislækkunar. En hæstv. sjútvrh. stillti samtökum útvegsins upp við vegg og sagði: Það verður ekkert gert annað en greiða úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til áramóta. — Hvað segir í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem lagt var fyrir hv. sjútvn. þessarar d.? Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir verðlagsráði sjávarútvegsins lá mat á afkomu bátaflotans á þessu ári, sem unnið hefur verið af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Niðurstöður þess bentu til, að halli á rekstri bátaflotans mundi verða um 330 millj. kr. á þessu ári og halli á rekstri togaranna um 110 millj., eftir að tekið hafði verið tillit til beinna og óbeinna styrkja til togaranna. Líkur benda til, að halli á rekstri bátaflotans muni verða mun meiri en áætlað var, því að fyrri niðurstaða grundvallaðist á reikningum frá árinu 1970, sem voru framreiknaðir til ársins 1972 með kostnaðar- og tekjubreytingum. Nú er verið að endurskoða þetta afkomumat fyrir bátaflotann og fá grundvallarreikninga frá árinu 1971. Virðast kostnaðarhækkanir hafa orðið mun meiri en reiknað var með, og nema þær hækkanir t. d. á viðhaldslið bátaflotans um 150 millj. kr.

Í ljósi þessara staðreynda var augljóst, að fiskverð varð að hækka frá 1. okt., ef ekki átti að koma til algerrar rekstrarstöðvunar. Fulltrúar L. Í. Ú. í verðlagsráði sjávarútvegsins áttu viðræður við sjútvrh. 22. sept. að hans beiðni um þau vandamál, sem við blöstu við ákvörðun fiskverðs. Hann lýsti þar þeirri skoðun ríkisstj., að fiskverð þyrfti að hækka, án þess þó að tilgreina hvað mikið. Hins vegar taldi hann, að fiskkaupendur gætu ekki staðið undir þeirri hækkun vegna erfiðrar rekstraraðstöðu og þyrftu jafnvel á aðstoð að halda, þar sem ekki voru fyrirhugaðar neinar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. fyrir n. k. áramót til lausnar á þessu máli. Taldi hann, að það fjármagn, sem til þyrfti að koma til að gera fiskverðshækkun mögulega, yrði að taka úr verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Fulltrúar L. Í. Ú. mótmæltu þessu og bentu á, að ekki væri ástæða til að taka fé úr verðjöfnunarsjóði, því að ekki væri um neitt verðfall að ræða á fiskafurðum. Þetta er sannleikur málsins, en ekki það, sem hæstv. ráðh. fór með hér áðan. Þetta er sannleikur málsins. Þegar við lítum á það, hver þessi upphæð var á s. l. hausti, þá var gengið út frá, að meðalfiskverðshækkunin væri 15%. Ársaflinn upp úr sjó er um 4000 millj. kr. að verðmæti, en 15% um 600 millj. á ársgrundvelli. Auk þess var fyrirgreiðsla til frystihúsanna, svo að af þessu má því sjá, að vandinn var ekki lítill. Þegar við lítum á þær ófullkomnu upplýsingar, sem þegar liggja fyrir frá hæstv. ríkisstj. í sambandi við gengisbreytinguna, sjáum við auðvitað fram á gífurlega hækkun á útgjaldaliðum útgerðarinnar á árinu 1973.

Þegar ég kom á þennan fund í dag, var ég alveg sannfærður um, að það væri nauðsynlegt *að gera þessa gengisbreytingu*, og var ég sannfærður um, að það hefði þurft að ganga eins langt og efnahagssérfræðingur ríkisstj., sá nýi, hæstv. félmrh., hefur lagt til. En eftir að hafa hlustað á hæstv. sjútvrh. og viðskrh., — ef ég ætti að trúa því, sem hann sagði, — þá sé ég ekki nokkra ástæðu til að breyta gengi krónunnar, því að vandinn er svo lítill, sagði hann. Þegar um svo lítinn vanda að ræða, þá er engin ástæða til þess að hlaupa í gengisbreytingu. Ég held, að menn verði að líta á staðreyndir í réttu ljósi, og þá verður að fara fram á það, að þeir sem sitja í ráðherrastólum, verði a. m. k. að gera það til jafns við aðra, en ekki síður. Það þýðir ekki að horfa á hlutina frá því sjónarmiði, sem hæstv. ráðh. gerði í ræðu sinni hér áðan.

Hæstv. ráðh. sagði, að það ætti að lækka útgjöld fjárl. um 10—15%. Það skiptir tölverðu máli hvort það eru 10 eða 15%, finnst mér, eða um 500 millj. kr. Nú er allt á huldu, á hvern hátt hæstv. ríkisstj. hugsar sér að lækka útgjöldin. Á að taka verklegar framkvæmdir, eins og þær eru nú í fjárlagafrv. eftir 2. umr., og skera þær enn niður um 10—15%. Það er fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvað ríkisstj. hefur hugsað sér í því efni. Þá minni ég á það, sem þessir hæstv. ráðh. hafa sagt á undanförnum árum, að fyrrv. ríkisstj. hafi aldrei veitt nógu mikið fé eða nógu háar fjárhæðir til verklegra framkvæmda. Og einn af talsmönnum ríkisstj. nú viðhafði oft þau ummæli, að framlög til verklegra framkvæmda yrðu að fylgja byggingarvísitölunni á hverjum tíma, og meira en það, einnig hlutfallslegri hækkun fjárlaga. Nú þykir mér vera farið að rifa í seglin. Byggingarvísitalan hefur hækkað á valdatímabili þessarar ríkisstj. úr 535 vísitölustigum í 689 vísitölustig, eða um 28.79% hækkun byggingarkostnaðar. Framlög til verklegra framkvæmda hækkuðu verulega á síðasta ári, sem viðreisnarstjórnin var við völd. Langstærsti liðurinn er framlag til skólabygginga skyldunámsins, sem hækkaði um 39%. Á fyrsta ári þessarar ríkisstj., í fjárlögum ársins 1972, hækkaði þessi liður um 37%,

og það voru stórfelldar fyrirsagnir í stjórnarblöðum, málgagni sjútvrh. og málgagni forsrh., um stóraukin framlög til verklegra framkvæmda. En á þessu ári gaf ríkisstj. út brbl. um tímabundnar aðgerðir í efnahagsmálum, þar sem enn var heimilað að skera niður verklegar framkvæmdir og fleiri liði í fjárlögum um allt að 400 millj. Loksins við 2. umr. fjárl. lá fyrir, að skornar höfðu verið niður verklegar framkvæmdir um nálega 175 millj. kr., sem sýndar voru við 2. umr. fjárlaga. Í till. kemur fram endurveiting á þessu fé, næsta ár, sem skorið er niður á þessu ári. Þegar tillit er tekið til þess, hækkar stærsti framkvæmdaliðurinn, skólabyggingar, um 7.5%. Breytingin er þá á þessum árum: síðasta ár viðreisnarstjórnarinnar 39%, fyrsta ár þessrar ríkisstj. 37%,annað ár þessarar ríkisstj. við 2. umr. fjárlaga, þ. e. 2. útgáfu, um 7.5%. Og nú segir hæstv. viðskmrh., og við skulum ætla, að hann hafi sagt þetta satt, að þeir ætli enn að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 10—15%. Þá fara menn nú að spyrja: Hvar eru nú öll loforðin, sem mest var gumað af, á meðan þessir herrar voru í stjórnarandstöðu? Það er heldur betur farið að breyta um stefnu.

Mér þykir leitt, að það skuli enginn vera inni fyrir nýja þingflokkinn, því að mig langaði til að tala til hans nokkur orð. Ég vona, af því að hann er svo góður stuðningsmaður ríkisstj., nema þingflokks samtakanna, að stjórnarsinnar komi orðum mínum til hans eða haldi uppi vörnum fyrir hann. Ég furða mig á því, að þm. skuli leyfa sér að tala eins og hann gerði um íslenzkan sjávarútveg. Þvílíkur hugsunarháttur og umtal um undirstöðuatvinnuveg landsmanna. Ég hef ekki heyrt þetta lengi og bjóst ekki við, að það mundi heyrast frá nokkrum þm. Hann talar um, að verið sé að moka milljónum í sjávarútveginn, undirstöðuatvinnuveg landsm., sem hefur staðið undir öðrum framkvæmdum og allri uppbyggingu í þessu þjóðfélagi. Hann leyfir sér, þessi hv. þm., að láta að því liggja, að undirstöðuatvinnuvegur landsmanna sé styrkþegi eða eitthvað sníkjudýr á þjóðfélaginu. Ég held, að þm. samtakanna megi bara vera fegnir að vera lausir við þennan grip. Heldur hann kannske, að heimspekideild háskólans standi undir þessu öllu? Ég furða mig á því, að jafnklókur maður og hæstv. viðskmrh. er, skyldi gefa yfirlýsingu áðan, bara til þess að hafa þennan karl góðan, þess efnis að hann ætli að sameina banka í landinu, en hann svaraði þessum þm. fyrir nokkrum dögum með hortugheitum einum saman. Nú er ráðh. þognaður fyrir Bjarna Guðnasyni og segir: Ég ætla að sameina banka í landinu. — Ég spyr hæstv. viðskrh.: Ætlar hann að láta n., sem er að endurskoða bankakerfið, leggja það til? Hann sagði um daginn, þegar hann svaraði Bjarna Guðnasyni, að hann hefði skipað þessa n. og valið menn í hana, af því að þetta hefðu verið beztu mennirnir, sem voru með mesta þekkingu á bankamálum. Eða ætlar hann kannske að skipa nýja n. með Bjarna Guðnason í forsæti til þess að sameina banka í landinu? Mér finnst vera keypt nokkuð dýru verði atkvæði þessa hv. þm. eftir þessa lélegu frammistöðu, sem hann hefur sýnt hér í dag, ef hæstv. viðskrh. ætlar að steypa saman í eitt nokkrum bönkum í landinu og gleypa allt ofan í sig, sem hann sagði fyrir nokkrum dögum.

Hæstv. viðskrh. fór mjög á kostum í sinni ræðu, eins og ég hef þegar lítillega getið um, en gæti haldið lengi áfram, ef ég ætti að elta ólar við allt, sem hann sagði. Þegar hann talaði um viðskiptajöfnuðinn, sagði hann, að innflutningur skipa flugvéla hefði verið 2 500 millj. kr. á þessu ári. En í bókinni frá fjmrh., sem við eigum hérna, segir: Áætlað er, á árinu 1972, þessu ári, að innflutningur skipa og flugvéla nemi á árinu 1973 2 500 millj. kr., sem er með mesta móti, og aukning frá fyrra ári nemur 66%. Til þess að festa í minni hæstv. ráðh. skal ég benda honum á, að þetta er á bls. 9 í áliti valkostanefndarinnar svokölluðu. En það eru sem sagt kringum 1 500 millj. á þessu ári, en ekki 2 500 millj. En hvað munar þennan hæstv. ráðh. um þús. milljónir? Ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég spurði hæstv. félmrh. að því, hver hefði lagt fram till. í ríkisstj. um gengisbreytinguna. Og hann svaraði: Það gerði ég, og hann bætti því við, að hann gæti vel endurtekið þetta, ef einhverjir fleiri hefðu blundað. Þar með átti hann við, að ég hefði sofnað og spurt þess vegna, hver hefði lagt till. fram. En ég held, að það mætti vera ákaflega syfjaður maður, sem sofnaði undir ræðu hæstv. félmrh., sem talaði jafnítarlega um efnahagsmál, og sérstaklega þeir, sem hafa einhvern áhuga á efnahagsmálum, sofna ekki undir jafnfróðlegri ræðu og hann flutti hér áðan f. h. ríkisstj. En mig langaði til að heyra það einu sinni enn, að þesi hæstv. ráðh. hefði verið upphafsmaður að gengislækkun, því að ég er búinn að heyra svo oft í honum vestur á fjörðum og eins hér suður í Reykjavík, bæði á Alþ. og annars staðar, þar sem hann hefur fordæmt gengisbreytingu og talið þá menn, sem hana gerðu óalandi og óferjandi. En hann verður eftir sem áður alandi og ferjandi.

Ég lofaði hæstv. forseta því að stytta mál mitt og skal verða við því. Það er auðvitað eftir að ræða miklu ýtarlegar um efnahagsmálin síðar, þó að við höfum reiknað með því, sjálfstæðismenn, að þetta frv. færi umræðulítið til nefndar og til afgreiðslu. En þegar við sjáum, að ríkisstj. raðar sér á mælendaskrá, þá sé ég ekki ástæðu til, að við stjórnarandstæðingar þegjum þunnu hljóði. Eitt er víst, að ríkisstj. hefur nú étið ofan í sig allar fyrri fyllyrðingar sínar í þessum efnum. Það er ekkert vandamál fram undan — eða hefði ekkert vandamál verið fram undan, ef það hefði verið gætt hófsemi í meðferð fjármála. En hún hefur sjálf unnið að því, að svo er komið. Þess vegna neyðist hún til að leggja fram þessi úrræði í efnahagsmáluum. Okkur gefst kostur á því að ræða þetta frv. ítarlegar, þegar það kemur frá nefnd.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hafði vænzt þess, að þeir hæstv. ráðh., sem hér hafa í dag verið í fyrirsvari fyrir því frv., sem fyrir liggur, mundu mæta á kvöldfundi. Ég sé, að aðeins einn ráðh., hæstv. forsrh., er mættur, og nú gengur einnig hæstv. viðskrh. í salinn.

Eins og þeir, sem hafa hlustað á umr. í dag, hafa veitt athygli, eru margs konar skýringar

frá einstökum ráðh. á ástæðunum fyrir því, að nú er farið í gengisbreytingu. Hæstv. félmrh. skýrði frá því hér í dag, að fyrir ríkisstj.-fundi hefðu legið þrjár mismunandi till., það hefði verið það, sem þeir hefðu haft úr að moða, og árangurinn af umr. um þær þrjár till., sem fyrir lágu, hefði orðið sú ákvörðun, sem ríkisstj tók, að lækka gengi ísl. krónunnar um 10.7%.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, hlaut það að vekja athygli, að ráðh. hefðu hver fyrir sig, allir, sem töluðu, sinn hverja skýringu á því, hvers vegna þessi ákvörðun var tekin.

Hæstv. forsrh. sagði, að gengisbreyting væri ekki réttlætanleg, nema neyðarástand ríkti í þjóðfélaginu, og verður að telja, að það sé hans mat í dag, að slíkt ástand ríki nú í efnahagsmálum þjóðarinnar. (Forsrh.: Ég sagði, að gengisfelling væri alltaf neyðarúrræði) Hæstv. forsrh. segir, að gengisfelling sé alltaf neyðarúrræði, og ég sé ekki nokkurn mun á þessu tvennu, og það hlýtur að leiða af orðum hæstv. ráðh., að neyðarástand sé í efnahagsmálunum. Þetta var hans skýring á málunum, og hef ég ekki neitt sérstakt um það að segja. Þetta er mat hæstv. forsrh., að gengisfelling sé neyðarúrræði, sem ég legg þannig út, að neyðarástand sé í þessum málum, fyrst til neyðarúrræða þarf að grípa.

Hæstv. félmrh. taldi, að gengisfelling væri alveg jafnréttlætanleg, þó að góðæri væri, eins og hann orðaði það, og vildi halda því fram, að mér skildist, að almennt væri talið, að góðæri væri nú ríkjandi hjá okkur, þó að þannig aðstaða væri, að hann hefði fallizt á, að ríkisstj. tæki ákvörðun um gengisfellingu.

En skýring hæstv. viðskrh. og sjútvrh. var hin gamalkunna kenning hans og rök hans fyrir gengisbreytinguna, að aflabrestur hefði orðið hér mikill og það væri aðalástæðan fyrir þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn ætti við að stríða, þó að hann tilgreindi þar réttilega fleiri atriði. En það, sem almennt hlýtur að vekja athygli, er það, sem hér hefur komið fram, að þrátt fyrir það, að ríkisstj. hefur mjög viljað halda því fram, að henni hafi vel tekizt til með stjórn landsins, þá skuli nú þurfa að fella gengið, þegar það liggur alveg ljóst fyrir, að verð útflutningsvara okkar í sambandi við sjávarútveginn hefur aldrei verið hagstæðara en einmitt nú. Það er það, sem hlýtur að vekja athygli meðal alls almennings, að á slíkum tíma þurfi að grípa til gengisbreytingar. Ég hygg, að þetta hljóti að teljast mjög óvenjulegt og sennilega mjög sjaldgæft fyrirbæri hjá nokkurri þjóð, að þegar hagstætt ástand er í sambandi við höfuðatvinnuvegina, þá skuli þurfa að grípa til þess úrræðis að breyta genginu, sem vissulega hefur mikla röskun með sér í öllu efnahagslífi þjóðarinnar, eins og hér hefur verið margsagt.

Hæstv. forsrh. rakti réttilega ástæðurnar fyrir gengisbreytingunum 1960, 1967 og 1968, og það hafði einnig verið gert af öðrum hv. ræðumönnum, og skal ég ekki fara frekar út í það. En það er almennt viðurkennt, að þá hafi vegna óviðráðanlegra aðstæðna skapazt það ástand, að til róttækra gengisbreytinga varð að grípa, til þess að atvinnuvegirnir gætu haldið áfram með nokkurn veginn eðlilegum hætti. Það, sem ég vildi þó aðallega koma að, er skýring hæstv. sjútvrh. á því fyrirbæri, sem hann kallar hinn mikla aflabrest, sem sé bölvaldur eiginlega alls þess, sem miður hefur farið í þjóðfélaginu að undanförnu. Menn hafa orðið þess greinilega varir, að þetta hugtak er verulega farið að grafa um sig. Hæstv. forsrh. og einnig hæstv. félmrh. komu einnig inn á þetta, og virðast þeir taka þessar fullyrðingar hæstv. sjútvrh. góðar og gildar án frekari athugunar. Þegar fundur Landssambands ísl. útvegsmanna var haldinn í fyrra mánuði, var fulltrúum þar afhent skýrsla frá Fiskifélagi Íslands um heildarafla á tímabilinu 1. jan. til 30. okt. bæði árin, 1971 og 1972, og hygg ég, að þetta sé það, sem allir verða að byggja á, að séu þær réttu tölur, sem þar koma fram, því að tölur og upplýsingar frá Fiskifélaginu eru grundvöllurinn að öllum opinberum skýrslum um þetta mál. Samkv. þessari skýrslu var heildarþorskafli, sem Fiskifélagið telur, — og ég hygg, að þar sé innifalinn bæði ýsu- og ufsaafli, — þá var hann árið 1971 323 þús. tonn á þessu tímabili, en árið 1972 var hann 305 þús. tonn. Togaraaflinn var á þessu sama tímabili árið 1971 63 þús. tonn, en 56 þús. tonn árið 1972. Samanlagt gerir þetta aflamagn bátaflotans og togaraflotans árið 1971 386 þús. tonn á móti 361 þús. tonnum árið 1972. Það þýðir, að þarna er um aflaminnkun á milli ára að ræða um 25 þús. tonn eða aðeins rúmlega 6%. Ég hygg, að ef skoðaðar eru skýrslur Fiskifélags Íslands undanfarin ár og jafnvel áratugi, sé þetta með minni aflasveiflum, sem er að finna í skýrslum Fiskifélagsins. Aflasveiflur hafa oft og tíðum verið miklu stærri á milli ára, bæði upp á við og niður á við. Þannig að ég tel, að fullyrðingar hæstv. ráðh. um, að þetta sé aðalástæðan fyrir, hvernig farið hefur í efnahagsmálunum og hvernig aðstaðan er hjá útflutningsatvinnuvegunum, fái ekki staðizt. Það hlýtur að vera allt annað, sem liggur þar á bak við eða a. m. k. jafnhliða verkar á þetta mál og kannske öllu frekar en að um miklar aflasveiflur hafi verið að ræða á þessum tímabili. Og lítum til heildaraflans, sem er venjan að miða við, þegar talað er um afla einhvers tiltekins tímabils, hvort sem það er heilt ár eða hluti úr ári, þá er ávallt talað um heildaraflann, því að vissulega er annar afli en þorskur og ýsa verðmæti fyrir atvinnuvegina og þjóðarbúið. En samkv. þessari skýrslu Fiskifélagsins var heildaraflinn frá 1. jan. 1971 627 þús. tonn 495 kg. Árið 1972 er hann samkv. þessari skýrslu 695 þús. tonn 656 kg. Heildaraflinn á þessu tímabili er því 58 þús. tonnum hærri á árinu 1972 heldur en hann var á árinu 1971, þannig að það er að mínum dómi ekki hægt að réttlæta aðstöðu atvinnuveganna með því, að mikil aflarýrnun hafi orðið á milli þessara tveggja ára, á þeim tímabilum þessara tveggja ára, sem hér um ræðir. Hæstv. forsrh. gat þess hér í dag í ræðu sinni, að ástandið hefði þó batnað að þessu leyti frá því, sem það var talið 1. okt. s. l., þannig að mismunurinn minnkar og aflaminnkunin verður minni en þó skýrslur Fiskifélagsins greina frá. Mér finnst eðlilegt að láta þetta koma fram hér, því að það hefur vissulega verið reynt að blekkja bæði hv. Alþ. og þjóðina alla með því að halda því

fram, að þetta væri grundvallaratriðið fyrir erfiðri aðstöðu atvinnuveganna.

Hæstv. ráðh. hefur einnig talað um, að skipting milli fisktegunda væri óhagstæð. En ég hygg, að ef hann skoðar skýrslu Fiskifélags Íslands frá fyrri árum, þá muni það sýna sig nákvæmlega eins og nú, að skiptingin er misjöfn. Annað árið veiðist meira af einni tegund heldur en annarri, og þetta hefur alltaf svo til gengið, og ég hef aldrei heyrt því haldið fram hér á Alþ. áður, að jafnlítil aflasveifla og á sér stað milli þessara tveggja ára raski grundvelli að rekstri fiskiðnaðarins eða sjávarútvegsins. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að það eru allt aðrar ástæður, sem þar eru að verki. Það er sú einfalda staðreynd, að ríkisstj. hefur mistekizt að hafa hemil á efnahagsmálunum, og það, sem mest er áberandi, að hún hefur með ýmsum aðgerðum sínum verið þess beint valdandi, að efnahagsmálin hafa farið úr skorðum. Þetta er afsakað með því, að hæstv. ríkisstj. hafi verið að bæta launakjörin í landinu, kaupmátt launa og annað slíkt. En ég hygg, að það hljóti alltaf að vera matsatriði, hvort það er hagkvæmara fyrir launastéttirnar, að um háar krónutölur sé að ræða í sambandi við kaup eða hvort um sé að ræða jafnvægi í efnahagsmálum, sem hægt er treysta, og kaupmáttur launþeganna skili betri aðstöðu. Það er þetta, sem hlýtur alltaf að vega meira hjá launþegum, hvort aðstaðan er slík, að kaupmáttur launa sé betri en kannske krónutalan segir til um. Nú er því haldið fram, að kaupmáttur launa hafi batnað. Um það skal ég ekki fjölyrða. Ég hef ekki nægilega góðar skýrslur í höndunum um það, en ég hygg, að það sé hin almenna skoðun launþega, að ef afkoma þeirra í dag er miðuð við fyrri tíma, sé hún síður en svo hagkvæmari. Gripa þar inn í bæði skattahækkun og annað, sem til kemur og ekki er tekið, að ég hygg, til greina, a. m. k. ekki við vísitöluútreikning, nema þá að takmörkuðu leyti.

Ég sé, að hæstv. iðnrh. er hér ekki mættur, en það hefði þó verið mjög gott, að hann hefði verið hér mættur við þessar umr., því að hann hefur auk þeirra þriggja ráðh., sem hér hafa gert grein fyrir ástæðunum fyrir gengisbreytingunum, gefið sína skýringu á gengisfellingu. Hann sagði hér við umr., eins og hv. þm. sennilega flestir muna, fyrir nokkrum dögum, þegar verið var að ræða það ástand, sem skapazt hefði hjá þjóðinni í sambandi við afbrot unglinga, þá kom hann með há óvæntu skýringu hjá þjóðinni, á meðan viðreisnarstjórnin sat, og tilgreindi alveg sérstaklega, að gengisbreyting væri að vissu marki undirrót að því ástandi, sem þá var verið að ræða, og hann sagði, að gengisfellingar væru siðspillandi fyrir þjóðfélagið. Nú hefði verið ákaflega gaman að spyrja hæstv. iðnrh. að því, ef hann hefði verið hér mættur, hvernig hann telji sig geta afsakað það að standa nú að því, að gengi krónunnar verði fellt, þegar hann er fyrir fáum dögum búinn að lýsa því yfir hér úr þessum ræðustól, að hann telji, að gengisbreytingar hafi siðspillandi áhrif á þjóðfélagið í heild. Ég hygg, að það sé a. m. k. ákaflega erfitt fyrir hann að komast fram hjá því, að hann verður að horfast í augu við þá staðreynd, að hann er þá að standa fyrir samþykkt hér á Alþ., sem hann hefur sjálfur talið, að væri m. a. auk annarra ókosta, sem hann þá greindi frá, beilínis siðspillandi og að nokkru leyti orsakavaldur að því ástandi, sem hér var rætt um fyrir nokkrum dögum, að skapazt hefði vegna aukinna afbrota unglinga. Það getur vel verið, að hann komi þessu öllu heim og saman. En einhvern veginn á ég ákaflega erfitt með að skilja það, að hann geti sloppið frá því að verða að viðurkenna, að ef þetta hefur áður verið siðspillandi, þ. e. gengisbreytingar, þá séu þær jafnsiðspillandi enn í dag, — og það er einmitt gengisbreyting, sem hann er nú að leggja til.

En aðalástæða mín fyrir því að fara hér í ræðustól var þetta, að ég tel, að það þurfi að liggja nokkuð skýrt fyrir, hvort er meira að marka opinbera skýrslu frá Fiskifélagi Íslands um aflabrögði og heildarafla á því tímabili, sem hér um ræðir, frá 1. jan. til 31. okt. árin 1971 eða 1972, eða fullyrðingar hæstv. sjútvrh. Ef það er svo, að maður getur ekki lengur treyst skýrslu Fiskifélagsins, þá þarf vissulega hæstv. ráðh., sem þessi stofnun heyrir undir, að gera þær ráðstafanir, að þm. sé óhætt að treysta þeim skýrslum, sem það sendir frá sér. En ég hygg, að hann þurfi engar áhyggjur að hafa af þessu, því að skýrslur Fiskifélagsins hafa alltaf verið það plagg, sem þjóðin öll hefur getað treyst, að hefði inni að halda þær réttustu upplýsingar, sem fyrir hendi væru á hverjum tíma um öll mál varðandi sjávarútveginn. Ég hygg, að það sé sanni nær, að hæstv. ráðh. hafi lagt þetta ofurkapp á að telja Alþ. og þjóðinni trú um, að minnkandi aflamagn væri aðalorsökin fyrir efnahagsvandanum, vegna þess að hann telji sig þurfa að hafa einhverja afsökun sem einn af ábyrgum aðilum innan ríkisstj. fyrir því, hvernig á að gera grein fyrir hinu breytta og versnandi efnahagsástandi, síðan núv. hæstv. ríkisstj tók við.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. óskaði eftir því í dag, þegar hann hóf mál sitt, að þetta mál mætti komast í gegnum Alþ. helzt í dag. En hæstv. ráðh. byrjaði með því að flytja langa ræðu og lesa upp úr skjölum. Aðrir hæstv. ráðh. hafa einnig haldið nokkuð langar ræður í þessu máli. Getur það ekki verið til þess að greiða fyrir framgangi þess eða flýta fyrir því, að það megi fram ganga. Ég hafði hugsað mér, að það væri eðlilegt að verða við óskum forsrh., þegar hann bar þessa ósk fram í dag, og taka ekki til máls við þessa umr. En þegar ég hafði hlustað á hæstv. ráðh. og málflutning þeirra, gat ég ekki orða bundizt, eins og þar stendur. Málflutningur þeirra var í senn ósanngjarn og óskynsamlegur. Ég verð að segja, að alveg eru undur, hvað þessir hæstv. ráðh. geta verið kotrosknir, þegar þeir standa hér á Alþ. frammi fyrir þingheimi og alþjóð með þetta frv. í höndum sér. Frv. er afleiðing af því, að gengi íslenzkrar krónu hefur verið fellt í því góðæri, sem nú er í landinu. Það eru engin dæmi til þess áður, að á Íslandi hafi gjaldmiðillinn verið felldur í góðæri, þegar ekkert bjátar á. Það eru engin dæmi til þess heldur í vestrænum löndum á friðartímum, að þetta hafi átt sér stað.

Þess vegna er það, að menn eru farnir að segja, að hæstv. ríkisstj. sé dæmalaus.

Menn leita eftir orsökum að því, hvernig á því stendur, að nú er verið að glíma við efnahagsvanda, þegar vel árar, bæði til lands og sjávar. Vissulega er það rétt, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði hér áðan og hafði eftir aflaskýrslum Fiskifélagsins, að aflamagnið hefur ekki minnkað, og þess vegna er ekki hægt að afsaka þessar gerðir með aflabresti, eins og hæstv. ráðh. leitast við að gera. Ekki er heldur hægt að afsaka þær með því, að verðlækkun hafi orðið á útflutningsafurðum þjóðarinnar. Verðlag á útflutningsafurðum landsmanna hefur aldrei verið hærra en nú, og verðmætisaukningin á útflutningnum er geysilega mikil. Ef við tökum árið 1970, þá er útflutningsverðmæti rúmlega 10000 millj. kr., 1971 11500 millj., og talið er, að það verði í ár 12500 millj. og e. t. v. meira, vegna þess að fiskverðið hefur enn verið að hækka, einnig lýsið og þó sérstaklega mjölið. En samt sem áður er verið að lækka gengi íslenzkrar krónu. Dettur nokkrum manni í hug, að það hafi verið rétt stjórnað, þegar þarf að gripa til þessara ráða eins og nú stendur á? Dettur nokkrum manni í hug, að það hefði þurft að lækka gengi íslenzkrar krónu með vaxandi útflutningsverðmæti þjóðarinnar og góðæri, ef ekki hefði verið illa stjórnað undanfarin missiri?

Það hefur oft verið vitnað til þess, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér í hv. Alþ., að það hefði engum dottið í hug að lækka gengi íslenzku krónunnar sumarið 1971 við stjórnarskiptin. Það voru vitanlega engar fréttir, þótt hæstv. forsrh. lýsti því yfir, vegna þess að allir vissu, að ástand þjóðmálanna var þannig þá, að slíkra aðgerða var ekki þörf. Þá var þjóðarhagur með blóma. Þá höfðu atvinnuvegirnir góða afkomu, og þá hafði fólkið í landinu fengið óumdeilanlega 19.5% kaupmáttaraukningu frá hausti 1970 til vors 1971. Þannig stóðu málin, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Hún hefur sjálf viðurkennt, að hún hafi tekið við blómlegu búi, að hún hafi fengið góðan arf frá fyrrv. stjórn. En hvað hefur gerzt á þessum þremur missirum? Hvernig stendur á því, að við erum nú að glíma við stóran efnahagsvanda? Hæstv. ríkisstj. hefur haft fjölmenna sérfræðinganefnd í sinni þjónustu frá því í sumar til þess að benda á leiðir til lausnar vandanum, ágæta menn, eins og hæstv. ríkisstj. hefur lýst þeim. En þeir voru ekki eins góðir að áliti fyrrv. stjórnarandstöðu, þegar hinir sömu menn voru að vinna fyrir viðreisnarstjórnina. Ég býst við því, að þessir ágætu sérfræðingar hafi unnið sitt verk af þekkingu og beztu sannfæringu. Og þeir hafa vissulega viðurkennt, að það sé efnahagsvandi á ferðum. Þeir hafa bent á, að stjórnarathafnirnar og stjórnarstefnan væri e. t. v. ekki í lagi.

Hæstv. ríkisstj. var bjartsýn, þegar hún tók við völdum, og það var eðlilegt. Það var eðlilegt, að hún væri bjartsýn, miðað við allar aðstæður. Vitanlega hafa þessir ráðh. ætlað sér að vinna störfin vel, ekki dettur mér annað í hug. En giftan hefur ekki verið með þeim. Það hefur elt þá lánleysi. Það er vissulega raunalegt, þegar mönnum er gefið tækifæri og aðstaða til þess að vinna vel, ef allt fer úrhendis og illa er gert, þegar vel mátti gera. Ég býst við því, að hæstv. ráðh., sem reyna í dag að vera kotrosknir og herða sig upp, séu ekki eins hraustir, ef það mætti skyggnast inn í þeirra sálarlíf. Mér dettur ekki í hug annað en að þeir sjái, að þeir hafi illa gert, og þeir hafi tilhneigingu til þess að iðrast þess að hafa ekki staðið betur í starfinu heldur en raun ber vitni.

Hæstv. ríkisstj. hefur frá því fyrsta, að hún kom til valda, unnið beint eða óbeint — við skulum segja óviljandi eða af fávísi — að því að kynda undir dýrtíðina. Það byrjaði strax á miðju sumri 1971. Það hefur verið sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi þá slegið upp veizlu mikilli og hún hafi bundið fyrir augun og ekki gert sér grein fyrir því, að þegar ausið er úr sjóðum, hvað sem þeir heita, þá tæmast þeir. Ríkissjóður stóð vel við stjórnarskiptin, og það var stefnt að því á árinu 1971 að hafa greiðsluafgang hjá ríkissjóði, eins og var á árinu 1970. Það var mikið af fjármunum einnig í öðrum sjóðum, sem nú eru tæmdir. Þegar átti að fara að afgreiða fjárl. fyrir árið 1972 á haustnóttum 1971, var stjórnin enn bjartsýn. Hún lagði fram fjárlagafrv. greiðsluhallalaust og sagði, að það mætti afgreiða fjárl. fyrir næsta ár án þess að leggja á nýja skatta. Þannig var það í okt., þegar frv. var lagt fram. En þá var ekki reiknað með, að það þyrfti að borga fyrir veizluna, sem byrjaði í júlímánuði. Hún stóð í 5 mánuði af árinu, og hún kostaði geysilegar fjárfúlgur. Það var þess vegna, sem það kom á daginn seint í nóv. og í des. 1971, að það þurfti að afla fjár til þess að fá fjárl. greiðsluhallalaus 1972, a. m. k. á pappírnum, þótt hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir því í okt. Fjárl hækkuðu 1972 um 5500 millj. kr. eða 50% frá því árið áður. Hæstv. ríkisstj. vildi kenna fyrrv. ríkisstj. um þetta. Fyrrv. fjmrh. gerði grein fyrir því, hvað það var, sem núv. ríkisstj. hafði tekið við vegna aðgerða fyrrv. stjórnar. Það voru um 1000 millj. kr. En umfram tekjur fjárl. 1971 höfðu orðið um 1700 millj. kr., svo að það var ekki erfitt að taka við því, — að fá 1700 millj. til þess að borga 1000 millj. En ekkert dugði hæstv. ríkisstj. Fjárl. hækkuðu, og hæstv. ríkisstj. og málgögn hennar kenndu fyrrv. ríkisstj. um.

En nú mundi einhver vilja spyrja: Ætlar hæstv. ríkisstj. að reyna að kenna fyrrv. ríkisstj. um hækkun fjárlaga ársins 1973 frá árinu 1972? Nei, hæstv. ráðh. reyna það ekki. Þeir vita, að það er tilgangslaust. En þar sem þeir reyna ekki að kenna fyrrv. ríkisstj. um hækkun næsta árs fjárl., geta þeir engum öðrum kennt en sjálfum sér. Þetta er einn vitnisburður um það, hvernig þessir hæstv. ráðh., sem í eðli sínu eru góðir menn, hafa unnið öfugt og illa og skapað erfiðleika og öngþveiti, sem við nú erum að basla við að greiða úr. Þetta er ekkert gamanmál. Það er ekki eðlilegt, þótt hæstv. iðnrh. reyni að brosa, bros hans er ekki eðlilegt, heldur er það mjög kuldalegt.

En hæstv. samgrh. talaði hér af hreinskilni áðan, — ég skrifaði það eftir honum, — hæstv. ráðh. sagði: Ríkisstj. er e. t. v. völd að gengislækkuninni nú. Hæstv. ráðh. kinkar kolli og samþykkir, að hann hafi sagt þetta, enda var það rétt skrifað: e. t. v. völd að því, að við

þurfum að fara í gengislækkun nú. — En ég var ekki samþykkur að öllu leyti því, sem hæstv. ráðh. sagði á eftir. Hann sagði, að það væri vegna mikilla kauphækkana. Það má vel vera, að það megi rekja það að einhverju leyti til kauphækkana. En ég held, að kauphækkunin sjálf, grunnkaupshækkunin, sé ekki völd að þessu. Ef dýrtíðarhjólið hefði ekki verið látið snúast hömlulaust og vísitalan vinda upp á sig í heilt ár, án þess að nokkuð væri gert, þá held ég, að það hefði verið hægt að sigla fram hjá efnahagsvandanum þrátt fyrir kauphækkunina. Þá hefði fólkið fengið kaupmáttaraukningu á árinu 1972, eins og það fékk 1970—1971. En vegna verðbólgunnar og aðgerðaleysis ríkisstj. í dýrtíðarmálum hefur þessi kauphækkun, sem átti að verða kaupmáttaraukning og kjarabót, runnið út í sandinn að langmestu leyti. Hafi það ekki gerzt að fullu nú, þá er hætt við, að það litla, sem eftir er, fari með þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera. Ég held satt að segja, að það hefði vel verið unnt að halda vísitölunni niðri, eins og gert var frá hausti 1970 fram í júlí 1971, ef ríkisstj. hefði beitt skynsamlegum aðgerðum, eins og fyrrv. ríkisstj. gerði.

Hæstv. samgrh. nefndi kauphækkun til sjómanna og sagði, að hún væri 30%. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé rétt, sem hæstv. ráðh. sagði. En mig undrar það ekkert, þótt sjómenn fái 30% hækkun, á sama tíma sem fiskverðið hefur hækkað í markaðslöndunum um 35—40%. Það hefur hækkað um það á þessum tíma. Það er sannarlega ekkert hrósvert, þó að sjómenn hafi notið þess að einhverju leyti, og hefði ekki átt að setja efnahagskerfið úr skorðum, þótt sjómenn nytu þess, að fiskverð hækkaði erlendis. Þessi rök hæstv. ráðh. eru þess vegna út í hött, og satt að segja er ég dálitið undrandi á því, að hann skuli bera þetta fram. Kaupgreiðsluvísitalan er 117 stig, eins og menn vita, en í rauninni er hún talsvert meira. Með verðstöðvunarl. í sumar var frestað 2.5 vísitölustigum, með því að Alþýðusambandið lét það átölulaust, þótt það biði til áramóta. Sama gerðu bændur. Þeir létu það átölulaust, að frestað væri að endurskoða verðgrundvöll búvara til áramóta, enda þótt fjármagnskostnaður hjá bændum hafi aukizt mikið upp á síðkastið og er augljós, eftir að nýja fasteignamatið tók gildi. Það verður því að ætla, að nú við áramót komi 2.5 stiga vísitala, sem var geymd s. l. sumar, og hækkun búvara, sem einnig var geymd til áramóta. Má því ætla, að vísitalan sé nú raunverulega 122 stig.

Vísitalan fer óhjákvæmilega upp við þær aðgerðir, sem nú er verið að gera, og dýrtíðin hlýtur að magnast. Það hefur verið reiknað út, hvað þetta kynni að verða á tímabilinu janúar—júlí 1973. Það er gert ráð fyrir því af reiknings-fróðum manni, að kaupgreiðsluvísitalan mundi verða 126 eða 127 stig á miðju næsta ári með sömu niðurgreiðslum og nú gilda. Þá eru það 9 eða 10 stig, sem þarf að greiða niður til þess að halda kaupgreiðsluvísitölunni óbreyttri. Nú sögðu hæstv. ráðh. í dag, að það mundi kosta 1000 millj. kr. að halda vísitölunni niðri. Að vísu koma þessi 9 eða 10 stig ekki á allt árið, en á meiri hluta ársins, að ég hygg. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað kostar að greiða niður hvert vísitölustig til jafnaðar, þetta hefur breyzt dálítið á síðustu tveimur árum, en mér var sagt í dag, að það mundi vera til jafnaðar 200 millj. Ég vil ekki ábyrgjast það. Segjum, að það væri eitthvað minna og að þessi 9—10 stig séu ekki allt árið, heldur sem svarar ¾ úr ári. Segjum, að þá væru bara 7—8 stig, sem þyrfti að greiða allt árið, og hvert stig kostaði ekki nema 200 millj. kr. Þá verða þetta 1400—1600 millj. kr. Til viðbótar kemur niðurgreiðsla skv. brbl. um verðstöðvun til áramóta. Þá upphæð vantar einnig í fjárlfrv. Mér er alveg ljóst, að þetta getur munað 100, kannske 200 millj. En þessi stærðargráða er það sem næst. Verði vísitalan ekki greidd niður, hækkar dýrtíðin og atvinnuvegirnir geta stöðvazt.

Útgerðarmenn og aðrir, sem eru kunnugir útgerð og fiskverkun, hafa fullyrt við mig í dag, að þessi gengislækkun sé ekki nóg fyrir útveginn. Það eru ekki mín orð, og ég vil ekkert fullyrða um það. Ég segi aðeins það, sem kunnugir menn telja vera. Talið er, að bátaflotinn geti ekki farið á sjó eftir áramótin, ef hann fær ekki eitthvað meira en þessa gengislækkun, og það muni verða taprekstur hjá frystihúsunum þrátt fyrir gengisbreytinguna, ef ekkert kemur annað til.

Nú sagði hæstv. samgrh. hér í kvöld, — þegar hann var að lýsa valkostunum og umr. í ríkisstj. um þessi mál, að hann hefði ekki viljað dansa eftir þeirri leið, sem verst var. Eftir að hann hafði sagt þetta, lýsti hann því, hvaða leið hæstv. forsrh. hefði viljað fara. Það var að hækka söluskattinn um 5% og taka innflutningsgjald. Þetta var versta leiðin, sagði hann. Hæstv. ráðh. sagði þetta. (**Félmrh.:** Það var Alþýðubandalagsleiðin með innflutningsgjaldið) — Alþb.-leiðin, jæja. Þá hafa báðir flokkarnir, sem styðja hæstv. samgrh., viljað fara verstu leiðina. Nú var hæstv. samgrh. að lýsa sínum samstarfsmönnum með þessu. Hann vildi ekki dansa verstu leiðina. Þess vegna kom hann með gengislækkun. En það skyldi nú ekki vera, að bæði Alþb.-menn og framsóknarmenn hafi fengið nokkuð af því, sem þeir hafa óskað, söluskattinn eða yfirfærslugjaldið, uppbótaleiðina? Það skyldi ekki vera, að hæstv. ríkisstj. ætli að gera hvort tveggja, að lækka gengið og fara í uppbótakerfið? Það kemur á daginn, hvað verður. En ef útgerðinni nægir ekki gengislækkunin, þá verður hún að fá eitthvað meira, því að útgerðin verður þó að fara af stað. Hæstv. sjútvrh. hefur oft sagt, að það væri óverjandi, að bátaflotinn færi ekki af stað strax við áramót. (**Sjútvrh.:** Ég vil segja það enn þá.) Og þá er það, að hæstv. viðskrh. fær ósk sína uppfyllta að halda uppbótakerfinu við, a. m. k. að einhverju leyti, þrátt fyrir gengislækkunina, ef það er rétt, sem reyndir útgerðarmenn halda fram í sambandi við þetta. Þá er það ekki gæfulegt, sem er að gerast. Það hleður allt utan á sig.

Ekki ætla ég, eins og hv. 7. þm. Reykv., að spá neitt um það, hvenær hæstv. ríkisstj. leggur upp laupana, hve lífdagar hennar verða langir. En eitt vil ég segja, að það er alvarlegt mál fyrir íslenzku þjóðina, ef þessi hæstv. ríkisstj. ætti eftir að sitja lengi og stjórna eins og hún hefur gert að undanförnu. Ég get vel trúað því,

að hæstv. ríkisstj. reyni að sitja svo lengi sem sætt er. Hún ætlar sér að gera bráðabirgðaráðstafanir á ýmsum sviðum. Hún er að ýta þungu hlassi á undan sér, og hún getur það eitthvað, næstu mánuði, kannske lengur. En þetta hlass verður þungt og óviðráðanlegt, áður en lýkur. Hæstv. ríkisstj. mun gera það, sem hún getur, til þess að innheimta skatta, tolla og álögur af þjóðinni til að viðhalda sem lengst því stjórnarfari, sem nú er hafið í þessu landi.

Hæstv. ráðh. hafa talað um, að hún væri allt annars eðlis, þessi gengislækkun, heldur en gengislækkanir viðreisnarstjórnarinnar. Þetta er rétt. Hún er allt annars eðlis. Viðreisnarstjórnin hefði aldrei farið að lækka gengið á góðæristímum, og það er hraustleikamerki hjá hæstv. ráðh., þegar þeir eru að tala um það sem einhverja sök viðreisnarstjórnarinnar, að gengisskráningin var leiðrétt 1960 eftir valdaferil fyrri vinstri stjórnarinnar, sem ýtti á undan sér hlassinu, á meðan hún gat, og yfirfærslugjaldið var orðið 55%. Í bönkum var krónan skráð á margföldu gengi. Þegar viðreisnarstjórnin tók við og fór að byggja á rústum vinstri stjórnarinnar og skrá gengið eins og allar menningarþjóðir gera, skrá það rétt, þá er það notað sem sakargift á viðreisnarstjórnina.

Þá er það gengislækkunin 1961. Það var kallað hérna fram í. Það hefur verið upplýst svo oft, og ég veit, að einnig sá, sem kallaði fram í, eða þeir vita, að sú gengislækkun byrjaði með gengisbreytingu pundsins og of miklum kostnaði, sem orðinn var við framleiðsluna.

Svo er það 1967 og 1968, þegar útflutningsverðmætið minnkaði um nærri 50%. Hvaða ráðstafanir mundi núv. hæstv. ríkisstj. gera, ef það vildi aftur til eitthvert slíkt óhapp sem þá var? Við skulum vona, að það komi ekki fyrir aftur. En hvað mundi núv. ríkisstj. gera, ef slíkt óhapp kæmi, þegar hún þarf að ráðast í það að lækka gengið, á meðan útflutningsverðmætið er stígandi, eins og nú er, og vel árar á flestum sviðum? Það verður að viðurkenna það, — enda veit ég, að hæstv. ráðh. og stjórnarflokkarnir gera það sín á milli, — að það var ekki mögulegt annað 1967 og 1968 heldur en að lækka gengið, — viðurkenna það, vegna þess að það hafði lækkað vegna rýrnunar á aflaverðmæti og geysilegrar verðlækkunar á útflutningsafurðum.

Það hefur verið rætt um tekjuþörf ríkissjóðs, og það kemur í ljós, hve mikil hún er, sennilega á morgun. Hæstv. fjmrh. hefur lofað að láta a. m. k. fjvn. fá lista yfir tekjuöflunarráðstafanir fyrir ríkissjóð. En það er vonandi, — ef fjárl. á að afgreiða á þessum dögum fyrir jólin, sem ég sé erfiðleika á, en reynslan sker úr því, að hæstv. ríkisstj. hafi þá gert sér grein fyrir tekjuþörfinni fyllilega, gert sér grein fyrir því, hversu mikils fjár þarf að afla, til þess að fjárl. geti orðið greiðsluhallalaus. Ég skal ekki fara nánar út í það mál. Það gefst tækifæri til þess við fjárl., þegar gögnin hafa verið lögð á borðið. En það fer ekki hjá því, að fjárl muni verða 22—23 þús. millj. kr. það minnsta, og er það þá meira en 100% hækkun frá fjárl. ársins 1971. Það er enginn vafi á því, að þetta er met í hækkunum á fjárl. Slíkt hefur aldrei gerzt á Íslandi áður, og ég hygg, að slíkt hafi aldrei gerzt í nokkru öðru landi á friðartímum. Að þessu leyti á hæstv. ríkisstj. met í verðhækkunum. Því miður er útlit fyrir, að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. nú er að gera, verði til þess að kynda undir áframhaldandi verðbólgu og leiði til kjaraskerðingar fyrir almenning

Hæstv. samgrh. spurði að því, hvað stjórnarandstaðan mundi leggja til að gera, hvort hún væri á móti því, sem hér er um að ræða, eða ekki. Ég hef lýst því, að við hefðum ekki viljað setja fótinn fyrir þetta frv. En krónan hefur verið felld, og því verða ekki greidd atkv. um það. Við viljum sjá öll gögn á borðinu. Þau hafa ekki komið enn. Það mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum að segja okkar skoðun á málinu, hverju við fylgjum og hverju við erum á móti. En hæstv. ráðh., sem voru 12 ár í stjórnarandstöðu, ættu að minnast þess, að þeir fengust aldrei til þess að gera nokkra till. í efnahagsmálum á 12 ára tímabili. Það er kokhreysti hjá sömu mönnum að krefjast þess skilyrðislaust af stjórnarandstöðunni nú, að hún komi með gagntill., áður en öll gögn hafa verið lögð á borðið. Þótt stjórnarandstaðan hafi fengið gögn frá valkostanefndinni, þá er þar ekki allt, sem við þurfum að sjá. Það kemur kannske á morgun. Hæstv. ráðh. skyggnast inn í fleira en við höfum aðstöðu til að gera, óbreyttir alþm. En það væri gott fyrir hæstv. samgrh. og fleiri hæstv. ráðh. að minnast þess, að þeir fengust aldrei til þess að gera till. í efnahagsmálum, á meðan þeir voru í stjórnarandstöðu í 12 ár. (Gripið fram í.) Það er alveg öruggt, að sjálfstæðismenn taka afstöðu. Það þarf hæstv. samgrh. ekki að óttast. Við munum taka afstöðu, og við munum taka ábyrga afstöðu.

En það er sú hætta á ferðum nú, að það sé nokkurn veginn sama, hvers konar till. hæstv. ríkisstj. fær í hendur. Jafnvel þótt þær væru ágætar, þá er hætt við, að framkvæmdin verði þannig, að þær verði vondar í reynd. (Gripið fram í: Við erum svo óvanir að framkvæma gengislækkun, að við verðum að fá menn að láni.) Óvanir? Eitt er víst, að hæstv. ráðh. hefur ekki heppnazt að gera það, sem nauðsynlegt er að gera. Og þegar hv. 3. landsk. þm. játar mistökin hreinlega frammi fyrir þingheimi, þá er það viðurkenning, sem síður verður rengd heldur en þótt hún kæmi frá stjórnarandstöðunni, því að hv. 3. landsk. ætlar að styðja hæstv. ríkisstj. þrátt fyrir skyssurnar. Það er svipað því, sem einn hv. þm. sagði hér á síðasta ári, þegar var verið að afgreiða fjárl.: Mér er alveg sama, hvað þessi fjárlög eru vitlaus, ég ætla samt að greiða atkv. með þeim. — En ég hefði nú unnað kunningja mínum hv. 3. landsk. betri kosta en að styðja hæstv. ríkisstj., hvað sem hún gerir.

Það er ljóst, og það er ekki hægt fyrir það að þræta, að þeir erfiðleikar, sem við erum nú að glíma við, eru heimatilbúnir. Það getur enginn með sannfæringu fyrir það þrætt, vegna þess, að þegar hæstv. ríkisstj. kom í valdastólana, voru atvinnuvegirnir í blóma og þjóðarbúið var gott, ríkissjóður með góðan fjárhag og aðrir sjóðir með mikla fjármuni. (Gripið fram í: Og þó var nefnd hrollvekja.) Og síðan hefur verið góðæri. Ja, hrollvekjan var fyrir hendi. Ef ekki

væri haldið rétt á málum, þegar verðstöðvuninni lauk haustið 1971, þá hlaut að vera hrollvekja fram undan, ef ekki væri áfram haldið að hamla gegn verðbólgu. Hrollvekjan kom með núv. stjórn, það held ég, að engum geti dulizt. Það er hætt við því varðandi þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera, að framkvæmdin fari þannig úr hendi, að vandinn aukizt. Loforð hæstv. ríkisstj. hafa ekki verið efnd, og það hefur verið á það minnt, að hún hafi lofað því að lækka ekki gengið. Hæstv. forsrh. kannast ekki við, að það hafi verið meint í stjórnarsamningnum, að ríkisstj. ætlaði alls ekki að lækka gengið, þótt hún sæti lengi að völdum og hvernig sem áraði. Látum það vera, hæstv. ráðh. segir að það beri að skilja stjórnarsamninginn þannig. Flestir munu hins vegar þó skilja stjórnarsamninginn þannig, að í honum felist loforð um að lækka ekki gengið á kjörtímabilinu, ef stjórnin situr svo lengi. En látum það vera og vitnum aðeins í það, sem hæstv. ráðh. hafa sagt síðan frammi fyrir alþjóð í sjónvarpi, í hljóðvarpi, og það, sem er birt eftir ráðherrunum innan tilvitnunarmerkja í blöðum. Fyrir það verður ekki þrætt. Nú skal ég ekki deila sérstaklega á hæstv. ríkisstj. fyrir það, þótt hún bregðist þessu loforði, vegna þess að það er í svo mörgum öðrum málum, sem hún hefur einnig brugðizt og ekki staðið við, eins og að halda verðbólgunni niðri, þannig að það verði ekki meiri verðhækkanir hér en í nágrannalöndunum, að bæta kjör almennings, auka kaupmáttinn um 20% á 2 árum, — það sjá víst allir, að það hefur verið svikið, ekki verið efnt. Hæstv. ráðh. eru að mestu hættir því að hrósa sér af kaupmáttaraukningunni, sem þeir voru svo oft að tala um fyrir hálfu ári.

Það er nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. skoði huga sinn og geri sér grein fyrir því, að það fylgir því ábyrgð að vera í ríkisstj. Ríkisstj. hefur ekki tekizt að vinna að málunum á farsælan hátt, eins og hún hefði viljað og eins og hún hefur lofað. Það er nauðsynlegt, að núv. ráðh. hætti stjórnarstörfum sem allra fyrst. Það er nauðsynlegt, að þeir taki hug sinn til endurskoðunar og gefi þjóðinni tækifæri til þess að kjósa nýjan þingmeirihluta, svo að unnt verði að mynda starfhæfa meirihlutastjórn í landinu sem allra fyrst.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Erlendur stjórnmálamaður komst eitt sinn svo að orði: Ef maður hefur lofað einhverju fyrir kosningar, sem hann getur svo ekki staðið við, þá verður hann líka að vera maður til að svíkja það eftir kosningar. — Ég held, að enginn geti láð mér, þó að mér komi þessi gamla saga í hug, þegar ég virði fyrir mér, hvernig ástatt er fyrir hæstv. núv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum.

Í sambandi við gengislækkunina, sem út af fyrir sig liggur alls ekki hér fyrir til atkvgr., vegna þess að hún er þegar gerður hlutur af ríkisstj., þá er rétt aðeins að virða fyrir sér nokkuð forsögu þessa máls, því að fram til ársins 1961 var sú skipan þessara mála, að gengi íslenzku krónunnar var ákveðið í lögum. Það var ekki unnt að breyta gengisskráningunni nema með venjulegri löggjöf frá Alþ. Þáv. ríkisstj. ákvað að breyta þessu og koma í það horf, að það væri Seðlabanki Íslands með samþykki ríkisstj., sem ákvæði gengið hverju sinni. Þegar þessi breyting var til umr. á Alþ. 1961—1962, beittu núv. stjórnarflokkar sér allir mjög eindregið á móti henni, kröfðust þess, að það væri Alþ. eitt, löggjafarvaldið, sem gæti ákveðið gengið. Þeir notuðu þar sterk orð og ekki sízt hæstv. núv. bankamála- eða viðskrh., sem mótmælti því þannig í nál. og ræðum, að þetta væri tilræði við þingræðið, það væri Alþ. eitt, sem ætti að ákveða gengið. Og hv. núv. stjórnarflokkar og þm. þeirra lögðu svo mikla áherzlu á þetta atriði, að þeir greiddu allir með tölu atkv. gegn því, að þetta frv. gengi til 2. umr. í þessari hv. d., sem er mjög óvenjulegt. Þessi breyting var samt sem áður gerð. Þegar kemur svo að því, — að sjálfsögðu þjóðinni mjög á óvart, — að núv. ríkisstj. ákveður að grípa til gengislækkunar, þá hefði mátt ætla, ef eitthvert samræmi væri í orðum og gerðum, að stjórnin hefði þá lagt fyrir Alþ. frv. til laga um það, að Alþ. skuli aftur taka í sínar hendur ákvörðunarvaldið um gengisskráningu og ákveða gengið í þetta sinn. Þetta gerði ríkisstj. ekki. Hún hefði þá getað valið annan kost, og það er að bera málið undir Alþ., áður en að ákvörðunin var tekin, annaðhvort sem till. til þál. eða í öðru formi, til að fá samþykki Alþ., áður en ákvörðunin var tekin. Hvorugt gerði ríkisstj., þrátt fyrir það að hún hefði fyrir nokkrum árum talað um það sterkum og stórum orðum, að samkv. kröfu þingræðisins á réttum leikreglum væri það Alþ. eitt, sem ætti að ákveða gengið. Meira að segja hafði hæstv. ríkisstj. ekki svo mikið við alþm. að láta þá vita af þessu, þó að hún bæri það ekki undir samþykki þeirra, heldur lét þm. frétta um þessa gengislækkun í fjölmiðlum. Það er rétt að rifja upp þennan aðdraganda, af því að hann talar nokkuð sínu máli um orð og gerðir.

Þegar gengið var til Alþingiskosninga síðast, einkenndi það mjög baráttu allra núv. stjórnarflokka, að gengisbreytingar viðreisnarstj. væru víti til varnaðar og því mætti treysta, að ef þeir kæmust til valda, yrði gengisbreytingu ekki beitt sem hagstjórnartæki eða leið út úr efnahagsvanda. Þetta var kosningaboðskapur allra núv. stjórnarflokka og kjósendur þeirra hafa vissulega trúað því, að þessu mætti treysta, að mynduðu þeir stjórn og réðu meiri hluta á Alþ., yrði ekki farið að grípa til gengislækkana sem úrræða í efnahagsvanda. Stjórnin var svo mynduð, og í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði, sem benda mjög til þess, að ekki ætti nú að grípa til gengislækkana. Í kaflanum um kjaramál í stjórnarsáttmálanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengislækkana og óðaverðbólgu."

Í þessum formála er því bent sérstaklega á, að barizt verði gegn óðaverðbólgu og gengislækkunum. Ég held, að engum hafi dulizt, hvað í þessu fólst. En síðan kemur setningin, sem hæstv. ríkisstj. vitnar nú alltaf í, þar sem segir,

að ríkisstj. muni ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum. Auðvitað skildu menn þetta þannig á sínum tíma, þegar stjórnin var mynduð, að ekki ætti að beita gengislækkun gegn vanda efnahagsmála yfirleitt. Nú er þetta túlkað þannig, að eingöngu hafi verið átt við þann vanda, sem þá var. Í því felst það, að með gengislækkuninni í gær er ekki verið að glíma við arfinn frá fyrrv. ríkisstj., sem þeim verður svo tíðrætt um, heldur er það einhver nýr vandi, sem skapazt hefur.

En það er vissulega mjög athyglisverð túlkunaraðferð á stjórnarsáttmálanum, að þetta og þetta ákvæði eigi eingöngu við það ástand, sem var, þegar stjórnin var mynduð. Ég held, að hv. stjórnarflokkum gæti komið til hugar að nota þessa sömu túlkunaraðferð kannske síðar í öðrum samböndum. Við skulum segja t. d., að í stjórnarsáttmálanum er talað um varnarsamninginn við Bandaríkin. Hann skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum, og skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu. Í samræmi við þessa túlkun á gengislækkunarklausunni, mætti vel segja, ef þeir hætta við að láta varnarliðið fara, — það var auðvitað átt við það varnarlið, sem var, þegar samningurinn var gerður, og nú er það þannig samkv. föstum reglum, að hermennirnir eru hér aðeins eitt ár, þeir sem einhleypir eru, en fjölskyldumennirnir í mesta lagi tvö ár, — að áður en kjörtímabilið er á enda, verður allt varnarliðið, sem þá var, horfið af landi brott og málið þar með leyst, samningurinn að fullu efndur. Það má segja, að þessi nýja túlkunaraðferð hæstv. forsrh. og ríkisstj. að skýra ákvæðin sem þau eigi aðeins við þennan og þennan vanda, sem þá var, — þessi túlkunaraðferð, svo að maður vitni í gamalt orðtak getur orðið þeim „geysihagleg geit".

Nú er það svo, að þrátt fyrir allt, sem á undan er gengið um viðhorf núv. stjórnarflokka til gengislækkunarmálsins, þá afrekuðu þeir það samt á fyrsta misseri sinnar ævi að lækka gengi íslenzku krónunnar um 8½%. Þetta var reyndar afsakað með því, að dollarinn hefði lækkað og íslenzka krónan yrði að fylgja honum. Nú er það þannig, að flestar okkar nágrannaþjóðir héldu sínu gengi óbreyttu miðað við gull þrátt fyrir fall dollarans. Út af fyrir sig var ekki brýn nauðsyn að láta íslenzku krónuna falla jafnmikið og dollarinn var lækkaður. Að vísu er langstærsti markaðurinn fyrir okkar útflutningsafurðir í Bandaríkjunum. Hugsanlegt var að fara hér einhverja millileið eftir því magni og verðmæti, sem við seldum til ýmissa landa. Ríkisstj. ákvað að fylgja dollaranum að fullu, og áður en eitt missiri var liðið af hennar ævi, hafði hún lækkað gengið um 8½% og nú lækkar hún það aftur um 10.7%. Er nú svo komið, að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði á ævisskeiði þessarar stjórnar um 21.6% og eru þá ekki tekin með þessi 2.25%, sem farið er fram á í því frv., sem hér liggur fyrir, að heimilt sé að hækka eða lækka gengið um, og getur þessi lækkun því innan skamms orðið nokkru meiri. Það hefði einhverjum þótt fyrirsögn fyrir síðustu kosningar, þegar stjórnarflokkarnir og málsvarar þeirra börðu sér á brjóst, sóru og sárt við lögðu, að gengislækkun væri bara úrræði viðreisnarstjórnarinnar og ekki kæmi til mála, að þeir færu að beita slíku, — það hefði þótt fyrirsögn, að innan 3 missera eða um það leyti, sem stjórnin hefði lifað 3 misseri, væri hún búin að hækka erlendan gjaldeyri í verði um yfir 20%. En það er staðreynd.

Þegar gengislækkunin á sér stað eða talin er þörf á henni, er brýn nauðsyn og algjör forsenda að taka alla aðalþætti efnahagslífsins til athugunar og gera um þá heildaráætlun til að reyna að fá heildarlausn á öllum helztu þáttum. Þannig var staðið að gengisbreytingunni 1960. Sé talað um mikla gengislækkun 1960, eins og hér hefur verið rækilega bent á, þá er um missögn að ræða. Hér var um það að ræða, að uppbótakerfi með margföldu gengi var breytt yfir í rétt gengi. Þetta var aðalbreytingin, sem gerð var 1960, og þetta margfalda gengi uppbótakerfisins var fyrst og fremst verk fyrri vinstri stjórnarinnar. En um leið og viðreisnarstjórnin ákvað að breyta gengisskráningunni 1960, gerði hún heildaráætlun um alla helztu þætti atvinnu- og efnahagslífs. Þannig voru um leið að sjálfsögðu tekin fjármál ríkisins, fjárlagadæmið, það var tekinn greiðslujöfnuðurinn við útlönd, skattamálin í heild, banka- og útlánamálin, atvinnumálin. Það var reynt að fá heildaryfirsýn yfir alla þessa þætti, og árangurinn birtist einnig í því, að í 3 ár samfellt, — sem ég ætla, að sé einsdæmi í seinni tíma sögu okkar, — í 3 ár samfellt tókst að koma á jafnvægi í íslenzku efnahagslífi, árin 1960, 1961 og 1962. Við höfðum jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, jafnvel nokkurn greiðsluafgang og við söfnuðum álitlegum gjaldeyrissjóði, og okkur tókst þessi ár öll að halda fullri atvinnu. Það var ekkert atvinnuleysi til á þeim tíma.

Nú í dag eru mörg sjúkdómseinkenni á íslenzku efnahagslífi: viðskiptahallinn er stórkostlegur, fasteignir hafa nú á síðustu 2—3 missirum hækkað stórkostlega í verði, þannig að langt er síðan fasteignir hafa hækkað jafnört á jafnskömmum tíma, byggingarvísitalan hefur í tíð þessarar stjórnar hækkað um 29%. Fjárfesting í landinu í heild er of mikil, þannig að stórkostlegt kapphlaup er víða um vinnuaflið með þeim afleiðingum, sem það hefur. Fjárlögin eru orðin með þeim hætti, að þjóðinni stafar voði af. Þegar gjaldaupphæð fjárlaga hefur á 2 árum hækkað úr 11 milljörðum upp í yfir 20 milljarða, þá hlýtur öllum að vera ljóst, að hér er of langt gengið. Þetta þolir þjóðarbúskapurinn ekki.

Þegar ríkisstj. ákveður nú gengislækkun, fylgja ekki með slíkri ákvörðun neinar heildarráðstafanir um alla helztu þætti atvinnulífsins og efnahagslífsins. Það hefur verið minnzt hér á einstaka atriði, sem er verið að gera, sem í rauninni eru hreint kák. Þetta er í þeim mun undarlegra, þegar athugað er, að þessi ríkisstj. hafði sérstaklega ætlað að búa við áætlanagerð um atvinnumál og efnahagsmál. Og eins og segir í kaflanum um atvinnumál í stjórnarsáttmálanum, á að gera áætlanir til langs

tíma og það á að gera áætlanir til skamms tíma, það átti að gera áætlanir um alla skapaða hluti í þjóðfélaginu. En þrátt fyrir þetta hefur allt rekið á reiðanum í efnahagsmálunum. Fyrst þegar ríkisstj. tekur við, er verðstöðvunin, sem verið hafði, framlengd fyrst um sinn til áramóta, til ársloka 1971, til þess að ríkisstj. gæti fengið umhugsunartíma til að gera áætlun um efnahagsmál um lengri tíma. Sú áætlun var ekki tilbúin, og þá var ákveðið um áramót að halda áfram verðstöðvun að nokkru leyti, niðurgreiðslum að nokkru leyti, en draga úr þeim að sumu leyti með þeim afleiðingum, að ýmsar verðhækkanir urðu. Síðan líður næsta missiri. Þá eru gefin brbl. um að stöðva allt og stórauka niðurgreiðslur, vegna þess að ríkisstj., þó að hún hefði haft eitt ár til ráðstöfunar til umhugsunar, þá þurfti hún eitt misseri í viðbót til þess að hugsa sig um. Nú er hún búin að hugsa sig um í 3 misseri, og þá liggur fyrir gengislækkun, án þess að nokkur heildaráætlun um okkar efnahagslíf liggi fyrir.

Þegar spurt er hér um það, hvort við séum samþykkir gengislækkuninni og munum fallast á hana, þá vil ég fyrst endurtaka það, að hún liggur ekki fyrir til atkv. í Alþ., vegna þess að ríkisstj. hefur ekki valið þann kostinn að bera hana undir Alþ. En varðandi gengislækkunina annars vil ég segja það, að hvernig til tekst um hana, það veltur fyrst og fremst á því, hvað gert er á öðrum sviðum þjóðlífsins. Ef verðbólgan heldur áfram á flestum sviðum, eins og verið hefur, þá er gengislækkunin gagnlaus. Ef fjárfestingin og kapphlaupið um vinnuaflið heldur áfram eins og verið hefur, ef hækkanir á fasteignum halda áfram eins og verið hefur, ef viðskiptahallinn verður jafngifurlegur eða allt að því eins og verið hefur og önnur verðbólgueinkenni fá að halda áfram að leika lausum hala, þá er ekkert gagn að gengislækkuninni og jafnvel getur hún verið skaðleg. Ég skal engu spá um það, hvort hún kemur að gagni, en það er víst, að ef ekki verða aðrar aðgerðir henni samfara en þær, sem stjórnin hefur þegar boðað, þá er hætt við, að efnahagslífið stefni áfram út í ógöngur, og þá er hætt við, að þessi leið leysi litt nokkurn vanda, heldur hlaði á sig nýjum búsifjum. Þess vegna má nú búast við, að hæstv. ríkisstj. lifi við harmkvæli úr þessu, unz hún sálast um síðir, vafalaust við mikinn fögnuð fólksins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Mánudaginn 18. des., að loknum 27. fundi

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147). — 3. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd við 2. mgr. 1. gr. þessa frv., ef ég má lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti atkv. ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkv. jöfn, sker atkv. formanns úr."

Nú vita allir, guð og menn, að þetta er hreinasta markleysa og stenzt ekki. Það eru önnur lög, sem ákveða allt annað en þarna segir í þessu frv., sem nú er lagt fyrir hæstv. Alþ. til samþykktar. Í lögum um efnahagsaðgerðir frá í júlí er sérstakt ákvæði þess efnis, að það þurfi samþykki allrar n. til samþykktar um framgöngu máls í verðlagsnefnd. Nú er hins vegar ákveðið um sömu lög, að þau eigi að ganga úr gildi. Þeirra tíma er lokið nú um næstu áramót. En ekki hefur heyrzt neitt frá ríkisstj. um það, hvort þetta ákvæði eða önnur úr þeim lögum verði aftur tekin upp í nýja löggjöf, sem þessi hæstv. ríkisstj. mun flytja samfara ákvörðunum sínum um gengislækkun. Nú vil ég leyfa mér að beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh., hvort ríkisstj. hafi nú komizt að því, m. a. í framhaldi af aðvörunum okkar sjálfstæðismanna, þegar þessi lög voru samþ., að þetta væri dautt og ómerkt ákvæði strax frá í byrjun, eins og hefur mikið til sannazt nú upp á síðkastið, þegar fulltrúar svokallaðra launastétta og ríkisstj. hafa m. a. verið að níðast á leigubifreiðastjórum hér í borginni og notað til þess þetta ágæta ákvæði í þessum l., sem ég vitnaði til. Spurning mín til hæstv. ráðh. er: Í hvorum lögunum er um markleysu að ræða? Á þetta að standa lýðnum til eftirbreytni á komandi tímum, eða verður ákvæði efnahagslaganna tekið upp að nýju í einhverju formi?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það ákvæði, sem hv. þm. spurði hér um, hefur verið þannig orðað í lögum um verðlagsmál til þessa, eins og hér er lagt til. Hins vegar er það, að þau lög, sem í gildi hafa verið um verðstöðvun og gilda aðeins til áramóta, breyttu þessu í framkvæmd. Þau lög ganga úr gildi nú um áramótin, nema þau verði framlengd með einhverjum sérstökum hætti. Mér er ekki kunnugt um, að uppi séu óskir um að taka upp það ákvæði, sem er um stöðvunarvald í þeim lögum, og því tel ég rétt að halda sig við orðalagið eins og það er í þessu frv. og eins og það hefur verið, af því að mér er ekki kunnugt um, að neinir óski eftir framlengingu á því ákvæði, sem er í verðstöðvunarlögunum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 29. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál. Þetta er frv. í mjög svipuðum

stíl og frv., sem hafa verið lögð fyrir Alþ. á nokkrum undanförnum þingum, en eins og kunnugt er hefur sú skipan, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. um verðlagsnefnd, verið í gildi í nokkuð mörg ár, en alltaf verið ákveðin frá ári til árs, þannig að framlengja hefur þurft þetta um hver áramót. Nú er gerð sú breyting á í þessum efnum, að hér er ekki um framlengingu að ræða til eins árs, heldur um óákveðinn tíma, svo að það verður sem sagt að koma til ný breyting á skipan þessara mála, ef Alþ. sýnist svo. En þar sem ég veit, að öllum hv. alþm. er vel kunnugt um þetta mál, sé ég ekki þörf á því að ræða það hér og útskýra það fyrir neinum, en vænti þess, að þar sem það hefur gengið í gegnum Nd., þá fái það skjóta afgreiðslu í þessari hv. d., en legg til, að að lokinni þessari umr. þá verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143, n. 196). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyt. á Lífeyrissjóði barnakennara til samræmis við það, sem gert var á síðasta þingi, þegar breyting var gerð á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og felst í því, að upphæð makalífeyris sé hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi. 12. gr. l. um lífeyrissjóðinn, sem á að breyta, var á þá leið, að upphæð makalífeyris ákvæðist þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Þessu er sem sagt lagt til að breyta á þann veg, sem greinir í þessu frv., að upphæð makalífeyris verði hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Þar sem sérstök lög eru um Lífeyrissjóð barnakennara, fylgdu þau ekki með í breytingunni á síðasta þingi á lögum um opinbera starfsmenn, en þessi breyting er nákvæmlega sama eðlis.

Fjh.- og viðskn. Ed. leggur shlj. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 134, n. 203). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14. shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. þetta um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu hefur verið afgreitt með nokkrum breytingum frá Nd. Við meðferð málsins þar var það sent til umsagnar Sjómannasambands Íslands, Síldarverksmiðja ríkisins, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags ísl. fiskimjölsverksmiðja. Umsagnir þessara aðila voru allar á þá lund efnislega, að samþykkja beri frv.

Á síðasta sumri skipaði sjútvrn. n. til að gera till. um fyrirkomulag á löndun á loðnu. Þessi n. kynnti sér reynslu og sjónarmið íslenzkra aðila með hliðsjón af reynslu á fyrri loðnuvertíðum. Einnig kynnti n. sér tilhögun á þessum málum í Noregi og aflaði upplýsinga þaðan, og í þessu frv. er lagt til, að svipuðu fyrirkomulagi verði komið á hér og haft er á í Noregi.

Sjútvn. þessarar hv. d. taldi ekki ástæðu til að leita frekari umsagna en þegar lágu fyrir.

N. ræddi frv. eins og það var afgreitt frá hv. Nd. og athugaði þær breytingar, sem á því höfðu verið gerðar. 6 af 7 nm. sjútvn. Nd. stóðu að þeim breytingum, sem gerðar höfðu verið, en allir nm. vildu þó samþykkja frv., en ganga misjafnlega langt í breytingum. Þær breytingar, sem gerðar voru á frv., eru, að í stað þess, að í upphaflega frv. er gert ráð fyrir, að einn nm. í loðnunefndinni sé skipaður samkv. tilnefningu samtaka fiskseljenda, komi: „til skiptis frá samtökum sjómanna og frá samtökum útgerðarmanna.“ Þá bætist ný mgr. við í 2. gr. á eftir orðunum „í einstakar verksmiðjur.“ Nýja mgr. hljóðar svo: „Eigi er heimilt að stöðva löndun í verksmiðju, meðan móttökuskilyrði eru fyrir hendi.“

Þá fellur burt úr upphaflega frv. síðari hluti 2. gr., mgr., sem byrjar á orðunum „Fiskiskipum skulu veittar....“ o. s. frv., en í staðinn kemur ein mgr., þar sem er kveðið á um, að veita skuli fiskiskipum upplýsingar um móttökuskilyrði einstakra verksmiðja og að fiskiskipi sé óheimilt að leita löndunar í verksmiðju, þar sem loðnunefndin hefur stöðvað löndun, en að öðru leyti skuli skipstjóri hvers skips ákveða og tilkynna n., hvar hann muni leita löndunar. Þetta kemur m. a. í stað þess, sem segir í upphafi frv., að fiskiskipum skuli skylt að hlíta fyrirmælum loðnunefndar um ákveðna löndunarhöfn. Með þessum breytingum, sem allar horfa til bóta, liggur frv. fyrir í þessari hv. deild.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um, að sjútvrn. geti sett reglur um framkvæmd þessara laga að fengnu áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags ísl. fiskimjölsframleiðenda, enn fremur um, að kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist af fiskseljendum og fiskkaupendum eftir reglum, sem rn. setur. Verði í árslok afgangur af því gjaldi, sem innheimt hefur verið, skal heimilt að ákveða, að hann renni í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, deildar fyrir loðnuafurðir.

Þá er gert ráð fyrir því, að lög þessi gildi í eitt ár eða til ársloka 1973, enda kom það fram í umsögnum ýmissa aðila, að þeir töldu eðlilegt, að þetta gilti ekki nema í eitt ár. Þar sem augljóst er, að brýn þörf er á að skipuleggja þessar veiðar betur en verið hefur, og vitað er, að mikill fjöldi skipa, — sennilega miklu fleiri en nokkurn tíma fyrr, — muni leita á loðnu-

veiðar, liggur ljóst fyrir, að nauðsyn er á lagasetningu í þessu efni til að tryggja, að skipulag á löndun fari ekki út um þúfur.

Sjútvn. þessarar d. leggur shlj. til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Einn nm. var fjarstaddur úr bænum, þegar afgreiðsla frv. fór fram.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, lögðum við einróma til í sjútvn., að yrði samþ. óbreytt. Mér er fullljóst, að það er vaxandi áhugi á loðnuveiðum hér við land og miklar vonir eru bundnar við næstu vertíð. Þetta byggist m. a. á spám fiskifræðinga um vaxandi loðnumagn við landið og af reynslunni síðasta ár. Einmitt á síðasta ári kom fram, eins og getið hefur verið, að miklir annmarkar voru á löndun, mikil löndunarbið og magnið þess vegna miklu minna, sem á land kom, þar eð verulegur hluti fiskiflotans þurfti að liggja í höfnum og bíða eftir löndun. Loðnan er, eins og við vitum, bundin við ákveðin svæði við landið, veiðin hefst við Austfirði, færir sig síðan suður og vestur með landinu, þannig að vinnslusvæðin eru aðallega þrjú, þ. e. a. s. Austurlandið fyrst, síðan Suðurlandið og þá Faxaflóasvæðið.

Það, sem hefur áhrif á loðnuveiðina og þá einnig á það væntanlega aflamagn, sem mun koma úr sjónum á næstu vertíð, er í fyrsta lagi magnið í sjónum og hvenær vertíðin getur hafizt af fullu afli, hvar loðnan heldur sig á hverjum tíma og þá er einnig mikið atriði hjá okkur gæftir og veðurfar, stærð flotans og hve lengi fram eftir vori loðnan veiðist. Vinnslumöguleikarnir eru aðallega á Austfjarðahöfnunum, í Hornafirði, Grindavík og Vestmannaeyjum, síðast á Faxaflóasvæðinu. Þróarrými er mjög mismunandi á þessum stöðum og einnig vinnslugetan.

Ég ætlaði að gera nokkuð að umtalsefni loðnusvæðið við Suðvesturlandið. Þar eru fyrst og fremst Vestmannaeyjar, Þorlákshöfn og Grindavík, sem um er að ræða sem löndunarstaði. Þar er hún venjulega lengst, og þar veiðist mest magnið. Þess vegna hlýtur að vera áríðandi að geta skapað á þessu svæði sem mesta vinnslumöguleika og mesta móttökumöguleika. Vestmannaeyjar liggja bezt við þessu svæði: Þangað leita skipin helzt, vegna þess að þangað er stytzt í höfn. Hins vegar hafa Þorlákshöfn og Grindavík þá sérstöðu, að þaðan eru auðveldar samgöngur á landi til vinnslustöðvanna við Faxaflóa, og þar sem nú er væntanlega mikil verðmætaaukning í loðnu, skapast e. t. v. möguleikar til þess að nýta Faxaflóaverksmiðjurnar fyrr og betur en gert hefur verið hingað til. Ég hef þá skoðun, að sá tími sé að koma, að hægt sé að flytja loðnu á bílum frá Þorlákshöfn og Grindavík til bræðslustöðvanna í Sandgerði, Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík og þetta geti þýtt það, að bræðsla geti hafizt á þessum stöðum miklum mun fyrr en ella og þar af leiðandi orðið um meiri afkastagetu flotans í heild að ræða. Væri þetta flutningakerfi sett í gang, þýddi það að sjálfsögðu, að gera yrði útboð og hlíta beztu samningum um flutningsgjöld. Enn fremur þyrfti að koma upp vissri aðstöðu í Þorlákshöfn og Grindavík, þannig að veiðiskipin gætu landað í síló og bílarnir síðan tekið á sig úr þessum sílóum. Með þessu móti, held ég, að hægt væri að koma aksturgjaldi niður í 25 aura á kg, sem þó er að sjálfsögðu við núverandi verðlag.

Þetta mundi hafa það í för með sér, að flotinn nýttist miklum mun betur á loðnuvertíðinni heldur en hann hefur gert að undanförnu, einkum meðan loðnan heldur sig eingöngu austan Reykjaness. Þar að auki mundi þetta verða mikið öryggisatriði fyrir flotann, vegna þess að skipstjórar mundu þá losna við að sigla drekkhlöðnum bátum sínum gegnum Reykjanes- og Skagarastir um háveturinn. Loðnuvertíðin varir þann tíma, sem einna minnst er að gera hjá stórum vörubifreiðum og vörubifreiðum með aftanívagna, og ég tel, að það sé mjög hagstæður tími til samninga við þessa aðila um flutninga í stórum stíl á þessum fiski. Með þessum vinnubrögðum ætti bræðsla að geta hafizt við Faxaflóa miklum mun fyrr en ella og aflamagnið að vaxa, svo framarlega sem loðna er til á miðunum.

Það er mikill viðbótarkostnaður, sem verksmiðjurnar hafa þurft að greiða undanfarin ár, þegar þær hafa þurft að flytja loðnuna fyrst frá skipi og á tún eða í hraun eða jafnvel í bráðabirgðaþrær fjarri verksmiðjunum og síðan moka henni upp og flytja hana í verksmiðjuþrærnar. Þar við bætist svo hin gífurlega rýrnun, sem verður við það, að loðnan er fyrst flutt á þessa bráðabirgðastaði.

Frv., sem hér um ræðir, er örugglega til mikilla bóta varðandi loðnuveiðarnar, en ég vildi láta þetta koma fram hér til athugunar fyrir þá, sem um þessi mál fjalla á næstunni, vegna þess að ef slíkar aðgerðir ættu að koma til á næstu loðnuvertíð, þá yrði að snúa sér strax að því að skapa skilyrði fyrir löndun í þessum sérstaka tilgangi. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þetta mundi geta stóraukið aflamagnið á komandi loðnuvertíð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79, n. 195). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er árlegur viðburður og er í því fólgið, að lagt er til, að nokkur gjöld verði innheimt með sömu viðaukum á árinu 1973 og gert hefur verið á undanförnum árum. Þetta hefur verið árlegur viðburður, eins og ég sagði, í fjölda ára og er engin breyting frá fyrri árum, heldur endurtekning á hinu sama.

Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 29. fundi.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 214).

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 134). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 215).

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vegalög, frv. (þskj. 197, n. 208 og 209). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hæstv. samgrh. gerði svo skýra grein fyrir efni þessa frv., við 1. umr. málsins í gær, að ég tel ekki neina þörf á löngu máli um það að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gerist til hér í umr. Það er ljóst, að það er aðeins um eitt aðalefni frv. að ræða, þ. e. a. s. að það er stefnt að því að auka fjármagn til framkvæmdar vegáætlunar og þó sérstaklega til að draga úr lánsþörf vegaframkvæmdanna. Þetta er gert með því að hækka benzínskatt um 2 kr. á lítra og þungaskatt að sama skapi eða hlutfallslega og einnig gúmmígjald.

Á undanförnum árum er mér óhætt að segja, að það hafi verið stefnan almennt að fjármagna vegáætlanir fyrst og fremst með sköttum af umferðinni, eins og það hefur verið orðað, og að nokkru með lántökum. Því eru hins vegar greinilega mikil takmörk sett, hverjar lántökur geta verið til framkvæmda, sem ekki eru beinlínis arðbærar, svo sem vegaframkvæmdir sjaldnast eru, þær séu vissulega arðbærar með ýmsum óbeinum hætti. Í þessum efnum má t. d. nefna, að fyrrv. ríkisstj. hækkaði benzíngjald tvöfalt meira en hér er um að ræða eða um 4 kr., og eftir því sem mig bezt minnir, sætti það ekki gagnrýni hér á hv. Alþ., og þessar hækkanir voru yfirleitt gerðar með stuðningi stjórnarliðsins. Þetta er auðvitað af þeim ástæðum runnið, að þarfirnar eru margar í vegamálunum, þær blasa alls staðar við í okkar strjálbýla eða tiltölulega fámenna landi, þannig að fáir mæla í gegn, þegar um það er að ræða að halda vegaframkvæmdum í sæmilegu horfi og bæta samgöngurnar með því. Það er líka auðsætt, að þegar annars vegar er um það að ræða að leggja skatta á umferðina, eins og gert er með þessu frv., þá er í raun og veru líka verið að leggja nokkuð á móti gagnvart þeim, sem gjöldin greiða, því að auðvitað koma úrbætur í vegamálum almennt að gagni og eru beint hagsmunaatriði fyrir þá, sem standa undir þessari gjaldheimtu. Skattheimtan skilar sér þannig aftur beinum fjárhagslegum ágóða þeirra og er þess vegna a. m. k. ekki nema að litlum hluta raunveruleg skerðing á kjörum þeirra, eins og var haldið fram af einhverjum ræðumanni við 1. umr. Þess ber líka að geta í sambandi við álögurnar, að auk þess óbeina hags, sem þessir launþegar njóta með hinum bættu samgöngum, koma hér fyrir bætur í sambandi við verðlagsuppbót á laun, þannig að frádrátturinn af hinni beinu skattheimtu verður svo mikill, þegar hvort tveggja þetta er reiknað, að varla er hægt að halda því fram með réttu, að hér sé um einhverja stórkostlega almenna kjaraskerðingu að ræða í sambandi við málið.

Hér var sérstaklega í sambandi við álögurnar og kjaraskerðinguna rætt um almenningsvagna, og þá hefur kannske fyrst og fremst verið átt við almenningsvagna hér í Reykjavík, sem eru geysimikið notaðir, en sannleikurinn í því máli er náttúrlega sá, að þar hefur fyrst og fremst verið um borgarmálefni Reykjavíkur að ræða, hvernig sá mikli halli, sem alltaf er á strætisvögnunum, fari út í verðlagið, og ég hygg, að það sé mjög stór hluti hans nú, sem er innheimtur með öðrum hætti en með hækkunum á fargjöldum strætisvagnanna. Það er sem sagt borgarstjórnin, sem leggur á gjöld með öðrum hætti til að standa undir þörfum Reykvíkinga vegna ferða innan borgarmarkanna. Það er þess vegna alls ekki víst, að sú benzínhækkun, sem hér er um að ræða, eða hækkun á þungaskatti þurfi að koma beinlínis niður á notendum strætisvagnanna. Það er fyrst og fremst pólitískt mál innan borgarstjórnar Reykjavíkur, hvort það verður eða ekki. Hitt er svo auðsætt, að varðandi aðra almenningsvagna í landinu, þá verður auðvitað um einhverja hækkun á rekstrarkostnaði að ræða, en ég hygg ekki,

að hún muni verða mjög veruleg. Í því sambandi má minna á það, að þessi skattheimta mun leiða til hækkunar verðlagsbóta á laun og menn þannig fá þann skaða bættan, a. m. k. að verulegu leyti.

Ég vil taka það fram, að ég er að mörgu leyti sammála því, sem kom hér fram t. d. hjá hv. 1. landsk. þm. og 5. þm. Reykn., að bílar sem í sjálfu sér ekki lengur neinn lúxus, sem efnastéttirnar eiga að hafa einkarétt á, og ég teldi þá stefnubreytingu vera mjög æskilega, — og hef reyndar lengi talið, — að bílar yrðu lækkaðir í verði, en frekar aukinn skatturinn á benzíninu í staðinn. Ég teldi það að ýmsu leyti eðlilegra að auðvelda efnaminni fólki að eignast bifreiðar og hvetja jafnframt til aukins sparnaðar. Hins vegar finnst mér, að að ósekju megi leggja verulega skatta á lúxusbíla, bíla, sem kosta kannske millj. kr. eða jafnvel langt þar fram yfir. En ég hygg, að það væri rétt stefna að lækka innflutningsgjöld á ódýrum heimilsbílum og taka þær tekjur, sem við það glötuðust, frekar með öðrum hætti. En hitt vil ég svo nefna í sambandi við þetta, að það er ekki rétt, að bílar séu svo afskaplega miklu dýrari hér á landi nú heldur en í okkar nágrannalöndum, a. m. k. ekki í Danmörku, því landi, sem við höfum einna mest kynni af. Það er sáralítill munur á verði bifreiðanna í Danmörku og á Íslandi nú í dag.

Hér komu fram í umr. í gær nokkrar spurningar, sem við reyndum að fá svör við með því að kalla á fund n. tvo embættismenn, sem þessum málum eru kunnugir, annars vegar vegamálastjóra og hins vegar ráðuneytisstjóra í samgrn. Þeir gáfu okkur greinagóðar upplýsingar, a. m. k. eftir því sem tök voru á, um þau atriði, sem hér komu fram í spurningum við 1. umr., og einnig það, sem um var spurt á fundinum sjálfum.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi það, hvert benzínverð væri í nágrannalöndunum og hvernig samanburðurinn liti út við þau, hvað benzínverð snerti, þegar sú hækkun, sem af þessu frv. leiðir, væri um garð gengin. Það var líka spurt um það, hvernig þetta mundi verða, þegar gengisbreytingin kæmi til. Enn fremur lágu fyrir þær upplýsingar, að af ýmsum öðrum ástæðum muni verða hér um hækkanir að ræða, þ. e. a. s. vegna hækkunar benzínverðs á heimsmarkaði, sem hefur verið mikil að undanförnu, vegna minni afsláttar í Sovétríkjunum á benzíni og vegna hækkaðra farmgjalda, þannig að sú hækkun, sem verður á benzíni á næstunni, er ekki nema að hluta til vegna þeirrar breytingar, sem hér er um að ræða, og vegna gengisbreytingarinnar, en breytingin vegna hennar verður tiltölulega lítil, vegna þess að benzínið er ekki dýrt í innkaupi samanborið við útsöluverð, þannig að gengisbreytingin kemur aðeins á örlítinn hluta af benzínverðinu.

Vegamálastjórinn nefndi nokkur lönd, miðað við febrúar 1972, hvað benzínverðið var þá, og sá listi er á þessa leið: Í Danmörku er það 17.30 kr., Finnlandi 15.70, Noregi 19.70, Svíþjóð 18.60, Belgíu 18.30, Frakklandi 19.20, Þýzkalandi 15.80, Írlandi 14.60, Bretlandi 15.70. Þessar tölur eru þó ekki allar sambærilegar, vegna þess að hér er um svolítið mismunandi benzín að ræða, en það ætti ekki að skekkja neitt heildarmyndina.

Ef ekkert gerðist annað en þetta frv. yrði samþ., þ. e. a. s. 2 kr. hækkun á benzínlítranum, en honum fylgir líka hækkun á söluskatti, mundi benzínverð verða 18.33 kr. Þá eru gengisbreytingin og aðrar hækkunarástæður ekki meðtaldar. En að sjálfsögðu, ef maður ber benzínverð, eins og það verður eftir gengisbreytinguna, saman við þessar tölur, þá verður auðvitað að breyta þeim einnig í samræmi við gengið, þannig að 18.35—40 aurar er það verð, sem er sambærilegt við þessar tölur, sem ég nefndi frá öðrum löndum. Það er rétt, að þetta er í hærri kantinum í samanburðinum. Þó eru nokkur lönd, sem eru ýmist hærri eða jafnhá. Þannig yrði benzínverð í Noregi eftir sem áður töluvert hærra, ennfremur hærra í Svíþjóð, svipað í Belgíu, verulega hærra í Frakklandi, í Danmörku u. þ. b. 1 kr. lægra en hér. En þegar menn eru að bera svona tölur saman, verða menn líka að gæta þess, hver þörfin er á vegaframkvæmdum annars vegar hér, þar sem rúmlega 200 þús. manns búa í tiltölulega mjög stóru landi, og hins vegar hjá fjölmennum, þéttbýlum þjóðum, sem fyrir löngu hafa komið á ágætu, varanlegu vegakerfi. Mér finnst hins vegar fullkomlega eðlilegt að áætla, að miðað við þarfirnar og aðstöðuna væru gjöldin til veganna hér á landi nokkru hærri. Þau gjöld hljóta að verða hærri hér, ef við eigum einhvern tíma að komast á einhvern svipaðan rekspöl, með okkar vegakerfi, svo ólík sem aðstaðan er. Hins vegar er það rétt, að þegar aðrar ástæður koma til, þ. e. a. s. þær, sem ég nefndi áðan, verðhækkun á benzíni á heimsmarkaði og þar með frá Sovétríkjunum, þaðan sem við kaupum benzínið, vegna verulegrar hækkunar á flutningsgjöldum og minnkunar á afslætti í samningunum við Sovétríkin, þá verður benzínverðið, þegar þetta allt kemur saman, hátt í 20 kr. lítrinn, eða eftir því sem reiknað var út í morgun 19.87 kr. En vegna þessa frv. út af fyrir sig verður hækkunin ekki nema kringum 2 kr. og 30—40 aurar.

Eins og hér hefur komið fram við 1. umr. hjá hæstv. samgrh., er það þó því miður ekki þannig, að vegaframkvæmdir muni aukast að því skapi sem þessari skattheimtu nemur. Hér er um það að ræða að stilla lántökum til vegaframkvæmda í hóf, því að ef það fé, sem hér er um að ræða, væri allt fengið með lántökum, þá mundu lántökur til vegaframkvæmda í landinu verða á sjöunda hundrað millj. kr. á einu ári, og ég hygg, að þeir munu vera fáir hér á hv. Alþ., sem mundu mæla með svo gífurlegum lántökum í sambandi við óarðbærar framkvæmdir. Ég held, að það sé ekki raunverulega verjandi, nema helzt til hraðbrautaframkvæmda, en þar er ráðgerð núna í ár lántaka upp á 75 millj. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir, að lántökur verði vegna Kópavogsvegar 50 millj. og framkvæmdir á Skeiðarársandi varðandi hringveginn verði fjármagnaðar með lántöku, þannig að lántökur verða þrátt fyrir samþykkt þessa frv. og aukinn benzínskatt um 355 millj. kr., en hefðu orðið, eins

og ég sagði áðan, rúmlega 600 millj. kr., ef þetta frv. kæmi ekki til. Nú það er svo til áréttingar því, að hér sé raunverulega ekki gengið lengra en góðu hófi gegnir, að með þessu gerist ekki miklu meira en það, að hægt er að halda vegáætlun í horfinu, þannig að hér er áreiðanlega ekki verið að innheimta fé til óþarfahluta, heldur aðeins þeirra, sem algjörlega eru nauðsynlegir til lágmarksframkvæmda.

Það var sagt hér við fyrri umr. málsins í sambandi við þetta frv., að það væri þarna um að ræða handarbakavinnu, það gæfist lítið tóm til að ræða allt efni frv. og þau mál, sem að því lúta. Það má vel vera, að þessi gagnrýni eigi talsverðan rétt á sér. Hún hefur oft átt rétt á sér á undanförnum árum í sambandi við afgreiðslu stórmála rétt fyrir hátíðir, og ég tel, að hún eigi rétt á sér einnig núna. Mér hefði fundizt miklu æskilegra að hafa meira ráðrúm til þess að skoða ýmsa þætti stefnunnar, sem ríkjandi hefur verið varðandi skattheimtu til vegasjóðs, og sjálfsagt má sitthvað þar betur fara og nauðsyn á endurskoðun þar. En ég sé í raun og veru ekki, að það hlaupi neitt frá mönnum, þó að þessi nauðsynlega skattheimta sé ákveðin núna. Hún er áreiðanlega sú minnsta, sem komizt verður með nokkru móti af með, og menn ættu að geta gefið sér tóm til þess síðar að athuga aðra þætti málsins. Ég held, að þar sé ýmsu þannig varið, að það sé full ástæða til.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 208, varð n. ekki sammála. Ég veit ekki, hve mikið minni hl. var ósammála, því að nál. hv. minni hl. hefur ekki enn verið útbýtt. Ég vona, að þar sé ekki um neinn djúpstæðan ágreining að ræða frekar en áður hefur verið í hliðstæðum tilfellum, en það kemur betur í ljós, þegar frsm. minni hl. hefur talað og nál. minni hl. komið fram.

Að öðru leyti gerum við aðeins eina brtt. við frv. Það er gert til þess, að þar verði ekki neitt um að villast. Við töldum það ekki nægilega skýrt, hvað við er átt með ákvæðum 4. gr. Lagt er til, að framan við 4. gr. bætist: „88. gr. laganna orðist svo.“ En þarna er um að ræða upptalningu á sérstökum undanþágutilvikum, sem meiningin var að breyta með 4. kr. Okkur þykir, að hér sé skýrara, hvað við er átt, og teljum þetta nauðsynlegt, til þess að það verði ekki á nokkurn hátt vefengt.

Ég get svo látið máli mínu lokið að sinni. Ég hef gert grein fyrir því áliti meiri hl., að hann leggur til, að frv. verði samþ. með þessari einu litlu brtt., en minni hl. mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu máli.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það er öllum dm. vitanlegt, að tíminn, sem gefst til þess að gaumgæfa þetta frv., er miklu minni en æskilegt hefði verið, eins og fram kom raunar í máli frsm. meiri hl. Hann hafði orð á því, að það hefði verið nauðsynlegt að hafa lengri tíma til þessara hluta, m. a. til þess að átta sig á þeirri stefnu, sem bæri að taka um fjáröflun til vegasjóðs. Þetta má ugglaust til sanns vegar færa. En ég vil, að það komi fram í þessu sambandi, að ég álít von á því, að þm. hafi almenn verið búnir að gera sér grein fyrir því, að öllu lengra yrði ekki haldið á þeirri braut að fjármagna vegaframkvæmdir með vegasköttum og að það yrði ekki gripið til annars ráðs en þess, að ríkissjóður eða hinn almenni sjóður landsmanna fjármagnaði þær framkvæmdir í ríkari mæli en verið hefði, enda hefur verið að því stefnt á undanförnum árum. Ég mun koma nánar að þessu atriði síðar.

Vegna þess, hversu tími hefur verið hér naumur, hefur þannig tekizt til, að nál. minni hl. samgn. liggur ekki enn fyrir prentað, en vegna þess að ég hef hér afrit að því, tel ég rétt að ég lesi nál. og kynni það deildarmönnum:

„Samgn. hefur rætt frv. á einum fundi og fengið til fundar við sig vegamálastjóra og ráðuneytisstjórann í samgrn., sem gáfu n. svör við margvíslegum spurningum nm.

Minni hl. n. telur, að svo langt sé gengið í skattlagningu á bifreiðanotkun og bifreiðakaup, að ekki megi ganga lengra í því efni, þar sem bifreiðin er mikilvægt þjónustutæki alls almennings í landinu og aukin skattheimta muni því koma harðast niður á þeim, sem sízt hafa bolmagn til að standa hana af sér. Hækkun þessa skatts, 2 kr. hækkun benzíngjalds og tilsvarandi hækkun þungaskatts og gúmmígjalds, mun nema um 230 millj. kr., en þessi breyting mun leiða af sér frekari hækkanir aðrar, sem renna í ríkissjóð, en um þær hækkanir er ekki vitað enn, en líklegt er, að útsöluverð á benzíni verði 20 kr. á lítra. Við viljum minna á það, að ríkisstj. hefur nýlega hækkað innflutningsgjald af bifreiðum, og rennur sá skattur beint í ríkissjóð. Auk fyrrnefndrar hækkunar munu bifreiðar hækka enn í stofnkostnaði vegna þeirrar gengislækkunar, sem þegar hefur verið ákveðin. Þannig gefur umferðin meiri tekjur í ríkissjóð en nokkru sinni fyrr. Það er skoðun okkar, og fellur hún saman við skoðun allra þeirra, sem gerðu tekjuöflun vegasjóðs að umræðuefni við gerð vegáætlunar 1971, að ekki væri fært að hækka innflutningsgjald af benzíni til þess að standa undir vaxandi vegaframkvæmdum, heldur yrði til að koma aukið fjárframlag úr ríkissjóði, enda ætti það að vera fært, ef litið væri til þeirra tekna, sem hann hefði í vaxandi mæli tekið til sín af umferðinni.

N. gat ekki náð samstöðu um afgreiðslu frv. og leggur undirritaður minni hl. til, að frv. verði fellt.“

Undir nál rita: Steinþór Gestsson, Jón Árm. Héðinsson, Ásgeir Pétursson.

Ég sagði hér áðan, að ég teldi, að stefnan í fjáröflun til vegasjóðs hefði verið mörkuð fyrr, og við þyrftum þess vegna ekki lengi að velta vöngum yfir því núna, hvaða stefnu við ættum að taka. Ég vil minna á það í því sambandi, að þegar unnið var að gerð vegáætlunar 1971, viðhafði háv. samgrh. þessi orð 19. marz 1971: „Ég hygg, að fæstir leggi það til að auka tekjur vegasjóðs á næsta hausti með því að hækka benzíngjald og þungaskatt. Það væri ekki skynsamlegt.“ Auk þess kom það fram í ræðu hans, að hann teldi sjálfsagt að hækka framlag ríkisins, og á því ári var strax farið í það að hækka

framlög úr ríkissjóði, og hefur þeirri hækkun verið fylgt síðan.

Ég vil minna á, að þegar benzínskattur eða benzingjald var hækkað síðast í des. 1970, viðhafði núv. hæstv. fjmrh. þessi orð í ræðu, sem hann flutti við 1. umr. um vegalögin, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil svo enda þessi orð með því að endurtaka það, að ég tel, að það eigi að stefna að því, að ríkissjóður leggi fram meira fé til vegamála, vegna þess að vegagerð í landinu er það arðsöm fjárfesting fyrir ríkissjóð, að hann gæti þess vegna lagt þar meira til."

Þetta geri ég ráð fyrir, að ýmsum komi dálítið á óvart, að vegagerð sé talin arðsöm framkvæmd fyrir ríkissjóð og þess vegna beri að leggja á það áherzlu, að hann leggi meira til þessara mála, en ugglaust má þetta til sannsvegar færa.

Við síðari umr. um vegáætlunina 5. apríl 1971 viðhafði talsmaður stjórnarandstöðunnar þessi orð einnig:

„Það er ekki heldur rétt stefna að gera hvort tveggja í senn að hafa há aðflutningsgjöld á bifreiðum og háa skatta á rekstrinum."

Ég vil benda á þetta til þess að undirstrika það, sem við í minni hl. n. segjum í nál., að við teljum, að svo langt hafi verið gengið á það lag núna nýlega með innfl.gjaldi á bifreiðar og við þær ráðstafanir, sem áformaðar eru, muni hækka svo mikið verð á bílum, að það sé hæpið að fara út í það að auka skatta á umferðina, eins og það er kallað. Ég vil geta þess einnig, að þegar vegáætlunin var gerð 1971, ræddu talsmenn stjórnarandstöðunnar eðlilega um tekjur vegasjóðs. Þá sagði m. a. talsmaður stjórnarandstöðunnar þessi orð í ræðu 19. marz, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirstaðan undir þeim framkvæmdum, sem af vegagerðinni verða gerðar á næstunni, er fjármagnið, eins og ég sagði áðan, og því verður að ná með því, að ríkissjóður láti vegagerðinni meira í té af þeim tekjum, sem umferðin færir nú. Hjá þessu verður ekki komizt, og það má vel vera, að skynsamlegasta leiðin í því, á meðan verið er að færa þetta til baka, verði sú, að ríkissjóður taki að sér lán vegna vegagerðarinnar og dreifi þannig byrðinni á lengra tímabil, enda gæti það komið vegasjóði að sömu notum, en að marka stefnu um það, á hve löngu tímabili það taki, að vegasjóður fái allar tekjur af umferðinni, það verður að gera nú þegar og mæta því m. a. í sambandi við lán til vegagerðarinnar."

Þetta sagði hæstv. núv. fjmrh. 19. marz 1971. Ég er nú ekki svo kröfuharður, að mér detti í hug að fara fram á það, að ríkissjóður skili öllum þeim tekjum, sem hann hefur nú af umferðinni. Ég held, að það sé á engan hátt eðlilegt að fara fram á slíkt, því að það er alveg sama hvers konar umsetning það er með þjóðinni, að hana verður á einhvern hátt að skattleggja til ríkisins, til þess að ríkið geti staðið undir þeirri þjónustu, sem hinir einstöku málaþættir þurfa að fá hjá því opinbera. Bílaeigendur og vegirnir, umferðin, þurfa nokkra opinbera þjónustu, og því ætla ég ekki að fara fram á það, að ríkissjóður skili öllu því fé, sem hann fær af umferðinni, það finnst mér allt of djúpt tekið í árinni, en ég vil leggja á það áherzlu, að það er eðlilegt, að ríkissjóður leggi meira af mörkum til þessara sameiginlegu þarfa borgaranna heldur en hann gerir nú, og ég fellst á þá skoðun hæstv. fjmrh. 19. marz 1971, að það sé mjög eðlilegt að jafna þetta átak með því að taka lán, meðan mestu framkvæmdirnar standa yfir, til þess að jafna það átak, sem þetta yrði ríkissjóði, ef hann þyrfti að leggja í þetta í einu lagi.

Árið 1971 mun ríkissjóðsframlagið hafa verið 125 millj. kr., ef ég man rétt, — ég hef ekki þessar tölur, en það væri ugglaust hægt að fá þær upp, — en ég vildi segja annað, að það er ekki aðalatriðið, hvað var gert á einhverju ákveðnu árabili, heldur er hitt aðalatriði, að hverju við eigum að stefna og hvernig við eigum að standa að greiðslum nú. Ég vil vekja athygli á því, að með þessu 2 kr. gjaldi, sem verið er að leggja á benzínið að þessu sinni, er ekki verið að bæta hag vegasjóðs á nokkurn hátt. Hann á ekki að fá krónu meira en hann hefði annars fengið. Það er gert ráð fyrir því í vegáætluninni, að þessar framkvæmdir, sem kosta nálægt því þessa upphæð, séu fjármagnaðar með lántökum á vegum ríkisins, svo að það er ekki hægt að tala um, að það sé verið að draga úr framkvæmdum hjá vegagerðinni, þó að lagt sé á móti því að fara slíka fjáröflunarleið sem þessa.

Ég kom inn á það lauslega í nál., að útlit væri fyrir það, að benzínverðið mundi verða um 20 kr. á lítra, þegar upp væri staðið eftir þessa hækkun. Þetta er tala, sem ekki er hægt að fullyrða, að sé örugglega rétt. Frsm. meiri hl. gat um, hvernig þessar hækkanir ættu sér stað, og eru þær upplýsingar vafalaust réttar. Hækkanir, sem verða vegna beinna áhrifa þessara frv., eru, eins og hann sagði, á milli kr. 2.30 og 2.40 á lítra, en hins vegar er líklegt, að aðrar orsakir verði til þess, þegar gengisfellingin er komin með í dæmið, að þá verði verðið tæpar 20 kr., 19.87 eða eitthvað því um líkt, sem gert er ráð fyrir. Og ég vil halda því fram, að það muni hafa snöggt um minni áhrif á hag almennings í landinu að fara að þeim ráðum, sem gert er ráð fyrir í vegáætluninni, en að hverfa að því, sem er lagt til í þessu frv.

Ég tel, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð enn um þetta. Ég held, að málið liggi ljóst fyrir, og á að vera mjög auðvelt fyrir alla dm. að gera sér hugmynd um, hvernig málið stendur. Þetta er aðalefni málsins, þ. e. fjáröflunin í þessu skyni, sem ég hef hér minnt á. En mér þykir rétt að minna enn á nokkur orð úr ræðu hæstv. núv. fjmrh., sem hann flutti 19. marz 1971, þar sem hann segir í lok ræðu sinnar:

„Meginmálið, undirstaðan undir þessu öllu saman er þó það, að hér verði fylgt þeirri efnahagsstefnu, að stöðugra verðlag verði í landinu og að gengisbreytingarnar tvöfaldi eða þrefaldi ekki erlendu lánin, sem vegagerðin hefur nú á sinni könnu og mun hafa á næstu árum. Ef svo fer, þá horfir illa um vegagerð okkar. Þess vegna er það stærsti þátturinn í vegamálum þjóðarinnar."

Ég vil nú ekki segja, að þetta sé stærsti þátturinn í vegamálum þjóðarinnar, en þetta er

mikilvægt atriði. Þetta ræður að verulegu leyti þeim framkvæmdahraða, sem við getum viðhaft á hverjum tíma í vegagerðinni, einkum að því er lýtur að því, sem þarf að kaupa til þeirra erlendis frá, og eftir því sem þenslan eykst í landinu sjálfu og spennan, verður hvað erfiðara sem gengisfellingar eru tíðari. Ég hefði talið, að það hefði verið mjög ákjósanlegt, að ekki hefði þurft að koma til aðgerða á sama hátt og gert er nú, og það hefði vissulega auðveldað róðurinn í vegamálum, eins og hæstv. fjmrh. benti á á sínum tíma.

En áður en ég skilst við þetta mál, langar mig örlítið að minnast á 4. gr. þessa frv., sem hefur það innihald, að þar er gert ráð fyrir að draga verulega úr þeirri heimild, sem var til þess að endurgreiða eigendum jeppabifreiða, sem notaðar voru við framleiðslustörf, þungaskatt af af jeppabifreiðunum. Það var áður heimilt að endurgreiða hann að fullu, en með þessari breyt. virðist mér vera gert ráð fyrir því, að heimild sé að endurgreiða helming skattsins. Ég tel það illa farið. Ég held, að þetta muni áreiðanlega ekki stórum upphæðum í fjármunum, og ég tel það illa farið, ef horfið er frá því að hafa þessa heimild í fullu gildi.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég tel, að ekki hafi verið ástæða til þess að fara að gera sér grein fyrir nýrri stefnu í þessum málum, hvernig ætti að fjármagna vegasjóðinn og vegagerðina í landinu. Ég hygg, að sú stefna hafi verið mörkuð núna síðustu árin, og það hefði áreiðanlega verið hagfelldara og eðlilegra fyrir okkur að halda okkur að þeirri stefnu heldur en að taka upp nýja. Hins vegar er það rétt, að svo skammur tími gefst að þessu sinni, að mjög erfitt er fyrir okkur að átta okkur til fulls á málinu, og það sannar það betur en allt annað, að svo hratt er unnið að málinu, að ekki er komið fram nál. minni hl., þó að því væri skilað hér inn á skrifstofuna laust fyrir hádegi í dag.

Minni hl. leggur sem sagt til, að frv. verði fellt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að gera ágreining um meginstefnu þessa frv. Ég er þvert á móti samþykkur þeirri stefnu, sem þarna er mörkuð, að greiða kostnað við vegaframkvæmdir sem mest af gjaldi af umferðinni, og ég fagna því, að þetta hefur færzt í það horfið í stöðugt ríkara mæli hjá hæstv. núv. ríkisstj. Ég vil hins vegar leyfa mér að gera nokkra aths. við þann kafla frv., sem fjallar um þungaskattinn.

Ég hef við fyrri umr. um þessi mál vakið athygli á því, að þungaskatturinn hækkar verulega það vöruverð, sem verður til þeirra, sem í dreifbýlinu búa, og ég tel það ekki í samræmi við þá meginstefnu hæstv. ríkissj. í þessum málum að jafna bilið á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Ég tel vafasamt að leggja þungaskatt á vörubifreiðaeigendur á flutningaleiðum eftir kmtölu og vil í því sambandi vísa til þess, sem hæstv. samgrh. sagði á síðasta Alþ. í umr. um vegskattinn, að þeir greiddu hæsta vegskattinn, sem erfiðustu vegina aka. Ég hygg, að það hafi verið nokkurn veginn á þennan veg, sem hann mælti alveg réttilega. Það er að mínu viti ekki réttlátt að leggja sams konar skatt á þá, sem eru að brjótast erfiða vegi, oft í torfæru og við erfiðustu skilyrði, til þess að koma vörum á endastað. Því miður sýnist mér, að í þessu frv. sé þetta sjónarmið ekki tekið til greina, heldur lagður um það bil 25% hærri þungaskattur á alla flutninga, allan akstur, hverju nafni sem hann nefnist. Ég hef undir höndum bréf frá Landfara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, sem er skrifað 19. þ. m., og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa kafla úr því bréfi. Þar segir svo:

„S. l. eitt og hálft ár hefur stjórn Landfara unnið að því að fá innheimtufyrirkomulagi þungaskatts breytt. Sendar hafa verið greinargerðir um málið til samgrh. og fjmrh., og stjórn félagsins hefur átt viðtöl við nefnda ráðh., en allt án sjáanlegs árangurs enn sem komið er.“ Enn segir svo: „Stjfrv. það, sem nú liggur fyrir Alþ. um breyt. á vegal., gerir m. a. ráð fyrir 25% hækkun þungaskatts og gúmmígjalds og jafnframt því nýmæli, að þungaskatt skuli greiða af festi- og tengivögnum. Ef þetta frv. er svar hæstv. ráðh. við beiðni Landfara um endurskoðun þungaskattsinnheimtunnar, þá er auðsætt, að þeir vilja þá veigamiklu þjónustu, sem félagsmenn veita landsbyggðinni, feiga. Því er svo til orða tekið, að flm. frv. er fullkunnugt um þá erfiðleika, sem atvinnuvegur félagsmanna á nú við að etja. Rekstrarkostnaður vöruflutningabifreiða á langleiðum hefur hækkað gífurlega á undanförnum tveimur árum. Verðlagsyfirvöld hafa ekki sinnt kröfum bifreiðaeigendanna um sanngjarna hækkun flutningstaxta, og er því svo komið, að ef ekki verður skjótt gripið til þeirra úrræða að minnka opinberar álögur (þungaskatt, gúmmígjald, aðflutningsgjöld o. fl.) á þessa aðila eða heimila sanngjarna taxtahækkun, þá mun ekki unnt að halda útgerð bifreiðanna lengur áfram.“

Með þessu bréfi fylgja ýmis skjöl, ljósrit af bréfum, sem hafa verið send bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. allt frá því haustið 1971, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir þeim málefnum, sem ég hef gert hér að umræðuefni. Nú eru það spurningar mínar til hæstv. ráðh., hvaða afgreiðslu þessi erindi hafi fengið, hvort í athugun séu einhverjar leiðréttingar á þessum málum í samræmi við óskir Landfara, hvort þau sjónarmið, sem ég hef nú minnzt á, um hækkun vöruverðs í dreifbýli vegna þungaskattsins séu í athugun eða verði könnuð.

Ég vil að lokum taka það fram, að mér sýnist að sjálfsögðu ljóst, að þeir, sem aka þessum bifreiðum hljóta að taka einhvern þátt og hann ekki lítinn í kostnaði við vegaframkvæmdir, en legg á það ríka áherzlu, að í því sambandi ber að taka mjög mikið tillit til þeirra meginsjónarmiða tveggja, sem ég nefndi hér áðan, hækkunar vöruverðs í dreifbýlinu og hins vegar þeirrar staðreyndar, að þeir aka oft hina erfiðustu og lélegustu vegi.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli. Það gat ekki gengið greiðar en varð. Málið var hér til umr. í gær. Ég tek að

öllu leyti undir þau rök, sem fram komu til meðmæla þessu frv. í ræðu hv. frsm. meiri hl. og skal ekki fara út í þau atriði frekar.

Hér hefur verið dregið inn í umr., að það sé rétt stefna, að ríkissjóður leggi fram meira fé beint úr sameiginlegum sjóði þegnanna til samgöngumála. Ég held, að ykkur sé það öllum ljóst, hv. alþm., að það hefur orðið mikil aukning á fjárframlögum ríkissjóðs til vegamálanna einmitt núna á síðustu tveimur árum. Það var svo ár eftir ár, að það var í raun og veru engin sérstök fjárveiting á fjárl. til vegamálanna, hafði verið lofað 45 millj. kr. og stóð á endum á því, en að síðustu var undan að láta. En síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, hefur ríkissjóður tekið á sig mjög þungar byrðar vegna erlendra lána í sambandi við samgöngumálin, og eru það jafngóðar og gildar upphæðir og til beinna framkvæmda, því að þær létta á um verkefnið sjálft. Það munu vera nú beinar greiðslur af hendi ríkissjóðs, ekki neinar 45, heldur 250 millj. kr. til vegamálanna. Þessum óskum hefur þannig verið fullnægt og stefnt í þá átt, sem hv. alþm. hafa talið rétta stefnu.

Ég tek fyllilega undir það, að bíllinn er orðinn nauðsynjatæki almennings. En þrátt fyrir það er ekki hægt að undanþiggja hann öllum sköttum. Við getum það ekki með nein nauðsynjafyrirtæki okkar yfirleitt. Við hirðum skatta af þeim flestum, hversu almenn sem notkunin er, og ég og fleiri erum nú þannig, að við ofnotum þessi tæki meira að segja. Það er margur maðurinn á Íslandi, sem ofnotar þessi tæki, og ég tel mig vera einn í þeirra hópi og hefði haft betra af því að nota bílinn minna. En hér var upplýst af hv. frsm. minni hl., að síðast hefðu þessi gjöld, sem hér er lagt til að hækka, verið hækkuð í des. 1970, þ. e. fyrir tveimur árum. Í flestum tilfellum er það svo, að það er um verulegar verðbreytingar að ræða á tveggja ára tímabili og í mörgum lögum er ákveðið, að þau skuli endurskoðuð á ekki lengri fresti en tveggja ára. Ég tel því nokkuð við hæfi, að nú séu endurskoðuð og færð til núverandi verðlags nokkurn veginn þau gjöld, sem hvíla á rekstri bifreiða. Ég held líka, að það sé réttari stefna að skattleggja fremur notkunina þarna, neyzluna, eins og menn hafa nú lýst yfir sem sinni stefnu ýmsir, heldur en sjálfan tilkostnaðinn. (**Gripið fram í:** Heldur en tækið.) Tækið sjálft, já, stofnkostnaðurinn. (**Gripið fram í:** En er ekki hvort tveggja gott?) Jú, það er afskaplega gott að geta gert hvort tveggja.

Ef ég legg það niður fyrir mér, hvort réttara sé að taka fé til þessara mála sérstaklega úr sameiginlegum sjóði þegnanna, þá finnst mér það ekki fullnægja öllu réttlæti. Hitt finnst mér nær réttlætinu að leggja nokkra sérskatta á okkur, sem bíla eigum og notum bíla mikið, og það verði þannig að nota þá aðferð að skattleggja bíleigendur með því að skattleggja reksturinn á bílnum og þá, sem mikið eiga undir því að nota bíla, heldur en taka það úr sameiginlegum sjóði. Mér finnst þetta vera nær því rétta. Öll skattlagning er auðvitað ill, en hún er höfuðnauðsyn framfaraþjóðfélagsins.

Hér var minnzt á þungaskattinn, og hann er vafalaust tilfinnanlegur, ekki sízt gagnvart þeim, sem annast þungavöruflutningana út um landið, og með þeim hef ég fulla samúð. Um það mál hefur verið margsinnis rætt við mig, og það hefur verið rætt við fjmrh., og við nákvæma athugun á því hefur ekki verið talið fært að hverfa frá þeirri skattlagningu. Menn hafa líka krafizt þess, að það væri gerð athugun á því, hvað væri þjóðhagslega hagkvæmt í samgöngunum, samgöngurnar í lofti, samgöngurnar á landi eða samgöngurnar á sjó, að því er varðar þungavöruflutninga. Ríkið hefur ekki komizt hjá því að gera út skip til þess að annast flutningana á sjónum, og þau skip eru gerð út með miklum tilkostnaði af hálfu ríkisins. Ég held, að öll reynsla okkar sýni, að með þeim byrðum, sem þó eru lagðar á þungavöruflutninga á landi, hefur þó æðimikið magn af vöruflutningunum sótt einmitt í þann farveg, og sýnist þess vegna síður vera hallað á þá heldur en á vöruflutningana á sjó. Athugun á því, hvort sé hagkvæmara að beina flutningunum til bílaflutninga á landi eða beina þeim meira að sjónum, sú athugun er, eins og öllum hv. dm. er kunnugt, í gangi, og á meðan tel ég ekki rétt að gera ráðstafanir einum þættinum í vil fremur en öðrum. Ég tel því, að þangað til athugun á þessu máli skæri úr um það, að þungavöruflutningar á landi væru þjóðhagslega hagstæðastir, eigi að halda sér við það kerfi, sem fyrir löngu var upp tekið, að leggja þungaskatt á þessa flutninga. Það mál er í athugun, en um það var einmitt spurt hér áðan. Það er alveg rétt, að allir flutningar á vörum, hvort sem þeir fara fram á landi, á sjó eða í lofti, eru þungur skattur á fólkinu í dreifbýlinu. Þess vegna er það einmitt þýðingarmikið, að við fáum með rannsókn úr því skorið, hver þátturinn sé þjóðhagslega hagstæðastur. Ég held því, að nú í skyndi getum við ekki a. m. k. farið í það að gera upp á milli þessara fyrirkomulagsþátta varðandi vöruflutninga með því að fella niður t. d. þungaskatt af vöruflutningum á landi.

Ég hygg, að þó að þetta frv. sé seint á ferðinni, sé það ekki svo flókið, að þm. eigi erfitt með að átta sig á innihaldi þess á skömmum tíma. Hefði ég þó gjarnan viljað, að það hefði verið fyrr á ferðinni. En svo mikið er víst, eins og ég sagði hér í gær, að það er ekki nýlunda, að frv.-flóð komi í fang þm. fyrir jólin og fyrir páska, rétt fyrir þinglok. Má vera, að það væri full ástæða til að reyna að bæta þar úr. En þetta er svo sem það hefur verið enn þá a. m. k. En ég er afar hræddur um, því miður, að þetta verði löngum svo, hverjir stjórna, að það komi þessir hápunktar í starfsemi þingsins undir hlé á störfum þess og undir þinglok.

Um eitt verðum við alveg áreiðanlega sammála varðandi þetta mál, að við viljum sízt af öllu una því, að samdráttur verði í vegagerð og samgöngubótum í okkar landi. Þar er nauðsynin svo brýn, að um það viljum við allir sameinast. Og þá verðum við líka að bíta í það súra epli að vinna það til að leggja á þegnana byrðar, til þess að slíkt geti orðið. Hik í þessu er einna verst. Það er bein afturför að standa í stað.

[Fundarhlé.]

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég ætlaði að vísu fyrst og fremst að þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin, en hann virðist upptekinn á öðrum fundi, og harma ég það. Ég hefði að vísu kosið að fá ítarlegri svör og frétta, að hún væri á meiri ferð, þessi athugun á þungaskatti og þeirri mismunun, sem hann veldur. Ég er viss um, að sú athugun, sem fram fer, er góðra gjalda verð, en leyfi mér þó að efast um, að af þeirri athugun geti fengizt sú niðurstaða, að ein ákveðin flutningaleið sé betri og hæfari í öllum tilfellum heldur en önnur. Flutningar á sjó eru að sjálfsögðu hentugastir fyrir okkar strandríki. En í sumum tilfellum getur hinn hraði flutningamáti á flugleiðum verið réttlætanlegur, og í mjög mörgum tilfellum er nauðsynlegt að flytja einnig á landi, m. a. sparar það oft geymslutíma vörunnar og hefur ýmsa aðra kosti.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, enda er hæstv. ráðh. fjarverandi, eins og ég sagði áðan. En ég vil lýsa því yfir, að ég mun greiða þessu frv. atkv. mitt, en ég geri það í trausti þess, að þetta mál um þungaskatt á bifreiðum og jöfnun á vörukostnaði, e. t. v. eftir einhverjum öðrum leiðum, verði tekið til ítarlegrar athugunar og því máli hraðað.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram, áður en til atkvgr. kemur, að með því að ljóst er, að samþykkt þessa frv. eykur ekki framkvæmdafé vegasjóðs, og einnig er um það að ræða, að eðlilegast væri að taka slíka endurskoðun á fjáröflun til vegaframkvæmda til meðferðar við afgreiðslu vegáætlunar eða við endurskoðun vegáætlunar, þá vil ég ítreka þau rök og taka undir þau rök, sem hv. frsm. minni hl. samgn. flutti hér áðan við umr. og lýsi mig samþykkan þeirri afstöðu, sem þar er tekin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:7 atkv.
Brtt. 208 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, og 5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 30. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 29. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá, frv. (þskj. 82) — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var lagt fram í hv. Ed., gerði ég grein fyrir frv., en hér er eingöngu um það að ræða að samþykkja tollskrá okkar í samræmi við það samkomulag, sem gert hefur verið með Brüsse'-samþykktinni. Þessi tollskrárbreyting nær ekki til neinna annarra atriði heldur en þar er um að ræða og frv. eingöngu flutt til þess að standa við þennan samning. Eins og ég gat þá um, þer nauðsyn til að fá frv. afgreitt fyrir áramót, vegna þess að samkomulagið tekur gildi 1. jan. n. k.

Ég vænti þess, að það verði eins í þessari hv. d. og hv. Ed., að samkomulag verði um að greiða fyrir frv., og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15, n. 184, 185). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til breyt. á l. nr. 62 1967, sem fjallar um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Með því að núgildandi lög gera aðeins ráð fyrir að gilda til komandi áramóta, er nauðsynlegt að afgreiða brbl. fyrir jól.

Eins og fram kemur af þskj. 184, hefur sjútvn. verið sammála um að flytja brtt. þær, sem fiskveiðilaganefnd var sammála um, að fluttar yrðu. Er ekki þar með sagt, að allur þingheimur sé sannfærður um, að annarra breytinga sé ekki þörf, þvert á móti. Hins vegar er fullljóst, að ef brtt. fara að berast frá einstökum þm., jafnvel um hluti, sem þeir telja fulla þörf á, að fram komi, þá muni þær brtt. skipta tugum og verða þess valdandi, að frv. fengi ekki svo skjóta afgreiðslu sem okkur er öllum vissulega sýnilegt, að það þurfi að fá. Ég geri ráð fyrir, að einstakir fulltrúar flokkanna, sem sæti áttu í fiskveiðilaganefnd, muni sjá ástæðu til þess að koma hér í stólinn og bera fram sínar aths. eða gera nánari grein fyrir störfum n. og viðhorfum sínum og jafnvel þeim skoðunum, sem þeir hafa orðið áheyrendur að á hinum ýmsu stöðum úti á landi, sem þeir hafa heimsótt í sambandi við sitt starf. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fjölyrða mjög um frv. né heldur að fjalla að nokkru marki um þá gífurlegu möguleika, sem þetta málefni gefur okkur til tillöguflutnings um tilhögun veiða eða friðunaraðgerðir, sem núverandi ástand í fiskveiðimálum þjóðarinnar gefur okkur að sjálfsögðu mörg tilefni til. Í því sambandi mætti nefna fjölda atriða, og ég get varla látið hjá líða að nefna fyrst þær brtt., sem fiskveiðilaganefndin leggur einróma til, að samþykktar verði.

Í fyrsta lagi er áskilið, að leyfi þurfi fyrir loðnuveiðar með flotvörpu með nokkuð stífum fyrirvara. Og í öðru lagi mætti nefna, að mikil áherzla er lögð á að spyrna við fótum, ef um seiða- eða smáfiskadráp verði að ræða í varhugaverðum mæli. Svo mætti einnig nefna í þriðja lagi, að þá gæti rn. auglýst breyt. á friðunarsvæðum eða auglýst ný friðunarsvæði í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Í fjórða lagi er ákveðið, að eftirlit skuli aukið með veiðum innan landhelginnar, með veiðarfærum, fiskstærðum og ýmsu þess háttar.

Það er ljóst, að miklu meira þarf að gera heldur en þetta, og til þess vinnst væntanlega tími fram á vorið, ef mjög vel er að unnið. Þó verð ég að lýsa því yfir, að mér finnst tíminn mjög naumt skammtaður í þessu efni. Fiskveiðilaganefnd minnir m. a. á eftirtalin atriði, sem skoða þurfi í sambandi við þær till. og hugmyndir, sem komu fram í sambandi við störf hennar, og vil leyfa mér að lesa nokkuð af þeim, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Á að gera allar veiðar íslenzkra fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar háða leyfum eða hvaða veiðar eiga að falla undir slíkt leyfakerfi?

2. Hvaða reglur eiga að gilda um möskvastærð botnvörpu?

3. Eiga sömu reglur að gilda fyrir botnvörpu og flotvörpu?

4. Eiga sömu reglur að gilda fyrir dragnót og botnvörpu?

5. Hvaða togveiðiheimildir eiga íslenzk skip að hafa í fiskveiðilögsögunni á hinum ýmsu veiðisvæðum allt í kringum landið?

6. Á að miða þessar togveiðiheimildir við mismunandi stærðir eða gerðir skipa?

7. Á að leyfa loðnuveiðar í flotvörpu, og á þá að binda slíkt leyfi einhverjum skilyrðum?

8. Á algerlega að banna bolfiskveiðar í hringnót eða veiðar með smáriðinni ufsanót?

9. Hver á möskvastærð þorskfiskneta að vera?

10. Hvaða reglur eiga að gilda um netaveiðar? Á að banna að skilja net eftir í sjó, meðan siglt er til hafna? — Þetta atriði gerði Hafrannsóknastofnunin till. um.

11. Þarf að auka eftirlit með ástandi fiskistofna annars vegar og landhelgisgæzlu hins vegar?

12. Hvaða reglur eiga að gilda um rækju-, skelfisk- og humarveiðar?

13. Á að friðlýsa sérstök hrygningar- og/eða uppeldissvæði? Hvaða svæði, á hvaða tímum, fyrir hvaða veiðarfærum? Er rétt og hægt að koma við aukinni skiptingu veiðisvæða með tilliti til veiðarfæra?"

Þetta er upptalning ýmissa meginatriða, sem fiskveiðilaganefndin setti fram, sem sérstaklega þyrfti að athuga. Þessi atriði gætu að sjálfsögðu verið miklu fleiri. En eins og sjá má af þessum atriðum, er fjölmargs að gæta, og samkv. því gætum við einstakir þm. flutt fjölmargar till. í sambandi við þetta mál. En eins og ég sagði í upphafi, þá var sambykkt í sjútvn. að geyma allt slíkt til væntanlegrar endurskoðunar, en taka aðeins tillit til till. fiskveiðilaganefndarinnar. Við vissum samt í sjútvn., að einn mundi skera sig út úr, og kemur það víst fáum á óvart, þegar í ljós kemur að það var hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, sem nú kemur fram með till. sem einhver sérstakur friðunarsinni. Slíkt athæfi fer þessum hv. þm. ekki betur en annað og ég vildi segja sérstaklega illa. Hann var t. d. einn nm. í fiskveiðilaganefnd, sem vildi viðhalda fullum togveiðiheimildum upp í landsteina á allstórum svæðum. Ég sé, að hv. 10. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs. Það er þá eina vonin til þess, að það, sem á eftir fer, verði líka eitthvað pínulítið skemmtilegt.

Ég vona að lokum, að hv. þd. geti fallizt á það sjónarmið, að ef taka á brtt. til meðferðar nú, þ. e. aðrar en þær, sem samkomulag varð um í fiskveiðilaganefnd, þá gæti það orðið til þess, að frv. fái ekki afgreiðslu nú, sem er þó algerlega nauðsynlegt að verði, vegna þess að núv. lög falla úr gildi um áramótin.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd fiskveiðilaganefndar, sem undirbjó þær brtt. við togveiðilagafrv., sem nú var gerð grein fyrir, þakka sjútvn. þessarar d. fyrir að taka þær till. óbreyttar til flutnings. Jafnframt vænti ég þess, að hv. Alþ. geti í meginatriðum a. m. k. fallizt á þá bráðabirgðalausn, sem hér er lagt til, að verði fengin á þessu vandasama og viðkvæma máli. Slíkt yrði þá gert með sérstöku tilliti til þess, að fiskveiðilaganefndin er með þetta mál í heild til meðferðar. Hún er með lög og reglur um fiskveiðar okkar innan 50 mílna markanna í framhaldsathugun og endurskoðun. N. hefur sett sér það mark að ljúka þessari endurskoðun það tímanlega, að nægilegt tóm gefist til að fjalla um málið í heild síðar á þessu þingi og það svo snemma, að hægt verði að ganga frá nýrri fiskveiðilöggjöf með vorinu eða fyrir þinglok.

Ég sé sérstaka ástæðu til þess í tilefni af þeim orðum, sem féllu hér áðan, að taka það fram, að innan fiskveiðilaganefndarinnar hefur tekizt að mínu viti mjög gott samstarf, og ég er meðnm. mínum þakklátur fyrir það, sem þeir hafa þegar lagt þar af mörkum, og er þess fullviss, að við framhald á störfum n. muni þar ríkja hinn sami vilji og hin sama ábyrgðartilfinning í sambandi við þetta vandasama mál eins og ríkt hefur fram að þessu. Þetta tel ég sérstaka ástæðu til að taka fram nú.

Ég tel líklegt og raunar víst, að ýmsir hv. alþm. muni fylgjandi allmiklu meiri breytingum á fiskveiðilöggjöfinni — og þá kannske alveg sérstaklega á löggjöfinni um togveiðiheimildir — heldur en þeim, sem lagt er til, að gerðar verði nú, sem ég vona, eins og ég sagði áðan, að geti orðið samstaða um. Svo er einnig um fiskveiðilaganefndina. Hún hefur rætt um mörg atriði, sem hún telur, að við fullnaðarendurskoðun þurfi að gera breytingar á eða þurfi að koma löggjafaratriði um. En það varð hins vegar að töluvert athuguðu máli samkomulag innan n. um að leggja að þessu sinni það eitt til, sem n. varð öll sammála um, að gera þyrfti og gera ætti nú strax, en geyma yfirleitt aðrar breytingar, þangað til heildarendurskoðunin sæi dagsins ljós, og ég geri mér fyllstu vonir um og veit, að n. stefnir að því, að hún geri það í febrúar eða byrjun marz.

Þá vil ég einnig taka það fram til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning, að sú er ætlun fiskveiðilaganefndar að leggja á sínum tíma — væntanlega ekki seinna en í fyrri hluta eða um miðjan febrúarmánuð n. k. — fyrir þm. hinna einstöku kjördæma eða landshluta þau drög eða þær hugmyndir, sem þá verða til staðar og sérstaklega er ástæða til að athuga í sambandi við hina einstöku landshluta, þ. e. a. s. að slík drög verði rædd á fundum með þm. hinna einstöku kjördæma, áður en heildartill. sjá dagsins ljós.

Ég tel rétt, enda þótt að mörgu sé að hyggja nú síðustu dagana fyrir jól, að gera hér nokkra grein fyrir störfum fiskveiðilaganefndarinnar fram að þessum tíma og ætla þó aðeins að stikla á örfáum hinum stærri atriðum.

N. þessi var upphaflega sett á laggir með bréfi sjútvrh. 11. okt. 1971. N. er skipuð 5 alþm. samkv. tilnefningu þingflokka, og var henni upphaflega fengið það verkefni að fjalla um lög og reglur um togveiðiheimildir innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar, en eins og hv. alþm. er kunnugt voru settar í lög fyrir 3—4 árum allvíðtækar togveiðiheimildir, en þá með því ákvæði, að þær skyldu falla úr gildi í árslok 1971. Þær voru sem sagt settar til reynslu, og síðan átti að taka ákvarðanir um framhaldið að fenginni þeirri reynslu. Sú varð niðurstaðan af störfum n. haustið 1971, að rétt væri, eins og þá stóð á, að framlengja óbreyttar eldri togveiðiheimildir um eitt ár, þ. e. a. s. til ársloka 1972, og fresta þar með endurskoðun þessarar heildarendurskoðunar löggjafarinnar um nokkurt skeið. Þetta var gert fyrst og fremst með tilliti til þess, að fiskveiðilögsagan yrði á næsta ári, þ. e. a. s. á árinu 1972, færð út í 50 mílur og þess vegna væri eðlilegast að haga endurskoðun togveiðilaganna með tilliti til þessa. En þar að auki væri það að mörgu leyti æskilegt, að fjallað yrði ekki aðeins um togveiðiheimildarlögin, heldur yrði leitazt við að setja heildarlöggjöf um fiskveiðar Íslendinga innan hinnar stækkuðu fiskveiðilögsögu. Þessi varð sem sagt niðurstaðan n. í fyrra, og á hana var fallizt af hv. Alþ. Framlenging togveiðiheimilda var gerð með lögum nr. 89 hinn 24. des. 1971. Samkv. þeim lögum falla togveiðiheimildirnar úr gildi hinn 31. des. n. k., og m. a. þess vegna er óhjákvæmilegt að gera a. m. k. ákveðnar breytingar nú eða taka afstöðu til þess, hvort framlengja eigi þessi lög. Það var síðan í byrjun septembermánaðar nú í haust, sem hæstv. sjútvrh. fór þess formlega á leit við n. frá í fyrra, að hún héldi áfram störfum, og með ráðuneytisbréfi 14. sept. 1972 var verksvið n. aukið verulega, og þar lagði rn. áherzlu á, að n. fjallaði um þýsna mörg atriði, sem snerta fiskveiðar innan fiskveiðilögsögunnar nýju, og var það á engan hátt bundið við togveiðilögin ein. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í það í einstökum atriðum, hvað var mælzt til, að n. hefði sem sitt aðalverkefni, en það má í einni setningu segja, að það hafi verið, fyrir utan sérstakar ábendingar um ákveðin mikilvæg atriði, — þá hafi það verið í megindráttum að taka til heildarendurskoðunnar þá löggjöf, sem fyrir er um fiskveiðar innan fiskveiðilögsögunnar, og breyta þeim lögum með tilliti til hinnar stækkuðu fiskveiði landhelgi.

Fyrsta verkefni n. nú í haust, í septembermánuði, eftir að hún tók fyrir alvöru til starfa á ný, var ýmis gagnasöfnun og könnum þeirra gagna, sem henni bárust, eftir því sem tími reyndist til. Þannig var þegar í byrjun safnað saman og farið yfir öll lög og reglugerðir, sem snert gátu þetta víðtæka verkefni. Þá var aflað uppl. um, hve margir bátar væru hér á landi af hinum ýmsu stærðum og hve margir bátar eða togarar af ýmsum stærðum væru í smíðum hérlendis og erlendis. Þá var einnig aflað margvíslegra gagna um afla og aflasamsetningu bæði íslenzkra og erlendra fiskiskipa, enn fremur var gerð athugun á veiðum íslenzkra fiskiskipa með tilliti til hinna mismunandi veiðarfæra, sem þau nota.

N. skrifaði þegar í upphafi starfs sins í haust bréf til ýmissa stofnana og félagasamtaka. Hún sendi bréf til Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskifélags íslands, L. Í. Ú., Farmanna- og fiskimannasambandsins og svo sams konar bréf bæði til Sjómannasambands og Alþýðusambands Íslands. Þessar stofnanir og samtök voru í bréfinu beðin að gera n. bréflega, svo fljótt sem kostur væri grein fyrir tillögum eða hugmyndum um heildarskipulag fiskveiðanna eða einstök atriði í sambandi við verkefnið, sem þessar stofnanir eða þessi félög vildu í té láta. Sumar þessar stofnanir, svo sem Hafrannsóknastofnun og Fiskifélagið, sendu tiltölulega fljótt sínar tillögur, a. m. k. bráðabirgðatillögur, en sum önnur félagasamtök höfðu þann háttinn á, að þau framsendu bréf n. til aðildarfélaga sinna víðs vegar úti um land. N. hafa þegar og raunar fyrir alllöngu í ýmsum tilvikum borizt bréf frá mörgum þessara aðildarfélaga með mismunandi ítarlegum tillögum og hugmyndum í sambandi við þetta verkefni.

Fljótlega eftir að n. tók til starfa í haust, ákvað hún að halda almenna fundi í öllum kjördæmum landsins til þess í fyrsta lagi að skýra útvegsm. og sjóm. og öðrum, sem áhuga hefðu, frá verkefni n. og þó einkum til þess að gefa þessum aðilum kost á að koma tillögum sínum og hugmyndum á framfæri við n., ýmist á þessum fundum eða síðar eftir atvikum. Á tímabilinu frá 14. okt. til 2. nóv. s. l. hélt n. opinbera fundi í öllum kjördæmum landsins, nema Norðurl. e., en fundur í því kjördæmi verður haldinn, áður en langt um líður. Þessir fundir voru að vísu misjafnlega sóttir, en þó má yfirleitt segja, að þeir hafi verið fjölsóttir. Þar komu fram margar till. og hugmyndir, sem varða fiskveiðilög og reglur um fiskveiðar, ýmist almenns eðlis eða, svo sem kannske var algengara, að þessar till. miðuðust einkum við fiskimið þess héraðs eða landshluta, sem í hlut átti hverju sinni. Þá hafa n. einnig í framhaldi þessara funda borizt fjölmörg bréf frá félagasamtökum, hagsmunahópum og einstaklingum, þar sem hugmyndir og tillögur eru bornar fram, ýmist um fleiri atriði eða færri. Auk hinna almennu funda, sem ég hef nú gert grein fyrir, sem haldnir voru víðs vegar um land, hélt n. á tímabilinu frá 11. sept. til 6. des. 25 nefndarfundi.

Fiskveiðilaganefnd hafa, eins og ég áður sagði, þegar borizt fjölmargar skriflegar till., sumar

langar og ítarlegar, í mörgum liðum og um mörg atriði, og flestar — þó ekki nærri því allar — fjalla fyrst og fremst um togveiðiheimildir, en margt annað kemur þarna að vísu inn í. Ég mun ekki gera tilraun til þess hér að þessu sinni að gera efnislega grein fyrir þessum till. eða hugmyndum, það yrði allt of langt mál. Það er einnig býsna örðugt að lýsa í fáum orðum einhverri ákveðinni meginstefnu, sem komi fram í þessum till., svo sundurleitar eru þær í a. m. k. býsna mörgum tilvikum, enda er því ekki að leyna og þarf ekki að koma neinum á óvart, að í sambandi við sumar till. a. m. k. koma þarna fram mismunandi sjónarmið, sem tvímælalaust spretta af því, að menn hafa ólíkra hagsmuna að gæta eftir því, um hvað stór skip er að ræða, hvaða veiðarfæri eru notuð og fleira þess konar. Auk þeirra skriflegu tillagna, sem þannig hafa borizt n., hafa einnig komið fram í þeim eitthvað á annað hundrað ræðum, sem 80 manns héldu á hinum almennu fundum n., ýmsar ábendingar og jafnvel tillögur, sem varðveittar eru í ítarlegum fundargerðum, sem ritari n., Þórður Ásgeirsson skrifstofustj., ritaði á öllum fundum. Þessar till. eða hugmyndir eru einnig til úrvinnslu fyrir nefndina.

Eins og nærri má geta, er það mikið verk að vinna úr þessum tillögum og hugmyndum, og þurfti í rauninni ekki að koma neinum á óvart. Það er einnig ljóst, að verkefni n. er þess eðlis, að það krefst mikillar vinnu og töluverðrar nákvæmnisvinnu, þar sem taka verður, eftir því sem efni standa til og möguleikar leyfa, tillit til býsna margvíslegra sjónarmiða, sem ég mun þó ekki fara nánar út í nú. Það hefur líka óneitanlega tafið störf n., að niðurstöður samningaviðræðna, sem hafa átt sér stað við Breta og V-Þjóðverja, hafa ekki legið fyrir. Þegar þetta allt er athugað, hversu verkefnið er mikið, hversu margar till. eru komnar fram og sundurleitar og hversu miklum erfiðleikum hefur verið bundið að gera heildartill., meðan að óvissa ríkir um ein og önnur atriði eins og ég hef þegar rakið, þá komst n. að þeirri niðurstöðu að það væri ekki fært eða tímabært að leggja nú fram nægilega snemma fyrir jól endanlegar tillögur um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. Þess vegna hefur n. haft þann háttinn á til þess að flýta málinu að æskja þess, að sjútvn. þessarar hv. d. flytti ákveðnar brtt. við það frv., sem hér hefur legið fyrir Alþ. um breyt. á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Og eins og fram er komið, hefur hv. sjútvn. d. orðið við þessum tilmælum. Sem sagt, fiskveiðilaganefnd leggur nú til, að botnvörpuheimildalögin verði framlengd til vetrarvertíðarloka eða um 4½ mánuð. Það er ætlun n., eins og ég áðan sagði, að halda áfram störfum af fullum krafti, strax og um hægist eða þegar janúarmánuði, og hún stefnir að því að skila endanlegu áliti ekki síðar en í byrjun marzmánaðar á næsta ári.

Ég gat þess áðan, að það var fullt samkomulag innan n. um þessa málsmeðferð og um þær tillögur, sem hún hefur beðið sjútvn. að flytja og eru á þskj. 184. Ég mun ekki fara út í að lýsa einstökum till., enda hefur hv. frsm. sjútvn. þegar gert það, og ég tel einnig víst, að hv. þm. hafi kynnt sér þessar till. rækilega, þar sem nokkuð er síðan þeim var útbýtt.

Í sambandi við till. vil ég aðeins leggja áherzlu á það og raunar svo þunga áherzlu sem mér er auðið, að hið aukna eftirlit með veiðum og veiðarfærum og stærð þess fisks, sem veiddur er, sem ráðgert er í þessum brtt., er að okkar dómi í fiskveiðilaganefnd ákaflega brýnt, og þar má ekki sitja við orðin tóm, þarna verður að fylgja eftir í verki. Vitanlega kostar slíkt eftirlit nokkra fjármuni, e. t. v. talsverða fjármuni. En hér er líka mikið í húfi, svo mikið, að það má ekki hika við að afla nauðsynlegs fjár til þess að framkvæma eftirlit af fullri ábyrgðartilfinningu og með fullum alvöruþunga.

Ég vil svo að síðustu geta þess, að fiskveiðilagan. íhugaði og ræddi töluvert á síðustu fundum sínum, áður en hún skilaði af sér þessu bráðabirgðaáliti, hvort ekki væri rétt að gera nú þegar nokkrar fleiri brtt. á botnvörpul. og þá í friðunarátt. Það var m. a. mjög um það rætt, hvort setja ætti inn í lögin ákvæði um, að togveiðar verði hvergi leyfðar nær landi en 3 mílur. Full samstaða náðist ekki innan n. um þetta eða önnur frekari atriði, þ. e. a. s. það náðist ekki full samstaða um að leggja þetta til nú, og það bíður því væntanlega framhaldsstarfs n. að taka ákvörðun bæði um þessa breytingu og mjög margar aðrar, sem ræddar hafa verið í nefndinni.

Ég vil svo að síðustu aðeins leggja áherzlu á, svo að það verði enginn misskilningur í því efni, að till. á þskj. 184, eins og ég hef nú raunar rakið, eru bráðabirgðatill. að því leyti, að það er mjög margt annað, sem fiskveiðilaganefnd er að fjalla um og kemur til með að gera till. um. En það er nú svo, að í sambandi við heildarlöggjöf um þessi efni þarf að mörgu að hyggja og m. a. þarf að leitast við að gæta þess, að eðlileg hlutföll, ef ég má orða það þannig, haldist milli veiðiheimilda og friðunaraðgerða á fiskislóðum hinna ýmsu landshluta, svo og milli mismunandi veiðarfæra. Þá á ég við það, að með stórfelldri friðun í einum landshluta eða á einu veiðisvæði getur farið svo, að sókninni verði beint yfir á nálægt veiðisvæði, sem þolir þá e. t. v. ekki hina auknu sókn. Það verður því að okkar viti í fiskveiðilaganefndinni sem mest að haldast í hendur að framkvæma þessar aðgerðir aðrar en hinar almennu, sem fyrst og fremst er lögð áherzla á í okkar brtt. Ég held því og veit raunar, að það er mjög mikilvægt, að sem mest og bezt samstaða geti náðst um meðferð þessa máls, fyrst og fremst um þær bráðabirgðabreytingar, sem fiskveiðilagan. í heild leggur til, að gerðar verði. Og ég vil mega vænta þess, að hv. alþm., þótt þeir kunni að hafa í huga og hafi vafalaust í huga ýmsar breytingar brtt., geti sætt sig við það, að þær sem flestar, helzt allar, bíði heildarendurskoðunarinnar, þeirrar endurskoðunar, sem er, eins og ég hef þegar lýst, væntanlega heldur meira en í miðjum liðum og stefnt er að, að ljúki þegar á þessum vetri. Því meiri samstaða sem orðið getur um vinnubrögð og meginstefnu í þessum viðkvæmu og vandasömu málum, bæði nú í sambandi við þessa bráðabirgðaafgreiðslu, svo og á komandi vetri,

þegar málið í heild kemur til kasta þingsins, því betra fyrir alla aðila.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Sem sjútvn.-maður vil ég gjarnan gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess máls, sem hér er til umr. Svo sem fram hefur komið, hefur sjútvn. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., sem hér liggur fyrir og er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í sambandi við tilkomu nýju reglugerðarinnar um stækkun fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómílur. Einnig leggur n. til, að fallizt verði á till. fiskveiðilaganefndar, sem hefur orðið samkomulag um, að þær verði teknar inn í botnvörpulögin.

Brbl. voru gefin út til að kveða nánar á um viss ákvæði í gildandi lögum um botnvörpu- og flotvörpuveiðar í landhelginni, þ. e. a. s. að taka skýrt fram, að lagaákvæðin, sem giltu um 12 mílna fiskveiðilandhelgina næðu til hinnar nýju fiskveiðilögsögu. Um það atriði hygg ég, að ekki hafi verið nema allt gott að segja og því sjálfsagt að vera fylgjandi því, að frv. nái fram að ganga. Svipað er raunar að segja um till. fiskveiðilaganefndarinnar, svo langt sem þær ná. Það virðist eðlilegt svo sem lagt er til í þeim till., að ráðh. hafi heimild til, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu, en til þessa hafa þær eingöngu verið leyfðar í vísinda- og rannsóknaskyni, enda slíkar veiðar í öðrum tilgangi óheimilar lögum samkv. — Tilraunir á þessu sviði hafa bent til þess, að rétt sé að gera mönnum kleift að stunda slíkar veiðar að vissu marki. Því á þessi till. að mínum dómi fyllsta rétt á sér.

Í till. fiskveiðilaganefndarinnar er lagt til, að sjútvrn. skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn seiða- og smáfiskadrápi í þeim mæli, sem varhugavert og hættulegt getur talizt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, og í því skyni er gert ráð fyrir, að rn. fái heimild til að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef þurfa þykir. Eins og málum er nú háttað, virðist nauðsynlegt, að rn. hafi slíkt vald sem hér um ræðir, a. m. k. eins og sakir standa. Hið sama er að segja um þá till. fiskveiðilaganefndarinnar, að sjútvrn. geti auglýst ný friðunarsvæði, að sjútvrn. geti auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir. Þá er enn fremur lagt til, að sjútvrn. skuli beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfæraútbúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, og öðru því, sem við kemur vernd fiskistofna. Og svo er enn fremur lagt til, að rýmkað verði um togheimildir á ákveðnum svæðum úti fyrir Suðausturlandi.

Ég hef nú talið upp þær meginbreytingar, sem hæstv. ríkisstj. er reiðubúin til að leggja til, að gerðar verði að svo stöddu til þess að hafa stjórn á fiskveiðum og nýtingu fiskimiðanna innan 50 mílna fiskveiðilögsögunnar. Annað er það nú ekki, sem máli skiptir í þessum till. Ekki verður sagt, að hér sé um yfirgripsmiklar eða stefnumótandi till. að ræða í svo víðamiklu og mikilvægu máli sem mótun fiskveiðistefnunnar innan 50 sjómílna fiskveiðilögsögunnar hlýtur að vera. Það virðist síður en svo. Þarna er t. d. engu slegið föstu um, hvort eigi að auka almenna friðun innan 50 sjómílnanna. Þarna er ekkert um notkun þorsk-, ýsu- og ufsanótar, ekkert um endurskoðun reglna um dragnótaveiðar eða gildandi ákvæða um möskvastærð í vörpum ekkert um grundvallaratriði varðandi rækju-, humar-, skelfisk- og spærlingsveiðar, ekkert afgerandi um veiðihólfakerfið, svo að fátt eitt sé nefnt, sem taka þarf afstöðu til. Það ber vissulega að harma, hversu hörmulega hefur til tekist um þessi mál í höndum hæstv. ríkisstj., svo geysiþýðingarmikil sem þau eru.

Þegar sú ákvörðun var tekin á árinu 1971 að færa fiskveiðilögsöguna í 50 mílur 1. sept. 1972, var ljóst, að þá mundi skapast alveg ný viðhorf og tækifæri til nýtingar á helztu fiskimiðum okkar. Með tilkomu hinnar nýju fiskveiðilandhelgi mundu nytjafiskar okkar að verulegu leyti lenda undir okkar lögsögu, og þá gæfist Íslendingum tækifæri til að hafa stjórn á veiðunum. Það væri hægt að búa þannig um hnútana, að veiðarnar yrðu fremur stundaðar af forsjá en stjórnlausu kappi. Við þær breyttu aðstæður gætu Íslendingar stjórnað þróun fiskveiðanna, en yrðu ekki þolendur rányrkju, sem átt hefur sér stað á vissum sviðum fiskveiða hér við land, eins og kunnugt er. Þegar við fengjum yfirráð yfir fiskistofnunum, yrðum við að nýta þá skynsamlega og þannig, að til sem mestra hagsbóta yrði þjóðinni. Til þess að þessum markmiðum yrði náð, yrðu stjórnvöld að marka stefnu í þessum málum, — ákveðna og fastmótaða fiskiveiðastefnu, sem miðaði að því fyrst og fremst, að fiskistofnarnir innan 50 sjómílna fiskveiðilandhelginnar yrðu nýttir á sem hagkvæmastan hátt, án þess að viðkomu þeirra og viðgangi yrði stefnt í hættu. Svo hefur því miður enn ekki verið gert, illu heilli. Slík stefna átti að mínum dómi að liggja fyrir samtímis því, sem útfærslan í 50 sjómílurnar kom til framkvæmda. Þá voru hin réttu og eðlilegu tímamót til að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum til skynsamlegrar og hagkvæmrar nýtingar á fiskistofnunum innan hinnar nýju landhelgi. Það hefði t. d. alveg vafalaust styrkt aðstöðu okkar í baráttunni við Breta og Þjóðverja nú í sambandi við útfærslu landhelginnar, ef við hefðum getað sagt á opinberum vettvangi nákvæmlega, hvernig við ætluðum að standa að verndun og nýtingu fiskistofnanna innan 50 sjómílnanna, en ekki aðeins almennt talað, að við ætluðum að veiða með tilliti til reynslu og vísindalegrar staðreynda, eins og haldið hefur verið fram til þessa. En engin slík fastmótuð fiskveiðistefna, sem miðaðist við útfærslu landhelginnar 1. sept. 1972 og hægt var þá að hrinda í framkvæmd, var fyrir hendi, þótt núv. hæstv. ríkisstj. hafi þá haft marga mánuði til þess að láta vinna það verk, og enn hefur slík stefna ekki séð dagsins ljós nema að mjög óverulegu leyti í mynd þeirra till., sem fiskveiðilaganefndin hefur komið fram með og hér liggja fyrir til afgreiðslu.

Það er að sjálfsögðu rétt og skylt að geta

þess, eins og raunar síðasti hv. ræðumaður gerði, að hæstv. ríkisstj. skipaði 5 manna n., fiskveiðilaganefndina, til að gera till. um nýjar reglur varðandi heimildir til botnvörpuveiða í fiskveiðilandhelginni. Var hún skipuð í okt. 1971. Í grg. þessarar n. segir, að það hafi orðið niðurstaðan af störfum hennar á s. l. hausti, haustið 1971, að rétt væri að framlengja í óbreyttu formi eldri togheimildir til ársloka 1972 og fresta þannig afgreiðslu málsins um skeið, eins og gert var í des. 1971. Það var svo ekki fyrr en í byrjun sept. 1972, að þess var formlega óskað, að n. héldi áfram störfum og lyki þeim fyrir tiltekinn dag, sem ekki tókst.

Annar aðili, sem hlýtur að hafa mikið að segja um mótun fiskveiðistefnunnar, Hafrannsóknastofnunin, hefur nýlega látið frá sér heyra í þessum málum og birt í fjölmiðlum till. um nýtingu íslenzkra fiskistofna, sem vakið hafa eftirtekt, m. a. fyrir það, að stjórn stofnunarinnar tilkynnti formanni Landssambands ísl. útvegsmanna, að hún hefði ekki fjallað um þessar till. og hún sé í mörgum veigamiklum atriðum ósammála þeim, enda sé, eins og segir í þessari tilkynningu eða bréfi, vikið frá þeim kröfum, sem gera verði til vísindalegs álits. Og í ræðu, sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna hélt á aðalfundi þess 28. nóv. s. l. og birt hefur verið í dagblaði, gagnrýnir hann eitt og annað, sem fram kemur í till. starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég skal ekki lengja mál mitt með því að fara út í að ræða það, þótt ástæða væri kannske til. En af því, sem ég hef hér rakið, má mönnum ljóst vera, hvílíkt handahóf og losarabragur hefur verið á þessu máli. Þeir, sem að þessum málum eiga að vinna, virðast ekki hafa það samráð og samvinnu, sem nauðsynlegt er. Af þeim ástæðum m. a. dragast hlutirnir á langinn, þannig að skaði og tjón hlýzt af.

Það liggur í augum uppi, að undirbúningur að framkvæmd þessa geysimikilvæga máls, þ. e. mótun ákveðinnar fiskveiðistefnu, sem kveður skýrt og skorinort á um þær ráðstafanir, sem Íslendingar telja nauðsynlegt að gera, til þess að fiskistofnar innan 50 sjómílna landhelginnar verði nýttir á sem hagkvæmastan hátt, án þess að viðkomu þeirra og viðgangi sé stefnt í hættu, hefur ekki verið með þeim hætti, sem átti að vera að mínum dómi, og er þar langur vegur frá. Hverjir hér eiga helztu sök á, skal ósagt látið, en ábyrgðina á þessu ber hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu. Það skal fúslega viðurkennt, að hér er um yfirgripsmikið og vandasamt verkefni að ræða. Fjölmörg atriði eru þess eðlis, að um þau eru skiptar skoðanir og álitamál, hvað sé skynsamlegt. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að hæstv. ríkisstj. hafði nægan tíma til að láta undirbúa þetta mál sómasamlega, frá því að hún kom til valda og þar til útfærslan átti sér stað, eða um 14 mánuði. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, virðist sáralítið hafa þokazt í þá átt að ljúka undirbúningi að nauðsynlegum aðgerðum innan 50 sjómílna fiskveiðilögsögunnar, og mikið verk virðist enn óunnið, eftir því sem bezt verður séð, áður en hin fullmótaða fiskveiðistefna liggur fyrir.

Í grg. fiskveiðilaganefndarinnar segir, að það hafi torveldað störf n., að óvissa hafi ríkt og ríki um niðurstöður samningaviðræðna við Breta og V-Þjóðverja. Ég vil spyrja: Hefur n. fengið fyrirmæli frá hæstv. ríkisstj. um að fara sér hægt, vegna þess að þær niðurstöður liggja ekki endanlega fyrir? Ef íslenzkir sjómenn, útvegsmenn og raunar þjóðin öll á að bíða eftir því, þá kann að verða dráttur á, að n. ljúki störfum sínum eða skynsamleg nýting á fiskistofnunum innan 50 mílna fiskveiðilandhelginnar komist í framkvæmd, án þess að ég vilji á nokkurn hátt vera með neinar hrakspár í því efni A. m. k. virðist allt vera í hinni mestu óvissu um samninga í því máli, eins og sakir standa. Kannske það hafi verið ætlun hæstv. ríkisstj., þegar ákveðið var um útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 mílur, að draga allt þetta mál á langinn, þar til útséð yrði um samninga við Breta og Þjóðverja. Ekki vil ég trúa því að óreyndu, því að hafi það verið fyrirrætlun hæstv. ríkisstj., hefur íslenzk þjóð verið illa blekkt. Íslendingar vildu nefnilega mega trúa því, þegar útfærslan fór fram 1. sept. 1972, að gerðar yrðu tafarlausar ráðstafanir til að skipuleggja okkar eigin fiskveiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Það er ekki nóg að skipa Bretum og Þjóðverjum út fyrir 50 mílurnar. Við verðum jafnframt að fyrirbyggja eigin rányrkju og segja henni stríð á hendur. Saga síldveiðanna við Ísland er okkur þar víti til varnaðar. Skammsýn rányrkjustefna á að víkja. Í þess stað á að taka upp stefnu, sem hefur hagkvæmni og skynsemi að leiðarljósi í nýtingu fiskistofna okkar.

Þessi þáttur í baráttunni fyrir verndun fiskimiðanna og hagnýtingu þeirra hefur verið vanræktur af hæstv. ríkisstj. Hún hefur látið undir höfuð leggjast að fylgja þessu fram. Enn mun mánuðir líða þar til fullnaðartill. koma fram á Alþ. varðandi þetta mál. Það finnst mér óafsakanlegt. Það er ákaflega aðkallandi, að hæstv. ríkisstj. láti það ekki dragast lengur, að gengið verði röggsamlega til verks í þessu máli, þannig að till. liggi fyrir um heildarmótum stefnunnar. Og úr því sem komið er vil ég fyrir mitt leyti leggja meginháherzlu á, að heildartill. komi fram frá hæstv. ríkisstj. hið allra fyrsta, svo að unnt verði að gera sér grein fyrir heildarmynd væntanlegrar fiskveiðistefnu hæstv. ríkisstj. Ég hef þess vegna tekið þann kostinn sem sjútvn.-maður að koma ekki fram með brtt. við botnvörpulögin, eins og sakir standa, þar sem ég er þeirrar skoðunar, að slíkt greiði ekki fyrir framgangi þess, að mótuð verði samræmd heildarstefna í þessum málum hið allra fyrsta. Það er ákaflega brýnt viðfangsefni, eins og ég hef reynt að sýna hér fram á.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér þykir mjög miður, ef þeir eru margir hér meðal hv. alþm., sem hafa ekki gert sér betur grein fyrir því, sem hér hefur verið að gerast í þessum málum, heldur en síðasti hv. ræðumaður. Ég gat ekki betur heyrt en að næstum allt, sem hann sagði, væri byggt á algerum misskilningi.

Það hefur komið fram í þessum umr., að í októbermánuði 1971 hafi verið skipuð sérstök n. til þess að gera till. um reglur varðandi fisk-

veiðar í landhelgi, af því að þá stóð svo á, að lög um þau efni áttu að renna út um næstu áramót, eða í ársbyrjun 1972. Þær reglur, sem um fiskveiðarnar höfðu gilt, höfðu verið settar hér á Alþingi eftir æðimikið og vandasamt starf, af því að menn vissu, að það var hægara sagt en gert að setja flóknar reglur varðandi fiskveiðarnar í landhelgi, en það hafði tekizt að ná samkomulagi um reglurnar, en þó áttu þær að vera til stutts tíma, í rauninni reynslureglur. En þegar þær áttu að takast til endurskoðunar, urðu menn úr öllum flokkum sammála um, að það væri ekki tími til þess að ákveða nýjar reglur fyrir síðustu áramót, og var samþ. hér á Alþ. að fresta málinu, — fresta því ekki aðeins um nokkra mánuði, heldur fresta því út árið 1972. Það kom hér mjög greinilega fram á Alþingi, að menn völdu þennan tíma vegna þess, að menn voru einnig sammála um, að það væri óheppilegt að taka upp deilur manna á meðal innanlands samtímis því, að við ættum í deilum við útlendinga um útfærslu landhelginnar. Ég heyrði engan mann hér á Alþingi hreyfa því, að það væri rétt að láta þann tíma fara saman, þegar um útfærslu landhelginnar væri að ræða, — þ. e. a. s. 1. sept., sem ákveðinn hafði verið, og þegar það var vitað mál að við mundum standa í deilum við útlendinga um þá útfærslu, — og að setja jafnhliða reglur um það, hvernig við ætluðum að skipa veiðunum í okkar landhelgi. Allir voru hér sammála um, að það væri óheppilegt að láta þennan tíma fara saman. Hins vegar urðu menn sammála um að fresta því, að við settum okkar almennu reglur um nýtingu landhelginnar þar til nokkru síðar eða um áramótin 1972 og 1973. Um þetta var samkomulag. Þannig var gengið frá málinu. Það er því ekki neinn sérstakan að saka um það, að við skulum ekki hafa lagt hér fram tillögur samhliða útfærslu landhelginnar um það, hvernig við ætluðuðum að nýta fiskveiðilandhelgina.

En það hefur auðvitað komið í ljós nú eins og stundum áður, að það er hægara sagt en gert að ná sterku samkomulagi hér á Alþingi um fyrirkomulag fiskveiði okkar innan eigin landhelgi, og því hefur það farið þannig nú, að sú n., sem hefur haft með málið að gera og átti að reyna að vinna að samstöðu, hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að fresta málinu enn um skeið og vinna að sameiginlegum till. í málinu. Það er auðvitað enginn vandi að tala um, að það þurfi að liggja fyrir mótuð stefna, — fastákveðin fiskveiðistefna okkar Íslendinga. Skyldi það vera eitthvað nýtt? Skyldi það ekki hafa gilt líka innan 12 mílna landhelginnar? Ætli sjútvrh. Alþfl. hefði þá ekki átt að koma með mótaða stefnu á þeim tíma í sambandi við okkar fiskveiði í landhelginni? (Gripið fram í.) Samþykktum við þá lög um fasta stefnu? Það var samþykkt hér með nákvæmlega sömu vinubrögðum, sem nú hafa verið viðhöfð, að upp úr algeru öngþveiti, sem þá var ríkjandi, þegar segja mátti, að enginn virti þær reglur, sem þá voru í gildi varðandi veiðar í landhelginni, þá varð það samkomulag fulltrúa úr öllum flokkum að koma hér á bráðabirgðaskipan í þeim málum aðeins varðandi þessar veiðar. Ætlar svo hv. þm. Benedikt Gröndal að tala um það, að þær reglur hafi mótað hér fasta stefnu í nýtingu fiskistofnanna í landhelginni? (Gripið fram í: Er það ekki framhald þeirra bráðabirgðaaðgerða, sem við erum núna að fást við?) Við erum að tala um að framlengja þetta tímabil, á meðan er verið að koma sér saman um nýjar fiskveiðireglur — um fastmótaða stefnu. Og það hefur verið valin sú leið í þessum efnum, sem menn höfðu orðið ásáttir um áður, að það væri langvænlegast, að menn úr öllum flokkum ynnu saman að athugun málsins og hefðu samráð við hina ýmsu aðila, sem hér eiga hlut að máli um allt land, og það hefur verið gert nú, og síðan verið farið fram á, að fulltrúar í fiskveiðilaganefnd hefðu jafnframt samband við þm. úr öllum kjördæmum landsins til þess að reyna að samræma skoðanir manna á þessu viðkvæma innanlandsmáli okkar. Ég sé því ekki annað en að það hafi verið haldið á þessu máli á þann hátt, sem okkur hefur reynzt bezt og á þann hátt, sem samkomulag hefur verið um hér á Alþingi. Ég hef ekki heyrt neinar raddir um annað, fyrr en að nú kemur hér einn hv. þm. og les hér reiðilestur út af því, að ríkisstj. skuli ekki hafa fastmótaða stefnu varðandi fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi. Hefur þessi hv. þm. þá ætlazt t. d. til þess, að ég sem sjútvrh. og síðan ríkisstj. öll, — að við legðum einhliða fram okkar till. varðandi þetta mál og hefðum þar ekki samráð við aðra flokka eða þá aðila í þjóðfélaginu, sem þetta mál varðar mest? Var það röng aðferð að taka upp samstarf við flokkana eins og gert hefur verið, og taka upp samstarf við menn í öllum landsfjórðungum um það, hvernig ætti að standa að því að setja þessar reglur? Ég er í rauninni alveg hissa á því, að svona misskilningur skuli geta komið hér fram, eins og að þessu máli hefur verið staðið.

Ég get sagt það, að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það, að sú n. skipuð fulltrúum allra flokka, sem hefur starfað að athugunum að þessu máli, skyldi ekki geta skilað fullnaðartillögum sínum fyrr. En ég skil það mætavel, af því að ég hef m. a. átt sæti í n., sem fjallaði um þessi mál áður, að það geti dregizt að ná fullri samstöðu á þeim grundvelli, sem einhverjar líkur eru til, að geti fengið undirtektir hér á Alþingi. Ég veit nefnilega mætavel, að sjónarmið manna um það, hvað skuli leyfa og hvað skuli banna, hvaða veiðarfæri megi nota og á hvaða tíma, hvar friðunarsvæðin skuli vera lengst lokuð og hvar skemmstan tíma lokuð, — sjónarmið manna í þessum efnum eru svo mismunandi, að sé ekki reynt að leggja sig fram um að ná samstöðu um málið, þá eru engar líkur til þess, að tillögur um það nái fram að ganga hér á Alþingi, — engar líkur til þess, því að þessi mismunandi sjónarmið skipta mönnum ekki eftir flokkum, þau eru mismunandi í hverjum flokki um sig.

Nei, það er enginn vafi á því, að það var rétt, sem hér var almenn skoðun á Alþingi og almenn skoðun í öllum samtökum útvegsmanna í landinu, sem um þessi mál fjölluðu, — það var rétt að hafa ekki sama tíma á í sambandi við útfærslu landhelginnar, sem hlaut að þýða átakatíma fyrir okkur gagnvart útlendingum, og þann tíma, sem hlaut að verða til þess að skipta okkur

nokkuð í flokka, þegar við færum að gera upp þau ákvæði, hvernig við ættum að skipa okkar eigin veiðum. En nú hefur svo til tekizt, að við höfum fært út landhelgina miðað við 1. sept., en komið er fram undir áramót, og það er sýnilegt, að sá tími, sem liðinn er hefur ekki nægt okkur til að koma saman þessum nýju reglum. Þá er það, sem fiskveiðilaganefndin, sem hefur starfað og þegar unnið mikið verk og hefur ætlað sér að leggja fram till. sínar á mjög viðtækum grundvelli, leggur til einróma, að málinu verði enn frestað í meginatriðum fram á vetur, en hins vegar verið samþykktar nú nokkrar almennar breyt., sem lítið koma inn á deilumálin, sem eru til staðar í þessu máli.

Það er ljóst á þeim till. sem hér liggja fyrir að fiskveiðilagan. gerir hér till. til breyt. frá gildandi reglum, að hún vill hafa það tvímælalaust, að það sé heimilt að veita leyfi til loðnuveiða með flotvörpu í landhelginni. Tel ég rétt og nauðsynlegt að fá þetta ákvæði alveg skýrt. Ég held, að um þetta þurfi ekki að verða neinar deilur.

Þá gerir n. ráð fyrir því að taka upp ákvæði um, að það sé hægt að grípa inn í á hraðvirkari hátt en verið hefur, þegar um er að ræða augljóslega óeðlilegt dráp á smáfiski eða seiðadráp, þá sé hægt að setja skyndireglur til að fyrirbyggja slíkt. En það hefur verið talið, að það skorti nokkuð á um heimildir til þess, að hægt væri að grípa inn í á þennan hátt. Um þetta ætti ekki heldur að vera neinn ágreiningur.

Þá leggur nefndin einnig til, því að menn hafa ekki verið fyllilega sammála um, hvort það væri í rauninni leyfilegt eða ekki leyfilegt, að það sé skýrt fram tekið, að sjútvrn. geti gefið út fyrirskipanir um ný friðunarsvæði umfram það, sem ákveðið er í lögum og reglum að öðru leyti. Það er enginn vafi á því, að þeir, sem unnu í n. um samkomulag í þessum málum, skildu almennt þær till., sem voru síðan samþykktar, á þá lund, að áfram hefði rn. heimildir til þess að lýsa yfir nýjum friðunarsvæðum þrátt fyrir ákvæði laganna í fullu samræmi við landgrunnslögin frá 1948.

Þá leggur fiskveiðilaganefndin til, að bætt verði ákvæði inn í lögin um það, að hert skuli allverulega á eftirliti með búnaði veiðarfæra og með veiðum skipa innan fiskveiðilandhelginnar. Ég tel, að þetta sé rétt breyting og góð og ætti ekki að þurfa að vera neinn ágreiningur um þetta atriði.

Að síðustu leggur svo n. til, að gildandi reglur um togveiðiheimildir í landhelgi verði framlengdar óbreyttar til 15. maí á næsta vori. Ég fyrir mitt leyti hefði óskað eftir því, að þessi framlenging næði til 1. júlí. Ástæðan er sú, að mér þykir ekki líklegt, að lög um þetta efni verði sett hér á Alþingi, fyrr en fer að líða fram á vor, í apríl eða maí. Mér þykir það ekki líklegt, af því að hér er um flókið og vandasamt mál að ræða. Það er varla líklegt, að fiskveiðilaganefnd verði búin að fullgera sínar till. og leggja þær fyrir Alþingi í frv.-formi, fyrr en í marzmánuði, og þá er ekki líklegt, að lög hafi verið sett um málið fyrr en seint í apríl. Og þá er í rauninni lágmarkstími, að þeir, sem eiga að fara eftir þessum lögum, hafi fengið tilkynningu um efni þeirra með um það bil tveggja mánaða fyrirvara eða svo. Það er varla boðlegt að setja lög t. d. í lok aprílmánaðar og segja, að þau skuli taka gildi eftir hálfan mánuð. Það gæti farið svo í vissum tilfellum, að menn væru úti á sjó allan þennan tíma, frá því að lögin hefðu verið sett og þar til ný ákvæði ættu að ganga í gildi, og mér þykir þetta of skammur tími. Ef svo færi, sem ég tel fremur ólíklegt, að Alþingi gæti verið búið að setja ný lög um þetta mál fyrr en ég ráðgerði, t. d. í marzmánuði einhvern tíma, þá er einfalt að taka fram í þeim lögum, að fyrri ákvæði skuli ganga úr gildi, og þau lög sem samþykkt yrðu, taka þá ekki gildi fyrr. En það þarf að tryggja, að hægt sé að tilkynna þeim, sem eftir eiga að fara, hin nýju ákvæði með sæmilegum fyrirvara. En ég skil ekki, að það þurfi að vera neinn ágreiningur um þetta atriði, hvort þessi lög, sem nú eru í gildi, verði framlengd áfram til 15. maí eða t. d. til 1. júlí. Ég teldi það síðara eðlilegra.

Ég verð að segja, að mér finnst sjálfsagt að samþykkja þær till. í þessu máli, sem er að finna í nál. á þskj. 184 og eru í rauninni frá fiskveiðilagan., en sjútvn. Nd. hefur tekið að sér að flytja. Ég tel óhjákvæmilegt, eins og nú standa sakir, að afgreiða þetta mál fyrir jól eða fyrir áramót, vegna þess að annars komumst við í bein vandræði um næstu áramót, ef ekki hafa verið sett ný ákvæði varðandi málið, eins og öllum hv. þm. er ljóst.

Ég sé, að tveir hv. þm. flytja hér brtt. á þskj. 185, þar sem þeir grípa á tveimur öðrum atriðum þessa máls. Þar gera þeir ráð fyrir því, að þau tvö friðunarsvæði, sem ákveðin voru í hinni nýju landhelgisreglugerð, — þ. e. a. s. friðunarsvæðið út af Þistilfirði, sem ákveðið var, að skyldi lokað algjörlega í apríl- og maímánuði fyrir togveiðum, — þeir gera hér till. um að breyta þessu ákvæði í landhelgisreglugerðinni, sem tilkynnt hefur verið öðrum þjóðum, breyta þessu ákvæði þannig, að þetta svæði skuli vera lokað allt árið 1973 og allt árið 1974. En hér er auðvitað um grundvallarbreytingu að ræða, sem hefur stórfelld áhrif á fiskveiðar þeirra aðila, sem stunda þær mikið á þessu svæði. Auk þess væri auðvitað harla einkennilegt að fara að gera breytingu á þessu núna, þegar er verið að gera aðeins minni háttar breytingar varðandi þessi mál, að fara þá að breyta þessu, sem hafði verið fullt samkomulag um á sínum tíma við rétta aðila, því að landhelgisreglugerðin nýja var sett, eins og lög mæla fyrir um, í fullu samráði við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands, og leitað var eftir samráði við öll helztu samtök útvegsmanna. Þessi ákvæði voru öll ákveðin þannig og tilkynnt öðrum þjóðum, og það höfðu ekki komið fram neinar sérstakar óskir um breytingar í þessa átt. Ég tel því mjög óviðeigandi og óeðlilegt að fara að gera þessar breytingar nú, auk þess sem þær hafa augljóslega slík áhrif á þá, sem veiða á þessum svæðum, að þær raska þar aðstöðu manna stórkostlega, og það verður varla gert, nema þá í fullu samræmi við það, sem ákveðið er víða annars staðar í kringum landið um leið. (Gripið fram í.) Fyrir reykvíska sjómenn? Við

vitum, að Faxaflói er lokaður samkv. ákvæðum í lögum. (Gripið fram í.) Ég gerði mér betri grein fyrir því en flestir aðrir, að það hefði talsvert mikið að segja, þegar það var ákveðið. Ég veit ekki, hvað hv. þm. gerði sjálfur í þeim efnum, en ég dró ekkert úr því, að þar var um breytingu að ræða, sem hafði allmikið að segja fyrir menn á þessu svæði.

Þá er í þessari till. einnig gert ráð fyrir því að breyta nokkuð friðunarsvæðinu, sem er að finna í okkar landhelgisreglugerð, 50 mílna reglugerðinni, þ. e. a. s. lokunarsvæðinu fyrir togveiðum á Selvogsbanka. Það má segja, að till. varðandi þetta sé minni háttar. Það er ákveðið, að það svæði skuli vera lokað fyrir togveiðum á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl, eða í einn mánuð á ári á aðalhrygningartímanum. En nú flytja þessir 2 hv. þm. till. um það, að lokunartími skuli byrja 10 dögum fyrr, eða 10. marz í staðinn fyrir 20. marz, og lokunartíminn skuli vera 10 dögum lengur, eða til loka apríl í staðinn fyrir 20. apríl. En þessi lokunartími, sem settur var í landhelgisreglugerðina á sínum tíma, var líka, eins og ég sagði áðan, settur í fullu samráði við og með samþ. Hafrannsóknastofnunarinnar, fiskifræðinga þar, og Fiskifélagsins, eins og ber að gera við setningu reglugerðar um þessi mál. Breytingar í þessum efnum, sem ég tel algjörlega þýðingarlausar í þessu tilfelli, eru líka mjög óeðlilegar varðandi þá samninga, sem við höfum þegar gert við útlendinga, eins og Belgíumenn, þar sem þetta kemur þvert á það, sem þar er gert. Ekki það, að við höfum ekki rétt til þess. Við getum breytt því. Þeir samningar voru ekki þannig, að þeir bönnuðu okkur það. En það er vægast sagt mjög óeðlilegt að ætla að fara að hlaupa hér til með bráðabirgðabreytingar varðandi þessi lög og gera þessar breytingar. Það er eins og var sagt fyrr í þessum umr. af formanni fiskveiðilagan., Gils Guðmundssyni, að það eru auðvitað fjöldamörg önnur atriði, sem menn hafa verið að ræða, varðandi fiskveiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar, sem vissulega komi til greina að taka einnig upp í bráðabirgðaákvæði nú, eins og t. d. að banna algjörlega togveiðar innan við 3 mílna línu í kringum landið. En eins og reglurnar eru nú, er heimilt að veiða á nokkrum stöðum við landið alveg upp að landi. Það hefur verið fundið mjög að þessu, og við vitum, að það er mikil andstaða gegn þessum heimildum, og það kom fyllilega til greina núna að taka upp í þessi bráðabirgðaákvæði einnig breytingar á þessu. En niðurstaða manna varð sú, að vegna þess að hér þarf að fá framlengingu á gildandi lagaákvæðum fyrir áramót, ef ekki á illa að fara, og af því að þarf að leita eftir sem víðtækastri samstöðu um þær breytingar, sem gera á, þá hafa menn fallið frá því að gera tillögur um þetta.

Ég vildi því nú í framhaldi af þessu beina því mjög til þeirra hv. þm., sem standa að brtt. á þskj. 185, að þeir fallist á að draga þá tillögu til baka. Það er ljóst með flutningi þessarar till., hvaða skoðanir þeir hafa á þessu máli, og það er ekkert nema gott um hana að segja. En það er enginn vafi á því, að það er ekki eðlilegt í bráðabirgðaráðstöfun eins og þeirri, sem hér er um að ræða, að taka upp till. af þessu tagi. Því fer ég eindregið fram á það við þá, að þeir dragi þessa till. sína til baka og síðan verði samstaða um að framlengja þessi fiskveiðisamþykktarlög.

Ég vil vitna til þess í þeim efnum, að það stóð sannarlega ekki á okkur stjórnarandstæðingum í tíð fyrrv. ríkisstj. að standa að samkomulagi varðandi þetta mál, og það var fyllilega vegna samstöðu okkar þá, að það fékkst þó sú skipan á þessi mál, sem við höfum búið við til þessa. Ef það hefði ekki verið, þá hefði allt verið í sömu flækjunni og áður var. Það veit ég, að hv. þm. veit mætavel, og það vitum við allir þm., að það er engin leið að forðast í rauninni „kaos" í þessum málum, ef við reynum ekki að ná samkomulagi um meginatriðin. Þá fáum við aftur það ástand, sem hér var, áður en samkomulagið um þessi mál tókst á milli flokkanna, — þá fáum við það ástand aftur upp, að allir togveiðibátar, af hvaða stærðum sem er, veiða þar sem þeim sýnist, og þeir verða síðan kærðir hundruðum saman, eins og var, og enginn borgar neitt, og það er ekki til pláss að hýsa alla, sem að þeim brotum standa. Þetta var vitanlega algjört öngþveiti, en nýju reglurnar gerðu hér miklar breytingar á. Ég vil nú vænta þess þrátt fyrir þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram, að samstaða náðist.

Ég tel, að hv. 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson, hafi að vísu verið hér þungorður um, að það hafi ekki verið unnið að þessu máli eins og hann hefði talið vera eðlilegt. En ég álít, að það sé að verulegu leyti byggt á misskilningi, vegna þess að það hefur verið unnið að málinu í fullu samræmi við það, sem hér hefur verið áður ákveðið á Alþingi, — alveg í fullu samræmi. Ég tók eftir því, að hann stendur að því að samþykkja þær brtt., sem hér er um að ræða, og framlengja lagaákvæðin, og ég er honum þakklátur fyrir það, því að það er auðvitað meginatriði málsins. En ég held, að það hafi verið unnið að þessum málum á eðlilegan hátt.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta, en aðeins beina því til hv. alþm., að þeir taki fullt tillit til þess, að það er nauðsynlegt að fá afgreiðslu á þessu máli fyrir jól.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því, þó að ég telji, að það komi ekki þessu máli við, að vekja athygli hv. þm. á þeim misskilningi, sem virðist vera að koma upp hjá hinum róttækari armi Alþb., flokks hæstv. sjútvrh., á störfum Alþingis. Við minnumst þess, að fyrir nokkrum dögum stóð hæstv. iðnrh. hér í þessum stól og gaf þá yfirlýsingu, að hann teldi það ekki skyldu sína að standa hér á Alþ. og vera að láta þm. yfirheyra sig eða svara spurningum þeirra, ef hann teldi ekki ástæðu til þess. Ég hygg, að ráðh. almennt hafi ekki áður gefið slíka yfirlýsingu. Þeir hafa yfirleitt verið mjög greiðir á það að svara spurningum frá þm., jafnvel þó að þeir hafi ekki þurft að gera það. Hv. frsm. sjútvn., sem mælti fyrir nál. hér áðan, hv. 5. þm. Sunnl., lét það í ljós sem sína skoðun, að menn væru ekki með öllum mjalla ef þeir leyfðu sér á Alþ. að flytja brtt. við þau mál, sem hér eru til umr. Ég verð að segja það, að

ég veit ekki, í hvaða sálarástandi eða ásigkomulagi menn eru, þegar þeir gefa slíkar yfirlýsingar eins og hér var gefin áðan. Hann vildi rökstyðja þetta með því, að ég væri eini aðilinn, sem hefði viljað opna landhelgi fyrir togveiðum upp í landssteina, eins og hann orðaði það. Hann á þar sennilega við svæðin við Grindavík og Vestmannaeyjar. Ég vil benda á það, að þetta ákvæði er í lögum frá 1969 og það var samþ. hér á Alþ. með shlj. atkv. allra þm., sem þá greiddu atkv. Það var ekkert mótatkv. greitt gegn þeim lögum. Ég skal ekki tefja störf d. meira með umr. um þetta atriði, vildi aðeins vekja athygli á þessu nýja viðhorfi, sem hér virðist vera að koma upp á Alþ., að einstaka ráðh. og einstaka þm. telja, að raunar varði aðra þm. ekkert um störf Alþ. eða þeir eigi bara að haga sér eins og þessum hæstv. ráðh. og hv. þm. sýnist og telja bezt fyrir sig. (**Gripið fram í:** Það væri nú bezt.) Sem betur fer, er þetta sjónarmið ekki enn þá orðið ríkjandi hér á Alþ., og ég er sannfærður um, að það á langt í land, að það verði, því að þótt kommúnistar í ríkisstj. núna, róttækari armur Alþb., telji sig hafa komið sínum málum vel fyrir í ríkisstj., þá hygg ég, að þeim eins og öðrum sé ljóst, að þar er aðeins um tímabundið ástand að ræða.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta atriði, en snúa mér að því máli, sem hér liggur fyrir. Eins og fram kom í framsöguræðu frsm. n., er sjútvn. sammála um þær brtt., sem fram koma á þskj. 184. Þetta benti hann réttilega á og einnig hæstv. sjútvrh. Einnig kom fram hjá frsm. n. og kemur fram í nál., að till. þessar eru fluttar samkv. tilmælum hinnar svokölluðu fiskveiðilaganefndar, og einnig þar var samstaða um þessi atriði, sem tekin eru upp í nál. sem brtt. Ég vil í þessu sambandi láta þess getið, að þegar fiskveiðilaganefnd, sem starfað hefur að því nú í haust að undirbúa till. um nýtingu veiðisvæðanna innan fiskveiðilandhelginnar, sá fram á, að henni mundi ekki takast að ljúka störfum tímanlega fyrir áramót, var hún sammála um að fara fram á við sjútvn. þessarar hv. d. að flytja þær till., sem hér liggja fyrir á þskj. 184 í sambandi við það frv. um breyt. á lögum um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sem vísað hafði verið til n., og einnig lagði n. til, að lögin yrðu að öðru leyti framlengd til 15. maí n. k., en gildistímabil þeirra rennur út, eins og hér hefur verið fram tekið, um n. k. áramót. Eins og hér kom fram hjá formanni fiskveiðilaganefndar, er það ætlun n. að ljúka störfum það tímanlega, að hægt verði að lögfesta heildarlöggjöf um þessi mál síðar í vetur. Þetta er það sjónarmið, sem upp kom í fiskveiðilaganefndinni, eins og hér var gerð grein fyrir, og var alger samstaða um þessi atriði. Tvö önnur atriði er koma fram í brtt. sjútvn. voru rædd í fiskveiðilaganefndinni, sem n. í heild eða einstakir nm. töldu nauðsynlegt að breyta og láta koma til framkvæmda um næstu áramót, en það voru gildandi ákvæði um bolfiskveiðar í nót og frekari friðunarákvæði, er fram koma í reglugerð frá 14. júlí s. l., varðandi friðun uppeldisstöðva ungfisks og hrygningarsvæða. Um fyrra atriðið var n. sammála, og í grg., sem send var hæstv. sjútvrh. og sjútvn. d., segir, með leyfi forseta:

„Að síðustu ber að greina frá því, að n. varð samdóma um, að nú þegar bæri að gera ráðstafanir varðandi bolfiskveiðar í hringnót. Var samþ. í n. að beina þeim tilmælum til sjútvrh., að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl. verði breytt hið allra fyrsta þannig, að bolfiskveiðar í hringnót verði bannaðar. Þó skuli sjútvrn. heimilt að veita sérstakt leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 50 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki s. l. 2 ár. Gildi sú heimild til ársloka 1973."

Þetta er orðrétt tekið upp úr grg. fiskveiðilaganefndar, eins og fyrr segir, og áréttað sérstaklega í bréfi til sjútvrh. Í bréfi n. til sjútvrh. segir orðrétt:

„Fiskveiðilaganefnd beinir einnig þeim eindregnu tilmælum til yðar, herra ráðh., að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl. verði breytt hið allra fyrsta, sbr. niðurlagsorð meðfylgjandi grg."

Hæstv. sjútvrh. mætti á fundi hjá fiskveiðilaganefndinni og tjáði sig, að því mér skildist, fylgjandi hugmyndum n. varðandi þetta atriði, og vænti ég því, að hann sjái sér fært að verða við þessum eindregnu tilmælum n. um bann gegn bolfiskveiðum með nót og geri ráðstafanir til, að það komi til framkvæmda þegar um næstu áramót. Ég tel, að þetta sé eitt af þeim ákvæðum, sem nauðsynlegt sé, að breytt verði þegar um næstu áramót, og vænti ég þess og treysti því, að hæstv. ráðh. hafi það sjónarmið í þessu máli, að hann geti á þetta fallizt.

Um hitt atriðið, þ. e. að gera nú þegar ráðstafanir til aukinnar friðunar uppeldisstöðva ungfisks og tiltekinna hrygningarsvæða, greindi n. á um. Ég vil þó taka það skýrt fram, að nm. allir lýstu sig fylgjandi friðunarráðstöfunum, en ágreiningur var um, hvort tímabært væri að breyta gildandi ákvæðum um þetta atriði nú fyrir áramót eða láta það bíða. Ég hélt því mjög ákveðið fram í n., að nauðsyn bæri til að lögfesta nú þegar víðtækari friðunarákvæði en 3. gr. reglugerðarinnar frá 14. júlí s. l .gerir ráð fyrir. En þegar ekki fékkst samstaða um þetta tjáði ég nm. í fiskveiðilaganefndinni, að ég mundi beita mér fyrir í sjútvn. þessarar hv. d., að lögfest yrðu víðtækari friðunarákvæði en umrædd reglugerð gerir ráð fyrir.

Till. okkar hv. 10. þm. Reykv. á þskj. 185 ber að skoða sem nauðsynlegar ráðstafanir að okkar dómi, sem ekki beri að draga og eigi að koma til framkvæmda nú þegar. Við erum sammála um, að þegar málið liggur ljóst fyrir í heild, hvernig nýta beri veiðisvæðin innan fiskveiðilandhelginnar, verði að gera enn frekari friðunarráðstafanir en till. okkar gerir ráð fyrir, og mér hefur skilizt, að fiskveiðilaganefndin í heild væri einnig nokkuð sammála um þetta. En áður en ég geri frekari grein fyrir till. okkar hv. 10 þm. Reykv. á þskj. 185, þykir mér rétt að ræða firðunarmálin almennt nokkru nánar.

Í till. til þál., sem 10 þm. Sjálfstfl. fluttu haustið 1971, segir m. a. í 2. og 3. lið till., **með** leyfi hæstv. forseta, — 2. liður þessarar till. hljóðar þannig:

„Ákveðin skulu friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út að ytri mörkum þess. Heimilt er að miða aðgerðir

þessar við tiltekinn tíma árs, við ákveðin veiðisvæði og veiðiaðferðir og við stærð fiskiskipa. Friðunaraðgerðir þessar skulu ganga í gildi 1. marz 1972."

Þetta var í till. 10 þm. Sjálfstfl., sem flutt var hér haustið 1971. Og 3. liður þessarar till. hljóðar þannig:

„Settar skulu reglur um tímabundna friðun ákveðinna veiðisvæða innan núgildandi fiskveiðimarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Reglur þessar skulu gilda frá 1. marz 1972."

Engin slík ákvæði var að finna í till. núv. hæstv. ríkisstj. um landhelgismál, sem lögð var fram í byrjun síðasta þings. En eins og kunnugt er var till. ríkisstj. og till. þm. Sjálfstfl. send utanrmn. til athugunar. Utanrmn. skilaði sameiginlegu áliti á þskj. 336. Nál. er í 5 liðum, og hljóðar 4. liðurinn svo:

„Að unnið verði áfram í samráði við fiskifræðinga að ströngu eftirliti með fiskistofnum við landið og settar, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun þeirra og einstakra fiskimiða til þess að koma í veg fyrir ofveiði."

Þetta var 4. liður í till. utanrmn., sem hér var lögð fram á s. l. vetri. Þannig m. a. var till. utanrmn. um landhelgismálið samþykkt með atkv. allra 60 þm., eins og þingheimi er kunnugt. En þegar till. þm. Sjálfstfl. var til umr. hér á Alþ., hélt hæstv. sjútvrh. því mjög ákveðið fram, að engar friðunarráðstafanir bæri að gera, nema fyrir lægju umsagnir fiskifræðinga okkar. Sagði hæstv. ráðh. við þetta tækifæri orðrétt, með leyfi forseta:

„Að því leyti til, sem hér er um friðun innan núverandi fiskveiðitakmarka að ræða, sem aðallega mundi verða um að ræða, þá vitanlega höfum við lög og reglur til þess að fara eftir í þessum efnum. En okkar lög og reglur eru þannig, að við eigum varðandi slíka fiskfriðun að fara eftir till. okkar fræðimanna." Og enn fremur sagði hæstv. sjútvrh. síðar í ræðu sinni, orðrétt: „En það er næstum að segja einkennilegt að flytja till. um það á Alþ., að 1. marz n. k. skuli ákveðin svæði friðuð, án þess að farið sé að eðlilegum lögum og reglum um þetta, þ. e. a. s. umsagnir okkar fiskifræðinga liggi fyrir og þeirra till., sem eiga síðan að fá staðfestingu stjórnarvalda."

Þetta var sem sagt afstaða hæstv. ráðh., þegar till. þm. Sjálfstfl. um verndun fiskistofna var rædd hér á Alþ. á s. l. vetri, að engar friðunarráðstafanir bæri að gera, fyrr en fyrir lægi umsögn fiskifræðinga, og getur hún út af fyrir sig talizt eðlileg. Þess vegna tel ég, að það hljóti að vekja nokkra furðu, að alveg virðist augljóst, hvað sem hæstv. ráðh. nú kann að segja, að þegar hann gaf út hina umræddu reglugerð 14. júlí s. l., *hafi hann engin — ég endurtek: engin* samráð haft við fiskifræðinga um ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar, þar sem tilgreind eru tvö friðunarsvæði, annað fyrir Norðausturlandi og hitt fyrir Suðurlandi. Ég marka þetta af því, sem fram kemur í till. Hafrannsóknastofnunarinnar til fiskveiðilaganefndarinnar um nýtingu veiðisvæðanna. En m. a. segir orðrétt í lok kaflans um friðun svæða í skýrslu Hafrannsóknastofnunar:

„Stofnunin lýsir furðu sinni á þeirri ákvörðun að friðlýsa ákveðin hrygningarsvæði suðvestanlands fyrir togveiðum, en ekki öðrum veiðarfærum, svo sem þorskanetum. Reynt er að benda á, að slík friðun nær því aðeins tilgangi sínum, að fiskur gangi á svæðin til hrygningar, en um það er ekki hægt að segja fyrirfram. Friðun svæðisins er þó ekkert nema sýndarmennska," segir í till. Hafrannsóknastofnunarinnar," ef hún nær ekki til allra veiðarfæra, einkum þegar takmarkanir eru settar á stórtækustu veiðarfærin, þ. e. þorskanetin." Því er lagt til, að friðun nái til allra veiðarfæra."

Ég held, að þetta hljóti að sýna alveg tvímælalaust, að þegar hæstv. ráðh. ákvað friðunarsvæðin í reglugerðinni frá 14. júlí s. l., hafi hann alls engin samráð haft við fiskifræðinga eða fyrirsvarsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar. Og ég segi: Ef þetta er rétt, sem Hafrannsóknastofnunin segir í sínu áliti, má heita næsta furðuleg afstaða hans nú, ef tekið er tillit til fullyrðinga hæstv. ráðh. frá því í vetur, að ekkert mætti gera í friðunarmálunum nema að fenginni umsögn þessara aðila. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. sjútvrh. áðan, að hann endurtók þar og ítrekaði afstöðu sína frá því í fyrravetur, þegar verið var að ræða till. okkar 10 þm. Sjálfstfl., að ráðh. eða rn. hefði raunverulega ekki leyfi til að gefa út neinar reglugerðir um friðun nema að fengnum till. þessarar stofnunar, Hafrannsóknastofnunar. En ég hlýt þá að spyrja: Hvernig má það vera, að stofnunin skuli í skýrslu sinni til fiskveiðilaganefndar lýsa því yfir, að hún telji, að friðunarákvæðin í reglugerðinni frá 14. júlí, a. m. k. að því er varðar hrygningarsvæðin fyrir Suðurlandi, séu að hennar dómi hrein sýndarmennska, eins og þau ákvæði eru. Ég fæ þetta ekki til að samrýmast, að hæstv. ráðh. hafi haft um þetta samráð við Hafrannsóknastofnunina og síðan lýsi hún því yfir við fiskveiðilaganefnd, að þetta sé sýndarmennska, eins og ákvæðin eru í 3. gr. reglugerðarinnar frá 14. júlí (**Forseti:** Þess hefur verið óskað, að gert yrði hlé á fundi á milli kl. 4 og 5. Ef hv. ræðumaður á mjög mikið eftir af ræðu sinni, vil ég fara þess á leit við hann, að hann fresti henni) Ja, ég á allnokkuð eftir af ræðunni. (**Forseti:** Fundinum verður þá frestað til kl. 5).

[Frh.]

Umr. frestað.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200, n. 210, 211 og 212). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur rætt *þetta mál á 2 fundum í dag.* Bankastjórar Seðlabankans og hagrannsóknastjóri mættu á þessum fundum og svöruðu fyrirspurnum frá nm. og veittu ýmsar upplýsingar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Þetta frv. er efnislega samhljóða fyrri frv., sem flutt hafa verið við slík tækifæri, þó með einu fráviki. Það felst í 3. gr. þessa frv., þar sem fyrir er mælt um, að það frávik, sem leyfi-

legt er frá stofngengi, skuli framvegis vera 2¼% yfir eða undir, í stað þess að það hefur áður verið í lögum ákveðið 1%. Að öðru leyti en þessu er frv. þetta í öllum efnisatriðum alveg samhljóða þeim frv., sem flutt hafa verið við slík tækifæri sem nú er. Þessar breytingar, sem þarna er lagt til að gera, er verið að gera m. a. til samræmis við háttu margra helztu viðskiptaþjóða okkar Íslendinga, og er það í samræmi við óskir Seðlabanka Íslands.

Ég sé enga ástæðu til þess, að ég fari að ræða efnislega um þetta frv. að öðru leyti en minna á þetta frávik þess frá öðrum skyldum frv., né heldur að gera gengisbreytingu þá, sem þegar er orðin, að sérstöku umtalsefni hér. Það var gerð mjög ítarleg grein fyrir þessum málum hér í hv. d. í gær af hæstv. ráðh., og það væri raunar ekki annað en endurtekning, ef ég færi að rekja það á ný. Ég vil hins vegar leyfa mér að leggja áherzlu á það, að varðandi meðferð þessa frv. hér í hv. d. og væntanlega á hv. Alþ., þá er hún í engu frábrugðin því, sem tíðkast hefur um slík frv., þegar gengi hefur verið breytt. Ég minni á það, að t. d. fyrir 4 síðustu gengisfellingar voru slík frv. afgreidd samdægurs frá viðkomandi n. eins og nú er raunar gert og eins og segja má, að leiði raunar af eðli þessa máls, sem hér er til meðferðar.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Til umr. er hér nú frv. til l. um ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzku krónunnar. Það vekur að vonum þjóðarundrun, að svo sé. Ef við rennum huganum 2 ár aftur í tímann, þá minnumst við kosningabaráttu, sem háð var af hálfu þáv. stjórnarandstöðu með örvæntingarfullum hætti. Hér var um að ræða kosningabaráttu manna, sem höfðu verið utan stjórnar í rúman áratug. Áratuginn 1960—1970 hafði setið að völdum ríkisstj., sem hafði farið styrkum höndum um efnahagsmálin, og þeir aðilar, sem börðust sem stjórnarandstæðingar 1971, töldu sig þurfa að beita öllum þeim ráðum, sem til voru, til þess að komast í stjórnarstólana. Þrátt fyrir þau efnahagsáföll, sem við höfðum orðið fyrir 1967—1968, höfðu skynsamlegar stjórnarathafnir orðið til þess, að það var tryggt á ný blómlegt athafnalíf og lífskjörin voru enn bætt. Stjórnarandstaðan hafði allan þann tíma, þ. e. a. s. áratuginn 1960—1970, verið andvíg þeim ráðstöfunum, sem gerðar höfðu verið, ekki sízt þegar gripið hafði verið til þess neyðarúrræðis að breyta gengisskráningunni. Það var hins vegar þannig ástatt í herbúðum þáv. stjórnarandstæðinga, að það skyldi allt gert til þess að slá ryki í augu kjósenda. Það skyldi allt gert til þess að tortryggja þær till., sem farið hafði verið eftir til hagstjórnar í þjóðarbúskapnum. Því var óhikað haldið fram, að þær efnahagsaðgerðir, sem fyrrv. ríkisstj. og þingmeirihluti gerðu, væru sprottnar af hugsunarhætti manna, sem vildu gera allt til þess, að fólkið í landinu byggi við sem lökust kjör. Þessu var haldið fram þrátt fyrir þær staðreyndir, að tímabil viðreisnarinnar var eitt mesta hagsældartímabil, sem íslenzka þjóðin hefur lifað.

Í þessari mjög svo hörðu kosningabaráttu var því alveg sérstaklega haldið fram af stjórnarandstöðunni þá og þó sér í lagi framsóknarmönnum, að gengislækkun hefði gengið sér til húðar og gengisfellingar væru hagstjórnartæki, sem Framsfl. ætlaði ekki að grípa til. Framsfl. ætlaði ekki að standa að gengislækkunum sem lausn í efnahagsmálum, því að það þýddi, að vandinn væri leystur á kostnað þeirra, sem minnst mega sín. Það stóð ekki á Tímanum, málgagni þeirra framsóknarmanna, að matreiða þessa stefnu Framsfl. í efnahagsmálum og þar með freista þess að villa um fyrir kjósendum. Í stað þess að segja kjósendum, hvernig þeir, þ. e. a. s. framsóknarmenn, vildu stýra efnahagsmálum þjóðarinnar, var lögð megináherzla á að telja þjóðinni trú um, að hvað sem fara gerði, hvernig svo sem efnahagsmálunum reiddi af, skyldi aldrei til gengisfellingar koma.

Frá því að n. efnahagssérfræðinga ríkisstj. skilaði áliti og varð sammála um, að gengisfelling með þar til gerðum hliðarráðstöfunum væri sú skynsamlegasta leið, sem nú væri hægt að fara til þess að freista þess að lagfæra það ástand, sem núv. ríkisstj. hefur komið þjóðarbúskapnum í, höfum við heyrt boðskap hæstv. forsrh. hér á hinu hæstv. Alþ. varðandi gengislækkun og stefnu hans í þeim efnum. Forsrh. hefur verið í orðaleik við sjálfan sig um það, hvernig ætti að skilja stjórnarsáttmálann varðandi það, sem þar er sagt um gengisfellingu sem leið til lausnar á efnahagsvanda. Ég skal ekki hér fara út í þýðingar á stjórnarsáttmálanum, en ég vil vekja athygli á því, að það, sem þar stendur, hvernig svo sem það verður túlkað, er aðeins framhald staðhæfinga, sem gefnar voru fyrir kosningar til þess að blekkja kjósendur, eins og nú er komið fram. Mig langar til þess, til þess að ekkert fari á milli mála, að lesa hér upp úr dagblaðinu Tímanum fyrir kosningar, til þess að það sé ljóst, hverju framsóknarmenn héldu fram fyrir kosningar í sambandi við þessi mál. Í dagblaðinu Tímanum 9. júní 1971 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ólafur Jóhannesson í sjónvarpinu í gærkvöldi: Það verður að hverfa frá gengisfellingarstefnunni. Þeir verða að bera byrðarnar, sem hafa breiðu bökin.“ Og svo sagði Ólafur m. a. um efnahagsmálin: „Auðvitað kemur til mála að framlengja verðstöðvun, ef hún byggðist á raunhæfum grunni, en hún er haldlaus, nema það sé skipt um grundvallarstefnu. Og þá komum við einmitt að aðalatriði efnahagsmálastefnu ríkisstj., en það eru hinar síendurteknu gengisfellingar. Til endurtekinna gengisfellinga má rekja hina vaxandi dýrtíð, sem ekki hefur ráðizt neitt við. Dýrtíðin hefur vaxið svo miklu meira á þessum síðasta áratug heldur en áratugnum á undan, eða um 250% á þessum áratug á móti 123% á áratugnum á undan. Mergur málsins er að mínu viti sá, að það getur aldrei orðið traust efnahagslíf, traustir framleiðsluatvinnuvegir né skynsamleg fjármálastjórn með síendurteknum gengisfellingum. Það hefur aldrei verið

hægt, í neinu landi og verður ekki. Á sama tíma og hér hafa verið gerðar 4 gengisfellingar á einum áratug, þá hefur hvergi í nágrannalöndunum verið gerð nema ein." Síðan kemur: „Það þarf að hverfa frá þessari stefnu, gengisfellingarstefnunni."

Og til þess að leggja nú áherzlu á orð hæstv. forsrh., birti Tíminn ljósmynd af honum, þar sem hann er að tala í sjónvarpið. Fer hér nokkuð á milli mála, hvað hæstv. forsrh. sagði þjóðinni, þegar hann sem formaður Framsfl. í sjónvarpsumr. ræðir við aðra stjórnmálaforingja og talar til þjóðarinnar um stefnu Framsfl. í efnahagsmálum?

Var kannske hæstv. forsrh. sá eini, sem gaf þessar fullyrðingar? Skyldi það hafa verið hann einn, sem ekki virðist hafa fylgzt með né gert sér neina grein fyrir því, hvernig og með hvaða hætti efnahagsvandræði geta stundum verið leyst? Það er nú ekki svo, að hæstv. forsrh. hafi verið sá eini úr röðum framsóknarmanna, sem hélt þessu fram. Í sjónvarpsumr. 2. júní 1971 komu fram 4 af frambjóðendum Framsfl., þ. e. a. s. hæstv. fjmrh., hæstv. utanrrh., hv. 2. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Vestf. Hvað segir dagblaðið Tíminn eftir þessar umr? Jú, fyrirsögnin er: Halldór E. Sigurðsson í sjónvarpsumr. í gærkvöldi: Framsfl. hafnar gengislækkun, sem lausn í efnahagsmálum og tekur ekki þátt í að leysa vandann á kostnað þeirra, sem minnst mega sín." Síðan birtir Tíminn mynd af þessum 4 ræðumönnum Framsfl. og leggur áherzlu á, að Framsfl. hafni gengisfellingu. Ég var að lesa það upp, hverjir þetta voru, og það var hæstv. utanrrh., hv. 2. þm. Reykn., hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Vestf. Ég geri ráð fyrir, að þm. kannist við alla þessa ágætu menn.

Í þessum umr. kom ljóst fram, hvað það var, sem Framsfl. ætlaði sér ekki að gera. Það er þess vegna, sem öll þjóðin er nú undrandi yfir því, hvaða till. flokkur hæstv. forsrh. leggur fram í sambandi við lausn þess vanda, sem nú er í efnahagsmálum. Það, sem gerist, er að stjórnmálaforingjarnir koma fram fyrir þjóðina í kosningabaráttu, lýsa sig andvíga gengisfellingu, en þegar þeir eru komnir til valda, grípa þeir til þess, sem þeir sjálfir sögðust aldrei mundu grípa til. Það var eitt skipti, að stjórnmálamanni var bent á ósamræmi í orðum hans fyrir kosningar og gerðum hans eftir kosningar. Þá varð honum að orði og sagði: „Það er sitt hvað, hvað skrifað er og skrafað fyrir kosningar eða framkvæmt eftir kosningar." Eftir þessari reglu virðast stjórnarflokkarnir allir hafa farið. Það, sem þeir hafa sagt kjósendum fyrir kosningar, skiptir þá engu máli, þegar þeir hafa náð tilætluðum árangri, komizt í ráðherrastólana.

Þegar slíkt sem þetta gerist, eiga menn að hverfa frá þeim störfum, sem þeir hafa tekið að sér. Ríkisstj. á að segja af sér, og það er krafa sjálfstæðismanna í dag. Það er ekki aðeins krafa okkar sjálfstæðismanna hér á þingi, það er krafa mikils meiri hl. þjóðarinnar. Því verður víst ekki að heilsa. Þeir sitja, á meðan sætt er, enda þótt, eins og áður hefur komið fram, samkomulagið sé ekki upp á það bezta. A. m. k. kom það fram í gær, að einn flokkurinn er klofinn og út úr frjálslyndum hafa fallið 20%, eins og hér var gerð grein fyrir.

Sú þróun efnahagsmála, sem leitt hefur til ákvörðunar um gengisfellingu, á sér ekki langan aldur. Fyrri hl. árs 1971 voru uppi till. af hálfu þáv. ríkisstj. og Seðlabankans um nokkra gengishækkun með tilliti til ört batnandi árferðis, — till., sem ekki náðu fram að ganga vegna andstöðu af hálfu samtaka bæði launþega og vinnuveitenda. Sumarið 1971, er núv. ríkisstj. tók við völdum, taldi hún ástand og horfur í efnahagsmálum ekki gefa tilefni til gengisbreytinga. Það sama sumar var raunar einnig talið álitamál, hvort ekki bæri að halda verðgildi íslenzku krónunnar gagnvart gulli, eins og flest nágrannalönd okkar í Evrópu gerðu, en það hefði falið í sér gengishækkun gagnvart bandarískum dollar, sem er mikilvægasti útflutningsgjaldeyrir landsmanna. Enda þótt annað yrði ofan á, gefur þetta ásamt áliti hinnar nýju ríkisstj. glöggt til kynna, hvert ástand var hér sumarið 1971 í þeim þáttum efnahagsmála, sem úrslitum ráða um gengisskráningu. Á því eina og hálfu ári, sem síðan er liðið, hefur að vísu orðið nokkur minnkun á þorskafla, en það hefur verið vegið upp með áframhaldandi hækkun útflutningsverðlags, sem gert er ráð fyrir, að enn muni halda áfram að hækka á komandi ári. Skýringu þess, að nú er talið nauðsynlegt að framkvæma gengislækkun, er því eingöngu að finna í þróun þeirra þátta efnahagslífsins, sem eru á valdi landsmanna sjálfra. Í stuttu máli: skýringin er sú, að öll stjórn efnahagsmála, en þó einkum stjórn opinberra fjármála, verðlags- og launamála, hefur farið gjörsamlega úr böndum á þessum 3 missirum. Á þessu getur aðeins einn aðili borið ábyrgð, sú ríkisstj., sem með völdin fer í landinu.

Enda þótt ekki sé ágreiningur um, að rétt gengisskráning sé meginatriði í heilbrigðri stjórn efnahagsmála, getur það eigi að síður verið mikið álitamál, hvenær beri að grípa til gengisbreytingar og hvernig eigi að framkvæma hana. Vegna þeirra þensluáhrifa, sem gengislækkun óhjákvæmilega hefur í för með sér, verður umfram allt að framkvæma hana af mikilli varúð og leitast við að tryggja sem bezt, að stöðugleiki geti fylgt í kjölfarið. Sé litið á framkvæmd nýlegra gengisbreytinga í nágrannalöndum okkar, er augljóst, hvílík megináherzla hefur verið lögð á þessi atriði. Má í þessu sambandi benda á gengislækkunina í Bretlandi 1967 og í Bandaríkjunum 1971 og þær alhliða og víðtæku ráðstafanir, sem gerðar voru í sambandi við þær í opinberum fjármálum, peningamálum, verðlags- og launamálum. Eins og kunnugt er, voru hliðstæðar ráðstafanir gerðar hér á landi í sambandi við gengisbreytingarnar 1960 og 1968. Án slíkrar samhentrar og einbeittrar heildarstjórnar á efnahagsmálum getur gengislækkun ekki verið annað en bráðabirgðaráðstöfun, er leiðir til aukinnar verðbólgu. Kemur þetta einnig skýrt fram í áliti valkostanefndarinnar, sem ég gat hér um áðan.

Gengisfelling sú, sem hér er framkvæmd, er, eins og áður hefur verið sagt, þáttur í valdatafli, sett fram án þess að nokkur grg. eða útreikningar þróunar á næsta ári liggi til grund-

vallar. Í áliti efnahagsn. þeirrar, sem ríkisstj. skipaði í sumar, er gerð ítarleg grein fyrir þeim leiðum, sem sú n. bendir á. Þar er gerð ítarleg grein fyrir því, með hvaða hætti verður við að bregðast eftir því, hvaða leiðir verði farnar. Sú leið, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur farið, er engin þeirra leiða, sem n. lagði til. Það er hins vegar farið inn á eina þeirra, þ. e. a. s. gengislækkunarleiðina, en alls ekki með þeim hætti, sem þar er bent á, og ekki gerðar þær ráðstafanir, sem gerð er grein fyrir í áliti n., að gera þurfi. Það sem meira er, það er ekki hægt að fá þessa útreikninga. Á fjhn.-fundi í morgun, sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja d., þar sem mættir voru bankastjórar Seðlabankans og forstöðumaður hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, var óskað eftir því, að lögð væri fram grg., sem væru grundvöllur að gengisákvörðuninni, sem tekin var s. l. sunnudag. Þeir höfðu ekki í fórum sínum neinar grg., sem þeir gátu lagt fram, og fundi var frestað þar til eftir hádegi og óskað eftir því við formann, að hann beitti sér fyrir því við ríkisstj., að n. fengi þessar skýrslur. Ég efast ekki um, að formaður n. hafi gert það, sem hann gat, en þegar til fundar kom, lágu ekki fyrir þær skýrslur, sem eðlilegt er, að hefðu legið fyrir, þegar Seðlabankinn ákvað gengisbreytinguna s. l. sunnudag.

Þegar gengisbreytingin er rædd á fjh.- og viðskn.fundi í morgun, var seðlabankastjórnin spurð að því, hverjar ráðstafanir hún hefði talið að gera þyrfti, til þess að þessi gengislækkun gæti náð þeim árangri, sem vitaskuld þarf að ná. Þá lýsti einn af bankastjórunum áhyggjum sínum yfir því, að ekki yrðu gerðar ráðstafanir sem skyldi til þess að tryggja það, að sú gengisbreyting, sem gerð var, næði fullkomnum árangri. Og í þeim umr., sem þar fóru fram, kom glöggt fram hjá þessum bankastjóra, að ef þessar ráðstafanir yrðu ekki gerðar, þá dygði þessi gengislækkun skammt. Hún dygði að sjálfsögðu næstu mánuði — eitthvað fram á árið. Þannig er unnið að þessum málum, og fari svo, að áhyggjur seðlabankastjórans séu á rökum reistar, þá sjá menn, hvað hér er raunverulega að gerast. Það er ljóst mál, að með óbreyttu vísitölukerfi munu áður en varir víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags valda því, að útflutningsatvinnuvegirnir munu ekki standa undir rekstrarkostnaði, ef þeir á annað borð geta haldið áfram rekstri sínum. Kunnugir menn hafa tjáð mér, að það sé mjög hæpið, að vertíð geti hafizt, vegna þess að útvegsmenn telji, að hér sé ekki komið til móts við þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar sem skyldi og þeir sjái ekki möguleika á því að reka fyrirtæki sín hallalaust. Þannig er farið um fjölmarga aðra þætti atvinnulífsins. Ekki verður heldur séð, hvernig núv. ríkisstj. er fær um að hamla á móti þeirri þenslu, sem óhjákvæmilega fylgir slíkum ráðstöfunum sem þessum. Þar nægir að nefna dæmin, því að við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, annað fjárlagaár þessarar ríkisstj., munu fjárlögin komast í þá tölu, að þau hafa tvöfaldazt á 2 árum. Það hefur verið spurt um þróun vísitölunnar á næsta ári. Það hafa engin svör fengizt. Það hefur verið spurt um, hvort þau vísitölustig, sem frestað var greiðslu á á miðju s. l. ári, komi til greiðslu nú 1. jan., en það hafa ekki fengizt skýr svör, jafnvel því haldið fram, að það muni vera um mismunandi lögskýringu að ræða, hvort þau vísitölustig eigi að greiða eða ekki. Að vísu hefur hæstv. félmrh. lýst því yfir, að það muni allt talið í vísitölunni, sem á að telja. Hann bætir því við, að honum sé treystandi til þess, að svo verði. Ég lít þá svo á, að þessi athugasemd hans sé svar um, að þessi vísitölustig verði greidd frá 1. jan. n. k.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má vera ljóst, að sú gengislækkun, sem ríkisstj. hefur ákveðið, felur ekki í sér neina lausn þess efnahagsvanda, sem við er að glíma. Það lýsir hinu mesta ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstj., að ráðast í slíkar aðgerðir án þess að hafa markað heildarstefnu í efnahagsmálum og vera fær um að fylgja þeirri stefnu eftir. Án þess getur gengislækkun ekki orðið til annars en að grafa undan frekari tiltrú almennings á verðgildi gjaldmiðilsins. Að nokkrum mánuðum liðnum verður allt komið aftur í sama farið og ekki önnur ráð tiltæk, ef svo fer sem nú horfir, en grípa þá til nýrrar gengislækkunar. Slík þróun hlýtur að hafa hin alvarlegustu áhrif á atvinnulíf landsmanna, á sparnað og fjármunamyndun, á lánstraust landsins erlendis. Jafnframt hlýtur þessara áhrifa að gæta í sívaxandi mæli á atvinnu í landinu og lífskjör þjóðarinnar.

Um einstök atriði þessa frv. er ekki ástæða til að fjölyrða. Ákvæði 1., 2. og 4. gr. eru tæknilegs eðlis og hliðstæð ákvæðum laga, sem sett hafa verið við fyrri gengisbreytingar. Ákvæði 3. gr. eru hins vegar ekki tæknilegs eðlis, heldur fela í sér nýja stefnu í gengismálum, stefnu óróleikans. Enda þótt þessi stefna eigi sér stað í nýjum reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er síður en svo einsætt, að rétt sé, að hún sé tekin upp hér á landi, allra sízt við ríkjandi aðstæður. Það er engin ástæða til þess, að þessi ákvæði séu í frv., nema því aðeins að ríkisstj. ætli sér þegar í upphafi að nota þau til þess að hafa gengisfellinguna meiri en látið er í veðri vaka. En ef ég hef tekið rétt eftir í gær, lýsti hæstv. forsrh. því yfir, að ekki yrði gripið til þessa ákvæðis nú. Ég býst við, að þannig hafi fleiri skilið orð hans, en að sjálfsögðu veit ég, að forsrh. leiðréttir þetta hér á eftir, ef ekki er rétt skilið. Eðlilegra virðist, að það sé borið fram sérstakt frv. um þá breyt. á Seðlabankal., sem hér um ræðir, og þá mundi gefast nægilegt tóm til að athuga það mál. Við þær aðstæður, sem nú ríkja, er hins vegar hætta á, að þessi stefnubreyting valdi tortryggni og grun um frekari gengislækkanir.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem eru grundvöllur að því nál., sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa lagt fram og útbýtt hefur verið nú. Það liggur ljóst fyrir, að ríkisstj. hefur lagt í gengisfellingu með alla enda efnahagslífsins lausa. Það liggur ljóst fyrir, að ríkisstj. hefur þverbrotið eitt af þeim grundvallaratriðum, sem hún lýsti yfir fyrir kosningar, og hefur sjálfsagt hlotið eitthvert kjörfylgi út á. Ríkisstj. hefur brugðizt því, sem

hún sagði kjósendum, og það er þess vegna eðlileg og réttmæt krafa, að sú ríkisstj., sem hefur brugðizt því, sem hún hét í upphafi, hverfi frá völdum og segi af sér.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er að langmestu leyti fylgifiskur gengisbreytingar. Í þessu frv. eru fyrst og fremst ákvæði um tæknileg atriði, varðandi framkvæmd tollmeðferðar, varðandi gjaldeyrisskil fyrir afurðir, sem framleiddar voru, áður en gengisbreyting var ákveðin, og ráðstöfun á gengishagnaði í sambandi við gengisbreytingu. Að svo miklu leyti sem frv. fjallar um þessi atriði, má segja, að það sé eðlileg og nauðsynleg afleiðing þeirrar ákvörðunar Seðlabanka og ríkisstj., sem nú hefur verið tekin, að breyta stofngengi ísl. kr. Það er mjög eðlilegt, að þeir, sem þá ákvörðun hafa tekið, óski eftir því, að Alþingi taki þær ákvarðanir, sem hér er um að ræða, og mun Alþfl. láta afgreiðslu frv. að þessu leyti afskiptalausa. Hann skilur nauðsyn þess, að slík ákvæði séu lögfest.

Þetta, sem ég hef nú sagt, á hins vegar ekki við um eina gr. frv., þ. e. a. s. 3. gr., enda er með henni verið að breyta ákvæðum seðlabankalaga. Hingað til hefur ekki tiðkazt, að aðrar lagabreytingar hafi fylgt í kjölfar gengisbreytingar en þær, sem eru bein afleiðing af gengisbreytingunni sjálfri, beinlínis nauðsynlegar, til þess að gengisbreytingin geti verið framkvæmd með eðlilegum hætti. Hér er hins vegar um það nýmæli að ræða, að seðlabankal. er jafnframt breytt í einu mjög mikilvægu atriði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í gildandi seðlabankal. hefur verið heimild til handa Seðlabankanum um það að ákveða 1% frávik frá ákveðnu stofngengi hverju sinni í hvora átt um sig, þ. e. a. s. Seðlabankinn hefur getað ákveðið gengið 1% hærra og 1% lægra en stofngengi hverju sinni. Þessari reglu er gert ráð fyrir að breyta með 3. gr. frv. og auka heimild Seðlabankans til gengisbreytinga, án þess að samþykki ríkisstj. þurfi að koma til. Hér er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn skuli hafa heimild til fráviks frá ákveðnu stofngengi, sem nemur 2½% í hvora átt, þ. e. a. s. hann geti breytt genginu innan marka, sem nema 4½%. Til þess að hv. þm. verði ljósara en ella, hvað hér er á ferðinni, er rétt að rifja upp, að það stofngengi, sem nú er í gildi á ísl. kr. skv. hinni nýju ákvörðun, er miðið við Bandaríkjadollar 98.56 kr. Þetta er hið nýja stofngengi, sem Seðlabankinn með samþykki ríkisstj. hefur tilkynnt. Skv. þeim reglum, sem eru í gildi í dag, hefði Seðlabankinn heimild til þess að ákveða í fyrramálið, ef engin lagabreyting hefði verið gerð, gengið lægst kr. 97.65 og hæst kr. 99.40. Ef hins vegar þessi breyting verður samþykkt, hefur Seðlabankinn heimild til þess að ákveða gengið frá kr. 96.34 og upp í kr. 100.78 fyrir Bandaríkjadollar. Nú er gengið á Bandaríkjadollar — eða var, áður en síðasta ákvörðun var tekin, 88.00 Sú breyting sem gerð hefur verið á stofngenginu, nemur 10.7% lækkun á kr., sem jafngildir tæplega 13% hækkun á verði Bandaríkjadollars. Ef þessi breyting yrði samþykkt, hefði Seðlabankinn heimild til þess að hækka verð á Bandaríkjadollar án samþykkis ríkisstj. upp í 100.78 kr., eins og ég sagði áðan, eða hækka verð á Bandaríkjadollar um 14.5%. Ef Seðlabankinn, eins og flestir munu hafa reiknað með, fylgdi breytingu á stofngenginu, mundi dollar, þegar gjaldeyrisviðskiptin hefjast aftur, hafa hækkað um tæplega 13%. En skv. 3. gr. frv. á Seðlabankinn að hafa það einn á valdi sínu að hækka dollarann um 14.5%, um 1½%—2% meira en gildandi tilkynning um breytingu á stofngengi gefur til kynna.

Það hefur verið upplýst, enda kunnugt þeim, sem fylgjast með þessum málum, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur heimilað löndum, sem eru aðilar að honum, að víkja um þetta bil frá ákveðnu stofngengi, 2¼% í hvora átt um sig, og flestir aðilar að gjaldeyrissjóðnum hafa gert ráðstafanir til þess, að Seðlabankinn geti án þess að þurfa að spyrja gjaldeyrissjóðinn, lækkað eða hækkað sitt gengi innan þessara marka, þ. e. um 4½%. Sérstaklega hefur þetta þýðingu fyrir þau lönd, sem hafa svokallað fljótandi gengi, þ. e. a. s. þar sem gengisákvörðunin á erlendum gjaldeyri er látin vera háð framboði og eftirspurn, eins og á sér stað um margar helztu gjaldeyristegundir, sem notaðar eru í heimsviðskiptunum. Það hefur hins vegar aldrei komið til mála, að hér yrði tekið upp kerfi fljótandi gengis, því að það vita allir, að hér kemur ekki til mála að láta framboð og eftirspurn eftir dollurum, pundum eða þýzkum mörkum eða nokkurri annarri mynt ráða því, hvernig gengið yrði skráð. Hér hefur engum dottið annað í hug en að Seðlabankinn skrái gengið og ákveði fast gengi, sem gildi meðan ákvörðun stendur óbreytt. Það, sem hér er um að ræða, er þess vegna, að 3. gr. gerir ráð fyrir því, að seðlabankastjórninni sé fengið vald til gengisbreytingar, sem nemur 4½% upp og niður, ekki vegna þess, hvernig framboð og eftirspurn eftir gjaldeyri hefur breytzt, heldur vegna mats seðlabankastjórnarinnar á ástandi gjaldeyrismálanna. Það er alger misskilningur að blanda því, sem hér er um að ræða, saman við ákvörðun t. d. brezku stjórnarinnar, sem hefur gengið fljótandi, og ákvarðanir ýmissa annarra stjórna, sem hafa tekið þá ákvörðun að láta gengið fljóta innan vissra marka eftir markaðsaðstæðum. Hér er ekki um það að ræða, heldur er hér verið að fá Seðlabankanum vald, sem hann hingað til hefur ekki haft, til meira en helmingi meiri gengisbreytinga án samráðs við ríkisstj. en hann hefur hingað til haft.

Ef um væri að ræða eðlilegt og venjulegt ástand í gjaldeyrismálum og gengismálum, er það skoðun mín, að vel gæti komið til mála að auka heimild til Seðlabankans frá því, sem verið hefur í þessum efnum. En þá ætti það að bera að með eðlilegum hætti, ræðast og athugast rækilega og bera að með þeim hætti, að seðlabankal. sjálfum væri breytt. Það má færa ýmis rök fyrir því, að eðlilegt sé, að Seðlabankinn hafi meira svigrúm en hann hefur haft, þótt að vísu megi einnig færa ýmis rök gegn því. Þetta mál hefði Alþingi þurft að athuga með eðli-

legum og venjulegum hætti og taka síðan ákvörðun með hugsanlegri breytingu á seðlabankal. Nú er hins vegar ekki venjulegt ástand í gjaldeyris- og gengismálum. Það er nýbúið að taka ákvörðun um 10.7% lækkun á stofngengi ísl. kr., um tæplega 13% hækkun á verðmæti dollars. Það er kunnara en frá þurfi að segja, og ég skal ekki ítreka það hér, að þessi ráðstöfun er mjög umdeild. Það er skoðun mjög margra aðila viðskiptalífsins, að þessi ráðstöfun leysi ekki þann vanda, sem við er að etja, þannig að margir telja miklar og alvarlegar blikur vera á lofti í gjaldeyris- og gengismálum og að mikil óvissa sé fram undan. En allir vita, að í sambandi við gengisbreytingar er enginn hlutur varhugaverðari en óvissa um það, hvað framtíðin beri í skauti sínu. Eitt frumskilyrði þess, að gengisbreyting geti tekizt, er einmitt það, að hún sé þannig og sé framkvæmd þannig, að traust skapist á gjaldmiðlinum. Ástæður gengisbreytinganna eru venjulega þær, að óvissa hefur skapazt um gjaldmiðilinn, hann hefur notið minnkandi trausts með öllum þeim alvarlegu afleiðingum, sem minnkandi traust á gjaldmiðli hlýtur jafnan að hafa í för með sér. Ef gerð er gengisbreyting eins og þessi, sem ekki tekst að skapa traust, þá er það mjög miður farið. En er ekki alveg augljóst mál, að ef Seðlabankinn hefur heimild til gengisbreytingar, sem er verulega umfram þá stofngengisbreytingu, sem þegar er búið að taka ákvörðun um og tilkynna, og menn fara að óttast, að Seðlabankinn muni nota sér þá heimild til viðbótargengislækkunar, sem í ákvæðum 3. gr. felst, þá hlýtur það að auka á óvissu um framtíðina, þá hlýtur það að torvelda, að nauðsynlegt traust skapist á gildi krónunnar, á gengi gjaldmiðilsins, með öllum þeim alvarlegu afleiðingum, sem slíkt hlýtur að hafa í för með sér.

Tíminn til þess að veita Seðlabankanum þessar auknu heimildir er vægast sagt eins óheppilega valinn og hugsazt getur. Er með þessu ekki felldur dómur um það, hvað eðlilegt væri við eðlilegar kringumstæður, heldur er aðeins verið að undirstrika, að á þeim óvissu tímum, sem nú eru, er nauðsynlegt, að sú ákvörðun, sem tekin er, sé til þess fallin að skapa traust, en ekki til þess að auka vantraust, til þess að efla vissu manna um það hvað framtíðin ber í skauti sínu, en ekki til að auka á óvissu manna um það efni. Af þessum sökum teljum við þm. Alþfl. mjög misráðið af Seðlabankanum að fara fram á þessar auknu heimildir. Þess vegna er það afstaða okkar Alþfl.-manna að vera andvígir þessari grein, og við munum greiða atkv. gegn henni.

Mig langar í þessu sambandi til þess að bæta við örfáum athugasemdum. Ég skal ekki lengja þessar umræður, en örfáum atriðum langar mig til þess að bæta við í framhaldi af þeim tveim fundum í fjh.- og viðskn., sem haldnir hafa verið í dag. Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á því, og leggja á það áherzlu, að engir útreikningar virðast vera til af hálfu sérfræðinga ríkisvaldsins á því, hvaða áhrif þær ráðstafanir, sem nú er búið að taka ákvörðun um, 13% hækkun á gengi dollarsins, hafi á afkomu sjávarútvegsins né heldur á verðlag innflutnings eða á framfærslukostnaðarvísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Þetta ber allt saman vott um það, sem raunar hv. þm. hafa vitað, að þessi ákvörðun er tekin fyrir skömmu og hún er hrein málamiðlun milli gerólíka sjónarmiða í ríkisstj. Sérfræðingar ríkisstj. hafa aldrei reiknað með því, að til slíkrar ráðstöfunar mundi verða gripið, og hafa því alls ekki búið sig undir það að geta svarað því, hvaða áhrif þessi ráðstöfun raunverulega komi til með að hafa. Enda þótt færir séu og vanir reikningsmenn og ábyggilegir, þá gátu sérfræðingarnir ekki upplýst fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. um það, að hversu miklu leyti þessi ráðstöfun bætti hag útflutningsatvinnuveganna, né heldur hvaða áhrif líklegt væri, að hún kæmi til með að hafa á innflutning og þróun kaupgjaldsvísitölu í landinu.

Ég vek athygli á þessu til þess að undirstrika það, sem ég hef raunar haldið fram áður og er sannfærður um, að er rétt, að þessi ákvörðun er tekin sem málamiðlunarákvörðun í skyndingu, í mikilli skyndingu, án þess í raun og veru að nokkur maður viti, hvort þessi ráðstöfun nær tilætluðum árangri eða ekki. Fyrst sérfræðingarnir vita það ekki á þessum drottins degi, þá veit ríkisstj. það ábyggilega ekki heldur.

Það kom fram hjá sérfræðingunum, og það er sjálfsagt að því sé skilað áfram til hins háa Alþingis, að verðlag erlendis er nú nokkru hagstæðara en þeir höfðu sem forsendu, þegar þeir sömdu hið merka álit sitt um hina 3 valkosti, sem öllum þm. er kunnugt. Hins vegar gerðu þeir þá ráð fyrir miklu minni breytingum á kaupgjaldi og framfærslukostnaði en augljóst er, að nú munu eiga sér stað, og vegur þetta miklu meira í neikvæða átt fyrir atvinnuvegina en hitt, að verðlag er nú nokkru hærra, sérstaklega á Bandaríkjamarkaði, heldur en þeir höfðu gert ráð fyrir, þegar þeir sömdu nál. sitt. Þegar þeir voru að því spurðir, hvert mat þeirra væri á því, hvort þessar ráðstafanir dygðu til þess að eyða halla útflutningsatvinnuveganna, svöruðu þeir, eins og við var að búast, með þeirri staðhæfingu, að það hlyti að vera algjörlega komið undir því, hver yrði þróun framleiðslukostnaðar í landinu. Þeir sögðust hafa reiknað með því, þegar nál. var samið, að kaupgjald mundi breytast á næsta ári um sem næst 5 vísitölustig. Það væri sú forsenda, sem þeir hefðu reiknað með, og þess vegna höfðu þeir talið þá gengislækkun, sem þar er um að ræða, — þá millifærslu, sem um er að ræða, geta tryggt hallalausan rekstur atvinnuveganna á næsta ári. En nú vitum við, að engin þessara þriggja leiða var valin. Það er gengið skemmra í tilfærslu til útflutningsatvinnuveganna en þeir gera ráð fyrir í sínum þrem leiðum, þ. e. a. s. útflutningsatvinnuvegirnir fá minna í sinn hlut skv. þessum ráðstöfunum en þeir höfðu gert ráð fyrir, að nauðsynlegt væri. Á móti kemur á hinn bóginn það, að verðlagið er heldur hagstæðara í dag en það var, þegar þeir sömdu skýrsluna. Aftur á móti kemur hitt, sem vegur miklu þyngra, að þróun framleiðslukostnaðarins á næsta ári verður áreiðanlega útflutningsatvinnuvegunum miklu

óhagstæðari en þeir höfðu reiknað með, þegar þeir sömdu nál. sitt.

Fjh.- og viðskn. fékk áætlun sérfræðinga ríkisstj. um það, hver muni verða þróun kaupgjaldsvísitölu, þ. e. a. s. þess kaupgjalds á næsta ári, sem útflutningsatvinnuvegirnir verða líklega að standa undir, verða líklega að greiða. Ég held, að það sé rétt, að hv. þd. og þar með þjóðinni allri verði skýrt frá því, hvert er mat sérfræðinganna á breytingum á veigamesta hluta framleiðslukostnaðar, sem sé kaupgjaldinu, á næsta ári, og er miðað við það, að engar breytingar verði gerðar á gildandi kjarasamningum. En það er sú opinbera stefna, sem ríkisstj. hefur lýst yfir, að stjórnin muni fylgja, að raska ekki kjarasamningunum, a. m. k. ekki nema í samráði við launþegasamtökin sjálf. Nú er kaupgjaldsvísitala 117 stig. Sérfræðingarnir reikna með því, að 1. marz n. k. hafi hún hækkað upp í 122 stig, 1. júní n. k. hafi hún hækkað upp í 126 stig, 1. sept. n. k. muni hún hafa hækkað upp í 129 stig og 1. des. n. k., eftir eitt ár, eftir 12 mánuði, muni hún hafa hækkað upp í 131 stig, m. ö. o. að á næstu 12 mánuðum muni kaupgjald í landinu skv. kaupgjaldsvísitölu hækka um 12%.

Hér er auðvitað um að ræða spádóm um mjög alvarlega þróun. Hér er um að ræða meira en helmingi meiri hækkun á framleiðslukostnaði að því er kaupgjald snertir heldur en sérfræðingarnir reikna með í áliti sínu, að útflutningsatvinnuvegirnir muni þola. Þeir reiknuðu með því, að þeir mundu þola 5 stiga hækkun, en nú spá þeir, þegar þeir reikna saman áhrif gengisbreytingarinnar og önnur verðhækkunaráhrif, sem þeir þykjast sjá fyrir, að kaupgjald muni á næsta ári hækka um hvorki meira né minna en 12%. Ég undirstrika, að þetta er meira en helmingi meiri hækkun en valkostanefndin segir, að útflutningsatvinnuvegirnir geti þolað. M. ö. o.: það verður ekki nema hálft ár liðið, þangið til þeim mörkum er náð, sem valkostan. telur útflutningsatvinnuvegina geta þolað. Það er hægt að komast yfir næstu 6 mánuði, en á 6 mánuðum, sem fylgja þar á eftir, mun framleiðslukostnaðaraukningin vera orðin svo mikil, að það ofbjóði gjaldþoli útflutningsatvinnuveganna. Þetta þýðir í raun og veru, svo að mælt mál sé talað, að sú gengislækkun, sem nú hefur verið tekin ákvörðun um, dugir fram á mitt næsta ár, hún dugir fram á mitt næsta sumar. Þegar sá tími er kominn, dugir hún ekki lengur, þá er útflutningsatvinnuvegirnir aftur komnir í sömu vandræðin og þeir voru staddir í, þegar ákvörðun um gengisbreytinguna var tekin. Hér er um það að ræða að bjarga þjóðarbúinu áfram í hálft ár, í hæsta lagi í 9 mánuði, þá springur blaðran aftur, og þá þarf aftur að grípa til einhverra ráðstafana, hvort sem það yrði viðbótargengisfelling eða uppbótaleið eða eitthvað annað.

Auðvitað er þetta hörmulegur spádómur um það, sem í vændum er fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi og fyrir íslenzkt efnahagslíf yfirleitt. En við hverju var í raun og veru að búast? Sú ráðstöfun, sem gripið hefur verið til, var ekki í samræmi við neina ábendingu sérfræðinga ríkisstj. Enginn flokkur í ríkisstj. tók undir neina af þeim 3 leiðum, sem hagfræðingarnir bentu á, að mundu duga til þess að leysa vandann. Hver flokkur kom með sína tillögu: Einn flokkurinn um uppbótakerfi fjármagnað með mikilli hækkun söluskatts auk niðurfellingar vissra vísitölustiga, annar flokkurinn mælti líka með uppbótakerfi, en fjármagnað með litilli hækkun söluskatts og innflutningsgjaldi auk einhverra breytinga á vísitölugrundvellinum, þriðji flokkurinn um mikla gengisbreytingu, þ. e. a. s. 16% gengisbreytingu. Niðurstaðan er svo eins konar málamiðlun milli þessara leiða með þeim höfuðókosti málamiðlana að ná ekki því markmiði, sem þeim er sett. Gengislækkunin er höfð miklu minni en gengislækkunarflokkurinn hafði lagt til, og auk þess ekki gerðar neinar þær hliðarráðstafanir, sem sérfræðingarnir bentu á, að væru alveg nauðlegar, ef vænta ætti góðs árangurs af þessum ráðstöfunum. Þegar þannig er staðið að málum, þarf í raun og veru enginn að vera hissa á því, að niðurstaðan verði þessi, eins og dómur sérfræðinganna er nú fallinn um, að ráðstöfunin dugi í hálft ár, í hæsta lagi 9 mánuði. Þá verður komið sama öngþveitið og hefur ríkt undanfarnar vikur og undanfarna mánuði.

Þá að hæstv. ríkisstj. hafi komist yfir þá kreppu, sem hún lenti í að þessu sinni, dreg ég mjög í efa, að hún komist yfir aðra kreppu, sem hún kemur til með að standa andspænis eftir 6—9 mánuði. Ástæðan til þess, að hún komst yfir þessa kreppu, hefur einfaldlega verið sú, að gengislækkunarboðskapurinn frá frjálslyndum kom svo skyndilega, hann kom framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum í svo opna skjöldu, að þeir töldu sig ekki hafa efni á því að kveðja stólana með jafnlitlum fyrirvara og hefði þurft að eiga sér stað, ef frjálslyndir hefðu farið úr ríkisstj., vegna þess að þeirra hugmyndir hefðu ekki verið samþykktar. En það hef ég fyrir satt, að svo mikill sannfæringarkraftur hafi staðið á bak við 16% gengislækkunartill. SF, að ráðh. þeirra hefðu verið reiðubúnir að kveðja ráðherrastólana og ríkisstj., ef till. þeirra hefði algerlega verið hafnað. Þetta hef ég fyrir satt, og er það raunar ekkert ólíkt foringja SF að sýna þann kjark að leggja stólinn við, ef hann telur réttan málstað í húfi. Ég trúi því, að ef gengislækkunarleið SF hefði algerlega verið hafnað og Framsfl. og Alþb. ætlaði sér að beita meirihlutavaldi til að knýja fram uppbótaleiðina, þá hefðu ráðh. SF kvatt þetta kompaní, sem þeir hafa verið í undanfarið. Þetta er svo mikill sannleikur, að jafnvel Framsfl. og Alþb. fóru að trúa þessu. Og það var auðvitað ástæðan til þess, að þeir kyngdu gengislækkunarleiðinni þrátt fyrir sínar till. um að fara uppbótaleiðina. Þeir voru vissir um það, að Hannibal Valdimarsson meinti það, sem hann sagði, að ef haldið yrði út á þá ófærubraut, sem ég er honum algerlega sammála um, að uppbótaleiðin er, ef haldið hefði verið út í þá ófæru, sem sú leið er, þá ætlaði hann að kveðja, og ég hefði óskað honum til hamningju með það að kveðja undir þeim kringumstæðum. Þetta skildu meira að segja ráðh. Framsfl. og Alþb., þó að þeim væri það þvert um geð. Þeir þekkja Hannibal Valdi-

marsson kannske ekki eins vel og ég, en þekkja hann nógu vel til þess að vita, að við þessi orð sín hefði hann áreiðanlega staðið. Þá uppgötvuðu þeir þann augljósa sannleik, að það er ekki þægilegt að láta reka sig úr ráðherrastólunum með 10 daga fyrirvara. Það var eftir að gera ýmislegt. (Gripið fram í.) Ekki með 10 daga fyrirvara. Þeir höfðu ýmsar áætlanir á prjónunum, sem þeir hefðu gjarnan viljað fá tækifæri til þess að koma í framkvæmd. M. ö. o.: fresturinn, sem Hannibal og hans félagi og hans flokkur setti, var of stuttur fyrir hæstv. ráðh. Framsfl. og hæstv. ráðh. Alþb. (Gripið fram í.) Þarna er talað um nokkuð, sem var okkur tveimur sameiginlegt 1958. Ég er ekki búinn að gleyma þeim atvikum öllum saman og skal gjarnan einhvern tíma segja þá sögu, löngu áður en ég kem til með að skrifa mínar endurminningar, sem ég geri líklega aldrei. Ég vil ekki lengja þessar umr. með því að tala um þetta, ég er hræddur um, að það yrði allt of spennandi. (Gripið fram í.) En við höfum nógan tíma til að tala saman um það síðar. Hinn skyndilegi gengislækkunarboðskapur SF var settur fram með þeim alvöruþunga, að ef ekki yrði gengið að honum í meginatriðum, þá væru ráðh. SF farnir og ríkisstj. fallin með lágmarksfresti, og því voru menn ekki tilbúnir til þess að taka. Þess vegna var farið að leita að málamiðlun, og hún fannst í þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða og hafa, eins og ég sagði áðan, þau einkenni málamiðlunar að koma til með að duga í 6—9 mánuði og lengur ekki.

En síðustu orð mín skulu vera þau að láta í ljós þá skoðun, að á þeirri kreppu, sem kemur upp eftir 6—9 mánuði, muni þessir stjórnarflokkar ekki sigrast, af því að nú er sú vitneskja komin í brjóstið á þeim, að þetta er allt saman byggt á sandi. Nú fara þeir að búa sig undir það að kveðja hver annan. Og ég spái því, að meginatriðið í pólitíkinni næstu 6—9 mánuði verði það, að nú vita þeir, hvar Davíð keypti ölið. Þess vegna munu þeir nú leggja áherzlu á það að vera viðbúnir næst og láta ekki Hannibal Valdimarsson og félaga hans koma sér jafnmikið í opna skjöldu og þeim tókst að gera í þetta skiptið. Ég hef tilhneigingu til að líta þannig á, að þessar ráðstafanir og þetta frv. sé í raun og veru eins konar útfarartilkynning um stjórnarsamstarfið. En hún er tilkynnt með óvenjulega löngum fyrirvara eða 6—9 mánaða fyrirvara. Það er ekki venjan að tilkynna jarðarfarir með svona löngum fyrirvara. En það er margt undarlegt í þessu stjórnarsamstarfi, og hér hefur útförin verið tilkynnt með 6—9 mánaða fyrirvara.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. frsm. fjh.- og viðskn. d. minnti á það, að ákvæði eins og eru í því frv., sem við nú erum að ræða um, sem væru í tengslum við ákvarðanir um gengisbreytingu, hefðu áður verið afgreidd á stuttum tíma á Alþ., stundum samdægurs, og það mun rétt vera. En hér stendur nokkuð öðruvísi á. Það var lögð áherzla á það af hæstv. forsrh., að frv. það, sem hér um ræðir, hlyti skjóta afgreiðslu. Fulltrúi Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. og aðrir talsmenn hans hafa gert grein fyrir þeirri afstöðu sjálfstæðismanna, að þeir geta verið samþykkir þeim ákvæðum frv., sem þurfa skjótrar afgreiðslu við, en eru á móti því ákvæði frv., sem enga skjóta afgreiðslu þarf, og skal ég ekki fleiri orðum um það fara. En hæstv. forsrh. hóf hér umr. á breiðum grundvelli um gengislækkanirnar með ræðu, sem tók á annan klukkutíma, og hæstv. viðskrh. með álíka langloku. Og síðan komu forustumenn flokkanna hver á fætur öðrum í sjónvarpi og hljóðvarpi í gær og voru að gefa sínar skýringar á gengislækkuninni. Allt var þetta með slíkum endemum, að það er full ástæða til þess að staldra nokkuð við meginatriðin, sem fram komu í ræðum þessara manna, úr því að þeir gerðu gengisbreytingarnar að umræðuefni.

Það stendur á forsíðu Þjóðviljans við hliðina á mynd af hæstv. viðskrh., að það sé grundvallarmunur á gengislækkun nú og áður. Þetta er alveg rétt. Það er grundvallarmunur á þessari gengislækkun, sem nú er gerð, og þeim, sem áður hafa verið gerðar. En það er bara engan veginn sá grundvallarmismunur, sem þessir ágætu menn vilja láta almenning skilja. Þetta er gengislækkun, sem er alveg í sérflokki. Hún er með þeim eindæmum, sem hér var einnig vikið að áðan og gerð grein fyrir, að hún skapar engan veginn það öryggi og festu varðandi okkar gjaldmiðil, sem höfuðtilgangur gengisfellingar á hverjum tíma hlýtur að vera. Þvert á móti hníga öll rök að því, bæði varðandi forsögu málsins, efni málsins og spádóma sérfræðinga, að hér sé tjaldað til einnar nætur, og þá er vissulega miklu verr af stað farið en heima setið.

Neðar á forsíðu Þjóðviljans er mynd af hæstv. heilbr.- og trmrh., og fyrirsögn að því, sem við hann er rætt eða frá honum kemur, er, að meðan verðbólgan ríkir, er gengi krónunnar ótryggt. Þessi hæstv. ráðh. er að tilkynna þjóðinni, að þetta sé bara bráðabirgðagengislækkun. Þetta er sama sem tilkynning til þjóðarinnar um, að hér er um bráðabirgðagengislækkun að ræða og hún megi vera við því búin að vakna upp við nýja gengislækkun von bráðar, alveg eins og hér var gerð grein fyrir áðan, þegar reiknað var með, að hún mundi kannske endast 6—9 mánuði eða eitthvað því um líkt.

Svona hefur aldrei verið farið að í sambandi við gengislækkanir fyrr, og þegar ráðh. hefja hér umr. um gengisbreytinguna sem ráðstöfun í efnahagsmálum af hálfu ríkisstj., þá vil ég minna á, að það eru margar og veigamiklar fullyrðingar, sem eru algerlega rangar af hálfu hæstv. ráðh., annaðhvort af því að þeir gera sér ekki grein fyrir eðli málsins eða þá misminnir gersamlega um það, hvernig gengislækkun hér hefur verið varið.

Því var haldið fram og þrástagazt á því í ríkisútvarpinu í gærkvöld, að það hefði alltaf áður verið kippt úr sambandi vísitölu á laun, þegar gengi hefur verið breytt. Ég held, að sannara sé að segja, að það hafi einu sinni verið gert áður. Það var við gengisbreytinguna 1960. Og það var í ákveðnum tilgangi gert. Þá var verið að taka upp nýtt kerfi í þjóðfélaginu. Það var ekki um að ræða ráðstafanir, sem voru sama eðlis og verið hafði fram til þess tíma, og ríkisstj.

leit svo á, að ráðstafanir hennar með gengislækkuninni og efnahagsaðgerðum í tengslum við hana ættu að geta verið þess eðlis að bæta hag verkafólksins í landinu, og því var lýst yfir sem stefnu ríkisstj., að ef aðstaða atvinnuveganna batnaði og hagur þeirra vænkaðist, þá teldi ríkisstj. eðlilegt, að launþegarnir í landinu fengju kjarabætur og sinn hlut af þeim bótum, sem þar væri um að ræða, og ríkisstj. mundi beita sér gegn því, að atvinnuvegirnir veltu inn í verðlagið hækkunum, sem stöfuðu af hækkun kaups, sem þeir semdu um á frjálsum markaði við fulltrúa launþega. Þetta var kerfisbreyting, sem var reynd, og þarna var ekki farið neitt aftan að þjóðinni. En ráðstafanir voru miðaðar að öðru leyti við það að gera vissar aðgerðir, sem fyrst og fremst áttu að vera til hags því fólki, sem óvænlegast horfði fyrir vegna gengisbreytingarinnar. Til þeirra ráðstafana má telja eflingu almannatrygginga, sem var samfara þessum ráðstöfunum, hækkun elli- og örorkulífeyris, sem var stóraukinn, og hækkun á slysabótum og einnig ákvarðanir um lækkun tekjuskatts af almennum launatekjum og margt fleira. Nú er ekki fyrir það að synja, að kaphækkanir í frjálsum samningum urðu meiri en menn hefðu vænzt, þannig að svo var komið árið 1964, að þá voru gerðir samningar milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um að taka vísitöluna aftur í sambandi við launaákvarðanir. En þetta held ég, að sé sú eina gengisbreyting, þar sem hreinlega sé hægt að segja, að vísitalan hafi verið tekin úr tengslum í sambandi við gengisbreytingu. 1968 var vísitala í sambandi, sem samið hafði verið um á milli aðila vinnumarkaðarins, og sú vísitala hélzt óbreytt. 1949—1950, þegar minnihlutastjórn Sjálfstfl. lagði fram till. til gengisfellingar sem einn lið í efnahagsráðstöfunum, þá var ekki vísitala greidd á laun, áður en það frv. var lagt fram. Þá voru tekin upp ákvæði um vísitölureikning á launum með tilteknum hætti eftir gengislækkunina 1950, svo að allt er þetta rangt, sem hæstv. ráðh. sögðu þjóðinni um þetta í gærkvöld í ríkisútvarpinu. Og þeir ættu eiginlega að biðja ríkisútvarpið um að fá að koma aftur fram í kvöld til þess að leiðrétta þessar missagnir, sem þeim hafa orðið á.

Þessir ágætu menn, sem nú framkvæma gengislækkun og með þeim endemum, sem raun ber vitni, hafa hvað eftir annað þrástagazt á því, að á viðreisnartímabilinu hafi verið framkvæmdar fjórar gengisbreytingar. Það var í raun og veru ekki verið að framkvæma neina gengislækkun 1960, þvert á móti. Það var verið að skrá rétt gengi í þjóðfélaginu. Það var verið að moka flórinn eftir fyrrv. vinstri stjórn. En þá hafði verið farin leiðin, sem hæstv. viðskrh. vildi fara nú og víst forsrh. að einhverju leyti líka, þ. e. a. s. millifærsluleiðin, með þeim hætti, að fjölgengi var hér, og vissu fæstir, hversu mörg gengi voru á íslenzku krónunni. Það rötuðu fæstir um þann frumskóg. En það er dálítið fróðlegt að rifja upp söguna í því sambandi. Þá voru útflutningsuppbætur, sem voru auðvitað í eðli sínu ekkert annað en breyting á gengi krónunnar. Og útflutningsuppbæturnar voru svo margþættar, að þegar gerð var grein fyrir þeim, — og fyrir þeim var gerð nákvæm grein eins og öllu öðru í sambandi við gengisbreytinguna, þegar Alþ. hafði málið til meðferðar — þá má m. a. lesa það, að fyrst var bátafiskur veiddur fyrir 15. maí, svo varð bátafiskur veiddur eftir 15. maí og svo var bátafiskur allt árið, og allt var með mismunandi tegundum af útflutningsbótum. Þetta er aðeins til glöggvunar. Þá er rétt að lesa hér dálítið upp, sem skýrir, hvers konar frumskógur þetta var, að þegar talað er um bátafisk veiddan fyrir 15. maí, þá voru útflutningsbæturnar á freðfiski: þorskur og karfi og því um líkt 88%, ýsa, steinbítur og flatfiskur 119%; skreið: þorskur 92.3%, ýsa 126.2%; saltfiskur: þorskur, 92.1%, þetta eru útflutningsuppbæturnar; mjöl 85.6%, lýsi 85.6% og hrogn 85.6%. Ef nú þessi góði bátafiskur var veiddur eftir 15. maí, fékk þorskur og karfi og því um líkt 106.8% útflutningsuppbætur, ýsa, steinbítur og flatfiskur 125.3%; skreið: þorskur 112.8%, ýsa 143.1%; saltfiskur: þorskur, 112.4%, ýsa 142.9%; mjöl 87.1%, lýsi 85.6% og niðursoðið 142.2%. Svo kom bátafiskur allt árið flokkaður í sömu tegundir og með sams konar mismunandi tegundum af útflutningsuppbótum. Svo kom togarafiskurinn allt árið, og það þurfti auðvitað að flokka allt einnig: þorsk, karfa og því um líkt; skreið: þorsk og ýsu; saltfisk: saltfisk veiddan fyrir 15. maí og saltfisk veiddan eftir 15. maí, mjöl, lýsi og niðursuðu, og meðaltalið af þessu var 81% útflutningsuppbætur. Svo var það síldin. Hún var álika. Hún var flokkuð í frysta síld, saltsíld, síldarmjöl, síldarlýsi, soðkjarna. Allt var þetta með mismunandi útflutningsuppbótum. Suðvesturlandssíldin þurfti auðvitað að vera sér í flokki. Það var fryst síld, saltsíld, síldarmjöl, síldarlýsi, allt í mismunandi uppbótum, frá 75% og þar yfir. Svo koma hvalafurðirnar, og þær þurftu að vera með 70% útflutningsuppbótum, og aðrar sjávarafurðir hafa verið taldar með 80% og landbúnaðarafurðir 93.9% og ýmsar vörur 70% og útflutningurinn alls 86.7% í þessum flokki. Svo voru gjöldin á innflutningnum, þegar menn voru að kaupa gjaldeyri. Til þess að borga gjaldeyri, sem þeir báðu um til þess að kaupa innfluttu vöruna, voru lággjaldaflokkur með 30% álagi, almennur flokkur með 55% álagi og innflutningsgjaldaflokkur: vörur með 22% innflutningsgjaldi, það voru 112.8%, og vörur með 40% innflutningsgjaldi og vörur með 62% innflutningsgjaldi.

Það var þetta kerfi, sem var verið að afnema og skrá rétt gengi krónunnar, svo að sú ríkisstj., sem tók við 1959 um haustið, var ekki að framkvæma gengislækkun, heldur að hreinsa til í þessum frumskógi, sem fæstir rötuðu um, og reyndi að skapa hreint andrúmsloft í efnahafslífi þjóðarinnar, sem gæti lagt grundvöll að blómlegra atvinnulífi en þá var um að ræða, þar sem atvinnuvegirnir voru komnir í strand, lánstraustið var þrotið út á við og gjaldeyrissjóðir þjóðarinnar gengnir til þurrðar. Auðvitað er slík gengisskráning allt annars eðlis en hér er um að ræða. Og þessi gengisskráning var með mörgum hliðarráðstöfunum, eins og ég nefndi nokkur dæmi um áðan, en aðalatriðið er, að þjóðin hafi lifað um efni fram, og fyrir því var gerð nákvæmlega grein, og ítarleg grg. fylgdi þessu efnahagsmálafrv. ríkisstj.

Nú heyrum við það frá fulltrúum flokkanna í fjh.- og viðskn., að þegar þeir spyrja sérfræðinga ríkisstj. að því á fundum í morgun, hvaða hliðarráðstafanir ríkisstj. ætli að gera eða hvaða áhrif þessi gengislækkun hafi á afkomu atvinnuveganna eða verðlagsþróun í landinu, þá rekur menn í rogastanz. Langfæstu af þessu er hægt að svara. Og svo eru menn að hæla sér af því, að það hafi aldrei verið gerð eins vel grein fyrir ástandinu í efnahagsmálunum og með nál. svokallaðrar valkostanefndar, sem hæstv. ríkisstj. afhenti stjórnarandstöðunni. En það er bara á það að líta, að ríkisstj. fór ekki eftir till. eða valdi enga sérstaka leið, sem valkostanefndin benti á, heldur gerði visst úrval á sinn hátt úr þessum ýmsu valkostum af þeim sökum, sem hér var gerð grein fyrir áðan, en með þeim afleiðingum, að þegar ríkisstj. ákvað gengislækkunina, vissi hún hvorki hvaða afleiðingar hún hafði, né heldur hafa sérfræðingar ríkisstj. fram til þessa, síðan hún var ákveðin, getað gert sér grein fyrir, hver áhrif hún muni hafa. En öllum ber þó saman um, að hún sé ófullnægjandi, ríkisstj. ætli sér að gera þarna það einstaka þrekvirki að stökkva í tveimur áföngum yfir gjá, eins og einhver góður maður sagði í einhverju blaðanna í morgun, — ég held að það hafi verið í Morgunblaðinu, og það er ekki verra fyrir það.

Ef við rifjum upp gengisbreytinguna, sem gerð var 1959 og ég vék að áðan í sambandi við einmitt kaupgreiðsluvísitöluna, þá fylgdi mjög ítarleg grg. því frv., þegar það var lagt fyrir þingið, og hagfræðileg álitsgerð, sem stendur engan veginn að baki ágætu nál. valkostanefndar núna, og þessi grg. er í prentuðum Alþingistíðindum um 60 bls., svo að hún er ekkert smásmíði að vöxtum, ekkert minni en það nál., sem nú hefur verið lagt fram. En þarna er verið að lýsa sérstaklega og öðru fremur tiltekinni leið, sem síðan var valin. En hún var að sjálfsögðu borin saman einnig við aðrar leiðir.

Hæstv. ráðh. virðast standa í þeirri trú, að þá leið, sem þeir völdu, hafi þeir valið af því að hún tryggi bezt kaupmátt og kjarabætur launþeganna. Það er ánægjulegt, að þeir hafa komizt það langt í skilningi, að gengislækkun er líklegri til þess að tryggja kjarabætur almennings í landinu heldur en aðrar leiðir, sem þeir voru að hugsa um. Hins vegar hafa þeir ekki gáð að því, að þeir hafa ekki gert þær ráðstafanir, sem gera þarf samhliða þessum ráðstöfunum til þess að tryggja kjarabætur almennings. Í því liggur hin stóra yfirsjón þessarar hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna óruggt, að það má slá því föstu, að kaupmáttaraukning almennings á komandi ári verður engin. Þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar, með þenslu og óvarkárni í fjármálum ríkisins verða þess valdandi, að kjarabætur verða engar hjá öllum almenningi í þessu landi á næstu árum. Og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að sérfræðingar hæstv. ríkisstj. séu alveg sammála um það og það megi leiða af skoðunum þeirra, sem fram koma í margnefndu valkostanefndaráliti, að með þessum ráðum, sem nú er gripið til, verða engar kjarabætur á ári komanda, nema síður sé. Hitt er svo annað mál, að þegar viðreisnarstjórnin hafði mokað flórinn eftir fyrri vinstri stjórn og gert sínar viðtæku ráðstafanir í efnahagsmálum, sem ekki voru aðeins gengisbreytingin eða rétt gengisskráning, heldur margt samhliða því, þá hófst hér meiri almenn velmegun og meiri kjarabætur almennings í landinu en á nokkrum áratug fyrr eða síðar. Það voru stórkostlegar kjarabætur, kaupmáttaraukning alls almennings í landinu, svo miklar, að kaupmáttur atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, þegar miðað er við, að hann hafi verið í markinu 100 1959, þá er hann í markinu 172.5 í lok ársins 1966, 72,5% aukning. Þá er farið að halla undan fæti í þjóðarbúskap okkar og 1967 og 1968 verða svo miklar grundvallarbreytingar, að gjaldeyrisöflun okkar Íslendinga eða verðmæti útflutningsframleiðslunnar fellur nálægt því um helming eða nálægt því 50%, 45-50% á tveimur árum. Þetta eru meiri áföll á skemmri tíma heldur en íslenzkt þjóðfélag hefur áður orðið fyrir. Gegn þessum vanda var brugðizt af hálfu þáv. ríkisstj. af einurð og festu og án þess að gera nokkurn tíma minnstu tilraun til þess að dylja almenning í landinu þeirra ráðstafana, sem hún var að gera. Það var vitað mál, að ýmsar af þeim ráðstöfunum voru og hlutu að verða óvinsælar í bili, en þær voru að mati ríkisstj. og stuðningsflokka hennar nauðsynlegur grundvöllur til þess að rétta aftur við eftir áföllin. Og það er á grundvelli þessara stjórnarráðstafana, samfara batnandi árferði hjá okkur Íslendingum, sem á undraskömmum tíma réttir aftur við í okkar þjóðarbúskap og með þeim hætti, að hagur alls almennings í þessu landi hefur e. t. v. ekki verið í annan tíma betri en einmitt á árunum 1970-1971, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum.

Það er margbúið að víkja að því hér í umr., að ríkisstj. viðurkenni sjálf þessar staðreyndir í mati sínu á því, að það ætti að vera hægt að bæta verulega kjör almennings á næstu tveimur árum. Hún hafði einnig þá skoðun, að á þessu tímabili væri engin ástæða til gengisfellingar. Staðreyndirnar tala einnig sínu máli: Á árinu 1970, eins og hér var minnt á áðan, töldu bæði Seðlabankinn og ríkisstj. ástæðu til þess að ræða um það við aðila vinnumarkaðarins að hækka gengi krónunnar vegna þess, hve mikill bati var þá orðinn í okkar þjóðarbúskap. Af þessu varð ekki, m. a. vegna þess, að þessar till. hlutu ekki undirtektir hjá aðilum vinnumarkaðarins. Menn eru að tala um einhverja sérstaka kaupmáttaraukningu nú í tíð þessarar stjórnar, en það liggja fyrir í skýrslu, sem ég óskaði eftir og hv. þm. fengu frá Framkvæmdastofnun ríkisins, að frá árinu 1969, þ. e. a. s. á árunum 1970-1971 og á árinu 1971, hafði núv. ríkisstj. engin áhrif á kaupmáttaraukninguna. Það kemur kaupmáttaraukning í lok ársins við kjarasamninga, sem þá voru gerðir á milli aðila vinnumarkaðarins. Menn telja þá að sjálfsögðu líka í þessari tölu, þar sem þeir voru gerðir í des., en á þessu tímabili er kaupmáttaraukning atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna um 26%, nákvæmlega um 25.9% á tveimur árum. Ríkisstj. hefur hælt sér af því að hafa lofað 20% kaupmáttaraukningu á tveimur árum, en hún er nú búin að sjá fyrir því, að það loforð verði ekki efnt, því að sé kaupmáttaraukningin á lægstu tekjum eitthvað um 13-15% núna, þá er óruggt, að hún verður engin á árinu 1972. Á sama tíma vaxa

heildarþjóðartekjurnar á mann um 22%, m. ö. o. launþegarnir, verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, fá stærri hlut en aðrir af heildarþjóðartekjum. Þetta er staðreynd, sem ekki verður hrakin og hana hafa menn fyrir sér í þeim skýrslum, sem Framkvæmdastofun ríkisins sendi þm. ekki alls fyrir löngu eftir beiðni minni.

Í þessu sambandi hefur Þjóðviljinn reynt að þyrla upp upp moldviðri, sem engu tali tekur og og er ástæðulaust að víkja að, en það er hins vegar lögð áherzla á það í skrifum blaðsins, að kaupmáttur tímakaupstaxta verkafólksins í lægst launuðu flokkunum hafi ekki aukizt jafnmikið og heildarþjóðartekjurnar, og það kemur líka fram í þessum skýrslum. En tímakaupstaxtarnir eru hér viðmiðun, sem verður að skoðast út frá því sjónarmiði. Lægstu launaflokkarnir eru allt annars eðlis heldur en þeir voru fyrir nokkrum árum. Það eru miklu færri aðilar, sem eru í þessum flokkum, og hefur átt sér stað stórkostleg tilfærsla úr lægstu flokkunum yfir í hærri flokka einmitt hjá þessum aðilum, sem taka tímakaup sitt samkv. Dagsbrúnartöxtum. Það má einnig minna á, að það var beinlínis stefna hv. formanns Dagsbrúnar og þeirra annarra, sem með honum voru, að blanda öðrum atriðum, tengja önnur atriði við samningana um tímakaupstaxtana á þessum tíma, svo sem úrbætur í húsnæðismálunum, og á ég þar t. d. við Breiðholtsframkvæmdirnar, sem voru umsamið atriði á milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa launþeganna, Dagsbrúnarmanna alveg sérstaklega, til þess að bæta aðstöðu lægst launaða fólksins í húsnæðismálum. Hér kemur einnig til greina launaskrið og yfirborganir og annað slíkt og þá eftirvinna líka, sem ber að hafa í huga, og ýmiss konar hlunnindi önnur, sem ekki eru metin í tímakaupstöxtunum, ekki í sjálfum töxtunum, eins og t. d. lífeyrissjóðsgreiðslur og annað, sem mjög tíðkuðust og færðust í vöxt og samið var um á þessum tíma. Það er þess vegna óhagganleg staðreynd, og skýrsla Framkvæmdastofnunar ber það með sér, að hvert einasta ár 1959 og fram til ársloka 1971 hækkar kaupmáttur atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna meira en heildartekjur þjóðarinnar á mann, m. ö. o. þessi hluti launafólksins í landinu fær meiri hlut af þjóðartekjunum heldur en aðrir. Ég skal bæta því við, að á sama tíma vaxa geysilega ýmsar eignir landsmanna, sem allir eiga sameiginlegar, svo sem atvinnuleysistryggingasjóður og annað slíkt, sem auðvitað eru líka mikils virði. Ég sagði áðan, að hlutur launafólks vex meira á öllu þessu tímabili, og ætlaði að bæta því við, sem er það rétta, að á áfallaárunum 1967-1968 verður meiri kaupmáttarminnkun hjá þessum atvinnustéttum heldur en heildarminnkun heildartekna þjóðarinnar á mann. Og það lítur þannig út, það dæmi, að á milli áranna 1966 og 1967 minnkar kaupmátturinn um 8.9% hjá þessu launafólki, en heildartekjur þjóðarinnar á mann um 8.5%, og á milli áranna 1967 og 1968 um 9%, en heildartekjur á mann minnka þá um 8.1%, svo að þarna minnka heildartekjur þessara aðila, kaupmáttur atvinnuteknanna, sem m. a. stafar því miður af því, að atvinnuleysi hélt innreið sína á þessum tíma. En þennan mismun, þetta tap var fólk meira en búið að vinna upp, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Það er meira en búið að vinna það upp með því, hvað kaupmáttaraukningin vex meira hjá þessum stéttum á árunum frá 1969-1971 heldur en heildarþjóðartekjurnar á mann. En það skal engan furða, þó að atvinnuleysi verði einhvers staðar á Íslandi, þegar útflutningsverðmætin minnka um allt að 50%. Fyrrv. ríkisstj. brást við þeim vanda með þeim hætti að taka upp samninga við aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa Alþýðusambandsins og atvinnurekenda, og gera við þá samning, merkilegan samning, sem átti að stefna að því að ráðast gegn atvinnuleysinu. Og það var í senn með því að setja upp Atvinnumálanefnd ríkisins og atvinnumálan. í öllum kjördæmum og beita sér fyrir sérstakri fjáröflun til þess að grynna á atvinnuleysinu. Þessir samningar voru gerðir með mjög góðu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins og af fullum skilningi af þeirra hálfu, og þeir leiddu m. a. til þess ásamt með öðrum aðgerðum fyrrv. ríkisstj. og í tengslum við batnandi árferði í landinu aftur, að atvinnuleysi var með öllu horfið, þegar núv. stjórnarherrar tóku við.

Gengislækkanir hafa m. ö. o. nema þessi, sem við erum nú að tala um, verið gerðar í tengslum við aðrar ráðstafanir og með það fyrir augum að að bæta kjör almennings í landinu, eins og greinilega kemur fram í áliti sérfræðinganefndar núv. ríkisstj. að gengisfelling sé líklegasta leiðin, ef annarra aðgerða er gætt, til þess að bæta betur kjör og hag almennings en þær tvær höfuðleiðir aðrar, sem nefndar hafa verið þ. e. a. s. niðurfærsluleiðin eða kauplækkunarleið með þá væntanlega verðlagslækkunum í kjölfarið, eða þá millifærsluleiðin með öllum þeim ósköpum og mismunun, sem henni eru samfara, eins og við höfum haft reynsluna af og ég vék nokkuð að áðan.

Ég skal nú ekki tefja tíma þingsins að þessu sinni meira, en taldi nauðsynlegt að víkja að þessum atriðum í sambandi við umr. um þetta frv., af því að almennar umr. um gengislækkanir voru hafnar hér í tengslum við þetta frv.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að við sjálfstæðismenn munum að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir afstöðu okkar til þeirra efnahagsráðstafana og til þeirrar fjármálastjórnar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið að, bæði í sambandi við væntanlega afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1973 og fjármálastjórn hennar í sambandi við umr. um þá vantrauststill., sem við höfum lagt fram hér í þinginu og gert er ráð fyrir að verði rædd, þegar þingið kemur saman eftir áramótin.

Ég þarf ekki að bæta neinu við það, sem ég hef sagt um það, að vantrauststill. er byggð á því, að við treystum ekki þessum ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar. Við treystum ekki þeim mönnum til þess að gera þær hliðarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, né heldur að halda þannig á fjármálastjórninni, að þessi gengislækkun geti orðið til þess að treysta gjaldmiðilinn, heldur er því miður skoðun okkar sú, að allt þetta brambolt hæstv. ríkisstj. muni veikja gjaldeyrinn. Að öðru leyti höfum við lagt fram till., sem síðar verður rædd, með kröfu um þingrof og nýjar kosningar, og það byggist að sjálfsögðu fyrst og fremst á því, sem hér hefur verið vikið að, að núv. stjórnarflokkar boðuðu það af miklum ákafa

fyrir síðustu alþingiskosningar, eins og hv. 3. landsk. vék réttilega að í ræðu sinni hér í gær, að þeir mundu hverfa frá gengislækkunarleiðinni. Þeir hafa þess vegna, eins og þessi hv. stuðningsmaður ríkisstj. tók réttilega fram, brugðizt kjósendum sínum, brugðizt þeim fyrirheitum, sem þeir gáfu kjósendum sínum, og náð þess vegna þingsætum að meira eða minna leyti á röngum forsendum. Það mál allt verður nánar tíundað, þegar þar að kemur, og skal ég því ekki hafa orð mín fleiri nú.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vona, að ég þurfi ekki með þessum orðum mínum hér að lengja þessar umr. úr hófi fram, en ég vildi aðeins gera fáeinar aths. út af þeim almennu umr. um efnahagsmál, sem frv., sem hér liggur fyrir hv. d., hefur gefið tilefni til.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli hv. alþm. á því, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera með þessari gengislækkun, eru fimmtu bráðabirgðaráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, frá því að hún tók við. Í fyrsta lagi framlengdi hún verðstöðvun haustið 1971, hún framlengdi verðstöðvunina aftur að vissu leyti um síðustu áramót, hún gaf út brbl. á s. l. sumri, hún felldi gengið í samræmi við dollar á sínum tíma og nú er fimmta syndafallið, þ. e. a. s. gengisfelling, sem aðeins dugir til skamms tíma, eins og rækilega hefur verið gerð grein fyrir í þessum umr.

Það kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að á næsta ári mundi vísitalan hækka um 12% út af þessum ráðstöfunum og fleiri verðhækkunum, sem ekki væri gert ráð fyrir að greiða niður, a. m. k. ekki að því er virtist á þessu stigi, þannig að hv. þm. hljóta að sjá í hendi sér, að hér er um algera bráðabirgðaráðstöfun að ræða. Í þessu sambandi, og það var nú aðaltilefnið til þess, að ég kom hingað í ræðustól, vil ég aðeins vekja athygli á því, af hverju svo hefur farið fyrir hæstv. ríkisstj. Ég hef að vísu reynt að gera grein fyrir skoðunum mínum í þeim efnum áður, en það hefur ekki verið á þær hlustað. Vera má, að einhver hlusti núna. En alla vega tel ég það skyldu mína að vekja ennþá einu sinni athygli á því, af hverju hæstv. ríkisstj. hefur þurft fimm sinnum á þremur missirum að gera bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum.

Ég vil þá aðeins nefna örfá dæmi. Ríkissjóður var rekinn með greiðsluhalla á s. l. ári um 100 millj. kr., og á yfirstandandi ári er búizt við, að hann verði rekinn með um 400 millj. kr. greiðsluhalla. Staða ríkissjóðs við Seðlabankann í ágústlok var 1700 millj. kr. í yfirdrátt. Á árunum 1970 og 1971 jukust erlendar skuldir um 53%, eða 6000 millj. kr. Öllu þessu fé, sem fengið er með greiðsluhalla í ríkissjóði og lántökum erlendis og innanlands, — öllu þessu fé hefur ríkisstj. dælt út í hagkerfið, ef svo mætti að orði kveða. Þarna er um að ræða gífurlegar verðbólgumyndandi aðgerðir, sem ríkisstj. hefur beint og óbeint staðið fyrir. Og niðurstaðan hefur orðið sú m. a., að halli hefur orðið geysilegur á útflutningsviðskiptum okkar, og ég vil alveg sérstaklega í því sambandi vara hv. alþm. við þeirri skoðun hæstv. viðskrh., sem kom fram í þessum umr. við 1. umr., að meginástæðan fyrir því sé innflutningur á skipum og flugvélum. Viðskiptahallinn var 3985 millj. 1971, 1972 er búizt við, að hann verði 4300 millj., og 1973 er spáð, að hann verði 5820 millj., en þá er auðvitað ekki gert ráð fyrir gengisbreytingunni, sem nú er þegar orðin staðreynd. En skip og flugvélar, það er gert ráð fyrir, að þau verði flutt inn fyrir 2500 millj. kr. á næsta ári, og í áliti sérfræðinganefndarinnar stendur, að þar sé um 66% aukningu að ræða frá árinu 1972, þannig að hér er um að ræða ákaflega villandi og raunar beinlínis rangar staðhæfingar hjá hæstv. viðskrh., þegar hann segir, að viðskiptahallinn við útlönd stafi fyrst og fremst af auknum innflutningi á skipum og flugvélum. Þetta vildi ég sérstaklega undirstrika.

En þá vil ég koma að því, sem ég sagði áðan, að hér væri fyrst og fremst um að ræða enn eina, þ. e. a. s. fimmtu bráðabirgðaráðstöfun hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, því að á næsta ári er hægt að reikna það út með nokkurri nákvæmni, hversu mikið verðbólguhjólið snýr upp á sig og hve mikið útflutningsatvinnuvegirnir þurfa að bera af þeim sökum. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ráðh. á það, að auðvitað hefur gengislækkunin í för með sér kjaraskerðingu í bili, og það er alveg sama, hvað hæstv. samgrh. segir um það, hún hefur að sjálfsögðu kjaraskerðingu í för með sér í bili. Annars væri ekki um að ræða neina tilflutninga á fjármagni frá almenningi til atvinnuveganna. En þarna er um kjaraskerðingu að ræða, sem er gersamlega unnin fyrir gýg. Hún er verri en unnin fyrir gýg, vegna þess að hún stuðlar ennþá að því, að verðbólguhjólið snúist örar á næsta ári.

Ég vil enn einu sinni vara hæstv. ríkisstj. við í efnahagsmálum. Ég geri þetta af heilum hug, ekki vegna umhyggju fyrir hæstv. ríkisstj., heldur vegna umhyggju fyrir þjóðinni, sem ég tel vera búna að greiða of mikið fyrir þá þekkingu, sem hún hefur fengið. Hún hefur vissulega öðlazt mikla þekkingu og reynslu stjórnmálalega á þeim fáu missirum, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið við völd og hefur þegar gert allar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hún gagnrýndi fyrirrennara sína fyrir sem mest og notaði sem stærst orð um. Þjóðin hefur vissulega lært mikið, en hún hefur þegar fengið að greiða hátt gjald fyrir það, og jafnvel þótt allt nám sé dýrt, þá vil ég enn einu sinni vara við því, að hæstv. ríkisstj. fari þá leið, sem hún áformar nú, að því er virðist, í efnahagsmálum, þannig að þjóðin þurfi ekki að greiða ennþá dýrara námskostnaðargjald fyrir það, að hún sitji við völd í nokkra mánuði enn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég heyrði fyrir nokkrum mínútum síðan þau orð höfð eftir hæstv. forsrh., að nú skipuðu þm. Sjálfstfl. sér á bekk mælenda til þess að tala fyrir Morgunblaðið. Nú veit ég, að það á enginn hv. þm. betri aðgang að Morgunblaðinu en einmitt hæstv. forsrh., enda er óspart vitnað í hann þar dag eftir dag, hans ummæli og reyndar gerðir líka, sem ekki er nema eðlilegt, þegar þess er gætt, að hann er forystumaður í þeirri sveit, sem telst vera ríkisstj. Íslands í dag.

Hér hefur verið mikið rætt um einstaka liði

þessi frv., sem hér er til umr., og að sjálfsögðu kom inn í þær umr. gengisfellingin sú hin síðasta, sem núv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara. En á því tímabili, sem hún hefur setið við völd, hefur gengið verið fellt, eins og kom hér fram í ræðu í gærkvöld, yfir 20%, og hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar. Þýðir í því sambandi ekkert fyrir stuðningsmenn ríkisstj. eða hæstv. ráðh. að benda á ákveðnar gengisfellingar í tíð fyrrv. ríkisstj., hvorki þá hina fyrstu, þegar verið var að staðfesta það, sem þegar var skeð í tíð fyrrv. vinstri stjórnar, eða það, sem varð að ske vegna stórkostlegra erfiðleika íslenzku þjóðarinnar bæði í sambandi við aflabrest og í sambandi við stórkostlegt verðfall afurða okkar á erlendum mörkuðum. Því er ekki til að dreifa núna, og má til sanns vegar færa, að það séu ekki ósvipuð viðhorf nú og voru á sínum tíma í tíð fyrrv. vinstri stjórnar þann stutta skammartíma, sem hún stóð og réð hér á landi til óþurftar íslenzku þjóðinni og hrökklaðist auðvitað frá með þeim „heiðri", sem henni bar. En í hennar stjórnartíð var einmitt eitt mesta góðæri, sem hefur komið í okkar sögu, eins og einmitt hefur verið í tíð þessarar ríkisstj. nú. Það hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við furðuleg ummæli frá honum um fyrri gengisfellingaryfirlýsingar hans og hæstv. ráðh. reyndar líka, að það hefði ekki þurft neina gengisfellingu til vegna þeirra ráðstafana, sem þurfti að gera um haustið, eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, vegna vissulega nokkurs vanda, sem þá var við að glíma. Þess vegna þurfti enga gengisfellingu, en hins vegar þarf núna stórkostlega gengisfellingu til viðbótar ofan á það fall íslenzku krónunnar, sem hefur orðið í stjórnartíð þessarar ríkisstj. Og þar eru eingöngu verk ríkisstj. sjálfrar og stuðningsflokka hennar. Það er verið að reyna að bjarga sér frá þeim vandamálum, sem hafa skapazt vegna þeirrar stjórnunar, sem hún hefur sýnt á þessum tíma.

Eins og ég tók fram áðan, hefur nokkuð verið rætt um frv. sjálft og einstakar gr. þess. Og sannleikurinn er auðvitað sá, að þeir, sem hafa setið hér á Alþingi um nokkurra ára skeið, munu kannast við orðalag margra þessara gr., enda gæti ekki farið hjá því. Hins vegar er eins og hér hefur verið bent á, nýtt ákvæði í þessu frv., en það er 3. gr. frv., sem er þess efnis, að til viðbótar þeirri gengisfellingu, sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar framkvæmt, á hún að fá til viðbótar heimild til þess að auka við hana. Og enginn skal láta sig dreyma um annað en að áður en þinghléi lýkur, verði hæstv. ríkisstj. búin að teygja það, sem togað verður út úr þessari heimild, ef samþykkt verður.

Í núgildandi lögum um Seðlabankann er heimild til 1% fráviks til hvorrar áttar frá stofngengi. En í 3. gr. þessa frv. á að gefa heimild til þess, að þetta frávik verði aukið í 2.25%. Eins og segir í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn., sem hv. 7. þm. Reykv. mælti hér fyrir áðan, kemur fram, með leyfi hæstv. forseta, að það hafi verið tilkynnt, „að nýtt stofngengi krónunnar verði 98.56 kr. miðað við einn Bandaríkjadollar. Samkv. gildandi ákvæðum seðlabankal. gæti Seðlabankinn ákveðið gengið frá 97.60 kr. til 99.40 kr. Ef þessi nýju ákvæði verða samþykkt, getur Seðlabankinn ákveðið gengið frá 96.34 kr. til 100.78 kr." Það felst sem sagt í 3. gr. þessa frv. heimild til þess að hækka gengi Bandaríkjadollars um 14-15% í staðinn fyrir hækkunina tæp 13%, sem er afleiðing 10.7% gengislækkunar á krónunni. Á þetta hefur verið bent af öðrum ræðumönnum hér á undan, og ég skal ekki fara að teygja lopann við að fara ítarlega út í það.

En það, sem ekki hefur komið fram að neinu marki í þessum umr., að mér finnst, er það, sem koma skal. Hér hafa komið yfirlýsingar frá hæstv. ráðh. um, að þessar aðgerðir hafi ekki nein áhrif á kaup- og kjarasamninga íslenzkra launþega. Þetta er auðvitað eins og margt annað, sem þessir hv. herrar hafa sagt, alrangt. Á miðstjórnarfundi í Alþýðusambandi Íslands í gær benti ég á það, sem auðvitað öllum má vera ljóst, en það er, að ákaflega stórir hópar einstaklinga í okkar þjóðfélagi taka laun að stórum hluta í erlendum gjaldeyri. Og meðan ég sé ekki koma fram frv. frá hæstv. ríkisstj. þess efnis, að þessum aðilum verði þar um bætt, þá er auðvitað verið að skerða laun þessara aðila. Að vísu er í þeirra samningum ákvæði um, að þeir geti sagt þeim upp, þegar gengið er fellt. Þegar það er haft í huga, að stærsti hópur þessara aðila verður fyrir því nú í annað sinn á tveimur missirum að verða fyrir höggi frá þessari hæstv. ríkisstj., „ármönnum alþýðunnar" á Íslandi, sem áttu að hlífa alþýðumanninum, en þeir hjuggu í fyrsta skipti nokkrum vikum eftir að gengið hafði verið til samninga við farmenn eða undirmenn á farskipum. Þá voru þeir sviptir fríðindum, sem þeir höfðu öðlazt á mörgum árum við sína samninga og tilheyrðu þeirra kjörum. Þeir voru sviptir þessu, þegar hin illa umtöluðu, margumræddu lög, skattlög ríkisstj., voru afgreidd héðan frá Alþ. Nú er aftur vegið í þennan sama knérunn. Það er vegið aftur að þessum mönnum, og ég efast um, hafandi í huga þær undirtektir, sem tveir af hæstv. ráðh. fengu hjá fulltrúum þessara manna, þegar þeir voru kallaðir til þeirra, þegar þeir áttu í sínu verkfalli, og átti að reyna að pynta þá til samninga með hótunum, að þeir verði mjög blíðir á manninn nú, þegar á að sýna þeim slíkt aftur. Auðvitað er þetta undir þeim sjálfum komið, og það eru þeir sjálfir og þeirra stéttarfélög, sem taka ákvörðun um aðgerðir vegna þessa. Og það eru auðvitað fleiri aðilar en sjómenn, sem hlut eiga að máli. Það er flugfólkið, sem þarna á í hlut, og margir aðrir aðilar, sem allir verða auðvitað að segja sína skoðun á þessari árás. Það er auðvitað útilokað, bæði fyrir þá og aðra launþega, að játa og viðurkenna þá skoðun hæstv. ráðh., að það sé ekki um neina kjaraskerðingu að ræða samfara þessu frv. Það er auðvitað alveg út í hött, eins og svo margt annað, sem hefur komið bæði frá hæstv. forsrh. og öðrum ráðh. Þar fyrir utan verður auðvitað að draga enn fram þá staðreynd, að hvorki íslenzkir launþegar né íslenzka þjóðin í heild hefur nokkra trú á því, að með þessari gengisfellingu sé verið að styrkja grundvöll íslenzku krónunnar. Það vita allir, að það, sem hér er verið að gera, er til að skapa undirbúningstíma fyrir hæstv. ráðh. að hlaupa af hólminum á miðju ári, eins og hv. 7. þm. Reykv.

benti réttilega á. Þeir hafa þetta frá 6 til 9 mánaða meðgöngutíma til að búa sig undir þetta, og það er sá frestur, sem þeir eru að skapa sér.

Hér var talað um á sínum tíma guðföður þessarar ríkisstj. Það væri gaman að vita, hver teldist barnsfaðir þessa frv. og þessara aðgerða. Það hefur komið á daginn, að það mun ekki vera efnahagssérfræðingurinn úr Selárdal, hæstv. félmrh. Ráðh. Alþb. sverja það af sér, að þeir eigi þennan króga, þeir hafi verið með allt öðrum aðgerðum. Við vitum náttúrlega með hæstv. ráðh. flokksins, sem opinn er í báða enda, þeir hljóta auðvitað að hafa verið með þeim, sem betur bauð hverju sinni, enda sér maður útkomuna. Það er þessi óskapnaður, sem hefur enga tiltrú hjá þjóðinni, ekkert fylgir með, engar upplýsingar til þjóðarinnar, launþeganna, hvernig eigi að mæta sýnilegum vandamálum, sem upp hljóta að koma í sambandi við lækkun krónunnar. Við vitum, að 31. des. falla úr gildi lög um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Það kom aðeins hér upp í umr. í gær, að þá munu og falla í burtu ákvæði, sem höfðu áhrif á lög um verðlagsnefnd. Það voru ákvæði um neitunarvald einstakra nm. í þeirri n. Þegar þessi lög voru til umr. á sínum tíma, voru það einmitt þm. Sjálfstfl., sem bentu á og aðvöruðu, eins og endurtekið var í umr. í gær, að þetta ákvæði væri algerlega óraunhæft og gæti ekki staðizt til lengdar. Það kom fram í svari hæstv. viðskrh. hér í gær, að það hafa engar óskir komið fram frá hlutaðeigandi aðilum um, að þessi ákvæði yrðu framlengd, sem eðlilegt er, hafandi t. d. í huga, hvernig einstakir aðilar, hvort sem það er vegna óvildar ríkisstj. í garð ákveðinna stétta, hópa, framleiðenda eða annarra, að þeir í n. skuli bara með því að setja á sig hundshaus og ekki svara, hvorki jái né nei, geta fellt sanngjörn og góð mál þessara aðila. Bendi ég þar m. a. á það furðulega, sem skeð hefur í sambandi við leigubifreiðastjórastéttina hér í borg og þeirra félagsskap, sem að vísu nær víðar um land, hvernig með þá hefur verið farið af þessari n. nú undanfarna mánuði, og er það náttúrlega sérstök saga út af fyrir sig, sem hæstv. ráðh. Framsfl. þekkja betur en nokkrir aðrir, a. m. k. í framhaldi af úrsögnum úr Framsfl., sem þeir hafa orðið varir við frá mönnum í þessari stétt vegna þessa máls.

En það er vissulega meira, sem þessi lög kváðu á um. Það eru ákvæði um auknar fjölskyldubætur og stórkostlegar niðurgreiðslur, og það var líka kveðið þar á um önnur atriði. M. a. var frestað ákvörðun um nýjan útreikning á grundvelli búvöruverðs. Nú liggur ekkert fyrir um það í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um gengisfellinguna, hvort ríkisstj. hyggst framlengja enn um sinn þann frest, sem hún hefur verið að gefa sér allt til þessa. En allt hennar starf, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, hefur til þessa verið að framlengja fresti, bæta fresti ofan á frest. Þetta eru sömu mennirnir og ætluðu í eitt skipti fyrir öll að ráða bót á öllum efnahagsvandamálum Íslendinga, og því lofuðu þeir kjósendum. En það auðvitað er eins og annað, sem þeir lofuðu, tóm svik. Þeir lofuðu fleiru. Þeir lofuðu því að fara aldrei gengisfellingaleiðina. Þeir hafa svikið það, eins og berlega sést nú. Þeir lofuðu líka íslenzkum fiskimönnum því, að allur vandi væri leystur, ef bara landhelgin yrði færð út í 50 mílur 1. sept. s. l. Hvað hefur skeð? Nákvæmlega ekki neitt. Við stöndum í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum áður hér innanlands. Landhelgin er jafnóvarin, útlendingar eiga jafngreiðan aðgang að henni, engin teljandi friðun hefur orðið á okkar veiðisvæðum. Það hefur ekkert skeð. Jú, vissulega skeði í gegnum þessi tvö aðalkosningaloforð núv. stjórnarflokka, að þeir komust í stjórnarstólana. Þeir komust það með loforðum, sem þeir hafa þegar verið staðnir að því að hafa svikið.

Það eru líka ákvæði í þessum lögum, sem ég var að minnast á, um tímabundnar efnahagsráðstafanir, — ákvæði um það samkv. skilningi íslenzkrar verkalýðshreyfingar, að kaupgreiðsluvísitala eigi að hækka um 2½ stig 1. jan. n. k. Nú langar mig til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort nokkrir tilburðir séu til þess hjá hæstv. ráðh., að þessi greiðsla komi ekki til framkvæmda á þeim degi, sem skilningur er fyrir um hjá allri verkalýðshreyfingunni. Eru nokkrir tilburðir um, að það verði farið í einhver verzlunarviðskipti við framleiðendur eða aðra, kannske ríkisstj. sjálfa sem þriðja aðila, til þess að þetta komi ekki til framkvæmda? Persónulega tel ég og hef reyndar sagt á fundi fyrir skömmu, og það viðurkenna auðvitað allir, sem vilja réttsýnt horfa á, að það eru vandamál í okkar efnahagsbúskap. Ég held, að svo sé, þótt okkur greini á við stjórnarflokkana sjálfa um það, af hvers völdum eða hvernig standi á þessum vandamálum. Ég held, að við í stjórnarandstöðunni, báðir flokkar þar, séum sammála um, að það er af heimatilbúnum völdum. Okkur getur svo greint lengi á um það, hvort það sé af þessari ástæðunni eða hinni, en við vitum það og viðurkennum, að það þurfi að ráða bót á þessu. Sú leið hefur verið valin, sem valin hefur verið, en það vantar það, sem við á að etja, eins og ég tók fram áðan. Og þar í liggur meinið hjá núv. hæstv. ríkisstj., að það er ekki komið fram hjá henni enn þá og þeir hafa ekki gefið neinar yfirlýsingar um það eða neina lýsingu á því, hvað eigi að fylgja gengislækkuninni, sem þeir hafa valið. Þess vegna hlýtur auðvitað að vera þýðingarmikið fyrir launþega íslenzka að fá að vita nú þegar: Koma þessi 2½ stig ekki til greiðslu, eins og þeir reikna með, þann 1. jan.? Hefur máske þegar verið samið um, að þau falli niður vegna einhverra ráðstafana, sem hæstv. ríkisstj. hyggst gera, væntanlega í samráði við stuðningsmenn sína innan verkalýðshreyfingarinnar, og þá fyrst, ef svo væri, hvort Alþ. bæri ekki að fá að vita þar um? Ég er ekki með þessu að segja, að það geti ekki komið til greina samkomulag um eitt og annað til þess að leysa vandann, og ég hef ekki vitað það nú um langt árabil, að forustumenn íslenzkrar verkalýðshreyfingar væru ekki reiðubúnir til þess að ræða um lausn á vanda, sem væri fyrir hendi, og þá ekki farið eftir pólitískum línum, heldur fyrst og fremst eftir hagsmunum þeirra umbjóðenda, sem þeir fara með mál fyrir. Þetta þekkjum við t. d. frá erfiðleikaárunum 1967 og 1968. En ég held hins vegar, að íslenzk alþýða hafi þá vel skilið

erfiðleikana, sem steðjuðu að, og það hafi þess vegna gengið öllu betur að ná samkomulagi við forustumenn þeirrar sveitar heldur en kannske mundi gerast nú, vegna þess að íslenzk alþýða veit, að hér er um heimatilbúinn vanda að ræða, — heimatilbúinn vanda, sem kannske fyrst og fremst er vegna óstjórnar, vanstjórnar, vanþekkingar og vegna þess að þeir menn, sem hafa verið valdir til að fara með málin, eru ekki menn til þess að standa undir þeim.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20:13 atkv.
4.-6. gr samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:5 atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 30. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 29. fundi.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá því, að 2. umr. lauk — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við 2. umr. málsins beindi ég þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort í ætlun hæstv. ríkisstj. væri nokkuð það, sem benti til, að hafa ætti af launþegum, í einu eða öðru formi þau 2.5 vísitölustig, sem þeim ber að fá 1. jan. n. k. Ég vil líka gjarnan koma að annarri spurningu til hæstv. forsrh., áður en mál þetta fer héðan úr d.: Er það rétt, að þeir aðilar, sem hafa með útreikning vísitölunnar að gera, telji sig ekki geta lögum samkv. ákveðið eða reiknað út vísitölu kaupgjalds fyrir þá tvo mánuði, sem á vantar tímabilið, sem er á milli þeirra tímabilsákvæða, sem fram er tekið í brbl. annars vegar og í l. um útreikning þeirra hins vegar, en þá er miðað við 1. des. og 1. marz? Getur verið, að þessir aðilar hafi ekki heimild til þess að segja sitt álit þar um? Er það þess vegna, sem núv. hæstv. ríkisstj. tók út á síðustu stundu úr brbl. um þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar voru og ég ræddi hér stuttlega áðan, — er það þess vegna, sem hæstv. ríkisstj. tók út úr lögunum ákvæði þess efnis, að þessum lögformlegu aðilum væri heimilt að reikna út kaupgjaldsvísitöluna fyrir jan. og febr. eða frá 1. jan. til 28. febr., þrátt fyrir bein eldri lagaákvæði þar um? Allt ber þetta að sama brunni, og mín spurning stendur enn: Hefur nokkuð það komið upp, sem bendir til þess, að launþegar eða launafólk á Íslandi verði afskipt þeim 2½ vísitölustigi, sem reiknað var með um áramót, og þau verði höfð af þeim?

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Siglingalög, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til breyt. á siglingal. er flutt til samræmis við breytingu, sem gerð er till. um í sambandi við tryggingalöggjöfina. Tilefni þessa er það, að á síðasta þingi var samþ. breyting á siglingal. þess efnis, að ábyrgð útgerðarmanna á skipverjum var gerð hlutlæg, en samkv. þeirri breytingu þykir nokkur vafi leika á því, hvort ábyrgðin taki ekki til allra í þjónustu viðkomandi útgerðarmanns. Fyrir liggur, eins og ég sagði áðan, breyting við l. um almannatryggingar, og er þar lagt til, að útgerðarmönnum verði gert skylt að kaupa tryggingu í stað samningsbundinna trygginga, þar sem bótaupphæðir eru hækkaðar verulega. Því þykir rétt að setja ákvæði í siglingal., sem segi að bætur vegna þeirra trygginga séu fullnaðarbætur, enda er óhjákvæmilegt, að samræmi sé milli siglingal. og tryggingal. um þessi efni, og er það í raun og veru megintilgangur þessa frv. Enn fremur þykir ástæða til að taka skýrar fram, við hverja í þjónustu útgerðarmanns hin hlutlæga ábyrgð getur átt, þ. e. tryggingin á að ná til þeirra manna einna, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, en ekki til allra starfsmanna í þjónustu útgerðarinnar.

Efni frv. er í 1. gr. og orðað á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slys borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, sem starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, hefur með framkomu sinni sýnt vítavert gáleysi, sem leitt hefur til slyssins eða tjónsins.

Verði tjónið ekki rakið til atvika, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á samkv. almennum skaðabótareglum, skal ábyrgð hans samt takmarkast við fjárhæðir þær, sem greindar eru í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 75. gr. l. um almannatryggingar, enda hafi viðkomandi útgerðarmaður keypt tryggingu samkv. þeirri gr."

Með þessu held ég, að efni þessa frv. sé fullskýrt, en það byggist sem sé á því, að sú breyting, sem ég áðan nefndi, á l. um almannatryggingar verði samþykkt á þinginu, og við þá breytingu, sem hér er formuð í frv., yrði þá samræmi milli almannatryggingal. og siglingalaganna. En það atriði, sem vafi lék á um, hversu víðtæk skylda útgerðarmannsins væri varðandi tryggingar, verður skýrt og ákveðið með samþykkt þessa frv. og fullkomið samræmi þá á milli ákvæða tryggingal. og siglingal. um þau atriði, sem frv. fjallar um.

Ég legg til, herra forseti, að þetta frv. fari til hv. samgn. Siglingal. hafa alltaf verið þar, og er æskilegt, að n. hraði störfum og skili áliti svo fljótt sem verða má.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það vakti undrun mína, að hæstv. félmrh. skyldi ekki leggja til, að máli þessu yrði vísað til sambands tryggingafélaga hér á landi, en ekki til n. Alþ., sem nú var gert. Má ég aðeins benda á það, að mér finnst vera komið aftan að hlutunum í þessu máli, og er það ekki nema eðlileg afleiðing af stefnu forustuflokks ríkisstj., sem enginn veit, hver er í dag, en ef við reiknum enn þá með, að það sé Framsfl. með opi í báða enda, þá skuli hann fyrst reyna að draga úr hagsmunum laga, sem samþ. voru á síðasta þingi og tóku gildi á þessu ári, þá skuli dregið úr þeim með tilvísun til þess, að máske muni þingið á eftir samþykkja eitthvað annað til hagsbóta sömu aðilum. Við erum ekki farin að ræða neitt um till. hæstv. trmrh., brtt. hans við 75. gr. l. um almannatryggingar, en í þeirri frvgr., sem hæstv. samgrh var að ræða, er vitnað til þeirra og að efnislega muni þetta frv. mótast af því, hvað verður ákveðið með þeim. Ég skil ekki svona málsmeðferð. Ég var búinn að ákveða að ræða ekki efnislega um málið í sambandi við það frv., sem má til umr., heldur þegar hér koma til umr. till. hæstv. trmrh., en ég vil óska eftir því, að umr. um þetta mál verði frestað, þar til viðhöfum rætt till. frá trmrh. um breyt. á 75. gr. almannatryggingal., sem hefur bein áhrif á þessi lög, og auðvitað hlýtur afstaða þm. að mótast af því, hvernig endalyktir þeirrar till. verða hér. Það er ekki hægt að byrja að skapa sér forsendurnar fyrir fram og segja: Við göngum út frá því, að það verði samþykkt, sem þar er. —Ég er alveg á móti þessu, og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en efnislega mun ég ræða málið á eftir, eins og ég hef tekið fram. En ég óska eftir því við hæstv. forseta, að málið verði nú tekið út af dagskrá og því frestað, þar til við höfum rætt hitt málið.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er réttmæt aths. hjá hv. þm., sem nú lauk máli sínu, að það væri ekki rétt að afgreiða þetta frv. úr d. á undan frv. um breyt. á tryggingal. Þetta frv. er, eins og ég áðan sagði, flutt til samræmis við þá breytingu, en málið er núna til 1. umr. og fer til n., og það eru allir möguleikar á því að ljúka ekki afgreiðslu þessa máls, fyrr en séð verður, hvaða afgreiðslu hitt frv. fær. Það er rétt meðferð og verður ekki til baga, þó að við göngum hér frá 1. umr., þar sem tíminn er knappur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið. En ég leyfi mér að benda á, að ég tel, að frv. það, sem samþ. var um þetta efni snemma á þessu ári, hafi verið mjög afflutt og það mjög einhliða. Þetta er að vísu geysivandmeðfarið mál, ég viðurkenni það, eins og bent var á í grg. frv. Hér er einnig um geysimikilvægt mál að ræða fyrir sjómannastéttina.

Það er svo, að þetta frv. eða þessi hugmynd var ekki ný af nálinni. Hún var búin að vera hér öðru hverju í þingsölunum í nokkur ár. Síðan var henni hreyft fyrir tveimur árum af nokkrum hv. þm. ásamt mér. Það frv., sem við sömdum og lögðum fram, lá hér einn eða tvo vetur, var svo allt í einu tekið upp úr skúffu, ef svo má segja, rétt fyrir síðustu þinglok og hespað af, án þess að það væri athugað nægilega. Það var skýrt tekið fram í grg., að það þyrfti að fara fram á því vandleg athugun tryggingafræðinga og annarra sérfræðinga, því að það er ekki von, að menn átti sig á svona margþættu og erfiðu máli nema eftir mjög nákvæma athugun og aðstoð sérfræðinga. En ég viðurkenni fullkomlega hlutdeild mína í þessum málflutningi og þessari lagasetningu og tel ekki nema sjálfsagt að leggja hönd á plóginn og reyna að koma þessum málum í betra horf, í gott og rétt horf, því að ég er sannfærður um, að það er full þörf á því að koma þessum hlutum í lag, og að því þurfum við að vinna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 176 (sbr. 136), n. 199). — 2. umr.

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur athugað frv. til l. um undirbúning að þörungavinnslu að Reykhólum og er sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir á þskj. 136 og 176. Ein aths. kom fram í n., en hún var um nafn væntanlegs fyrirtækis eða verksmiðju. N. var sammála um að gera þá ábendingu, að nafnið verði tekið til nánari athugunar, þegar að því kemur, endanlegt fyrirtæki verði sett á stofn. Nafnið þörungavinnsla er mjög víðtækt, og það mun þannig til komið, að um er að ræða annars vegar þangvinnslu og hins vegar þaravinnslu. Með þessu nafni er reynt að ná yfir hvort tveggja. En nafnið er álíka víðtækt frá grasafræðilegu sjónarmiði og ef sauðfjárrækt væri kölluð hryggdýrarækt. Þessi aths. kom fram í n., og henni er hér með komið á framfæri til athugunar fyrir þá, sem síðar kynnu að geta fundið heppilegra nafn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 115, n. 205, 154, 157). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar

og athugunar frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breytingum, og liggur nál. fyrir á þskj. 205. Ég tel rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir helztu breytingum, sem samþykkt þessa frv. og brtt., sem fluttar eru á þskj. 205, hafa í för með sér, ef samþ. verða, en tel þó rétt að geta þess, áður en ég vík að þessu, að einstakir nm. í heilbr.- og trn. hafa undirritað nál. með áskilnaði um rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Ég vík þá fyrst að þeim brtt., sem er að finna á þskj. 205. Þar leggur n. til, að breyta 2. mgr. 2. gr. frá því, sem er í frv. á þskj. 154, þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur, og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.“ Þetta þykir eðlileg skipan þessara mála að áliti nm. Gert er ráð fyrir því, að ríkið eða hið opinbera greiði 90% af kostnaði við lífeyris- og sjúkratryggingar eftir áramótin, en sveitarfélögin greiði hins vegar 10%. Þetta er allmikil breyting frá því, sem áður hefur verið, þ. e. a. s. ekki á þessu ári, því að það var til bráðabirgða sérákvæði, sem gilti um þetta á yfirstandandi ári, en skyldi falla úr gildi um næstu áramót, ef ekki kæmi annað til. En áður var það svo, að ekki einasta ríkið og sveitarfélögin greiddu til trygginganna og sjúkrasamlaganna, heldur líka ríkissjóður og sveitarfélögin. Það þykir því eðlilegt, að tryggingaráð, sem er æðsta stjórn Tryggingastofnunar ríkisins undir ráðh., ákveði, hvernig þessum málum skuli fyrir komið utan Reykjavíkur, þ. e. a. s. hvernig og hverjir fari með umboð Tryggingastofnunarinnar í hinum ýmsu héruðum landsins. Það liggur fyrir álit tryggingaráðs um þetta atriði, sem n. var sent í sambandi við athugun á þessu frv., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, aðeins lesa niðurstöður, að því er tekur til þessa atriðis, frá tryggingaráðinu, þær eru þannig:

„Í sambandi við 2. gr. frv. tekur tryggingaráð fram, að það telur rétt að stefna að því sem aðalreglu, að tryggingaumboðin verði áfram á vegum sýslumanna, og telur rétt, að lagagr. verði þannig orðuð, að ekki verði breytt út frá því gegn till. tryggingaráðs. Adda Bára Sigfúsdóttir tekur fram, að hún er ekki samþykk því, að stefna skuli að því sem aðalreglu, að tryggingaumboð verði hjá sýslumönnum. Hennar skoðun er, að aðalreglan eigi að vera, að umboð séu hjá sjúkrasamlögum. Að öðru leyti er tryggingaráð samþykkt því, að frv. verði lögfest.“

Þá leggur n. enn fremur til að breyta lítillega orðalagi í 3. mgr. 2. gr. frv. Efnisbreytingin er í því fólgin, að áskilið er samráð við tryggingaráð, þegar sveitarstjórnir tilnefna sérstaka trúnaðarmenn Tryggingastofnunarinnar í þeim sveitarfélögum, þar sem ekki er að finna umboðsskrifstofur. Þykir eðlilegt, að haft sé samráð við tryggingaráð um þetta atriði, því að eins og gr. ber með sér er ætlunin, að Tryggingastofnunin greiði þann kostnað, sem hlýzt af starfsemi þessara sérstöku umboðsmanna Tryggingastofnunarinnar í hinum ýmsu sveitarfélögum landsins.

2. brtt. á þskj. 205 lýtur að gildistöku frv., en þar segir, að lög þessi skuli öðlast gildi 1. jan. 1973.

3. brtt. á þskj. 205 er, að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Heimilt er sjúkrasamlögum að greiða meiri háttar sjúkrakostnað Íslendinga, sem flutzt hafa heim eftir langvarandi búsetu erlendis, til fallinn eftir heimflutninginn, en áður en þeir gátu öðlazt réttindi í sjúkrasamlagi eftir þeim reglum, sem áður giltu.“

Þetta þykir sanngjörn og eðlileg afleiðing þess, að hinir tryggðu í sjúkrasamlögunum eru nú hættir og munu ekki á næsta ári greiða úr eigin vasa iðgjald til sjúkrasamlags.

Ég hef þá í fáum orðum gert grein fyrir þeim brtt., sem er að finna á þskj. 205 og nm. allir í heilbr.- og trn. standa að, þó með fyrirvara, eins og ég gat um áðan, um rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Um aðrar breytingar, sem frv. það, sem hér er verið að ræða, á þskj. 115, hefur í för með sér frá gildandi lögum, vil ég segja þetta í örfáum orðum:

Megintilgangurinn með frv. er að afnema endanlega einstaklingsgreiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga og greiðslur sveitarfélaga til lífeyristrygginganna. Eins og hv. alþm. rekur minni til, var með l. nr. 96 frá 1971 gert ráð fyrir þessu, en það var aðeins bundið við árið 1972, og þess vegna er nauðsynlegt, að í því frv., sem hér er verið að ræða, séu tekin upp þessi ákvæði, sem ætlað er, að gildi til frambúðar og eru ekki tímabundin.

Þá þykir mér ástæða til að geta þess, að í 3. gr. frv. er heimild til að greiða einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, sambærileg laun, svo og einstæðu fósturforeldri, en þetta er breyting til samræmis við þann rétt og þá heimild, sem tryggingaráð hefur til þess að greiða einstæðum mæðrum og fósturmæðrum þessar greiðslur.

Í 4. gr. er svo það atriði, sem ég gat hér um áðan. Þar er ákvæði að finna, sem lýtur að endanlegri niðurfellingu iðgjalda frá hinum tryggðu og sveitarfélögum til lífeyristrygginganna, en gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 86% og atvinnurekendur 14% af þessum kostnaði.

Í 7. gr. er svo að finna smáefnisbreytingu, er lýtur að því, að ríkisendurskoðunin annist eftirlit með samlögunum, en eins og frv. ber með sér er gert ráð fyrir því, að eftir næstu áramót verði um sjúkrasamlög að ræða, sem bundin eru við kaupstaði annars vegar og svo heil héruð hins vegar. Hreppasjúkrasamlögin eiga sem sagt þá að falla niður.

Þetta eru þær aðalbreytingar, sem frv. hefur í för með sér. Ég vil, áður en ég vík úr stólnum, geta þess, að hæstv. heilbrh. hefur á þskj. 154 flutt brtt. við frv., og munum við einstakir þm., nm. í heilbr.- og trn., leggja fram skrifl. brtt. um nokkur atriði í þeirri brtt. við 3. umr. málsins.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Á þskj. 157 flyt ég brtt. við þetta frv. ásamt þrem öðrum hv. alþm. Er hún á þá leið, að 2. gr. frv. falli

niður. Við 1. umr. málsins gerði ég nokkra grein fyrir afstöðu minni og þarf því ekki að hafa mörg orð um það nú. Það er rétt, að frv. þetta hefur tekið miklum breytingum í n. og er orðið allt annað en það áður var. Það skal fúslega viðurkennt. Þó er enn þá sú meginbreyting frá lögunum, sem gilt hafa, að ákveðið er, að utan Reykjavíkur hafi sérstakar umboðskrifstofur þessi mál með höndum og fari um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs. Það er ekki óeðlilegt, að tryggingaráð hafi mikið um þessi málefni að segja, og hefur því aldrei verið andmælt, en hins vegar hefur verið bent á það, að þessi umboð utan Reykjavíkur hafi verið á vegum sýslumanna og bæjarfógeta, svo lengi sem almannatryggingar hafa tíðkazt hér á landi, fyrstu 20 árin, frá 1936 til 1956, með frjálsu samkomulagi, en frá árinu 1956 hefur þetta skipulag verið lögbundið samkv. 8. gr. tryggingalaga. Það er rétt að taka það fram, sem raunar liggur í augum uppi, að sem umboðsmenn trygginganna eru sýslumenn og bæjarfógetar háðir eftirliti ríkisendurskoðunar og endurskoðunardeildar Tryggingastofnunar ríkisins, og má að sjálfsögðu auka það eftirlit og herða, ef störfum þeirra þykir í einhverju áfátt. Einnig vil ég benda á, að ef talið hefði verið nauðsynlegt að auka og herða eftirlit tryggingaráðs og áhrif, þá var hægt að gera það á mjög einfaldan máta, með því aðeins að bæta inn í 8. gr. l., sem staðið hefur óbreytt frá 1956, eins og ég áðan sagði: „Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hver í sínu umdæmi, nema tryggingaráð ákveði annað."

Þá vil ég fara örfáum orðum um 3. mgr. 1. brtt. í nál. á þskj. 205. Þar er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn sé heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar, sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. M. ö. o.: hér er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn sé heimilt að taka upp trúnaðarmannakerfi í öllum hreppum landsins. Þeir munu nú vera eitthvað á þriðja hundrað, líklega 220 eða svo, og það er Tryggingastofnunin, sem á að ákveða og greiða þessa þóknun. Þó að þessi þóknun verði lág, hlýtur að verða hér um nokkurra milljóna útgjöld að ræða. Ég vek athygli á því, að hingað til hafa hreppstjórar annazt þessi störf í hverjum hreppi í umboði og nánu samstarfi við sýslumann, sem aðalumboðsmann. Hreppstjórar eru þar af leiðandi vanir þessum störfum. Þeir eru launaðir af ríkinu, gamlir ríkisstarfsmenn, og þó að laun þeirra séu ekki há, ekki mikil fjárhæð, sem kemur í hlut hvers hreppstjóra, þá er þó þess að geta, að störf þeirra hafa minnkað til mikilla muna, eftir því sem íbúum hefur fækkað í sveitum landsins. Það má því segja, að störf þeirra að tryggingum í samstarfi við almannatryggingaumboðið séu orðin næstum því þeirra aðalstarf, eins og nú er. Þetta starf er ég viss um, að þeir munu vinna hér eftir sem hingað til fyrir þau laun, sem þeim hafa verið ákvörðuð fyrir langalöngu af hálfu ríkisvaldsins. Ég sé því ekki annað en þetta leiði til beinna útgjalda fyrir hið opinbera, ef svo má komast að orði.

Að þessu athuguðu sé ég ekki ástæðu til að draga þessa brtt. mína til baka, þó að ég vilji alls ekki verða til að tefja þetta mál eða halda hér uppi neinu málþófi, því að ég er að öðru leyti samþykkur frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við hv. 2. þm. Sunnl. erum meðflm. að brtt., sem er á þskj. 157 og er um, að 2. gr. frv. falli niður. En þar sem hv. heilbr.- og trn. hefur orðið sammála um að breyta þessari gr. á þann veg, sem við getum sætt okkur við, og tekið hefur verið tillit til þeirra sjónarmiða, sem lágu á bak við tillöguflutning okkar, sem var ótti okkar við aukinn kostnað, munum við hv. 2. þm. Sunnl. fylgja brtt. heilbr.- og trn., eins og þær eru á þskj. 205.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka heilbr.- og trn. fyrir störf hennar að þessu frv. Að vísu hefur það vafizt dálítið lengur fyrir mönnum en ég bjóst við. Ég hélt, að þetta mál yrði tiltölulega fljótafgreitt, vegna þess að frv. var samið af n., sem fulltrúar allra þingflokka áttu sæti í, og það var lagt fyrir þingið í nákvæmlega þeirri mynd, sem þessi sameiginlega n., sem allir þingflokkar áttu sæti í, skilaði frá sér. Engu að síður hefur komið upp misskilningur í sambandi við þetta mál, sem nú hefur, sem betur fer, verið leiðréttur.

Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að þær umboðsskrifstofur, sem talað er um utan Reykjavíkur, séu ákveðnar af tryggingaráði, en ekki af ráðh. að fengnum till. tryggingaráðs. Mér finnst þetta vera alveg eðlilegt fyrirkomulag. Hvar þessar skrifstofur eiga að vera, um það skal ég ekki fara að vekja neinar deilur. Hins vegar gerði ég grein fyrir því við 1. umr., að hugmynd mín væri sú að reyna að stuðla að því, að fólk, sem býr utan Reykjavíkur, víða í strjálbýli, víða allfjarri Reykjavík, ætti þess kost að fá betri og nánari vitneskju um réttindi sín innan almannatryggingakerfisins en það hefur nú. Það vita allir, að á þessu hefur verið misbrestur og úr þessu verður að bæta, og ég vil vænta þess, að tryggingaráð finni til þess skynsamlegar leiðir. Ég hygg, að af því þyrfti ekki að hljótast aukinn tilkostnaður frá því, sem nú er. Það eru að sjálfsögðu greiddir allverulegir fjármunir fyrir það starf, sem sýslumenn vinna á þessu sviði, eins og eðlilegt er, og ég hygg, að breytt skipan, sem einhvers staðar kynni að koma til, t. d. í sambandi við skrifstofur sjúkrasamlaga, sem þarf að starfrækja á sumum stöðum, þyrfti ekki að hafa neinn aukinn kostnað í för með sér, síður en svo.

Ég sé ekkert við það að athuga heldur í tilefni af því, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að hreppstjórar gætu víða orðið þeir sérstöku trúnaðarmenn, sem um er rætt í 3. mgr. Ef þetta eru menn, sem hafa á þessu góða þekkingu og reynslu, fyndist mér mjög eðlilegt, að þeir

væru beðnir að halda þeim störfum áfram. En þetta er atriði, sem þróunin sker úr um, og ég geri ráð fyrir því, að íbúar dreifbýlisins muni láta uppi sínar óskir um þau atriði smátt og smátt. Mér hefur virzt vera vaxandi hugur í fólki úti um landið um að hafa aðstöðu til þess að komast í nánari snertingu við ýmiss konar starfsemi, sem hefur verið svo til einvörðungu einskorðuð við Reykjavík hingað til, þannig að mér þykir líklegt, að þróunin verði sú, að fólk úti um landið vilji geta komizt í nánari tengsl við almannatryggingarnar en verið hefur. En sem sagt, þann misskilning, sem þessu máli var tengdur, tel ég vera úr sögunni og vænti þess, að um það þurfi ekki að verða neinn frekari ágreiningur.

Um aðrar breytingar frá heilbr.- og trn. er ég alveg sammála henni.

Nokkru eftir að þetta frv. var lagt fram, flutti ég brtt. á þskj. 154 um slysatryggingu sjómanna. Tilefni þess tillöguflutnings var það, að á síðasta þingi voru samþykkt ákvæði í siglingalög, sem fela í sér ákaflega mikilvæga réttarbót fyrir sjómenn. Hins vegar voru þessi lagafyrirmæli túlkuð af ýmsum sem svo, að þau legðu nánast óbærilega ábyrgð á atvinnurekendur og tryggingafélög, og ég er sammála þeim, sem telja, að þar hafi verið farið með allmiklar ýkjur. Engu að síður er það staðreynd, að Landssamband ísl. útvegsmanna leit þetta mál svo alvarlegum augum, að það beitti sér fyrir því, að bátaflotinn yrði stöðvaður í haust af þessu tilefni, vegna þess að tryggingafélög fengust ekki til þess að fullnægja þeim tryggingaákvæðum, sem fólust í þessari breytingu á siglingal. Ég beitti mér þá fyrir því, að Brunabótafélag Íslands bauð tryggingaform og síðan gerðu önnur tryggingafélög það, þannig að þessi vandi leystist þá, en jafnframt hét ég því að beita mér fyrir því, að ákvæðin um þessa tryggingu yrðu þannig, að Landssamband ísl. útvegsmanna og eigendur farskipa gætu talið þau innan eðlilegra marka, án þess að réttur sá, sem sjómönnum hefur verið tryggður, væri í nokkru skertur. Þessi till. var samin í heilbr.- og trmrn., en síðan var var haft samráð við fulltrúa frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna og við eigendur farskipa, og kom í ljós, að þessir aðilar gátu í meginatriðum fallizt á þá hugmynd, sem í till. felst.

Ég lagði svo þessa till. fram og ætlaðist að sjálfsögðu til þess, að hv. n. fjallaði um hana ásamt frv. sjálfu, enda hefur hv. n. gert það. En hún mun ekki vera tilbúin til að gera grein fyrir brtt., sem hún er með við þessa till. mína, fyrr en við 3. umr. Það hafa komið upp alls konar minni háttar og formlegar flækjur í sambandi við þetta mál, þannig að ég tel eðlilegt, að ég dragi þessar brtt. til baka til 3. umr. af þessum ástæðum, þannig að unnt verði að fjalla um hana ásamt þeim brtt., sem hv. n. kemur með.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Jafnvel þótt hæstv. ráðh. hafi dregið þessa till. sína til baka, vil ég leyfa mér að ræða hana nokkuð nú þegar. Ef hæstv. forseti telur það ekki vera samkv. þingsköpum, mun ég einfaldlega leyfa mér að taka upp till. ráðh., flytja hana sem mína og ræða á þeim grundvelli. Hér er auðvitað um miklu meira mál að ræða heldur en kemur fram í þessum fáu orðum hæstv. ráðh.

Það kom nokkuð fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. í sambandi við mál, sem við vorum að ræða á undan þessu um breyt. á siglingal., eins og löngum hefur skeð hér á landi voru, að menn vilja ekki kannast við krógann. Jú, hann sagðist eiga nokkra hlutdeild í þessum lögum. Mikið rétt, og átti ekki aðeins hlutdeild í þessum l., sýslumaðurinn og dómarinn, heldur var hann 1. flm. að þeim, en ég meðflm. En hvað um það, ef hann sver af sér króga þennan, þá skal ég gangast við honum, vegna þess að ég álít, að með þessari löggjöf hafi náðst fram það, sem sjómannasamtökin á Íslandi hafa barizt fyrir um áratuga skeið. Það er fyrst og fremst að fá viðurkenningu á því, að þeirra atvinna falli undir það að vera hættulegur atvinnurekstur, það sé jafnhættulegt fyrir þá að stunda sitt starf eins og þá menn, sem ganga um stræti höfuðborgarinnar eða stræti kaupstaða eða bæjarfélaga. Það er nefnilega svo og hefði átt að liggja ljóst fyrir í sambandi við þetta mál og auðvitað þá grg., sem lá fyrir í sambandi við frv., það sem ég ásamt nokkrum þm. Sjálfstfl. flutti í framhaldi af þessu máli á síðasta þingi, þar sem við í grg. bentum m. a. á slysatilfellin hjá íslenzkri sjómannastétt. Við bentum á það, hvert dauðahlutfallið hefði t. d. verið í þesari atvinnugrein. Það kom þar í ljós, að um það bil 5 af þúsundi hefðu látizt af slysum í starfi sínu á árunum frá 1960—1970. Þetta eru um það bil 20 á ári. Ég veit ekki til þess, að það sé nokkur stétt hér á landi, sem getur bent á hið sama, hvorki sýslumenn, prófessorar, strætisvagnabílstjórar né aðrir.

Fjandinn lái okkur það, sjómönnum, — og ég tala þá sem slíkur enn þá, þótt ég sé búinn að vera í landi nokkuð lengi, — þótt við viljum fá þjóðfélagið til þess að viðurkenna, að þetta sé hættulegur atvinnuvegur. Ég veit að það farast öðru hverju menn af slysförum vegna starfa við tæki í landbúnaði, en fjöldi þeirra, sem þar farast, er auðvitað ekki nema brot af því, sem skeður í sambandi við okkar fiskútveg. Það er þess vegna hlálegt, þegar maður heyrir það, sem hefur komið fram í sambandi við þá löggjöf, sem samþ. var hér á s. l. vori, ekki aðeins frá samtökum okkar ágætu útgerðarmanna, heldur og öðrum. Ég minni sérstaklega á aðila, sem komu fram í ákveðnum útvarpsþætti, en þar kom fram týpískt dæmi um það, hvernig ekki á að nota hljóðvarpið. En kommúnisti nokkur úr útgerðarmannastétt frá Húsavík, ásamt einum af þessum „þröstum", sem alls staðar er hægt að gripa til, þegar þeir félagar þurfa á að halda, og þeim kommúnista, sem ræður þeim umrædda þætti, — þeir töluðu um það, að hér væri um pólitískt áróðursbragð að ræða í sambandi við flutning þessa frv. Um leið lá náttúrlega fyrir,

að frv., sem hafði verið flutt á sínum tíma, að vísu enn þá vitlausara heldur en það var gert af okkur, af núv. hæstv. sjútvrh., að ég tali nú ekki um „den farende svend“ meðal okkar þm., af Jónasi Árnasyni, var líka pólitískt áróðursbragð.

En hvað um það, frvgr., eins og hún kom fram frá okkur, mér og hinum barnsföður þess, Friðjóni Þórðarsyni, var ekki samin af lakari manni en þeim, sem hefur mótað bæði siglinga- og sjómannalög okkar. Kannske hefur ekki verið höfð í huga sú fyrirmynd, sem hefur verið höfð áður, að það ætti einfaldlega að þýða upp sambærileg lög frá Norðurlöndum, t. d. í sambandi við tryggingalöggjöfina. Þetta tvennt getur ekki átt saman. Það getur ekki átt saman að leggja til grundvallar í tryggingalöggjöf fiskimanna okkar það, sem á að nægja til að tryggja fiskimenn í innsjónum í Norðursjó eða innsjó þar innaf við Norðurlöndin, eða hins vegar hér í Norður-Atlantshafi að vetrarlagi. Það er alveg útilokað að leggja þetta tvennt að líku. Þetta hefur hins vegar verið gert í gildandi löggjöf.

Þegar við vorum að ræða um, hvernig þetta mætti verða, höfðum við í huga, eins og hinir fyrri flm., að við þurfum að ná fram þeirri viðurkenningu þjóðfélagsins, og hún hlýtur að koma eftir á, um það hver eigi að borga kostnaðinn af þessum tryggingum. Að því skal ég koma síðar. Við verðum að hafa í huga, að þetta er hættulegur atvinnurekstur. Þetta er hættulegasti atvinnurekstur, sem við stundum, Íslendingar. Ég skal ekki þreyta ykkur á því að segja um leið, að hann sé nauðsynlegur fyrir okkur hér á Íslandi. Það má vel vera, að við getum bara leigt fleiri hús við Rauðarárstíg og allir farið í Framkvæmdastofnunina og sagt: Við skulum stjórna hver öðrum, raka hverjir aðra, allan hringinn, — og lifa á því. En slíkt er náttúrlega misskilningur, þótt núv. hæstv. ríkisstj. virðist álíta, að svo sé.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. brosir að þessu, en hann átti hugmyndina að þessu á sínum tíma. Það væri hægt að leysa vandamálin með þvílíkum aðgerðum.

Um leið og við komum að þeirri staðreynd og viðurkennum hana, en ég held að enginn leyfi sér að mótmæla, að fiskveiðar okkar séu hættulegur atvinnurekstur, eins og ég hef þegar sagt, þá vitum við líka, að það verður að tryggja menn við þennan hættulega atvinnurekstur. Eftir að sú löggjöf, sem hér er m. a. til umr., var samþ. af Alþ. á s. l. vori, vantaði ekki, að íslenzkir útgerðarmenn segðu: Ja, hún er dæmalaust vitlaus þessi löggjöf, en við viljum tryggja sjómennina okkar vel. Ég er búinn að vera nærri þrjá áratugi í mínu stéttarfélagi og í samningum fyrir það í a. m. k. tvo áratugi, og hefur í hverjum einustu samningakröfum, sem við höfum lagt fram, verið farið fram á að fá bættar og hækkaðar tryggingar okkar manna. Ég hef aldrei heyrt það frá útgerðarmönnum, að þeir tækju undir, að þær ætti að bæta sérstaklega, eða að Stefán Pétursson á Húsavík né aðrir útgerðarmenn byðu okkur að fyrra bragði að tryggja sjómennina betur. Við skulum ekki gleyma þeirri staðreynd, sem ég drap á, að það er ekki „vitlausa frv.“ frá sýslumanninum eða dómaranum og sjómanninum, sem veldur því, að þeir hrista sig nú, íslenzkir útgerðarmenn, heldur hrista þeir sig yfir því, að það er búið að viðurkenna hér á Alþ. þá staðreynd, að íslenzk fiskimennska er hættuleg atvinna, og frá því verður ekki snúið.

Ég vil benda á það, sem kom fram í grg. þessa frv., og þá er auðvitað rétt um leið að benda á frv. efnislega nokkru nánar, því að það varð að lögum. Allir ættu að vita efnislegt innihald þessara laga, en kannske er færri mönnum ljóst það, sem kom fram í grg. frv., og enn fremur það, sem kom greinilega fram í framsögu 1. flm. frv., hv. 4. þm. Vesturl., en það gekk ítarlega út á það, að flutningur frv. ætti, eins og segir í grg., „að geta orðið til þess, að tryggingamál sjómanna yrðu endurskoðuð vandlega í heild og síðan yrði reynt að marka skynsamlega stefnu með vaxandi heill og öryggi sjómanna í huga“, og fleiri orð voru þar um höfð. Að sjálfsögðu var með þetta mál eins og önnur, sem flutt eru hér á Alþ., að reynt er að ná fram ekki aðeins skoðunum og áliti einstakra þm., heldur og stofnana, félagssamtaka og sérfræðinga, vegna þess að með flutningi slíkra frv. er hægt að krefjast þess af þinginu, að látin sé fara fram könnun á því, hvað slíkur frv.-flutningur þýði fyrir heildina. En það var nú eitthvað öðru nær með þetta blessað frv. okkar, og nú skulum við koma aðeins nánar að því.

Mér þykir vænt um, að formaður sjútvn. í Nd. skuli vera hér viðstaddur, vegna þess að ég verð að sneiða að honum í þessu máli. Málið lá í þessari n. okkar í nokkra mánuði, en svo þegar kom fram á vorið, var allt í einu lögð mikil áherzla á að drífa það fram og láta það ná framgangi. Það lá svo mikið við, að það mátti ekki bíða einu sinni eftir umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég þurfti ítrekað að ganga hér á fund hæstv. forseta Nd. til þess að biðja um frestun á umr. þessa máls, þangað til umsagnir kæmu frá Landssambandi ísl. útgerðarmanna um málið. Það þýddi ekki, að ég stæði ekki með málinu og vildi ekki, að það næði fram að ganga. Ég lagði einnig til, fyrst L. Í. U. var ekki reiðubúið og hafði aldrei fengið óskir um að senda umsögn, að þá væri það sjálfsögð kurteisi að verða við þeirra óskum, þegar þær komu, að geyma málið um sinn. Hitt er svo annað mál, sem ég skal persónulega taka undir með mörgum, sem þar hafa um talað, að ef þeir og aðrir, sem áhuga og hagsmuna höfðu að gæta á málinu, hefðu sýnt því áhuga gátu þeir auðvitað komið öllum sínum aths. á framfæri. Það var annað mál. En þetta eru auðvitað nokkuð önnur vinnubrögð en þessir aðilar eru vanir frá Alþingi, og því má vera, að þeir telji sig vera einhverju sviptir í sínum viðskiptum við Alþ., alla vega við hv. sjútvn. Nd.

En það er auðvitað ekki ástæðan til þess að frv. okkar Friðjóns var samþ., heldur hitt, að hæstv. sjútvrh. hafði samið um það um áramótin í sambandi við lausn bátakjaradeilunnar, eins og

formaður sjútvn. Nd. upplýsti mig, og aðra um, a. m. k. einn eða tvo aðra nm., og reyndar hefur verið staðfest annars staðar frá. Þetta var samningsatriði á milli hæstv. ráðh. og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, enda hefur það komið berlega í ljós hjá þeim aðilum, þegar þeir ræða um málið eftir á. Það er kannske þess vegna, sem málið er látið fara í gegn án þess, sem við flm. einmitt vildum fá fram, að fram færi skoðun málsins með það í huga, að heildartryggingamál sjómanna væru endurskoðuð, svo að heill þeirra og öryggi væri tryggt tryggingalega séð. Þar fyrir utan tel ég, að með samþykkt þessa frv. séum við einmitt búnir að ná þessu fram, og ég gleðst yfir því fyrir hönd íslenzkra fiskimanna og annarra sjómanna, að svo hafi til tekizt. Um þær breytingar, sem fram hafa komið, skal ég ræða síðar, en ætla að koma að öðru atriði áður.

Í framhaldi af frv. þessu fluttum við nokkuð margir þm. Sjálfstfl. frv. um líf- og örorkutryggingar sjómanna, sem voru byggðar á frjálsum grundvelli og áttu að vera á útboðsgrundvelli tryggingafélaga, um það, að til viðbótar við samningsbundna tryggingu kæmi trygging, sem yrði boðin út fyrir heildina, þ. e. allan fiskiskipastólinn, en iðgjaldið yrði hins vegar greitt af sameiginlegu aflafé þessara tveggja stétta, útvegsmanna og sjómanna, fyrst og fremst, og um leið þá þeirra aðila, sem hafa mestra hagsmuna að gæta í sambandi við, að hér sé róið fiskiskipum á mið. Þar á ég auðvitað við fólkið bæði í frystihúsum og hinum ýmsu stöðum úti um land. Það er auðvitað alveg útilokað fyrir það fólk að láta þetta stóra atriði fara fram hjá sér, tryggingar þessara manna, hafandi það líka í huga, kannske fyrst og fremst nú í dag, að það fást ekki menn á skipin okkar, vegna þess að það er svo miklu betur boðið í þá í landi. Ef þeir verða fyrir bíl og bíða bana í landi, þá geta þeir eða ættingjar þeirra fengið allt að 6 millj. kr. fyrir skrokkinn á sér, en ef þeir eru til sjós fá þeir 750 þús. kr.

Áður en ég kem að brtt. hæstv. ráðh., vil ég aðeins draga fram eitt atriði til viðbótar, en það er út af þessu harmakveini útgerðarmanna í sambandi við tryggingamálið sjálft, og leyfi ég mér þá að benda á, að iðgjöldin fyrir tréð og járnið, sem er í skipunum, munu líklega nema hátt á fimmta hundrað millj. á s. l. ári, ef ekki meira. En fyrir skrokkana, karlana og konurnar, sem um borð í skipunum vinna, nema þau innan við 100 millj., þegar allt er tiltekið. Það er ekki nema eðlilegt, að bæði alþm., atvinnurekendur, útgerðarmenn og aðrir reki upp ramakvein, þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, að tréð og járnið er hægt að tryggja og kosta til iðgjalda upp á 500 millj. kr., en fyrir hið lifandi fólk, sem um borð er, má ekki eyða 100 millj. kr. Ég hefði álitið, að þessi hlutföll ættu frekar að snúast við. En það er saga, sem kemur á dagskrá síðar.

Hæstv. ráðh. bað um, að málinu yrði vísað til 3. umr., en ég sagði, að það væri rétt að ræða það hér og tók upp till. hans sem mína, ef hann ætlaði að draga hana algerlega til baka, sem ég veit, að hann gerir ekki. Ég veit, að hann er hreykinn af því að hafa flutt hana, og það verður staðið með honum að henni. Ég ætla að skýra nokkuð frá aðdraganda, að ég var kallaður til og skipaður af Sjómannasambandi Íslands til þess að taka þátt í umr. í þessari viðræðunefnd, sem hæstv. ráðh. beitti sér fyrir, að tæki til starfa. Ég skal staðfesta, að a. m. k. fram á síðasta snúning var algert samkomulag í viðræðunefndinni. Hins vegar, eins og ég hef skýrt frá, hefur einhver misskilningur orðið um það, að á þeim fundi, sem okkur var skýrt frá innihaldi frv., þá var ekki rætt um, að í því ákvæði þess efnis, að hinar samningsbundnu tryggingar mundu falla þar inn í. Hins vegar kom það fram á seinni fundi. Ég skýrði ráðh. síðar og ráðuneytisstjóra á fundinum frá því, að þetta hefði ekki verið minn skilningur, vegna þess að mér var falið að ræða við stjórnarmenn í Sjómannasambandi Íslands um þetta atriði og taldi eftir þau viðtöl, að þeir mundu ekki fella sig við þetta, án þess að einhverjar breytingar yrðu gerðar á því. Í framhaldi af þessu hefur komið inn nýtt atriði í brtt., sem hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson flytur, þess efnis, að nú á að rjúfa gildandi kjarasamninga viðkomandi sjómannafélaga og atvinnurekenda um líf- og örorkutryggingar, þeir eiga að falla niður og þetta frv., ef að lögum verður, að koma í staðinn.

Nú vil ég taka það fram, að persónulega held ég, að vandamálið muni leysast í þessum höfuðlínum, og ég tek það fram, að ég er því fylgjandi, að það verði gert, og hef reyndar lýst því yfir áður. Ef við náum þarna fram skynsamlegum og mannsæmandi tryggingum fyrir þá menn, sem eru kannske í 60—70 sinnum meiri hættu en maður, sem er í atvinnu, sem telst hættulegur atvinnurekstur í landi, tel ég mig vel geta sagt það við mína félaga, að við skulum segja já við þessu. Hins vegar er bara sá hængur á, um leið og við rjúfum samningana, að þá er það auðvitað hlutverk hvers stéttarfélags fyrir sig að fjalla og ákveða þar um. Hins vegar er ég ekkert hræddur við það, ef við náum samstöðu innan stjórnar okkar heildarsamtaka, að mæla með einhverju skynsamlegu, sem gert verður til lausnar vandanum.

En í framhaldi af þessum hugleiðingum mínum í sambandi við, að þarna er aðeins farið út yfir það, sem um var rætt á viðræðufundunum með ráðuneytisstjóra, hæstv. ráðh og fleiri góðum mönnum, sem þar voru, m. a. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna o. fl., vil ég til þess að tryggja framgang málsins, leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. við brtt. hæstv. ráðh., þess efnis, að dánarbæturnar hækki úr 1 millj. í 1½ millj., og bendi þá á, að í samningsbundnum tryggingum þessara manna nú hafa þeir samkv. samningum 750 þús. kr. við dauða. Ég tel, þrátt fyrir mikið, sem þeir fá fram við samþykkt a-, b- og c-liða þessarar till., og sérstaklega þó ekkjur, ekklar og börn, sem í hlut eiga, að til þess að málinu verði tryggður framgangur, ætti að breyta þessari upphæð úr 750 þús., sem er samningsbundið í dag, ef það á að falla niður samkv. þessari till., og við hækkum þá upphæð

í 1½ millj. Ég held, að með samþykkt þeirra brtt. muni flestallir af forustumönnum sjómannasamtakanna ekki aðeins taka undir og mæla með samþykkt, heldur og þakka hæstv. trmrh. fyrir forgöngu hans í því að leysa þetta vandamál.

Forseti (GíslG): Ég vil í tilefni af því, að hv. 10. þm. Reykv. hefur lagt hér fram brtt., sem er stiluð sem brtt. við þá brtt., sem hæstv. trmrh. hefur dregið til baka til 3. umr., spyrja hv. 10. þm. Reykv., hvort hann gæti ekki fallizt á þá málsmeðferð, að þessari till. hans, sem nú hefur verið lögð fram, verði vísað til n., sem ætlar að taka málið í heild til meðferðar milli umr., þannig að ekki þurfi að koma til atkvgr. um þessa till. nú? (PS: Sjálfsagt) Ég tel það eðlilega málsmeðferð, ekki sízt með tilliti til þess, að ég geri mér vonir um, eftir því sem ég hef frétt, að fullt samkomulag kunni að geta orðið um meðferð þessa máls.

Hv. þm. hefur orðið við þeim tilmælum, og er þá þessi skrifl. brtt. dregin til baka til 3. umr. með þeim ummælum, að n. taki hana einnig til athugunar. (Gripið fram í.) Ég tel, að það sé eðlilegust málsmeðferð, að þetta mál verði nú athugað milli umr., og tel mjög æskilegt, að hv. n. geti lokið störfum sínum þannig, að hægt sé að taka málið til meðferðar á þingfundi á morgun á venjulegum tíma.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að hafa um þetta örfá orð. — Hv. 10. þm. Reykv. tilkynnti áðan, að hann ætlaði að sneiða að mér sem formanni sjútvn. Nd. í þeim orðum, sem hann átti eftir að tala. Ég hlýddi eins nákvæmlega á orð hans og ég gat, en gat ekki fundið neina sneið, sem alvarleg gat talizt, nema þá kannske ef hann hefur átt við, að það væri mér að kenna, að þetta mál lá svo lengi fyrir sjútvn. í fyrra. Hann veit það fullt eins vel og ég og aðrir nm., að ég hafði fullan áhuga á því allan tímann, að þetta mál kæmist áfram. Það voru aðrir, sem settu fótinn fyrir, að þetta yrði afgreitt eins fljótt og ég hafði sjálfur haft hug á.

Hann minntist einnig á atriði, sem gæti kannske verið hægt að kenna mér um í þessu sambandi, og það var varðandi umsögn, sem senda átti eða samþ. var að senda Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þetta frv. var sent allmörgum aðilum til umsagnar, eins og venja er til, þegar mál koma til n., og það var gert. En einhverra hluta vegna fór samt svo, að Landssambandið fékk ekki senda umsögn, og um það vissi ég ekki fyrr en miklu síðar og gekkst þá fyrir því, að það væri gert.

Hins vegar held ég, að störf n. hefðu ekki þurft að tefjast svo ýkjalengi, þó að þessi umsögn hafi ekki legið fyrir, þrátt fyrir það að þessi samtök séu hin allra mikilvægustu og auðvitað góðra gjalda vert að hlusta á þeirra álit. Við gátum ósköp vel sagt okkur sjálfir fyrir fram, hvað þeir mundu segja. Þeir gátu búizt við mjög auknum útgjöldum varðandi þetta ákvæði í tryggingal., og við reiknum með því, að þeirra umsögn yrði neikvæð, sem og varð. Það er auðvitað sjálfsögð kurteisi að leita umsagnar þessara aðila, eins og gert var, en því miður urðu þarna mistök, að einn aðili fékk ekki þetta mál sent til umsagnar á þeim tíma, sem aðrir fengu það. Það má kannske kenna mér um það, en það var vissulega ekki viljandi gert.

Álit útvegsmanna kom nú greinilega fram, þar sem þeir sögðu, að með þessari ábyrgðartryggingu gætu útvegsmenn alveg eins lagt skipum sínum. Ég var út af fyrir sig alveg sammála um, að það væri nauðsynlegt að leggja skipunum, en það var bara á dálítið öðrum forsendum. Ég held, að útgerðarmenn í þessu landi ættu ekki að vera að fikta við að gera út skip, ef þeir hafa ekki efni á því að tryggja sjómenn sína við vinnu eins og annað fólk. Það á ekki að líðast í þessu þjóðfélagi að líta á sjómenn sem 2. eða 3. flokks fólk.

Þegar talað var um þetta mál á síðasta þingi, bar á góma mál, þar sem kom í ljós, að sjómenn höfðu farið illa út úr málaferlum varðandi slys um borð í skipum, þegar svo stóð á, að engum var um að kenna. Eins og allir vita, geta við svo hættulegan atvinnurekstur eins og veiðar hér við Ísland eru, einkum að vetrarlagi, átt sér stað slys, án þess að hægt sé að kenna nokkrum um, hvorki yfirmönnum, útbúnaði né sjómanninum sjálfum.

Éð sá líka umsagnir ýmissa tryggingafélaga. Það var svo sem vitað mál, að þar yrði allt á eina bókina lært. Þær voru sem sagt allar á þá lund, að framkvæmdin við að tryggja sjómennina, sem afla fisksins úr sjónum, sem stendur undir þessu þjóðfélagi, yrði allt of dýr. Af slíkum reiknimeisturum tók ég ekkert mark, tek ekkert mark og mun aldrei taka neitt mark á slíkum mönnum. Slíkir menn hafa algerlega slitnað úr sambandi við lífið, sem þeir lifa í þessu landi. Álit eins tryggingafræðings vakti þó sérstaka athygli mína og var á þá lund, að ekki væri ástæða til að tryggja sjómenn á neinn hátt umfram aðra menn, jafnvel þótt hverjum einasta hugsandi manni sé ljóst, að um mun hættulegri atvinnuveg er að ræða heldur en aðra, nema þá kannske þessum skrifstofukomma, sem hér átti hlut að máli.

Farmanna- og fiskimannasambandið hefur lýst ánægju sinni yfir þessu máli, sem lagt hefur verið fram, og í trausti þess, að sjómenn hafi fengið þá bót, sem þeir áttu sannarlega rétt á, mun ég styðja þetta mál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. — Ég held, að vinur minn, hv. 10. þm. Reykv., hafi misskilið mig herfilega hér áðan, ef hann hefur skilið orð mín á þann veg, að ég væri að firra mig einhverri ábyrgð í því máli, sem hér um ræðir, eða á þeim lögum, sem sett voru á s. l. vori. Það er nú eitthvað annað. Það er fjarri því. Hitt veit ég, að óþægindi út af því máli hafa lent meira á honum en mér. En ég býst þó við, að við verðum hér eftir sem hingað til taldir „solidarisk“ — ábyrgir í málinu, enda þykir sennilega fara vel á því að hæfa sýslumann og sjómann í einu

skoti. En það eru ýmsir fleiri, sem koma þarna við sögu, og ég vek sérstaka athygli á því, að brtt. sú, sem sett var fram, rétt áður en frv. var samþ., af hæstv. sjútvrh. breytti frv. efnislega mjög mikið að mínum dómi. Hún gerði það að verkum, að það þurfti að athuga það og skoða miklu nánar en áður var, og var því alls ekki rétt að afgreiða það eins hratt og gert var. En hitt vil ég svo líka taka fram, að meginmál frv. var samið og orðað af manni miklu færari mér í þessum fræðum.

Ég sá ýmsar umsagnir, bæði frá tryggingafélögum, sjómönnum og útgerðarmönnum, um þetta mál, og vissulega voru þær mjög ósamhljóða. Það kom mér ekkert á óvart, því að ég veit og vissi, að hér er um mjög viðkvæmt hagsmunamál að ræða. En ég þóttist þó geta lesið út úr þessum umsögnum, að það væri leið til samkomulags, aðeins ef tími væri tekinn til þess að skoða þetta mál allt betur og ræða það nánar í samráði við þessa aðila. Það vona ég, að gert verði, áður en gengið verður frá málinu endanlega núna.

ATKVGR.
Brtt. 229 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 157 felld með 17:15 atkv.
— 205,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—24. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 205,2 (ný gr., verður 25. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 205,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 175, n. 206). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, eins og það kom frá Ed. Nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Ástæðan fyrir því er sú, að nm. fannst 1. gr. dálítið einkennilega orðuð, en þó að við hefðum lögspekinga og málvísindamenn í n., fundum við ekkert annað orðalag á henni til þess að ná því, sem í raun og veru þurfti, því að við vorum efnislega sammála um gr., þó að okkur fyndist leiðinlegt mál á henni.

Í þessu frv. felast þrjár meginbreytingar á lögunum. Niður falli, að eigi skuli reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattsskyldar hjá orlofsþega. Það eru fyrst og fremst sjómenn og giftar konur, sem vinna úti, sem þetta munu eiga við. Í öðru lagi, að vangreitt orlofsfé má taka með lögtaki, það er 2. brtt. Og í þriðja lagi, að kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr ríkissjóði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 143 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara, og l. nr. 50 22. apríl 1967, um breyt. á þeim l. Það, sem hér er um að ræða, er það, eins og segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta, að „upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.“ Hér er ekki verið að gera aðra breytingu en þá, að í framkvæmdinni hefur þetta verið þannig, að ellilaun hafa verið dregin frá þessum launum, sem ekkjur hafa fengið eftir maka sinn í sambandi við hækkun þeirra. Þetta hefur þótt afskaplega óeðlilegt, og í lögunum, sem breytt var hér á síðasta þingi og taka gildi 1. jan. n. k. um opinbera starfsmenn, var þetta ákvæði fellt niður. Hér er því um það eitt að ræða að samræma þetta milli Lífeyrissjóðs barnakennara og lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, þannig að eftir þessa breytingu halda ekkjurnar fullum lífeyri úr lífeyrissjóðnum og auk þess fullum elli- eða örorkubótum.

Þetta mál fékk góðan byr í hv. Ed., og ég vona, að svo verði einnig hér, því að nauðsyn ber til, að breytingin á barnakennarasjóðnum fylgi breytingunni á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 31. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 30. fundi.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 144, n. 193). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum. N. ræddi þetta frv. á fundum sínum, hafði samband við ríkisskattstjóra og kynnti sér nokkuð undirbúning málsins. Þrjú Norðurlandanna, Danmörk, Finnland og Svíþjóð, hafa þegar fullgilt þennan samning fyrir sitt leyti. Noregur er á næsta leiti með sína fullgildingu og Ísland verður þá síðast í röðinni.

Þetta er ákaflega einfalt mál. Þarna er um að ræða gagnkvæma aðstoð í sambandi við rannsóknir, gagnkvæmar upplýsingar og að eyðublöð liggi fyrir hjá aðilum á víxl. Það getur auðveldað framtöl þeirra, sem ekki eru staddir í heimalandi sínu, þegar ganga þarf frá framtölum. Síðast, en ekki sízt, og það er raunar mikilvægast, er um að ræða gagnkvæma aðstoð við innheimtu skatta.

Það er nauðsynlegt að fá þetta mál afgreitt fyrir áramót, því að ef það verður ekki gert, þýðir það ársfrestun fullgildingar á aðild Íslands.

Fjh.- og viðskn. varð sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15, n. 184, 185, 213). — Frh. 2. umr.

Guðlaugur Gíslason [frh.]: Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni í dag, þegar umr. var frestað, að ég hafði nokkuð rakið þær umr., sem urðu hér á hv. Alþ. á s. l. vetri í sambandi við friðun fiskimiða. Ég hafði einnig bent á, að það væri mjög mikil mótsögn í því, sem fram kæmi hjá fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar, og því, sem hæstv. sjútvrh. hefði haldið fram, að náið samstarf hefði verið haft við þá stofnun, þegar friðunarsvæðin, sem tilgreind eru í reglugerð frá 14. júlí s. l., voru ákveðin. Ég tel það mjög miður, að enn þá einu sinni skuli þurfa að vekja athygli á því úr þessum ræðustól, að sá ráðh., sem mál, sem verið er að ræða, heyrir undir, skuli ekki vera viðstaddur. Þetta er að mínum dómi farið að verða allt of algengt og sýnir litla virðingu frá hendi ráðh. fyrir þingi og störfum þingsins. En við verðum að sætta okkur við þetta, þó að ég telji það mjög miður farið. (**Forseti:** Það hefur verið gerð ráðstöfun, ráðh. er væntanlegur.) Hæstv. forseti tilkynnir mér, að ráðh. sé væntanlegur, og tel ég það vel farið út af fyrir sig, þó að vissulega hefði verið betra, að hann hefði verið kominn í d., þegar umr. hófust.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara nánar út í ræðu hæstv. sjútvrh. um efni reglugerðar hans frá 14. júlí, geymi mér það heldur, þar til hann kemur, en vil fara nokkrum orðum um þá till., sem við hv. 10. þm. Reykv. höfum flutt og er að finna á þski. 185. Varðandi svæðið fyrir Norðausturlandi telja flm., að það svæði sé rétt valið sem fyrsta friðunarsvæði á uppeldisstöðvum ungfisks, enda er vitað, að Norðaustur-Atlantshafsnefndin svokallaða hefur einmitt rætt um þetta svæði, sem fyrst bæri að friða, þegar til friðunar kæmi á uppeldisstöðvum ungfisks hér við land. Við höfum engum svæðamörkum breytt í till. okkar, miðað við það, sem er í gildi samkv. umræddri reglugerð frá 14. júlí. Till. okkar hljóðar aðeins um það, að tíminn, sem friðun á að gilda, verði lengdur úr tveimur mánuðum á ári í samfellda friðun í 2 ár, þ. e. fyrir árin 1973 og 1974. Það getur að sjálfsögðu verið álitamál, hvað lengi friðun hvers svæðis á að standa, hvort samfelld friðun á að vera í eitt eða tvö ár eða lengur. Við teljum, að ekki geti neins sjáanlegs árangurs af friðun verið að vænta, nema hún standi a. m. k. 2 ár. Við leggjum því til í till. okkar, að svæðið verði aðeins friðað fyrir veiðum með botnvörpu, flotvörpu og dragnót, en það er engin breyting frá því, sem er í reglugerðinni. Hér hefðum við þó helzt kosið að leggja til, að svæðið yrði alfriðað fyrir öllum veiðarfærum, en við teljum að líta verði á atvinnuhagsmuni þess fólks, sem í þessum landshluta býr, en aðalatvinna þess við sjávarsíðuna er veiðar með línu og á handfæri, sem vart eru þó það miklar, að nokkru tjóni geti valdið. Af þeim ástæðum höfum við ekki lagt til, að svæðið yrði alfriðað, en gerum ráð fyrir, að það verði einnig friðað fyrir bolfiskveiðum í nót, eins og till. fiskveiðilaganefndarinnar hljóða um, en þar er aðeins um reglugerðarákvæði að ræða fyrir hæstv. sjútvrh.

Varðandi svæðið fyrir Suðurlandi eru stærðarmörk þess svæðis einnig þau sömu og er að finna í gildandi reglugerð frá 14. júlí. Hins vegar hljóðar till. okkar um, að svæðið verði alfriðið fyrir öllum veiðarfærum, en ekki aðeins fyrir botnvörpu, flotvörpu og dragnót, eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Er þetta í samræmi við ábendingu fiskifræðinga og reyndar allra annarra, sem eitthvað þekkja til veiða á þessu svæði. Ég vil undirstrika, að þegar Vestmannaeyingar hafa á undanförnum árum verið að fara fram á, að tiltekin svæði vestan við Eyjar yrðu friðuð yfir hrygningartímann, hafa þeir alltaf lagt til, að svæðin yrðu alfriðuð fyrir öllum veiðarfærum og alveg sérstaklega fyrir veiðum með þorskanet. Við leggjum til í till. okkar, að tíminn, sem friðunin á að gilda, verði lengdur um 20 daga og verði frá 10. marz til aprílloka, í stað þess að reglugerðin gerir ráð fyrir, að friðunin gildi aðeins á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl. Við teljum þau tímamörk, sem við höfum lagt til, algert lágmark, en þau eru sett í samræmi við óskir, sem fram hafa komið, bæði frá útgerðarmönnum og sjómönnum, sem veiðar stunda á þessu svæði. Þá leggjum við til í till. okkar, að friðun þessa svæðis verði ákveðin fyrir næstu tvö ár, og gildir það sama um þetta svæði og það, sem ég sagði um friðun svæðis fyrir Norðausturlandi, að við teljum ekki, að nokkurs sjáanlegs árangurs geti verið að vænta, nema friðunin standi a. m. k. í 2 ár. Ég vil mjög undirstrika þetta atriði og hygg, að það sé mjög almenn skoðun hjá þeim aðilum, sem til þessara mála þekkja og fiskveiðar hafa stundað um langan tíma, að ef á að gera tilraun með friðun tiltekinna svæða, þá verði hún að standa í nokkurn tíma, til þess að það sýni sig, hvort hún kemur að því gagni, sem menn höfðu gert sér vonir um. Ég vil benda á það, t. d. varðandi svæðið fyrir Norðausturlandi, sem nú er með umræddri reglugerð aðeins ætlað að friða í tvo mánuði, þ. e.

mánuðina apríl—maí, að mér er ómögulegt að skilja, hvernig það á nokkurn tíma að geta komið í ljós, hvort friðun þar kemur að nokkru gagni eða ekki, ef á að leyfa veiðar í 10 mánuði, en friða aðeins í tvo mánuði. Ef svo færi, að tveggja mánaða friðun yrði til þess að auka að einhverju leyti fiskmagn á þessu svæði, þá þýddi það auðvitað, að skip mundu frekar sækja þangað hina 10 mánuði ársins, sem það er opið, og væri þá aldrei hægt að mínum dómi að fá neina niðurstöðu um, hvort hugmyndir bæði fiskifræðinga og annarra um friðun tiltekinna svæða kæmu nokkurn tíma að notum. Eina ráðið að dómi okkar flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir á þskj. 185, er að friða svæðið einhvern tiltekinn tíma og eigi skemur en 1—2 ár, til þess að í ljós komi, hvort friðun kemur að gagni eða ekki.

Ég tel kannske ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta atriði. Frá mínu sjónarmiði er það svo augljóst, að ef við viljum taka okkur sjálf eitthvað alvarlega, þegar við erum að tala um friðun og friðunarráðstafanir, þá verði friðun að gerast með þeim hætti, að ekki sé þar um sýndarmennsku að ræða, eins og fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar hafa bent á, að þeir telji friðunina á svæðinu fyrir Suðurlandi í raun og veru.

Ég hefði vissulega viljað koma að fsp. til hæstv. ráðh., en þar sem mér er kunnugt um, að fleiri eru á mælendaskrá og forseti hefur gefið okkur örlitla von um það, að síðar í kvöld geti orðið von á ráðh., þá ætla ég að þessu sinni að ljúka máli mínu, en halda þá ræðunni áfram síðar, ef mér gefst tækifæri til að beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., sem ég hef hug á.

Ég skal svo í bili a. m. k. láta máli mínu um þessi atriði lokið, en ég vænti þess, að þm. geri sér fulla grein fyrir því, að ef við teljum í alvöru, að ástand mála í sambandi við fiskveiðar okkar sé orðið þannig, að friðanir tiltekinna svæða séu tímabærar, þá eru þau ákvæði, sem er að finna í 3. gr. reglugerðar frá 14. júlí, að mínum dómi hvergi fullnægjandi. Ég vil benda á, að það kom í ljós á síðustu vertíð á veiðisvæðinu milli Reykjaness og Vestmannaeyja, að þar hagaði fiskur göngum sínum á allt annan veg en áður hefur verið. Hann kom mjög lítið inn á þetta svæði, og hrygning virðist ekki hafa átt sér stað þar í neinum mæli. Afleiðing þessa á auðvitað eftir að koma fram síðar, og ef ástæðan fyrir þessari breytingu, sem á þessu svæði er orðin, er ofveiði, þá liggur að mínum dómi alveg ljóst fyrir, að ekki má undir neinum kringumstæðum draga friðunaraðgerðir lengur en orðið er, og þær verða að vera mun róttækari en umrædd reglugerð gerir ráð fyrir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi lært það í minni jómfrúrræðu á Alþ. haustið 1959, að þm. ættu ekki að ávarpa aðra þm. sem hæstv. Svo er nú komið samt, að ég vildi gjarnan ávarpa bæði hv. þm. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv., sem hæstv. og jafnframt 3. þm. Sunnl., Guðlaug Gíslason, að ég tali ekki um hv. forseta og ritara hans, sem sat honum til hægri handar til skamms tíma, svo og ritara stjórnarflokkanna, sem hefur verið að væflast hér fram og aftur um dyr og sali. Þá er líka lokið upptalningu þar til nú á þessari stundu á þeim þm. í hv. Nd., sem gefa sér tíma til þess að hlýða á umr. um mál mála okkar Íslendinga, landhelgismálið, það eina á því sviði, sem við höfum nú til umr. hér á Alþ. Það, sem vekur enn fremur furðu mína, er það, að hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur. Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta um að fresta fundi, þar til hann mætir hér og má vera að því að hlýða á þau mál, sem hér eru rædd og falla undir hans málaflokk. Ég mun gera hlé á minni ræðu, þar til hann mætir hér. (**Forseti:** Mér er tjáð, að hæstv. sjútvrh. sé alveg að koma inn í salinn.)

„Fæðist fótur, furðu ljótur," stóð í vísunni.

Herra forseti. Það, sem vakti athygli mína í sambandi við þessar umr. hér fyrr í dag og reyndar líka nú í kvöld, er sú staðreynd, að það er, þegar við lítum fram hjá ræðu hv. síðasta ræðumanns, eins og þeir menn, sem voru að ræða það vandamál, sem er nú uppi í sambandi við nýtingu landhelginnar, séu enn að tala um gömlu 12 mílna fiskveiðilögsöguna. Hér hefur auðvitað orðið meginbreyting á. Við hljótum í sambandi við það, sem nú er verið að gera, að ræða um nýtingu og friðun svæða innan 50 mílna fiskveiðilögsögunnar, nema, eins og ég sagði hér í dag í sambandi við annað mál hæstv. ráðh. sjálfir og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh. hafi enga trú á þessum aðgerðum sínum og telji þetta yfirleitt vera, eins og sagt var á slæmri dönsku í gamla daga, „húmbúkk", og útfærsluaðgerðirnar hafi ekki verið nema, eins og ég sagði líka, til þess að sýnast gagnvart íslenzkum kjósendum, til þess að blekkja þá, til þess að ná þeim meiri hl., sem þeir náðu ómótmælanlega í síðustu alþingiskosningum.

Það, sem vakti furðu mína jafnframt, var það, að þegar hæstv. ráðh. hélt ræðu sína hér í dag og formaður sjútvn. d. og reyndar fleiri aðilar töluðu, þá skyldi enginn aðili verða til þess að minnast á þá stóru staðreynd, sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir í dag, en það er, að málstaður okkar hefur sigrað á alþjóðavettvangi, — málstaður okkar í sambandi við útfærslu okkar fiskveiðilögsögu, — með samþykkt Allsherjarþingsins á þeirri tillögu, sem Ísland ásamt Perú og fleiri þjóðum flutti og við höfðum fréttir af, fyrst í gær og svo nánari fréttir í dag, að hefði sigrað og það glæsilega. Ég hefði talið, að það hefði einhvern tíma verið ástæða til, að einhverjir aðilar, t. d. einhverjir hæstv. ráðh., hefðu staðið hér upp og bent á þetta mál, og bent okkur öðrum þegnum hins íslenzka þjóðfélags á, að ástæða væri til þess að fagna þessum áfanga, sem þarna hefði náðst, um leið og við hefðum kannske sent þakkir okkar til þeirra mörgu og ágætu manna, sem þarna hafa unnið að. Vil ég sérstaklega benda á fastafulltrúa okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, bæði ambassadorinn Harald Kröyer og Gunnar Schram og Ívar Guðmundsson líka. Ég vildi auk þess gjarnan láta það koma hér sérstaklega fram í sambandi við ferðir okkar þm.

og annarra ftr. þingflokkanna á þing þetta, að við höfum sjaldan haft á erl. vettvangi betri ftr. úr slíkum hóp en frá flokki utanrrh., Hannes Pálsson, sem var þar allan tímann, þótt ekki sé hann þm. Mér finnst rétt, að það komi hér fram, því að hann á það vel skilið, að hans sé minnzt í sambandi við þetta mál. En þetta er vissulega mál, sem hefði reyndar verið frekar ríkisstj. að minnast á, en ekki okkar í stjórnarandstöðunni. Að vísu er málsmeðferðin engin uppfinning þeirra, heldur er þetta beint framhald af stefnu fyrrv. ríkisstj. í utanríkismálum og framkvæmd á landhelgismálinu, eftir að Norðursjávarþjóðirnar höfðu helgað sér hafsbotninn til olíu- og gasvinnslu í Norðursjónum. Eins og ég hef löngum sagt og sagði reyndar strax á sínum tíma á sérstakri ráðstefnu, sem haldin var í Strassbourg á vegum Evrópuráðsins, eftir að þetta hafði skeð, — þá sagði ég: Nú erum við Íslendingar búnir að vinna málið, okkar mál. — Ég held einmitt, að þetta ráð, sem þeir gripu til á sínum tíma, Bretar, Vestur-Þjóðverjar og allir hinir, sem að því stóðu, það spor, sem þeir stigu þá, hafi líka verið sporið, sem stigið var og olli því, að við höfum náð því, sem við höfum náð núna á þingi Sameinuðu þjóðanna. Reyndar hefði átt, um leið og við erum að ræða þetta mál, að ræða okkar landhelgismál í heild. Ég skal þó ekki hefja slíkar umr. nú, vegna þess, hve áliðið er þingtímans, en við þyrftum að fara efnislega í það mál, sem hér er til umræðu, og stöðu landhelgismálsins í dag. Hins vegar vildi ég láta það koma fram, að það gladdi mig sérstaklega, að þessi till. skyldi hafa komið fram og náð samþykki á þingi Sþ., vegna þess að hún fór saman við grundvöll skoðana minna og fleiri um, að það var mesta vitleysa, sem við nokkurn tíma gerðum, að segja upp samningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja, miðað við það, sem við horfum á nú og mátti reyndar sjá fyrir, þó að nokkur dráttur hefði getað á orðið á útfærslunni. Þá hefðum við nú haft frið með alla okkar fiskveiðilögsögu skv. samningnum. Þessir andstæðingar okkar hefðu orðið að bíða niðurstöðu dómstólsins í Haag, og enginn maður með nokkru viti vefengir nú eftir þessa niðurstöðu á þingi Sameinuðu þjóðanna, að dómsniðurstaðan hefði fallið okkur í vil.

Hér er verið að ræða um framlengingu laga um nýtingu landhelginnar o. fl. Ég er meðflm. ásamt hv. 3. þm. Sunnl. að brtt., sem hann hefur þegar skýrt, og skal ég ekki tefja um of þann stóra hluta þingheims, sem hefur gefið sér tíma til þess núna að sitja hér og hlusta á umr. um þetta mál, þegar ég ræði málið efnislega.

Ég ætla að taka það fram, að strax í sjútvn., þegar málið kom þar til umr., tók ég skýrt fram og tók undir það, sem hefur komið fram, ekki aðeins hjá sjútvrh., heldur og hjá viðkomandi n., sem kölluð hefur verið landhelgisfriðunarnefnd með meiru, og þori ég þó ekki að hafa fleiri orð þar um, ef ég væri að taka einhverja verðuga titla af þeim, að það væri eðlilegt, að þeir gætu ekki haft fullmótaðar till. um nýtingu landhelginnar til þess að bera fram fyrir þetta þing, fyrst og fremst auðvitað vegna þess, að allar till., sem fram koma, eru mótaðar af hagsmunum þeirra, sem í hlut eiga. Hagsmunir þessa sjávarpláss fara ekki saman við hagsmuni næsta. Hagsmunir þess, sem veiða með þessu veiðarfærinu, fara ekki saman við hagsmuni þeirra, sem veiða með hinu. En það breytir ekki því, að hæstv. sjútvrh., hefur orðið á sú skyssa, máske ekki skyssa, heldur trassaskapur, að hann skipar ekki n. til að starfa að þessu máli fyrr en á haustmánuðum. Það er auðvitað út í hött að tala um það, þegar við erum að ráðstafa, eins og hann hefur sjálfur margoft orðað það, okkar eigin eign, löglegu ráðstöfunarsvæði, að við þurfum að vera eitthvað hræddir við það að hafa n. starfandi til þess að leggja fram till. um framtíðarnotkun þessara sömu svæða. Þetta er ekkert annað, en heldur ómerkilegar afsakanir þess manns, sem er orðinn ber að því að hafa brugðizt sínum skyldustörfum í sambandi við þetta mál.

Ég tók það líka fram í hv. sjútvn. Nd., að um leið og ég viðurkenndi rök ákveðinna staða og jafnvel ákveðinna aðila, sem veiða með ákveðnu veiðarfæri, sem óhjákvæmilega staðreynd í sambandi við efnahagslega afkomu, þá yrðum við á þeim tímamótum, sem við stöndum á, að hafa önnur sjónarmið uppi, en það væru friðunar- og verndarsjónarmiðin. Þrátt fyrir það, sem ég hef sagt um það, sem gerðist hjá Sameinuðu þjóðunum í gær, og er auðvitað ekki á nokkurn hátt hæstv. sjútvrh. að þakka, — langt frá því, þá vitum við auðvitað, að hinn raunverulegi sigur er ekki unninn enn. Við höfum haft tvö sjónarmið í huga, þegar við höfum barizt fyrir okkar útfærzlu. Það er efnahagssjónarmiðið og verndarsjónarmiðið. Í aðgerðum hæstv. sjútvrh. fram til þessa, vil ég leyfa mér að fullyrða, að það, sem hann hefur látið frá sér fara í sambandi við verndar- og friðunarsjónarmiðin, sé í algeru lágmarki. Og þá leyfi ég mér að koma að því, sem hefði átt að vera búið að minnast á hér á hv. Alþ. fyrir löngu, það er hin eindæma friðun Faxaflóans. Það er ákaflega gott fyrir hv. þm., sem koma annars staðar að en hér frá Faxaflóasvæðinu, nema um sé að ræða sérstaka fulltrúa fyrir sportveiðar eða trillubátaveiðar, að koma og segja: Nú skulum við friða Faxaflóa til þess að benda öllum þjóðum á, hvað við Íslendingar séum miklir friðunarmenn. En það er bara það, sem auðvitað allir, ættu að vita, sem þekkja eitthvað fiskveiðar hér við Ísland, að Faxaflóinn er ekki neitt sérstakt svæði í sambandi við nauðsyn friðunar eða verndar ungfisks. Það eru flestallir flóar, a. m. k. 80% af öllum okkar fjörðum, sem falla undir það. Ef við værum réttlátir og vildum líka hafa í huga efnahagslega sjónarmiðið gagnvart fiskimönnunum við Faxaflóa, ættum við auðvitað að láta þetta ganga jafnt yfir allt landið og allt í kringum landið. Við eigum auðvitað að taka fyrir svæði og friða þau í nokkur ár hvert um sig og segja sem svo: Við erum að gera það til þess að vernda okkar ungfisk. Við erum að ala hann upp á þessum svæðum í 2—3 ár. Gott og vel, við, sem búum við Faxaflóa, höfum byrjað. Ég segi: Á næsta eða þar næsta ári skulu aðrir taka við. Þar með er ég ekki að segja, að það eigi að opna Faxaflóann, eins og hann var, áður en hann var nær alfriðaður. Hitt er svo annað mál, að það vantar nær algerlega í allt það, sem sjútvrh.

hefur látið frá sér fara, ákvæði um algera friðun, sem þarf að vera á ákveðnum svæðum fyrir öllum veiðarfærum. Hann veit auðvitað manna bezt, að það er ekki allt stór-þorskur eða stórýsa, svokölluð graðýsa, sem kemur á krókinn á línu eða færi. Það kemur líka smáfiskur. Það eru til ljósmyndir af því, sem voru teknar hér í Reykjavíkurhöfn fyrir skömmu, sem sýndu, hvað trillubátar af Akranesi veiddu mikið á lóðir á svæðum, þar sem helztu uppeldisstöðvarnar eru hér í Faxaflóa, svo mikið, að þeir voru nærri búnir að drekkja sjálfum sér, að ég nú ekki tali um tapið á þessum dýrmæta fiski, allt smáfiski, sem þeir höfðu veitt á leiðinni hingað til Reykjavíkur, þar sem þeir komu með þennan sama fisk á markað. Þess vegna hefði ég talið, þótt ég flytji ekki um það sérstaka brtt. nú, að þarna þurfi að gera bragabót á. Við ræddum um það, hv. 3. þm. Sunnl. og ég, og við erum sammála um það. En við, vildum samt sem áður ekki setja í hættu aðrar till. okkar, sem þegar hafa verið bornar fram. En það er enginn vafi á því, að það eru mörg svæði hér innan okkar landhelgi og jafnvel utan núv. fiskveiðilögsögu, sem við þurfum að friða fyrir öllum veiðarfærum. Það svæði, sem ég bendi sérstaklega á hér í Faxaflóanum, afmarkast að austanverðu af línu, sem dregin er frá Skaga á Akranesi og að Malarrifi. Þetta er eitt atriðið, sem mér finnst, að hafi mikið vantað inn í aðgerðir hæstv. sjútvrh. og hefði auðvitað þurft að koma núna í sambandi við framlengingu þessara laga og hefði verið ákaflega auðvelt að koma með.

Áður en ég held lengra, vil ég benda á, að auðvitað hlýtur það að vekja athygli okkar þm. hér í hv. d., sem hv. frsm. sjútvn. d. viðhafði, þegar hann fylgdi málinu úr hlaði. Ég man ekki, hvort þau orð eru fengin beint frá hæstv. ráðh. eða hvaðan þau eru fengin, þegar hann talaði um, að það væri ekki normalt af þm. að flytja brtt. við alla þá speki, sem kæmi frá þessari hv. landhelgisnefnd eða frá hæstv. ráðh. Nú má vera, að þetta sé beint framhald af þeirri stefnu, sem hefur verið tekin upp hjá hv. stjórnarþm., eins og reyndar hefur komið fram, að því er mér er tjáð af fulltrúum Sjálfstfl. í fjvn., t. d. hjá hv. skrifara þessarar d., hv. þm. Ingvari Gíslasyni, 3. þm. Norðurl. e., þegar hann lét hafa eftir sér í fjvn. í morgun, að minni hl. kæmi ekkert við, hvað verið væri að gera í sambandi við fjárlög. Þeir réðu þessu í meiri hl., þeir ætluðu að keyra þetta áfram og við í minni hl. gætum haldið kjafti. Guði sé lof, að þeir eru ekki alveg búnir að loka þar fyrir, allavega ekki fyrir Pétur Sigurðsson! En hvað um það. Þetta lýsir nokkuð þeim hugsunarhætti, sem er uppi hjá þessum ráðamönnum. Þetta er framhald af því, sem hefur komið fram hjá hæstv. sjútvrh. í sambandi við frumkvæði hans í landhelgismálinu. Ef till. eða frumkvæði annarra en hans sjálfs eða fylgifiska hans hafa komið fram, þá er það þegar dæmt dautt og ómerkt, vegna þess að það er ekki komið frá honum. Hins vegar hafa nautin tvö stangazt illilega á í Hafrannsóknastofnuninni, starfsmennirnir og stjórnin. Ekki veit ég, hvort hæstv. sjútvrh. stendur þar mitt á milli eða hvorum megin hann ætlar að stanga frá. En hitt þykist ég vita, vegna þess að hann er maður, sem hefur mikla þekkingu á þessum sviðum, að hann getur aldrei orðið sammála því, sem hefur komið frá starfsmönnum stofnunarinnar. Líklega verður hann ekki heldur með því, sem frá stjórninni kemur, vegna þess að hann er klókur og hygginn pólitíkus og á það til að geta sagt í dag, að það sé svart, sem var hvítt í gær, og öfugt, þannig að auðvitað verður hann að fara þarna bil beggja og vera á móti stjórnendunum líka til þess að móðga ekki starfsmennina. En ef nokkur maður getur farið þannig á milli, þá er það auðvitað hann.

Hv. formaður þessarar landhelgisnefndar, hv. þm. Gils Guðmundsson, 4. þm. Reykn., ræddi mjög efnislega bæði starf n. og þau vandamál, sem þeir hefðu haft við að glíma. Ég skal viðurkenna það fúslega, eins og ég hef þegar gert, að þau vandamál eru alls ekki léttvæg. Ég hef þegar tekið það fram, hann tók það einnig fram, og reyndar líka frsm. sjútvn. og fleiri ræðumenn, þ. á. m. hv. 3. þm. Sunnl., að það er ekki gott né auðvelt að ætla sér að sameina allar þessar skoðanir, og má vera, að það verði ógerlegt fyrir Alþ. En það breytir ekki því, að hæstv. ráðh. ef hann hefði haft nokkra trú á því sjálfur, að það mætti ná samkomulagi, hefði átt að leggja fram till. á réttum tíma, áður en lögin runnu úr gildi nú um áramót. Hann hefði átt að kalla n. saman til starfa fyrr en í sept. þá hefði kannske verið búið að vinna svolítið meira, en máske undrast enginn, ef n. hefði ekki þurft að byrja á því að safna t. d. saman upplýsingum um bátastærðir á landinu eða hvernig skipting bátastærða í flokka væri. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Þetta er fordæmanlegt. Svo kemur hæstv. sjútvrh. til okkar á síðustu stundu og leggur þetta fram fyrir okkur, sem þekkjum mætavel til þessara mála, og segir: Nú skuluð þið bara samþykkja framlengingu, vegna þess að n. gat ekki lokið störfum. Þetta er fyrir neðan allar hellur og lýsir auðvitað í einu og öllu störfum þessa hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild.

Fyrst verið er að tala um afla og aflaspár, þá er kannske rétt að draga fram þá staðreynd um leið, sem auðvitað hefur komið hér í sambandi við önnur mál, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að spá, hún hefur spáð og spáir í aflann. Hún spáði svo mikið, þegar hún tók við völdum, að hún fór að skipta aflahlutanum, áður en aflinn var kominn á land. Hún skipti aflanum, þar til þeir komust að því, bæði bóndinn úr Selárdal og framkvæmdastjórinn frá Norðfirði, að það var enginn fiskur í fjörunni til þess að henda til hásetanna. Hann kom ekki á land, en þeir voru samt búnir að skipta honum, það vantaði ekki. En spáð gátu þeir. Hún gerist stórkostleg, spákaupmennska á Íslandi. Auðvitað þurfti engan að undra, þótt þessir menn færu að fást við þá spákaupmennsku.

Það er rétt, sem kom hér fram hjá ræðumönnum í dag, þegar mál þetta var rætt, að það er auðvitað ekki um neina samfellda fiskveiðistefnu að ræða hjá ríkisstj. Auðvitað skal ég taka undir það, sem sjútvrh. sagði, að það er ekki til hjá neinum. Það er hvorki til pólitískur flokkur, hagsmunasamtök né ríkisstj., sem hafi treyst

sér til þess að móta þá stefnu enn þá. Og þetta er auðvitað eðlilegt með tilliti til þess, sem ég hef þegar sagt um þá gífurlegu skiptingu hagsmuna, sem hlýtur að verða, ekki aðeins á milli staða landfræðilega séð hér á landi, heldur og á milli veiðarfæra. Þetta hlýtur auðvitað að verða okkar stóra vandamál, þegar við komum að því að gera till. eða þeir, sem það eiga að gera, fyrir þingið. Það verður hið stóra vandamál. Persónulega er ég alveg á móti öllum hömlum á hugsunarhætti veiðimannsins, sem verður að vera við hún hjá íslenzka fiskimanninum hér eftir sem hingað til. Ég er á móti því, að það skuli vera tekin út einhver ákveðin lokuð hafsvæði fyrir einhver ákveðin byggðarlög, þar sem á að loka fyrir ákveðna staði. Jú, þetta er allt í lagi, segja þm. hinna dreifðu byggða. Það er allt í lagi að loka Faxaflóanum og friða hann öllum öðrum bófum til varnaðar. Við erum að friða, ekki aðeins vegna innanlands áróðurs, heldur utan lands líka. Hvert eiga þeir sjómenn, sem áttu áður aðgang að Faxaflóanum, að leita? Hvað mættu, ef út í þetta er farið, þeir segja, sjómennirnir frá Vestmannaeyjum, útvegsmennirnir frá Vestm.eyjum, frá stöðunum við sunnanvert Reykjanes og reyndar Reykjanes sjálft, þegar segja má, að allur floti landsins komi á þessi mið á vetrarvertíð? Er þá hægt fyrir einhverja ákveðna íbúa við þessi svæði að segja: Nei, nú er ykkur alveg bannað að koma til okkar? Við komum bara til ykkar til veiða. Nú skal ég viðurkenna það fúslega, að þetta er ekki jafneinfalt og það lítur úr fyrir, þegar ég segi þetta svona, því að það eru auðvitað margir staðir, sem þurfa virkilega á því að halda, að þar séu friðuð ákveðin svæði fyrir þau hin sömu, vegna sérstakra veiða, svo að atvinnu verði haldið uppi í viðkomandi byggðarlögum. Þetta vita allir og viðurkenna, og þetta hefur verið gert og verður gert. En það er ekki þar með sagt, að heil hafsvæði eigi að friða fyrir ákveðin byggðarlög, alls ekki til þess, sem ég mundi kalla til botnfiskveiða. En kröfur hafa komið fram um það. Ég skal frekar viðurkenna, að það megi og þurfi að gera það, ef um er að ræða takmarkað fiskmagn, hvort sem það er skelfiskur eða einhver annar slíkur fiskur, og magnið takmarkað, sem megi taka af, að ráði okkar fiskifræðinga. Þá skal ég viðurkenna þetta sjónarmið, en annars ekki. Það getur ekkert eitt byggðarlag átt sína landhelgi út í 50 mílur út frá sínu kaupfélagi. Það er alveg útilokað.

Ég kom aðeins inn á það, að það væri auðvitað stórkostleg blekking í sambandi við landhelgismálið í heild, fólgin í því, þegar verið væri að tala um það, að við værum búnir að færa okkar fiskveiðilögsögu í 50 mílur. Auðvitað erum við búnir að því að nafninu til. En þetta er ekki orðið virkt enn þá, og það vantar mikið á. Það vita auðvitað þeir hæstv. ráðh. bezt, sem að málinu standa, sömu ráðh. sem sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar, að allir samningar um þetta mál væru svik, en hafa gengið miklu lengra en nokkrir úr núv. stjórnarandstöðu gátu hugsað sér í sambandi við samningaumleitanir. Vera má kannske, að inn í þetta blandist líka annað mál, rétturinn til loðnuveiða. Öll frv. ríkisstj. í sambandi við efnahagsmál, sem hafa komið fram nú, eru byggð á hugsanlegri loðnuveiði, og væri réttast að kalla þau einu nafni loðnufrv., því að ef loðnuveiðin stenzt ekki samkvæmt spám okkar haf- og fiskifræðinga, þá stendur ekki steinn yfir steini í efnahagsfrv. ríkisstj. það miðast allt við það, að Gunnari Hermannssyni skipstjóra á Eldborginni, bróður hv. þm. Sverris Hermannssonar, 4. þm. Austf., takist ásamt öðrum, sem að því vinna, að finna það miklar loðnugöngur fyrir ríkisstj., að það megi keyra í gang allar verksmiðjur, sérstaklega eystra og þá að sjálfsögðu einkum á Norðfirði, sbr. kaup þeirra og fjárfestingu í sérstökum loðnuveiðiskipum, sem þeir hafa gert, — að það takist að setja þessar verksmiðjur í gang og verksmiðjunum að mala það Fróðagull fyrir ríkisstj., sem hún þarf á að halda. Ég vildi, að guð gæfi, að ríkisstj. yrði nú að ósk sinni og spám. En svipull er sjávarafli, og ekki er víst, að það sé komið strax á sparisjóðsbók þeirra Lúðvíks og Halldórs Sigurðssonar, þótt hagfræðingar og fiskifræðingar vorir hafi spáð þessum ágætu væntanlegu úrslitum efnahagsráðstafana ríkisstj. eða beinu framhaldi af þeim.

Hér kom fram nokkuð gagnrýni á það, að heimilt væri að veiða innan svokallaðra þriggja mílna. Nú hef ég aldrei getað skilið, — en það má kannske vel vera, að ég hafi þá sett mig í spor þorsksins, en ég veit, að hann skilur það ekki heldur og hann mun aldrei skilja það, — af hverju einhver ákveðin 3 mílna mörk eða 4 mílna eru höfð í sambandi við veiðar hans. Sannleikurinn er sá, að við allt það sem við erum að tala um í sambandi við heimildir og bönn við veiðarnar og sérstaklega þessa gömlu fordóma manna, sem lítið vit hafa haft á, þótt viljann hafi ekki vantað í sambandi við ákveðin veiðarfæri, þá er aðal spurningin auðvitað ekki um einhverja ákveðna línu. Þessi lína er ekki til nema á kortinu, og fiskurinn tekur ekki nokkurt mark á því, þó að einhverjir spekingar hér á Alþ., uppi í rn., jafnvel þótt hæstv. sjútvrh. sjálfur striki þessa línu, þá veit ég, að þorskurinn tekur ekkert mark á henni. Það er því tilgangslaust að tala um línur í sambandi við fiskinn. Aðalspurningin er þessi: ætlum við að leyfa okkar fiskimönnum að ná fiskinum á ódýrastan og hagkvæmastan hátt, á hagkvæmasta veiðarfærið, sem er til staðar á hverjum tíma, eða ætlum við að láta einhverjar gamlar bábiljur hamla okkur frá því, að svo sé? Þetta stendur ekki í neinu sambandi við það að vernda fiskstofninn. Ég segi það alveg hiklaust, og m. a. þess vegna kvaddi ég mér hljóðs í sambandi við þetta mál nú, að ég tel nauðsynlegt, enda hef ég gagnrýnt hæstv. ráðh. fyrir það að hafa ekki gengið lengra í friðunaraðgerðum í sambandi við þetta mál nú en gert er, og þar á ég sérstaklega við alfriðun, friðun fyrir öllum veiðarfærum. Ég hef bent á það, og það er hægt að sýna fram á, að hægt er að drepa ungfisk ekki aðeins við veiðar í botnvörpu og dragnót, en ekki síður í hringnót og í net. Við tökum fiskinn, áður en hann hrygnir, einnig á línu, og ég benti á ákveðið dæmi hér úr Faxaflóanum þar um. Ég held, að áður en þetta mál fer endanlega frá okkur þurfi hér um að bæta. Okkur er nauðsyn, að málið nái fram fyrir áramót, og ég skal

standa að því, að svo verði, jafnvel þótt brtt. okkar Guðlaugs Gíslasonar verði felld. Ég viðurkenni þá efiðleika, sem hafa verið uppi í sambandi við störf n. og það mikla starf, sem þeir eiga eftir. En það breytir ekki því, að ég hefði óskað eftir því, um leið og við látum frv. fara frá okkur á þessari stundu, að frekari ákvæði hefðu komið frá okkur, ekki sízt í framhaldi af þeim glæsilega sigri, sem Ísland hefur unnið á alþjóðarvettvangi, þess efnis, að um leið og við erum að færa út okkar fiskveiðilögsögu, þá séum við líka að friða okkar fiskstofna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil taka eindregið undir þau ummæli síðasta ræðumanns, hv. 10. þm. Reykv., hversu stór atburður það var, sem gerðist hjá Sameinuðu þjóðunum, þegar allsherjarþing þeirra samþ. till. Íslands og fleiri þjóða um rétt strandríkja til auðæfa hafbotnsins og auðæfanna á landgrunninu yfir honum. Þetta er stór atburður og skilar okkur langt áleiðis til fullnaðarsigurs í þessu mikla máli. En þessi ályktun hinna Sameinuðu þjóða undirstrikar það enn þá einu sinni, hvílík skammsýni það var af núv. ríkisstj. og stjórnarfl. að hafna till. um að miða útfærsluna á þessu ári við allt landgrunnið, en binda sig aðeins við 50 mílurnar. Þessi ályktun hinna Sameinuðu þjóða byggist einmitt á réttinum til landgrunnsins og auðæfanna yfir því og er því enn ein sönnun fyrir því, að það var rétt, sem við héldum fram, stjórnarandstæðingar, í till. okkar og umr. um það mál, og líti skiljanleg skammsýni og stífni af hálfu hæstv. sjútvrh., sem réð ferðinni í þessu efni, að hafna þeim till.

Það, sem hér liggur fyrir, er frv. um að framlengja veiðiheimildir togskipa, sem veittar voru 1967, þar sem þær mundu ella falla úr gildi um næstu áramót. En nú hefur sjútvn. þessarar d. lagt til, að bætt verði inn í frv. nokkrum ákvæðum til friðunar og verndar, og er það gert að till. fiskveiðilaganefndar. Þar sem hér er nú komið inn á friðunar- og verndunarmál og till. frá tveim hv. þm., Guðlaugi Gíslasyni og Pétri Sigurðssyni, til frekari friðunar liggur enn fremur fyrir, tel ég rétt í framhaldi af þeim umr., sem áður hafa verið um það mál hér á Alþ., að mæla hér nokkur orð.

Ég vil segja það fyrst, að þegar sjútvn. leggur fram þessar till. sínar nú á þskj. 184, þá hefði verið æskilegt, að þm. hefðu fengið í hendur einhver gögn þessu máli til rökstuðnings. Þessar till. koma frá svokallaðri fiskveiðilagan., sem á að gera till. um hagnýtingu landgrunnsins og fiskimiðanna. Það hefði verið æskilegt, að frá þeirri n. hefði komið og verið útbýtt til þm. einhverri grg. með nánari upplýsingum um það, sem fram á er farið. Vitað er, að frá Hafrannsóknastofnuninni hafa komið till. og álitsgerðir, bæði frá fiskifræðingunum stjórn stofnunarinnar, og vissulega hefði verið eðlilegt og í rauninni nauðsynlegt, að þm. hefðu fengið þessar álitsgerðir í hendur. Í þriðja lagi hefði ekki verið neitt óeðlilegt, þó að þm. hefði verið látin í té einhver frásögn af þeim mörgu fundum sem fiskveiðilagan. hefur haldið, en hún hefur haldið marga fundi og mjög ítarlegar fundargerðir verið skráðar um það, sem fram hefur komið, að því er hér hefur verið skýrt frá. Það má segja, að sú n. muni kannske ógjarnan vilja skila slíkum upplýsingum, fyrr en hún hefur lokið störfum, en æskilegra hefði þó verið, að þm. hefð fengið að fylgjast nánar með störfum hennar, og hefði vel mátt gefa þm. einhvern útdrátt úr því, sem þegar hefur gerzt, og þeim óskum, sem fram hafa komið.

Ég vil láta þetta koma fram vegna þess, að það er ákaflega örðugt fyrir þm. að meta þær till., sem hér hafa komið fram frá sjútvn., þar sem engar af þeim upplýsingum, sem ég hef nefnt hér, hafa verið lagðar fram af hálfu hæstv. sjútvrh. eða n. Vil ég sérstaklega benda á, að það er í rauninni ekki frambærilegt að leggja fram slíkar till. fyrir þingheim, án þess að eitthvað af þeim margvíslegu upplýsingum sérfræðinga, sem liggja fyrir, fylgi með.

Nú eru þessar till. frá sjútvn. góðra gjalda verðar og góðar, svo langt sem þær ná. Eins og hefur komið fram hjá þm., sem hér hafa talað, og ég vil undirstrika, þá ganga þessar till. allt of skammt. Í rauninni er nauðsynlegt að rekja í nokkrum dráttum, hvernig að þessu máli hefur verið staðið, síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, því að það er sannast sagna, að varðandi friðunar- og verndunarmál fiskstofnanna og fiskimiðanna hefur verið linlega að staðið. Í rauninni kom það fram hér í fyrra í umr. um útfærslu landhelginnar, að hæstv. núv. sjútvrh. hefur harla litinn áhuga á friðunar- og verndunaraðgerðum, og vil ég taka undir flest af því, sem hér hefur verið sagt af tveim síðustu ræðumönnum í því efni.

Í þeirri till., sem við sjálfstæðismenn fluttum haustið 1971 um landhelgismálið, var, auk þess að taka landgrunnið allt, sérstaklega lögð áherzla, á bæði í 2. og 3. lið þeirrar till., á friðunar- og verndunarmál. Þar var lagt til í 2. tölul., að ákveðin skyldu friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út af ytri mörkum þess. Þessar ráðstafanir skyldu ganga í gildi 1. marz 1972. Enn fremur skyldu settar reglur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða innan þágildandi fiskveiðimarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Þessar reglur skyldu einnig taka gildi 1. marz 1972. Það undarlega gerðist, að í umr. um þetta mál snérist hæstv. sjútvrh. ekki aðeins hart á móti þeirri stefnu, sem nú hefur sannazt, að hefði verið sú rétta, þ. e. að miða við landgrunnið, en ekki við 50 mílurnar eingöngu, heldur snérist hann einnig harkalega á móti þessum friðunar- og verndunartill. Þau rök, sem hann færði fram, voru í fyrsta lagi, að Alþ. gæti ekki ákveðið slíkt án þess að leit fyrst álits Hafrannsóknastofnunarinnar og fiskifræðinga, það væri svo samkv. landsgrunnisl. Þetta var fyrirsláttur einn, þegar af þeirri ástæðu, að í sjálfri till. var skýrt tekið fram, að um framkvæmdir þessara friðunar- og verndunaraðgerða skyldi ríkisstj. hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands, og vitanlega var ekkert því til fyrirstöðu, að Alþ. markaði heildarstefnuna í þessum málum. Áður en reglugerð til framkvæmda á þessu yrði gefin út, átti að sjálfsögðu að fá till. Hafrannsóknastofnunar-

innar varðandi sjálfa framkvæmdina, nánari mörk svæðanna, hversu lengi friðun skyldi standa á hverjum stað, hvers konar veiðarfæri skyldu leyfð eða bönnuð, hvort miða skyldi einnig við stærð skipa. Önnur ástæða, sem hæstv. ráðh. færði þá fram, var sú, að þetta gætum við ekki gagnvart útlendingum vegna þess, að það þýddi átök við þá, og að því er manni skyldist, þá væri það nægilegt að eiga í átökum við útlendinga um 50 mílna útfærsluna, þó að við færum ekki líka í átök út af sérstökum friðunaraðgerðum. Manni skildist jafnvel, að Íslendingum væri þetta ekki heimilt nema með samþykki útlendinga. Allt vakti þetta nokkra furðu, en í raninni hefur þetta allt saman skýrzt nánar síðar. Hæstv. sjútvrh. hefur haft og hefur í dag sáralitinn áhuga á friðunar- og verndunaraðgerðum, og kom það glögglega fram, þegar hann gaf út reglugerðina 14. júlí s. l. um útfærsluna í 50 sjómílur. Þá voru að vísu ákveðin tvö verndarsvæði samkv. 3. gr. reglugerðarinnar, fyrir Norðausturlandi og fyrir Suðurlandi, en þannig var ákvarðað varðandi fyrra svæðið, að það skyldi aðeins friðað í 2 mánuði á ári, apríl og maí, og eingöngu verndað fyrir botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Varðandi hitt svæðið, fyrir Suðurlandi, þá skyldi það aðeins lokað 1 mánuð á ári hverju og aðeins fyrir þessum sömu veiðarfærum, en öll önnur veiðarfæri, hversu stórvirk sem þau væru, eins og t. d. netin, voru frjáls. Það var því þegar sýnt af þessu, að áhugi hæstv. ráðh. var harla lítill í þessum efnum.

Þegar hæstv. ráðh. leyfir sér nú í umr. hér að halda því fram, að þetta hafi verið gert í samráði *við Hafrannsóknastofnunina og með hennar* fulla samþykki, þá stangast það heldur illilega á við þær till., sem Hafrannsóknastofnunin hefur gert. Þær eru dagsettar í september, að vísu nokkru eftir þetta, en þar segir m. a., eins og hv. 3. þm. Sunnl. drap hér á, að Hafrannsóknastofnunin lýsi furðu sinni á þeirri ákvörðun að friðlýsa ákveðið hrygningarsvæði suðvestanlands fyrir togveiðum, en ekki öðrum veiðarfærum, svo sem þorskaneti. Friðun svæðisins, segir í grg. og till. Hafrannsóknastofnunarinnar, er ekkert nema sýndarmennska, ef hún nær ekki til allra veiðarfæra, einkum þar sem engar takmarkanir eru settar á stórtækustu veiðarfærin, þorskanetin. Ég verð að segja, að mér gengur illa að koma því heim og saman, hvernig sú stofnun, sem lýsir slíkri gagnrýni og vanþóknun á þessari reglugerð hæstv. ráðh. frá 14. júlí, hafi lagt þetta til við ráðh. og samþ., eins og ráðh. sagði í umr. hér í dag.

Það er auðvitað mála sannast, að eitt hið þýðingarmesta í okkar fiskveiðimálum nú, auk sjálfrar útfærslunnar, er hagnýting fiskimiðanna og réttar friðunar- og verndunaraðgerðir. Fiskveiðilagan., sem svo er kölluð, hóf starf sitt allt of seint. Það er ekki henni að kenna, heldur vegna þess, að ráðh. fól henni ekki fyrr en nú í haust að hefja störf. Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á furðulegt ranghermi ráðh. í ræðu hans í dag. Hann leyfir sér að halda því fram, að á síðasta þingi hafi verið alger samstaða um það meðal allra þm. að fresta öllum friðunar- og verndunaraðgerðum allt árið 1972. Þessi missögn er byggð á því, að á síðasta þingi var samþ. að framlengja þessar veiðiheimildir frá 1967 *til* togskipanna *til* ársloka 1972. Um þetta var samkomulag. En það er fjarstæða að leyfa sér að túlka þetta samkomulag um framlenginga á veiðiheimildum togskipanna þannig, að allir alþm. hafi verið sammála um, að ekkert skyldi gert í friðunar- og verndunarmálum árið 1972. Ég vil mótmæla þessu fyrir mína hönd, og ég veit, að ég geri það um leið fyrir hönd þorra þm. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að það hafi verið ósk og vilji alls þorra þm., að sem fyrst yrði gengið myndarlega og rösklega að friðunar- og verndunaraðgerðum.

Varðandi ályktanir Alþ. sjálfs vil ég taka það fram, að þó að stjórnarmeirihlutinn féllist ekki á till. okkar sjálfstæðismanna um verndunaraðgerðir þær, er ég lýsti hér áðan, liggur þó fyrir samþykkt Alþ. frá 7. apríl 1971, þar sem Alþingi fól ríkisstj. að undirbúa friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða. Í þeirri ályktun, sem gerð var með atkv. allra þm. 15. febr. 1972, er í 4. lið tekið fram, að Alþingi ályktí, að settar verði, eftir því sem nauðsynlegt reynist, reglur um friðun fiskistofna og einstakra fiskimiða til að koma í veg fyrir ofveiði. Vilji Alþingis er ótvíræður bæði nú og fyrr í þessu efni, og það er furðulegt, að ráðh. skuli leyfa sér að halda því fram, að allir alþm. hafi verið á einu máli um það, að ekkert skyldi gert í þessum málum allt árið 1972.

Það er vissulega ástæða til að minnast hér á *þetta vegna þess, hve það hefur berlega komið* í ljós, hver hugur ráðh. hefur verið, þegar hann talaði eindregið á móti friðunar- og verndunartill. okkar fyrir ári. Nú hefur hann sýnt það í verki, að hjá honum er lítill áhugi sem enginn í þessu efni. Þegar hæstv. ráðh. talar nú á móti till. þeirra Guðlaugs Gíslasonar og Péturs Sigurðssonar, sem ég tel mjög tímabæra og lýsi eindregið stuðningi við, till. á þskj. 185, þá eru rök hans m. a. þau, að þessi brtt. þeirra um aukna friðun komi þvert á samninginn við Belgíumenn. Hann vildi ekki fullyrða, að það væri beint brot á samningnum, en það væri samt mjög óeðlilegt, eftir að búið væri að semja við Belgana um þetta. Ég vil aðeins segja það, að ef um það hefur verið samið við Belga, að ekki mætti framkvæma hér nauðsynlegar friðunar- og verndunaraðgerðir fyrir okkar fiskimið og fiskistofna, þá hefur sá samningur verið óheillasamningur fyrir Ísland. Hins vegar held ég fyrir mitt leyti, að þetta geti ekki verið rétt. Eftir því, sem ég hef séð og lesið af samningnum, get ég ekki séð, að neitt sé í honum, sem komi í bága við þær friðunaraðgerðir, sem lagðar eru til á þskj. 185, né aðrar friðunarhugmyndir, sem nefndar hafa verið. Þegar ráðh. í kappi sínu og ákefð reynir að koma í veg fyrir samþykkt um aukna friðun, grípur hann til þess að vitna í samninginn við Belga, sem hann gerði fyrir ekki alls löngu.

Á það hefur verið bent hér rækilega, bæði af hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 10. þm. Reykv., hversu friðunar- og verndunarmál fiskistofnanna eru mikilvæg, fyrst og fremst fyrir líf og afkomu ís-

lenzku þjóðarinnar, en ekki síður fyrir allan okkar málflutning út á við. Ég held, að það sé mála sannast, að þegar menn hafa rætt við útlendinga, sem eru okkur velviljaðir í þessum málum, kemur iðulega fyrir, að þeir segja: Eitt örðugasta, þegar við erum að tala ykkar máli, er það, að þið hafið sjálfir ekki sýnt nægan vilja eða sýnt það í framkvæmd, að þið viljið friða og vernda fiskistofnana. Það er notað sérstaklega á alþjóðavettvangi af okkar andstæðingum og bent á síldveiðarnar, og stundum er bent á, að um leið og Íslendingar segjast vilja friða og vernda, séu þeir sjálfir að byggja upp mjög stóran togaraflota. Ég skal ekki taka það mál til umr. hér, því að vitaskuld var endurnýjun togaraflotans nauðsynleg, þótt kannske hefði verið æskilegra að hafa þar önnur vinnubrögð en að fá alla þessa togara svo til samtímis. En fyrst og fremst er það alvarlegt fyrir okkar málstað út á við, hversu mikil tregða hefur verið hjá stjórnarvöldunum til að gera þær verndunar- og friðunaraðgerðir, sem æskilegt hefði verið.

Ég er í engum vafa um það eftir kynnum mínum af þessum málum og þróun þeirra erlendis, að það hefði orðið okkur stórkostlegur styrkur í allri okkar baráttu, ef samþ. hefðu verið till. okkar sjálfstæðismanna í fyrra um að hefjast þegar í stað handa um friðunar- og verndunaraðgerðir utan 12 mílna út að yztu mörkum landgrunnsins og láta slíkar friðunar- og verndunaraðgerðir verða undanfara hinnar miklu útfærslu. Ég er sannfærður um það, að vegna þess, hvað friðunar- og verndunaraðgerðir eiga mikilli samúð og skilningi að mæta meðal allra þjóða, þá hefði slíkum friðunaraðgerðum ekki verið mótmælt, engin þjóð hefði treyst sér til þess. Með þeim aðgerðum hefðum við öðlazt meiri samúð en við höfum náð. Núv. stjórnarflokkar vildu ekki ahyllast þá leið, og tel ég það mjög miður farið.

Það vildi svo til, að sama daginn og útfærslan í 50 mílur kom til framkvæmda, ritaði þáv. forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar, Ingvar Hallgrímsson, grein í málgagn sjútvrh., Þjóðviljann, þar sem hann leggur, einmitt á þessum útfærsludegi, sérstaka áherzlu á nauðsyn skynsamlegrar hagnýtingar friðunar og verndunar. Hann segir m. a.: „Það er nú hlutverk okkar að rétta fiskistofnana við. Það verður ekki gert á annan hátt en þann að hafa skynsamlega stjórn á veiðunum, og hér duga engin vettlingatök.“ Það hvarflar að manni, hvort þessi ágæti fiskifræðingur hefur haft í huga, er hann skrifaði þetta, vettlingatök, sem hæstv. sjútvrh. hefði tekið á þessum málum 14. júli með reglugerðinni þá. Þessi sami fiskifræðingur leggur á það áherzlu, að ef við viljum á annað borð hafa einhver tök á hinni stóru landhelgi, verði að hætta rányrkjunni og stjórnleysinu og veiða á skynsamlegan hátt, en veiða ekki fisk niður í óarðbærar stærðir.

Hagur Íslendinga mun í framtíðinni mjög markast af því, hvaða stefnu íslenzk stjórnarvöld taka í þessu máli. Ég vil segja, að hæstv. sjútvrh. hefði átt að hlusta betur á raddir fiskifræðinganna, m. a. þessa ágæta manns. Ég vænti þess, að hér á Alþ. muni áfram heyrast þær raddir og eitthvað heyrist úr stjórnarherbúðunum líka í þá átt, að Alþ. ætlist til, að betur og vasklegar sé gengið fram í friðunar- og verndunarmálum en verið hefur reyndin að undanförnu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Tilefni þess, að ég tek hér til máls, er fyrst og fremst það, að á þskj. 185 hafa 2 þm., hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 10. þm. Reykv., flutt um það till., að næstu tvö ár verði þistilfjörður og svæðið út af honum, friðaður alfarið fyrir botnvörpu, flotvörpu og dragnótaveiðum um tveggja ára skeið. Auk þess er gert ráð fyrir því, skilst mér, í till. fiskveiðilagan. til hæstv. sjútvrh., að öll þorskanótaveiði verði bönnuð bátum yfir 50 tonnum þegar á næsta ári og öllum bátum frá og með áramótum 1973-1974.

Nú er það svo, að þetta svæði, sem þarna er um að ræða, Norðurlandskjördæmi eystra, er, að ég ætla, eina kjördæmi landsins, þar sem fiskveiðilagan. hefur ekki haldið fund með útvegsmönnum og sjómönnum. Af þeirri ástæðu finnst mér hálfóviðkunnanlegt af einum fiskveiðilaganefndarmanninum, að hann skuli taka þetta svæði út úr, áður en hann hefur kynnt sér viðhorf þeirra manna, sem sjó sækja á þessu svæði. Formaður fiskveiðilagan. lét þess getið hér áðan, að það stæði til, að n. færi þangað norður einhvern tíma á næstunni og ræddi við sjómenn og útvegsmenn á þessu svæði, og er ekki seinna vænna. Það er í hæsta máta óskiljanlegt og óafsakanlegt, að fiskveiðilagan. skuli ekki nú þegar hafa átt fund með þessum mönnum, kynnt sér viðhorf þeirra til fiskveiðanna og þeirra sérstöku aðstæðna, sem eru fyrir hendi í þessum landsfjórðungi.

Með þessum orðum mínum er ég á engan hátt að draga úr nauðsyn samræmdra aðgerða í fiskverndunarmálum og tel eins og raunar flestir aðrir þm., sem hér hafa talað í dag og í kvöld, að óskiljanlegur og óafsakanlegur seinagangur hafi verið hjá sjútvrh. í þeim málum. En það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að við þær ráðstafanir, sem gerðar verða til verndunar fiskistofnunum, verður að gæta nauðsynlegs samræmis og taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Mér er ekki kunnugt um, að í Norðurlandskjördæmi eystra séu menn á móti nauðsynlegum aðgerðum til verndunar fiskistofnunum. Hins vegar eru þeir að sjálfsögðu eins og allir réttsýnir menn á móti því, að það sé hlaupið til með tillöguflutningi á Alþ. með þeim hætti, sem gert er á þskj. 185, án þess að svo mikið sé við haft, að flm., — þar af annar meðlimur í fiskveiðilagan., — kynni sér skoðanir manna á þessu svæði. Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á það, að það er mönnum þar nyrðra mikið áhyggjuefni hversu vinnubrögð landhelgisgæzlunnar eru slök í því að halda uppi þeim reglum, sem þegar hafa verið settar um ýmis veiðarfæri þar norðanlands. Svo langt hefur gengið, að beinar kvartanir hafa borizt og krafa um það, að gæzluskip komi norður. Í sjónvarpsviðtali við oddvitann á Þórshöfn var því beinlínis haldið fram, að landhelgisgæzlan reki skipin austur á bóginn frá öðrum miðum, til þess að þau hnappist saman á þessu svæði. Það hefur komið fram í sjóprófum, að þessi ásökun er ekki út í hött, að skip landhelgisgæzlunnar

hafi sérstaklega verið að stugga brezku togurunum austur á bóginn og jafnvel austur fyrir land, austur fyrir kjördæmi hæstv. sjútvrh. Þetta hefur komið fram í opinberum sjóprófum.

Í þessu sambandi vil ég einnig láta það koma skýrt fram, að í brtt. sjútvn. á þskj. 184 eru að minni hyggju nægilegar heimildir fyrir ráðh. til þess að gera nauðsynlegar friðunarráðstafanir, eftir því sem þurfa þykir, fyrir Norðausturlandi, a. m. k. fram að þeim tíma er heildarreglur verða settar um þessi mál.

Eins og ég sagði áðan, vantar mikið á, að þeim reglum, sem settar hafa verið um takmörkun á stórvirkum veiðarfærum, hafi verið fylgt eftir sem skyldi. Það er staðreynd, að misnotkun á veiðarfærum á sér stað, þó að mér skiljist að vísu, að frá sjómönnum sjálfum hafi á síðustu missirum aukizt innbyrðis aðhald í þessum efnum. Er það vissulega góðra gjalda vert. En það er ekki því að þakka, að af opinberri hálfu hafi eitthvað verið gert til þess að fylgja settum reglum í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að blanda mér að öðru leyti inn í þær umr., sem hér hafa farið fram. Ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var eingöngu sú, að ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru á þskj. 185, og legg á það áherzlu, að við friðun Þistilfjarðar og svæðisins út af honum, svo og önnur afmörkuð svæði á landinu, verði litið á málið sem eina heild, en ekki hlaupið í neinar ráðstafanir, áður en fiskveiðilagan. hefur gefið sér tíma til að kynna sér viðhorf manna þar norður frá, þótt mér hafi skilizt það á ræðu hv. 3. þm. Sunnl. hér áðan, að fiskveiðilagan. hafi raunar þegar nokkurn veginn mótað sér skoðanir um það, að þessi aðgerð sé naðusynleg, eins og fram kemur í þskj. 185.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir rétt að leiðrétta misskilning hjá hv. síðasta ræðumanni, 9. landsk. þm. Ég held, að misskilningurinn stafi af því, að hann hefur lítið fylgzt með aðgerðum í þessum málum og lítið fylgzt með umr. hér á Alþ. í sambandi við þessi mál. Hann var með ámæli til okkar hv. 10. þm. Reykv. fyrir að hafa lagt til, að svæðið fyrir Norðausturlandi yrði friðað, það væri eitt tekið út úr. Ég vil benda honum á, að þetta er ekki okkar till. Svæðið er samkv. reglugerð þegar friðað. Okkar till. í þessu sambandi er sú ein, að friðun standi lengri tíma en þar er gert ráð fyrir. Ég vil einnig benda þessum hv. þm. á það, ef hann telur sig vera þess umkominn að vera með ámæli til mín og hv. 10. þm. Reykv. fyrir að hafa bent á þetta svæði, að í till. okkar er líka að finna till. um það, að svæði fyrir Suðurlandi, sem er aðalveiðisvæði bátanna frá Vestmannaeyjum og hér við Suðvesturland á vetrarvertíð, verði einnig friðað, þannig að við erum ekki að gera neinn mun á milli landshlutanna. A. m. k. ég fer í minn eiginn landshluta og legg til, að þar sé friðað svæði, þar sem netaveiðar hafa verið einna mest stundaðar á undanförnum áratugum. En eins og ég sagði í upphafi, stafar þetta af vanþekkingu þessa unga hv. þm., hann hefur ekki fylgzt með umr. um þetta og hefur sjáanlega ekki kynnt sér málin nægjanlega til að geta talað eins og hann gerði hér áðan.

Um að fiskveiðilagan. hafi ekki átt viðræður við þá aðila, sem hagsmuna hafa að gæta fyrir Norðausturlandi í sambandi við fiskveiðarnar, vil ég benda á það, að n. mætti vissulega á þessu landssvæði og gerði sér þangað ferð, sem var erfiðasta ferðin, sem n. fór í, en þeir voru því miður ekki tilbúnir til að tala við okkur. Við fengum þær upplýsingar, að aðstæður hjá þeim væru þannig, að þeir gætu ekki mætt til fundar með okkur, og af því varð ekki af þeim viðræðufundum, sem við höfðum stofnað til og vorum mættir til að halda, svo að ég held, að fiskveiðilagan. verði lítið ásökuð í þessu sambandi.

Ég skal ekki tefja þessar umr. neitt úr hófi, en vildi aðeins koma að fáum atriðum, vegna þess að hæstv. sjútvrh. var ekki mættur hér í kvöld, þegar ég lauk síðari hluta af minni ræðu. Hann fór fram á það við flm. till. á þskj. 185, mig og hv. 10. þm. Reykv., að við drægjum þessa till. til baka. Ég get sagt það fyrir hönd okkar beggja, að við erum ekki reiðubúnir til að gera það, og skal ég ítreka það, sem ég sagði fyrr í kvöld, að við teljum, að þær ráðstafanir, sem við leggjum til í till. séu svo nauðsynlegar og svo aðkallandi, að það er að okkar dómi alveg óforsvaranlegt undir öllum kringumstæðum að draga úr hömlu að koma slíkum reglum á nú þegar fyrir næstu vetrarvertíð. Ég á þar við svæðið fyrir Suðurlandi, þar sem lagt er til, að tiltekið hrygningarsvæði á Selvogsbanka verði friðað. Ég benti á það hér í kvöld, þegar hæstv. ráðh. var ekki enn kominn í þingsal, að það hefði borið að á síðustu vertíð, að fiskur hefði ekki í neinum mæli, miðað við það, sem áður hefur verið, komið inn á þetta svæði á hrygningartímanum. Ef þetta stafar af því, að ofveiði með netum hafi átt sér stað á undanförnum árum á þessu svæði, þá er sannarlega óforsvaranlegt í alla staði að draga það eitt ár til viðviðbótar að gera ráðstafanir til þess, að þarna verði ákveðið tiltekið friðunarsvæði fyrir netaveiðum einnig. Það má vel vera, að þetta sé of seint fram komið. En ég tel, að það sé ekki hægt að afsaka það, þegar málum er komið eins og á síðustu vertíð, að draga eitt ár enn að gera slíkar ráðstafanir og gera þær í mun víðtækari mæli en reglugerðin, sem gefin var út 14. júlí, gerir ráð fyrir, því að friðun aðeins fyrir botnvörpu, flotvörpu og dragnót á þessum stað er sýndarmennska, eins og fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar orðuðu það í áliti sínu. Þarna eru yfirleitt alls ekki stundaðar nokkrar dragnótaveiðar eða veiðar með botnvörpu á þessum tíma. Þarna fara fram einungis netaveiðar á þessum tiltekna tíma, og þess vegna er það, að ef ekki er friðað fyrir öllum veiðarfærum, ná ráðstafanir þær, sem núna eru í gildi, ekki tilgangi sínum, koma ekki að þeim notum, sem þeir menn, sem þarna eru kunnugir málum, telja, að verði að eiga sér stað.

Varðandi svæðið fyrir Norðausturlandi, er engin tilviljun, að hæstv. ráðh. tók það inn í reglugerðina á s. l. sumri. Það er vitað, að þetta er það svæði, sem fiskifræðingar hafa árum saman fjallað um. Ég á þar við fiskifræðinga og sérfræðinga þá, sem komið hafa saman og kölluð

er almennt Norðaustur-Atlantshafsnefndin. Þetta er það svæði, sem þeir, ég held fyrir 10-12 árum, bentu á, að fyrst bæri að friða sem uppeldisstöðvar ungfisks hér við land.

Ég vil til áréttingar því, sem ég sagði hér í dag um þetta atriði, benda hæstv. ráðh. á það, sem Ingvar Hallgrímsson, fiskifræðingur, sem þá var settur forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, sagði í viðtali, sem hann átti við fréttamann sjónvarpsins hinn 22. nóv. á árinu 1971. Ég fékk vélritað þetta viðtal og vil — með leyfi forseta— lesa upp úr því einn kafla, að því er þetta svæði varðar. Fréttamaðurinn spyr Ingvar Hallgrímsson, fiskifræðing þessarar spurningar: „En hve alvarlegt er þetta seiða- og smáfiskadráp í raun og veru? Hve mikið er í húfi?" Þetta er spurningin, sem fréttamaðurinn leggur fyrir fiskifræðinginn varðandi ungfisksveiðarnar. Svar hans er þetta: „Ég held, að það sé mjög mikið í húfi. Við getum t. d. tekið þorskárganginn frá 1964, sem var mjög stór, að hann var byrjað að veiða hér við land 1968, og í svo miklum mæli, að af því sem var veitt við landið af smáþorski, var helmingurinn árgangurinn frá 1964 þegar 1968, og þessu hefur verið haldið áfram. Við bjuggumst við því, að þessi fiskur kæmi fyrst til hrygningar á síðustu vetrarvertíð hér sunnan- og vestanlands, en hann kom ekki. Og það læðist náttúrlega að sá grunur, að það hafi einmitt verið vegna þess, hve mikið hafi verið gengið á hann, á meðan hann var ókynþroska."

Þá á fiskifræðingurinn við á uppeldisstöðvunum fyrir Norður- og Norðausturlandi. Ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að þetta sé eiginlega fyrsta aðvörun, sem Alþ. og þjóðin fær um það, frá Hafrannsóknastofnuninni, hvað raunverulega er að gerast á svæðunum fyrir Norður- og Norðausturlandi, á aðaluppeldisstöðvum ungfisks. Það er þegar við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að árgangur fisksins, sem þarna hefur verið að alast upp á undanförnum árum og átti eðli málsins samkv. og samkv. *þeirri kenningu*, sem fiskifræðingar hafa, að ganga suður fyrir land, eftir að hann var kominn á visst þroskastig, kemur ekki, og skýringin hjá fiskifræðingum er sú ein, að hann hafi verið veiddur á þessum svæðum, meðan hann enn var ókynþroska og hélt sig á uppeldisstöðvunum. Ég tel einmitt, að þetta sé mjög sterk ábending til Alþ. um að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að tiltekin svæði verði friðuð. Ég tel rétt, að einmitt þetta tiltekna svæði verði friðað, ekki aðeins í tvo mánuði, eins og reglugerðin gerir ráð fyrir, heldur í tvö ár, til þess að við fáum reynslu af því, hvort friðunarráðstafanir þær, sem við erum með í huga komi að því haldi, sem við höfum gert okkur vonir um.

Þá vil ég aðeins koma að þeirri till., sem hæstv. ráðh. hefur flutt hér um, að lögin um bann gegn botnvörpuveiðum verði framlengd, ekki til 15. *mai, eins og öll fiskveiðilagan. og öll sjútvn. d.* urðu sammála um að leggja til, heldur til 1. júlí. Ég er satt að segja nokkuð undrandi yfir því, að hæstv. ráðh. skuli leggja þessa till. fram, eftir að hann veit afstöðu allra þessara aðila, sem um þetta hafa fjallað. Það er ekki út í bláinn, að við leggjum til, að lögin verði framlengd til 15. mai. Það er vitað, að þá eru vertíðaskipti um land allt, þá hefst nýtt veiðitímabil, t. d. fyrir Suðurlandi í sambandi við humarveiðarnar. Það væri mjög óeðlilegt og erfitt að byrja humarveiðarnar 15. mai, eins og reglur og lög gera ráð fyrir, og eiga svo á miðri humarvertíðinni að fá yfir sig breyttar reglur. Það er miklu betra, að þær reglur, sem kunna að verða lögfestar hér í vetur, verði komnar fram og fiskimenn viti um þær, þegar þeir byrja þessar veiðar hinn 15. mai n. k. Þetta var ástæðan fyrir því, að allir þessir aðilar voru sammála um að framlengja lögin aðeins til 15. mai, en ekki lengur. Ég tel það eðlilega ósk frá minni hendi og nm., bæði fiskveiðilagan. og sjútvn., að hæstv. ráðh. tæki þessa till. sína til baka.

Þá var það eitt atriði, sem hæstv. ráðh. kom inn á, sem ég sé ástæðu til að ræða aðeins nánar, að vísu gerði hv. 5. þm. Reykv. það, en það var það, sem hæstv. ráðh. sagði og var kannske aðalástæða hans fyrir því að ganga á móti till. okkar á þskj. 185, að samningur hefði verið gerður við Belgíumenn um tiltekin veiðisvæði og viðræður ættu sér stað við aðrar erlendar þjóðir. Ég segi: Hvar er nú hinn harði maður, Lúðvík Jósepsson, eins og hann talaði fyrir síðustu kosningar, að útfærslan skyldi ákveðin þennan ákveðna mánaðardag og það varðaði engan annan um það, þetta væri okkar innanríkismál, eins og hann orðaði það? Þetta var rétt hjá honum, þetta er okkar innanríkismál. En hvað er nú verið að hopa og tala um samninga, sem gerðir hafa verið við Belgíumenn, eða viðræður við aðrar erlendar þjóðir? Ég segi, að Íslendingar eiga alveg óhikað að gera sínar friðunarráðstafanir, bæði gagnvart erlendum aðilum og okkar veiðiflota einnig. Við verðum, þó að það komi eitthvað niður á bæði flotanum fyrir Norðurlandi og Suðurlandi og togaraflotanum, að gera okkur grein fyrir því, að það verður að skipuleggja veiðarnar þannig, að viss svæði séu á hverjum tíma friðuð fyrir botnvörpu og í *sumum tilfellum fyrir öllum veiðarfærum.*

Eins og ég sagði í upphafi, skal ég ekki lengja þessar umr. neitt verulega. En ég vil mjög undirstrika það, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv. og reyndar einnig hjá hv. 10. þm. Reykv., að sú aðstaða, sem nú hefur skapazt með samþykkt þeirri, sem gerð var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær, gefur okkur vissulega meira svigrúm til þess að gera þær ráðstafanir, bæði í friðunarmálum og öðru, sem við sjálfir teljum skynsamlegar og nauðsynlegar. Við þurfum að mínum dómi ekki að taka þar neitt tillit til þeirra aðila, sem nú hafa verið að sækja á okkur í sambandi við útfærslu landhelginnar. Ég tel, að að það sé kominn fullkominn grundvöllur til að standa alveg óhikað á málstað okkar, hvað sem aðrar þjóðir kunna að segja, því að ég held, að það dyljist ekki einum einasta Íslendingi lengur, að við erum raunverulega búnir að sigra í *landhelgisdeilunni, en ekki fyrir aðgerðir ríkisstj.*, það er svo langt frá því. Við erum búnir að sigra í deilunni vegna þeirrar samþykktar, sem allsherjarþingið gerði í gær. Það er raunverulega búið að skapa alþjóðalög. Og ég hygg, að það sé öllum ljóst, að Alþjóðadómstólinn getur vart undir nokkrum kringumstæðum gengið

fram hjá svo ákveðinni ályktun jafnmargra þjóða eins og þarna áttu hlut að máli, þar sem engin þjóð andmælti. Ég hygg, að þetta sé grundvöllur, sem hljóti að verða lagður fyrir þeim niðurstöðum, sem endanlega kunna að verða teknar í sambandi við rétt strandríkja til nýtingar yfir landgrunni sínu. Sem betur fer hefur þetta viðhorf skapazt, og við vitum miklu betur núna en áður, hvar við stöndum. Við höfum mun sterkari aðstöðu í dag en við höfðum fyrir stuttu gagnvart þeim aðilum, sem við höfum verið að slást við í sambandi við landhelgismálið. Það þarf ekki að mínum dómi á nokkurn hátt að taka tillit til þeirra frekar en okkur sjálfum sýnist, eftir því sem við teljum skynsamlegt, í sambandi við friðunarráðstafanir og aðrar aðgerðir, sem við teljum nauðsynlegar við skipulagningu fiskveiðanna hér við land.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þó að vissulega væri tilefni til þess, að málið væri rætt allítarlega, ætla ég samt ekki að gera það, svo liðið sem er á fundartíma, en það eru nokkrar leiðréttingar, sem ég ætla að koma hér á framfæri.

Það er í fyrsta lagi það, að ég sagði fyrr í þessum umr., að það hefði verið fullkomin samstaða um það hér á Alþ. fyrir ári að fresta þá lagasetningu um nýtingu okkar á fiskveiðilandhelginni, en að athugun á þessum málum starfaði sérstök n., sem skipuð hafði verið í því skyni. (Gripið fram í.) Ég skal lesa bæði hvað hv. þm. sagði sjálfur í þessu máli og eins hvað sá nefndarformaður sagði, sem skilaði af sér, svo að það fari ekkert á milli mála, enda var það verkefni þeirrar n. að koma með reglur varðandi nýtingu okkar fiskveiðilandhelgi, um skipulag þessara mála, ekki um sérstakar friðunarráðstafanir, sem ættu að koma í staðinn fyrir almenna útfærslu á landhelginni, eins og till. sjálfstæðismanna fjölluðu um. Þær voru um allt annað. Það kom sem sagt alveg skýrt og greinilega fram hér fyrir ári, og ég skal víkja að þeim umr., sem þá fóru hér fram. Formaður n. sagði þá í umr. á Alþ. m. a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom vissulega til mála og var rætt í n., hvort ætti að fara inn á þá braut að gera minni háttar tilfærslur eða breytingar á togveiðiheimildunum. En niðurstaðan varð sú, bæði vegna naums tíma og vegna þess að n. telur óhjákvæmilegt að taka öll þessi mál til rækilegrar endurskoðunar þegar á næsta ári, að flytja þá breytingu eina, að togveiðiheimildirnar skuli gilda í eitt ár í viðbót eða til ársloka 1972.“

Eins og ég sagði áðan, hnigu öll ummæli þeirra aðila, sem til var leitað, svo sem Landssambands ísl. útvegsmanna, Fiskifélags Íslands og þeirra samtaka sjómanna, sem létu uppi álit sitt um málið, í þá átt, að rétt væri að framlengja þessar togveiðiheimildir lítt eða ekki breyttar um eitt ár. En jafnframt kom fram, eins og n. leggur ríka áherzlu á, að nú þyrfti að nota tímann vel á næsta ári, bæði með tilliti til þeirrar reynslu, sem þegar hefði fengizt af fiskveiðiheimildum, sem gilt hefðu frá 1969, og alveg sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilögsögunnar á næsta ári, til þess að undirbúa löggjöf til nokkurrar frambúðar um hagnýtingu fiskimiðanna innan fiskveiðilögsögunnar og hvernig við ætlum að hagnýta fiskimiðin okkur til handa. Á þetta leggur n., sem undirbjó frv., ríka áherzlu. Um þetta var fullkomin samstaða og svo rík samstaða, að hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, kom rétt á eftir og bað menn mjög að standa nú einhuga að þessari frestun á málinu í eitt ár, svo að tími ynnist til þess að undirbúa góða löggjöf um málið, og lagði á það alveg sérstaka áherzlu. Ég get lesið hér nokkur atriði úr ræðu hv. þm., enda var hér fullkomin samstaða um þetta og ekki nokkurt minnsta rifrildi um þessi mál þá. En hv. þm. segir hér m. a.:

„En ég vil mjög undirstrika það, sem kom fram hjá hv. frsm. hér áðan, að ef á að fara að gera breytingar á frv. nú, þá er alveg fyrirsjáanlegt, að það mun ekki ná fram að ganga fyrir áramót, og teldi ég það miður farið, því að vitaskuld þurfa að gilda ákveðin lög í sambandi við þessar veiðar, og ég vildi ekki eiga það á hættu, að þar yrði stigið neitt skref aftur á bak. Ég hef þess vegna, þrátt fyrir það að ég er með ákveðnar og tilteknar breytingar á l. í huga, gerzt hér meðflm. að þessu frv. og mundi mjög vilja fara fram á það við aðra hv. þm., að þeir tækju þá afstöðu að samþykkja þetta frv., sem er um það eitt að framlengja lögin óbreytt í eitt ár, til þess að betri tími gefist til þess að vinna að breytingum á því og skipuleggja þessar veiðar að fenginni þeirri reynslu, sem þegar er komin, og að fenginni þeirri reynslu, sem án efa mun koma fram á næsta ári“ o. s. frv.

Það var ekkert um að villast, að það kom bæði fram í umr. mjög almennt, eins og ég hef sýnt fram á, og einnig var það samdóma álit manna hér á Alþ., að það ætti að fresta lagasetningu um þetta um eitt ár, til ársloka 1972. Og sú n., sem starfaði að þessum málum á s. l. hausti, bað um frest til þess að geta unnið frekar að þessum málum. N. átti að starfa áfram, og ég óskaði eftir því á s. l. hausti, að hún tæki upp þetta starf, og hún hefur þegar unnið mikið verk. En ég er ekkert hissa á því, þó að hún hafi ekki lokið starfi sínu.

Það var, eins og ég sagði fyrr í þessum umr., mjög eðlilegt að nú var lagt til, ekki ósvipað og á s. l. hausti, að n. fengi frekari tíma til að undirbúa löggjöf á svo víðáttumiklum grundvelli sem hér er um að ræða, og menn gætu sameinazt án mikilla almennra umr. um málið, þar sem það er á þessu vinnustigi, um þessar tiltölulega einföldu og sjálfsögðu till., sem hér liggja fyrir frá fiskveiðilaganefnd. En þá gerist það sem sagt, að hér koma fram nokkrir sjálfstæðismenn og halda feikilegan reiðilestur yfir mér, að ég hafi engan áhuga á friðunarmálum. Jafnvel prófessorar frá háskólanum, sem varla þekkja þorsk frá ýsu, halda hér reiðilestur og segja, að ég vilji ekkert hafa með friðun að gera. Slíkir prófessorar geta auðvitað gert sig hlægilega með því að

þylja upp svipað og sá gerði, sem hér talaði í kvöld. Það hefur afskaplega lítil áhrif á mig.

En það liggur líka alveg ljóst fyrir, að sjálfstæðismenn eru afskaplega órólegir yfir því, sem hefur gerzt í landhelgismálinu. Hv. 3. þm. Sunnl., sem hefur unnið mjög vel, bæði með mér og öðrum, að því í nefndum að reyna að koma skipan á þessi mál varðandi veiðiheimildir í okkar fiskveiðilandhelgi, gerist líka órólegur með sínum flokksbræðrum og fer að leika hér alveg sérstakan friðunarpostula, eins og hann vilji meiri fiskfriðun en allir aðrir. Hann vill t. d. endilega taka allt Þistilfjarðarsvæðið og loka því, ekki bara í tvo mánuði á ári, apríl og maí, eins og sjútvrh. vill, — nei, hann býður upp á það að loka öllu þessu svæði allt árið, í tvö ár. En þegar kemur að því, að minnzt er á það við hann, hvort það ætti ekki að banna togveiðar og aðrar slíkar veiðar innan við 3 mílur í kringum Vestmannaeyjar eða úti fyrir kjördæmi hans uppi á landinu, þar sem menn mega veiða upp í harðagrjót, ærist hann og neitar allri samstöðu um slíkar till. En hann þarf bara að koma hér og leika þetta hlutverk, að hann sé sérstakur friðunarpostuli umfram allt. Við vitum mætavel af hverju þetta stafar. Sjálfstæðismenn, sem svona haga sér, meira að segja þeir, sem þekkja vel til þessara mála og hafa vel staðið að þeim áður, eru svona órólegir yfir sínum hlut í landhelgismálinu. Þeir eru svo órólegir, að þeir eyða hér löngum tíma í að segja, að við verðum að friða, við verðum að setja reglur, og eru svo að halda einhvern reiðilestur yfir mér, vegna þess, að ég sé líklega á móti því að setja reglur um þetta.

Svo kemur hv. 3. þm. Sunnl. og segir okkur sögu af því, að það hafi komið fram, að fiskárgangurinn frá 1964 hafi verið veiddur upp, á meðan hann var smáfiskur, það verði að koma í veg fyrir þetta. Ætli hv. þm. viti ekki mætavel, að opinberar skýrslur sýna, að það eru útlendingar, sem hafa veitt meira en sem nemur ¾ af þessum stofni, þeir sem við erum að berjast við að reka út fyrir landhelgismörkin og koma þannig fyrst og fremst í veg fyrir þetta smáfiskadráp. Þeir, sem eiga heima í kringum Þistilfjörðinn og veiða þar á bátum sínum, eiga ekki afskaplega stóran hlut í því að hafa drepið þennan stofn. Það er alveg ástæðulaust að rjúka hér upp, þegar aðeins er um bráðabirgðatill. að ræða, áður en megintillögurnar verða lagðar fram, og ætla að loka stóru hafsvæði árið um kring á þessum stöðum, áður en menn koma sér saman um þær meginfriðunarráðstafanir, sem hér eiga að gilda, og á meðan hv. 3. þm. Sunnl. er ekki einu sinni viðbúinn því að banna veiðar með botnvörpu innan þriggja mílna markanna, t. d. í kringum Vestmannaeyjar. Ég veit, að þetta er viðkvæmt fyrir suma menn. Það er ekki langt síðan ég var á fundi í Vestmannaeyjum, og þá komu þar ýmsir menn, sem lögðu mjög mikla áherzlu á, að þessar veiðar innan við 3 mílur yrðu bannaðar. En það komu aðrir fram og sögðu, að það ætti alls ekki að banna þær. Ég veit, að þetta eru viðkvæm mál alls staðar, og því hélt ég satt að segja, að hv. 3. þm. Sunnl. skildi vel, að það er ekki eðlilegt að koma fram með till. af þessari gerð, sem hann hefur gert hér, enda rekur hann sig strax á það, að einn af þm. Sjálfstfl. hér, hv. 9. landsk. þm., varaði við þessari till. En hv. 3. þm. Sunnl. var fljótur að afgreiða hann og sagði honum, að hann hefði ekkert vit á þessu, hann væri alveg ókunnugur fiskveiðum og hann skyldi athuga sinn gang betur. En þessi hv. þm. hefur auðvitað fundið það og veit mætavel, að hér er um viðkvæmt mál og hreint efnahagsmál að ræða líka fyrir þá, sem hér eiga beinan hlut að máli, ekkert síður en hjá þeim í Vestmannaeyjum.

Það var auðvitað algerlega rangt hjá hv. 3. þm. Sunnl., þegar hann sagði, að hann væri ekki aðeins með sínum till., að loka svæðum við Þistilfjörðinn, hann væri að loka aðalveiðisvæðum Vestmannaeyinga, þar sem aðalnetaveiðin færi fram. Segir hv. þm. þettta af einhverjum kunnugleika? Ætlar hann að halda því fram, að hann sé að loka aðalveiðisvæðunum? Því fer vitanlega víðs fjarri. Þannig liggja málin ekki fyrir. En hann getur kannske sagt hv. 9. landsk. þm. það, sem hann heldur, að þekki ekki til málsins, en hann getur ekki sagt mér það, það er alveg útilokað. Till., sem hann flytur, er að mestu sýndartill. Í landhelgisreglugerðinni er lagt til, að tiltekið svæði á Vestmannaeyjamiðum, svæðið, sem Vestmannaeyingar sjálfir mörkuðu, verði lokað fyrir togveiðum yfir aðalhrygningartímann, 20. marz til 20. apríl. En hv. þm. kemur svo með till., sem segir ekki 20. marz, heldur 10. marz, þar náði hann í 10 daga til að sýnast, og svo ekki til 20. apríl, heldur til aprílloka, þar náði hann í aðra 10 daga. Hann ætlað að halda því fram, að þetta hafi einhverja verulega þýðingu. (Gripið fram í.) Þetta hefur enga þýðingu á hrygningartímum. Jæja, ég skal nú ekki vera að stríða hv. þm. meira með því, sem hann hefur verið að segja. Það skiptir litlu máli. Ég tek það fram, að það er liðið svo langt fram á nótt, að ég vil hvorki þreyta mig né aðra með frekari umr. um þetta mál. Ég hef aðeins bent á, að till. þær, sem hér liggja fyrir frá fiskveiðilaganefndinni og sjútvn. flytur, eru fullkomlega eðlilegar miðað við allar kringumstæður og aukatill. eru ekki bornar fram af heilum hug eða undir eðlilegum kringumstæðum. Það eru sýndartill., þær till., sem þessir tveir hv. þm. Sjálfstfl. eru hér að flytja, hreinar sýndartill., og hefði þeim verið sæmara að taka þær til baka.

Varðandi brtt. mína um það, að framlengingin standi til 1. júlí í stað 15. maí, þá er hér að vísu ekki um neina stórvægilega till. að ræða. En ég segi, að það eru ekki eðlileg vinnubrögð að tilkynna mönnum um mikilvægar lagabreytingar varðandi vinnuaðstöðu með kannske tveggja vikna fyrirvara eða svo. Það er eðlilegt, ef lög verða sett um þetta í aprílmánuði eða sennilega ekki fyrr en í aprílok, að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí. Hér skipta vertíðarskil engu, enda eru þau í langflestum tilfellum orðin óglögg. En ef hv. alþm. sýnist miklu hentugra, að ný lagaákvæði, sem væntanlega verða mjög víðtæk og grípa

mjög inn í starfsemi manna, séu lögtekin, tilkynnt mönnum og komi til framkvæmda með örfárra daga fyrirvara, þá er ekkert við því að segja. Ég tel það óeðlilegt, og það hefur yfirleitt ekki verið siður að standa þannig að verkum. Því er það, að ég hef flutt þessa till.

Ég vænti þess, að þessum umr. sé að ljúka, og þeir sjálfstæðismenn hafa víst fulla aðstöðu til þess að skrifa í sitt stóra Morgunblað um það, að ég sé vondur maður og vilji enga fiskfriðun. En þeir þurfa ekki að vera að halda vöku, hvorki fyrir mér né öðrum hér, við að hlusta á ræðumennsku af þessu tagi, ekki einu sinni frá hv. prófessor.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, en mér þykir þó hlýða undir lokin að segja hér nokkur orð.

Ég get ekki annað sagt en fiskveiðilaganefndin svonefnda megi að því leyti allvel við una, að ég hygg, að enginn hv. ræðumanna hér í dag eða kvöld hafi andmælt þeim brtt., sem sjútvn. flytur fyrir tilstilli fiskveiðilaganefndar, og margir hafa tekið undir og lýst fylgi við þessar till. Hins vegar hefur það komið greinilega fram hjá ýmsum ræðumönnum, að þeir telja, að ýmislegt vanti í þessar till. Það ber raunar óeðlilega mikið á því, að því er mér virðist, að menn hafi gleymt því, sem var þó veigamikið atriði í sambandi við mat á þessum till., að hér er, eins og marglýst hefur verið, um bráðabirgðalausn á þessu stóra máli að ræða. Sú athugun og tillögugerð, sem að hefur verið unnið, er, eins og marglýst hefur verið, í miðjum klíðum, og er hér eingöngu um það að ræða að gera till., sem síðan falla inn í heildarmyndina eftir nokkra mánuði. Það hefur því miður gætt hjá ýmsum hv. ræðumönnum, sem um þetta mál hafa rætt, óeðlilegar tilhneigingar, vil ég segja, til þess að gera þetta mál að flokkspólitísku bitbeini. Mér þykir það mjög miður farið, ef svo verður. Þessi mál öll eru svo erfið viðfangs og skoðanir manna svo skiptar um fjölmörg atriði af hagsmunaástæðum og ýmsum ástæðum, að það væri vissulega æskilegt, að hv. alþm. neituðu sér sem allra mest um þann munað að gera þetta mál, hvernig við eigum að hagnýta okkar fiskveiðilandhelgi sjálfir, að flokkspólitísku bitbeini. Málið er vissulega alveg nógu erfitt og vandasamt, þótt hv. alþm. neiti sér um þetta.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara langt út í ummæli einstakra hv. þm. í sambandi við það, að æskilegra hefði verið, að heildartill. lægju fyrir nú. Ég get játað, að það hefði að ýmsu leyti verið æskilegt að geta fjallað um heildartill. nú og lokið þessu vandasama verkefni. En það verður, hygg ég, að virða n. til vorkunnar, að þetta er býsna flókið mál, og það er ekki rétt í sambandi við svo margslungið mál og viðkvæmt að flýta sér of mikið. Hv. 5. landsk. þm., sem talaði hér í dag, hafði greinilega mikla tilhneigingu til þess að gera þetta atriði, að heildartill. liggja ekki fyrir, að sérstöku árásarefni á hæstv. ríkisstj. Ég verð að segja það, að þetta mál er að mínum dómi ekki flokkspólitískt mál. Þetta er ekki sérstaklega mál ríkisstj. Þetta hlýtur að vera sameiginlegt vandamál og viðfangsefni allra þm., eins og hefur raunar sýnt sig í því, að allir þingflokkar hafa tekið á sig þá ábyrgð að tilnefna menn í n. til þess að vinna að málinu. Eins og ég rakti í dag, hefur tekizt gott samstarf innan þessarar n., og þar ríkir, held ég, eindreginn vilji á því að leysa þetta vandasama mál svo vel sem nokkur kostur er.

Hv. 10. þm. Reykv., sem hélt hér alllanga ræðu í kvöld, kom víða við, og margt í hans ræðu var skynsamlega athugað og mælt af fullum skilningi á málinu, þó að svo væri annað, sem e. t. v. hefur ekki verið alveg eins djúpt hugsað. En það kom þó mjög glöggt fram í ræðu hans, að hann gerði sér ljóst, að þetta mál er erfitt og vandasamt, og ég vil sízt draga úr því, að svo sé. Ég ætla mér ekki þá dul, að fiskveiðilaganefnd, þó að hún hefði jafnvel enn þá lengri tíma en er til stefnu, eftir að hún hefur sett sér það mark að ljúka störfum á þessum vetri, geti leyst þessi mál og skipað fiskveiðum innan hinnar nýju, útvíkkuðu landhelgi í eitt skipti fyrir öll þannig, að ekkert megi þar betur fara. Ég geri ráð fyrir, þó að hún ljúki störfum og Alþ. fjalli þar um, semji og komi á löggjöf um þessi mál í vor, sem ég vona, að verði að endurskoðun þessara mála haldi áfram og verði jafnvel að einhverju leyti stöðug fyrsta kastið, meðan við erum að fá reynslu af þeim löggjafaratriðum, sem væntanlega verða sett.

Ég vil að lokum aðeins víkja örfáum orðum að brtt. þeirri, sem hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 10. þm. Reykv. flytja á þskj. 185. Sérstaklega vil ég víkja að þeim lið till., sem miklu veigameiri er, þ. e. a. s. hinni tiltölulega miklu friðunartill. í sambandi við Norðausturlandið. Ég held, að það hafi komið fram í ræðu minni hér í dag, að fiskveiðilaganefnd hefur ekki tekið efnislega afstöðu til þessarar till. og margra annarra till. í friðunarátt, sem þar hafa verið ræddar. Hins vegar var meiri hl. n. og er þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt á þessu stigi máls, þegar um bráðabirgðaráðstafanir er að ræða, að taka út úr einstök atriði, eitt eða tvö atriði, og lögfesta þau, þar sem mörg fleiri atriði, sem hníga í friðunarátt, eru áfram til athugunar í n. Alveg sérstaklega vil ég vara við því að gera þetta, þar sem svo stendur á, að enn hefur n. ekki gefizt tóm til að ræða þessar till. og aðrar við þm. og heimamenn í því kjördæmi, sem hér á alveg sérstakan hlut að máli. Með þetta allt í huga, hefði ég þess vegna talið mjög æskilegt, að hv. flm. hefðu séð sér fært að draga þessa till. til baka og láta hana bíða heildarmeðferðar málsins. En sé þess ekki kostur, og mér skilst, að svo sé ekki, tel ég eftir atvikum ekki rétt að samþykkja hana í sambandi við þessar bráðabirgðabreytingar, sem nú verða gerðar, heldur verði afstaða tekin til hennar síðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til, nema frekara tilefni gefist, að fjölyrða um þetta mál að svo komnu. En ég vil að síðustu láta í ljós þá von, að Alþ. megi í sameiningu takast að leysa þessi vandasömu mál á þann hátt, sem þjóðinni er fyrir beztu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en ég vildi aðeins segja hér örfá orð um það mál, sem hér er til umr.

Það þarf raunar engan að undra, þótt fram komi ýmsar hugmyndir hér á Alþ., þegar rætt er um svo stórvægilegt mál sem hér er til umr. nú. Það þarf raunar engan að undra, þó að fram komi nú eins og áður ýmsar raddir um aukna friðun innan fiskveiðilögsögunnar. Ég get fullvissað hv. alþm. um það, að við, sem í fiskveiðilaganefnd sitjum, erum ekkert síður friðunarmenn en hver og einn, að ég hygg, af öðrum hv. þm., sem hér hafa talað í kvöld. Eftir að hafa kynnzt þessum málum, eins og ég hef gert með því að eiga sæti í þessari n., hygg ég, að þarna sé um að ræða svo stórt verkefni og vandasamt, að það sé vart til þess að ætlast, að þn. geti lokið starfi við að semja og koma saman drögum að frv. um veiðar og hagnýtingu fiskstofna innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar á tveimur mánuðum. Ég held, að það sé til of mikils mælzt, þótt ég voni a. m. k., að hv. þm. telji, að af þeim, sem í þessari n. eiga sæti, sé alls góðs að vænta í þeim efnum.

Ég ætlaði ekki að ræða þetta mál hér. Ég held, að við, sem í þessari n. sitjum, höfum lagt okkur fram um það, eins og mál standa í dag, að reyna eftir megni að koma málinu hér inn í þingið á þann hátt, sem flestir hv. þm. gætu sætt sig við, þó svo að hver og einn þm. hefði sjálfsagt viljað flytja ekki bara eina, heldur margar till. kannske í átt til aukinnar friðunar innan landhelginnar.

Það, sem kom mér raunar fyrst og fremst til að standa hér upp, voru ummæli hv. þm. Gunnars Thoroddsens, sem hann hafði í ræðu sinni um Hafrannsóknastofnunina. Hann las upp úr till., sem ég hygg, að hafi verið sendar sem vinnuplögg til fiskveiðilaganefndar, og ég hef ekkert við það að athuga. Mér sem leikmanni hefur þótt, að þeir fiskifræðingar væru orðnir miklu meira friðunarlega sinnaðir en þeir hafa áður verið. Mér sýnist þetta sem leikmanni, en ég fullyrði þó ekkert. En varðandi þessar till., sem Hafrannsóknastofnunin sendi, vil ég aðeins láta það koma fram, að við litum svo á í fiskveiðilaganefnd, að þarna væri um að ræða till. stofnunarinnar í heild. Það kom síðar á daginn, að stjórn þessarar stofnunar lét frá sér heyra og kannaðist ekki við að hafa fjallað um þessar till. Hún lýsti sig í meginatriðum andvíga þeim till., sem Hafrannsóknastofnunin sendi til fiskveiðilaganefndar, þannig að þau plögg, sem við höfðum undir höndum frá Hafrannsóknastofnuninni, voru ekki plögg þeirrar stofnunar eða a. m. k. ekki þeirrar stjórnar, sem veitir þeirri stofnun forstöðu. Sú stjórn hefur tjáð sig í meginatriðum andvíga þeim till., sem fram hafa komið frá Hafrannsóknastofnuninni, og verður að líta svo á, að þær till. séu frá einstökum starfsmönnum stofnunarinnar, en ekki stofnuninni í heild. Ég taldi rétt, að þetta kæmi hér fram, því að mér fannst, þegar þetta upplýstist, að þarna væri um heldur undarleg vinnubrögð að ræða. Ég hef ekki tekið þetta upp hér að fyrra bragði, en vegna þess að vitnað var í þessi plögg, taldi ég eðlilegt, að hið rétta í þessu máli kæmi fram.

Ég skal svo ekki lengja umr. frekar, en ég vænti þess, að hv. þm. stilli a. m. k. í hóf tillöguflutningi umfram það, sem nú þegar er komið. Eins og ég sagði áðan, — og ég mæli þar fyrir mig persónulega, — hefði ég gjarnan viljað flytja till. í átt til aukinnar friðunar umfram það, sem fiskveiðilaganefndin og nú sjútvn. þessarar d. hefur flutt. Ég hefði gjarnan viljað koma með ýmsar aðrar breytingar. En ég sé ekki, að á þessu stigi máls verði það á neinn hátt þessu máli til framdráttar. Frv. verður að fá afgreiðslu fyrir áramót, og með því gefst þeirri n., sem um málið hefur fjallað, næði til að geta skilað, sennilega seinni hluta febrúar eða í byrjun marz, vonandi í formi heildarfrv., till. um heildarskipun á fiskveiðum og hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar innan 50 mílna.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal vissulega ekki misnota það, að forseti gaf mér hér tækifæri til þess að gera stutta aths., en ég taldi mig þurfa að leiðrétta það, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að till. mín og hv. 10. þm. Reykv. hafi verið sýndartill. Ég hélt, að hæstv. ráðh. vissi betur. Ég held, að ég fari rétt með, að ég sé eini þm., sem nú á sæti hér á Alþ., sem áður hefur flutt till. um verndun hrygningarsvæða á svæðinu milli Vestmannaeyja og Reykjaness. Ég gerði þetta á árinu 1961 eða 1962 í framhaldi af erindi, sem skipstjórnarmenn og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum sendu á árinu 1957 til þáv. sjútvrh., sem einmitt var núv. hæstv. sjútvrh., en hann sá sér þá ekki fært að verða við þeim tilmælum. Ég tók þessa till. þeirra Vestmannaeyinga upp, sem miðaði að því að friða veiðisvæði, sem þeir einir stunduðu þá veiðar á. Það var ekki um að ræða, að aðrir bátar stunduðu þar veiðar. Þeir vildu friða svæði í námunda við Vestmannaeyjar. Þessi till. mín frá árinu 1961 eða 1962 náði þá ekki fram að ganga, og var það vegna bréfs, sem þá kom frá atvinnudeild háskólans, fiskideild, eins og hún var kölluð þá, frá þáv. fiskifræðingum, þannig að það verður ekki með neinum rétti sagt um mig, að þetta sé nein sýndartill. Þetta er framhald af þeim till., sem ég hef áður flutt hér á Alþ. varðandi friðun hrygningarsvæða fyrir Suðvesturlandi.

Ég skal ekkert fara að munnhöggvast hér við hæstv. ráðh. um, að það sé einhver óróleiki í okkur sjálfstæðismönnum í sambandi við landhelgismálið. Það er síður en svo. Ég tel, að það mál sé, eins og ég sagði áðan, að komast í höfn á þann veg, sem sjálfstæðismenn lögðu til í till. sinni á s. l. hausti. En ég vil skjóta því að hæstv. ráðh. að lokum, að sá glans, sem kann að hafa verið yfir honum fyrst eftir útfærslu landhelginnar, er mjög farinn að dofna og er að mínum dómi mikið að hverfa af hæstv. ráðh. í sambandi við afstöðu hans og framkomu í landhelgismálinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 32. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., kl. 9 síðdegis.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir og hefur nú gengið í gegnum hv. Nd., er um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzkrar krónu og er afleiðing af og fylgifiskur gengisbreytingarinnar. Ég hygg, að það megi segja, að það sé að heita má samhljóða sams konar frv. í hliðstæðum tilvikum áður, með einni undantekningu þó. Sú undanteking er í 3. gr., þar sem segir, að kaup- og sölugengi megi vera 2¼% undir eða 2¼% yfir stofngengi, í stað þess, sem er í núgildandi lögum, að svigrúmið er 1% í hvora áttina. Um ástæðuna fyrir þessari breytingu, — og ég skal játa, að allt eins hefði verið formlegt að hafa hana í sérstökum lögum um breyt. á Seðlabankalögunum, leyfi ég mér að vísa til athugasemda við 3. gr., þar sem segir:

„Flestar þjóðir heims hafa nú með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekið upp 2.25% frávik til hvorrar áttar frá stofngengi. Er ákvæði um þetta tekið upp að beiðni bankastjórnar Seðlabankans til breytingar á lögum bankans, en hafa byggt á 1% fráviki til hvorrar áttar."

Nánari grg. fyrir þessari ósk Seðlabankans kom fram í fréttatilkynningu, sem Seðlabankinn lét fara frá sér um gengisákvörðunina og birt hefur verið í blöðum, útvarpi og e. t. v. sjónvarpi, þannig að ég ætla, að mönnum séu ljósar þær röksemdir, sem Seðlabankinn hefur fært fram fyrir þessari ósk, og ég skal ekki þreyta hv. dm. á að lesa hana upp.

Ég geri ráð fyrir því, að um þetta frv. út af fyrir sig sé ekki heildarágreiningur, nema þá að það kynni að vera þetta eina nýja ákvæði, — eða svo virtist vera í hv. Nd., að menn væru ekki öldungis ásáttir um það. Ég þarf þess vegna ekki að fara neinum sérstökum orðum í sjálfu sér um þetta frv. Hins vegar er eðlilegt, að skoðanir séu skiptar og að einhverjar deilur eigi sér stað um sjálfa forsenduna fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir. þ. e. a. s. ákvörðunina um breytingu á gengi íslenzku krónunnar. Ég flutti um það efni allrækilega grg. í hv. Nd., og ég vona, að svo hafi staðið á, að hv. þm. Ed. hafi átt þess kost að hlýða á þá grg. Þess vegna vonast ég til, að ég þurfi ekki að endurtaka hana hér. Vegna þeirrar virðingar, sem Ed. ber, vil ég ekki algerlega láta nægja að vísa til hennar, heldur víkja með örfáum orðum að ástæðunni fyrir því, að gripið er nú til þessara gengisfellingar.

Ég sagði í mínum inngangsorðum í gær í Nd., að ég liti svo á, að gengisfelling væri mér ekkert fagnaðarefni. Ég lít á gengisfellingu jafnan sem neyðarúrræði, sem óhjákvæmilegt getur verið að grípa til, hins vegar er ekki rétt, að gengislækkun hafi verið eða sé eitthvert bannorð hjá Framsfl. Eins og allir vita, sem kunnugir eru íslenzkri stjórnmálasögu á síðustu áratugum, hefur Framsfl. oftar en einu sinni staðið að gengisfellingu. Hitt er rétt, sem hefur komið fram í þessum umr., að við deildum á fyrrv. stjórn bæði í síðustu kosningum og endranær fyrir það, sem við köllum gengisfellingarstefnu hennar, þ. e. a. s. þá efnahagsstefnu, sem leiddi til þess, að æ ofan í æ höfum við þurft að grípa til stórra gengisfellinga. En þó að ég segi, að gengisfelling sé jafnan neyðarúrræði, þarf ekki að skilja það svo, að hér í þjóðfélaginu nú sé eitthvert neyðarástand, því fer fjarri. Sem betur fer, líður fólki almennt vel hér á landi nú. Það hafa flestir — eða ég vona nær allir — nægilegt að bíta og brenna. Það er nægileg atvinna, kaupmáttur tekna er góður, og ég held jafnvel, að kaupmáttur sumra sé e. t. v. fullmikill og eigi sinn þátt í þeirri umframeftirspurn, sem er a. m. k. ein undirrót þess vanda, sem við er að tefla. Framkvæmdir hafa aldrei verið meiri hér á landi en á þessu ári, og það er líka svo, að sumum þykir nóg um. E. t. v. er það svo, að þær eigi sinn þátt í þeirri þenslu, sem er í þjóðfélaginu og margir álíta, að sé of mikil, og ég get tekið undir, að svo sé. Samt sem áður eru allir, að ég held, sammála um, að þrátt fyrir það að velsældarástand sé hér á landi, þá sé vandi fyrir höndum, og það er áreiðanlegt, að úr þeim vanda hafa stjórnarandstæðingar ekki gert minna en við, heldur meira. Í sjálfu sér getum við verið mjög þakklátir stjórnarandstöðunni og sérstaklega málgögnum hennar fyrir það, hve vel þau hafa undirbúið þjóðina og fólkið að undanförnu undir, að það yrði að grípa til einhverra ráðstafana í þá átt, sem nú liggur fyrir, að gert hefur verið.

En hver er þá þessi vandi, sem við er að glíma og gerir nauðsynlegt að grípa til þessarar ráðstöfunar eða einhverrar annarrar, sem svipaðar verkanir gæti haft? Ég skal reyna að gera dæmið einfalt og nefna aðeins þann vanda, sem nú brennur heitast á baki okkar. Það er sá vandi, að það er ekki, jafnvel eins og er, fyrir hendi fullnægjandi rekstrargrundvöllur fyrir aðalútflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar og þá sérstaklega sjávarútveginn. Það er auðvitað sérstaklega alvarlegt mál, rétt þegar komið er að vetrarvertíð, að þannig sé ástatt fyrir þessum höfuðatvinnuvegi okkar. Það er deilt um ástæðurnar fyrir því, að svo er komið fyrir sjávarútveginum. Ég held samt, að ef menn vilja vera sanngjarnir og líta á staðreyndir, þá eigi ekki að vefjast fyrir neinum, hverjar ástæðurnar eru fyrir því, að þannig er komið fyrir sjávarútvegi og útflutningsatvinnuvegunum. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að afli hefur minnkað hér tvö s. l. ár, miðað við sóknarmáttinn. Það eru auðvitað engin rök út af fyrir sig að benda á heildaraflann, heldur verður að taka tillit til þess, hve bátar og önnur skip hafa verið mörg og hve mikla getu þau hafa haft, og enn fremur og þó aðallega, að samsetning aflans hefur breytzt og orðið mun óhagstæðari. Þetta eru staðreyndir, sem enginn getur neitað. Þetta eru staðreyndir, sem engin getur út af fyrir sig ráðið við. Hin aðalástæðan

fyrir þessu er hækkandi tilkostnaður til lands. Til þessa hækkandi tilkostnaðar liggja ýmsar ástæður. Til hans liggur sú ástæða, að það hafa orðið óhagstæðar sveiflur í okkar nágrannalöndum, gengisbreytingar, sem hafa valdið því, að tilkostnaður og rekstrarkostnaður atvinnuveganna hefur þar af leiðandi vaxið. Enn fremur er það, að samið var í des. s. l. um verulegar kauphækkanir, sem hafa komið í áföngum, og ég skal fyrir mitt leyti játa, að einn þátturinn í þeim samningum, vinnutímastyttingin hefur komið fram sem meiri raunveruleg kauphækkun en ég hafði fyllilega gert mér grein fyrir í vissum þáttum atvinnurekstrarins, eins og t. d. í frystihúsaiðnaði. Það er ekki nein ástæða til að vera að draga fjöður yfir þetta.

En það er ekki nóg, að líta á það, sem er í dag, sem er þó eins og ég sagði, að fullnægjandi rekstrargrundvöllur er ekki fyrir hendi, heldur verður að líta fram í tímann og athuga það, sem fram undan er, og þá vita menn það, að 1. marz n. k. ber að mæta 6% grunnkaupshækkun. Ég held, að það geti enginn haldið því fram, að við þær aðstæður, sem nú eru í þessum atvinnuvegum, sé hægt fyrir sjávarútveginn og útflutningsiðnaðinn að mæta þessari hækkun, nema einhverjar aðgerðir væru gerðar. Um þetta held ég, að þurfi ekki að fjölyrða. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verða umflúnar og menn verða að horfast í augu við. En menn geta svo deilt um það fram og aftur, hvernig þetta sé til komið og hverjum sé um að kenna. Auðvitað geta menn ekki deilt um sumar staðreyndirnar, sem eru gersamlega óviðráðanlegar öllum mannlegum mætti.

Ég skal ekki fara öllu nánar út í að gera grein fyrir þessum vanda eða þeim leiðum, þeim úrræðum, sem til greina gátu komið til að mæta honum. Það hafa hv. þm. fengið til lestrar í þeirri skýrslu, sem efnahagsmálanefnd hefur sent frá sér og ég gerði líka grein fyrir, nokkuð ítarlega í inngangsorðum mínum í hv. Nd. Vissulega er það svo, að um fleiri valkosti gat verið að tefla, og það gat verið vandasamt mat að meta, til hvaða ráðstafana ætti að grípa. Niðurstaðan varð þessi, sem fyrir liggur, að gripið var til gengisfellingar þeirrar, sem ákveðin hefur verið. Þó að þar sé ekki þrædd nein sú leið, sem valkostanefnd bendir á, má segja, að það sé kjarninn í einni þeirri leið, sem hún bendir á, þ. e. a. s. hinni svokölluðu uppfærsluleið. En vissulega eru frávik frá þeirri leið, eftir því sem valkostanefnd gerir ráð fyrir henni, og þá helzta frávikið, að það er gert ráð fyrir, að áhrif gengislækkunarinnar komi inn í vísitöluna.

Það hefur verið talað um, að þessi gengisfelling væri annars eðlis, en gengisfellingar þær, sem viðreisnarstj. beitti sér fyrir. Það má vissulega til sanns vegar færa. Í fyrsta lagi er þetta miklu minni gengisfelling en gerð hefur verið áður. Hún er gerð að ýmsu leyti við aðrir aðstæður og að sumu leyti við þær aðstæður, sem sérfræðingar telja líklegri til þess, að hún skili árangri. Hitt er svo, að ég hygg, líka óvenjulegt, að full vísitala fylgi, en það getur aftur á móti haft í för með sér, að áhrif þau, sem ætlunin er að ná með gengislækkun eða gengisbreytingu, verði skammvinnari en ella.

Ég er þeirrar skoðunar, að stöðugt verð og stöðugt gengi séu mikilsvert undirstöðuatriði í efnahagslífi, en ég álít þó annað atriði enn þýðingarmeira. Gengisskráningin er í sjálfu sér ekki neinn helgigripur, sem ekki má hreyfa við. En það, sem er þó alltaf höfuðatriðið í efnahagslífi þjóðar, er, að framleiðsluatvinnuvegir hennar gangi og geti starfað með eðlilegum hætti og staðið að öðru leyti undir þeim þáttum, sem þar eru og halda uppi þjóðarbúinu, til þess að það sé hægt að segja, að við lifum í velferðarþjóðfélagi. Þessi ráðstöfun, sem hér liggur fyrir, er gerð í þeirri trú, að hún geti afstýrt þessum vanda, sem er fyrir hendi og alveg á næsta leyti, að því er sjálfa vetrarvertíðina varðar, sem er þýðingarmikið tímabil í þjóðarbúskap Íslendinga. Mér dettur ekki í hug að vera með neinar fullyrðingar um það á þessu stigi, hversu varanleg þessi lausn muni verða, né heldur skal ég vera með neinar fullyrðingar um það, hversu lífseig þessi ríkisstj. reynist. Ég læt mér allar feigðarspár, sem fram voru bornar um ríkisstj. í hv. Nd., í léttu rúmi liggja og læt þær sem vind um eyru þjóta. En hvað sem um það er, þá er það skoðun mín, að það hafi beinlínis verið skylda ríkisstj. nú eins og á stóð að ráðast í það með fullum krafti og fullri dirfsku að reyna að leysa þennan vanda. Ég held, að hver ríkisstj., sem er ábyrg, hefði þurft að gera það og átt að gera það. Og ég held, að það hefði skapað mjög mikið vandamál í íslenzku þjóðfélagi, ef svo hefði farið, að ríkisstj. hefði ekki treyst sér til að gera tilraun til að leysa þennan vanda og hefði gefizt upp, eins og stjórnarandstæðingar kunna nú að orða það. Ekki segi ég þetta af því, að ég hafi svo mikið sjálfsálit, að ég ætli, að núv. ríkisstj. sé ómissandi, heldur af hinu, að ég vil biðja hv. þm. að hugleiða, hvað hefði gerzt, ef okkur hefði ekki tekizt að leysa þennan hnút nú og stjórnin hefði orðið að segja af sér með þessi málefni öll óleyst. Ég býst ekki við því, og mér er a. m. k. ekki kunnugt um, að það hefði verið fyrir hendi nokkur þingræðislegur meiri hl. til að taka við og mynda nýja stjórn, og ég býst við, að það hefði getað tekið æðilangan tíma að mynda slíka nýja stjórn, sem hefði haft meiri hl. Alþ. á bak við sig. Og ég býst við því, að það hefði ekki neinum þótt sérstaklega góður kostur, ef t. d. forseti hefði neyðzt til að grípa til þess úrræðis að skipa embættismannastjórn. Ég býst líka við, að það hefði orðið nokkuð torleyst verkefni fyrir hana að leysa þennan vanda, e. t. v. í mismunandi góðri samvinnu við Alþ. Ég held þess vegna, að það, sem við hefði blasað, ef núv. stj. hefði ekki tekizt að ná samkomulagi um það úrræði, sem fyrir liggur, hefði verið, að samningur um nýtt fiskverð, sem þurfa að hefjast og verða lokið fyrir áramót, hefðu dregizt um óákveðinn tíma, enginn veit hversu lengi. Og afleiðingin af því hefði orðið stöðvun bátaflotans og útgerðarinnar um óákveðinn tíma líka. Auðvitað er það svo, að við megum ekki við því að verða fyrir slíkum skakkaföllum. Okkur veitir ekki af því, að atvinnuvegirnir geti gengið óhindrað. Og hvað sem um þessa stjórn má segja og hver sem

hennar eftirmæli verða, þá verður þó aldrei um hana annað sagt en það, að henni hefur hingað til tekizt að stuðla að því, að vinnufriður ríkti í landinu. Það hefur ekki komið til neinnar stórfelldrar vinnustöðvunar á starfstíma hennar. Ég hygg, að það sé ómælt fé fyrir þjóðarbúið, sem hefur einmitt unnizt við þetta.

Ég vona, að allir landsmenn skilji þetta, sem ég hef sagt um skyldur ríkisstj. til að ganga í það með fullri dirfsku að gera tilraun til að leysa þetta mál, hversu varanleg sem lausnin verður, og ég vona, að landsmenn meti það, ekki sízt atvinnurekendur, jafnvel þótt þeir verði eitthvað sparir á viðurkenningarorðin, enda hefur ekki verið sérstaklega óskað eftir þeim.

Ég hef mælzt til þess, að afgreiðslu þessa frv. væri hraðað. Sá háttur hefur jafnan verið hafður á um sams konar frv. og tilmæli verið tekin til greina, m. a. af okkur, sem nú erum í stjórn, þegar við vorum í stjórnarandstöðu. Ég hygg, að í þau fjögur skipti, sem á þetta hefur reynt, hafi frv. slíkt sem þetta verið afgreitt ýmist á einum eða tveimur dögum. Ég tel mig hafa vilyrði, svo að ég segi ekki loforð, fyrir því, að þetta mál nái afgreiðslu á 2 dögum. Afgreiðslan í Nd. tók að vísu nokkuð lengri tíma en eðlileg skipti á milli d. segja til um, en ég vona samt með tilliti til þess, að báðar n. munu hafa unnið saman að þessu máli, að það takist að afgreiða málið núna í kvöld eða nótt hér í hv. Ed. Ég veit, að ég þarf ekki að vera að fara um það neinum orðum, hvílík óþægindi eru að því, að fá þetta mál ekki afgreitt. Það er öllum, sem hér eru, auðvitað ljóst, að að því eru mikil óþægindi fyrir marga, bæði fyrirtæki og almenning, að gjaldeyrisviðskipti þurfi að stöðvast á nýjan leik.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, að við höfum fullan hug á því að sýna hæstv. ríkisstj. þann skilning í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að ekki verði óeðlileg töf á afgreiðslu þess. Þó verður að taka fram, að nú er orðið áliðið annars dags, þegar við hefjum umr. hér í hv. Ed. En við skulum vona það bezta, og vilyrði eru fyrir hendi, eins og hæstv. forsrh. tók fram, þótt ekki væri þar um hrein eða bein loforð að ræða, og verður það að ráðast af þeim orðaskiptum, sem hér eiga sér stað í kvöld.

Hæstv. forsrh. hóf mál sitt með því að taka fram, að gengislækkun væri ekkert bannorð af hálfu Framsfl. og framsóknarmanna, þeir hefðu oft staðið að slíkum aðgerðum í efnahagslífi landsmanna. Þetta er alveg rétt. Það er t. d. alveg sérstaklega minnisstæð afstaða þeirra og þátttaka í slíkum aðgerðum í þinginu 1949—1950, þegar þeir fluttu vantraust á ríkisstj. sjálfstæðismanna fyrir að bera fram till. til gengisbreytingar til þess einmitt að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna, en mynduðu síðan stjórn með sjálfstæðismönnum í kjölfarið til þess að tryggja slíkri gengisbreytingu framgang, þannig að ég held því engan veginn fram, að það sé neitt bannorð af hálfu framsóknarmanna, að þeir taki þátt í gengisbreytingu eða gengislækkun. Hins vegar var annað hljóðið í hæstv. forsrh. fyrir síðustu kosningar, fyrir kosningarnar 1971. Þá var það bannorð að hans áliti, að um gengisbreytingu gæti verið að ræða sem tæki til að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Þá fór hann um landið og boðaði, að til slíkra aðgerða mundi aldrei koma, ef kjósendur treystu honum fyrir stjórnvölnum. Það var að vísu svo, að hann eða hans flokkur fékk ekki neina traustsyfirlýsingu í kosningunum vorið 1971, en þrátt fyrir það að þeir töpuðu fylgi, varð það úr, að hæstv. núv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni, var falin stjórnarforusta og myndað var svokölluð núverandi vinstri stjórn. Og þótt oddviti þeirrar núv. vinstri stjórnar segi nú, að gengisbreyting eða gengislækkun hafi ekki verið neitt bannorð í hugum eða munni Framsóknar, var það bannorð í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. Í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum, en halda áfram verðstöðvun, þar til nýjar ráðstafanir til að hamla gegn óeðlilegri verðlagsþróun verða gerðar.

Og nú er spurningin: Hverjar eru þær aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur gripið til, aðrar ráðstafanir en hin svokallaða verðstöðvun, aðrar ráðstafanir en þær till. til gengisbreytingar, til gengislækkunar, sem hér er til umr.? Svarið er auðvitað öllum augljóst og liggur opið fyrir. Þetta er í raun og veru fyrsta till. núv. hæstv. ríkisstj. til lausnar á efnahagsvanda. Fyrsta ráðið, sem núv. hæstv. ríkisstj grípur til, er gengislækkun, þvert ofan í það, sem segir í málefnasamningi stjórnarflokkana. Þetta eitt út af fyrir sig er fullkomin ástæða til þess, að núv. hæstv. forsrh. og núv. hæstv. ríkisstj. á að segja af sér, og það á að vera algerlega þarflaust að bera fram vantraust á ríkisstj. og krefjast þingrofs og nýrra kosninga. En úr því að núv. hæstv. forsrh. hefur ekki sómatilfinningu til þess að standa við málefnasamning stjórnar sinnar verður stjórnarandstaðan að bera slíka till. fram.

Það skal rakið hér, að það fyrsta, sem ríkisstj. gerði, var að framlengja þá verðstöðvun, sem fyrrv. ríkisstj. hafði forgöngu um, að samþ. var í nóv. 1970. Verðstöðvunin var framlengd í júlí 1971 til áramóta með ákveðnum breytingum. Um þetta leyti í fyrra sátu menn líka á rökstólum, og þá má segja, að verðstöðvunin hafi í orði kveðnu, a. m. k. í orði kveðnu, — verið framlengd um óákveðinn tíma. A. m. k. var það túlkun stjórnarsinna á þeim aðgerðum, sem þá voru gerðar í skyndingu um nokkrar breytingar með lagafrv., sem þá voru til meðferðar síðustu dagana fyrir jól. Það breytir ekki því, að auðvitað þurfti núv. stjórn að samþykkja ýmsar verðhækkanir eðli málsins samkv. vegna þeirra tilkostnaðarhækkana, sem hún sjálf hafði átt mestan þátt í að stofna til. En það dugði ekki til, heldur var talið nauðsynlegt og rétt í júlí s. l. að bera fram eða gefa út sérstök brbl. um tíma-

bundna verðstöðvun, og þau brbl. hafa verið hér til 1. umr., en eru óútrædd enn sem komið er. Að öðru leyti hefur ríkisstj. ekki ráðizt gegn efnahagsvanda. Þess vegna liggur alveg ljóst fyrir, að ríkisstj. er nú að gera sínar fyrstu ráðstafanir til lausnar efnahagsvanda, og sú lausn er gengislækkun. En í málefnasamningnum stendur: „Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum."

Ef hæstv. forsrh. vill halda því fram, að þetta sé ekki að ganga á bak orða sinna, má að vissu leyti til sanns vegar færa, að hann geti afsakað sig með því, að við viðskilnað fyrrv. ríkisstj. hafi ekki verið við neinn efnahagsvanda að glíma, og það er út af fyrir sig alveg rétt. Sá efnahagsvandi var a. m. k. ekki slíkur, að orð væri á gerandi. En hitt stendur óhaggað, að kosningaloforðin af hálfu núv. stjórnarfl. fyrir kosningar 1971 um, að gengislækkunarleið kæmi ekki til greina til lausnar efnahagsvanda, hafa verið svikin. Málefnasamningur núv. stjórnarflokka hefur verið svikinn.

Hæstv. forsrh. gaf þá skýringu í sjónvarpinu í gær, að það hefði verið ákveðinn vandi eða arfur frá fyrrv. ríkisstj., hún hefði verið búin að stofna til útgjalda, en ekki séð fyrir tekjum til að mæta þeim. Þetta er alvarleg ásökun, ábyrgðarleysi, ef satt væri, af hálfu fyrrv. ríkisstj., ef hún hefði stofnað til útgjalda, en ekki séð fyrir tekjum til að mæta þeim. Ef þetta hefði verið rétt, hver hefðu þá verið eðlileg viðbrögð viðtakandi stjórnar? Hver hefðu verið eðlileg viðbrögð þeirrar stjórnar, sem vildi sýna ábyrgðartilfinningu og bæta úr skák? Auðvitað að sjá fyrir tekjum eða skera niður útgjöld. En hæstv. ríkisstj. gerði hvorugt. Eftir að hún tók við völdum, gerði hún þvert á móti það að auka á útgjöldin og flýta greiðslu þeirra útgjalda, sem ákveðin höfðu verið í lögum að hálfu fyrrv. ríkisstj. Og hún gerði ekki nokkra tilraun til að afla tekna til þeirra a. m. k. ekki svo að heitið geti. Við munum öll, að greiðslur tryggingabótanna, sem áttu að taka gildi 1. jan. s. l., var flýtt, um örfáa mánuði að vísu. Við munum enn fremur, að það var talið alveg nauðsynlegt að greiða niður 1.3 vísitölustig úr ríkissjóði vegna þeirrar hækkunar tóbaks og áfengis og almannatryggingagjalda, sem fyrrv. ríkisstj. hafði ákveðið í sambandi við verstöðvunina frá því í nóv. 1970. Þá þótti það árás á launþega að láta það ekki koma fram í kaupgreiðsluvísitölunni, að tóbak og áfengi og almannatryggingagjaldið hækkaði. Voru höfð stór orð um það hér í þinginu. Hvað höfum við heyrt síðan? Að það sé hrein vitleysa, ábyrgðarleysi, að láta hækkun verðs á tóbaki og áfengi hafa áhrif á kaupgjaldsvísitöluna. Við höfum líka heyrt það af hálfu hæstv. núv. forsrh., að það sé algert ábyrgðarleysi, að óbeinir skattar hafi áhrif á kaupgjaldsvísitölu, og við höfum reynt það af núv. hæstv. ríkisstj., að hún breytti almannatryggingagjöldunum, sem höfðu áhrif á kaupgreiðsluvísitölu, í beina skatta til þess að losna við það, að kaupgreiðsluvísitalan hækkaði af þeim sökum. Það getur vel verið, að það sé nokkuð vinnandi til þess, að menn gangi í þann skóla að sitja í ráðherrastólunum, þótt ekki sé nema nokkra mánuði. En það er alldýr skóli fyrir þjóðina að kenna hæstv. núv. ráðh. staðreyndir efnahagslífsins og hvernig haga beri aðgerðum.

Það má og minna á það, — ég hygg, að ég fari með rétt mál, — að núv. hæstv. ríkisstj. hafði í umframtekjur töluvert á annan milljarð kr. á árinu 1971, miðað við það, sem fjárlög gerðu þá ráð fyrir. En það var ekki nægilegt til að standa undir eyðslustefnu hennar, heldur skilaði hún ríkisbúskapnum þannig, að á honum var halli, sem nam um það bil 400 millj. kr., gagnstætt jafnmiklum hagstæðum greiðsluafgangi árið áður í tíð viðreisnarstjórnar. Á þessar staðreyndir er alveg nauðsynlegt að minna, þegar hæstv. núv. forsrh. er að ræða um nauðsyn á neyðarráðstöfunum, því að hann hefur æ ofan í æ sagt, að gengislækkun væri neyðarráðstöfun. Hitt er auðvitað rétt hjá hæstv. forsrh., að miklu máli skiptir, hvernig staða atvinnuveganna er. Hann mat stöðu atvinnuveganna þannig, þegar hann tók við völdum á miðju ári 1971, eftir að þá hafði átt sér stað 20% kaupmáttaraukning í þjóðfélaginu á 18 mánuðum þar á undan, eða frá ársbyrjun 1970, að það væri óhætt að stytta vinnuvikuna, lengja orlof, það væri óhætt að hækka fiskverðið og það væri óhætt að lofa til viðbótar öllu þessu 20% kaupmáttaraukningu á fyrsta tveggja ára valdatímabili núv. hæstv. stjórnar. Það var auðvitað, að kaupgjaldssamningarnir, sem gerðir voru í des. á síðasta ári, voru gerðir á grundvelli þessa mats sjálfs hæstv. forsrh. lýðveldisins Íslands. Menn skyldu halda, að það væri áreiðanleg heimild, sem þar væri um að ræða, um stöðu atvinnuveganna í þjóðfélaginu. Og ég verð að segja það aðilum vinnumarkaðarins til afsökunar, að það væri ekki að furða, þótt þeir kaupgjaldssamningar, sem þá áttu sér stað, hefðu þau úrslit, sem raun ber vitni um. En þeir ásamt með aðgerðum ríkisstj. sjálfrar hafa gert það að verkum, að launakostnaður í hraðfrystiiðnaði landsmanna er 35—40% hærri í nóv. 1972 en í nóv. 1971. Hér er um veigamikla ástæðu að ræða fyrir þeim aðgerðum, sem núv. hæstv. ríkisstj. sér sig tilneydda að gera. Þetta játaði hæstv. forsrh. í orðum sínum áðan. Hann játaði, að hann hefði vanmetið eða mismetið aðstöðu atvinnuveganna og hvað óhætt hefði verið að lofa í málefnasamningnum. Hér er á ferðinni enn ein ástæðan til þess, að núv. ríkisstj. er vantrausts verð.

Það hefur verið sagt, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi tryggt 13% kaupmáttaraukningu til handa launþegum landsins, frá því að hún tók við völdum, og á því má skilja, að það sé stutt í það að efna loforðið um 20% kaupmáttaraukningu á fyrstu tveim valdaárunum. En hvernig er kaupmáttaraukning núv. hæstv. ríkisstj. fengin, og hvernig var 20% kaupmáttaraukning fyrrv. hæstv. ríkisstj. fengin á síðast einu og hálfa valdaári hennar? Fyrrv. ríkisstj. tókst að ná þeim árangri, að 20% kaupmáttaraukning varð, um leið og hagkvæmur viðskiptajöfnuður var á viðskiptunum við útlönd og á sama tíma og greiðsluafgangur var hjá ríkissjóði. Á bak við þá kaupmáttaraukningu stóð verðmætasköpun í þjóðfélaginu, framleiðsluaukning, sem með ýmsum hætti gerði þá kaupmáttaraukningu varanlega.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur náð 13% kaupmáttaraukningu með þeim hætti að stofna til halla á viðskiptunum við útlönd, 4000 millj. kr. halla á síðasta ári og a. m. k. jafnmiklum halla á þessu ári. Hún hefur náð henni með því að eyða af sjóðum, sem til voru á árum viðreisnarstjórnarinnar, og hún hefur náð henni með því að stofna til halla í ríkisbúskapnum sjálfum, nær 400 millj. kr. halla á síðasta ári og væntanlega jafnmiklum halla í ríkisbúskapnum á yfirstandandi ári. Þessi kaupmáttaraukning er þess vegna fölsk kaupmáttaraukning, sem byggist á því að lifa um efni fram, byggist á því að stofna til skulda erlendis. Hún er lík því, að einstaklingurinn geri sér það dæmi upp eða telji sér trú um, að hann hafi meira úr að spila, af því að hann hefur fengið lán, sem hann þarf auðvitað síðar að greiða.

Ef við lítum á þessar staðreyndir og ef við lítum á þá staðreynd, sem ég dreg ekki í efa, að hæstv. forsrh. fer rétt með, að án aðgerða mundu atvinnuvegir landsmanna stöðvast, þá er auðvitað úr vöndu að ráða, hvað til bragðs skuli taka. Við tókum eftir því, að á miðju þessu ári voru gefin út brbl., sem ég gat um hér áðan. Þessi brbl. hétu „brbl. um tímabundna verðstöðvun," og um leið og þau voru sett, var boðað, að nú þyrfti að fara að hugsa fyrir varanlegri úrræðum, og ég endurtek: varanlegri úrræðum í efnahagsmálum. Og það er fróðlegt að kanna, hvað varð að ráði á því stigi málsins, — ekki að ríkisstj. gerði sjálf till. um ráðstafanir, heldur að sérstök valkostanefnd efnahagssérfræðinga settist á rökstólana. Sú n. hefur starfað frá því í júlí og fram til nóvemberloka, að því er ég hygg, og til marks um það, hve vandinn er mikill, má nefna þær leiðir, sem til vals komu.

Það var í fvrsta lagi millifærsluleið, sem fól í sér 7% söluskattshækkun, lækkun kaupgreiðsluvísitölu um 2 stig, lækkun opinberra útgjalda og útlán um 1600—1700 millj. kr. Það var í öðru lagi svokölluð niðurfærsluleið, sem fól í sér lækkun kaupgreiðsluvísitölu um 5 stig, söluskattshækkun um 3%, fjáraukagjald að upphæð 8%, þ. e. a. s. gjald á fjárfestingarvörur og ýmiss konar svokallaðar lúxusvörur, þ. e. heimilistæki, sem öllum er nauðsyn að hafa á heimilum sínum, lækkun opinberra útgjalda og útlána að upphæð 1600—1700 millj. kr. Og það var í þriðja lagi gengislækkun, 12%, lækkun kaupgreiðsluvísitölu um 2 stig, söluskattshækkun um 1%, lækkun opinberra útgjalda og útlána að upphæð 1300—1400 millj kr. En öllum þessum leiðum fylgdu þrjú skilyrði. Þau þrjú skilyrði, sem raunar koma fram í því, sem ég taldi fram, að því er snertir hverja leið fyrir sig, að nokkru leyti, voru fólgin í því, að takmarka þurfti launabreytingar, sem sennilega væri einfaldast að gera í öllum tilvikum með því að setja kaupgreiðsluvísitölunni ákveðin, tímasett mörk, mismunandi eftir því, hvaða leið yrði valin, þ. e. a. s. taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi að meira eða minna leyti. Það var í öðru lagi að lækka opinber útgjaldaáform, bæði til framkvæmda og samneyzlu. Og það var í þriðja lagi að lækka útlánaáform fjárfestingarlánasjóða með því að takmarka fjáröflun til þeirra. Það gengur í gegnum álit þessarar valkostanefndar og sérfræðinganefndar eins og rauður þráður, að engin þessara leiða nái tilgangi sínum, nema þetta fylgi með. Annars sé ekki um varanleg úrræði að ræða.

Ég skal engan dóm á það leggja, hvort þetta er rétt hjá sérfræðinganefndinni eða ekki, á þessu stigi málsins. En ég vil rekja málið enn frekar.

Þegar þessi n. hefur haft málið til meðferðar í nokkra mánuði, — án þess að hafa samráð við hæstv. ríkisstj., að því er hæstv. forsrh. hefur talið þingheimi og landsmönnum trú um, sem sýnir ábyrgðarleysi hæstv. ríkisstj. um framvindu mála, — þá setjast stjórnarflokkarnir niður, — ekki ríkisstj. sem ein heild til þess að stjórna málum landsmanna og velja þann valkostinn, sem beztur þætti og eðlilegastur til úrlausnar vandanum, — heldur fer hver í sitt horn, og þá verður útkoman sú, að þrjár leiðir er um að velja, eina leið frá hverjum stjórnarflokkanna.

Það er í fyrsta lagi leið, sem ég hygg vera „Framsóknarleiðina," þ. e. hækkun söluskatts um 5%, hækkun áfengisverðs um 30%, hækkun tóbaksverðs um 20%, hækkun benzíngjalds og þungaskatts um 20%, útvíkkun söluskatts til flugfarmiða til útlanda og ýmiss konar þjónustu, sérstök hækkun söluskatts í kaupum við launþega um lækkun tekjuskatts, nokkur lækkun rekstrarútgjalda og framkvæmda ríkisins, útlána fjárfestingarsjóða, en þó mun minni heldur en sérfræðinganefndin gerði ráð fyrir.

Þá er það leið kommúnista. Það er hækkun söluskatts um 1%, áfengis um 30% og tóbaks um 20%, hækkun benzíngjalds og þungaskatts um 20%, útvíkkun söluskatts til flugfarmiða til útlanda og ýmiss konar þjónustu, eins og hjá framsóknarmönnum, og með sama hætti tilfærsla á söluskatti og tekjuskatti og að litlu leyti líka lækkun rekstrarútgjalda ríkisins og niðurskurður framkvæmda ríkisins og útlána fjárfestingarsjóða.

Það er síðast till. SF um 16% gengislækkun í stað hækkunar söluskatts, miðað við hinar leiðirnar, hækkun áfengisverðs, eins og í hinum leiðunum, hækkun tóbaksverðs um 25% í stað 20% hjá hinum flokkunum, hækkun benzíngjalds og þungaskatts eins og hjá hinum flokkunum, söluskatts á flugfarmiða eins og hjá hinum flokkunum og tilfærsla á milli söluskatts og tekjuskatts eins og hjá hinum flokkunum og annað líkt og þar stendur.

Sameiginlegt þessum leiðum öllum er, að niðurgreiðslum skyldi halda í sömu upphæð og tímabundin verðstöðvun gerði ráð fyrir, að fjár væri vant til á ársgrundvelli, en að öðru leyti skyldi kaupgreiðsluvísitalan halda áfram að verka.

Nú skulum við athuga, hver framvindan varð. Jú, hún varð sú, að það varð engin þessara leiða ofan á. Það var tekin enn ein leið. Það var að vísu mjög í anda þeirrar leiðar, sem SF vildu fara, en í stað 16% gengislækkunar var farið í um 11% gengislækkun, og ýmsar þær hliðarráðstafanir, sem þarna er um að ræða hafa a. m. k. enn ekki séð dagsins ljós. Látum það gott heita. Öll viljum við sleppa með sem minnsta gengislækkun út af fyrir sig, ef það er mat hæstv.

ríkisstj., að hún sé nægileg fyrir atvinnuvegina, en það kvað hæstv. forsrh. áðan meginviðmiðun þeirra aðgerða, sem nú væru gerðar. Hvað er nú sagt um það, hvaða áhrif 16% gengislækkun hafi á hag sjávarútvegsins? Hagrannsóknadeildin kveður upp þann dóm, að þá vanti sjávarútveginn 100 millj. kr. Ef það má beita hlutfallareikningi eða þriliðureikningi, sem ég veit, að er að vísu vafasamt, en er þó ekki fjarri sanni, þá lítur dæmið þannig út, að sjávarútveginn skorti með 11% gengislækkun líklega milli 450 millj. og 500 millj. kr. til þess að bera sig og vera við þau afkomumörk, sem talin eru þolanleg fyrir þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar.

Það er von, að hæstv. forsrh. tali varlega um, hve varanlegar þessar ráðstafanir séu. Það er von, að hann geri sér ekki bjartari vonir en svo, að þetta slampist út vetrarvertíðina. En meira er til að taka. Við erum að byggja upp útflutningsiðnað í landinu, og það er enginn vafi á því, að gengisbreytingaleiðin er uppbyggingu slíks útflutningsiðnaðar hagkvæmari leið en millifærsluleið eða niðurgreiðsluleið svokölluð. En það stendur í járnum með 16% gengislækkun samkv. mati hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunarinnar, að sú gengislækkun dugi. Og hvað þá um tæplega 11% gengislækkun? Til viðbótar kemur svo það, að heimamarkaðsiðnaðurinn er rekinn með stórkostlegum halla og skortir mjög á, að hann beri sig, og hvað þarf þá, til þess að hann beri sig? Það þarf að hækka framleiðsluvörur hans. Þær verða dýrari í útsölu, og það hefur áhrif á framfærsluvísitöluna og kaupgreiðsluvísitöluna, sem aftur á móti gerir það að verkum, að hagur sjávarútvegsins verður verri, þegar til lengdar lætur. Ef á að vera nokkur heil brú í þessum aðgerðum, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að gera, felst hún í því, að gengislækkunin eykur tekjur sjávarútvegsins eða útflutningsiðnaðarins strax, en þær bætur, sem launþegum eru ætlaðar og núv. hæstv. stjórnarflokkar státa sig af, að greini þessa gengislækkun frá öðrum gengislækkunum, vegna þess að kaupgreiðsluvísitalan haldi áfram að telja hærra kaup launþegum til handa, sú kaupgreiðsluvísitala kemur í gildi töluvert seinna, og á þessu millibili, frá því að útflutningsatvinnuvegirnir fá sínar tekjur og þangað til launþegar fá sínar bætur, þá flýtur meðan ekki sekkur.

Hér er tjaldað til einnar nætur. Þótt ég sé þeirrar skoðunar, að við verðum að horfast í augu við raunhæfa gengisskráningu og að jafnvægi verði að vera á milli framboðs og eftirspurnar gjaldeyris með okkur Íslendingum, til þess að framleiðsluatvinnuvegirnir fái þróazt og til þess að framleiðsluþáttunum í þjóðfélaginu, vinnu, fjármagni, vélum, sé beint að því, sem hagkvæmast er fyrir þjóðarheildina, þá verður gengisbreyting að eiga sér stað með þeim hætti, að hún veki traust manna, að hún sé varanaleg og skapi styrkan grundvöll, ekki eingöngu fyrir eina vetrarvertíð, sem stendur í 3-4 mánuði, heldur um lengri tíma.

Hér hefur verið sagt af hálfu hæstv. forsrh., að öðru máli sé að gegna um þessa gengisbreytingu en aðrar gengisbreytingar, sem við höfum reynt, Íslendingar, og það er hverju orði sannara. Síðustu gengisbreytingar okkar 1967 og 1968 voru gerðar vegna gengisfalls pundsins, vegna verðlækkana okkar sjávarafurða á erlendum markaði og vegna aflabrests. Það voru utanaðkomandi áhrif, sem þar voru eingöngu að verki. Þessi gengisbreyting, sem nú hefur verið tilkynnt, gerist þegar við njótum hæsta markaðsverðs sjávarafurða á erlendum vettvangi, sem við höfum nokkurn tíma notið, og þessi gengisbreyting á sér stað, meðan verðlag fer enn hækkandi. Aflamagn í heild sinni hefur ekki heldur minnkað, þótt samsetning aflans sé okkur óhagstæð. En þegar hvort tveggja er tekið í eina heild, aflamagnið og verðmætið, þá er útflutningsverðmætið hækkandi frá því árið áður, jafnvel um 10% eða meira. Undir slíkum kringumstæðum er gengislækkun framkvæmd af núv. hæstv. ríkisstj., sem sagði, að gengislækkun væri leið, sem aldrei kæmi til greina að fara, og lofaði kjósendum sínum því.

Það eru vissulega margar spurningar, sem vakna í sambandi við þessar aðgerðir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur ráðizt í, og ég vil freista þess að bera þær fram. Ég segi þetta e. t. v. hikandi vegna slæmrar reynslu, sem ég hef haft af því að biðja um upplýsingar í sambandi við þessar aðgerðir.

Það hefur verið upplýst hér í hv. þd., að fjh.- og viðskn. beggja þd. hafi starfað saman að meðferð þessa máls. Sú meðferð hefur átt sér stað á fundum nú í morgun. Á þeim fundum var beðið um upplýsingar. Bankastjórn Seðlabankans og forstjóri hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar gáfu þær upplýsingar, sem þeir höfðu tiltækar, á þeim fundi, en þær voru ekki fullnægjandi, a. m. k. ekki að dómi okkar, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn. beggja d. Við óskuðum þess vegna eftir að fá greinarbetri upplýsingar, og því var lofað, að ráðh. skyldu spurðir, hvort þær yrðu látnar í té. Ég skal játa, að það hefur e. t. v. tekið þann tíma, að hálfur dagur til viðbótar hefði farið í afgreiðslu þessa máls, ég efast um, að meiri tímatöf hefði orðið á því. Það var óskað eftir því, að ráðh. mættu á seinni fundi fjh.- og viðskn., eftir hádegið í dag. Þau skilaboð komu þá, að ráðh. hefðu ekki tíma til að koma og svara fsp. Fsp. skyldu bornar fram í umr. í þd. Með tilvísun til þessa ber ég fram þessar fsp.

Það er þá fyrst: Hver er ætlunin um meðferð þeirra 2.5 kaupgreiðslustiga, sem felld var niður greiðsla á í hinni tímabundnu verðstöðvun frá því í júlí í sumar, samkv. brbl? Samkv. samkomulagi eða a. m. k. yfirlýsingu, sem launþegasamtökum var gefin, var því lofað, að þau kæmu til útborgunar um áramót, að kaupgreiðsluvísitalan hækkaði allavega um áramót, vegna þess að þá var upp unnið og meira til það hagræði, sem launþegar gátu haft af því, að fjölskyldubætur komu í sumar nokkru fyrr til útborgunar en unnt hefði verið samkv. útreikningi vísitölunnar að öðru leyti.

Ég vil í öðru lagi spyrja: Hvaða þróun er og verður á kaupgreiðsluvísitölunni í kjölfar þessara ráðstafana?

Ég vil í þriðja lagi spyrja: Að hve miklu leyti er þar tekið tillit til verðhækkunarþarfa heimamarkaðsiðnaðarins? Svo að ég nefni dæmi: ým-

issa opinberra þjónustufyrirtækja, og vegna þess að mér hefur verið sagt, að inn í þessar umr. hafi í Nd. sérstaklega blandazt hækkunarþarfir fyrirtækja Reykjavíkurborgar, þá vil ég sérstaklega nefna þær þarfir á nafn og greina e. t. v. síðar frá þeim. En meginatriðið er að fá skýr svör, hver þróun kaupgreiðsluvísitölunnar verði á næsta ári.

Þá er spurningin: Hvaða aðrar ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera, ef þær eru nokkrar aðrar en fram hafa komið nú þegar í frv. á Alþ. í sambandi við þessa gengisbreytingu? Eru útreikningar fyrir hendi um afkomu sjávarútvegsins á næsta ári miðað við þessar ráðstafanir, og við hvaða fiskverð er þar miðað? Hvernig hyggst ríkisstj. ráða bót á þeim halla, sem er á tryggingarkerfi fiskiskipa og ekki hafa komið fram till. um, a. m. k. ekki svo að ég hafi fylgzt með?

Ég held, að rétt sé að fá fram svör við þessum spurningum. En ég leyfi mér að halda því fram, meðan aðrar upplýsingar koma ekki í dagsljósið, að þessar ráðstafanir, sem nú hafa séð dagsins ljós, séu engan veginn til þess fallnar að ráða bót á vanda atvinnuveganna. Það er ljóst, að áfram verður óhagstæður viðskiptajöfnuður við útlönd og áframhaldandi skuldasöfnun erlendis, sem þyngir afborgana- og vaxtabyrði okkar í framtíðinni og dregur mátt úr okkur til nýrra framkvæmda hér innanlands. Það er ljóst, að þessi óhagkvæmi viðskiptajöfnuður verður meiri en valkostanefndin taldi hámark þess, sem verða mætti. Og ég er hræddur um, að þótt látið sé í veðri vaka, að kaupgreiðsluvísitalan sé ekki tekin úr sambandi, þá muni þróun mála verða sú, að kaupmáttarbreytingin verði launþegum öllum óhagstæð og ríkisstj. verði fjarri því að ná því marki, sem hún setti sér um aukningu hans.

Það er vitaskuld nauðsynlegt að reyna að halda í skefjum kostnaðarhækkunum innanlands, en það fer þó ekki á milli mála, að það verður að horfast í augu við það vandamál, ef rétt er, sem valkostanefndin hefur bent á, að flutningafyrirtæki landsmanna, skipafélögin og flugfélögin, séu rekin með hundruð millj. kr. halla. Það verður sömuleiðis að horfast í augu við hækkunaþarfir þjónustufyrirtækja, sem selja þjónustu sína á innlendum markaði og hafa orðið fyrir kostnaðarhækkunum, frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum, af ýmsum þeim ráðstöfunum, sem hún hefur sérstaklega hrósað sér af.

Að því er snertir verðhækkanaþarfir fyrirtækja Reykjavíkurborgar, vil ég aðeins segja það, að þær voru fullkomlega viðurkenndar á síðasta ári, annaðhvort með því að veita hækkunina eða veita leyfi til lántöku fyrir þeim mismun á fjárþörf, sem varð vegna þess, að hækkunin varð ekki slík sem um var beðið. Sú lántaka var heimiluð erlendis og varð því miður til þess að auka á erlenda skuldasöfnun landsins þar og varð til þess að auka peningamagnið í umferð hér innanlands, auka spennuna í þjóðfélaginu og að því leyti dýrtíðina. Þarna var um nauðsynlega þjónustu að ræða, en það var farin röng leið til þess að leysa hana af höndum. Enn á ný eru áreiðanlega til staðar hækkunarþarfir, bæði hjá þessum fyrirtækjum og öðrum, og það er út af fyrir sig, enginn mannvonzka hjá stjórnendum Reykjavíkurborgar, sem fólgin er í því, að menn vilja fullnægja þeim þörfum, sem slík almenningsþjónustufyrirtæki eiga að inna af höndum. Við sjáum það af fordæmi og reynslu símans, sem er eingöngu ríkisfyrirtæki, hvað skeður, ef það fyrirtæki getur ekki fullnægt þörfum neytenda sinna. Hér í Reykjavík verða þúsundir manna í Breiðholti að bíða eftir síma mánuðum saman og jafnvel meir en ár vegna fjárskorts símans, eins og að honum hefur verið búið, eftir að honum var gert að greiða söluskatt. Vegna þess að fram hefur komið, að þjónustugjöld fyrirtækja Reykjavíkurborgar hafi sérstaklega aukizt, meira en vísitölur í þjóðfélaginu, eins og vísitala vöru og þjónustu, þá vil ég aðeins láta það koma hér fram að gefnu tilefni ummæla, sem komu fram í Nd., að sá samanburður er er þessi: Miðað við 1959 og vísitölu vöru og þjónustu 100 þá, er vísitala vöru og þjónustu 1972 orðin 460, en vísitala fyrir hita og rafmagn 393. Ef við miðum við tímakaup hafnarverkamanna, þá er það 550.6. Samanburðurinn er þá sá, tímakaup hafnarverkamanna er 550.6, vísitala vöru og þjónustu 460, vísitala fyrir hita og rafmagn í Reykjavík 393. Þetta sýnir betur en allt annað, að þessum þjónustugjöldum hefur verið í hóf stillt. En auðvitað er það svo, að núv. ríkisstj. hefur ekki horfzt í augu við slíkar verðhækkunarþarfir og ekki tekið þær með í reikninginn í sambandi við þróun kaupgreiðsluvísitölu á næsta ári, en hún hefur auðvitað áhrif á afkomuhorfur atvinnuveganna. Það er enn fremur nauðsynlegt að gera samræmdar aðgerðir í sambandi við útlán bankakerfisins og opinberra sjóða. Það er enn fremur nauðsynlegt, að opinber útgjöld og þá sérstaklega ríkisbúskapurinn séu innan þeirra marka, að ekki sé um hallarekstur að ræða.

Hér hafa ekki komið fram upplýsingar enn, í síðustu viku þings fyrir jól, í þeirri viku, sem afgreiða á fjárlög, hvernig á að draga úr útgjöldum á fjárl. hvort heldur er um rekstrargjöld að ræða eða útgjöld til framkvæmda. Það hefur ekki verið upplýst, hvernig á að draga úr útlánum opinberra sjóða eða hvar þetta á niður að koma. Við höfum slæma reynslu í þessum efnum frá yfirstandandi ári. Brbl. um tímabundna verðstöðvun gerðu ráð fyrir því, að ríkisstj. væri heimilt að draga úr útgjöldum að upphæð 250—400 millj. kr. Það hafa ekki verið gefnar neinar upplýsingar um, fyrr en nú á síðustu dögum, í hverju þessi samdráttur er fólginn, og hæst hefur hann komizt upp í 173 millj. kr. og er þó ekki að fullu raunhæfur eða raunverulegur.

Ég vil leggja áherzlu á það að lokum, herra forseti, að gengisbreyting út af fyrir sig getur verið eðlileg hagstjórnartæki. En aðdragandi þessarar gengisbreytingar er heimatilbúinn vandi núv. hæstv. ríkisstj., og þess vegna er ábyrgð á henni lýst á hendur núv. hæstv. ríkisstj. Það getur vel verið, að það hafi ekki verið önnur leið betri eða skárri úr þeim vanda, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur komið þjóðarbúskapnum og ríkisbúskapnum í heldur en að breyta genginu. Ég get raunar fallizt á það. En aðdragandi gengisbreytingarinnar, þær ráðstafanir, sem gerðar eru samhliða henni eða ekki gerðar samhliða henni, ummæli hæstv. forsrh. og rök fyrir gengisbreytingunni eru þess eðlis, að allir mega sjá, að hér

er aðeins tjaldað til einnar nætur. Þess vegna er þetta aðeins upphaf að fleiri gengisfellingum, og það mun almenningur skilja, þótt það sé ekki sagt upphátt.

Skilyrði til þess, að gengisbreyting nái tilgangi sínum, er, að almenningur fái tiltrú á hinni nýju gengisskráningu. Það er víðs fjarri, að unnt sé að skapa slíka tiltrú meðal almennings á Íslandi í dag við þau stjórnvöld, sem við búum við og eins og þau hafa búið í haginn hingað til og eins og þau standa að þeim ráðstöfunum, sem við erum hér að ræða. Þess vegna höfum við sjálfstæðismenn borið fram till. um vantraust á ríkstj., og við teljum sjálfsagt, að kjósendur fái að kveða upp dóm sinn yfir þeim mönnum, sem fyrir síðustu kosningar sögðu, að þeir mundu ekki beita gengislækkun til lausnar neinum efnahagsvanda.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það fer nú vart á milli mála eftir þær umr., sem orðið hafa í hv. Nd. nú í hálfan annan sólarhring, þó að þessari hv. þd. séu ekki ætlaðar nema nokkrar klukkustundir til að ræða málin, að flutningur þessa frv. er tvímælalaus brigð á gefnum loforðum hæstv. núv. ríkisstj. þann meiri hl., sem hún styðst við eða studdist við á tímum valdatöku sinnar, má áreiðanlega rökstyðja eins og margt annað, sem hér hefur verið sagt af hálfu hæstv. ríkisstj., þannig, að hann hafi út af fyrir sig getað ráðið úrslitum um, að núv. ríkisstj. komst til valda. Eftir 12 ára róg um fyrrv. stjórnendur landsins um, að þeir treystu aldrei til þess að leysa efnahagsvandann með öðru hagstjórnartæki en gengislækkun, tókst þeim að telja svo mörgum kjósendum trú um ágæti sitt, fyrst og fremst þó vegna þess, að þeir lofuðu að beita aldrei gengislækkun. Það er þessi hópur kjósenda, sem tvímælalaust hefur verið svikinn. Þess vegna má með fullum rökum segja, að meiri hl. hæstv. núv. ríkisstj. sé brostinn meðal kjósenda sjálfra.

Ég skal að öðru leyti ekki, herra forseti, teygja lopann í þessum umr. með endurtekningum á því, sem menn hafa bæði heyrt og lesið úr umr. um þetta mál þegar hér á hv. Alþ. Fyrri vitnanir og rökstuðningur hefur verið ljósprentaður og er til sýnis reyndar í skjölum Alþingis og fjölmiðlum um það, hvernig þessir hv. núv. stjórnarherrar rökstuddu og lofuðu fyrir síðustu kosningar því, að aldrei skyldi beitt gengislækkunum, ásamt öðrum þeim brigðum, sem þeir hafa nú þegar orðið berir að. Allt þetta er til í prentuðum skjölum, sem munu vitna bezt um heilindi þeirra í þessum vandamálum, sem og hvernig þeir hafa snúizt við ýmsum öðrum.

Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar Alþfl.-manna, að við lítum svo á, að þetta frv. sé skilgetið afkvæmi ríkisstj., sem hún verði sjálf að bera ábyrgð á. Við munum þess vegna ekki taka afstöðu til annars atriðis í frv. heldur en þess, sem 3. gr. þess felur í sér, og teljum, að þann vanda, sem fyrirhugaður er að leysa með löggildingu þess ákvæðis, hefði átt að setja í sérstök lög um Seðlabankann sjálfan. Gegn þeirri gr. frv. munum við því greiða atkv.

Það stóð ekkert á því hér á erfiðleikaárunum 1967—1969, að þáv. ríkisstj. og einstökum ráðh. væri brigzlað um heimatilbúinn vanda. Engum datt þó í hug að bera það á ríkisstj. þá, að hún hefði framkallað 40—50% lækkun á öllum okkar útflutningsafurðum, eins og staðreyndir töluðu þó um. En þær efnahagsráðstafanir, sem gera varð á stjórnarferli fyrrv. ríkisstj., voru þó fyrst og fremst tilkomnar utanlands frá, en það verður ekki sagt um þann vanda, sem hér er á ferðinni. Og það er meira að segja gengið svo langt í þeim gleðiboðskap, sem stjórnarherrarnir telja sig nú vera að flytja þjóðinni, að það er talið gengislækkun nú til lofs, að hún sé flutt undir allt öðrum kringumstæðum, og það jafnvel rök fyrir flutningi málsins. Og hver skyldi nú geta gert annað en viðurkenna, að aðstæður eru allt öðruvísi. Svo að við tökum einn veigamesta þátt útflutningsafurða okkar, fiskiblokkina, þá komst hún á sínum tíma, þegar verst gegndi, niður í 19 sent pundið, en nálgast nú óðum 50 cent, þ. e. a. s. meira en tvöfaldast. Þetta er stærsti þátturinn í okkar útflutningsafurðum og ætti því að vera veigamikill. Það er hins vegar rétt, sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að víxlanir hafa orðið á ýmsum veiðigreinum flotans, en ekkert meira en átt hefur sér stað frá ári til árs, svo lengi sem sögur fara af. Fyrrv. ríkisstj. mátti muna þennan dans mjög glöggt, þegar við lifðum ein mestu síldarár, sem hér hafa komið, og allt til þess, að engin síld sást og að beztu manna yfirsýn var talið ráðlegast að banna veiði á þeim fáu kvikindum, sem kringum landið dvöldust. En allt þetta var þá talið heimatilbúið ásamt verðlagi á afurðum okkar erlendis, og sjá allir, hver rök og skynsemi lágu að baki slíkum fullyrðingum.

Ég lofaði því í upphafi að teygja ekki lopann við þessa umr., a. m. k. ekki um þetta frv. Á því verður hæstv. núv. ríkisstj. að bera ábyrgð, enda skilgetið afkvæmi hennar og nú má færa full rök fyrir því, að vandinn sé heimatilbúinn. Geri hver sem vill samanburð á því þjóðarbúi, sem hæstv. ríkisstj. tók við, þegar hún settist í valdastólana 14. júlí s. l., og því ástandi, sem hún skilar nú.

Hæstv. forsrh. sagði áðan eða bað reyndar þdm. um að hugsa það, hvaða ástand hefði hér skapazt, ef ríkisstj. hefði ekki snúizt gegn vandanum. Fyrst og fremst höfðu stjórnarandstæðingar nú takmarkaða aðstöðu til þess að vega og meta, hvernig ástandið raunverulega var. En þegar við höfum nú þeirra eigin orð fyrir því, í hvaða þrotabú þeir hafa komið þjóðarbúinu, og ögranir um það, eins og af hálfu hæstv. forsrh. áðan, að hér hefði allt verið komið á vonarvöl eftir eins og hálfs árs stjórnarferil hans í ríkisstj., þá förum við að skilja og þá er það ekki lengur áróður okkar, að illa hafi verið stjórnað. Það er þeirra eigin viðurkenning. Vandinn er tilbúinn af þeim sjálfum og verður að leysast af þeim sjálfum. Það er út af fyrir sig mannskapsbragur að því. Þó að aðdragandinn væri með nokkuð einkennilegum hætti miðað við stjórnarhætti á Íslandi, er það samt virðingarvert að gera tilraun til þess að leysa vandann. Það er nú einu sinni skylda hverrar ríkisstj. En á þessum árum, sem ég minntist á áðan og lýsti ástandinu þá, var þess líka krafizt, að þáv. ríkisstj. segði af sér vegna þess, að Englendingar og

Ameríkumenn vildu ekki kaupa fiskinn á því verði, sem við þurftum að fá fyrir hann. Nú þegar verðið hefur meira en tvöfaldazt á þessum sömu afurðum, kemur ríkisstj. og segir: Hér er allt í kaldakoli eftir eins árs stjórnarferil okkar, ef ekki verður snúizt gegn vandanum. — Það er út af fyrir sig yfirlýsing, sem gott er að hafa bókfesta.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. örfárra spurninga að lokum, sem ég tel, að gætu orðið innlegg í frekari umr. um málið og þó öllu heldur til upplýsingar fyrir okkur, sem eigum nú, eins og ég segi, að afgreiða málið á örfáum klukkutímum, þegar önnur d. þingsins er búin að hafa það í hálfan annan sólarhring. Þá er það í fyrsta lagi: Liggur það fyrir, hver áhrif þetta frv. muni hafa á kaupgjaldsvísitölu, þegar lögin eru komin til fullra framkvæmda? Í öðru lagi hefur verið mikið rætt um togarakaup hér á Íslandi undanfarin ár og nauðsyn þess að endurnýja togaraflotann. Þess er svo gjarnan getið í málgögnum núv. hæstv. ríkisstj., að um þessi mál hafi enginn hugsað nema hún. Sagan segir okkur þó, að það hafi verið búið að semja um kaup á 15 slíkum skipum, þegar ríkisstj. settist í valdastólana. En það er önnur hlið þessa máls og gefst kannske tækifæri til að ræða það síðar. En hefur það verið reiknað út, hver áhrif þetta frv. muni hafa á kaup þeirra um það bil 30 nýrra togara, sem búið er að semja um kaup á af fyrrv. og núv. ríkisstj.? Það er þegar vitað, að fyrir þessa gengislækkun kostuðu þessi skip frá 85—90 millj. upp í 140—150 millj. kr. hvert um sig. Augljós er því sá skellur, sem hlutaðeigandi aðilar hljóta að verða fyrir, ef ekki verður neitt úr bætt, því að skip þessi eru keypt að mestu með lánum erlendis frá. Og hver ber gengishallann af þessum skipakaupum?

Það hefur komið þegar fram í umr., að sumum þætti það ekki óeðlilegt, að út úr vísitölugrundvellinum skyldi nú tekið tóbak og áfengi, og margir gruna hæstv. ríkisstj. um, að þetta sé fyrirhugað að gera. Hvað sem um tóbak og áfengi má segja, þá er sala þess innanlands augljós vottur um, að hér er um almenna neyzluvöru að ræða. Við getum deilt um hollustuhætti þessara lyfja, en um hitt verður ekki deilt, að hér er um alvarlega, stóra útgjaldaliði að ræða fyrir almenning í landinu. Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið. Úrtaka þeirra úr vísitölugrundvellinum þýðir óhjákvæmilega, að um beina vísitölufölsun verður að ræða.

Vilja hæstv. viðstaddir ráðh. einnig skrifa hjá sér fjórðu spurninguna, svo er spurningalestrinum lokið, þannig að hæstv. forsrh. fái hana, þó að hann þurfi að hverfa frá. Og það er kannske veigamesta spurningin, sem ég tel nauðsynlegt, að svarað sé: Telur ríkisstj., að hún geti þrátt fyrir lögfestingu þessa frv. staðið við það loforð í stjórnarsáttmála sínum, að 20% kaupmáttaraukning eigi sér stað á gildandi samningstímabili núverandi kjarasamninga?

Við þessum spurningum vildi ég gjarnan fá sem greiðust svör, ekki einungis mín vegna, heldur vegna þess, að mér er kunnugt um, að þetta hefur komið fram í umr. áður og ljós svör hafa ekki komið við þessum veigamiklu atriðum. Hér er um atriði að ræða, sem ekki þarf í hóp hv. þdm. að útlista, hve veigamikil eru, annars vegar um að ræða grundvöllinn að atvinnulífi í landinu og hins vegar grundvöllinn að þeim kjörum, sem verkalýðsfélögunum var lofað, að þeim mundu búin í tíð núv. ríkisstj.

Ég mun svo, eins og ég lofaði í upphafi, ekki teygja lopann frekar um þetta mál við þessa umr., nema sérstök þörf gerist á, en óska þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þessum spurningum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þegar hæstv. forsrh. í ræðu sinni hér í kvöld mælti fyrir frv. því, sem hér er til umr., ræddi hann að mestu leyti um gengislækkun þá, sem Seðlabankinn hefur þegar ákveðið í samráði við ríkisstj., en ekki beint efni frv. Það er ekkert óeðlilegt við það, vegna þess að efni frv. þarf ekki mikilla umr. við að mínu viti. Ég mun því víkja nokkuð hér að því, sem hæstv. forsrh. ræddi um gengislækkunina.

Hann vék fyrst að því, að þeir framsóknarmenn hefðu, áður en þessi ríkisstj. var mynduð og kannske líka eftir það, deilt á fyrrv. ríkisstj. fyrir það, sem hann kallaði gengisfellingarstefnuna. Það var eins og hann vildi segja með þessu, að Framsfl. væri alltaf á móti gengisfellingu eða a. m. k. á móti gengisfellingarstefnunni. Hvað skyldi það nú vera? Ég hygg, að það hafi verið fleiri en ég, sem komu þessi ummæli hæstv. forsrh. dálítið einkennilega fyrir sjónir, því að það er þannig með mig, að enginn flokkur hér á landi er í minni vitund meira tengdur gengislækkun heldur en einmitt Framsfl. Ég hygg, að þetta sé svo um fleiri. Þetta er kannske nokkuð persónulegt fyrir mig. Í fyrsta sinn, sem ég steig fæti inn í þetta virðulega hús til þess að hlusta á umr., voru það umr. um gengislækkun. Þá var forsrh. framsóknarmaður og fjmrh. framsóknarmaður. Og nú er það í fyrsta sinn, sem ég hef tækifæri til þess í þessu virðulega húsi að taka þátt í umr. um gengislækkun, og þá er það Framsfl., sem hefur forsrh., og Framsfl., sem hefur fjmrh.

Ég held, að við þurfum í raun og veru ekki að fjölyrða mikið um þetta. Ég held, að sagan sanni það, svo að ég stytti mál mitt hvað þessu viðvíkur, að Framsfl. hefur þá stefnu, þegar hann er í ríkisstj., að vera með gengislækkunum, en þegar hann er utan ríkisstj., að vera á móti gengislækkunum. Ég held, að þetta sé það, sem flestir ættu að geta skrifað undir hvað viðkemur Framsfl. og gengisfellingum.

En hæstv. forsrh. sagði með nokkru — mér liggur við að segja stærilæti, að Framsfl.-menn hefðu deilt á gengisfellingarstefnuna. Hann sagði í framhaldi af þessu, að gengisfellingarstefnan væri sú efnahagsstefna, sem æ ofan í æ hefði leitt til gengislækkunar. Og hæstv. forsrh. færði máli sínu til stuðnings gengislækkanir, sem gerðar höfðu verið í tíð fyrrv. stjórnar, viðreisnarstjórnarinnar. Það er nú búið að ræða það mál svo oft, að ég skal ekki vera fjölorður um það. Hvaða efnahagsstefna var það, sem réð gengislækkuninni 1960, þegar fellt var niður uppbóta- og haftakerfið,

gerð kerfisbreyting og skráð eitt gengi krónunnar, rétt gengi í staðinn fyrir um 20 gengi, sem áður voru, viðurkenndar staðreyndir, sem voru afleiðing af þeirri efnahagsmálastefnu, sem vinstri stjórnin fyrri hafði og varð þess valdandi, að málum var svo komið? Samkv. ummælum forsrh. segist hann nú vera á móti þessari stefnu, ef orð hans eru tekin bókstaflega. Árið 1967 er krónan felld, vegna þess að gengi sterlingspundsins er fellt. Gegn hvaða efnahagsstefnu var hæstv. forsrh., þegar hann snerist gegn gengisfellingu 1967? Var hann á móti því, sem gerðist í Englandi og réð því, að gengið var fellt? Hæstv. forsrh. segist vera á móti þeirri efnahagsstefnu, sem veldur gengislækkun. Hvaða stefnu var hæstv. forsrh. á móti, þegar gengið var fellt 1968, vegna þess að útflutningsverðmæti þjóðarinnar lækkuðu um 50%? Hvaða stefna var það, hæstv. forsrh.? Nei, það þýðir ekki hér í þessum umr., sem eiga að vera alvarlegar umr., en ekkert gamanmál, að slá fram slíkum fjarstæðum.

En hæstv. forsrh. kom svo næst að því að segja í ræðu sinni: Það er velsæld hér á landi, en samt vandi. Og hann skýrði fyrir okkur, í hverju hann teldi, að vandinn væri fólginn, og sagðist gera það í nokkuð stuttu máli. Ég skal ekki deila á hann fyrir það að hafa farið nokkuð fljótt yfir sögu, þegar hann fór að rekja það, í hverju vandinn væri fólginn. En hvað sagði hæstv. forsrh.? Hann sagði, að vandinn stafaði af því, að ekki væri fullnægjandi rekstrargrundvöllur fyrir útflutningsatvinnuvegina, einkum sjávarútveginn, og það væri vegna þess, að afli hefði minnkað miðað við sóknareiningu og samsetning aflans hefði breytzt. Já, það má sjálfsagt finna þessu orðalagi hæstv. forsrh. stoð. En það er ekki það, sem skiptir máli í þessu sambandi, hver er samsetning aflans eða hver aflinn er miðað við sóknareiningu, þó að ég segi ekki, að þetta skipti engu máli. En það skiptir ekki máli í sambandi við það, sem við erum að ræða um, vegna þess að þrátt fyrir þetta er það staðreynd, að aflabrögð hafa verið góð og verðlag á útflutningsafurðum landsmanna hærra en nokkru sinni fyrr, og samkv. áætlun opinberra aðila er gert ráð fyrir því, að útflutningsverðmæti sjávarútvegsins hækki stórkostlega á næsta ári og verði aldrei hærra en þá. Nei, hæstv. forsrh., það er ekki hægt að færa fram þessa röksemd.

En hæstv. forsrh. bar fram fleiri röksemdir, og við skulum sjá, hvers virði þær eru. Hann sagði, að ein ástæðan væri gengisbreytingar í öðrum löndum. Þegar talað er um gengisbreytingar í öðrum löndum, kemur okkur fyrst og fyrst og fremst í huga gengisfall dollarans á síðasta ári. Hvaða áhrif hafði það fyrir sjávarútveginn út af fyrir sig, þegar ríkisstj. lét íslenzku krónuna fylgja dollarnum og lækkaði hana þannig gagnvart öðrum gjaldeyri? Ríkisstj. var, ef svo mætti segja, að taka þá forskot á sæluna. Hún var þá byrjuð að gera það, sem hún er að gera nú, að lækka íslenzku krónuna. Svo segir hæstv. forsrh., að þetta sé ástæðan fyrir því, að hún þurfi að lækka íslenzku krónuna. Hver skilur slíkar röksemdir sem þessar?

Þá sagði hæstv. forsrh., að ein ástæðan fyrir lækkun gengisins væri, að samið hefði verið um verulegar kauphækkanir. Ég held, að þetta sé rétt hjá hæstv. forsrh. En hver ber ábyrgðina á því? Ætli það sé ekki hæstv. forsrh. og ríkisstj., sem ber sinn hluta af þeirri ábyrgð?

Þá taldi hæstv. forsrh., að ein ástæðan fyrir því, hvernig komið sé, væri sú, að 40 stunda vinnuvikan kom verr út en ætlað var. Ég hygg, að það hafi alltaf mátt gera ráð fyrir því, að sú ráðstöfun að lögleiða 40 stunda vinnuviku kæmi ekki vel út. En samkv. þessu orðalagi hæstv. forsrh. er svo að sjá, að hann hafi talið á sínum tíma, að þessi ráðstöfun kæmi vel út, en nú sé hann farinn að sjá, að svo hafi ekki verið, þetta hafi verið mistök hjá hæstv. ríkisstj. Það er margt meiri fjarstæða, sem hæstv. forsrh. hefur sagt í þessu máli, en þetta, og auðvitað gerast þau mörg, mistök hæstv. ríkisstj.

Og þá nefndi forsrh. loks eina ástæðu í viðbót, sem hann taldi fram sem orsök fyrir vandanum, sem nú er við að glíma, að 6% grunnkaupshækkun kæmi til framkvæmda 1. marz n. k. Ég held, að það sé rétt hjá forsrh., að þetta skapar vissan vanda. En ég spyr: Hvað ber hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. mikla ábyrgð á þessum vanda? Ábyrgð hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans er ekki lítil.

Þetta var það, sem hæstv. forsrh. sagði um orsakir vandans, sem við er að glíma. En hann vék svo nokkrum orðum að úrræðunum, úrræðum ríkisstj., að gengislækkuninni sjálfri, og þar lagði hæstv. forsrh. áherzlu á, að ríkisstj. hefði gert frávik frá uppfærsluleiðinni, sem efnahagsmálanefnd ríkisstj. benti á. Og í hverju, sagði hann, að þetta frávik væri fólgið? Jú, hann gerði grein fyrir því og sagði, að frávikið væri fólgið í því, að áhrif gengislækkunarinnar kæmu inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Frávikið var hvorki meira né minna en það, að ríkisstj. ákvað að afmá áhrif gengislækkunarinnar á nokkrum mánuðum með þessum hætti. Það var eðlilegt, að hæstv. forsrh. segði, að það hefði verið um frávik að ræða. En hæstv. forsrh. sagði og hafði það eftir sérfræðingum, að þeir teldu líklegra, að full áhrif næðust af þessari gengislækkun, að því er mér skildist, vegna þessa fráviks. Ég leyfi mér að mótmæla þessari fullyrðingu. Hún brýtur í bága við allar röksemdafærslur efnahagsmálanefndarinnar, og ég hef ekki heyrt eða talað við nokkurn sérfræðing í þessum málum, sem telur, að gengislækkun geti haft áhrif til frambúðar, ef kaupgreiðsluvísitalan er ekki tekin úr sambandi eða áhrif hennar takmörkuð eða vissar ráðstafanir gerðar til þess að vega þar upp á móti. Ég spyr hæstv. forsrh.: Er það efnahagsmálanefndin, sem ríkisstj. skipaði og hefur skilað greinargerðum sínum, sem telur nú, að gengislækkunin geti heppnazt betur með þessum hætti heldur en með þeim hætti, sem n. lagði sjálf til? Eða eru það aðrir sérfræðingar, sem fullyrða slíkt?

Hæstv. forsrh. sagði, að hann mundi hafa framsögurræðu sína í styttra lagi, hann hefði rætt málið ítarlega í hv. Nd., og ég skil mætavel þetta sjónarmið og er ekki út af fyrir sig

að deila á hæstv. forsrh. fyrir það. En af þessu leiðir, að það eru ekki í raun og veru fleiri sérstök atriði, sem ég sé ástæðu beint til að svara úr ræðu hæstv. forsrh. Ég get þó ekki látið hjá líða að víkja að því, sem hæstv. forsrh. sagði undir lok ræðu sinnar.

Það var einkennilegur ræðukafli. Stundum hafði maður það á tilfinningunni, að forsrh. væri harla ánægður með það, sem ríkisstj. hefði gert, með gengislækkunina, með frammistöðu ríkisstj. hefði gert, með gengislækkunina, með frammistöðu ríkisstj., en í hinu orðinu virtist hann vera vondaufur fyrir hönd þessara ráðstafana og fyrir hönd sinnar eigin ríkisstj. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið skylda ríkisstj. að ráðast með dirfsku og fullum krafti gegn vandamálunum. Ja, hefur nú almenningur, hefur íslenzka þjóðin orðið vör við dirfskuna og kraftinn, sem einkennt hefur hæstv. ríkisstj. nú á síðustu dögum, síðustu vikum? Ég held, að það þurfi nokkuð mikið hugmyndaflug til þess að nefna hvort heldur er dirfsku eða kraft í þessu sambandi. En svo skömmu síðar segir forsrh., og þá er eins og hann sé dottinn niður: Engar fullyrðingar hafi hann uppi um það, hve varanlegar þessar ráðstafanir verði né hve langlíf ríkisstj. verði. Hann spáir því ekki, að ráðstafanirnar, sem hann er að mæla fyrir, verði varanlegar, hafi raunveruleg áhrif. Og hann talar eins og ríkisstj. geti farið frá hvenær sem er. Ég er ekki að deila á hann fyrir þetta. Þarna er hann raunhæfur, en ekki þegar hann var að tala um dirfskuna og kraftinn. En svo sækir hæstv. forsrh. aftur í sig veðrið og segir: Hvað hefði skeð, ef ríkisstj. hefði ekki leyst vandann? Ja, hvað hefði nú skeð? Hvaða stjórn hefði tekið við? Hæstv. forsrh. sá engan möguleika á því, að hægt væri að mynda þingræðistjórn, og hann talaði um þann möguleika, að það yrði mynduð embættismannastjórn. Fyrr má nú vera, að menn hafi álit á mikilvægi sjálfra sín, ef þeir halda, að ef þeir séu ekki sjálfir forsrh., þá sé enginn útvegur samkv. þingræðis- og lýðræðisreglum, það séu öll sund lokuð og verði að grípa til þess að skipa embættismannastjórn. Ég hélt ekki, að hæstv. forsrh. væri þeirrar skoðunar, að honum væri orðið áskapað að vera forsrh. Íslands. En ég held, að slíkt hafi engum öðrum dottið í hug.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að ræðu hæstv. forsrh. Ég vil víkja nokkru nánar að þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, gengislækkuninni, víkja að nokkrum atriðum almennt í sambandi við það mál. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir álit efnahagsmálanefndarinnar. Ég tel, að það sé vel unnið og það veiti miklar upplýsingar og þau vinnubrögð hæstv. ríkisstj. séu góð. Og mér er þeim mun ljúfara að þakka hæstv. ríkisstj. það, sem vel er gert, vegna þess að það er svo sjaldan, sem tækifæri er til slíks.

Í þessu nál. er rætt um vandamálið á miklu víðari grundvelli en hæstv. forsrh. gerði hér í ræðu sinni. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp, en ég tel, að höfuðvandinn sé þrenns konar: 1. Vandi, sem varðar viðskiptajöfnuðinn. 2. Vandi, sem varðar ríkisfjármálin. 3. Vandamál, sem varða rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

Það eru allir sammála um, að það þurfi að treysta rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og sérstaklega sjávarútvegsins. Og hvernig verður þessi grundvöllur treystur? Og hvað er það, sem verið er að tala um, að eigi að gera með gengislækkun? Það er tilfærsla á fjármagni. Það er að veita aukið fjármagn til útflutningsatvinnuveganna og sérstaklega sjávarútvegsins. Þetta er verulegt fjármagn, sem þarf að færa til. Það hefur verið talað um 800 millj. á ársgrundvelli, 1000 millj. eða 1200 millj. Ég skal ekki fullyrða hér, hver þessi upphæð er nákvæmlega. Ég hygg raunar, að það sé erfitt að fullyrða um það. En það skiptir ekki máli í því sambandi, sem ég er að tala um þetta. Ef við tölum um að færa fjármagn til sjávarútvegsins, þá verðum við að taka það einhvers staðar annars staðar frá. Þessi tilflutningur getur ekki gerzt öðruvísi en fjármagnið sé einhvers staðar tekið. Það er m. ö. o. ekki hægt að gera gengislækkun þannig, að enginn verði var við nema þeir, sem eiga að taka við fjármagninu, sem á að flytja til. Ef menn meina gengislækkun til þess að leysa einhvern vanda, þá er allt tal um gengislækkun markleysa, nema fjármagnið, sem á að koma einum til góða, sé tekið af öðrum.

Þessu gerir efnahagsmálanefndin sér að sjálfsögðu grein fyrir. Og efnahagsmálanefndin gerir ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan sé tekin úr sambandi eða áhrif hennar a. m. k. takmörkuð, til þess að áhrif gengislækkunarinnar gangi ekki inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Hæstv. ríkisstj. og hæstv. forsrh. segja, að þetta eigi ekki að gera nú. Og hæstv. forsrh. lætur liggja að því eða segir beinlínis, að það sé meginkostur þessara aðgerða nú, að þetta skuli ekki vera gert. En hæstv. forsrh. trúir ekki sínum eigin orðum í þessu efni, því að ef hann tryði þeim, segði hann ekki jafnframt, að það ætti að leiðrétta kaupgreiðsluvísitöluna. Forsrh. hefur sagt, að það eigi að leiðrétta kaupgreiðsluvísitöluna. Hvers vegna er hann og stjórnarliðið að tala um leiðréttingu á kaupgreiðsluvísitölunni í þessu sambandi? Það er auðvitað vegna þess, að með því ætla þeir að freista þess að takmarka áhrif gengislækkunarinnar, sem ganga inn í kaupgreiðsluvísitöluna.

Það þykir gott að segja það við almenning í landinu, launþegana, að það eigi ekki að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, en fara svo um bakdyrnar í þessu máli á þann veg að freista þess að takmarka þau áhrif, sem kaupgreiðsluvísitalan gæti haft. En það er á marga vegu hægt að fara í kringum launþegana til þess að ná sama marki og með því að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi. Það er það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera með því að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði eða hækka fjölskyldubætur. En slíkt verður ekki gert nema með skattheimtu, auknum sköttum og byrði á almenning. M. ö. o.: það er reynt að láta líta svo út af hálfu ríkisstj., að það sé hægt að framkvæma þessa gengislækkun án þess, að það komi við neinn, en ríkisstj. veit, að þetta er markleysa, og það er reynt eftir krókaleið-

um að ná í vasa almennings í landinu. En til þess, að gengislækkunin geti náð marki sínu, til þess að einhverjar stóraðgerðir, sem varða þjóðina í heild, geti náð árangri, verður að segja þjóðinni sannleikann, því að ef þjóðin fær að heyra sannleikann og málin eru lögð rétt fyrir, er það bezta leiðin til að fá stuðning almennings í landinu. Og það þarf einmitt að skapa hjá almenningi traust á því, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, geti heppnazt, og ef almenningur fær það traust, þá skilur hann, að það þarf að herða mittisólina.

Þetta var um gengislækkunina og útflutningsatvinnuvegina, og ég skal víkja fáeinum orðum að því, hvaða áhrif gengislækkunin þarf að hafa á ríkisfjármálin, ríkisbúskapinn, til þess að gengislækkunin hafi gildi einnig á því sviði.

Það er augljóst, og því getur gengislækkun verið til úrlausnar til að koma jafnvægi á fjármál ríkisins, að bein áhrif gengislækkunar koma fram í hækkuðum tekjum fyrir ríkissjóð, hækkun tolltekna og hækkun söluskattstekna vegna hækkaðs verðlags. En hér þarf enn fremur að gera fleiri ráðstafanir, bæði hækkun skatta og niðurskurð útgjalda. Ég skal ekki fara hér út í þau mál, hvernig ríkisstj. hugsar sér að leysa fjármál ríkisins í einstökum atriðum. Ég vildi í þessu sambandi aðeins benda á það, að ef kaupgreiðsluvísitalan er ekki tekin úr sambandi eða áhrif hennar takmörkuð, þá sækir brátt í sömu átt hvað varðar ríkissjóðinn, þ. e. a. s. hann skortir tekjur til þess að mæta útgj., sem fara hækkandi áfram vegna launahækkana og vísitöluhækkana. Þannig er ekki nóg með, að gengislækkunin sé fánýt til þess að skjóta stoðum undir rekstur útflutningsatvinnuveganna og sjávarútvegsins sérstaklega, heldur einnig fjármál ríkisins, ef ekki er horft refjalaust framan í þá staðreynd, að þegar þarf að flytja til fjármagn í þjóðfélaginu, þá verður það ekki flutt á einn stað, nema það sé tekið af öðrum.

Þetta á líka við varðandi viðskiptajöfnuðinn. Það eru ekki nema stundargrið, hvað varðar áhrifin af gengislækkun til að bæta viðskiptajöfnuðinn, ef, eins og hæstv. forsrh sagði, áhrifin eiga að ganga inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Þá minnkar ekki eftirspurnin eftir erlendum vörum, er frá líður. Ég hef vikið að þessu atriði til þess að undirstrika, hve það er misráðið og raunar fráleitt, þegar hæstv. ríkisstj. er að gera því skóna, að þessi gengislækkun geti tekizt og náð tilgangi sínum, ef hún á ekki að koma við neina í þjóðfélaginu.

Það hefur verið vikið að því, hve vandinn væri mikill. Í áliti efnahagsmálan. eða valkostan. er gerð ítarleg grein fyrir þessu. Ég skal ekki hér fara að rekja það mál. En ég vil vekja athygli á því, að það hefur komið fram nokkur ágreiningur um það, hvað vandinn væri mikill, t. d. hefur sú skoðun komið fram hjá hæstv. viðskrh., að vandinn væri mun minni en valkostan. gerir ráð fyrir. Það kann að vera, að svo sé, ég vil þó ekki um það fullyrða. Það skiptir auðvitað miklu máli, hve vandinn er mikill Hitt skiptir þó meira máli, hvaða ráðum er beitt til að leysa vandann. Ég geri ráð fyrir, að þetta atriði hafi komið nokkuð við sögu, þegar stjórnarflokkarnir voru að deila innbyrðis um það, hvaða ráð skyld höfð til að leysa vandann.

Það var mjög fróðl. að heyra hæstv. félmrh. segja þá sögu hér í umr. í hv. Nd. í gær. Hann talaði eins og sigurvegarinn, sem segir söguna. Og við vitum það, að sagan oft og tíðum og kannske oftar en við höldum, saga mannkynsins, er fyrst og fremst sögð af sigurvegurunum. Og það hlutverk lék hæstv. félmrh. mætavel hér í gær. Ég skal ekki fara að fjölyrða um ágreininginn, sem upplýst er, að hefur verið á milli stjórnarflokkanna, — rekja það annars vegar, sem Framsfl. lagði til og Alþb. lagði til, og hins vegar það, sem bessir flokkar voru þvingaðir til að gera, þegar SF settu sína úrslitakosti. En það er athyglisvert, sem hæstv. félmrh. sagði varðandi þá leið, sem farin var, vegna þess að það má gera ráð fyrir því, að hann hafi ekki minnst um það að segja, hvernig framkvæmdin verður. Hæstv. félmrh. talaði um ótímabærar gengislækkanir, hann talaði um sjálfsagðar gengislækkanir og hann talaði um tíðar gengislækkanir. Ótímabærar gengislækkanir voru gengislækkanir eins og framkvæmdar voru í stjórnartíð viðreisnarstj. og ég hef hér áður vikið að. En sjálfsagðar gengislækkanir voru í hans augum gengislækkanir eins og sú, sem nú hefur verið framkvæmd. Og þær voru sagðar af hæstv. ráðh. svo sjálfsagðar, að það færi bezt á því, að þær væru oft gerðar, það væru tíðar gengislækkanir. Það kann að vera, að hæstv. félmrh. átti sig betur á því en ýmsir aðrir í stjórnarliðinu, hvað þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar, eru skammgóður vermir, og þess vegna sé hann að boða þennan fagnaðarboðskap, að tíðar gengislækkanir séu af hinu góða.

Hæstv. forsrh. ræddi, eins og ég hef áður vikið að, um orsakir vandans, sem nú er við að glíma. Ég tel, að hæstv. forsrh. hafi ekki dregið upp rétta mynd af því máli, og ég hef áður greint frá, í hverju það liggur. En hverjar eru þá orsakir vandans, ef það er ekki rétt, sem hæstv. forsrh. sagði? Ég held, að það sé augljóst, í hverju vandinn liggur. Við erum að leitast við að skipta meiru en aflað hefur verið. Það er kannske engin speki, að orða þetta á þennan veg, en það sanna er stundum ákaflega einfalt. En hvers vegna er þetta? Er þetta vegna þess, að þjóðartekjurnar hafa minnkað á þeim tíma, sem þessi vandi hefur skapazt? Það er ekki vegna þess. Þá getur enginn haldið því fram. Það liggur ljóst fyrir í öllum opinberum skýrslum, að þjóðartekjurnar hafa ekki minnkað. Hæstv. ríkisstj. heldur því ekki fram. En þegar hæstv. ríkisstj. kemst næst því að komast að kjarna málsins í þessu sambandi, hvað segir hún þá? Þá segir hún, að vandinn sé til kominn vegna þess, að þjóðartekjurnar hafi ekki aukizt eins mikið og ráð var fyrir gert eða eins mikið og þeir óskuðu, þess vegna hafi vandinn skapazt.

Þetta hefur komið fram í umr. um gengislækkunina, kom fram greinilega í hv. Nd., einmitt þetta sjónarmið. Hæstv. viðskrh. sagðist viðurkenna, að efnahagskerfið hefði ekki þolað hinar miklu kauphækkanir til verkamanna, kerfið hefði ekki þolað hina miklu hækkun fisk-

verðsins og ekki hina miklu hækkun bóta almannatryggínganna. Hann tiltók þetta þrennt. Ég held, að það, sem hæstv. ráðh. sagði, sé rétt, en hæstv. ráðh. sagði: En hver var á móti þessu? Vildi Sjálfstfl. vera á móti þessu? Hver treysti sér að vera á móti þessu?

Þetta eru rökin, ef rök skyldi kalla. Þetta að vera með einhverjum hagsbótum til góðs fyrir fólkið í landinu eða einstakar stéttir eða starfshópa er lýðskrum, ef menn trúa því, að það sé ekki hægt að framkvæma kjarabæturnar, sem um er að ræða. Þá er það lýðskrum. Það er einmitt þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert sig seka um, fallið fyrir þeirri freistni að vera að gera hosur sínar grænar fyrir einstökum hópum í þjóðfélaginu í því trausti, að hún gæti unnið sér vinsældir og fylgi, og haldið, að hún gæti gert það, þótt hún vissi, að það væri ekki um raunhæfar kjarabætur að ræða. Þetta er ásökunarefni á hæstv. ríkisstj. í sjálfu sér, fyrir utan það, að hér er að finna eina meginástæðuna fyrir vandanum, sem við er að glíma í dag. Og þegar málinu er svo háttað, er það kannske ekki furða, þótt það komi ekki alltaf réttar skýringar á því, hverjar orsakir vandans eru, þegar hæstv. forsrh. er að ræða þessi mál eða aðrir ráðh. ríkisstj., þó að það hafi komið fram með þeim hætti, sem ég hef áður greint, í ummælum hæstv. viðskrh.

Það er þessi aðferð, sem ég kalla aðferð lýðskrumaranna. Og ráðh. finna sér engar útgöngudyr, þó að þeir spyrji: Hvað vildi Sjálfstfl. gera? Var hann á móti þessu? Svar sjálfstæðismanna hlýtur að vera það, að þeir vilji sem mestar kjarabætur fyrir launþegana í landinu og einstaka starfshópa. Ég hefði viljað meiri kauphækkun til verkamanna, hærra fiskverð, hærri bætur almannatryggínganna, ef það hefði verið hægt. En það er ríkisstj. á hverjum tíma að meta þessa hluti. Ef hún hefur ekki dug og kraft í sér til þess, þá er hún óhæf til þess að stjórna. Og það er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert sig seka um.

Það er ekki nóg með það, að ríkisstj. hafi gert sig seka um það að valda þeim vanda, sem við er að glíma. Nú hefur hún ofan á allt gert sig seka um það að koma með úrræði og ætla að framkvæma þau þannig, að það getur skv. eðli málsins ekki orðið nein varanleg lausn á vandamálinu. Það er aðeins stundarfriður, sem er keyptur því verði að magna verðbólguna um allan helming, þannig að ef ríkisstj. heldur áfram á þessari braut, þá þarf hún fljótt að gripa til annarrar gengislækkunar og meiri gengislækkunar og þannig koll af kolli. En við skulum vona, að gæfa lands og þjóðar verði svo mikil, að ríkisstj. fái ekki tækifæri til að endurtaka þennan skollaleik.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. viðhafði þau orð í Sþ. nýlega, að það væri allt í lagi að skipta um skoðun, breyttar forsendur, nýjar upplýsingar gætu valdið því, að menn yrðu að skipta um skoðun. Ég er honum sannarlega sammála um það, að menn geti þurft að skipta um skoðun, menn geta fengið nýja reynslu, nýjar upplýsingar, nýja þekkingu. En þegar menn, sem árum saman í stjórnarandstöðu hafa úthúðað vissum efnahagsráðstöfunum og talið þær vera þjóðarbúinu og þjóðfélagsheildinni til hins mesta ama og skaða, koma síðan til valda, m. a. á þeim forsendum, að fólkið í landinu lítur svo á, að þeir eigi í pokahorninu nýjar leiðir til úrlausnar aðsteðjandi efnahagsvanda, en nýta svo gömlu leiðirnar, þá lít ég svo á, að forsendur fyrir tilvist slíkrar stjórnar séu að verulegu leyti brostnar. Líkast er því, að þessi stjórn okkar beinlínis elti uppi ýmsar af þeim ráðstöfunum, sem hún úthúðaði mest, meðan hún var í stjórnarandstöðu.

Við vitum öll, að verðbólgan er óvættur hinn mesti. Þó er það svo, að flestar þjóðir heims, a. m. k. í vestrænum heimi, munu eiga við verðbólgu að stríða að jafnaði. Til þess að hamla gegn verðbólgu viðhafði fyrrv. ríkisstj. tilburði til vissra aðgerða, sem stjórnarandstaðan hamaðist gegn í tíma og ótíma og notfærði sér þar mjög aðstöðu sína í verkalýðshreyfingunni. En ekki var þessi stjórn fyrr komin að völdum en hún tók að notfæra sér sömu ráðstafanir og hún hafði mest hamast gegn. Á ég þar ekki sízt við frestun á vísitölu, hagræðingu á vísitölu og ýmis önnur atriði, sem hún telur nauðsynlegt að viðhafa til þess að geta haft einhvern hemil á verðbólguþróuninni. Ein af þeim efnahagsráðstöfunum, sem hún jafnan hamaðist gegn, var að sjálfsögðu gengisfelling. Einn af höfundum valkostafræðiritsins svonefnda ritaði rétt fyrir síðustu kosningar grein í Þjóðviljanum um verðbólgu. Ég má til, vegna þess að nú er um að ræða virkilega verðbólgu, neyðarráðstöfun, sem gerð var í góðæri, að lofa hv. þm. að heyra, hvað einn af höfundum valkostaritanna hefur að segja um áhrif verðbólgunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi ójafni breytanleiki, hreyfanleiki á verði hinna mörgu tegunda hefur m. a. eftirfarandi áhrif á efnahagslífið: a) Kaupmáttur peninganna minnkar, þannig að stöðugt þarf fleiri krónur til að kaupa sama magn af vörum. b) Grundvallarhlutverk gjaldmiðilsins, sem er að verða verðmætismælikvarði, fer út um þúfur. Þegar verðhlutföll eru á sífelldri hreyfingu og enginn þekkir gildi neins er mælikvarðinn gagnslítill. Þetta hefur ekki aðeins í för með sér efnahagslega ringulreið, heldur er afar siðspillandi og verður til að eyða öllu siðmæti í þjóðfélaginu. Skipting þjóðarteknanna breytist til hagsbóta þeim sterku, þ. e. a. s. þeim, sem mest verðrými hafa og geta bæði hækkað tekjur sínar fyrr og meir en aðrir svo og hafa aðstöðu til að festa fjármuni sína og það, sem þeir hafa fengið að láni, því að þeir borga til baka fasta upphæð, en ekki kaupmátt. Fjármagnið beinist inn á rangar brautir, burt frá framleiðslu yfir í spákaupmennsku og margs konar flóttaráðstafanir, munaðaríbúðir og neyzlubruðl. Ómögulegt er í verðbólgu að reikna út fyrir fram svokallaða fjárfestingarvexti eða yfirleitt að gera útreikninga, sem byggja mætti á langtímafjárfestingu og arðsemi. Allt markast af gróðaáætlunum, og allt þarf að borga sig í hvelli. Skattakerfinu hefur nýlega verið breytt skv. þessu."

Þannig farast m. a. þessum hagfræðingi, Presti Ólafssyni, orð, þeim manni, sem var höfundur

að hinu margnefnda valkostariti. Ég les þetta hér upp til að vekja athygli á þeim vanda, sem nú er einmitt að gerast. Það er gjörsamlega ný kenning, held ég, og ekki kenning, sem núverandi stjórnarflokkar hafa haldið fram áður, að gengislækkun væri til þess að varðveita kaupmátt. Lengst af hefur hinu gagnstæða verið haldið fram. En engum blandast, held ég, hugur um, að gengislækkun sé að jafnaði verðbólgumyndandi. Það er einnig sýnilegt, að verðbólguþróun hefur verið mjög ör í okkar þjóðfélagi síðustu mánuðina, hvað svo sem útreikningarnir segja. Það, að hún er ekki meiri á pappírnum en látið er í veðri vaka, byggist á hagræðingunni með vísitöluna, sem aldrei hefur verið betur framkvæmd en í tíð þessarar ríkisstj., þar sem m. a. var byrjað á að flytja nefskattana yfir í beinu skattana, þannig að þeir hyrfu út úr vísitölunni, og ýmsar ráðstafanir í því sambandi. M. a. var reynt að finna út, hvaða ráðstafanir það væru, sem fæstir af þjóðfélagsþegnunum nytu, til þess að lækka þar, þannig að vísirinn hreyfðist sem minnst.

Það er engin ný bóla, að verðbólgan vaxi. En sýnilegt er, að með þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, er í vændum mikill verðbólguvöxtur. Eins og kom fram hjá þessum hagfræðingi og nýlega hefur komið fram á Alþingi hjá hæstv. heilbrmrh., er ekki nóg með það, að þetta sé að jafnaði skerðing á afkomumöguleikum fólksins í landinu, heldur er þetta líka talið vera siðspillandi og valda ringulreið á siðmæti þjóðfélagsþegnanna, ókostirnir taldir ótölulega margir. Nú má segja, að áhrifin af þessum aðgerðum til siðbætabrenglunar og ringulreiðar séu nú þegar komin í ljós, þegar einn ágætur þm. segir sig úr sínum þingflokki, vegna þess að stjórnin sé að framkvæma gengislækkun, en lofar svo að styðja hana til að geta framkvæmt hinar sömu aðgerðir. Þegar hinir lærðu láta brenglast svo fljótt, getum við ekki vænzt annars en að svo verði í ríkari mæli hjá hinum óbreyttu þegnum.

Ekki er vafi á því, að eftir sumur viðreisnirnar voru hlöður fullar til vetrarins og þessi stjórn tók við góðu búi, eins og viðurkennt er nú, enda kemur það í ljós, að á þremur síðustu árum hafa þjóðartekjur vaxið hér á landi að jafnaði meira en í nágrannalöndunum. Því skyldi maður halda, að ekki væri, með vaxandi þjóðartekjum og útflutningsverðmætum, mikill vandi á höndum. En hvað hefur skeð? Ég held, að ég fari ekki að lesa upp neinar tölur, það er búið að gera svo mikið að því, en mér finnst einhvern veginn, að hér séu það ekki búmenn, sem hafa tekið við stjórninni. Ég held, að þarna liggi meginorsökin, það eru ekki búmenn, sem hafa tekið við stjórninni. Þeir hafa orðið heylausir á miðjum vetri. Þetta er að mínu viti hin eina og sanna ástæða fyrir því ástandi, sem hefur skapazt. Þegar gripa þarf til neyðarráðstafana í góðæri, er það hvorki gott né farsælt. Ég held, að þeir menn, sem hafa gert sig seka um að taka við góðu búi og klúðra því á svo stuttum tíma sem hér ber raun vitni, muni varla lengi njóta trausts þeirra kjósenda, sem léðu þeim atkv. sitt lítandi svo á, að þeir mundu finna nýjar leiðir gegn hverjum vanda, — leiðir, sem væru hagstæðari almenningi en þær, sem hingað til hefðu verið farnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., kl. 10.20 eftir miðnætti.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200, n. 221, 222 og 223). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá 1. umr. múlsins og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, hefur verið rætt á fundum fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Raunar var sameiginlegur fundur í morgun með fjh.- og viðskn. Nd. og einnig eftir hádegi. Á fundinum í morgun mættu þrír bankastjórar Seðlabankans og hagrannsóknastjóri. Svöruðu þeir fsp. og gáfu ýmsar upplýsingar, eftir því sem tilefni gafst til.

Að frv. því, sem hér er á ferðinni hefur verið unnið á sama hátt og að þeim frv. á undanförnum árum, sem fjallað hafa um gengisfellingar. Í því eru velflest sömu atriðin, nema í 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að kaup- og sölugengi megi ekki vera meira en 2¼% undir eða 2¼% yfir stofngengi. Það kom fram á fundinum í morgun, að Seðlabankinn leggur áherzlu á að fá þetta atriði í 3. gr. samþ., enda mun það vera til samræmis því, sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar, og til samræmis við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Það er búið að ræða þetta frv. svo mikið, að ekki er ástæða til þess að flytja um það langa ræðu hér, en meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en minni hl. mun skila séráliti.

Frsm. 1. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við, sem skipum fyrri minni hl. höfum gefið út nál. þar sem við vísum til nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., þar sem gerð er grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna. Þessu nál., sem við vísum til, hefur verið útbýtt hér meðal allra þm. og rækilega skýrt og rætt í Nd. Ég býst við, að hv. alþm. þessarar deildar sé kunnugt um það.

Meginmál þess nál. er, að sjálfstæðimenn telja, að það sé ekki ágreiningur um, að rétt gengisskráning sé undirstaða heilbrigðri stjórn efnahagsmála. Það getur eigi að síður verið mikið álitamál, hvenær beri að taka til gengisbreytinganna og hvernig eigi að framkvæma þær. Í þessu nál. kom enn fremur fram, að sjálfstæðismenn töldu ekki, að forsendur væru fyrir því, að

gengislækkun sú, sem hér er til umr., gæti náð tilætluðum árangri af ástæðum, sem nánar er skýrt frá í fyrrgreindu nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. telur, að ekki sé forsenda fyrir slíkum aðgerðum til staðar hér á landi, eins og nú standa sakir, ríkisstj. sé sundurþykk og sundurlyndi að auki ríkjandi innan þeirra flokka, sem að henni standa. Ég læt þetta nægja til þess að lýsa þessu nál. okkar.

Ég hafði ekki hugsað mér að tefja eða lengja umr. hér í þessari hv. d. í sambandi við framgang þessa frv. Örlög þess eru þegar ákveðin, og um endalokin mun ekki verða greint. Mig langar aðeins lítillega að minnast á það blóm, sem helzt hefur verið haldið fram sem skærasta blóminu í hnappagati hæstv. ríkisstj. Það er í sambandi við stjórn hennar á efnahagsmálunum, frá því að hún tók við völdum í miðjum júlí 1971, að hún hafi staðið svo dyggilega vel við 20% loforðið á kaupmáttaraukn. almennings í landinu.

Það hefur margsinnis verið upplýst, að hæstv. núv. ríkisstj. tók við mjög blómlegu búi frá fyrrv. ríkisstj. Það var verulegt fé í sjóði, verulegur tekjuafgangur kom fram á reikningnum 1971, og staða þjóðarinnar út á við var ágæt. Með slíkan fjárhagslegan grundvöll að baki var hægt að gera kjarabætur, boða til veizlu. Þetta var hægt að gera um nokkurn tíma. En svo fór að síga á ógæfuhliðina, og nú er svo komið, að staðreyndin blasir við. Kaupmáttaraukningin innanlands, sem byggist á greiðsluhalla utanríkisviðskipta, skuldasöfnun erlendis, hallarekstri ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild, er nákvæmlega eins og innistæðulaus ávísun á reikningi í banka. Kjaraaukning, sem byggist á slíkum forsendum, skapar falska kaupgetu, óðaverðbólgu, sem ávallt bitnar fyrst og fremst á launþegunum í landinu og kemur auðvitað erfiðast niður á þeim, sem minna mega sín, þeim, sem veikast standa í þjóðfélaginu. Þó að hv. stjórnarliðar geti með einhverjum talnaútreikningi reiknað og fundið út einhverja talnaprósentu, sem sýni einhverja kaupmáttaraukningu, er þetta píp eitt, helber hégómi. Þið skuluð spyrja almenning í landinu. Spyrjið húsmæðurnar, spyrjið launþegana, spyrjið gamla fólkið, spyrjið unga fólkið, sem er að stofna heimili, hvort þeim finnist, að það sé verðmætisaukning í krónunum, sem þeim er borgaðar út núna.

Það hefur einmitt verið gert að umtalsefni, að meðal þjóðarinnar hafi hópazt upp fölsk kaupgeta, sem nemi ekki hundruðum milljóna, heldur kannske milljörðum. Það er viðurkenningin á þessari staðreynd, sem gerir það beinlínis nauðsynlegt, og hefur opnað augu hæstv. ríkisstj. fyrir því, að við svo búið er ekki hægt að láta standa lengur. Því er það, með tilliti til þeirrar ísköldu staðreyndar, sem blasir við öllum, að borin er fram þessi úrlausn um gengisfellinguna.

Núv. stjórnarandstæðingar hafa aldrei tjáð sig andvíga því, að gengisfelling út af fyrir sig gæti ekki verið hagstjórnarkerfi. En eins og búið er að núverandi gengislækkun, læknar hún engan vanda. Það er alveg öruggt, að sú gengislækkun, sem nú á að fara fram og býr ekki við þær stuðningsaðgerðir, sem eru taldar algjör forsenda allra þeirra valkosta, hem nefndir voru í áliti svokallaðrar valkostanefndar, sem var viss vísitöluskerðing o. fl. hliðarráðstafanir, setur aldrei skapað stöðugan grundvöll eða stöðugt verðlag á gjaldmiðlinum.

Dæmið, sem blasir við okkur í dag, er, eins og margoft er búið að taka fram í þessum umr., þannig, að það þarf að færa á milli milljarðaupphæðir, og slíkar upphæðir verða ekki færðar til nema taka þær frá einhverju. Það er því alger blekking, eins og kemur fram í aths. við þetta frv., sem hér er borið fram, að hægt sé að framkvæma slíka fjármunatilfærslu án þess að skerða kjör almennings. Það er alveg útilokað. Það er ekkert annað en að brjóta hin lögskráðu hagstjórnarlögmál. Eins og er um hnútana búið, í sambandi við þá gengislækkun, sem hér er fyrirhuguð, held ég, að öllum sé ljóst, að í fyrsta lagi er vafasamt, hvort hún kemur að því gagni, að hægt sé að hefja hér útgerð um áramót. A. m. k. er það talið nokkurn veginn öruggt, að að óbreyttu ástandi, ef ekki kemur einhver happdrættisvinningur fyrir á vertíðinni, er nánast vafasamt, að hún dugi vertíðina út.

Hvaða ástand erum við þá að skapa hjá þjóðinni? Ef við samþykkjum slíkar ráðstafanir í árslok 1972 og þjóðin öll veit, að það er nokkurn veginn öruggt, að þetta er ekki varanleg lækning á ástandinu, eins og það er, sjá allir, hvílíkan grundvöll fyrir spákaupmennsku og alls konar fjárglæfra það býður heim, þegar þannig er frá hnútunum gengið. Enda er þetta ljóst hv. stuðningsmönnum núv. ríkisstj. Máli mínu til stuðnings, langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér nokkur orð úr forustugrein stuðningsblaðs ríkisstj., Þjóðviljans, sem birtist í morgun. Þau voru þessi:

„Gengisfelling er engin lausnarráðstöfun, verðbólguvandinn er ekki minni, heldur meiri, dýrtíðin vex og peningarnir verða verðminni. Núv. ríkisstj. hefur ekki tekizt fremur en fyrri ríkisstj. á Íslandi að ráða niðurlögum verðbólgudraugsins, en núv. ríkisstj. ætti — fremur öðrum ríkisstj. að hafa allar forsendur til þess að taka á vandamálunum af myndarskap. Það dugar nefnilega ekki að sprauta sjúklinginn — efnahagskerfi viðreisnarinnar — sífellt með sama eiturefninu og gert hefur verið undanfarin ár og áratug. Nú dugar ekkert minna en uppskurður á öllu efnahagskerfinu. Það verður að gera ráðstafanir til þess að fjarlægja meinsemdina. Eftir rétt ár — eða fyrr — verður enn að gera ráðstafanir, enn verður að leita lausnar á vanda. Þá dugar ekkert hálfkák, þá duga engar frestunaraðgerðir, þá dugar ekkert minna en breyting, róttæk breyting, sem rýfur vítahringinn."

Hv. alþm., þetta eru ekki orð ræðumannsins, sem stendur hérna í pontunni. Þetta er nákvæm tilvitnun í forustugrein aðalstuðningsblaðs ríkisstj. Hvernig haldið þið þá, að hið raunverulega ástand sé í þessum málum? Hvað haldið þið, að blasi við þessum mönnum, sem eru að láta samþykkja þessar aðgerðir, þegar svona er talað um þetta í aðalstuðningsblaði ríkisstj.? Þetta hefði þótt ljót lesning, ef hún hefði staðið í Morgunblaðinu.

Einkennilegt er það, að við þessar mörgu og langdregnu umr., sem hér hafa farið fram í sambandi við fyrirhugaða gengislækkun, hef ég

engan einasta aðila, a. m. k. af stuðningsmönnum ríkisstj., heyrt minnast á aðstæður gamla fólksins í sambandi við þessa gengislækkun, þátt fólksins, sem hefur safnað saman sparifé. Sú var þó tíðin, að það var sannarlega talað um það hér í þessum sölum hv. Alþingis, hvernig væri verið að leika og meðhöndla það fólk, þegar um var að ræða efnahagsráðstafanir, sem taldar voru nauðsynlegar á tímum viðreisnarstjórnarinnar. En nú virðist þetta fólk, sem ríkisstj. hinna vinnandi stétta, sem svo kallar sig, taldi sig ævinlega sérstakan umboðsmann fyrir, þegar rætt var um slík mál hér á þingi, hafa steingleymzt. Þarna er enn þá verið að vega í sama knérunninn, hegna ráðdeildinni, refsa þeim, sem lagt hafa á sig að leggja fé í banka og sparisjóði og með því að útvega þjóðinni ódýrasta rekstrarféð, sem hún hefur til umráða.

Ég held, að um mál þessi í heild megi segja, að það er keypt dýru verði að halda í stjórnarstólana núna, þegar verið er beinlínis að leika sér með fjöregg þjóðarinnar, sem er gjaldmiðill hennar. En það er vonandi, að einhver þau höpp verði, að ekki sannist nú, sem einhvern tíma var sagt áður, að Íslands óhamingju verði allt að vopni.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., liggja hér fyrir þrjú nál. við 2. umr. og er ég með nál. á þskj. 223. Ég vil biðja þm., ef þeir nenna að lesa það, að veita því athygli, að það er ritvilla á tveimur stöðum. Á fystu síðu á auðvitað að standa „2¼%“ og á miðri annarri síðu, í miðmálsgreininni, á auðvitað að standa „rekstur iðngreina“, en ekki „rekstrar iðngreina“.

Hér er búið að tala langt mál og tími kannske ekki mikill til að hafa tölu langa í viðbót. Þó ætla ég að ræða málið með nokkrum orðum.

Mig langar fyrst til að spyrja hæstv. forsrh. þess, hvaða gengi komi á morgun? Það skiptir mjög miklu máli, þar sem augljóst er, að verði ákvæði í 3. gr. lögfest, er Seðlabanka Íslands veitt miklu meira vald en hann hefur haft áður. Talsmenn Framsfl. vildu oft áður á Alþingi draga mjög úr valdi Seðlabanka Íslands og meira að segja svo, að þeir fluttu um það till. oftar en einu sinni, að gengisskráningin væri tekin úr höndum bankans og færð inn í þingsalina, þeir höfðu mörg orð um ofurvald Seðlabankans, en nú standa þeir fyrir því, að vald hans sé aukið. Þetta skiptir miklu máli í áframhaldandi umr. hér. Það hlýtur að liggja fyrir, hvaða gengi á að nota á morgun. Það er alveg óhugsandi, að það liggi ekki fyrir. Dollarinn getur verið frá 96 kr. og 34 aura upp í 100 kr. og 78 aura. Ef farið er í hámarkið, eins og einn stuðningsflokkur stjórnarinnar vildi, — hann vildi meiri gengisfellingu, það hefur formaður flokksins viðurkennt í sjónvarpi, — skiptir það miklu máli vegna áhrifanna út á við. Það skiptir líka máli, hvort farið er í lágmarksgengisfellingu, eins og annar af stjórnarflokkunum vildi, og helzt enga gengisfellingu, heldur millifærsluleið, en hefur þó fallizt á gengisfellinguna til málamynda. Það er augljóst mál, að þessi gengisfelling er málamiðlun, til þess að stjórnin riðlist ekki.

Ég ætla ekki að vera með vangaveltur um, hvaða gengi kemur á morgun, en það skiptir mjög miklu máli vegna þess, að ef fólk sér, að það verður farið í lágmarkið, verður engin trú á gengisfellingunni. Það er raunverulega það versta, a. m. k. er það mín persónulega skoðun, sem henti þjóðina, ef fólkið tryði því ekki, að þær ráðstafanir, sem nú eru gerðar með birtingu nýs gengis á morgun, hefðu ekki tilætlaðan árangur, a. m. k. út vertíðina, ef þyrfti að fara að hreyfa gengið strax þegar líður á vertíð, vegna þess að í ljós kæmi að of skammt væri stokkið, fyrst á annað borð er verið að reyna að stökkva yfir gjána. Það var einu sinni talað um það af hv. þm. Framsfl., sem hefur ekki treyst sér til þess að sitja í Nd., að of stórt stökk hefði verið tekið af viðreisnarstjórninni á sínum tíma. Því var svarað til, að ekki væri hægt að stökkva yfir gjána nema í einu stökki. Nú verður reynt að komast yfir gjána í áföngum. Framtíðin sýnir það, hvort þeir hafi lagt þar eitthvert tré yfir, sem heldur eða ekki. Ég skal ekki fjölyrða hér meira um það út af fyrir sig. En ég vildi einnig vekja athygli á því, að það mun líka verða tekið eftir því erlendis, hvernig staðan er skráð hér heima á íslenzku krónunni. Það skiptir okkur líka miklu máli, hvernig skráning íslenzkrar krónu er í erlendum bönkum.

Hæstv. forsrh. sagði, hvað hefði skeð, ef stjórnin hefði ekki leyst þennan hnút. Það er von, að hann spyrði um það, hvað hefði skeð. Það er viðurkennt af hagrannsóknarstjóra, að þetta sé margþætt, og aflabrestur er einn þátturinn. Hann vill ekkert segja um, hvort hann sé stór eða lítill, stærsti eða minnsti þátturinn. Hann er einn þátturinn. Þensla innanlands og of mikil kaupgeta, a. m. k. á vissum sviðum, viðurkennir hann, að sé einn þátturinn. Allt eru þetta samverkandi áhrif hér heima. Allt er þetta viðurkennt samt sem áður að verulega miklu leyti. Því er haldið fram af stjórnarandstöðunni, að þetta sé heimatilbúinn vandi að mestu leyti. Hæstv. forsrh. spyr: Hvað hefði skeð, ef við hefðum ekki leyst þennan hnút? — Sjálfsagt var að höggva á hnútinn.

Við erum allir sammála um það, að atvinnulífið verður að snúast. Full atvinna verður að vera eða eðlileg atvinna a. m. k., þannig að hver vinnufær hönd og vinnufús hönd hafi vinnu við sitt hæfi. En ég fyrir mitt leyti er óánægður með gengisfellinguna. Ég var það á sínum tíma og margþvældist þá hér eins og ég gat fyrir gengisfellingunni 1968. Ég tel einnig núna, að þetta sé óskynsamlegt. Vegna hvers er það óskynsamlegt að fara alltaf þessa troðnu slóð? Það er ósköp einföld staðreynd. Það er vegna þess, eins og kemur fram í nál. mínu og síðasti ræðumaður drap á, að það er þrátt fyrir allt margt fólk í landinu, sem vill fara gætilega, spara, fara vel með og leggja fé til hliðar, sem er lífsnauðsynlegt atvinnulífinu. Því miður hefur enginn stjórnarflokkur séð sér annað fært en að ráðast að þessu fólki. Það harma ég alveg hreinskilnislega. Það fær aldrei umbun sinna verka að mínu mati. Þetta hefur gengið svona raunverulega frá stríðsbyrjun.

Það er ekki samstaða innan launþegastéttanna

um að hamla á móti verðbólgunni, því að þrátt fyrir allt eru margir, sem skulda. Við höfum ekki borið gæfu til þess hér á Alþingi enn þá að binda skuldir raunverulegri verðlagsbróun. Þannig er það hagkvæmt að ná í lán og fá að borga það með verðminni krónum, þegar frá líður. Þrátt fyrir allt er, eins og ég hef einu sinni sagt, sómasamleg verðbólga æskileg fyrir nokkuð stóran hluta þjóðarinnar. Þessi stóri hluti hefur þau áhrif enn í dag, að verðbólgan hnigur áfram með mismunandi miklu skriði. Við erum ekki menn til þess, enn þá á Alþingi að hefta hana. Við erum ekki einu sinni menn til að hemla, svo að hún fari ekki miklu hraðar en nú gerist í nágrannalöndum okkar. Þrátt fyrir það að þar sé veruleg vaxandi verðbólga núna síðustu mánuði. Þetta harma ég. En líklega má segja, að jafnvel launþegasamtökin, því miður, eigi hér einnig hlut að máli. Þau eru ekki tilbúin eða forsvarsmenn þeirra eru ekki tilbúnir að draga neitt úr topplaunum. Ég nefni hér sem dæmi í nál., hvað launin kosti ríkissjóð frá 17. launaflokki og upp úr á ársgrundvelli. Það eru 2.4 milljarðar. Fólk í 17. flokki hefur 34.960 kr., ef ég man rétt, og þingmannalaunin eru um 65 þús. og þykir allnokkuð. Gæti þetta fólk ekki sætt sig við beina launaminnkun? Þarf virkilega að koma aftan að fólki, til þess að það skilji. hvað er að ske í þjóðfélaginu?

Eins og síðasti ræðumaður drap réttilega á hér áðan, hljóta allir að viðurkenna, þó að þeir geri það ekki opinberlega, að það er hér um millifærslu að ræða og rýrnun á lífskjörum. Það er tilgangslaust að vera að blekkja sig með öðru. Annars er enginn tilgangur í verknaðinum. Þó að vísitalan sé látin haldast og kaupgreiðsluvísitalan fari upp í 123-124 stig, eins og efnahagsstofnunin lagði fyrir okkur í fjvn., sem enn þá er trúnaðarskjal, en mun koma í ljós síðar, þá held ég, að það brjóti engan trúnað að segja frá því, að hér sé reiknað með 123-124 stigum út næsta ár. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir enn víxlhækkanir. Og hver verða áhrifin? Eru forsvarsmenn launþega tilbúnir að reyna að hamla nú á móti, þegar þeir eiga aðild að vinveittri ríkisstj.? Þá er það alveg ný stefna. Hún er raunsæ, en þá er verið að hjálpa fólkinu, sem hefur lægri launin. Hvað getum við kallað lægri laun? Fjöldi verkamanna í dag hefur 20-28 þús. kr. laun. Það eru lág laun, miðað við það, sem gerist í framfærslukostnaði í dag. Það þarf auðvitað að hjálpa þessu fólki. Hvernig gerum við það? Með millifærslu í gegnum almannatryggingakerfið og skattalögum. Hinir verða að taka á sig meira, af því að þegar á sér stað mikil spenna í launahækkun. Margir hafa komið ár sinni vel fyrir borð. Ýmis þjónusta hefur hækkað gífurlega á einu og hálfu ári. Við erum að glíma við þessa gömlu verðbólgu í einni eða annarri mynd. Hæstv. ríkisstj. sér sig tilknúna, þrátt fyrir margar yfirlýsingar í kosningabaráttunni um, að þeirra leið væri aldeilis ekki gengisfellingarleiðin. Vissulega uppskáru þeir árangur. Það er gefið mál. Fólk trúði því, að þessir menn mundu ekki grípa til gengisfellingar sem hagstjórnartækis á kjörtímabilinu, hvað þá ef einhver hefði verið svo forsjáll að segja, að svo mundi fara eftir 16-17 mánaða stjórnartímabil. Sá hefði verið rifinn niður, hvar sem hann hefði reynt að halda slíkri skoðun fram. Hann hefði ekki verið talinn spámannlega vaxinn. Enda man ég eftir því, að Tíminn birti forsíðufyrirsögn 19. okt. 1971, eftir að hæstv. forsrh. hafði flutt sína fyrstu stefnuræðu: „Gjörbreytt stjórnarstefna í þjóðfélagsmálum.“ — Gjörbreytt? Já, hún er líklega breytt á mörgum sviðum, en þó lent hina gömlu leið í þessu tilfelli. Hún lenti yfir í gengisfellingu. Hún er kannske ekki mikil, ekki í þetta skipti. En það kom fram hjá öðrum hér áðan, 5. þm. Vestf., að hún hefur verið meiri en á að verðfesta hér í nótt og tilkynna á morgun. Það var í fyrra tilkynnt með látleysi nýtt stofngengi ísl. krónunnar. Dollaranum fylgdi fall um tæplega 7-8%, þannig að þá er gengisfallið, ef það fer í hámark á morgun, sem ég veit ekki um, en fæ vonandi svar við bráðum, komið í 20% gagnvart Evrópugjaldeyri, þrátt fyrir mjög gott verðlag á útflutningsafurðum okkar og að sala afurðanna hefur gengið vel á öllum sviðum nema einu. Það er á þurrfiski til Brasilíu. Þó hefur rætzt úr því nokkuð núna og er um helmingur seldur af fiskinum, eftir því sem ég veit bezt. Verðmæti þess þurrfisks mun vera eitthvað um milljarður. Hins vegar er lítil verðhækkun eða engin á hluta afurðanna, þannig að framleiðendur, sem eru margir hverjir smáir, eiga í erfiðleikum með að standa undir þessum rekstri. Það er mikil vinna við þurrfiskinn, sérstaklega hér á Suðurnesjum, fiskframleiðendur eiga í erfiðleikum og hafa ritað hæstv. ríkisstj. um erfiðleika sína. Ég vona, að hún hlusti á þetta.

Ég veitti því athygli, að hæstv. félmrh. sagði í gær í ræðu sinni: „Kaupið hefur verið geysiháttt.“ Hins vegar man ég eftir því, að hæstv. forsrh. hefur sagt það hóflegt. Ég skal ekki vera að eltast við þennan túlkunarmismun. Þeir um það, hvernig þeir túlka hlutina misjafnlega eftir því, hvernig aðstæður eru. Þessi orð eru sögð með alllöngum tímamismun hér á Alþingi. Nú þykir hæstv. félmrh. henta að tala um geysiháa kauphækkun til þess að réttlæta þessa gengisfellingu. Ég er viss um, að þetta hefði hann ekki sagt, ef þing hefði t. d. setið hér í september eða júní. Þá hefði hann ekki talað svona hátt, að kaup hefði ekkert hækkað, vegna brbl. frá 11. júlí í sumar. En menn geta beitt þannig orðanna hljóðan eftir því, hvað við á í það og það skiptið.

Í sambandi við frv., sem var hér til umr. fyrir rúmlega tveimur árum, um verðlag og atvinnuöryggi, minnir mig, að það hafi verið í nóvember 1970, voru hér langar umr. Ég hef farið í gegnum þessar umr., og það er allt of langt mál að rekja þær, þó að það væri mjög gaman, sérstaklega vegna tengsla vissra manna hér í dag við ríkisstj. og alþýðusamtökin. En þeir hefðu gott af því að fletta upp í eigin umr. þá og hugleiða aðeins, hvað þar stendur á tugum blaðsíðna. Ég ætla mér ekki að rifja þetta upp, það er bezt, að þeir geri það í einrúmi. Já, ég veit ekki, hvort þeir mundu hafa lyst á Hólsfjallahangikjöti eftir að vera búnir að lesa þetta við núverandi aðstæður, en ef svo er, renna þeir mörgu niður.

Það var nefnilega tilkynnt í kvöld hækkun á

víni og tóbaki. Vín á að hækka um 30% og tóbak á að hækka um 25%. Einhvern veginn hefur það síazt út hér í þingsölunum, að þetta eigi ekki að koma beint inn í vísitöluna og hafa full áhrif. Ekki veit ég, hvað þetta verkar inn í vísitöluna, en fljótt á litið kynni þetta að nálgast 2 stig. Hvernig var það nú með vesalings viðreisnarstjórnina? Var hún ekki að berjast við hækkun á víni og tóbaki á sínum tíma, í þessu frv., sem ég vitnaði til hér áðan? Var hún þá ekki talin óferjandi að öllu leyti? Var þá ekki kallað á verkföll og vandræði? En hvað ætli gerist núna? Nú er þetta bara einn þáttur í tekjuöflun ríkisstj. Það kemur líka fram í trúnaðarplaggi, sem fjvn. var sýnt í kvöld, að það muni kosta um 1000 millj. kr. að halda vísitölunni innan þeirra marka, að hún fari ekki yfir 124 stig á komandi ári. Þó er ekkert tillit tekið til þeirra kjarasamninga, sem verða á komandi hausti. Það er heldur ekkert tillit tekið til þeirra áhrifa, sem nokkur verkalýðsfélög eða launþegafélög kynnu að ná í gegnum samninga, sem ganga yfir núna, m. a. við farmenn, vélstjóra og flugmenn. Gagnvart verkalýðshreyfingunni eru þetta hátekjumenn. Þeir knýja e. t. v. fram umtalsverða launahækkun í gegnum verkfallsréttinn. Dettur þá nokkrum manni í hug, að forsvarsmenn láglaunafólksins geti verið rólegir? Sagt er, að tengslin verði ekki rofin á einn eða neinn hátt við vísitöluna og hún eigi að mæla eðlilegt gildi kaupsins. En þrátt fyrir það ætlar hæstv. ríkisstj. að nota a. m. k. 1000 millj. til þess að draga úr þessum áhrifum og halda kaupinu þannig innan viss ramma. Þetta eru ósköp skiljanleg vinnubrögð og raunar líklega alveg óhjákvæmileg vinnubrögð. Við hinir flokkarnir, sem erum í stjórnarandstöðu, höfum verið að baksa við þetta, þá sagt í fullri andstöðu við launþegasamtökin á sínum tíma, en nú er dæminu aðeins snúið við. Nú er kallað, að hér sé vinveitt ríkisstjórn. Hún segir það á pappírnum, að tengslin verði ekki rofin. Við fáum ekkert að vita um, hvaða bandormar fylgja þessari gengisfellingu. Við höfum ekki hugmynd um það. Það er ekkert látið uppi um það á einn eða annan hátt. Við verðum því bara að vona, að þeir komi með þá bandorma, sem verkalýðssamtökin sætta sig við. Þeir treysta sér víst ekki til þess að skýra frá því. En það er til margrómaður stjórnarsáttmáli, sem menn eiga að lesa, eftir ráðleggingum hæstv. forsrh., kvölds og morgna til þess að skilja. En skyldu nú ekki flestir hafa skilið hann svo hingað til, þangað til þessi ósköp dundu yfir, sem gengisfelling væri ekki á næsta leiti? Ég man eftir því, þegar ég var að berjast í kosningabaráttunni, lítið reyndur, á móti þessum snillingum í mínu kjördæmi, að þá var helzt sagt: Það eru þreyttir menn í ráðherrastólunum, úrræðalausir, lofum þeim að hvíla sig. Lofum nýjum mönnum að koma inn, sem hafa ferskar hugmyndir og leysa málin á annan hátt en viðreisnarstjórnin gerir. — Ef maður drægi þessi plögg upp, sem dreift var um Reykjanesið, og færi að lesa úr þeim núna, þá veit ég ekki, hvort þeir hefðu gleðileg jól, þrátt fyrir það að hæstv. forsrh. hafi tilkynnt þjóðinni, að það skyldi halda jól í ró og næði.

Nei, ég get raunverulega sagt og við allir í stjórnarandstöðunni kinnroðalaust, að hér eru svik á ferðinni, — svik, sem koma fram furðulega snemma miðað við kosningaloforðin, furðulega snemma, þegar þess er gætt, að afurðaverð í útflutningsgreinum okkar er mjög gott og meira að segja vaxandi útflutningur fyrir margar iðngreinar, sem skiptir afar miklu máli, þar sem iðnaðurinn er orðinn svo stór þáttur atvinnulega séð fyrir fólkið í landinu. En því miður, gengisfellingin var eina úrræðið, sem hæstv. ríkisstj. sá. Hún fékk spekinga, 7 minnir mig, til þess að fara ofan í efnahagsástandið, gaumgæfa það í rólegheitum í margar vikur. Þeir virtust ekki sjálfir geta hugleitt málið í ró og næði, þeir þurftu að láta embættismenn gera það og völdu einnig pólitíska fulltrúa í n. Það er gott og vel að láta embættismenn vinna fyrir sig og benda á vissar leiðir og þora svo ekki að velja neina þessara leiða, sem embættismennirnir benda sjálfsagt á eftir beztu samvizku, búa til einhvers konar kokkteil, sem enginn þeirra veit, hvað heitir.

Ég get ekki stillt mig um að lesa hérna smáklausu, með leyfi forseta. Það eru aðeins nokkur orð úr grein, er einn af hagspekingum þessarar stjórnar hefur skrifað í Þjóðviljann 24. okt. 1972, bara til þess að sýna viðhorfið og það sundurlyndi, sem hlýtur að ríkja í þessum efnum. Hann segir, með leyfi forseta, varðandi landbúnaðarstefnuna:

„Landbúnaðarstefnan er stolteinkenni sóunarinnar. Við hendum fyrir hana árlega 2 milljörðum í uppbætur og niðurgreiðslu. Stór hluti þessara tveggja milljarða er hrein sóun verðmæta og veldur mikilli efnahagslegri röskun.“

Svo mörg voru þau orð. Það hefur ekkert komið fram, hvernig vandamál landbúnaðarins verða leyst eftir gengisfellinguna. Hvað fær bóndinn? Hvað fær hann í afskriftir? Hvernig kemst hann í gegnum aukinn rekstrarkostnað. Sú var þó tíðin, að hér töluðu forsvarsmenn bænda, og hér er núna í deildinni formaður Búnaðarfélags Íslands, — er það ekki rétt hermt? Hann hafði á sínum tíma mörg orð um það, að farið væri illa með bændur. Ekkert væri á móti því, að hann léti nú nokkur orð falla, þó að komið sé á nýjan sólarhring í þessum umr., um það, hvernig honum litist á þessar efnahagsaðgerðir fyrir búið. Það kemur kannske síðar og síður síns tíma, en undarlegt má það vera, ef ekki þarf neitt að gaumgæfa, hvernig bóndinn kemur út úr þessari gengisfellingu né hvað honum er ætlað til að mæta auknum rekstrarkostnaði. Ef ég man rétt, kostaði innfluttur fóðurbætir orðið yfir 600 millj. kr. Þetta er stór skammtur, ef hann hækkar núna um 70—80 millj. kr. og bændur fá hann í jólagjöf. Ég held, að þetta sé ekki langt frá lagi, sem ég er að tala um. Þó er þetta stór póstur. Kostnaður við áburðarnotkun nálgast einn milljarð. Áburður mun stórhækka einnig. Hér eru því stórar tölur á ferðinni. Það má búast við því, að framlag ríkissjóðs verði að minnka í sambandi við landbúnaðinn. Það var gefið í skyn áðan á síðasta fundi fjvn., að svo kynni að fara. Það var orðuð heimild til allt að 15% minnkunar í framlögum í sambandi við fjárfestingar a. m. k. Það kemur sennilega yfir landbúnaðinn. Ég veit það ekki. Á kannske að

gera eins og í sumar, að taka bara af handahófi og sleppa þá vissum sviðum alveg? En allt að 15% minnkun kann að vera nauðsynleg til þess að halda jafnvægi í ríkisbúskapnum. Vonandi þarf ekki að grípa til þessarar heimildar. En hún mun fara í gegn eftir tvo daga hér á Alþingi til öryggis fyrir hæstv. ríkisstj.

Nei, því miður er það staðreynd, eins og núv. stjórnarflokkar sögðu á sínum tíma, að gengisfelling skapar æðimörg vandamál. Hún hefur alltaf gert það, og hún mun alltaf gera það. Þess vegna er það næsta undarlegt, að það skuli vera eina úrræðið yfir 22 ára skeið að grípa til gengisfellingar. Þó var millifærsluleið reynd um tíma. Ég vil hressa upp á minni 5. þm. Vestf. Það var einmitt helmingaskiptastjórn Framsfl. og Sjálfstfl., sem hóf bátagjaldeyriskerfið 1953. Þeir felldu gengið 15. febrúar 1950, ég man nú ekki um hvað mörg prósent. Þá minnir mig, að það hafi verið fellt eftir sögulega atburði hér á Alþingi. Tveimur árum síðar var komið á bátagjaldeyriskerfinu, og það vatt svo upp á sig, og endaði með því, að það var komið út í millifærslukerfi, sem enginn réð við. En eins og hann gat um réttilega, voru komin mörg gengi. Hann nefndi 20 gengi, en raunverulega voru þau miklu fleiri, vegna þess að gengið kom þannig fram, að eftir nýtingu og skilaverðmæti hverrar vinnslustöðvar kom mismunandi skilaverð, þannig að raunverulega var gengið óendalegt á fiskinum, bókstaflega óendanlegt. Auðvitað var þetta orðið kerfi, sem enginn maður réði við.

Hver er þá niðurstaðan? Hún virðist einfaldlega vera sú, að það eru tvær leiðir til, gengisfelling eða niðurfærsluleið. Það virðist ekki vera fleira til. Við höfum enginn okkar kjark — og alls ekki verkalýðsforustan — til að hamla á móti og skera niður útgjöld, okkur brestur bókstaflega kjark. Niðurstaðan er hin gamla íhaldsleið, gengisfellingarleið, eins og einu sinni var orðað af núv. stjórnarflokkum. Þetta er kannske einföldun, en þó held ég, að það sé ekki langt frá lagi, að við höfum nú komizt að þessu um 22 ára tímabil, frá 1950. Og enn heldur áfram í sömu átt, því miður. Það væri gaman að lifa það, að menn þyrftu einu sinni að byrja á sjálfum sér, byrja hérna á höfðinu og skera niður hér hjá okkur í kringum æðstu stjórn landsins og halda svo niður eftir, en stanza, þegar við komum að þeim launum, sem eru lífsnauðsyn fyrir almenning í landinu. Undanfarið hefur kerfið verið „prósentukerfi." Þeir fá auðvitað flestar krónurnar, er mest hafa launin, og hafa þá flestir þagað, sem eru í hærri flokkum, og gleymt hinum. Þannig er það með sjómennina, ef þeir fá miklar tekjur núna, og margir sjá gífurlegum ofsjónum yfir þeim. Meira að segja valkostanefndin sér slíkum ofsjónum yfir tekjum þeirra manna, er eiga að fara á loðnuna, að þeir sjá enga aðra leið en að skattleggja áhöfnina, 10—14 manns, allt að þremur millj. kr. eftir 6 vikna vinnu. Hugsið ykkur aðra eins skattlagningu! Hvað mundu menn segja á Suðurnesjum, sem eru að keyra á völlinn dag og nótt á stóru bílunum, ef tíunda hver ferð yrði skattlögð og sett inn til vörubílstjóra á Ísafirði, Þórshöfn eða Seyðisfirði? Það gengi náttúrlega brjálsemi næst. En þetta á að bjóða bátasjómönnunum, og þykir engum mikið. Þetta er lagt fram í opinberu plaggi.

Ég man eftir árinu 1966, þegar það þótti hneisa á bát, sem ég á, og fleirum, að háskólapiltar höfðu meira yfir sumarið en háskólapró.fessor á ári, En hver voru afköst þessara manna, og hver var vinnutími þessara manna? Það var ekki talið í neinum fjórum eða sex tímum. Það var samfelld lota upp í 76 tíma, ef á þurfti að halda. Þessir piltar eru komnir út í atvinnulífið núna sem lærðir menn. Þeir hafa talað við mig, sumir hafa það ágætt, aðrir hafa það miður, og einn er að læra enn þá.

Nei, ranghverfan birtist á margan hátt hjá okkur. Mér finnst iðulega í sambandi við öll þessi mál, að okkur vanti þann kjark, sem leysi þau. Það getur vantað þann kjark og þá samstöðu, sem nauðsynlegt er til þess að hefta verðbólguna. Því miður skortir hæstv. ríkisstj. eða stuðningsflokka hennar þann kjark enn þá þrátt fyrir öll fögru loforðin. Auðvitað þýðir ekki að halda áfram að nöldra út í þetta frv., það verður keyrt í gegn, alveg eins og við gerðum hér 1967, en þá keyrðum við það í gegn í þessari d. Þá talaði hér ungur framsóknarmaður, flutti sína jómfrúræðu, hér um nóttina og úthúðaði okkur hinum, og við hlustuðum á það í ró og næði, eins og stjórnarsinnar gera núna undir þessari ádrepu. Þannig er gangur lífsins og ekkert við því að segja kannske. Hitt er hörmulegra, að við allir hér á Alþingi, sem erum að reyna að basla við að halda þessari þjóðarskútu á eðlilegri siglingu, skulum ekki geta náð betri samstöðu. Við þurfum að taka kollsteypur ár eftir ár og berum ekki gæfu til þess, þegar vel árar, að leggja fyrir og viðurkenna það þannig að sparast eitthvað í góðærinu til þess tíma, er miður árar. Það er staðreynd á Íslandi, að slík tímabil eiga sér alltaf stað.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengur, það er orðið það áliðið, þó að það væri gaman að fjalla um orð, sem fram hafa komið, bæði í þessari hv. d. og Nd. En eins og ég sagði áðan, heldur þetta sínu striki. Ég vona bara þrátt fyrir allt, að hæstv. ríkisstj. geti leyst þennan hnút, sem hæstv. forsrh. sagði, að væri óhjákvæmilegt að leysa, því að það er auðvitað öllum fyrir bezta, að vertíðin geti hafizt með eðlilegum hætti. En hæstv. ríkisstj. kemst ekki hjá því að vera minnt á margt, sem hún sagði, eða þeir stjórnarflokkar, sem standa að henni í dag, við okkur, sem nú erum í stjórnarandstöðu, fyrir þremur til fjórum árum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs fyrr en mér var ljóst, að engir aðrir voru á mælendaskrá og ekki ætlunin af hálfu hæstv. ráðh. að svara þeim fyrirspurnum, sem ég bar fram í ræðu minni við 1. umr. hér í kvöld. Ég gat þess þá, að ég hefði borið fram fyrirspurnir á nefndarfundum fjh.- og viðskn. í dag, ítrekað þær og óskað eftir svörum ráðh. þar, en verið vísað á að spyrja ráðh. hér í hv. þd., sem ég og gerði án árangurs. Ég

leyfi mér, herra forseti, að ítreka þessar fsp. og gera þær e. t. v. skýrari að einhverju marki, ef það mætti fremur verða til þess, að hæstv. ráðh. sæju sér fært að svara einhverju.

Ég hef spurt í fyrsta lagi: Hverjar aðrar ráðstafanir en þær, sem felast í breyttri gengisskráningu, hyggst ríkisstj. gera, til lausnar aðsteðjandi efnahagsvanda?

Ég hef spurt: Hver er útreikningur hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar á áhrifum gengislækkunarinnar og þeirra efnahagsaðgerða, sem henni eru tengdar? Hér er átt við sams konar útreikninga og valkostan. hefur gert í álitsgerð sinni og hagrannsóknadeildin hefur gert með samanburði þriggja tillagna um efnahagsaðgerðir frá 11. des. s. l. Sérstaklega er í þessu sambandi spurt: a) Hver verður afkoma sjávarútvegsins á ársgrundvelli miðað við þær aðgerðir, sem nú eru ráðgerðar með gengislækkun? b) Hver verður afkoma annars vegar útflutningsiðnaðar og hins vegar heimaiðnaðar, miðað við þær sömu aðgerðir?

Ég spurði: Hvað verður um greiðslu 2½ kaupgreiðsluvísitölustigs 1. jan., sem felld voru niður með brbl. um tímabundna verðstöðvun í júlímánuði s. l.? Í því sambandi og framhaldi þess: Hver verður þróun kaupgreiðsluvísitölu á næsta ári? Hvaða áhrif á hana hafa hækkunarþarfir: a) af innflutningi erlendra vara, b) heimaiðnaðar, c) flutningafyrirtækja, eins og t. d. skipa og flugfélaga, d) annarra þjónustufyrirtækja, þ. á m. á vegum ríkis og sveitarfélaga?

Ég hef spurt: Er gert ráð fyrir breytingu á fiskverði 1. jan. n. k., og hvaða fiskverð er lagt til grundvallar útreikningum á afkomu útgerðar og fiskiðnaðar?

Loks hef ég spurt: Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að mæta a. m. k. 150 millj. kr. skuld tryggingakerfis fiskiskipa, og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að standa undir tryggingaiðgjöldum á næsta ári?

Fleiri spurningar væri hægt að flytja hér, en sumar þeirra gætu eins vel átt við í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En ég tel það lágmarkskröfu, að þm. fái svör við þessum fsp. Að öðrum kosti tel ég núv. hæstv. ríkisstj. fara blindandi út í þann leik, sem nú er farið út í.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú skipt um hlutverk. Við í stjórnarliðinu verðum nú að sitja og beita nokkurri stillingu og hlusta á það, sem hér er sagt, en þeir urðu að gera það á sínum tíma. Það væri satt að segja ástæða til þess að taka til nokkurrar athugunar þann þversagnakennda málflutning, sem stjórnarandstæðingar hafa viðhaft núna. Nú er ég í þeirri aðstöðu, að ég má ekki leggja út í það.

Viðvíkjandi spurningum hv. þm. er þess að geta, að ég minnist þess ekki, að við höfum á sínum tíma, þegar við vorum í stjórnarandstöðu, fengið skýrslur eða svör, sem við báðum um. Ég er ósköp hræddur um, að það hafi verið fátt um svör hjá hæstv. ráðh. þá. Þess er enn fremur að geta, að sumar þær spurningar, sem hann bar fram, eru þess háttar, að þeim verður ekki svarað með nokkurri vissu, því að þetta voru spurningar um spár. Hann spyr um, hver verði afkoma sjávarútvegs hver verði afkoma útflutningsiðnaðarins. Auðvitað er þetta allt byggt meira og minna á óvissum atriðum, óþekktum stærðum. En það eru spár um þetta, og mér er óhætt að segja það, þó að ég vilji ekki vera að fara hér með tölur, að spárnar segja, að afkoma sjávarútvegsins t. d. geti orðið mjög sæmileg. En vitaskuld er það háð forsendum, sem við vitum að þurfa að vera fyrir hendi, en við þekkjum ekki. Þeir menn, sem hafa athugað þetta, gefa sér forsendur í sambandi við aflann, og þá lítur svo út, að afkoma geti orðið mjög sæmileg.

Auðvitað koma margar hliðarráðstafanir til greina í sambandi við gengislækkun. Það hefur alltaf verið svo og verður auðvitað alltaf að vera svo. Hv. næstsíðasti ræðum. tók af mér að nokkru leyti ómakið í því sambandi, vegna þess að hann fór að gera grein fyrir því að nokkru leyti, skildist mér, sem líklegt er að gera í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Það er eðlilegra, verð ég að segja, að ræða þau atriði þar.

Það er tekið fram, að það er gert ráð fyrir að halda niðurgreiðslum í svipuðu horfi og verið hefur á þessu ári. Það er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að einskorða sig við það að halda vísitölu alveg í sömu skorðum og nú. Ég hef sjálfur sagt, að áhrifa gengisbreytingarinnar myndi eitthvað gæta í verðlagi. Ég heyrði, að hann kom með tölur. Ég vil ekki vera að fara með neinar tölur hér, fyrr en þær liggja fyrir og eru birtar í sambandi við fjárlög.

Enn fremur er auðvitað gert ráð fyrir því í sambandi við fjárl. að afla þess fjár, sem til þarf. Ég held, að hann hafi líka nefnt einhver tekjubýsn, sem yrðu sett inn í því sambandi, og enn fremur er það ekkert leyndarmál, að það verður, eins og verið hefur oft áður, hefur heimild í fjárl. til þess að skera niður eða lækka fjárveitingar, sem ekki eru bundnar öðrum lögum en fjárl., um allt að 15%. Þetta hefur stundum verið hærra, stundum í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Að því leyti, sem tekjur á fjárlögum endast ekki til þess að ná þeim markmiðum að halda vísitölunni nokkurn veginn við það mark, sem ég held, að hv. síðasti ræðumaður hafi nefnt, verður þessi niðurfellingarleið væntanlega notuð eftir því, sem á þarf að halda.

Við sumum atriðunum, sem hv. þm. spurði um, held ég, að hann geti fengið svör í ræðu, sem ég flutti í gær, en ég veit, að það er afsakanlegt, að honum hafi ekki gefizt tími til að lesa hana. Að öðru leyti eru sumar þær spurningar, sem bornar hafa verið hér fram, þess eðlis, að ég vil ekki svara þeim, t. d. eins og spurningu um það, hvernig gengið verði skráð í fyrramálið. Ef þessi lög verða samþ., er samþ. ákveðið stofngengi og líka ákveðið svigrúm, en stjórn Seðlabankans getur ákveðið, án þess að spyrja ríkisstj., hve mikið frávikið verði. Ég veit, að hv. þm. skilur, að ég fer ekki að skýra frá því hér, áður en hún hefur gefið út

sína tilkynningu. Að vísu var fleira, en nokkuð annars eðlis, sem hann spurði um, en ég vil ekki svara. Það má vel vera, að honum finnist þetta ekki fullnægjandi svör.

Ég vil ekki vera að lengja umr., en þakka mönnum fyrir að hafa stillt máli sínu í hóf. Það stendur auðvitað sízt á mér að fara út í nokkrar umr hér, sem gætu gefið tilefni til deilu, enda þótt það sé ýmislegt, sem hægt væri að tína fram, sem stjórnarandstæðingar hafa sagt á sinni tíð.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ekki veit ég, hvort það var af vilja gert hjá hæstv. forsrh. að velja úr þeim spurningum, sem hér voru bornar fram í kvöld. Kannske hef ég ekki haldið nógu langa ræðu til þess, að hæstv. forsrh. hafi orðið ljósar mínar spurningar. (Gripið fram í.) Ég held, að þær hafi ekki heldur verið þess eðlis, að hann bryti neinn trúnað, þó að hann reyndi að svara þeim, þess eðlis sem þær voru. Af því að ég hélt hóflega stutta ræðu, leyfist mér nú kannske, að bæta svo sem einni mín. til þess að lesa þessar spurningar aftur.

Ég spurði í fyrsta lagi, hver yrðu áhrif þessa frv., ef samþ. yrði, á kaupgjaldsvísitöluna, þegar lögin væru komin til fullrar framkvæmdar? (Gripið fram í.) Ég var að spyrja hæstv. forsrh. að því fyrir hönd samflokksmanna minna. Við höfum ákveðið mat á þessu í Alþfl. En ég vildi fá það staðfest af hæstv. ráðh. Hann var á sínum tíma ekkert spar á að spyrja mig og aðra ráðh. og krefjast jafnvel svars á fundinum við sumpart mjög flóknum og vel undirbúnum spurningum, en ég held, að þessi spurning ætti ekki að vera það. Ég spurði enn fremur að því, hver bæri gengishallan á kaupum togaraflotans. Ég spurði, hvort það væri rétt, sem gengur hér um þingsalina, að blekkja eigi vísitöluna eða villa hana með því að taka út tvo veikamikla liði, sem í grundvellinum hafa verið, tóbak og áfengi. Ég spurði, hvort ríkisstj. teldi líkur á því, að hún gæti staðið við 20% kaupmáttaraukningu á samningstímabilinu, þrátt fyrir þær verðhækkanir, sem hlytu óhjákvæmilega að fara í kjölfar þessa frv. Um þetta hafa verið alls konar getgátur hér, sem ég vil ekki taka undir, en ég hefði viljað, að hæstv. forsrh. segði a. m. k. sitt persónulega álit á þessum spurningum. Ég tel þær ekki vera mjög flóknar, og um þetta hlýtur ríkisstj. að hafa sínar ákveðnu hugmyndir. Hún hefur stundum sagt, að við hefðum rangt mat á hennar málum, og þó að við höfum ákveðnar skoðanir á því, hvernig þessir hlutir koma út, er eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. geri tilraun til að svara jafnalmennum spurningum og hvert mat hennar sjálfrar er á eigin verkum, um sama leyti og frv. er samþ. Ég mælist eindregið til þess, að hæstv. forsrh. gefi skýr svör. Ég er ekki að fara fram á, að hann bregðist trúnaði gagnvart samstarfsmönnum sínum í stj., en segi sitt persónulega mat á því, hvernig svara beri þeim spurningum, sem ég hef lagt fram.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta tilraun til þráskákar af hálfu hæstv. forsrh., nefnilega að nota þau rök, að vegna þess að fyrrv. ríkisstj. hagaði sér illa 1967 eða 1968, þá leyfðist þeim það líka. Nú sat ég ekki á þingi 1967—1968 og kann ekki nákvæmlega um það að fjalla, hvaða gögn voru lögð þm. í hendur í sambandi við mat á því, hvort gengisskráning sú, sem ákveðin var, væri í samræmi við nauðsyn atvinnuveganna og atvinnuöryggis í landinu. Mér er nær að halda, að á þeim tíma hafi þm. fengið gögn í hendur, sem kváðu á um nauðsyn þeirra aðgerða með tilliti til afkomuhorfa atvinnuveganna.

Grundvallarspurning mín er sú að fá fram mat hagrannsóknadeildar á afkomuhorfum atvinnuveganna, áhrifum þessara efnahagsaðgerða á þjóðarbúskapinn og ríkisbúskapinn, viðskiptin við útlönd og fjárhaginn. Hæstv. forsrh. hefur réttilega hrósað sér af því að hafa átt þátt í því, að til staðar er álit valkostan. svokallaðrar, sem er vandað álit út af fyrir sig og gefur ágætar upplýsingar. Það, sem um er beðið, er, að samsvarandi upplýsingar séu gefnar þm. um þá leið, sem valin var. Hæstv. forsrh. neitaði ekki samstarfsflokkum sínum eða samstarfsráðherrum í ríkisstj. um slíkan samanburð. Hann lét Hagrannsóknadeildina gera slíkan samanburð á till. hvers stjórnarfl. fyrir sig um úrlausnir í efnahagsmálum. Það plagg liggur fyrir og er dagsett af hálfu hagrannsóknadeildar Framkvæmdarstofnunar 11. des. s. l. Ég er að biðja um samsvarandi upplýsingar þm. til handa um þá leið, sem valin hefur verið og hæstv. forsrh. er að verja af veikum burðum og mætti í dag. Þetta finnst honum ofætlun. Ég er aftur á móti tel það óvirðingu gagnvart þm. að veita þeim ekki slíkar upplýsingar og aðrar þær upplýsingar, sem við þdm. höfum farið fram á í þessum umr.

„Ég hygg, að afkoma sjávarútvegsins verði mjög sæmileg," segir hæstv. forsrh. nú. En ég minni hann á það, að þessi leið felur í sér tæplega 11% gengislækkun. Leið SF. samkv. álitsgerð og samanburði hagrannsóknadeildar frá 11. des. fól í sér 16% gengislækkun, og þá taldi hagrannsóknadeildin 100 millj. kr. vanta upp á það, að viðunandi afkomu sjávarútvegsins væri náð. Hvað vantar þá nú? Þess vegna eru svör hæstv. forsrh. ekki traustvekjandi. Þess vegna verða ekki aðrar ályktanir af svörum hæstv. forsrh. dregnar hér en að hæstv. ríkisstj. viti ekki, hvað hún er að gera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11:8 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 33. fundi.

Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, frv. (þskj. 200). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 227).

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 20. des. kl. 2 miðdegis.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 14. sept. 1972, þar sem ríkisstj. var heimilað að taka til leigu um ótiltekinn tíma eitt eða tvö hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna með venjulegum skilyrðum um eignar- eða leigunám.

Vegna útfærslu fiskveiðimarkanna 1. sept. s.l. var mönnum ljóst, að sá skipakostur, sem Landhelgisgæzlan hafði yfir að ráða um þær mundir, væri ónógur til gæzlu hins stækkaða umsjónarsvæðis, til að sinna því hlutverki, sem gæzluskipunum er ætlað, m. a. vegna þess að líka stóð svo á um þær mundir, að eitt af stærri skipunum var í viðgerð og var ekki komið til landsins, og var vitað, að það mundi eitthvað dragast. Það var þess vegna leitað eftir því, hvort væri fáanlegt hentugt skip til gæzlustarfanna hér á landi eða erlendis, en ekki tókst að fá slíkt skip. Þá var það álit Landhelgisgæzlunnar eftir allmikla athugun, að til þessara starfa væru hentugust skip þau, sem notuð hafa verið til hvalveiða, skip Hvals h/f. Fóru þá fram viðræður við forstjóra eignaraðila, fyrst forstjóra Landhelgisgæzlunnar og ráðuneytisstjóra dómsmrn. og að lokum á milli mín og forstjóra Hvals. Í þessum viðræðum kom það fram, að hann taldi sig ekki geta eða vilja leigja skip með frjálsum samningum og kaus heldur, að leigunámi væri beitt. Var þá horfið að því ráði, og heimildin er höfð svo sem í þessum lögum greinir, þó að það væri raunar ekki beint ætlunin að taka nema eitt skip. Þegar þessi brbl. höfðu verið útgefin og ákvörðun hafði verið tekin samkv. þeim um að taka eitt hvalveiðiskipið leigunámi, tókst hins vegar greiðlega að ná samkomulagi um leigumálann og yfirleitt um öll önnur atriði í sambandi við yfirtöku Landhelgisgæzlunnar á skipinu. Þessi leigumáli er fyrir hendi, og það er sjálfsagt, að sú n., sem fær frv. til meðferðar, fái hann til athugunar. Þessi leigumáli er tímabundinn, en þó svo, að það er gert ráð fyrir því, að til framlengingar hans geti komið. Ég vil vona, að það standi þannig, að það verði hægt að sleppa þessu skipi um þær mundir, sem hvalveiðivertíð hefst, þannig að það geti sinnt því hlutverki, sem það hefur áður sinnt, og hvalveiðimenn þurfi ekki að verða fyrir neinum óþægindum af þessu. Um þetta get ég þó ekki gefið neina yfirlýsingu, vegna þess að það verður að ráðast af atvikunum og aðstæðunum, sem þá verða fyrir hendi, hvernig með málið verður farið. En eins og ég sagði, er það von mín, að svo geti orðið.

Það var nokkuð rætt um það, áður en þetta skip var tekið til notkunar við gæzluna, hvort það væri hentugt eða ekki. En nú hefur það verið notað við hana nokkurn tíma, og hefur sýnt sig, að það hefur reynzt allvel að sögn skipstjórnarmanna og annarra þeirra manna, sem á skipinu eru, að ég held. Það hefur reynzt ágætlega nothæft til gæzlustarfanna, og ég held, að segja megi, að það sé álit kunnugra manna, að það hafi ekki verið völ á hentugra skipi. En það er þannig, að við gæzlu á hinu stóra fiskveiðilögsögusvæði veitir í raun og veru ekki af 4 stórum skipum. Það er í raun og veru lágmarkið. Svo bætast við hin minni skip, sem geta auðvitað sitt og hafa næg verkefni að vinna við gæzlustörf og önnur þau margháttuðu störf, sem þau sinna.

Það heyrist stundum talað um, að varðskip séu í snatti. Það er mjög mikill misskilningur. En það eru óskir um það og gerðar kröfur til þess, og það er reyndar gert ráð fyrir því í lögum, að varðskip sinni ýmsum þörfum. M. a. er mjög títt, að fyrir utan björgunarstörf, sem þau vinna og geta unnið, aðstoði þau við sjúkraflutninga, jafnvel læknisflutninga vegna þess ástands, sem nú ríkir, á milli héraða og jafnvel stundum, — það verður að játa, — við venjulega flutninga, t. d. á námsfólki, þegar þannig stendur á í jólaleyfum og endranær, þannig að mér fyrir mitt leyti finnst það mjög óvirðulegt heiti á þeirri starfsemi, sem þau inna oft af hendi af mikilli nauðsyn, að vera að tala um snatt í því sambandi.

Herra forseti. Ég skal ekki fylgja þessu frv. úr hlaði með fleiri orðum. Það er í sjálfu sér einfalt. Það má segja, að það sé þegar komið til framkvæmda og hafi þannig að vissu leyti náð tilgangi sínum. En því er, eftir því sem í sjálfum lögunum stendur, ætlað að gilda um óákveðinn tíma, þó að það sé svo, eins og ég sagði, að ég vonist til þess, að til þess þurfi ekki að koma. Enn fremur er það svo, að það er sjálfsagt um þetta eins og önnur brbl., að það sé staðfest, sem ríkisstj. hefur gert í því efni, þannig að Alþ. lýsi vilja sínum á því og taki beina afstöðu til þess. Þess vegna er að mínum dómi alveg sjálfsagt og skylt, að Alþ. afgreiði þetta frv.

Um frv. varð í Nd. mót von minni nokkur ágreiningur, sem ég held, að stafi að miklu leyti af misskilningi, þar sem minni hl. n. vildi afgreiða það með rökstuddri dagskrá. En það er auðvitað svo, að ég eða stjórnin getur ekki sætt sig við það, því að í því fælist óbein

vanþóknun á því, að gripið var til þessa ráðs. Hins vegar er það svo, að það er ekkert, sem kallar á, að þetta frv. verði afgreitt fyrir jól, og þarf ekki að hraða afgreiðslu þess þannig.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn., og eins og ég sagði, þá getur auðvitað sú n. fengið leigumálann til athugunar og kallað fyrir sig þá aðila, sem þessu eru í sjálfu sér kunnugri í framkvæmdaatriðum heldur en ég, bæði forstjóra Landhelgisgæzlunnar og eins þá starfsmenn í dómsmrn., sem með þessi málefni fara.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 35. fundi.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147 n. 226). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.
Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft til athugunar frv. til 1. um breyt. á 1. um verðlagsmál. Hér er um að ræða, að ákveðin sé skipan verðlagsnefndar í samræmi við það, sem verið hefur nú um nokkurra ára skeið eða allt frá 1967. Á hverju ári hefur umboð verðlagsnefndar verið framlengt, og nú stendur svo á, að umboð verðlagsnefndar fellur niður 31. des. og þarf að taka ákvörðun um, hvort ekki skuli endurnýja umboð verðlagsnefndar og þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir og hefur verið í gildi sem sagt um 5 ára skeið. — N. hefur rætt þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við tveir nm. höfum skrifað undir nál. með fyrirvara, en munum þó fylgja frv. eins og það liggur fyrir. Ég vek athygli á því, að nú er þessi skipun verðlagsnefndar ekki tímabundin við eitt ár, eins og verið hefur, og kann það út af fyrir sig að orka tvímælis. Ég er a. m. k. engan veginn sannfærður um, að hér sé um óvefengjanlega rétta skipun slíkrar n. að ræða. En fyrirvari minn er þó aðallega við það bundinn, að ég tel verðlagsmálum og meðferð þeirra þann veg farið, að skjótra úrbóta sé þörf, og því sé hér ekki um að ræða frv., sem í raun og veru ætti að vera til frambúðar, heldur þurfi að taka mál þessi öll nýjum og föstum tökum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 36. fundi.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 147). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 231).

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 144). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 119 (sbr. 4)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ .með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 234).

Þörungavinnsla að Reykhólum, frv. (þskj. 176 (sbr. 136)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 235).

Orlof, frv. (þskj. 175). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 236).

Launaskattur, frv. (þskj. 169, n. 220). — 2. umr.

Of skammt var liðið frú útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Með lögum frá 19. nóv. 1970 um

ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis var ákveðið að leggja á sérstakan launaskatt, er næmi 1½% á tímabilinu 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971, eftir 2. gr. þeirra laga. Þessi skattur hefur síðan verið framlengdur til stutts tíma í senn, og síðast var ákveðið, að hann skyldi innheimtur á árinu 1972, og ákvæði um það er að finna í ákvæði til bráðabirgða, 3. lið, í lögum um almannatryggingar. Með þessu frv. er lagt til að færa ákvæði um þetta 1½% inn í lög um almennan launaskatt, fella það inn í 1. gr., þannig að við það 1%, sem nú er í þeim lögum, bætist þetta 1½% og verði 2½%. Frv. gerir ráð fyrir, að skatturinn verði þannig fastur. En meiri hl. n. flytur brtt. um það, að þetta ákvæði gildi aðeins til eins árs, og leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í grg. með frv., sem hér er til umr., kemur fram, eins og hv. frsm. gat um hér áðan, að upprunalega hafi verið hugsað, að hinn sérstaki launaskattur, sem lagður var á í sambandi við verðstöðvunina 1970, 1½%, yrði gerður að varanlegum tekjustofni ríkissjóðs. Meiri hl. fjhn. hefur flutt brtt. þess efnis, að þetta gildi aðeins árið 1973. En ég vil mega spyrja hæstv. fjmrh. hvort hugmynd hans sé, að hér verði um að ræða varanlegan tekjustofn, eða hvort gert sé aðeins ráð fyrir því, að þeim niðurgreiðslum, sem teknar voru upp 1970 og tekna var aflað til með þessu 1½% af launaskatti, verði haldið áfram 1973 og þess vegna sé þörf á því að framlengja þennan launaskatt.

Fjmhr. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Reykn. vil ég taka það fram, sem ég tók hér fram við 1. umr., að ég væri fús að samþykkja, að þetta væri aðeins til eins árs, — vil raunar skýra frá, að ég hafði gert ráð fyrir, að það yrði aðeins um eins árs framlengingu að ræða. Það er rétt, sem hann sagði, að þetta var bundið við niðurgreiðslur, sem voru teknar upp 1970. Þeim niðurgreiðslum er öllum haldið, og er gert ráð fyrir að halda þeim öllum á árinu 1973, og þess vegna er farið fram á þessa framlengingu. Hins vegar, eins og ég hef oft sagt hér áður, er unnið að allsherjarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til annars en fá bara ársframlengingu á þessum þætti, sem tengdur var saman við það, sem enn þá er í gildi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Að samþykktri þeirri brtt., sem meiri hl. n. flytur, og eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. áðan gaf um, að það sé ekki hugsun hans að gera þennan sérstaka 1½% launaskatt að föstum tekjustofni ríkisins, heldur verði þessi skattur eins og áður notaður til niðurgreiðslu á vísitölu um sinn, munu sjálfstæðismenn greiða atkv. með þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 220 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143, n. 225). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér er aðeins um að ræða ákvæði um ákvörðun makalífeyris í lögum um Lífeyrissjóð barnakennara til samræmingar við þær breytingar, sem gerðar voru á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þingi í fyrra.

Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 224 (sbr. 115)). — 3. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í gær frestaði ég samkv. ósk brtt., sem ég flutti á sínum tíma um slysatryggingu sjómanna sem brtt. við lög um almannatryggingar. Þessi brtt. hefur legið hér fyrir þinginu í hálfan mánuð, þannig að ærinn tími hefur verið til þess að athuga hana. En þó fór það svo, eins og oft vill verða, að menn fara ekki að huga að málum fyrr en á seinustu stundu, og í gærkvöld kom í ljós, að það voru uppi margar óljósar hugmyndir um þetta mál. Ég gekk í morgun frá nokkrum breytingum á þessari till. minni, og ég geri mér vonir um, að sú till. komi á borð þm. eftir nokkrar mínútur. Ég gekk þar til móts við sjónarmið, sem fram hafa komið. M. a. hefur það verið gagnrýnt, að í upphaflegri till. minni var rætt um, að atvinnurekendur almennt ættu að eiga þess kost að taka slíka tryggingu, þó að skyldan væri einvörðungu bundin við sjómenn. Ýmsir vildu, að þetta væri bundið aðeins við sjómenn og ekki minnzt á aðra atvinnurekendur í þessu sambandi. Ég hef fallizt á það sjónarmið, enda þótt ég sé þeirrar skoðunar, að það séu ýmsir aðilar aðrir en sjómenn, sem vinni svo áhættusöm störf í þjóðfélaginu, að þeir eigi að geta átt kost á slíkri tryggingu.

Hér kom fram í gær frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni sú till., að dánarbætur miðað við dauða yrðu 1½ millj., en ekki 1 millj. eins og var í minni upphaflegu till. Ég get eftir atvikum fallizt á þessa till. hv. þm. Péturs Sigurðssonar, líka vegna þess, að mér finnst dálítið óviðkunnanlegt, ef við hér á Alþ. þurfum að fara að greiða atkv. um það, til hve hárrar upphæðar eigi að meta líf manna. Í þessum till. minum er einnig um að ræða smábreytingar á hinum mánaðarlegu bótum til ekkju og til barna, sem ég hygg, að enginn ágreiningur þurfi að verða um, en það eru þær bætur, sem ég tel vera langmikilvægastar í þessu sambandi. Það er framfærsluskyldan, sem ég tel vera langmikilvægasta réttinn, því að sú upphæð, sem greidd er í eitt skipti

fyrir öll kann, — a. m. k. í sumum tilvikum, ef svo stendur á, að menn farist án þess að vera kvæntir eða eiga börn, — þá kann að vera, að slíkar bætur lendi til fjarskyldra ættingja, sem hafa í rauninni engan siðferðilegan rétt á slíkum bótum.

En það, sem mestur ágreiningur virðist vera um, er það atriði, að menn hafa talað um, að þessi slysatrygging yrði ekki einvörðungu bundin við Tryggingastofnun ríkisins, eins og ég hef lagt til, heldur verði almenn vátryggingafélög einnig höfð þarna með, þannig að menn geti valið um það, hjá hverjum þeir tryggja. Nú vil ég gera mönnum grein fyrir því, að það var grundvöllur þessarar till., sem ég flutti, að þessar tryggingar yrðu að fullu hjá Tryggingastofnuninni. Og ástæðan fyrir því er afar augljós. Hér er um að ræða mjög vandasama tryggingu, þannig að ef hægt á að vera að ákveða þar lágmarksiðgjöld, þá þurfa almannatryggingarnar að geta gert sér grein fyrir því, um hve umfangsmikla tryggingu þarna er að ræða og hve miklar árlegar tekjur geti verið um að ræða, og á þeim forsendum geti almannatryggingarnar síðan reiknað út lágmark iðgjalda. Þetta er sjálfur grundvöllur þessarar till. og ef þetta gerist ekki, þá er till. í sjálfu sér gersamlega þýðingarlaus.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ef þetta væri haft opið, þá geta komið upp alls konar undarleg og leiðinleg tilvik. Það gæti t. a. m. gerzt, að útgerðarmenn, sem hafa viðskipti, sem þeim er annt um, við tryggingafélög, tryggi hjá þeim þann hlut þessa vanda, sem er auðveldastur og kann að verða ábatasamastur, en velti yfir á Tryggingastofnun ríkisins því, sem er hættulegast, og því, sem erfiðast er að leysa úr. Úr þessu yrði slík flækja, að það væri enginn kostur að halda iðgjöldunum í því lágmarki, sem ég tel hafa verið hugmyndina með þessu. Ég vil einnig benda á atriði eins og það, að með þessu kerfi er um það að ræða, að Tryggingastofnun ríkisins greiði bætur, sem nema mjög verulegum fjárupphæðum, í 8 ár, ef slys verður. Við getum hugsað okkur slíkt tilvik eins og það, að útgerðarmaður verði fyrir miklu slysi, þar sem þarf að greiða mjög háar upphæðir um 8 ára skeið. Þetta yrði Tryggingastofnunin að gera, en hún gæti átt það á hættu, að útgerðarmaðurinn flytti sínar tryggingar til annars fyfrirtækis strax á eftir. Það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki hægt að byggja upp kerfi, eins og ég er að tala um í þessari till. á forsendum eins og þessum.

Þetta er engin einkaskoðun mín, þetta er skoðun Guðjóns Hansens tryggingafræðings, sem var ráðunautur heilbr.- og trmrn. við að búa þetta kerfi til. Hann telur þetta vera algera forsendu. Slík hin sama er skoðun tryggingaráðs. Þetta er einnig skoðun forstjóra Tryggingastofnunarinnar, Sigurðar Ingimundarsonar.

Vegna þess, eins og menn vita, að breytingar á almannatryggingal. þarf að samþykkja fyrir áramót og við verðum að skila því frv. frá okkur eftir sem allra skemmstan tíma, standa málin þannig, að annaðhvort verða menn að fallast á það fyrirkomulag, sem ég legg hér til, — og geta þá kannske haft í huga, að hægt er að breyta því síðar að sjálfsögðu eins og öllu fyrirkomulagi, — eða ég verð að draga þessa till. til baka, og þá standa ákvæðin eins og þau voru samþ. í siglingal. síðast. Það er þá hægt að taka það upp á þinginu eftir jól að framkvæma þessa breytingu, en ákvæði siglingal. mundu standa þangað til. En þessi hugmynd, sem hérna er, stendur og fellur með þessum grundvelli, þannig að það væri alveg út í hött að breyta grundvellinum, þá svífur hugmyndin gersamlega í lausu lofti. Þetta vil ég biðja menn að gera sér grein fyrir og hugleiða og eins hitt, að við höfum ákaflega nauman tíma til stefnu, þannig að við getum ekki haldið þannig á málum, að við þurfum að halda uppi löngum deilum, hvorki hér né í Ed. Við verðum að gera upp hug okkar um þetta. Vilja menn fallast á þessa meginhugmynd, sem ég hef hér gert grein fyrir, og með þeim varnagla þá, að það sé hægt að breyta því síðar, eða vilja menn þá fallast á hitt, að við tökum alls ekki upp þessi slysatryggingarákvæði núna á þessu þingi, heldur geymum það þangað til eftir jól.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Eins og ég sagði í gær, þegar ég mælti fyrir áliti heilbr.- og trn. fyrir þessu frv., gat ég um það, að við mundum flytja, nokkrir einstaklingar í n., brtt. um þau atriði almannatryggingal., nr. 67 frá 1971, er brtt. hæstv. ráðh. á þskj. 154 lýtur að, af því að í henni væru nokkur atriði, sem við værum ekki alveg sammála um. Ég gerði ráð fyrir því, að því að til stóð í gærkvöld að ljúka hér í hv. d. bæði 2. og 3. umr., án þess að langur tími gæfist þar á milli til þess að athuga málið nánar, að ekki gæfist kostur á því að kalla heilbr.- og trn. saman til fundar til að ræða brtt. hæstv. ráðh. Hins vegar fór það svo í gærkvöld, að 3. umr. um frv. var frestað til þessa fundar í dag, þannig að tóm gafst til að kalla saman heilbr.- og trn. núna eftir mat til þess að athuga þessa brtt. Og í fáum orðum sagt varð niðurstaða þess fundar, að við 4 þm. í n., þ. e. a. s. meiri hl. n., flytjum nú við 3. umr. skrifl. brtt., sem ég mun gera lítillega grein fyrir. Þessir þm. eru — ja, fyrstan skal telja 2. þm. Reykn., síðan eru flm. með mér hv. 3. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. Austf. og hv. 12 þm. Reykv., þ. e. a. s. meiri hl. heilbr.- og trn. stendur að þessari tillögugerð. Tveir hv. nm., þeir hv. 5. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm., tóku ekki afstöðu til þessarar brtt. á fundinum, en munu væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni hér í umr. En einn nm., hv. 5. þm. Vesturl., lýsti andstöðu sinni við þessa brtt.

Vil ég þá, eins og ég hef sagt, gera í örfáum orðum grein fyrir þessari brtt. Það væri sennilega rétt, af því að brtt. liggur ekki frammi, að ég, með leyfi hæstv. forseta, fengi að lesa hana alla í heild, svo að hv. þm. geti þó haft við það að styðjast, þegar þeir athuga þau rök, sem að baki tillöguflutningnum liggja. En till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 24. gr. Á eftir gr. bætist ný gr., sem verður 25. gr., svo hljóðandi:

75. gr. orðist svo:

Tryggingastofnunin getur tekið að sér sérstakar slysatryggingar vegna sjómanna og ann-

arra, sem ráðnir eru að útgerð skips. Trygging þessi miðast við eftirfarandi bætur:

1. Dánarbætur: a. 1 millj. kr. við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum, erfingjum hins látna. b. Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár, ¾ hlutar þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkv. a-lið 1. mgr. 35. gr. c. Mánaðarlegar bætur að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ¾ þeirrar fjárhæðar, er á hverjum tíma ber að greiða samkv. c-lið 1. mgr. 35. gr.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur: a. Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið. b. Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, kr. 3 millj., við algera varanlega örorku, en hlutfallslega við minni örorku.

Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.

Útgerðarmanni er skylt að taka þessa tryggingu vegna þeirra, er hann ræður í skiprúm, hjá Tryggingastofnun ríkisins eða vátryggingafélagi, enda hefur hann þá tryggt sig að fullu gegn þeirri sérstöku, hlutlægu ábyrgð, er á hann er lögð í 1. gr. laga nr. 58 29. maí 1972.

Ráðh. er skylt að breyta eingreiðslufjárhæðum þessarar gr. í samræmi við almennar hækkanir bótafjárhæðar samkv. lögum þessum.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér aðrar tegundir frjálsrar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingaskírteini.

Tryggingastofnunin getur enn fremur með samþykki ráðh. tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðh. ákveður með reglugerð nánari tilhögun trygginga samkv. þessari gr., þ. á. m. um innheimtufyrirkomulag og endurtryggingu.

Taki atvinnurekandi slysatryggingu þá, er um er rætt í 1. og 2. tölul., kemur hún í stað samningsbundinnar slysatryggingar hans."

Ég tel rétt, áður en ég vík að því nokkrum orðum að skýra þann mun, sem er á þessari brtt. og þeirri, sem hæstv. ráðh. hefur flutt á þskj. 154, að taka það fram, af því að ég hjó eftir því í þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. hélt áðan, ég skildi það þannig, að hann boðaði breytingu frá því, sem er í þeirri brtt., er hann flytur á þskj. 154, er lýtur að því, að aðrir atvinnurekendur en útgerðarmenn skuli eiga rétt til þess að kaupa þessa tryggingu, og ég skildi hann þannig, að hann gæti fallizt á það af ástæðum, sem hann rakti, að breyta þar um og binda þessa skyldutryggingu eingöngu við útgerðarmenn. Þessu sjónarmiði er ég alveg sammála og mundi áskilja mér rétt, ef þetta er réttur skilningur hjá mér, til þess, — í samráði við þá, — er standa með mér að þessari brtt., — að fella niðurlag úr minni brtt. þá niður, og ég hygg, að um það séu þeir, sem standa að þessari till., sammála.

Vil ég þá víkja að því, sem er öðruvísi í þessari brtt. en þeirri brtt., sem er á þskj. 154, því að önnur skrifl. till. liggur ekki frammi frá hæstv. ráðh. um þessi atriði.

Það er þá fyrst til að taka, að samkv. brtt. okkar er hér opnuð heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins til þess að taka þessar tryggingar. Eins og brtt. hæstv. ráðh. er, verður að skilja upphaf hennar þannig, að Tryggingastofnuninni sé skylt að gera þetta, og flutti hann röksemdir sínar fyrir því, sem ég ætla að víkja lítillega að hér á eftir. En þetta er fyrsta atriði þess, sem er breytilegt frá því, sem er í hans till.

Þá er annað atriði, sem er frábrugðið hans till. á þskj. 154, sem hann að vísu mun ætla að breyta, og hann lýsti þeirri breytingu hér áðan, að dánarbætur, þ. e. a. s. 1 millj. kr., eigi að greiðast nánustu vandamönnum eða erfingjum hins látna. Það er breyting frá því, sem er á þskj. 154, þar sem gert var ráð fyrir, að skuldheimtumenn gætu gengið að þessum bótum eftir látinn sjómann í dánarbúið, en samkomulag er um það hjá öllum aðilum að breyta þessu í þessa átt.

Þá er að finna atriði í okkar brtt. um slysadagpeninga. Það er ekki neitt ágreiningsatriði, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara út í það nánar, og einnig það atriði, að frá örorkubótum skuli draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skuli draga örorkubætur, sem greiddar hafa verið. Þar er ekki heldur um neitt ágreiningsefni að ræða, það bezt ég veit.

Þá er í okkar till. í samræmi við það, sem ég lýsti hér í upphafi, að hér er opnuð heimild, — sem raunar er nú til staðar í lögunum í dag, — fyrir Tryggingastofnunina að taka þessa vátryggingu. Þá er bætt við, að útgerðarmanni sé skylt að taka þessa tryggingu vegna þeirra, er hann ræður í skiprúm, hjá Tryggingastofnun ríkisins eða vátryggingafélagi. Þetta er hér tekið inn til þess að gera þetta atriði, sem allmjög hefur vafizt fyrir mönnum, ákveðið og skýrt.

Ég tel það vera í fullu samræmi við aðra uppbyggingu þeirrar brtt., sem er á þskj. 154 og flutt af hæstv. heilbrh., að opnuð skuli heimild fyrir Tryggingastofnunina til að taka þessar nýju tryggingar og stjórnendur Tryggingastofnunarinnar geti ráðið því, hvort þeir vilja taka þær eða ekki. Í brtt. hæstv. ráðh. á þskj. 154 er að finna ákvæði eins og það, að Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér aðrar tegundir frjálsrar slysatryggingar, og enn fremur getur Tryggingastofnunin með samþykki ráðh. tekið að sér ábyrgðartryggingar þannig að ég tel, að það að leggja til breytingu um, að þetta verði aðeins heimild fyrir Tryggingastofnunina sé í fullu samræmi við aðra þætti í þeirri brtt., sem hæstv. ráðh. hefur flutt.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann teldi, að meginforsenda fyrir frv. væri niður fallin og till. raunar tilgangslaus og ætti að draga hana til baka, ef rétturinn til þess að verzla með þessar tryggingar væri ekki bundinn við Tryggingastofnun ríkisins eina. Hann færði fyrir því m. a. þau rök, að á þann hátt gætu iðgjöld af þessum tryggingum verið í algeru lágmarki. Ég hef á þeim skamma tíma, sem ég hef haft til þess að athuga þetta atriði, hvergi fundið neinar óyggjandi upplýsingar um, að þetta þurfi endilega að vera svona. Og á því leikur, a. m. k. í

mínum huga, verulega mikill vafi, að þessi staðhæfing sé rétt. Mér þykir a. m. k. skjóta dálítið skökku við, að tryggingatakarnir, þ. e. a. s. útgerðarmennirnir, sem eiga að taka þessar tryggingar, skuli sækja svo sterkt á, eins og ég hef persónulega orðið áþreifanlega var við undanfarna daga, um það, að þessar tryggingar skuli undir engum kringumstæðum bundnar við Tryggingastofnunina eina. Ég tel það skrýtið, að þeir, sem eiga að greiða þessi iðgjöld, sæktu svo mjög sterkt á um þetta, ef það væri tryggt, að hitt fyrirkomulagið, að binda þessar tryggingar eingöngu við Tryggingastofnunina, tryggði fyrir fram lægstu iðgjöldin. Ég tel mig hafa rétt til þess að lýsa því yfir hér, að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna sagði við mig í morgun, þegar ég ræddi þetta vandamál við hann ásamt mörgum öðrum, að hann gæti hugsað sér, að það mundi tryggja útveginum lægstu iðgjöldin í sambandi við þessar tryggingar, ef heildarsamtökin hefðu t. d. þann möguleika að geta boðið tryggingarnar út og tryggingafélögin annars vegar, annaðhvort sem ein heild eða þá hvert í sínu lagi, og Tryggingastofnun ríkisins líka gætu boðið í þessar tryggingar. Hann taldi, að slík samkeppni um iðgjöldin væri til þess fallin að tryggja lægstu iðgjöldin. Og þetta hef ég heyrt fleiri útgerðarmenn segja.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að Tryggingastofnun ríkisins telur eðlilegt og rétt, að annaðhvort fái hún öll þessi viðskipti, viðskiptin við alla útgerðarmenn landsins, eða hún hafi þessi viðskipti alls ekki. Hins vegar hefur tryggingaráð ekki sagt, að það fullnægi ekki því sjónarmiði þess, að opnuð sé heimild fyrir Tryggingastofnunina til þess að taka þessi iðgjöld og tryggingaráð sjálft ráði því, hvort það tekur þessi viðskipti upp eða ekki. Ég tel mig geta fullyrt það hér af viðtölum við einstaka tryggingaráðsmenn, að þeir telja, að ef þeir hefðu átt að tjá sig um það atriði eitt, þá gætu þeir undir öllum kringumstæðum lýst samþykki sínu við hvorn valkostinn sem væri, annaðhvort að allar þessar tryggingar skyldu vera hjá Tryggingastofnun ríkisins eða hinn kostinn, að opnuð væri heimild fyrir tryggingaráð til þess að taka þetta og tryggingaráð gæti vegið það og metið, hvort það vildi nota þessa heimild að einhverju leyti eða ekki. Það er þannig á valdi þeirra sjálfra, hvort þeir taka nokkuð af þessum viðskiptum eða ekki.

Hæstv. ráðh. taldi, að ef breytt væri til um það, að þessi skyldutrygging útgerðarmanna væri bundin við Tryggingastofnunina eina, þá væri forsendan fyrir breyt. niður fallin og hún yrði dregin til baka. Á þessa skýringu get ég ekki fallizt. Það hefur komið hér fram, að nokkuð mörg atriði í brtt. er nauðsynlegt að fá samþykkt fyrir áramót, og fyrir liggur skýlaust loforð hæstv. ríkisstj. til útvegsmanna um að koma einhverri frambúðarskipan á skyldutryggingamál sjómanna, og m. a. er nauðsynlegt, að ákvæðin um dánarbætur, örorkubætur og annað slíkt og upphæðir þeirra verði fest í lög fyrir áramótin. Sannleikurinn er sá, að það er ekkert að mínu viti, sem gerir það nauðsynlegt í sambandi við þessi mál að vera að taka inn það ágreiningsatriði nú, hvort binda eigi þessar tryggingar eingöngu við Tryggingastofnunina eina eða gefa öðrum færi á að annast þær tryggingar líka. Það er ekkert leyndarmál, að um þetta atriði er á hv. Alþ. verulega mikill skoðanamunur, og það er svo mikill skoðanamunur, að ef á að fá einhvern botn í það innan stjórnarflokkanna, — ég fullyrði það, — þá þarf að fást meiri tími til að athuga það mál en hér gefst fyrir áramótin. Þess vegna tel ég, að það beri enga brýna nauðsyn til þess nú að bæta þessu við líka og ætla að höggva á þetta með því að lögbjóða það í frv. núna á síðustu dögunum, áður en við förum í jólafrí, þegar dagskráin er fullskipuð af stórum málum, sem þurfa að komast fram fyrir áramót. Því held ég, að það væri auðveldlega hægt að taka þetta út úr brtt., ef mönnum sýnist svo, — ef vilji er fyrir því hjá hæstv. ráðh. Að öðrum kosti er ekki önnur leið til en sú, sem ég er hér að tala fyrir, að þetta verði látið ganga undir atkv. hv. alþm., hvorn kostinn þeir vilja hafa á í þessum efnum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og ég skýrði út áðan, var forsenda þeirrar till., sem ég flutti, sú, að þessar tryggingar yrðu að fullu hjá almannatryggingum, og um það er greinilega ágreiningur hér á hinu háa Alþ., sem við getum ekki leyst á þessum stutta tíma. Ég sagði, að ef menn gætu ekki fallizt á till. mína, teldi ég eðlilegast, að ég drægi hana til baka og við geymdum afgreiðslu þessa máls fram yfir áramót. Ég gat ekki annað skilið af orðum hv. frsm. heilbr.- og trn., Jóns Skaftasonar, en hann gæti á það fallizt, að þetta vandamál yrði þá ekki frekar rætt hér á þinginu. Ég dreg þar með þessa till. til baka. Ég vil láta þess sérstaklega getið út af umr. hér í gærkvöld, að ég hef haft samband um þetta mál við hv. þm. Pétur Sigurðsson, og hann er algerlega sammála mér um, að það sé skynsamlegast, úr því sem komið er, að þetta mál verði ekki afgreitt að þessu sinni. Þá standa þau ákvæði, sem sett voru í siglingalög í fyrra, sem sú löggjöf, sem gildir um þetta atriði, þangað til ný lög hafa verið sett.

Út af því, sem hv. þm. sagði hér áðan, langar mig samt til að rifja í örstuttu máli upp dálítið lærdómsríka sögu. Á síðasta hausti stóðu mál þannig, að útgerðarmenn lýstu því yfir, að þeir sæju sér ekki fært að gera út flotann, vegna þess að tryggingafélögin í landinu fengjust ekki til þess að tryggja sjómenn samkv. ákvæðum siglingal., og það var áskorun frá forustumönnum útgerðarmanna til útvegsmanna um allt land að gera skip sín ekki út á þessum forsendum. Ég beitti mér þá fyrir því við Brunabótafélag Íslands, sem er ríkisfyrirtæki, að það gerði tilboð um slíkar tryggingar, til þess að það lægi fyrir, að það væri hægt að fá þessa tryggingu. Þá gerðist sá ánægjulegi atburður, að önnur tryggingafélög lýstu því þegar í stað yfir, að þau væru fús til að tryggja, og meira að segja þau sögðust geta boðið mun betri kosti en Brunabótafélag Íslands. Þá leystist málið.

En Kristján Ragnarsson hringdi í mig af hálfu Landsambands ísl. útvegsmanna, og ég lofaði

honum því, að ég mundi beita mér fyrir því, að gerð yrði breyting á þessari löggjöf, þannig að tryggingaskyldan væri skilgreind á miklu nánari hátt en gert var í siglingal., og jafnframt, að ég reyndi að tryggja, að iðgjöldin yrðu sem allra lægst. Á þeim forsendum var lögð í það vinna að útbúa það kerfi, sem ég hef hér lagt fyrir, og sú vinna var fyrst og fremst unnin af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Þegar þessi till. var tilbúin, óskaði ég eftir, að búinn yrði til samvinnuhópur fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, frá Sjómannasambandi Íslands og frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Fulltrúar allra þessara aðila fjölluðu um þessa till., áður en ég lagði hana fram hér á þingi, og það var full samstaða fulltrúa allra þessara aðila um það, að með þessu væri málið leyst og þeir væru fylgjandi þessari till. Einn manna í þessari n. var hv. þm. Pétur Sigurðsson. Ég heyrði enga aths. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um það, að þessi grundvöllur, sem þarna er gerður, — sem er forsenda þess, að Tryggingastofnunin geti tekið þetta að sér, — væri ekki í samræmi við hagsmuni útvegsmanna. Enga slíka aths. heyrði ég. Hitt veit ég ósköp vel, að einmitt nú, þegar þessi till. er komin fram hér á þingi, þá koma þessi vátryggingafélög, sem ekki þóttust geta veitt þessa tryggingu í haust, en létu síðan til leiðast að veita hana, og segja: Nú erum við reiðubúin til að tryggja á þessum forsendum. — Þau vilja fá möguleika til þess að hagnast á þessari tryggingu. Það má vel vera, að hv. alþm. séu fúsir til þess að leysa málið á þeim forsendum á þinginu eftir áramót, því að mér skilst, að það sé samstaða um, að þetta gangi ekki lengra að þessu sinni. En ég vil þá a. m. k. taka það skýrt fram, að ég mun ekki hafa forustu fyrir breytingu á þeim forsendum. Ég lít á það sem mitt verkefni að tryggja sjómönnum þau kjör, sem þeir eiga skýlausan rétt á, en gera það á þann hátt, að kostnaður útvegsmanna af því yrði í algeru lágmarki. Ég var ekki að hugsa um hagsmuni hinna einstöku vátryggingafélaga í því sambandi.

Forseti (Gils G.): Þar sem m. a. hefur verið gerð grein fyrir því eða boðaðar hafa verið veigamiklar brtt. við þetta frv. og brtt. meiri hl. hv. n. hefur ekki enn verið útbýtt, tel ég eðlilegt að fresta umr. um stund, a. m. k. þar til útbýtt hefur verið þeim brtt., sem boðaðar hafa verið, og hv. þdm. hafa fengið nokkurt tóm til þess að skoða þær.

Umr. er frestað og málið tekið út af dagskrá þessa fundar.

Umr. frestað.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 15, n. 184, 185, 213). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 184, 1 (ný 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 184, 2 samþ. með 29 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 184, 3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 213 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 184, 4 (ný gr., verður 5. gr.) svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 185 felld með 18:12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 32. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 169). — 3 umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 143). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 237).

Siglingalög, frv. (þskj. 198, n. 228). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál var tekið fyrir í n. í morgun og við fengum þær upplýsingar, að það væri samkomulag um það frv. um tryggingarnar, sem þetta frv. er í raun og veru byggt á, og n. varð sammála um, að þetta frv. yrði samþykkt. En ég vil vekja athygli á því, að það verður að horfa á það í samhengi við hitt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 233). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Till. sú, sem ég ásamt hv. 10 þm. Reykv. flutti hér við 2. umr. sem bráðabirgðaákvæði, var borin upp í einu lagi og náði því miður ekki samþykki. Við viljum freista þess nú við 3. umr. að bera fram skriflega brtt., sem er shlj. 2 mgr. till., eins og hún var á þskj. 185. Þetta er gert vegna þess, að ég er ekki alveg viss um, að hv. þm. hafi gert sér raunverulega grein fyrir, hvað þarna er verið að fara fram á og hversu nauðsynlegt er að lögfesta þetta ákvæði.

Eins og hér var rætt í gær og ítarlega bent á, er í gildandi reglugerð varðandi þetta svæði á Selvogsbanka aðeins gert ráð fyrir, að bannaðar verði veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót. Það er vitað, og hefur komið hér fram á Alþ. áður, að þeir aðilar, sem þarna hafa kannske einna mestra hagsmuna að gæta, þ. e. samtök sjómanna, skipstjórnarmanna og útgerðarmanna í Vestmannaeyjum, hafa nú í 15 ár, allt frá því á árinu 1957, reynt að fá friðað tiltekið hrygningarsvæði á svæðinu milli Vestmannaeyja og Reykjaness. Það hefur aldrei, þegar farið hefur verið fram á þetta, verið beðið um það að friða þetta einungis fyrir botnvörpu og flotvörpu eða dragnót, heldur alfriða það fyrir öllum veiðum og þá alveg sérstaklega fyrir þorskanetaveiðum. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að þó að þessi tilmæli hafi komið frá aðilum í þessari veiðistöð, hefur það alltaf legið ljóst fyrir þeim ekki síður en öðrum, að þeir eru þarna að skerða nokkuð sína aðstöðu til veiða í þorskanet. Þeir hafa manna fyrst gert sér grein fyrir því, að ef á að vera hægt að treysta á þessar veiðar í framtíðinni, verði að gera einhverja ráðstöfun til þess að friða hrygningarsvæðin að vissu marki og þá sérstaklega fyrir þorskanetaveiðum. Ég tel lærdómsríkt það ástand, sem á þessum stað skapaðist í fyrra, þegar það sýndi sig, að fiskur gekk ekki inn á þetta veiðisvæði til hrygningar nema í mjög takmörkuðum mæli og þessi verstöð, Vestmannaeyjar, skar sig alveg úr öðrum verstöðum með lélegt aflamagn. Ég held, að það sé samdóma álit þeirra manna, sem þarna eru kunnugastir, að það sé ekki óhætt að treysta á það, að þetta endurtaki sig ekki og haldi ekki áfram að endurtaka sig og kannske í enn ríkari mæli en áður, ef ekki verða þegar gerðar beinar ráðstafanir til friðunar og þá alveg sérstaklega fyrir þorskanetaveiðum. Botnvörpuveiði og dragnótaveiði eru aldrei stundaðar á þessu tímabili á þessum svæðum og hafa ekki verið, síðan stóru togararnir hér áður fyrr komu einstöku sinnum inn á það, þegar mesta fiskigengdin var. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. geti verið sammála um það að gera a. m. k. þessa breytingu — að verða við óskum þeirra fiskimanna, sjómanna og útgerðarmanna, sem hafa hagsmuna að gæta af veiðum á þessu svæði, að verða við óskum þeirra um að gera þessar ráðstafanir, sem þeir telja sjálfir nauðsynlegar, ef á að vera hægt að treysta því, að veiðar haldi þarna áfram í eitthvað svipuðum mæli og verið hefur áður. Það getur vel verið, að þetta sé of seint og það hefði átt að vera búið að gera slíkar ráðstafanir fyrir kannske 10—15 árum, en það er þó betra að okkar dómi að gera þetta núna heldur en draga það enn þá.

Það er svo með friðunarráðstafanir, að reynslu höfum við því miður sáralitla fengið í þessum efnum, og það, sem verður gert í framtíðinni, er gert í tilraunaskyni til að sjá, hvort hugmyndir fiskifræðinga og hugmyndir sjómanna og annarra koma til með að verka eins og þeir vona. Fiskifræðingar hafa sagt, að þeir geti ekkert um þetta fullyrt. Það eru viss atriði, sem grípa þarf inn í, og þeir hafa ekki viljað ræða um þetta. Þess vegna eru allar hugmyndir um friðunarráðstafanir fyrst og fremst tilraunir til að stöðva þá öfugþróun, sem verið hefur, því að við höfum greinilega verið með ofveiddan þorskstofn hér við land á undanförnum árum. Ég vænti því, eins og ég sagði áðan, að hv. Alþ. geri sér grein fyrir, hve mikið alvörumál er hér á ferðinni, og þegar það er ósk þeirra manna, sem telja sig eiga hagsmuni sína undir því, að friðun eigi sér stað þarna, þá verði orðið við ósk þeirra. Ég tel það lágmarkskröfu, að Alþ. verði við óskum þeirra aðila, sem þarna stunda þessar veiðar, að gera tilraun með að friða þetta tiltekna svæði, ekki aðeins fyrir dragnót og botnvörpu, heldur einnig fyrir netum, sem menn eru almennt sammála um, að séu það veiðarfæri, sem mest hætta starfi af, að ofveiði eigi sér stað með.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja fram skrifl. brtt. frá mér og hv. 10. þm. Reykv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessari till. segja, að það er vægast sagt á mörkunum, að hægt sé að bera upp till. af þessu tagi, sem nýlega er búið að fella, þó að hún hafi þar verið í fylgd með annarri. En ég vil í tilefni af þessu segja það, að ég mun standa fyrir því að reyna að leita eftir samkomulagi á milli þeirra aðila, sem hér eiga ríkastra hagsmuna að gæta, m. a. útvegsmanna í Vestmannaeyjum og Grindavík og hér á Suðurnesjum, sem sækja á þetta svæði. Náist sæmilegt samkomulag, mun ég gefa út reglugerð um að loka þessu tiltekna friðunarsvæði einnig fyrir þorskanetaveiðum í samræmi við þann lokunartíma, sem ákveðinn er í landhelgisreglugerðinni, þ. e. a. s. frá 20. marz til 20. apríl. Það er á valdi rn. að gefa út fyrirskipun um það atriði. Það var alltaf ætlunin, að þau ákvæði, sem voru í landhelgisreglugerðinni, giltu aðeins um togveiðar, af því að þessi atriði, sem þar var verið að tilkynna, snerta fyrst og fremst útlendinga. Takist sæmileg samstaða við þá aðila, sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta, um að loka þessu svæði einnig nú á næstu vertíð fyrir netaveiðum, þá mun það verða gert, en aðeins á þeim tíma, sem svæðið er annars lokað samkv. landhelgisreglugerðinni, þ. e. a. s. frá 20. marz til 20. apríl. En þessi till., sem hér er um að ræða, miðar að því að gera breytingar á þeirri landhelgisreglugerð, sem við höfum gefið út og tilkynnt, og það eitt er nægjanlegt til þess, að þessa till. ætti að fella.

En meginatriðið, sem hv. 3. þm. Sunnl. leggur hér áherzlu á, að loka þessu svæði einnig fyrir þorskanetaveiðum, verður tekið til athugunar. Mér er vel kunnugt um, að um þetta er allverulegur ágreiningur, og hefur komið skýrt fram hjá útgerðarmönnum, t. d. í Grindavík, að þeir

eru ekki alls kostar á það sáttir að láta loka þessu veiðisvæði alveg fyrir sér. Það var skoðun okkar, að það yrði að fara um svona lokun í samræmi við það, sem almennt yrði gert, þegar reglur yrðu settar um tiltekin lokunarsvæði allt í kringum landið. En eins og ég segi, náist sæmileg samstaða þeirra, sem hér eiga mestan hlut að máli, þá mun rn. beita sér fyrir því að gefa út reglugerð um að loka þessu tiltekna friðunarsvæði á þessum stað einnig fyrir þorskanetaveiðum á komandi vertíð.

Ég mæli algerlega gegn þessari till. hv. þm. og hefði viljað fara fram á það við hann, að hann drægi hana til baka, eftir að ég hef gefið þessa yfirlýsingu hér. Ég vænti, að hann skilji mætavel, að það er ekki ástæða til þess að fara að loka þessu svæði núna, ef um það er mikill ágreiningur, eins og þessi mál öll liggja fyrir nú. Ég vil því fara fram á það við hann, að hann dragi till. til baka, sem er allavega mjög vafasöm, en að öðru leyti er ég till. hans andvígur.

Forseti (GilsG): Í tilefni af brtt. þeirri, sem hv. 3. þm. Sunnl. hefur lagt hér fram, vil ég segja það, að ef haldið er fast við bókstaf þingskapa, þá er næsta hæpið, að hún geti komið til atkvæða, þar sem hún var liður í brtt., sem felld var við 2. umr. En þar sem þannig stendur á, að hún var hinn smærri liður þeirrar till. og annar liður var stórum veigameiri, þá mun ég líta þannig á, að hún geti komið undir atkv., ef hv. þm. verður ekki við þeim tilmælum að draga hana til baka, eins og hæstv. sjútvrh. hefur farið fram á.

Ég lít þá þannig á, að till. geti, þótt á mörkum sé, komið til atkv., og mun, ef hún verður ekki dregin til baka, leita afbrigða, svo að hún megi koma fyrir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Vegna orða hæstv. forseta vil ég geta þess, að ég bar þetta undir skrifstofustjóra Alþingis, og tjáði hann mér, að þetta væri eðlilegt form, sem hér hefði verið viðhaft, að taka upp orðréttan hluta af fyrri till. Mér var tjáð, að það væri eðlilegt form á málinu.

Vegna beiðni hæstv. ráðh. um að draga till. til baka gegn því, að hann leitaði álits aðila, sem þarna eiga hlut að máli, bæði í Vestmannaeyjum, Grindavík og víðar á Suðurnesjum, þá vil ég segja það, að ég vildi mjög gjarnan fallast á þessa beiðni. En það er nokkur hængur á því. Það er samdóma álit, a. m. k. hef ég það frá aðilum í Eyjum, að sá tími, sem er tilgreindur í gildandi reglugerð, sé of stuttur, þetta sé ekki nema hluti af hrygningartímanum, og fer það saman við það, sem fiskifræðingar hafa einnig látið í ljós. Þeir telja sig ekki geta staðhæft með neinum rökum, að hrygning fari fram nákvæmlega innan þess tíma. Það sé meiri von til, að till. mundi ná tilgangi sínum, ef tímamörkin væru rýmri. En það út af fyrir sig er þó alltaf áfangi á leið að hafa tímamörkin eins og þau eru, þó að þau séu talin vera of stutt. En það er annað, sem ég á erfiðara með að sætta mig við, ef ég félli frá till., en það er, að ráðh. gerir það að skilyrði, að það næðist sæmilegt samkomulag milli þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Hann tjáði hér, að hann vissi um aðila í Grindavík, sem væru þessu mótfallnir. Ég vil geta þess, að á fundi, sem fiskveiðilaganefnd hélt í Grindavík, — ég held, að ég fari þar alveg rétt með og muni það rétt, það verður þá leiðrétt, ef það er ekki rétt hjá mér, — að þar kom í ræðustól sá maður, sem ég held, að mestum afla hafi skilað á land þar á s.l. vertíð, og ég minnist þess ekki, að hann hreyfði neinum andmælum við hugmyndinni um friðun á þessu svæði. Ég man nú því miður ekki nafn þessa manns, en ég hjó þó sérstaklega eftir þessu, af því að ég bjóst við, að andmælin mundu kannske koma frá útgerðarmönnum eða sjómönnum í Grindavík. En ég tel mig muna alveg rétt, að það hafi ekki komið nokkur andmæli, og ég held, að ég muni það einnig rétt, að þeir hafi talið sig hlynnta þessari hugmynd. Það, sem ég þarf að fá nánar skilgreint hjá hæstv. ráðh., ef hann treystir sér til þess, er þetta: Hvað má þessi ágreiningur vera mikill? Við skulum segja, að nokkrir aðilar í Grindavík séu þessu andvígir, allir aðilar í Vestmannaeyjum séu meðmælt ir, mundi hann þá meta málið þannig, að það væri meiri hl., sem væri þessu meðmæltur, og hann treysti sér á þeim forsendum að verða við þessum tilmælum?

Ég verð að segja í þessu sambandi, að ég veit ekki, hvort Alþ. á að fara inn á þá braut að láta aðila, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. sjómenn og útgerðarmenn, hafa úrslitavald um slík atriði. Ég tel, að undir svona kringumstæðum þurfi, eins og hæstv. ráðh. hefur bent á bæði í ræðum sínum í gær og einnig aðrir, að liggja fyrir álit fiskifræðinga, hvort þeir telji þetta eðlilegt, skynsamlegt og nauðsynlegt eða ekki. Nú er vitað, að einmitt um þetta svæði liggur fyrir alveg skýlaust álit fiskifræðinga, þar sem þeir telja, að ef eigi að friða svæðið, þá verði einnig að friða það fyrir netaveiði, og þeir hafa mælt með því, að það verði gert. Ég hef það úr skýrslu þeirra, að þeir mæla með því, að svæðið verði það sem þeir kalla alfriðað og þá sérstaklega fyrir þorskanetaveiðum. Og þar sem þessi yfirlýsing fiskifræðinga liggur fyrir og einnig einróma álit sjómanna og útgerðarmanna í stærstu verstöð, sem þarna á hlut að máli, mætti ætla, að hæstv. ráðh. teldi þetta nægjanlegt, þó að einhver andmæli kæmu frá öðrum smærri veiðistöðum, að þá mætti meta málið þannig, að hann sæi sér fært að breyta reglugerðinni þannig, að hún næði til netaveiða einnig. Ef hann teldi sig geta metið málið þannig, að hann mundi þá breyta reglugerðinni á þann veg, sem hann hér lýsti, mundi ég fyrir mitt leyti vera reiðubúinn að falla frá brtt., því að ég tel, að þá hafi málið þokazt nokkuð í þá átt, sem till. gerir ráð fyrir. Það er þetta, sem ég óska eftir að fá svar við hjá hæstv. ráðh., hvort hann treysti sér til að gefa yfirlýsingu um, að hann telji sér nægja umsögn fiskifræðinga og till. aðila úr Vestmannaeyjum, þó að einhver andmæli kæmu frá einhverjum aðilum í hinum smærri verstöðvum, þá mundi hann samt telja slíkt nægjanlegan grundvöll til að breyta reglugerðinni í það horf, sem till. okkar gerir ráð fyrir.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það gefur auðvitað auga leið, að það er ekki hægt að gefa fyrir fram neina skilgreiningu á því, hvað maður telur sæmilegt samkomulag. Þó hygg ég, að það liggi ljóst fyrir, að ef málið er þannig, að útgerðarmenn og sjómenn í Vestmannaeyjum eru almennt þessu fylgjandi, þá þarf að koma mjög sterk andstaða í Grindavík t. d., sem er álíka stór verstöð, til þess að þetta yrði ekki gert. En ég vil segja það, að hér er ekki um að ræða að breyta landhelgisreglugerðinni, heldur að gefa út fyrirmæli um að loka þessu tiltekna svæði á þessum tíma.

Ég vænti nú þess, eftir því sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., að hann sætti sig við það, sem ég hér hef sagt, því að það er fyllilega mín skoðun, að það eigi að vinna að því að loka þessu svæði fyrir netaveiðum. Ég er honum sammála um, að það beri að gera. En það var ætlunin, að þetta fylgdi öðrum slíkum ákvörðunum annars staðar. En ég mun nú ganga eftir því, hvort ekki er hægt að framkvæma þetta fyrir næstu vetrarvertíð.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel yfirlýsingu hæstv. ráðh. mikilvæga, og þar sem hann hefur nú orðað hana nokkuð á annan veg en hann gerði fyrr, að hann telji, að það þurfi sterka andstöðu, ef aðilar í Vestmannaeyjum eru meðmæltir, — þá þurfi sterka andstöðu úr Grindavík eða öðrum sjávarplássum á Reykjanesi, til þess að hann sæi sér ekki fært að verða við tilmælum um frekari friðun. Þá vil ég treysta því, að þegar til komi, fallist hæstv. ráðh. á að meta aðstöðuna þannig, að hann muni annaðhvort gefa út nýja reglugerð eða breyta þeirri reglugerð, sem fyrir hendi er um þetta sama ákvæði, það skiptir ekki máli. En eftir þessa orðalagsbreytingu í yfirlýsingu hæstv. ráðh. mun ég falla frá brtt., sem ég lagði skriflega fram áðan.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þótt hv. 1. flm. þessarar till. trúi orðum hæstv. sjútvrh., þá er ég ekki jafntrúaður á hans yfirlýsingar, og þess vegna tek ég upp till. á mínum vegum og leyfi mér að flytja hana sem slíka og þykist ekki þurfa að fylgja henni frekar úr hlaði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 240) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 240 felld með 18:5 atkv.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Vegalög, frv. (þskj. 216 (sbr. 197)). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til 1. um breyt. á vegal. er komið frá hv. Ed., þar sem það var samþ. efnislega óbreytt, en formbreyting á þá leið varð á frv. í meðferð Ed., að til samræmis við formið varðandi 1., 2. og 3. gr. verði vitnað til þess í 4. gr., hvaða gr. vegal. breyttist með þessari gr. En texti gr., 4. gr., er nákvæmlega eins í brtt. og í frv. sjálfu.

Breytingarnar í frv. eru við 85., 86., 87. og 88. gr. vegal. Efni frv. er það að hækka nokkuð innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum í bifreiðar og bifhjól. Það er breytingin á 86. gr. vegal. 85. gr. breytist varðandi innflutningsgjald af benzíni. 87 gr. fjallar um hækkun þungaskatts. Og 88. gr. felur í sér breytingu varðandi skatt af jeppabifreiðum. Tilgangurinn með frv. er sá að auka fjármagn til framkvæmda vegáætlunar og draga úr lánsfjárþörf vegna vegaframkvæmda. Þetta er í raun og veru ráðstöfun til þess, að ekki dragist saman framkvæmdir í vegamálum, til þess að mæta vaxandi dýrtíð og til þess, eins og ég áðan sagði, að draga úr lánsfjárþörf.

Innflutningsgjald af benzíni hækkar samkv. þessu frv. um 2 kr. á lítrann, en gúmmígjald og þungaskattur hækka í hlutfalli við það. Þó er þungaskattur af benzínbílum óbreyttur. Hann verður svo sem hann er nú í vegal. Innflutningsgjaldið af benzíni er nú 7.87 kr. og verður að frv. samþykktu 9.87 kr. á lítra. Í vegáætluninni var áætlað innflutningsgjald á árinu 1973 af 90.2 millj. lítra, en sú áætlun hefur ekki staðizt og er nú lækkuð í 88.6 millj. lítra, og er þar sem sé byggt á reynslu yfirstandandi árs. Þungaskattur á dísilbifreiðum er nú 22 þús. kr. á ári fyrir bifreiðar að eigin þunga allt að 2 tonnum og að viðbættum 750 kr. fyrir hver 100 kg, og fyrir dísilbifreiðar allt að 5 tonnum er þetta viðbótargjald samkv. mæli. Með hlutfallslegri hækkun miðað við innflutningsgjald verður hækkunin annars vegar í 27500 úr 22 þús. og hins vegar í 950 kr. fyrir 100 kg umfram 2 tonn, en er 750 kr. nú.

Frv. fylgir tafla yfir það, hvernig tekjuhækkunin kemur út fyrir árin 1973, 1974 og 1975, árin, sem vegáætlunin nær yfir, og er hér um að ræða 204 millj. á árinu 1973, 246.6 millj. á árinu 1974 og 262.2 millj. á árinu 1975.

Ég skal að lokum upplýsa það, að tvö ár eru liðin síðan síðasta breyting var gerð á þessum gjöldum. Síðasta hækkun var gerð í des. 1970, og verðbreytingar eru svo örar í okkar þjóðfélagi, að flest frv., sem ætlunin er, að fylgi hækkandi verðlagi, eru oftast endurskoðuð árlega, en sjaldan með lengri millibilum en á tveggja ára fresti. Getur því ekki talizt óeðlilegt, þó að þessar tölur séu færðar til núverandi verðlags, og er hækkunin ekki fjarlæg því að vera hlutfallslega við verðhækkanir síðan 1970.

Það má að vísu segja, að það sé illt að þurfa að íþyngja skattþegnum landsins með slíkum hækkunum, en ég held samt, að flestir hv. alþm. líti á það sem aðalatriði, að ekki þurfi að draga saman framkvæmdir í vega- og öðrum samgöngumálum, og vissulega er frv. ætlað að ráða nokkra bót á því. Við viljum auðvitað öll sízt af öllu una því, að samdráttur verði í vegagerð, og á því sviði er a. m. k. áreiðanlegt, að við teljum það afturför, ef við stöndum í stað að því er snertir þessi verkefni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til samgn. deildarinnar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. lýsti því, að þetta frv. væri flutt til þess að koma í veg fyrir samdrátt í vegaframkvæmdum.

Það var á s.l vori, sem samþykkt var vegáætlun fyrir árin 1972—1975 og vegáætlun fyrir árið 1972 endurskoðuð. Í vegáætluninni var ekki gert ráð fyrir hækkun á benzíni, gúmmíi eða þungaskatti. Í vegáætluninni er gert ráð fyrir, að fjár verði aflað til framkvæmdanna með lántökum og/eða hækkuðum ríkisframlögum. Hæstv. ríkisstj. hefur þess vegna farið alveg ótroðna slóð að koma nú með frv. eins og þetta til fjáröflunar fyrir vegaframkvæmdir nokkrum mánuðum eftir að vegáætlun hefur verið afgreidd. Það hefur ekki skeð áður. Þess vegna er það, að ýmsir spyrja: Hvað hefur skeð síðan á s.l. vori? Þá var vegáætlunin afgreidd, og þá var ekki talað um neina fjárvöntun á vegáætlunina, til þess að það mætti halda áfram þeim framkvæmdum, sem þar eru ákveðnar. Að vísu hefur dýrtíðin aukizt síðan, og það hefur syrt í álinn hjá hæstv. ríkisstj. Það mun vera rétt. En eigi að síður hefur hæstv. ríkisstj. aflað fjár með ýmsum hætti til þess að hafa fjármagn til að mæta dýrtíðinni. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt á landsmenn þyngri skatta en dæmi eru til. Og það kemur fram, þegar skattarnir eru innheimtir, að þeir reynast drjúgur tekjustofn og miklu drýgri en gert var ráð fyrir. Þá hefur hæstv. ríkisstj. tekizt að selja tóbak og brennivín og fá tekjur af því langt umfram það, sem áætlað hefur verið. Með því að skattpína þegna landsins, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert, mætti ætla þrátt fyrir dýrtíðina, að hún hefði ráð á því að halda vegaframkvæmdum áfram án þess að leggja nú nýja og þunga skatta á samgöngutækin ofan á það, sem hæstv. ríkisstj. hefur áður gert.

Það má minna á það, að fyrrv. ríkisstj. létti sköttum af bifreiðum. Það var á árinu 1970, sem 60% innflutningsgjaldi af fólksbifreiðunum var aflétt, það voru lækkaðir skattar á jeppabifreiðum og vörubifreiðum, og það var þá, sem menn almennt sáu sér fært að endurnýja gamlar bifreiðar og minnka varahlutakaup, enda var mikill bifreiðainnflutningur á árunum 1970 og 1971 og einnig fram eftir þessu ári þrátt fyrir ný gjöld, sem lögð voru á bifreiðar á þessu ári, — gjöld, sem munu nema hátt á annað hundrað millj. kr. Gjöldin eru þannig, að venjulegir jeppar, dísilbifreiðar, hækkuðu um 75 þús. kr., litlir Volkswagen-bílar hækkuðu um 45 þús. kr. og fólksbílar 5 manna frá 45 þús. kr. og upp í 100 þús. kr., vörubifreiðar hækkuðu við þessa nýju skatta ríkisstj. frá 150 til 300 þús. kr. Þetta var nýr skattur, sem hæstv. ríkisstj. lagði á bifreiðakaupendur snemma á þessu ári. Enginn hafði búizt við því, að þetta væri undanfari enn frekari skatta. Þessu til viðbótar hækkar nú innkaupsverð bifreiða vegna gengisbreytingarinnar um ca. 12%. Hafa þá jeppabifreiðar hækkað á einu ári um ca. 140 þús. kr. og aðrar bifreiðategundir eftir því. Vörubifreiðar, sem algengast er að nota til flutninga, hafa þá hækkað, þegar þetta hvort tveggja kemur til, allt að ½ millj. kr.

Það er ekki rétt að líta á bifreiðar sem lúxustæki. Þær eru nauðsynleg tæki. Það er líka þjóðhagslega slæmt að gera þessi tæki svo dýr í innkaupi, að þau verði ekki endurnýjuð á eðlilegum tíma. Það er of dýrt fyrir þjóðarbúið að halda gömlum og slitnum bifreiðum við, 10 ára gömlum eða meira. Þá fer of mikill gjaldeyrir í varahlutakaup og of miklir peningar til viðgerðar, þannig að það verður mjög slæmt fyrir allan almenning.

Það er talið, að ríkissjóður hafi haft 1500 millj. í tekjur af umferðinni, eins og það er kallað, á árinu 1971, reiknað á sama hátt og hæstv. fjmrh. reiknaði þetta út á árinu 1971, þegar hann sagði, að ríkissjóður hefði 800 millj. af umferðinni. Þetta var áður en Halldór E. Sigurðsson varð fjmrh. og tók við því ábyrgðarmikla embætti. Það var þegar hann var þm. Vesturl. og í stjórnarandstöðu. Þá taldi hann eðlilegast, að þær tekjur, sem hann taldi fram af umferðinni, færu í vegina, en ekki í ríkissjóð. Það er vitanlega fjarstæða að gera þær kröfur á hendur ríkissjóði, að hann missi af öllum þessum tekjum. En það sýnist vera laglegur skildingur að hafa um 1500 millj. kr. á einu ári af umferðinni, og hefði mátt búast við, að ekki þyrfti að bæta við þetta með nýjum álögum. Það var gert ráð fyrir því, áður en benzínið hækkaði og áður en gengið var lækkað, að innflutningsgjald af benzíni, sem rynni í ríkissjóð á árinu 1973, næmi 630 millj. kr. og önnur gjöld af bifreiðum, tollar, söluskattur af bifreiðum og bifreiðavarahlutum, gúmmíi og fleiru, næmu allt að 900 millj. kr. En eftir gengisbreytinguna og eftir hækkunina á benzíninu og þungaskattinum verður þetta vitanlega miklu meira. Mætti þá gera ráð fyrir, ef innflutningur yrði svipaður og 1971, að þessar tekjur færu yfir 2 milljarða.

Í ársbyrjun 1971 var hækkað benzínverð og þungaskattur, eins og hæstv. samgrh. minnti hér á áðan. En þá var þessari hækkun stillt í hóf. Það var ekki farið upp fyrir það mark, sem talið var vera sæmilegt. Það var miðað nokkuð við lægsta verð í nágrannalöndunum og séð svo um, að ekki væru of miklar álögur lagðar á bifreiðaeigendur. Það var einnig tekið tillit til þess, að þá rétt áður hafði innkaupsverð bifreiða verið lækkað mjög mikið með því að lækka innflutningstolla. Það var alveg öfugt við það, sem nú er. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hækkað innflutningstolla mjög mikið, eins og ég lýsti áðan, og áður en hún kemur með till. um hækkun á benzíni og rekstrarvörum bifreiða. 1971 var benzínverðið ákveðið 16 kr. lítrinn og þungaskatturinn í samræmi við það. Þetta þótti sanngjarnt, þannig að allir þm. sameinuðust um þetta. Ég man ekki, hvort það sat einn hjá eða var á móti. Mönnum fannst þetta sanngjarnt, sérstaklega með tilliti til þess, að innkaupsverð bifreiðanna hafði verið lækkað mjög mikið rétt áður.

Núv. hæstv. fjmrh. talaði mikið í sambandi við vegáætlunina, sem gengið var frá til bráðabirgða 1971. Það eru margar ræður, sem mætti lesa upp úr merkilega kafla um þessi mál, frá þeim tíma. Hæstv. ráðh. vitnaði í ræðu, sem ég flutti við það tækifæri, þegar vegáætlunin þá var endurskoðuð og frá henni gengið. Þá sagðist hann fagna þeim orðum mínum, að það væri ekki eðlilegt eða rétt að hækka benzín eða þungaskatt meira en gert hefði verið og að tekjur í vegasjóð yrðu að koma úr ríkissjóði. Hv.

þáv. þm. Vesturl., eins og hann er reyndar nú, en núv. hæstv. fjmrh., tók undir ræðu mína og sagði, að þetta væri það eina, sem gera ætti. Ég er meira að segja hér með ræðukafla frá þessum tíma, sem mætti vitna orðrétt í, en ég sé ekki ástæðu til að gera það. Ég hygg, að margir hv. þm. muni eftir þessum umr. Það hefur ekkert breytzt þannig frá því í marz og apríl 1971, þegar þessar ræður voru fluttar, að það væri sanngjarnara nú að hækka benzín og þungaskatt heldur en þá, sízt af öllu þegar hæstv. ríkisstj. hefur lagt háa skatta á bifreiðarnar, hærri en jafnvel þá skatta ,sem lagðir voru niður af fyrrv. ríkisstj. árið 1970.

Mér finnst satt að segja þetta vera dálítið fálmkennt hjá hæstv. ríkisstj., að koma með þetta tekjufrv. nú fáum mánuðum eftir að vegáætlun hefur verið afgreidd. Nú er gert ráð fyrir því í vegal., að vegáætlun sé ekki heimilt að endurskoða nema á tveggja ára fresti. Þetta brýtur eiginlega í bága við vegal., enda þótt bókstaflega megi kannske segja að þetta sé heimilt, þá gengur það alveg í berhögg við anda laganna. Það var gert ráð fyrir því, að framkvæmdir samkv. vegáætlun væru fjármagnaðar með lántökum í hraðbrautirnar með láni frá Alþjóðabankanum, að svo miklu leyti sem vegasjóður gat ekki staðið undir því af samtímatekjum, og landshlutaáætlanir, Austfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun, einnig með lántökum eða þá framlögum úr ríkissjóði. Gert var ráð fyrir, að landshlutaáætlanir yrðu fjármagnaðar líkt og Vestfjarðaáætlunin var á sínum tíma, og er ekkert óeðlilegt, þótt það sé gert, vegna þess að þetta eru framkvæmdir, sem raunverulega eru utan við venjulegar vegaframkvæmdir, sem vegasjóði hefur verið ætlað að standa undir. Það er athyglisvert, að þegar vegáætlunin var til meðferðar á s.l. vori, minntist enginn á að afla fjár með þessum hætti til framkvæmdanna.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að fá nýjar tekjur með hækkun á benzíni og þungaskatti og gúmmígjaldi, 230 millj. á næsta ári og nokkru hærra á árunum 1974 og 1975. En þótt benzíngjaldið sé ekki nema 2 kr., mun benzínverðið hækka um allt að 4 kr., þannig að útsöluverð á benzíni verður þá 20 kr. og er þá orðið talsvert hærra en það er í nágrannalöndunum, a. m. k. mörgum þeirra. Þá er orðinn nokkuð dýr sopinn af benzíninu.

Ég hygg, að hv. núv. stjórnarsinnar hefðu alls ekki gengið til samkomulags við mig undir þessum kringumstæðum, þótt þeir hafi gert það fyrr á árum, meðan hóf var á hlutunum og meðan það sjónarmið var ráðandi að lækka innkaupsverð á bifreiðunum. Þá var það vitanlega miklu réttlætanlegra að hækka rekstrarvörurnar heldur en gera hvort tveggja, eins og nú er gert, í jafnríkum mæli og raun ber vitni. Það virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. líti þannig á, að bifreiðarnar séu lúxustæki.

Nú er enginn vafi á því, að þessi mikla hækkun á benzíni og þungaskatti hefur mikil áhrif á dýrtíðina. Ég hygg, að kaupgreiðsluvísitalan hækki nokkuð á annað stig fyrir þessar ráðstafanir. Mér hefur verið sagt, að það gæti orðið alveg fullt K-stig, eins og það er kallað, af benzínverðinu einu. En af þungaskattinum kemur það ekki fram strax. Það verður eftir því, hvort strætisvagnar, vörubifreiða- og leigubílstjórar fá að taka tillit til þessara hækkana í sínum töxtum. En það má reikna með því, að svo verði, a. m. k. að einhverju leyti.

Það er gerð veruleg breyting á einni gr. eða tveimur gr. í þessu frv. hvað snertir þungaskattinn af jeppabifreiðum. Það hefur verið þannig, að þegar bændur hafa getað lagt fram vottorð og sannað hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, að bifreiðar þeirra hafi verið notaðar til framleiðslustarfa og við jarðyrkjustörf næsta ár á undan, þá hafi þær verið alveg undanþegnar þungaskatti. Þannig hafa bændur í flestum tilvikum fengið undanþeginn þungaskatt af bifreiðum. Nú er þessu ákvæði breytt þannig, að þeim er ætlað að fá aðeins helming eftirgefinn af þungaskattinum. Þetta kemur til viðbótar við bændaskattinn fyrr á þessu ári. Þá hafa jeppabifreiðarnar hækkað í verði nærri um 150 þús. kr., og ofan á það kemur þungaskatturinn, 27 þús. kr. hið minnsta, helmingur af því 13500 kr., sem bændur hafa ekki þurft að greiða áður. Ég ræddi við einn ágætan mann, bónda úr stjórnarliðinu, hér í dag og spurði, hvort það væri ekki hægt með góðu að koma þessu ákvæði út. Hann bjóst ekki við því, enda rann þetta í gegnum Ed. Stjórnarliðið sameinaðist alveg í Ed um þetta mál og ætlar sér að gera það einnig í þessari d. En ég vek athygli á því, að þetta ásamt fleiru í þessu frv. er ranglátt, algerlega ranglátt. Jeppabifreiðarnar hafa verið hentugar í strjálbýlinu úti í sveitum landsins. Og það er alveg áreiðanlegt, að það er litið þannig á í sveitunum í dag, að jeppabifreið sé ómissandi á hverjum bæ, það væri ekki hægt að framleiða búvörur án þess að hafa þetta tæki. En nú er það skattlagt eins og það væri lúxus. Hvað kemur til? Hvernig sem fjárhagur ríkissjóðs er, getur þetta ekki haft svo stór áhrif, að það skipti verulegu máli fyrir hann, hvort innheimtur er þungaskattur af jeppabifreiðum að helmingi eða hvort hann er gefinn eftir að fullu, eins og verið hefur. Endurgreiðslur á þungaskatti samkv. vegáætlun eru 2 millj. kr., og þegar á heildina er litið, er þannig ekki um ýkjamikla fjárhæð að ræða. En bóndann munar um það að borga 13500 kr. umfram það, sem hann hefur áður gert, í þungaskatt af þessu nauðsynlega tæki sínu, til viðbótar því, að kaupverðið er hækkað á einu ári um nærri 150 þús. kr. Ég er alveg sannfærður um, að fjöldi bænda verður í vandræðum með að endurnýja þessi ágætu tæki. Og hætta er á því, að menn muni gera við þau í lengstu lög, þótt þau séu slitin og gömul, þannig að það verði margfaldur kostnaður við útgerð þeirra.

Ég vil nú, þótt frv. hafi farið í gegnum Ed., vinsamlegast fara þess á leit, að þetta ákvæði verði athugað, hvað sem öðru líður, vegna þess að hér er ekki um stórt fjármál að ræða fyrir ríkissjóð. Hér þarf ekkert nema svolítið meiri skilning og svolítið meiri vilja til að fullnægja nauðsynlegu réttlætismáli, sem hefur gilt undanfarin ár.

Það er vitanlega spurt að því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. hækki nú þungaskatt og benzín

fáum mánuðum eftir að vegáætlun hefur verið samþykkt og afgreidd hér í hv. Alþ. Það er eðlilegt, að það sé spurt að því. Er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hafi gefizt upp á því að afla fjár með þeim hætti, sem ákveðið var, þegar vegáætlun var samþykkt? Er það vegna þess, að ríkissjóðsbréf hafa ekki selzt eins og áður? Eða er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til að afla þessa fjár, annaðhvort með lánum eða framlögum úr ríkissjóði, sem hæstv. fjmrh. taldi einu réttu leiðina, á meðan hann var í stjórnarandstöðu? Það er vitanlega mjög slæmt, ef fjárhagur ríkissjóðs er þannig og lánstrausti hans þannig komið, að ekkert annað úrræði sé fyrir hendi til þess að standa við vegáætlunina heldur en þetta úrræði, að leggja nú á umferðina 230 millj. kr. nýjan skatt með benzínhækkun, auk þess sem hækkunin nam á s.l. vori nærri 200 millj. kr. Þetta eru ekki aðeins 230 millj. plús 200 millj., sem innheimtar hafa verið á þessu ári, heldur koma til viðbótar þessum 230 millj., sem renna til vegaframkvæmda, um 170 millj., sem eru söluskattur, hækkuð álagning, hækkuð flutningsgjöld vegna gengisbreytingarinnar, hækkað innkaupsverð vegna gengisbreytingarinnar. Þetta allt leggst einnig á umferðina, þótt vegaframkvæmdirnar njóti þess ekki. Það verða þá um 600 millj. kr. í nýjum sköttum, sem verða lagðar á umferðina á þessu ári, ef þetta frv. verður lögfest eins og það er, — 600 millj.: 200 millj. fyrr á þessu ári, nýju skattarnir, þar með taldir bændaskattarnir, 230 millj. af tekjum þessa frv., sem fara í vegaframkvæmdir, og um 170 millj., sem fara í kostnað og ríkissjóð. Ég vil vekja athygli á þessu. Þetta er skattpíning. Þetta eru álögur á þessi tæki eins og þau væru lúxustæki, 600 millj. kr. nýjar álögur á einu ári.

Ég sé, að hæstv. samgrh. er að skrifa hjá sér. Honum finnst þessi tala eitthvað ótrúleg, 600 millj. En það er hægt að færa rök fyrir því, ef hæstv. ráðh. vantar þau. Þetta er svona. Þess vegna er það ekki rétt, þegar hæstv. ráðh. var að segja hér áðan, að það væri ákveðið með þessu frv. að hækka nokkuð benzínverð og þungaskatt. Þetta er meira en nokkuð. Það er mjög mikil hækkun og mjög tilfinnanleg. Það gæti verið, að þetta verkaði þannig, að tekjurnar kæmu ekki inn. Þetta gæti verkað þannig, að benzínsalan drægist saman. Það gæti verkað þannig, að það yrðu færri km eknir í stórum bifreiðum, sem borgað er gjald af eftir mæli, og þá aukast tekjurnar ekki eins og reiknað er með. Það er ekki öruggt, að það verði með benzínið og þungaskattinn eins og áfengið og tóbakið, því að það virðist vera alveg sama, hvaða verð er sett á það, það rennur alltaf út. En ég hygg, að ýmsir, sem eiga bifreiðar, hafi keypt þær á dýru verði og séu ekki allt of vel stæðir, jafnvel hugsi sig um, hvort þeir geti ekki sparað 100 kr. á dag með því að eyða t. d. 5 lítrum minna af benzíni en þeir áður gerðu. Þá kemur þetta niður á vegasjóði, og þarna yrði þá tekjumissir hjá vegasjóði þrátt fyrir þessa miklu hækkun á benzíni og þungaskatti.

Það verður áreiðanlega ekki af hæstv. ríkisstj. skafið, að hún hefur verið dugleg að hækka skatta og gjöld á landsmönnum. Það hefur hún gert í mörgu formi. Það má segja, að hún hafi verið hugvitsöm að finna upp ýmiss konar hækkanir til þess að ná fjármunum af fólki langt umfram það, sem nokkur önnur ríkisstj. hefur gert eða talið rétt að gera. Það er ekki langt frá því, að það megi segja, að sú mikla dýrtíðaralda, sú verðhækkunaralda, sem nú rennur yfir þjóðina, sé einmitt orsök þess, hvað hæstv. ríkisstj. hefur verið frek til fjárins, farið langt ofan í vasa alls almennings. Vitanlega hefur almenningur reynt að snúast til varnar, eftir því sem föng hafa verið á, þótt þar hallist nú mjög á og lífskjör manna rýrni vegna þessarar margvíslegu skattpíningar. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. samgrh. afsaki sig hér á eftir og endurtaki það, sem hann sagði áðan, að þetta frv. er flutt til þess að koma í veg fyrir samdrátt í vegaframkvæmdum. Þá er það vegna þess, að hæstv. ráðh. hefur verið neitað um eða hann hefur ekki séð möguleika á að ná fé til framkvæmdanna með þeim hætti, sem ætlazt var til og samþykkt var með afgreiðslu vegáætlunarinnar á s.l. ári.

Það hefur verið sagt, að fjárhagur ríkisins væri mjög slæmur, og hann hefur verið það allt þetta ár, mikil skuld í Seðlabankanum, meiri en dæmi eru til. En nú síðustu vikurnar hefur verið sagt, að brennivínssalan hafi jafnvel bjargað talsverðu, og óttinn við vaxandi verðbólgu hefur ýtt á innflutning og aukið tolltekjurnar. Þegar fólk er farið að hugsa svo, að það fái örugglega minna fyrir krónuna á morgun heldur en í dag, þá skapast það, sem stundum hefur verið kallað kaupæði. Það kemur mikill þrýstingur á innflutning varanna og þá ekki síður þeirrar vöru, sem er hátt tollað. Með þessum hætti hafa tekjur ríkissjóðs aukizt talsvert síðustu vikurnar og síðustu mánuðina, auk þess sem beinar skatttekjur hafa farið langt fram úr áætlun. Ég hygg því, að hæstv. ríkisstj., ef hún hefði viljað miða við það, sem nú hefur gerzt, þá hefði hún getað fjármagnað vegaframkvæmdirnar eins og ætlazt var til og tekið þann bikar, sem hér er á borð borinn, frá þjóðinni og sparað það að hækka álögurnar á ökutækin, eins og hér er um að ræða. En það virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. þrátt fyrir þessar auknu tekjur, sem ég var að lýsa, og hvalreka, sem mætti kalla, — þá virðist vera svo, að hæstv. ríkisstj. reikni ekki með, að þessi hvalreki endist fram á næsta ár, því að nú á það að ske, sem ekki hefur verið gert lengi, að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla. Það má náttúrlega segja, að það sé ekki í samræmi við það, sem ég var að lýsa í sambandi við miklar tekjur af brennivíni og miklum innflutningi. En mér hefur verið tjáð, að fjárl. mundu verða afgreidd með greiðsluhalla að þessu sinni og verklegar framkvæmdir verði skornar niður um mörg hundruð millj. kr. Þá verður hlutfallið ekki hagstætt milli verklegra framkvæmda og rekstrar í ríkisbákninu. Meðan núv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, var mikið um það rætt, að verklegar framkvæmdir væru tiltölulega litlar miðað við heildarútgjöld fjárl. En ég ætla ekki að fara að ræða fjárl. í sambandi við þetta frv., — tefja tímann á því. Það gefst tími til þess við annað tækifæri. En það væri fróðlegt að fá upplýs-

ingar um það, hjá hæstv. ráðh., hvort þeir telji útlitið svo svart í fjármálunum, að þeir hafi raunverulega gefizt upp við að útvega fé til vegaframkvæmda með þeim hætti, sem Alþ. samþykkti á s.l. vori. Flutningur þessa frv. er raunverulega viðurkenning á því, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til að afla fjárins með þeim hætti, sem samþykkt var fyrir fáum mánuðum. Hæstv. ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því, hversu langt má ganga í skattpíningu og skattaálögum. Almenningur snýst til varnar og gerir kröfur um því hærra kaup sem ríkisvaldið sækir fastara á um að komast í pyngju alls almennings. Dýrtíðarflóðið, sem gengið hefur yfir þjóðina, gerir öllum ljóst, að kaupmátturinn er að rýrna. Húsmæðurnar kvarta yfir því, að vörurnar séu dýrar og dagpeningarnir endist illa. Næstum því hver fjölskylda í landinu á bifreið. Það er ekki lengur talinn lúxus að hafa bifreið, heldur er það nauðsynjatæki, sem allir þurfa að hafa, hvort sem þeir teljast vera efnaðir eða rétt sæmilega sjálfbjarga.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að svo stöddu að fara ítarlegar út í þetta frv. Ég vildi aðeins nota tækifærið og benda á þær augljósu staðreyndir, sem hér er um að ræða. Stefnan, sem fylgir því að leggja þessa nýju skatta á almenning í landinu og umferðina, hlýtur að draga dilk á eftir sér. Mælirinn var raunverulega fullur löngu áður en þetta frv. var á borð borið. Ég tel því sjálfsagt að greiða atkv. á móti þessu frv. Sjálfstæðismenn voru andvígir því í Ed., og ég geri ráð fyrir því, að svo verði einnig í þessari hv. d. En samkv. viðtölum mínum við stjórnarsinna mun ekkert hik vera á ríkisstj. að bera þetta frv. fram og nota þingfylgi sitt til þess. Það má þess vegna segja, að það sé tilgangslítið að því leyti að deila við dómarann. En ég taldi skylt að láta þessar skoðanir mínar koma hér fram.

Ég vil árétta það, sem ég sagði hér áðan í sambandi við þungaskattinn af jeppabifreiðunum, þar sem þar er um lítið fjármagn að ræða fyrir heildina, þótt það sé mikið fyrir þá einstaklinga, sem eiga að bera það. Vil ég mælast til, að það atriði út af fyrir sig verði athugað, því að það getur hæstv. ríkisstj. gert, enda þótt hún sé svartsýn og vonlítil um fjáröflun til vegaframkvæmda, nema þetta stóra skattafrv. verði samþykkt. Og enn vil ég minna hæstv. samgrh. á, að þetta frv. felur ekki í sér aðeins 230 millj. kr. útgjöld. Það felur í sér nærri 400 millj. kr. útgjöld, og skattarnir, sem voru lagðir á fyrr á þessu ári, munu nema hátt á annað hundrað millj., samtals 600 millj. kr. nýir skattar á umferðina á einu ári. Það er met! En hæstv. ríkisstj. hefur sett fleiri met. Hún hefur sett met í skattheimtuálögum og dýrtíð á Íslandi.

Ólafur G Einarsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér þykir hæstv. ríkisstj. hafa furðumikið dálæti á benzíni og brennivíni þessa dagana. Þessir vökvar, þótt ólíkir séu, virðast nú eiga að bjarga við fjárhag ríkisins. Það er engu líkara en á það sé treyst, að menn kaupi þessar vörutegundir af hreinni nautn, þetta séu nautnalyf, sem menn kaupi, hvert sem verðið er.

Hv. 1. þm. Sunnl. kom víða við í ræðu sinni og færði fram mörg rök gegn þessu frv., — rök, sem ég get tekið undir. Ég þarf því ekki að flytja hér langt mál, en ég vil þó fara nokkrum orðum um þetta frv.

Hæstv. samgrh. sagði, að tilgangur þessa frv. væri sá, að ekki drægjust saman framkvæmdir í vegamálum, og það væri flutt til þess að mæta vaxandi dýrtíð. Auðvitað hefur enginn hug á því, að framkvæmdir í vegamálum dragist saman. En okkur greinir á um það, með hvaða hætti vegaframkvæmdirnar skuli fjármagnaðar. Það, að nauðsyn er að flytja þetta frv. vegna vaxandi dýrtíðar, er eingöngu hæstv. ríkisstj. að kenna, og það er enn ein sönnunin fyrir því, hvernig komið er fjármálum ríkisins. Hæstv. ráðh. sagði líka, að það væru tvö ár síðan breyting hefði verið gerð á þessum gjöldum, sem hér á nú að breyta. Það er rétt. En hæstv. ríkisstj. hafði þó ekki setið lengur en hálft ár að völdum, þegar hún fann leið til þess að leggja skatt á umferðina, 25% innflutningsgjaldið, sem enn þá stendur. Það lendir á sömu aðilum, það er skattur á umferðina. Sýnist mönnum nú ekki, að nógu langt sé gengið í skattheimtu á bifreiðaeigendur? Hv. 1. þm. Sunnl. sýndi fram á, að hér er ekki verið að leggja á eingöngu 230 millj. kr., heldur 600 millj., og sú er staðreyndin í þessu máli. Hafa menn gert sér grein fyrir því, að af hverjum benzínlítra, sem nú kemur til með að kosta um 20 kr., renna í ríkissjóð um 12 kr.? Hafa menn gert sér grein fyrir því, að af hverjum einasta hjólbarða, sem seldur er í landinu, fær ríkissjóður um 1000 kr.? Og hafa menn gert sér grein fyrir því, að af hverjum bíl, sem fluttur er til landsins, fær ríkissjóður minnst 150 þús. kr., ef ég tek aðeins ódýrustu bifreiðategundirnar? Og hafa menn gert sér grein fyrir því, að til vegamála er ekki varið nema um það bil 50% af þeim tekjum, sem renna í ríkissjóð af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra? Ég veit ekki, hvort menn hafa heldur gert sér grein fyrir því, hvað einstakir vegaspottar, — ef við færum dæmið út í það, — gefa ríkissjóði miklar tekjur. Vegur, sem hefur 500 bíla umferð á dag, hver km hans gefur ríkissjóði fast að hálfri millj. kr. í tekjur á ári. Það er hægt að sanna þetta. Og vegur, sem hefur 20 þús. bíla umferð á dag, — sem er nú kannske ekki nema einn vegur á landinu, — hver km hans gefur ríkissjóði yfir 17 millj. kr. á ári. Ef við tökum dæmi t. d. um Keflavíkurveginn og Suðurlandsveginn, Hellisheiðarveginn, þá gefur umferðin um þessa vegi ríkissjóði raunverulega á ári milli 60 og 70 millj. kr. Svo flytja hv. þm. úr stjórnarliðinu till. á sama tíma um sérstakt veggjald af þessum vegum. Ég hélt fyrst, að þeir væru að gera þetta í alvöru, en ég er farinn að halda, að þetta hafi allt verið í grini, a. m. k. hafa þeir ekki treyst sér til að ganga til umr. um veggjaldið. Það kom hér á dagskrá, held ég, fjórum sinnum, en var alltaf tekið út af dagskrá. Ég veit sem sagt ekki, hvort þetta var gert í grini eða af einhverri sýndarmennsku. En allt

um það, þá virðist það mál þó, sem betur fer, vera úr sögunni, a. m. k. í bili.

Ég þarf ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál. En ég legg áherzlu á það, að umferðin hefur þegar verið nægilega sköttuð og langtum meira en það, og til þess að halda uppi eðlilegum framkvæmdum í vegamálum verður ríkissjóður að leggja þar fram fé, en ekki skattleggja bifreiðar og rekstrarvörur þeirra meira en orðið er.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er fjarri því, að ég sé sammála hv. 1. þm. Sunnl. og flestar þær röksemdir, sem hann færði nú fram, eru alveg andstæðar þeim röksemdum, sem hann færði fram annað hvert ár, þegar hann stóð hér í mínum sporum áður fyrr við að bera fram till. um að hækka þessi gjöld. Ég kýs því að svara ræðu hans, ef mér finnst ástæða til, við 2. umr. málsins. En eins og okkar tíma er nú háttað um þinghaldið, tel ég rétt að láta málið fara til n. fyrir kvöldverð og geyma mér síðan að ræða við hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 224 (sbr. 115), 229). — Frh. 3. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur dregið brtt. sína á þskj. 229 til baka. Við flm. skriflegrar brtt. um sama efni, er áðan var lýst við 3. umr., drögum till. okkar til baka. Ríkisstj. mun hafa gefið það fyrirheit í haust, að hún mundi beita sér fyrir nýrri lagasetningu um slysatryggingar sjómanna fyrir næstu áramót, er leyst gætu af hólmi það ákvæði siglingal. um það efni, sem sett var á síðasta þingi. Í trausti þess, að staðið verði við það fyrirheit, svo fljótt sem við verður komið, er áður nefnd brtt. einnig dregin til baka.

Um afstöðu Framsfl. vil ég taka fram, að hann er algerlega andvígur því, að slík tryggingastarfsemi sé einskorðuð við eitt tryggingafélag eða stofnun, nema að undangengnu útboði. Ég tel enn fremur eðlilegt, að staðið verði við það samkomulag, sem orðið var um upphæð bóta og fram kom í upphaflegri till. trmrh.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, þótt mál þetta sé tekið út úr sölum þingsins að þessu sinni. Sú staðreynd blasir við, að þegar mál eru þannig komin, þá eru samt sem áður viðkomandi aðilar, — og þá nú frá áramótum, bæði yfir- og undirmenn, — tryggðir þeirri beztu tryggingu, sem hægt er að hugsa sér, þ. e. tryggingunni, sem þeir hafa samkv. lögunum margumræddu frá því í sumar. Hins vegar hef ég haldið, að það hefði verið vilji fyrir hendi hjá aðilum til að leysa þann vanda, sem talað var um, að væri í sambandi við tryggingamálin í heild hjá þessum mönnum. Ég geri mig samt sem áður ánægðan með það, sem hér hefur komið fram, hafandi í huga, eins og ég tók fram í mínu máli hér í gærkvöld í sambandi við það, að út úr því muni koma, — sem var tilætlan flm. umræddrs frv., sem að lögum varð, — að heildartryggingamál sjómanna fái þá endurskoðun, sem vert er, að þau fái, með það fyrst og fremst að fororði, að þætt verði úr þeirri hneisu, sem við höfum látið þessa stétt manna búa við á undanförnum árum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að mál þetta er komið í allmikið óefni. Ég hef að vísu ekki fréttatilkynningu ríkisstj. frá því í nóv. við höndina, en ég hygg, að ég fari þar rétt með, að hún hafi lýst því yfir gagnvart þingi Landssambands ísl. útvegsmanna, að hún mundi beita sér fyrir breyt. á siglingal. **(Heilbr.- og trmrh:** Ég lýsti því yfir að ég mundi beita mér fyrir því.) Hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsir því yfir, að hann hafi lofað því eða lýst því yfir, að hann mundi beita sér fyrir því.

Um hríð hefur legið hér frammi frv. til l. um breyt. á siglingal. Ég held, að augljóst mál sé, að sú lagabreyting er óframkvæmanleg, án þess að þetta eigi sér aðra stoð í lögum, einmitt þá stoð, sem við höfum verið að vinna að nú hina síðustu daga og ég áleit, að hefði verið komin vel útbúin fram í brtt. þeirri, sem við 4 þm. fluttum hér í dag og hv. 2. þm. Reykn. gerði grein fyrir.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að hafa í frammi málalengingar um þetta mál, en það liggur sem sagt fyrir, að hæstv. trmrh. hefur lýst yfir ,að hann muni beita sér fyrir þessari lagasetningu, þ. e. breytingu á siglingal., og að sjálfsögðu er litið þannig á, að hann hafi þar talað í umboði ríkisstj. allrar. Og þá er að standa við þetta fyrirheit. Það verður ekki gert, eins og menn sjá, með því einvörðungu að taka til meðferðar og samþykktar þá brtt., sem liggur frammi á þskj. 229. Því er það, að með einhverjum ráðum að mínum dómi og þó allra helzt til þess að hæstv. ríkisstj. standi við orð sín, þarf að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að þessi breyting geti átt sér stað.

Það kom fram hjá hæstv. trmrh., þegar hann rifjaði upp aðdraganda þessa máls og rifjaði upp það samkomulag, sem hafði verið gert í þeirri vinnunefnd, sem að hans tilstuðlan hafði verið stofnað til milli samtaka útvegsmanna og sjómanna, að það hefði verið samkomulag um, að Tryggingastofnunin annaðist ein þessar tryggingar. Ég hef hér í höndum það plagg, sem lagt var fyrir á fundi þessara aðila, þegar hann var haldinn, en á honum voru mættir, auk Páls Sigurðssonar ráðuneytisstjóra, Jón Þorsteinsson, Pétur Sigurðsson og Kristján Ragnarsson. Þar segir svo í upphafi:

„Atvinnurekendur skulu eiga þess kost að taka slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir starfsmenn sína.“

Gái menn að þessu orðalagi, að þeir skuli eiga þess kost að taka slysatryggingu hjá ... (Gripið fram í.) — Ég hef hér plaggið hjá mér vélritað: „taka slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir starfsmenn sína og sjálfa sig, ef þeir starfa að atvinnurekstrinum.“ Síðan segir: „Taki útgerðarmaður tryggingu af þessu tagi, ber að

líta svo á" o. s. frv. Að því var spurt sérstaklega af formanni L.Í.Ú. á þessum fundi til þess að taka af tvímæli, hvort hér væri átt við, að Tryggingastofnun ríkisins væri hér einkaaðili, en því var neitað. Því var neitað, og formaður L.Í.Ú. hafði enga hugmynd um þessa breytingu, sem kom síðar fram í brtt. hæstv. trmrh., fyrr en það var lagt fyrir þing, þannig að í því samkomulagi, sem gert var, var enginn stafur um einkaaðild Tryggingastofnunar ríkisins að þessu. En hér í 1. lið, þegar miðað er við bæturnar, er aftur á móti tekið fram, að 1 millj. kr. skuli greidd við dauða, þannig að það varð samkomulag um þann lið. Það samkomulag hefur ekki verið haldið, þegar búið er að taka upp í brtt. 1.5 millj. (Gripið fram í.) Á þessum fundi var hv. 10. þm. Reykv. mættur, og það hefur hvergi komið fram af gögnum málsins, að hann hafi í neinu mótmælt því. En ég vil þó taka fram í þessu sambandi ,að ég er ekki þar með að segja, að ég sé ekki til þess reiðubúinn að greiða atkv. með þessari hækkun, því að það er ég. En ég bara bendi á, að samkomulag hafði verið gert um annað.

Ég hafði ástæðu til að halda, þegar unnið var að þessu máli hér af nm. í gær, að það væri samkomulag um, að það yrðu bæði Tryggingastofnunin og vátryggingafélögin, sem ættu þess kost að taka þessar tryggingar. En í morgun var blaðinu snúið við. Vitaskuld eiga allir rétt á því að breyta um skoðun, og það hefur rækilega verið gert. En það, sem ég vildi með orðum mínum leggja áherzlu á, er, að þessari mjög svo mikilvægu breytingu á siglingal. verði með einhverjum hætti komið fram þannig að viðhlítandi sé, því að það verður ekki að óbreyttu. Það hafa menn getað kynnt sér og fylgdust rækilega með á haustmánuðum, þegar fyrir var lagt, hvaða áhrif þessi lög, eins og þau nú eru, geta haft eftir þá breytingu, sem á þeim var gerð á síðasta þingi.

Ég vil nú beina því til réttra aðila, að það verði sérstaklega athugað, hvort ekki er hægt að fella inn í frv. til l. um breyt. á siglingal. bráðabirgðaákvæði, sem kvæði á um það meginefni, sem við höfum verið að fjalla um og í okkar brtt. felast. Ég hygg, að þetta ætti ekki að vera stór vandi, ef menn vilja nú taka höndum saman vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem ég tel á þessu vera. Það er ekkert óeðlilegt við það, að slík ákvæði um tryggingar séu í siglingal., þar sem um er að tefla einvörðungu, eins og nú er komið máli, útgerðarmenn og sjómenn. Ég endurtek þá áherzlu, sem ég legg á það, að hér verði reynt á síðustu stundu að bjarga þessu máli í höfn að þessu sinni, a. m. k. á þann veg að viðunanlegt verði.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þdm. kannist við það úr tímatali okkar, þegar talað er um fyrir og eftir Krist eða fyrir og eftir Krists burð. Mér heyrðist á hv. síðasta ræðumanni, að hans skoðanir í sambandi við mál þetta miðist nokkuð við það, hvort það hafi verið fyrir þann tíma, sem formaður L.Í.Ú. kom á fund í rn. eða hvort það er eftir það. Virðist mér nokkur samanburður koma þar til greina. Ég tók þar fram í fyrir hv. þm. og benti á, að það þýðir ekki að vera að rugla saman staðreyndum og alls ekki að fara eftir því, sem ýmsir aðilar að málinu eru að segja mönnum, sem ekki eiga beina aðild að því.

Ég skýrði hér greinilega frá því í gær, hvernig mál þetta væri til komið og hvað hefði farið fram á vegum hæstv. ráðh. Ég tók einmitt skýrt fram á þeim fyrsta fundi, sem ég sat á í rn. sem fulltrúi stjórnar Sjómannasambandsins. Ég skýrði það líka hér í gær, að ég hef ekki haft neitt umboð frá okkar aðildarfélögum innan þessa sambands til að segja: Svona skal þetta vera eða öðruvísi. Ég sagði hins vegar, að þegar við erum búnir að ná einhverri samstöðu, þá munum við mæla með, að þær ákveðnu leiðir verði samþykktar til þess að leysa það, sem kallað hefur verið vandamál, sem ég hef hins vegar með mörgum orðum hér í gær m. a. sagt, að hefði ekki verið það sama vandamál fyrir mér og það hefði verið í augum sumra og þá kannske sérstaklega þeirra aðila, sem eiga bæði aðild að útgerðarfélögum og tryggingafélögum, og er það kannske saga út af fyrir sig, hvernig skýra eigi. En þegar þessi fundur var haldinn og ég kom á þennan fund, var lagt fyrir okkur uppkast að lögum, og það er beinagrindin úr þeirri till., sem hér hefur verið lögð fram frá hæstv. ráðh. eða rn. Og eftir að við höfðum rætt fram og aftur um hana, en við vorum mættir þar, ekki formaður L.Í.Ú., heldur fulltrúi L.Í.Ú. og fulltrúi F.F.S.Í. ásamt fleirum, — eftir að við höfðum skipzt á skoðunum og rætt um þær till., sem fram höfðu komið, var annar fundur ákveðinn. Á fundi þessum var Guðjón Hansen tryggingafræðingur, og af þeim fundi fer ég til stjórnarmeðlima í Sjómannasambandi Íslands og túlka fyrir þeim, hvað þarna hefur komið fram, segi þeim um leið þá skoðun mína, að til þess að leysa þennan vanda sé ég inni á þeirri hugmynd, sem fram hafi komið frá hæstv. ráðh. til þess að leysa vandann. Það skal ég taka fram, að í því uppkasti var skýrt tekið fram við okkur af hendi ráðuneytisstjórans, Guðjóns Hansens og annarra, sem þá voru spurðir nákvæmlega þar um, að það átti ekki að vera bundið á því stigi við Tryggingastofnun ríkisins, þó að það hafi komið upp á seinna stigi, að mér skilst vegna þess, að það væri nauðsynlegt talið framkvæmdarinnar vegna, enda mun ég, eins og ég hef þegar lýst yfir, ekki standa gegn því. Það var líka skýrt tekið fram sem svar við spurningum okkar, að í því væri ekki um hinar samningsbundnu tryggingar að ræða.

Á næsta fundi, sem við komum á, er okkur hins vegar skýrt frá því, að inn í þessa hugmynd sé komið, — og það var sá hinn frægi fundur, sem hv. síðasti ræðumaður og útgerðarmaður var að ræða um, — ákvæði um það, að nú mundu samningsbundnu tryggingarnar eiga að falla niður og ganga inn í þetta. Það er út af fyrir sig alveg sérstakt hjá hæstv. ráðh. að leggja til í frv.-formi hér á Alþ. að breyta þannig samningum stéttarfélaga, en hann um það, enda er ég alveg með honum í slíkum „þrælaaðgerðum," þegar um slíkt mál er að ræða. En það,

sem ég tók þá fram og setti strax fram við viðkomandi embættismenn, sem að málinu unnu, var, að ég mundi áskilja mér rétt til þess að leggja fram brtt. um, að upphæð dánarbótanna yrði hækkuð, fyrst og fremst vegna þess, að ég hafði túlkað málið við stjórnarmenn úr mínum samtökum á þann veg, sem ég hef þegar skýrt frá, þ. á m. við einn af stjórnarmönnum Sjómannasambandsins, Tryggva Helgason, sem var á Akureyri og ég ræddi við í síma um málið. Ég benti m. a. á, að það væri ákaflega lítill munur í augum margra þessara aðila, sem hefðu verið að berjast fyrir því áratugum saman að koma upphæðinni, sem heitir dánarbætur, upp í 750 þús. kr., ef um leið ætti að afnema þau samningsbundnu ákvæði, — ætti að taka við 1 millj. samkv. lagafrv. ríkisstj. og kasta um leið frá sér því, sem ómótmælanlega felst í lögunum, sem við samþykktum hér á s.l. vori, að slíkar bætur, ef þær færu fyrir dómstólana, gætu skipt mörgum millj. kr. fyrir einstaklinginn.

Ég hefði satt að segja álitið, að því, sem kom fram í boði þeirra aðila, sem frá sjómannasamtökunum voru staddir í þessum viðræðum, yrði tekið fegins hendi, ekki aðeins af rn., sem auðvitað vissi, hvað við var að glíma, og embættismennirnir mæltu auðvitað með, að svo væri gert. En það voru því miður til misvitrir menn og það jafnvel úr samtökum útgerðarmanna og víðar frá, sem höfnuðu þessum möguleika til þess að losa um það, sem var talinn mjög stór vandi þeirra vegna, en með samþykkt slíkrar till. settu þeir það fyrir sig, hvort þessi stofnunin eða hin tæki að sér trygginguna, og það skil ég ekki. Ef mál þetta, eins og nú liggur fyrir, verður dregið til baka, þá liggur fyrir, að þau lög, sem samþ. voru á sl.. vori, halda auðvitað gildi sínu og útgerðin býr áfram við þann sama vanda og hún lét bæði ríkisstj. Íslands og fleiri aðila vita um, að hún teldi sig búa við vegna lagasetningar þessarar.

Þó að ég telji það ekki vera neina höfuðnauðsyn, vegna þess að ég mundi aldrei skilja það persónulega svo, að nokkur dómstóll hér í landinu mundi dæma eftir þeirri skýringu, sem fram hefur komið hjá sumum af okkar nútíma háskólamenntuðu útgerðarmönnum og jafnvel prófessorum, að þeir mundu auðvitað aldrei dæma samkv. því, sem þeir voru að upplýsa alþjóð um á s.l. hausti, þótt bílstjóri frá Mjólkursamsölunni væri að keyra mjólk um borð í einhvern bát, að þá mundi hann falla undir það að vera starfsmaður hjá útgerðinni og útgerðarmaðurinn mundi þess vegna verða dæmdur, ef bílstjórinn rynni á rassinn á bryggjunni og rófubryti sig, — þá mundi útgerðarmaðurinn lenda í stórkostlegri skaðabótakröfu þess vegna. Þetta er auðvitað út af fyrir sig hlægilegt. En hins vegar mundi ég álíta, að sú till., sem hefur komið hér fram um breytingu á sjálfum siglingal., mætti gjarnan fara í gegn og samþykkjast til þess að taka af tvímæli, og persónulega mun ég ekki hafa þar á móti, því að það var vitað mál, bæði af minni hendi og hv. 1. flm. þessa frv. á sínum tíma, að það voru margir agnúar á frv., — ekki aðeins agnúar, sem við sáum fyrir, að þyrfti að leysa á einhvern máta, heldur og þeir agnúar, sem bent var á af viðkomandi samtökum, sem fengu að segja álit sitt um málið.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, eins og ég hef þegar tekið fram, þótt málið sjálft verði dregið til baka um sinn. En ég held hins vegar, eins og mér skilst, að hafi komið fram í ræðu síðasta ræðumanns, að til þess að betrumbæta nokkuð um, ættum við að láta ganga áfram brtt. við sjálf siglingal. Að vísu þarf að gera þar nokkra lagfæringu á, en það er ekki með þeim, að mér skilst, verið að taka með löggjöfinni neitt af þegar áunnum réttindum. Ef það væri, þá væri ég auðvitað á móti samþykkt þess, en svo mun ekki vera. En ég tel, að til þess að taka af öll tvímæli um það, við hverja sé átt í sambandi við trygginguna sjálfa, þurfi að samþ. slíka breytingu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel það mjög miður farið, að svo skuli komið um þær hugmyndir, sem fram hafa komið um að leysa þann vanda, sem tryggingamál sjómanna eru í, að það skuli hafa skapazt sú aðstaða, að ætla má, að þetta mál nái ekki fram að ganga og verði ekki leyst hér á Alþ., áður en þm. fara í jólafrí. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. á, að aðalfundi L.Í.Ú. í nóv. í haust var ekki slitið, heldur var fundinum frestað af tveimur ástæðum. Það var í fyrsta lagi vegna þess, að útgerðarmenn vildu fá um það örugga vissu, áður en vetrarvertíð hæfist, að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar yrði að þeirra mati tryggður, og í öðru lagi, að tryggingamál sjómanna höfðu þróazt á þann veg, að útgerðarmenn töldu ekki, að þeir gætu sett flotann í gang, nema á því yrði breyting. Ég skal ekki ræða efnislega um það mál, en þetta liggur fyrir og þetta er hæstv. ríkisstj. mjög vel kunnugt um.

Hæstv. sjútvrh. gaf á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna í haust, ef ekki beina yfirlýsingu um, að hann mundi verða búin að leysa málin varðandi rekstur sjávarútvegsins fyrir áramót, þó að hann mundi beita sér fyrir því, að teknar yrðu upp viðræður við fulltrúa útgerðarinnar og stefnt að því, að þessi mál yrðu leyst fyrir jól. En ég hef ekki heyrt, að hæstv. ráðh. hafi tekið upp þessar viðræður. Það upplýsist, ef það er ekki, en ég hef ekki heyrt um það, að þær hafi verið teknar upp enn, og því alveg fyrirsjáanlegt, að sú hlið á máli útgerðarinnar leysist vart fyrir jól. Ég stend í þeirri meiningu, að hæstv. ríkisstj. hafi einnig gefið fyrirheit um það, að tryggingamálin skyldu leyst fyrir n.k. áramót. Þegar þetta liggur fyrir hvort tveggja, hlýtur að vera eðlilegt, að ég beini þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort ríkisstj. muni á einhvern veg leysa þessi tvö mál þannig, að útgerðarmenn telji sig geta við það unað. Ég tel alveg nauðsynlegt, að slík yfirlýsing komi hér til og við þessar umr. frá hæstv. ríkisstj., hvort hún muni standa við þau fyrirheit, sem útgerðarmenn halda fram, að ég hygg með nokkuð réttu, að þeim hafi verið gefin um lausn þessara mála.

Annars sýnir það, sem hér var að gerast, að sú till., sem hér var boðuð í dag af hv. 2. þm.

Reykn. ásamt þremur meðnm. hans í þeirri n., sem þetta mál var í, hefur verið dregin til baka, það ástand, sem hér virðist vera að skapast á hinu háa Alþ. Ég vil minna á það, að í gær lá fyrir till. í sambandi við lög um bann gegn botnvörpuveiðum, sem hafði verið einróma samþ. í fiskveiðilaganefndinni af öllum 5 aðilum, sem þar eiga hlut að máli, einum frá hverjum flokki, og hafði einnig verið einróma samþ. af 7 mönnum í sjútvn. Þegar hún kemur hér til umr. og afgreiðslu í Nd. Alþ., flytur hæstv. sjútvrh. við hana brtt. Ég vil ekki halda því fram, að þarna hafi verið svo mikilvægt atriði, að það út af fyrir sig skipti máli. En þetta fer að verða að mínum dómi allískyggilegt, þegar n. og meiri hl. n. flytja till. og stuðningsmenn stjórnarinnar eru þar í fararbroddi, en ráðh. koma síðan hér og lýsa sig andvíga því og neyða menn til þess beinlínis annaðhvort að taka þær aftur eða þá fá þær felldar hér í þingsal. Þarna er um að ræða í báðum tilfellum hæstv. ráðh. frá Alþb., og ég veit ekki ,hvernig maður á að skilja þetta, hvort þeir séu orðnir svo einráðir innan ríkisstj. og hér í þingsölum, að það þýði vart fyrir þm., hvorki úr stjórnarliði né stjórnarandstöðu, að vera að bera fram till. og reyna að fá þær samþ., ef það fellur ekki í kram þessara hæstv. ráðh. Ég held, að hv. Alþ. megi fara að gá að sér, ef slíkum vinnubrögðum á að halda áfram, að það sé komið á hreint einræði tveggja ráðh. yfir d. og yfir Alþ. og yfir ríkisstj. Ég held, að þetta sé aðstaða, sem þm. verði að fara að gera sér alveg ljóst, að myndazt hefur hér og greinilega komið fram í sambandi við þessi tvö atriði, sem ég var að benda á, og kannske fleiri mál.

Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál lengur, en vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég vil láta í ljós skoðun mína á því, að ég tel mjög miður farið, ef þetta mál á að enda hér, eins og virðist vera, að það eigi ekki að fá fyrirgreiðslu d. eða Alþ. nú fyrir áramót, þó að telja verði, að um það liggi fyrir loforð frá hæstv. ríkisstj. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. geti gefið einhvers konar yfirlýsingu um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að leysa þann hnút, sem þessi mál eru komin í, bæði varðandi tryggingarmálin og eins, ef hann er þess umkominn, varðandi rekstrargrundvöll sjávarútvegsins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla að svo stöddu að leiða hjá mér að fara að ræða um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, enda skildist mér á síðasta hv. ræðumanni fyrir eitthvað 1—2 dögum, að þar væri ekki svo mikill vandi á höndum, að það þyrfti þess vegna að vera að grípa til þeirra aðgerða, sem við vorum að ræða hér í fyrradag og í gær. En ég skal ræða aðeins örlítið það mál, sem hann minntist á og hér er til umr.

Sannleikurinn er sá, að ég verð að segja, að útgerðarmenn vöknuðu helzt til seint upp við það, að afgreitt hefði verið á síðasta þingi frv., sem þeir komust svo að niðurstöðu um eftir dúk og disk, að væri þeim óskaplega hættulegt. Þeir komu því þó á framfæri, að ég hygg á s.l. sumri, að sú ábyrgð, sem hefði verið samþ. í þessu frv., gæti orðið þeim svo þungbær, að þeir fengju ekki risið undir því, tryggingafélög vildu ekki taka að sér tryggingu á þessu o. s. frv. Það var tilefni til þess, að þessi mál voru rædd í ríkisstj., og eins og ég hygg, að hafi komið fram hjá hæstv. trmrh., varð það til þess, að hann rannsakaði, hvort Brunabótafélag Íslands og jafnvel Tryggingastofnunin gætu ekki hugsað sér að taka að sér ábyrgð — að vísu ekki alveg fulla og ótakmarkaða ábyrgð, heldur á ákveðinni upphæð, sæmilega ríflegri fjárhæð. Það tókst að ná þessu fram, og þetta var gert kunnugt. Eftir það gerðist sá ánægjulegi atburður, að önnur tryggingafélög treystu sér þá til að taka þessa tryggingu að sér. Þrátt fyrir þessa lausn, sem mátti teljast sæmileg bráðabirgðalausn a. m. k., var öllum ljóst, að það gat verið um að ræða áhættu — e. t. v. verulega áhættu — fyrir útgerðarmann fram yfir þessa fjárhæð, sem þannig fékkst tryggð. Og það var gert ráð fyrir því, — ég vil segja, að við í ríkisstj. höfum gefið vilyrði fyrir því, að þetta ákvæði siglingal. yrði tekið til endurskoðunar. Menn geta talað um fyrirheit eða vilyrði í því sambandi eftir því, hvernig þeir vilja orða það. Síðan varð ég ekki var við þetta mál um sinn, þangað til á minn fund gengu, þegar fundur Landssambands ísl. útgerðarmanna var haldinn hér, allmargir fulltrúar og voru mjög áhyggjufullir og töldu sig hafa upplýsingar um, að það hefði ekkert verið gert í þessu máli, og báru fyrir sig í því sambandi orð starfsmanns í trmrn. Mér þótti þetta með ólíkindum, þar sem þessi mál hafði borið á góma í ríkisstj., og ég sagði þeim, að ég vissi ekki betur en trmrh. hefði verið að vinna eða láta vinna að þessu máli. Ég kom svo á sambandi þannig, að trmrh. kallaði þessa menn ásamt þeim mönnum, sem að þessum málum höfðu unnið, og má vera fulltrúum farmanna og fiskimanna á sinn fund, þar sem mál þessi voru rædd, og hygg ég, að þar væri upplýst, — mér var tilkynnt um það aftur frá einum þeirra manna, sem höfðu gengið á minn fund, að þeir hefðu upplýst, að það hefði verið rétt, sem ég sagði um þetta mál. Málin höfðu verið í athugun og undirbúningi í trmrn., og það var verið að semja frv. eða lagaákvæði, sem tók til þess. Ég veit náttúrlega ekki, hvernig það var eða hvort það var alveg eins og það, sem hér hefur verið lagt fram. Ég get ekki borið vitni um það og skal ekki blanda mér í það.

Ég held fyrir mitt leyti, að það hafi verið gert allt of mikið úr þeirri óskaplegu áhættu, sem lögð hafi verið á útgerðarmenn með þessu ákvæði, sem samþ. var á síðasta þingi inn í siglingal. Sannleikurinn er sá að mínu viti, að dómstólar hafi framkvæmt þessi mál þannig, að þeir í mjög mörgum tilfellum hafi lagt ábyrgð á útgerðarmenn og dæmt bætur í þeim tilfellum, þar sem það var nú beinlínis lögboðið eftir þessum lögum. En það er rétt, að þar er um hlutræna ábyrgð að ræða, og sjálfsagt má frá fræðilegu sjónarmiði sitthvað að því finna.

Hér hefur orðið ágreiningur um þær leiðir, sem lagt hefur verið til að fara í þessu efni. Mér sýnist, að leiðirnar mundu a. m. k. hafa þann kost, — og það raunar hvort sem lægri eða hærri fjárhæð væri tekin, — að tryggingin mundi sjálfsagt kosta útgerðina í heild nokkuð

minna en hún gerir nú í framkvæmdinni. Ég veit ekki um hvað hefur orðið samkomulag á þessum fundum eða á fyrri fundum milli Farmanna- og fiskimannasambands og útgerðarmanna. Um það get ég ekki borið vitni. En ég verð að segja það, að frá mínu leikmannssjónarmiði fannst mér, að í þessari frvgr., eins og hún var fyrst lögð fram, væri fólgin mjög viðunandi réttarbót fyrir sjómenn og ekki heldur um þyngra álag að tefla en sanngjarnt væri að ætla útgerðarmönnum að tryggja sig gegn.

Viðvíkjandi því, hvort þessi trygging skuli tekin hjá einu tryggingafélagi eða hún gefin frjáls, þá er það skoðun mín, að það sé heppilegra, að þetta sé frjálst, að útgerðarmönnum sé gefinn kostur á því að leita trygginga hjá fleiri félögum og reyna með þeim hætti að fá sem hagstæðust kjör. Nú hefur hæstv. trmrh. borið fyrir sig tryggingafræðing um það, að þá sé ekki grundvöllur fyrir því að ná þeim kjörum, sem um hefur verið rætt í þessu sambandi, og ég skal ekkert segja um það. En mér sýnist, að eins og er sé þess ekki kostur að fá þetta ákvæði afgreitt nú fyrir jólin, og afleiðingin af því verður þá sú, að áfram standa ákvæði siglingal., og það gæti þá um sinn verið framkvæmt með þeim sama hætti og verið hefur, að það fengist trygging hjá tryggingafélögunum fyrir þeim hámarksfjárhæðum, sem tryggt hefur verið fyrir, og sú trygging mundi að vísu, að ég hygg, kosta talsvert meira, þegar á heildina er litið, heldur en þetta, sem hér hefur verið talað um. Það gæti staðið um sinn. En þá yrðu útgerðarmenn jafnframt að vera við því búnir að taka á sig nokkra toppáhættu, ef svo mætti segja, ef það kæmi fyrir, að tjón færi fram úr því, sem trygging er keypt fyrir.

Það var á sínum tíma leitað eftir því, hvort ríkissjóður vildi taka ábyrgð á þeim toppi. Við urðum auðvitað að svara því, að til þess hefði ríkissjóður enga heimild. Það var engin heimild í lögum til þess, og svo verður auðvitað að vera áfram um sinn, að útgerðarmennirnir verða að bera þessa umframáhættu, sem ég hygg, að sem betur fer hafi ekkert reynt á það tímabil, sem liðið er, og ég vil vona, að verði fátítt, að reyni á. En auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það, hvort til geti komið slíkt tilvik.

En ég vil um leið endurtaka það vilyrði eða fyrirheit, sem af ríkisstj. hálfu hefur verið gefið, að það verði unnið áfram að þessu máli á þá lund að fá setta sérstaka löggjöf. Ég geri ráð fyrir, að að formi til geti þá verið heppilegast, að það sé sérstakt lagafrv. um þessar tryggingar, en hvað sem öllu formi líður, þá verði unnið að því, að það verði svo skjótt sem kostur er, eftir að þing kemur saman að nýju, reynt að leysa þennan hnút.

Ég vona, að ég hafi með þessu svarað þeirri fsp., sem hv. þm. beindi til mín í þessu sambandi, og ég get ekki gefið við henni rækilegri svör. Það er að sjálfsögðu svo, að þetta atriði heyrir málefnislega undir annan ráðh. en mig, heyrir undir trmrh., en ég hygg, að það, sem ég hef sagt hér, sé í samræmi við það, sem hann og við höfum áður gefið í skyn gagnvart útgerðarmönnum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Kveikjan að þessum umr., má segja, að sé spurningin um það, að hve miklu leyti og á hvern hátt við eigum að láta það koma fram, að við teljum, að líf sjómannsins sé áhættusamara en ýmissa annanna stétta í þjóðfélaginu. Ástæðan fyrir því að þessar till., sem hér er rætt um, eru fluttar, er breyting, sem gerð var á siglingal. í fyrra og einmitt varð til af þessari hugsun. Ég get ekki stillt mig um að láta það koma fram hér, að einhvern veginn stendur það alltaf undarlega í mér, af hverju við togumst svona mikið á um þetta fram og aftur, hversu mikið við eigum að greiða fyrir líf sjómannsins, þegar hann er látinn. Af hverju getum við ekki greitt honum það, sem vera ber, ef hann hefur það ekki þá þegar, meðan hann er lifandi. Mér finnst einhvern veginn, að ef við á annað borð teljum, að líf sjómannsins sé áhættusamara en er hjá ýmsum öðrum stéttum, þá hljóti það að viðurkennast með ýmsum aðgerðum í hans lifanda lífi. Vissulega er aðstaða fjölskyldu, ekkju og barna jafnerfið, hvort sem um er að ræða fjölskyldu, sem misst hefur húsbóndann í landi af slysi eða á sjó. Þess vegna blandast þessar hugsanir óneitanlega dálítið inn í umr. um þetta mál. En ég veit, að við megum ekki tefja tímann með heimspekilegum vangaveltum í þessa átt. Það liggur fyrir, að það þarf að leysa þetta mál, hvernig á að gera það kleift að tryggja sjómenn og um leið gera útgerðarmönnum kleift að taka þá tryggingu, sem skyldan í siglingal. leggur þeim á herðar að tryggja sig og sína menn fyrir. Þess vegna vil ég aðeins ræða um þetta mál, eins og það liggur nú fyrir, og það, sem fram hefur komið um það, hvernig aðdragandi þess hefur verið núna í vetur.

Nú ætla ég að líta burt frá því, sem er þó mjög alvarlegt atriði og mér fannst koma greinilega fram í orðum hv. 10. þm. Reykv., að raunverulega liggur því miður alls ekki eins rækilegt samkomulag fyrir milli þeirra hagsmunasamtaka, sem hér eiga hlut að máli, og hæstv. ráðh. lét hér í veðri vaka í dag. Mér virðist það hafa komið fram í umr. hér í kvöld. Sé það hins vegar rangt hjá mér og menn geti í raun og veru sætzt á það aðalefni málsins, sem hefur komið fram í till., sem hér voru kynntar í dag og eru að ýmsu leyti og meginstofni til svipaðar og í till. hæstv. trmrh., þá sýnist mér — og ég legg á það áherzlu — alveg einsýnt, að það hljóti að vera hægt að taka þessi meginatriði upp í sérfrv. Ég get ekki skilið annað en maður, sem kann sitt fag í lagasmíð, eins og t. d. hv. skrifstofufstjóri þessarar stofnunar, gæti með skjótum hætti stílað þessi sömu efnisatriði sem annaðhvort brtt. við siglingal. eða þá sem sjálfstætt frv. Ef það lægi fyrir, sýnist mér eftir þeim orðum, sem fram hafa komið í ræðum ýmissa þm. hér í dag, að það hlyti að vera hægur vandi að koma slíkri breytingu í gegn með þeim feiknahraða, sem virðist einkenna fleiri mál hér núna. En ég ímynda mér, að það væri mjög auðvelt og mönnum sé ljóst, að þetta mál þyrfti að ná fram að ganga fyrir áramót. En eins og þetta var lagt fyrir hér af hæstv. ráðh.

í dag, sýnist mér nauðsynlegt að fara um það nokkrum orðum.

Hæstv. ráðh. lagði þetta mál þannig fyrir í dag, að Alþ. stæði andspænis því annaðhvort að allir þessir menn, sem hér ættu hlut að máli, yrðu að vera tryggðir hjá Tryggingastofnun ríkisins og hvergi annars staðar, ella væri málið ónýtt og úr sögunni. Þetta fæ ég ómögulega skilið, að rétt sé. Aðalatriðið fyrir sjómennina, sem hér á að tryggja, hlýtur að vera, að þeir eða öllu heldur þeirra vandamenn eða fjölskyldur fái þær bótafjárhæðir, sem hér er um að tefla, útborgaðar, hvort sem það er frá Tryggingastofnuninni eða einhverjum öðrum. Mér finnst það nánast vera allt að því meinloka, að það sé nauðsynlegt, að Tryggingastofnun ríkisins hafi þetta með höndum. Tryggingastofnun ríkisins rekur alls ekki vátryggingastarfsemi, og það er ekki hennar hlutverk. Henni var að vísu gert heimilt að taka að sér frjálsar tryggingar, eins og stendur í 76. gr. þeirra laga núna, en á það hefur mjög lítið reynt, og það má segja, að sá sjóður sem hefur það með höndum, sé nánast tómur. Menn geta þá ímyndað sér, hvaða ástand mundi skapast, ef allt í einu ætti að fella þá skyldu á Tryggingastofnun ríkisins að taka að sér stóran hóp manna í tryggingu með mikla áhættu með tómum sjóði. Iðgjöld eru innheimt eftir á, og hvað á þá að gera, ef t. d. stórtjón yrði í jan.? Í till. ráðh. lá ekkert fyrir um iðgjöld, ekkert um endurtryggingu, ekkert um ríkisábyrgð. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. hér áðan, að til þess að taka á sig ábyrgð á slíkri tryggingastarfsemi hefur ríkissjóður enga heimild eins og er. Til þess þarf sérstök lög, og málið er engan veginn svo einfalt, að það sé hægt að keyra það í gegn með þessum brtt. í því formi, sem þær lágu hér fyrir. Það verður að segjast eins og er, að málið var alls ekki tilbúið til afgreiðslu.

Heilbr.- og trn. þessarar d. tók það upp hjá sér að athuga dálítið þessar till., þó að þeim hefði alls ekki verið vísað til n. Þær höfðu alls ekki verið ræddar í d., þeim fylgdu engar skýringar af hálfu ráðh., og það er algerlega óvenjulegt, að þn. verði að fjalla um mál, sem hefur ekki verið fylgt úr hlaði. Í raun og veru má segja, að þetta sé nýtt mál, þó að það sé í formi brtt. við almannatryggingalögin. Því hafði ekki verið fylgt úr hlaði. Till. voru bornar fram eftir 1. umr., og samkv. eðlilegum hætti hefðu þær átt að ræðast við 2. umr. og síðan verið vísað til n., eins og raunar gert var í gær, en það hefði ómögulega verið hægt að afgreiða þær á þeim tíma, sem gert var, ef athugun fyrir fram af hálfu nm. hefði ekki komið til.

Í þessu sambandi vil ég nefna það, að hæstv. trmrh. sagði hér í dag, að um þessi atriði hefði verið samkomulag milli þeirra, sem hlut áttu að máli, sjómannasamtakanna og samtaka útvegsmanna, og þetta væri algerlega á samkomulagi byggt. Ég vil geta þess, að einn mikilsverður aðili hefur orðið út undan í þessum umr. um samkomulag. Það er sá, sem átti að borga allan brúsann. Það var ekki minnzt einu orði á þetta mál við Tryggingastofnun ríkisins, fyrr en einstakir nm. fóru að spyrjast fyrir um málið, nokkrum dögum eftir að það var lagt fram hér í Alþ. algerlega skýringalaust. Þetta vil ég, að komi fram, vegna þess, sem rætt hefur verið um þetta mál, að það hafi nánast verið tilbúið með samkomulagi, en Tryggingastofnun ríkisins, sem átti að taka að sér alla þessa tryggingu með tóman sjóð svo til í þeirri deild, sem átti að hafa þetta með höndum, hafði ekki hugmynd um málið, vissi ekki, hvað hér var á ferðinni, fyrr en mörgum dögum eftir að það lá fyrir hér í Alþ. Þetta verður að koma hér fram, til þess að menn sjái, hvernig málsmeðferð er hér á ferðinni. Og það er varla hægt að ætlast til þess, að hægt sé að framkvæma slíkt á svipstundu.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því hér í dag, sem var þó aðeins að nokkru leyti rétt, að sjónarmið Tryggingastofnunarinnar hefði verið það, að hún vildi taka allan hópinn að sér í skyldutryggingu. Það er rétt að vissu marki. Sjónarmið Tryggingastofnunarinnar var það, að annaðhvort vildi hún taka að sér allan hópinn í skyldutryggingu eða vera laus við það. Nú var það svo, að algerlega nýr grundvöllur var kominn fyrir þessa tryggingu, sem hér var um að ræða, allt öðruvísi grundvöllur en fyrir lá í sumar, þegar erfiðleikar sköpuðust við að fá þessa hópa tryggða hjá tryggingafélögum. Þær bótafjárhæðir, sem um er að ræða núna, gera það að verkum, að málið horfir allt öðruvísi við að fá menn tryggða með eðlilegum hætti eftir þeim reglum, sem hér liggja fyrir, ef samþ. yrðu. Og það er mikið hagsmunaatriði fyrir þessa hópa, leyfi ég mér að segja, að geta valið sjálfir, hvar þeir tryggja sig. Og þegar svo er komið, sé ég enga ástæðu til að vera að fella þá skyldu á ríkisfyrirtæki, sem alls ekki kærir sig um að taka þessa starfsemi að sér, telur sig engan veginn geta framkvæmt hana ódýrar en önnur fyrirtæki, — ég sé enga ástæðu til þess að gera slíka breytingu á lögunum um þá stofnun. Tryggingastofnun ríkisins þarf að taka endurtryggingu með sömu kjörum og um aðra mundu gilda, og fleira og fleira kemur þarna til skoðunar. Og ég vil segja, að það er mitt sjónarmið, að þetta eigi að vera algjörlega á frjálsum grundvelli. Mér finnst alveg fráleitt að fara að fyrirskipa ríkisfyrirtæki að taka að sér þann atvinnurekstur, sem hér er um að ræða, vátryggingastarfsemi, ef aðrir aðilar geta leyst þetta og vilja gera það.

Þetta vildi ég taka fram — þetta síðasta — með tilliti til þess fyrirvara, sem hv. formaður heilbr.- og trn. þessarar d. gerði fyrir því, að við drægjum okkar brtt. til baka. Ég held að vísu, að samþykkt þeirrar brtt. hefði getað lagað málið mjög, til bráðabirgða þó. En ég er þeirrar skoðunar, að í raun réttri séu þessar breytingar, sem í till. felast, e. t. v. dálítið undarlega staðsettar í tryggingalöggjöfinni, og ítreka það sjónarmið, að þær efnislegu breytingar varðandi bótafjárhæðir og varðandi það, til hverra ætti að borga þær út, þær ættu heima annaðhvort í sérstökum lögum eða þá í breytingu á siglingal. Og ég get ekki skilið annað með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem ríkisstj. hefur gefið um þetta efni, en það hljóti að vera hægt að að framkvæma það svo með samþykki þeirra alþm., sem á annað borð vilja hjálpa til að leysa þetta mál. Mér finnst það í raun og veru algerlega óframbærileg ástæða að láta það at-

riði, að einhverjar sérstakar hugmyndir um ríkisrekstur á svona vátryggingarstarfsemi fáist ekki samþykktar, verða til þess að fella málið eða koma því úr sögunni. Slík ástæða finnst mér alveg fráleit, því að ég tel mjög vandalítið að leysa þetta með breytingu á öðrum lögum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég á dálítið erfitt með að skilja þessar langvinnu umr. Ég hélt, að okkur væri öllum ljóst, að það er nauðsynlegt, að þær breytingar á almannatryggingal., sem þegar er búið að fjalla um, nái fram að ganga fyrir áramót, og ég sé ekki, hvernig við bætum okkur á því að halda áfram endalausum ræðum um þetta mál núna. Það liggur í hlutarins eðli, að ef menn vilja reyna að koma fram breytingu núna, þá er það afar einfalt. Það er hægt að taka efnisatriðin úr brtt. mínum og setja þau inn í siglingal., sem liggja einnig fyrir, það væri þá nær fyrir þá menn, sem eru hér að halda ræður, að fara að vinna að því að leysa málið á þann hátt.

Í sambandi við málið sjálft ætla ég ekki að fara hér í neinar deilur. En út af því, sem sagt hefur verið hér um ýmis fyrirheit, vil ég aðeins taka þetta fram: Ég gaf Landssambandi ísl. útvegsmanna fyrirheit um það, að ég mundi beita mér fyrir því, að ákvæði um slysatryggingu sjómanna yrði breytt þannig, að þar yrði um að ræða afmarkaðri og betur skilgreinda tryggingu en gert var í siglingal. í fyrra, til þess að sú tortryggni, sem uppi var, að af þessu gæti leitt óhemjulegar greiðslur, yrði kveðin niður. Ég hef ekki orðið var við neinn ágreining varðandi það, að mér hafi ekki tekizt þetta. Ég hef staðið algerlega við þetta fyrirheit. Ég setti mér það einnig að standa við þetta fyrirheit á þann hátt, að ég gengi á engan hátt á eðlilegan rétt sjómanna, og ég hef orð Sjómannasambandsins fyrir því, að ég hef einnig staðið við það fyrirheit. Það er hvorugt þetta, sem um er deilt. Það, sem um hefur verið deilt hér í dag, er, að þau sömu vátryggingafélög, sem neituðu að taka þessa tryggingu að sér í haust, telja sig nú geta grætt á því að framkvæma hana. En ég hef aldrei gefið neitt fyrirheit um, að ég ætli að beita mér fyrir því, að þessi vátryggingafélög geti safnað gróða á því að tryggja sjómenn. Ég hef staðið við það, sem ég hef heitið að gera, en ég hef ekki heitið því að tryggja þessum vátryggingafélögum gróða.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það svar, sem hann gaf hér áðan, þó að ég verði að láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að það skuli hafa komið fram í ræðu hans, að afgreiðslu málsins mundi verða frestað og það tekið upp að nýju, þegar þing kemur saman aftur. Ég held, að hæstv. ráðh. geri sér ekki grein fyrir aðstöðunni, eins og hún er í þessu máli. Ég benti á það hér áðan, að það liggur fyrir samþykkt frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um, að útgerðin muni ekki fara í gang eftir áramót, nema lausn verði fengin áður á þessu tiltekna máli, þannig að það verður ekki um neina sérstaka áhættutryggingu fyrir útgerðarmenn að ræða eftir áramótin, þangað til lögin verða afgreidd, vegna þess að útgerðin fer alls ekki í gang, þannig að flotinn liggur allur bundinn og verður ekki með neina sjómenn eða aðra tryggða hjá sér. Þetta er sú staðreynd, sem liggur fyrir, og ég hélt satt að segja, að hæstv. forsrh. væri kunnugt um.

Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar umr. mikið. En ég hef aðeins talað hér einu sinni áður, þannig að ég á rétt, eins og ég benti hæstv. forseta á, meira en gera aths. Ég skal þó ekki fara að tefja þessar umr. neitt úr hófi.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að útgerðarmenn hefðu vaknað seint í þessu máli í sambandi við þá aðstöðu, sem þeir komust í við þá breytingu, sem gerð var á siglingal. á s.l. vori. Þetta er alveg rétt. En það voru fleiri en útgerðarmenn, sem vöknuðu seint við þetta. Ég er alveg sannfærður um, að hefðu þær upplýsingar, sem síðar komu í ljós, eftir að búið var að samþykkja frv., legið fyrir þeirri n., sem með þetta mál hafði að gera, þá hefði þetta frv. aldrei verið samþ. í því formi, sem það fór héðan frá þinginu. N. hafði að vísu álit ýmissa tryggingafræðinga.. Það kom þar margt fram, en það höfuðatriði, sem síðar kom fram og útgerðarmenn telja, að þeir séu við þessa breytingu komnir í það mikla áhættu, að þeir telja sig ekki færa um það að setja flotann í gang aftur, ef þessi kvöð á að hvíla á þeim. Ég skal að sjálfsögðu ekki fara í neinar umr. við hæstv. forsrh., sem er prófessor í lögum, um, hvernig dómstólar mundu túlka þetta. En þetta er það, sem liggur fyrir hjá Landssamband ísl. útvegsmanna í áliti, sem þeirra tryggingafræðingur hefur gefið þeim. Og ég hef ekki heyrt því haldið fram neins staðar, að þetta álit fengi ekki staðizt. Það kann að vera ágreiningur um það, hvernig málið kynni að verða túlkað fyrir dómstólum, en ég hef ekki heyrt niðurstöðum tryggingafræðings Landssambands ísl. útvegsmanna neins staðar mótmælt.

Hér kom fram hjá hæstv. forsrh., að sú bráðabirgðaendurtrygging, sem tekin var í haust hjá Brunabótafélagi Íslands o. fl., gæti staðið áfram. En telja verður, að þar sé um það dýra tryggingu að ræða, að útvegurinn treysti sér ekki til að halda henni áfram, þó að hann hafi gert það til að stöðva ekki flotann fram að áramótum í trausti þess, að búið yrði að ná samkomulagi við samtök sjómanna og koma þessu máli í það horf, að allir gætu vel við unað.

Hæstv. trmrh. taldi hér áðan, að hann hefði staðið við öll fyrirheit, sem hann hefði gefið aðilum í sambandi við lausn málsins. En þá hlýtur að vakna sú spurning: Hvers vegna dregur hann þá sína till. til baka? Hvers vegna lætur hann ekki d. skera úr um það, hvort hún vill fallast á þau fyrirheit, sem hann gefur, eða ekki? Ég tel, að hann megi ekki meta málið þannig, að ef sjónarmið hans eins ná ekki fram að ganga, þá verði málið stöðvað. Er það virkilega svo, eins og ég sagði áðan, — er ekki d. enn þá þess umkomin að gera sínar samþykktir, þó að það fari í bága við till. einhverra hæstv. ráðh? Ég held, að það væru eðlileg vinnubrögð, að hæstv. ráðh. léti á það reyna hér, hvort sú lausn, sem hann telur, að fullnægi þeim loforðum, sem hann hefur gefið og hann hefur lagt hér fram

í formi brtt., nái samþykki d. eða ekki. Og ég tel, að hann yrði að sætta sig við það, þó að einhverjar breytingar yrðu gerðar á hans hugmyndum um lausn málsins.

Það, sem þarna virðist allt stranda á, er það, að komið hefur till. um að gefa öðrum tryggingafélögum kost á því að taka þessar tryggingar að sér auk Tryggingastofnunar ríkisins, sem sé að bjóða þær út á frjálsum markaði. Og það hefur verið fullyrt hér, að annaðhvort vildi Tryggingastofnunin taka allar tryggingarnar að sér eða ekkert af þeim. Nú hlýtur að vakna sú spurning í sambandi við þetta: Er ekki Tryggingastofnun ríkisins þess umkomin að taka þátt í tryggingum á frjálsum markaði? Ég hélt satt að segja, að Tryggingastofnunin væri svo sterkt tryggingafyrirtæki, að hún gæti vel orðið þar þátttakandi í, ef henni sýndist svo. Sú brtt., sem hér var boðuð af hv. 2. þm. Reykn., skuldbatt ekki Tryggingastofnunina til að taka að sér þessa tryggingu, veitti henni aðeins heimild til þess, og það veltur á mati tryggingaráðs á hverjum tíma, hvort það vill taka þessar tryggingar að sér eða ekki. Ég vænti þess, að Tryggingastofnunin sé þess umkomin að taka eftir frjálsri leið þátt í þeim tryggingum, sem hér er um að ræða, eins og önnur tryggingafélög.

Það, sem hæstv. forsh. sagði hér, þegar hann rakti málið, hvernig það hefði borið að, þegar það kom í hans hendur, er alveg rétt með farið. Ég var einn af aðilum í þeirri n., sem Landssambandið kaus til að eiga viðræður við stjórnvöld um þessi mál. Ég held, að ég hafi gert grein fyrir þessu hér við annað tækifæri áður. N. fór í góðri trú upp í trmrn. Hún fékk þau svör þar, að hjá trmrn. væri engar upplýsingar um þetta mál að fá, þó að hæstv. trmrh. segði nú, að þær hafi legið fyrir. En okkur var synjað um þær. Af þeirri ástæðu fór n. rakleiðis til hæstv. forsrh. og fór fram á það við hann, að hann kallaði saman þá aðila, sem þarna ættu hagsmuna að gæta, til þess að reyna á það, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi eftir frjálsri leið. Hann varð vissulega mjög snarlega við þeim tilmælum og sá um, að þessir aðilar voru kallaðir saman, og upp úr því komu þær hugmyndir og þær niðurstöður, sem hér hafa verið lagðar fram, þó að menn, sem þar hafa unnið að, greini á, hverjar niðurstöðurnar raunverulega hafi verið. Það skal ég alveg láta ósagt um, því að það mál þekki ég ekki. En hæstv. forsrh. gerði það, sem þessi n. fór fram á við hann, að þessum umr. var komið á.

En ég vil aðeins að lokum segja það, að ég harma mjög, að þetta mál skuli þurfa að stranda á þeim forsendum, sem það virðist ætla að stranda á nú, að það er hlaupin einhver stífni í málið, kannske á milli ráðh. eða á milli stuðningsmanna ríkisstj. og trmrh., því að málið er mikilvægt, ekki bara fyrir útgerðarmenn, heldur þjóðfélagið í heild. Ég tel það næstum því vansa fyrir hv. Alþ. að láta þetta mál stranda á ekki stærra atriði en alveg augljóst er, að hér er um að ræða. Og ég tel næstum skyldu Alþ. að leysa málið, því að það er vitað, að ef það verður ekki gert og ef málið verður dregið þangað til þing kemur saman aftur, þá skapast sú aðstaða hjá atvinnuvegunum, að um stöðvun verður að ræða, ef útgerðarmenn eru sama sinnis og þeir voru á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, þegar hann var haldinn og sú samþykkt, sem ég hef hér vitnað til, var gerð.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki draga þessar umr. á langinn frekar en ástæða hefur þegar gefizt til. En ég vil þó taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, og reyndar er ég búinn að sjá merki þess, að það séu líkindi á, að þetta mál verði leyst hér í kvöld, og ber þá auðvitað öllum þeim, sem að því hafa staðið, þakkir fyrir. Og í sannleika sagt virðist manni, að það hljóti að vera hægt að ná samkomulagi, þegar hjá tveim aðilum, sem deila um málið, hv. 12. þm. Reykv. og hæstv. trmrh., kemur fram sem meginmál, annars vegar hjá hv. 12. þm. Reykv. óttinn við, að Tryggingastofnun ríkisins muni tapa á þessum tryggingum, en hins vegar sú skoðun hæstv. ráðh., að einstök vátryggingafélög muni græða það mikið, að það sé ekki nokkur leið að láta þau taka þessar tryggingar að sér. Ef þetta eru skoðanirnar, sem málið á að stranda á, þá segi ég eins og hv. síðasti ræðumaður, þá hljótum við að geta leyst þetta mál í kvöld.

En það var ekki það, sem olli því, að ég bað um að fá að segja hér nokkur orð, heldur upphafsorð í ræðu hv. 12. þm. Reykv. Vegna þeirra skoðana, sem komu fram í máli hv. þm., þá má vera, að íslenzkum sjómönnum hafi ekki tekizt til þessa að ná þessum tryggingum sínum frekar fram en raun ber vitni um. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm., að harmurinn hlýtur að vera sá sami, þegar ekkjan stendur frammi fyrir því að hafa misst sína fyrirvinnu, sinn eiginmann, og að harmurinn sé hinn sami hjá börnunum, sem hafa misst sinn föður, hvar í stétt sem þessir aðilar standa. En það er kannske ekki alveg sama, þegar sitja saman í hóp 30 ekkjur, hvort 29 þeirra séu sjómannsekkjur. Ég veit það t. d., að ef við ættum að ná fram líkindatölu í sambandi við dauðaslys í starfi, þá þyrftu að líða um það bil 1500 ár, þangað til hv. þm. gæti farið að óttast, að hennar eiginmaður, sem er prófessor við háskólann, mundi láta sitt líf í starfi, og er þá miðað við slysalíkindatöflu íslenzkra fiskimanna á móti.

Ég leyfi mér að benda á þetta og hef nokkra reynslu af, því að ég er sonur fiskimanns, sem stundaði þau störf fram á sín efri ár, að ég þekki nokkuð til þess, sem eiginkonum þessara manna er búið. Og ég vil leyfa mér að halda því fram, að íslenzka þjóðfélagið, íslenzka þjóðin hefur hér skyldum að gegna. Ég er ekki að tala um, eins og ég reyndar benti hér á í gærkvöld í sambandi við till., sem þm. Sjálfstfl. fluttu á síðasta þingi, að það sé eingöngu útgerðarmannsins að standa undir þeim bagga. Það er skylda þjóðfélagsins að standa undir því, að þessir menn séu þannig tryggðir, að eiginkonur þeirra og börn geti a. m. k. búið við það efnalega öryggi eða búizt við því efnalega öryggi, að þau fái sérstaka hjálp frá tryggingum um ákveðið árabil, ef fyrirvinnan fellur frá. Stærsta og versta aðstaða sjómannskonunnar í lífinu, miðað við aðrar íslenzkar eiginkonur, er

að búa stöðugt við þennan ótta, við þá staðreynd, að í þessari stétt, sem hennar eiginmaður tilheyrir, falli frá árlega sú prósentutala, sem ég gat um hér í gærkvöld og reyndar kom fram í umræddu frv. okkar í fyrra. Það er þessi staðreynd, sem okkur ber að hafa í huga, og það er kannske einmitt með þá staðreynd í huga, sem við ættum að taka saman höndum hér í kvöld að leysa þetta vandamál, sem mér virðist vegna góðra manna aðstoðar, að geti gerzt, og beri öllum heiður og þökk fyrir, og ég vil leyfa mér að segja; ekki sízt hæstv. trmrh. fyrir að hafa tekið málið upp á sínum tíma. Jafnvel þó að málið fari frá hans rn. nú og yfir í annað rn., — það er mér algert aukaatriði. Ef þessi trygging kemst á, þannig að allir geti vel við unað, þá er tilganginum náð. Þá er þeim tilgangi náð, sem var hafður í huga, þegar ég og hv. þm. Friðjón Þórðarson fluttum margumrætt frv.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða öll efnisatriði þessa máls, enda hefur það verið gert allnokkuð af öðrum, og ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. með því að fara að endurtaka ýmislegt af því, sem hér hefur komið fram í umr. En sem trn.-maður vil ég segja þetta:

Þeir, sem hafa staðið að tillögugerð í því máli, sem hér er til umr., hafa lýst því yfir, að þeir muni draga til baka till. sínar. Það hefur komið fram, að hæstv. núv. ríkisstj. eða hæstv. trmrh. fyrir hennar hönd hafi heitið því að koma þessu máli í höfn fyrir n.k. áramót. Nú hefur það komið í ljós, að slík er ósamstaðan í hæstv. ríkisstj., að ekki tekst af þeim ástæðum að leiða þetta mál til lykta nú, eins og lofað var. Þetta vil ég undirstrika. Enda var á hæstv. forsrh. að heyra hér áðan, að hann væri hlyntur frjálsum tryggingum í þessu tilfelli, en hæstv. trmrh. vill, að Tryggingastofnunin hafi þetta eingöngu með höndum, eins og eðlilegt er að mínum dómi undir þeim kringumstæðum, sem hér er um að ræða, og eins og þetta mál allt er vaxið. En eins og þessum málum er nú komið, virðist ekki um annað að gera en láta þetta bíða enn um sinn, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar, ef málið á að fá farsæla lausn. Ég er þess vegna samþykkur því, eins og málum er nú komið.

ATKVGR.
Brtt. 229 teknar aftur.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 33. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 216, sbr. 197, n. 239, 243). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það hefur ekki verið langur tími, sem samgn. hefur haft til umráða til að athuga þetta frv., því að 1. umr. lauk ekki fyrr en kl. að ganga 8. En þar sem meiri hl. samgn. telur, að það sé mikil nauðsyn á að samþykkja þetta frv. fyrir jólafríið, en hins vegar er n. sammála um að athuga ýmsar þær breytingar, sem í því felast, aftur síðar í vetur, — þar á ég við 3. og 4. gr. frv., — þá leggur meiri hl. til, að frv. verði að þessu sinni samþ. óbreytt.

N. barst bréf frá Landfara, landssamtökum vörubifreiðaeigenda, en það er mikil óánægja meðal þeirra og hefur lengi verið út af þungaskattinum. Mál þessara vörubílstjóra, sem aka vörum út á land, þarf að athuga með einhverjum hætti, og vil ég vekja athygli á því. Þeir kvarta yfir því, að þeir hafi ekki fengið að hækka flutningsgjöld og ef það verði ekki gert, muni þeirra starfsemi verða að hætta. Þetta er mál, sem þarf auðvitað að athuga síðar með einhverjum hætti.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður tók fram, að okkur hefur unnizt mjög naumur tími til að skoða þetta frv., og við í minni hl. höfum ekki haft tíma til að skila skrifl. nál. En það kemur fram af nál meiri hl. á þskj. 239, að við leggjum til, að frv. þetta verði fellt. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög mikið, en vil þó fara örfáum orðum um frv., eins og okkur hefur borizt það í hendur og eins og það liggur fyrir.

Það fer varla á milli mála, þegar frv. er skoðað, að samþykkt þess mun hafa í för með sér mjög miklar auknar álögur á bifreiðaeigendur og raunar alla landsmenn. Það er tekið fram í aths., að með frv. þessu sé stefnt að því að auka fjármagn til framkvæmda vegáætlunar og draga úr lántökuþörf vegna vegaframkvæmda. Að vissu leyti er þetta sjálfsagt rétt. En það hefði þó mátt ímynda sér, að með hinum gífurlega auknu og háu tekjum og gjöldum, sem runnið hafa eða verið innheimt til ríkissjóðs og lýsa sér bezt í stórhækkandi fjárl. frá ári til árs, hefði tekizt að klípa einhverja ögn af til þessara mála. En svo virðist nú ekki vera.

Ef við rennum augunum yfir frv., þá er í 1. gr. gert ráð fyrir því að innheimta sérstakt innflutningsgjald af benzíni og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra og tekið fram, að það taki einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu.

Í 2. gr. er talað um að innheimta sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg.

Í 3. gr. er svo um að ræða mikla hækkun á þungaskattinum, bæði af bifreiðum, sem nota benzín eða eldsneyti, og eins af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín. Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega út í þær tölur, sem frv. nefnir í hinum ýmsu greinum. Það er svo, eins og við þekkjum bezt, sem höfum setið fundi hér á hv. þingi nú síðustu daga, að það eru allar tölur meira og minna á hverfanda hveli í hinni miklu óðaverðbólgu, sem nú geisar og ýtt er undir og kynnt undir af hálfu hæstv. ríkisstj.

Í 4. gr. þessa frv. hefur þó semjendum þess dottið það snjallræði í hug að minnka um helming endurgreiðslu á skatti, sem hingað til hefur verið heimilt að greiða til eigenda jeppabifreiða eða eins og þar stendur:

„Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a-eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, er fjmrh. setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf."

Í aths. við þessa gr. er tekið fram, að nú sé ætlunin að draga nokkuð úr heimildum til endurgreiðslu og undanþágu þungaskatts, og tekið fram, að ekki verði séð, að vegasjóður eigi samkv. tilgangi sínum að styðja fjárhagslega þá starfsemi, sem til grundvallar þessum undanþágum og endurgreiðslum hefur legið. Tekið er fram, að vagnar á spori muni engir vera til hér á landi, og eru það ekki mikil spádómsorð, og í öðru lagi, að diplómatar njóti þeirra réttinda samkv. exterritorialrétti, sem þeim nú eru veitt með 88. gr. vegal. Ég sé ekki betur en ætlunin sé með þessari 4. gr. frv. að fella úr gildi undanþágur eigi allfáar, sem hafa staðið í lögum undanfarin ár og er nú að finna í 88. gr. vegal. frá 1970. En þar er talað um, að undanþegnar gjaldi samkv. 87. gr., þ. e. a. s. undanþegnar þungaskatti, eins og þar er nánar tilgreint, séu m. a. skólabifreiðar, bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar, slökkvibifreiðar, sjúkrabifreiðar, snjóbifreiðar og vagnar, sem renna á spori. Og samkv. þessari gr. hafa eigendur jeppabifreiða enn fremur átt rétt á endurgreiðslu á þungaskatti að fullu samkv. 87. gr., ef þeir hafa sannað það með viðhlítandi vottorðum, eins og ég gat um áðan.

Ég vil vekja athygli á því, að þarna er um verulegar breytingar að ræða, og mættum við a. m. k., fulltrúar hins svokallaða dreifbýlis, líta ögn á þetta atriði, því að ég verð að segja það, að ég tel almennt séð, að við þurfum töluvert að gæta okkar, því að þrátt fyrir þær miklu og öru framfarir, sem hafa orðið í sveitum undanfarin ár, þá er það svo, að þegar á allt er litið, er það einhvern veginn þannig, að það hallar að ýmsu leyti meira og minna á dreifbýlið. Mættum við gjarnan vera þess minnugir og a. m. k. taka eftir, þegar till. eru gerðar um að skerða rétt þess fólks, sem við erum fulltrúar fyrir. Vænti ég þess og vona, að meiri hl. n. hafi einnig komið auga á þetta atriði. Það má segja, að allar svona undanþágur séu að vissu leyti umdeilanlegar. En hitt veit ég, að þeir, sem eitthvað hafa fengizt við rekstur bifreiða af þeirri gerð, sem ég nú las upp, muni finna fyrir því, ef þessum lið er skyndilega kippt út úr þeirra bókhaldi. Við höfum verið að fjalla í þessari sömu hv. n. undanfarna daga um styrki til snjóbifreiða til þess að létta fólki úti um landið að draga að sér nauðsynjar að vetrarlagi, leita læknis og annarra lífsnauðsynja. Og þetta setur strik í þann reikning líka. Ég leyfi mér að vekja alveg sérstaka athygli á þessu.

Hitt má svo segja almennt um þetta frv. og álit okkar á því, að við í minni hl. teljum, að það hafi þegar verið gengið svo langt í skattálagningu á bifreiðanotkun og bifreiðakaup, að ekki sé verjandi að ganga öllu lengra í því efni. Við vitum það, og það hefur margoft verið tekið fram, m. a. í þessum umr., að bifreiðin er orðin svo mikilvægt þjónustutæki í þágu alls almennings í landinu, að við getum ekki látið slíkt sem vind um eyru þjóta. Við minnum á það, að ríkisstj. hefur nýlega hækkað innflutningsgjald af bifreiðum og sá skattur rennur beint í ríkissjóð, og auk þess munu bifreiðar hækka enn í stofnkostnaði vegna þeirrar gengislækkunar, sem nú er nýlega um garð gengin. Þannig má segja með fullum rétti, að umferðin gefi meiri og meiri tekjur í ríkissjóð og meiri tekjur en nokkru sinni fyrr. Að sjálfsögðu erum við allir sammála um, að bæta þurfi vegakerfi landsmanna, bæði þar sem margir bílar fara og eins úti um strjálbýlið. En þar sem svo miklar tekjur renna í ríkissjóð af bifreiðum og rekstri þeirra, bæði beint og óbeint, þá teljum við kominn tíma til þess, að ríkissjóður láti nokkuð til þessara mála renna og það ríflegan skerf beint úr sjóði sínum.

N. hafa borizt a. m. k. tvær umsagnir um þetta mál, sem ég ætla að leyfa mér að minnast örlítið á. Það verður að segjast eins og er, að ég hef ekki haft góðan tíma til að kryfja þessi mál til mergjar. En ég get ekki stillt mig um það, þó að kvöldið haldi náttúrlega áfram að líða, að vekja athygli á þessum tveimur umsögnum.

Annað er bréf frá Félagi sérleyfishafa, og þar er svo tekið til orða m. a., með leyfi hæstv. forseta, — þeir lýsa undrun sinni yfir því í upphafi bréfsins, að nú skuli enn gert ráð fyrir að hækka verulega þungaskatt samkv. km-gjaldi af sérleyfisbifreiðum og strætisvögnum og halda svo áfram: „Þessi afstaða okkar byggist ekki á því, að við teljum óeðlilegt, að slík starfsemi sé skattlögð í hliðstæðum mæli og svipaður atvinnurekstur, heldur af þeim ástæðum, að umræddur skattur af sérleyfisbifreiðum hefur hækkað á s.l. tveimur árum miklu meira en lagabreyting í des. 1970 gerði ráð fyrir. Ástæðan fyrir þessari umframhækkun, sem í mörgum tilvikum nemur tvöfalt því, sem gert var ráð fyrir, stafar af því, að þegar gjaldskrá fyrir dísilbifreiðar, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, var sett, sbr. auglýsingu samgrn. 1971, voru taxtar ákveðnir svo háir, að skattur varð í ósamræmi við þá lagasetningu, sem gaf þessu innheimtufyrirkomulagi gildi. Margsinnis hefur verið kvartað yfir þessu við samgrn., endurskoðun hefur verið lofað, en jafnframt haldið fram, að nægilega haldbærar skýrslur lægju ekki fyrir hjá Vegagerðinni, úr því mundi hins vegar rætast eftir næstu áramót. Í þessu sambandi skal tekið fram, að verðlagsyfirvöld hafa synjað um hækkun fargjalda í samræmi við aukinn rekstrarkostnað." Síðan ein setning eða svo: „Öllum mun kunnugt, í hve miklum rekstrarerfiðleikum ýmis sérleyfis- og strætisvagnafyrirtæki eiga nú, sem gleggst hefur komið fram í umr. um rekstur Strætisvagna Reykjavíkur. Samtímis aukast stöðugt kröfur um þjónustu.

Má í því sambandi nefna nýlega samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkur, sem rædd hefur verið í dagblöðum, svo og mörg hliðstæð erindi."

Ég læt þetta nægja um þetta bréf, en vík aðeins að bréfi frá Landfara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum. Ég les nú ekki nema aðeins stuttan hluta úr þessu bréfi rétt til að kynna það. Þar segir svo m.a.:

„Stjfrv. það, sem nú liggur fyrir Alþ. um breytingar á vegal., gerir m. a. ráð fyrir 25% hækkun þungaskatts og gúmmígjalds og jafnframt því nýmæli, að þungaskatt skuli greiða af festi- og tengivögnum. Ef þetta frv. er svar hæstv. ráðh. við beiðni Landfara um endurskoðun þungaskattsinnheimtunnar, þá er auðsætt, að þeir vilja þá veigamiklu þjónustu, sem félagsmenn veita landsbyggðinni, feiga. Því er svo til orða tekið, að flm. frv. er fullkunnugt um þá erfiðleika, sem atvinnuvegur félagsmanna á nú við að etja. Rekstrarkostnaður vöruflutningabifreiða á langleiðum hefur hækkað gífurlega undanfarin tvö ár. Verðlagsyfirvöld hafa ekki sinnt kröfum bifreiðaeigendanna um sanngjarna hækkun flutningstaxta, og er því svo komið, að ef ekki verður skjótt gripið til þeirra úrræða að minnka opinberar álögur, þungaskatt, gúmmígjald, aðflutningsgjöld o. fl. á þessa aðila eða heimila sanngjarna taxtahækkun, þá mun ekki unnt að halda útgerð bifreiðanna lengur áfram. Það er von Landfara, að þér, hv. alþm., íhugið, hvílíka atlögu hér á að gera að hagsmunum landsbyggðarinnar og að þér reynið með breytingum á frv. eða öðrum ráðum að koma í veg fyrir samþykkt þess í núverandi mynd."

Það mætti fara mörgum fleiri orðum um þetta frv., bæði um stærri atriði og smærri. Það er t. d. tekið hér fram, og það er kannske eðlilegt, að ríkisvaldið teygi sig til að taka þungaskatt af festi- og tengivögnum, sem ekki hefur hingað til verið tekinn. En þess er getið í aths. við 3. gr. frv., að í gr. þessari sé heimilað „að ákveða, að gjalddagar þungaskatts af dísilbifreiðum megi vera allt að fjórir á ári í stað þriggja. Með lögum nr. 98 frá 1970 varð m. a. sú breyting á 87. gr. laga nr. 23 frá 1970, að gjalddögum þungaskatts samkv. ökumæli var fækkað úr fjórum í þrjá. Þykir rétt að færa þessa heimild í upprunalegt horf, enda gerir reglugerð um innheimtu bifreiðagjalda, nr. 94/1970, 5. gr., ráð fyrir 4 gjalddögum. „Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á vaxandi ákefð ríkisvaldsins og hæstv. ríkisstj. í að fjölga árlegum gjalddögum á ýmsum tekjustofnum, sem renna í ríkissjóð. Skyldi þetta benda til þess, að það sé yfirleitt tómahljóð í þeim stóra kassa? Við munum eftir því, að hér áður fyrr var söluskatturinn, sem er nú að sönnu mikill tekjustofn og mjög mikilvægur fyrir ríkið, innheimtur fjórum sinnum á ári. Síðan var þeim gjalddögum fjölgað, þannig að hann var innheimtur á tveggja mánaða fresti, og nú síðast er hann innheimtur mánaðarlega. Menn virðast ekki gera sér grein fyrir því, hvað slík ákvæði auka fyrirhöfn og kostnað við innheimtuna og þar með óþægindi svo að segja allra annarra en kannske þeirra, sem eiga að taka á móti peningunum í kassann.

Það mætti nú kannske segja, að ég sé þegar búinn að fara nægilega mörgum orðum um þetta frv., en ég get ekki látið hjá líða að minna aðeins á það, þó að ég hafi ekki haft tíma til að kynna mér það í þingtíðindum, að ég man greinilega, að hæstv. fjmrh. hefur iðulega vakið máls á því á undanförnum árum í sambandi við umr. um fjárlög og annað, að það ætti að stefna að því, að gjöld af umferðinni, — af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra, — rynnu til þess að bæta vegakerfið í landinu. Ég man ekki neina tilvitnun um þetta efni orðrétta, en ef ég renni huganum aftur í tímann, þá er sem rödd hæstv. ráðh. suði mér fyrir eyrum einmitt í þessa átt, að það eigi að stefna að því að verja sem mestum tekjum af umferðinni beint í þágu vegamála og umferðarinnar sjálfrar. En eins og kom fram fyrr í þessum umr. í dag, mun vera svo nú, að ef litið er á þessar tekjur sem heild, þá renna líklega um það bil eða allt að 50% þeirra til vegamála. Þetta er að vísu lausleg tala, sem ég hygg, að sé þó ekki fjarri lagi, en hún sýnir þó, hvað hæstv. fjmrh. og ég ætla hæstv. ríkisstj. í heild á langt í land með að koma þessu hugsjónamáli sínu í framkvæmd.

Af því, sem hér að framan hefur lauslega verið rakið, má glöggt sjá, að hér er enn á ferð frv., sem boðar aukna skattpíningu og stórhækkandi álögur á þjóðfélagsborgarana. Mundu þó margir segja, að mælirinn hafi þegar verið fullur eftir gengislækkun og fjárlagaálögur, sem við höfum fjallað um þessa dagana. En það virðist ekkert hik vera á hæstv. ríkisstj. að leggja auknar álögur á þjóðina. Ég ítreka því, að minni hl. samgn., en þann milli hl. skipa ég og hv. 4. þm. Austf., leggur til, að frv. þetta verði fellt. En fari svo, að frv. verði samþ., eins og allt bendir til eftir þá órjúfandi samstöðu, sem við höfum orðið vitni að hjá hv. núv. stjórnarflokkum undanfarnar klukkustundir og dægur, þá viljum við leyfa okkur að leggja fram og lýsa hér með skriflegri brtt. Okkur hefur ekki unnizt tími til að láta prenta hana, en hún er á þessa leið:

„Brtt. við frv. til laga um breyt. á vegal. nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 98 frá 28 des. 1970. Flm.: Friðjón Þórðarson, Sverrir Hermannsson.

Við 4. gr. Greinin falli niður."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 243) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, fyrrv. samgrh., hélt hér langa ræðu í kvöld um frv. til breyt. á vegal. Ég ætla ekki að svara hans ræðu í löngu máli, en tel þó rétt að víkja að henni nokkrum orðum.

Ég var í rauninni mjög undrandi yfir þeirri afstöðu, sem hv. þm. tók, þar sem hann þýsnaðist yfir þeirri auknu skattlagningu, sem hér er um að ræða og hver einasti eyrir á að fara til umbóta í vega- og samgöngumálum. Í öðrum sporum hefur þessi sami hv. þm. staðið áður. Hann hefur margoft staðið í mínum sporum og borið fram sams konar frv. og þetta. Hann

hefur farið fram á hækkanir á benzínskatti, á þungaskatti og gúmmígjaldi, — flutt nákvæmlega sams konar frv. hvað eftir annað eins og þetta. Og hvernig undirtektir hafa þau frv. hans fengið? Þau fengu yfirleitt einróma afgreiðslu á Alþ., af því að menn sögðu: Jú, vond er nú skattlagning, það hefur mönnum alltaf þótt, en við setjum hina brýnu þörf samgöngumálanna ofar. — Og það gerði hv. 1. þm. Sunnl svo sannarlega sjálfur, þegar hann var flm. slíkra frv. og brýndi fyrir mönnum, að þetta væri gert fyrir samgöngumálin. Nú virðist svo sem hann brýni það fyrir sínum liðsmönnum að neita slíkum skattaálögum, þó að þær eigi að öllu leyti að fara til bættra samgangna. Í þessu er ekki allt of gott samræmi.

Það er ekkkert nýtt, að það fara fleiri og fleiri krónur til verklegra framkvæmda frá ári til árs. Svo hefur það verið lengi, og svo er það enn. Frá því að þessi gjöld voru ákveðin fyrir tveimur árum hefur dýrtíð vaxið og það þarf fleiri krónur til að framkvæma sama verk og áður. Og það er það, sem hér er verið að fara fram á, að fá fleiri krónur til framkvæmda í vegamálum, til þess að ekki þurfi að draga framkvæmdir saman. Ekki deilum við hv. 1. þm. Sunnl. og ég um það, að bíllinn er orðinn nauðsynjatæki almennings. Það skal viðurkennt fúslega af mér, þó að þetta tæki sé kannske ofnotað, bæði af mér og öðrum, og við þyrftum ekki að nota það í eins ríkum mæli og við gerum og hefðum betra af oft og tíðum að nota það minna. En það er nú neyzlan í þjóðfélaginu, sem flestir segja, að eigi að skattleggja.

Það má segja, að um þrenns konar fjáröflun geti verið að ræða til samgöngumálanna, það sé að taka þetta úr hinum almenna sjóði landsmanna, ríkissjóði, leggja þetta á ríkið eða að skattleggja neyzluna, skattleggja notendur bílanna eða í þriðja lagi að grípa til erlendrar lántöku. Ég tel ekki fyllilega réttlátt að taka þetta af hinni almennu neyzlu landsmanna og láta ríkissjóð standa undir því að öllu leyti. Ég tel réttara, að þeir, sem bíla eiga og bíla nota, taki á sig sérstakar skattálögur vegna þess, og tel, að að undanförnu hafi verið rétt stefnt með því að taka þessi gjöld í þjónustu vegamálanna.

Hv. 1. þm. Sunnl. er margoft búinn að flytja frv. eins og þetta, og þess vegna er benzínlítrinn orðinn 16 kr. Nú er lagt til, að hann hækki í 18 kr. Hann hefur smátt og smátt orðið að 16 kr. á lítra vegna endurtekinna frv. um hækkanir. Hv. 1. þm. Sunnl. fór líka aðra leið. Hann fór þá leið að taka lán erlendis til vegamála, svo að hundruðum millj. kr. skipti. Það er leið, sem ég skal alls ekki fordæma, en gott er þó að gæta hófs í og fara varlega út á.

Fjáröflunin samkv. frv. á að minnka þörf okkar og nauðsyn fyrir lántökur til vegamálanna, en fer þó að langmestu leyti aðeins til þess að standa undir auknum tilkostnaði við vegaframkvæmdir. Hér er ekki verið að bæta við möguleikum til aukinna framkvæmda, en framkvæmdir, sem framkvæmdar verða að ári, eru dýrari en þær, sem voru gerðar í fyrra eða í ár. Og ef þær eiga ekki að dragast saman, þurfum við peninga. Við erum búnir að fá hraðbraut austur til Suðurlandsundirlendisins, og við erum búnir að fá hraðbraut hér upp í Kollafjörð, en það er gallinn sá á gjöf Njarðar, að þær eru byggðar fyrir erlendar lántökur og þær eru í skuld. Þessi stóru og þýðingarmiklu mannvirki eru í skuld. Það er eftir að borga þau. Og þar er ekki um minni upphæðir að ræða en einn milljarð eða nálægt því. Ég held því, að það sé full ástæða til að fara eins varlega og unnt er í lántökuaðferðina í sambandi við vegamál.

Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að þetta frv. bryti í bága við anda vegalaga. Ég held, að það sé fjarstæða að mæla slíkt. Það er auðvitað nákvæmlega í anda vegal. að afla innlends fjár til slíkra framkvæmda.

Hv. þm. vék að því, að benzínverð hér hefði verið lægra en í nágrannalöndunum, og það er rétt. Þetta atriði hefur verið athugað og samanburður gerður á benzínverði hér eftir þá hækkun, sem hér er lagt til og samanborið við benzínverð nú í okkar nágrannalöndum. Og þá kemur í ljós, að eftir þessa hækkun verður benzínverð hér mjög ámóta og í okkar nágrannalöndum, hærra en í sumum þeirra, en lægra en benzínverðið er í öðrum. Það yrði mjög svipað verð hér á benzíni og í okkar nágrannalöndum eftir þessa breytingu. Og það sjónarmið mun oftast hafa verið haft, að benzínverðið hér væri sambærilegt við það, sem gerðist í öðrum löndum.

Þá hafa menn gert aths. við 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að borgaður sé hálfur skattur af jeppabifreiðum. Ég verð að segja hv. 1. þm. Sunnl. það, að ég held, að hann ætti að fara að hætta að gráta fyrir hönd bænda, láta þá gera það sjálfa. Ég er alveg sannfærður um, að bændur kæra sig ekkert um neinar ölmusur í neinu formi, og það að hafa bifreið án þess að borga neinn skatt eru sérréttindi, sem bændur meta áreiðanlega ekki mjög mikils. Það er vitað, að hver einasti bóndi, sem á jeppabifreið, verður að viðurkenna, að hún er að verulegum hluta almennt ökutæki. Hún er að hluta landbúnaðartæki, og látum það vera, að það sé haft skattfrjálst, en hver einasta jeppabifreið í sveit er jafnframt ökutæki bóndans. Og ég veit, að bændur biðjast ekki undan því að greiða skatthluta, sem því svarar að eiga þarna almennt ökutæki.

Þá kem ég að þungavöruflutningunum, sem einnig var minnzt á af frsm. hv. minni hl. Vissulega er það verulegur útgjaldaliður hjá langferðabílaeigendunum að þurfa að borga þennan þungaskatt og hækkun á honum samkv. þessu frv. En hvernig er það með önnur flutningatæki, sem flytja vörur út á landsbyggðina? Þurfa þau enga slíka skatta að greiða? Ríkið gerir út skip til þess að annast vöruflutninga út um landsbyggðina. Þessi skip verða að borga hafnargjöld eins og önnur farartæki. Og það er í gangi að ósk margra þm. rannsókn á því, hvaða aðferð við flutninga vörumagns út um landsbyggðina, í lofti, á landi eða á sjó, sé þjóðhagslega hagkvæmust. Menn hafa viljað telja, að það væri mjög vafasamt, að flutningar á landi væru þjóðhagslega hagkvæmasta leið-

in. En svo mikið er víst, að við komumst aldrei hjá því, að það er kostnaður við að flytja vörurnar út um landsbyggðina og vandamál út af fyrir sig, hvernig eigi að jafna þann aðstöðumun. En þessi rannsókn er í gangi, og alveg eins og skip Skipaútgerðar ríkisins verða að borga hafnargjöld um alla landsbyggðina, tel ég eðlilegt, að þungaskattur og önnur gjöld hvíli á þeim flutningatækjum, sem flytja vörur á landi. Hingað til virðist samkeppnisaðstaða vöruflutninganna á landi ekki standa höllum fæti á við skipin, því að skipin sigla að langmestu tóm með ströndum fram, en flutningabílarnir aka þungt hlaðnir þrátt fyrir ófæru, sem oft er snemma á vorin og fram á vetur, og vaða um vegi landsins og stórspilla þeim. Ég held því, að það eigi að bíða eftir niðurstöðum þessarar rannsóknar, sem fer fram varðandi það atriði, hvort þjóðhagslega sé hagkvæmara að beina meginvöruflutningamagninu að flutningum á sjó, á landi eða í lofti og þá að hvaða hluta hentugast sé að fara hverja leiðina um sig. — Þessar aths. taldi ég rétt að gera við þessa umr. málsins.

Annars endurtek ég það, að allt það fé, sem ætlunin er að afla með þessu frv., hver einasta króna, fer í vegasjóð til framkvæmda í vegagerð og til þess að fyrirbyggja, að samdráttur verði í þeim nauðsynlegu framkvæmdum. Hver sá maður, sem vill afstýra því, að samdráttur verði í vegagerð, á að greiða þessu frv. atkv. sitt. Hann getur sér til gamans, sér til hugarhægðar talið eftir hverja krónu til ríkissjóðs að öðru leyti. En þetta fer ekki í ríkissjóð, þetta fer í vegasjóð. Ég hafði reiknað með því, að mesti áhugamaðurinn um umbætur í vegamálum mundi vera fyrrv. samgrh., Ingólfur Jónsson, en hann verður hér mesti úrtölumaðurinn um það, að aflað sé fjár til vegagerðar. Slíkt er alveg hörmulegt að hlusta á. Nei, ég vil halda í lengstu lög í þá von, að áhugamaðurinn um umbætur í samgöngumálum, fyrrv. samgrh., hljóti að veita þessu máli stuðning og geti ekki orðið í röðum þeirra, sem telja eftir hverja krónu til þessara framkvæmda.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú auðséð á öllu, að það er alveg ákveðið að keyra þetta frv. í gegn hér í kvöld, hvaða rök sem færð eru fram gegn því. Ég mun þess vegna ekki verða langorður að þessu sinni eða fara að deila hart við hæstv. samgrh. að þessu sinni út af þessu máli.

Hæstv. ráðh. endurtók það, sem hann sagði hér fyrr í kvöld, að ef þetta frv. verður ekki samþ., þýðir það samdrátt í vegagerð á næsta ári. Þetta er dálítið einkennilegur málflutningur hjá hæstv. ráðh. Ég held, að ég verði að gera hlé á máli mínu, þangað til hæstv. ráðh. kemur inn aftur, því að það er hann, sem ég ætla að tala við. Ég vona, að forseti telji það eðlilegt. (**Forseti:** Já, ég vænti þess, að það verði ekki löng stund.) — Ég vildi nú mælast til þess, að hæstv. forseti athugaði, hvort hæstv. ráðh. hefur aðeins skroppið fram. Slíkt getur alltaf skeð, að það sé óhjákvæmilegt. — — — Ég taldi eðlilegt að hafa hlé á máli mínu, meðan ráðh. var úti. Ég vildi segja, að það er undrunarefni, að hæstv. ráðh. boðar, að hæstv. ríkisstj. ætli ekki að standa við vegáætlun, sem samþ. var á s.l. vori, ef hún getur ekki aflað fjár með þessum hætti. Það var þó ekki á s.l. vori, þegar gengið var frá vegáætluninni, gengið út frá því, að fjár yrði aflað á þennan hátt. (Gripið fram í.) Þegar vegáætlunin var afgreidd, var ekki minnzt á hækkun á benzíni vegna vegáætlunarinnar, ekki minnzt á hækkun á þungaskatti vegna vegáætlunarinnar. Þá var gengið út frá því, að hæstv. ríkisstj. aflaði fjár með lántökum og framlagi úr ríkissjóði. En hæstv. ríkisstj. hefur guggnað á því, og hæstv. ráðh. er hér með hótanir, sem mér finnst óviðeigandi. Það er óviðeigandi að vera með hótanir hér í hv. Alþ. og segja við þm.: Ef þið samþykkið þetta ekki, þá bara drögum við úr framkvæmdum, sem Alþ. hefur áður samþ. á lögmætan hátt. — Þetta er ekki viðeigandi og ég vil benda hæst. ráðh. á það. (**Félmrh.:** Þetta eru engar hótanir.) Jæja, það er gott, en ég hef bara fyrir mér orð hæstv. ráðh. (**Félmrh.:** Vertu ekki að afbaka þau.) Afbaka þau, nei, það vil ég ekki gera. Ég vil ekki afbaka þau. En hæstv. ráðh. sagði áðan: Þeir, sem vilja ekki samdrátt í framkvæmdum, samþykkja þetta frv. (**Félmrh.:** Vegna þess að það þarf fleiri krónur nú en þá var reiknað með.) Já, ég hef enga löngun til að afbaka orð hæstv. ráðh. Ég hef enga löngun til þess að hefja illdeilur við hæstv. ráðh., en ég er aðeins að tala um málið á þeim forsendum, sem hæstv. ráðh. hefur gefið tilefni til. Hvort það þyki ástæða til að tala um, að það séu hótanir, þegar sagt er, að það verði samdráttur í framkvæmdum, ef þessi leið verður ekki farin til fjáröflunar, — menn geta metið það hver fyrir sig, hv. þm., hvað þetta þýðir. Ef það þykir óviðeigandi að kalla þetta hótanir, þá skiptir það ekki miklu máli. En hv. alþm. skilja alveg mælt mál. (**Félmrh.:** Það ættu þeir að gera.) Það er enginn vafi á því, þeir gera það.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði borið fram oft og tíðum frv. lík þessu. Það er nú eftir því, hvernig á það er litið, hvort þau frv. hafa verið lík þessu. Ég held, að það hafi verið við allt aðrar aðstæður. Þau tekjuöflunarfrv., sem ég bar fram fyrir vegasjóð, voru ævinlega gerð í sambandi við gerð vegáætlunar eða endurskoðun vegáætlunar. Nú er ekki um það að ræða, hvorki gerð vegáætlunar né endurskoðun vegáætlunar. Þetta frv. er borið fram aðeins nokkrum mánuðum eftir að gengið hefur verið frá vegáætlun.

Í öðru lagi, svo að vitnað sé til þess, þegar síðast var hækkað benzín og þungaskattur, þá hafði rétt áður verið stórlækkað innkaupsverð á bifreiðum með því að fella niður skatta og ýmis gjöld, sem á bifreiðunum hvíldu. Og ég hygg, að það hafi verið þess vegna, sem hv. Alþ. sameinaðist um að hækka benzínið 1970 og hækka þungaskattinn, m. a. vegna þess, að ýmsum gjöldum af bifreiðum hafði áður verið af létt.

Dýrtíðin hefur magnazt s.l. tvö ár, segir hæstv. ráðh., og það er alveg rétt, hún hefur magnazt. En kostnaður við útgerð bifreiðanna hefur

hækkað, enda þótt ekki væri nú komið með þennan skatt, og þá ekki sízt vegna þeirrar gengislækkunar, sem núna er verið að boða, og vegna verðhækkana á innfluttum varahlutum til bifreiða, og síðast, en ekki sízt vegna þeirra skatta, sem lagðir voru á bifreiðar á s.l. vori af núv. hæstv. ríkisstj.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að benzín hafi verið undanfarið nokkru lægra hér en í nágrannalöndunum. Þar munar ekki miklu, en það var þó aðeins lægra en í ýmsum löndum. Nú fer benzínið upp í 20 kr. eða nákvæmlega reiknað 19.87 kr., eftir því sem upp er gefið og gæti fljótlega farið upp í 20 kr. Það er matsatriði, hvað sölulaunin verða hækkuð. Og þá er benzínverð orðið hærra en í flestum nágrannalöndunum. Ég hef hér lista yfir benzínverð í nágrannalöndunum, en það er miðað við gengi 13. des., og þess vegna má hækka þetta verð um gengislækkunina eða nálægt 11%. Ef við tökum Danmörk, þá munar ekki miklu eftir hækkunina, ef við bætum 11% við. Það var með gamla genginu 17.30 kr. Finnland 15.70 kr., það verður allmiklu lægra. Írland 14.60 kr., Vestur-Þýzkaland 15.80 kr., Bretland 15.10 kr., Sviss 15.80 kr. Það verður a. m. k. 2 kr. lægra benzínverð í þessum löndum heldur en hjá okkur eftir þessa hækkun. Það var sagt hérna, þegar við hækkuðum þungaskatt og benzín síðast, að benzínverðið þyrfti að vera lægra hér en í nágrannalöndunum, vegna þess að við hefðum enn ekki eins góða vegi og kostnaðarverð bifreiða væri miklu hærra, vegna þess að þær væru hærra tollaðar hér en þar. Þetta var sagt, eftir að skattarnir höfðu verið felldir niður 1970, og þetta má miklu frekar segja nú, eftir að nýjir skattar hafa verið lagðir á innkaupsverð bifreiða af núv. hæstv. ríkisstj.

Ég sagði áðan, að flutningur svona frv. bryti jafnvel í bága við vegal., ef bókstaflega væri á það litið. En örugglega brýtur það í bága við anda l., vegna þess að það er ætlazt til, að tekjuöflun til vegáætlunar sé ákveðin í vegáætluninni. Það var ákveðið í vegáætluninni á s.l. vori að fara ekki þessa leið, því að það var aldrei á hana minnzt.

Lán til vegagerða höfum við tekið. Við höfum tekið erlend lán til hraðbrauta, og við höfum farið þar sömu leið og fjölmennari þjóðir hafa gert, eins og Finnar og Norðmenn og sjálfsagt margar fleiri þjóðir. Þetta hljótum við að gera áfram. Alþjóðabankinn lánar til vegagerðar, þó ekki yfir 40—50% af vegagerðarkostnaði. Þetta hljótum við að gera áfram, og þessara 230 millj. kr., sem ætlað er, að þetta frv. gefi, hefði ríkisstj. átt að geta aflað innanlands, vegna þess að ég ætla, að þessar fjárhæðir, sem hér er um að ræða, fari aðallega í Norðurlands- og Austurlandsáætlunina, sem ekki eru hraðbrautir.

Hæstv. ráðh. talaði um það, að ég ætti að hætta að vera með harmagrát fyrir hönd bænda og bændur væru ekkert þakklátir fyrir, að það væri verið að sníkja ölmusu fyrir þá, eins og hæstv. ráðh. gaf í skyn. Það hef ég ekki gert, og ég hef ekki heldur grátið fyrir hönd bænda, en ég hef hins vegar talað þeirra máli. Ég held því eindregið fram, að af notkun jeppabifreiða í sveitum, þar sem strjálbýli er og vegalengdir miklar milli bæja, eins og raun ber vitni, þar sem jeppinn er mikið notaður við framleiðslustörf og jafnvel jarðyrkju, þá sé ekki eðlilegt að greiða skatt af jeppanum við þær aðstæður. En það er fleira í 4. gr. en jeppaskatturinn. Það eru skólabifreiðarnar, sem ég hljóp nú reyndar yfir í minni fyrri ræðu, — það eru skólabifreiðar og slökkvibifreiðar, sjúkrabifreiðar og önnur tæki, sem hingað til hafa verið skattfrjáls, en nú á að skattleggja. Og ég tek undir það með hv. frsm. minni hl., að þetta er íhugunarefni og þetta er ekki réttlátt.

Hæstv. ráðh. talar um, að það sé n. að athuga, hvernig eigi með flutningana að fara, flutninga á sjó og flutninga á landi. Það hagar þannig til í mörgum byggðarlögum, að sjóflutningum verður tæplega komið við í mörgum tilfellum. Það verður að flytja þungavörur á landi kannske 100, 200—300 km vegna hafnleysis. Þar verða landflutningar ákaflega dýrir. Þegar talað er um jöfnun á flutningskostnaði, eins og hér hefur verið gert í hv. Alþ., og till. eru um að koma því í verk, þá hygg ég, að það þurfi að endurgreiða ýmsum þeim, sem flytja með bifreiðum nauðsynjavörur langa leið, svo að hundruðum km skiptir.

Vegna þess að hæstv. ráðh. var í flestum greinum í ræðu sinni hógvær og af því að ákveðið er, að þetta frv. eigi fram að ganga, hvað sem tautar, þá tel ég ekki mikla ástæðu til að orðlengja þetta meira. Hæstv. ráðh. hnykkti við, þegar ég talaði um, að í orðum hans hefðu falizt hótanir, og vildi alls ekki samþykkja það. En hæstv. ráðh. sagði: Þeir, sem greiða atkv. á móti þessu frv., vilja ekki, að framkvæmdirnar allar samkv. vegáætlun verði gerðar, heldur að það verði samdráttur í framkvæmdum. Stjórnarliðið hv. virðist vera alveg á einu máli og neglt saman í þessum atriðum, m. a. því að afnema undanþágurnar af skólabílum, af jeppum að hálfu leyti, snjóbílum, slökkvibílum og lögreglubílum, ég man ekki, hvort það er fleira, — og gera ráðstafanir til þess, að benzínverð verði nú hærra en í flestum nágrannalöndum okkar, og gera ráðstafanir til þess að hækka skatta á umferðinni langt umfram það, sem verjandi er.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl. ræddi hér dálítið um benzínverð í nágrannalöndunum, og niðurstaða hans í þeim samanburði var sú, að við stefndum að því með þessu frv., að benzínverð hér yrði hærra en í þessum löndum. Ég er nú með þessar tölur líka fyrir framan mig og miðað við gamla gengið, því að þetta mundi raskast mjög líkt, — ég miða bara við hækkun frv., sem mundi verða sennilega eitthvað um 2.33 kr. eða innan við 2.40 kr., þá mundi benzínverðið hér verða 18.40 kr. (**Gripið fram í:** Verður það það?) Já, það mundi verða það miðað við gamla gengið, miðað við frv., og þá eru þær tölur, sem hv. þm. var að lesa upp, sambærilegar, því að þær eru líka allar miðaðar við gamla gengið. Benzínverðið t. d. í Noregi var í febrúarmánuði s.l. 19.20 kr., Svíþjóð 18.60 kr., í Belgíu 18.30 kr., í Frakklandi 19.20 kr., og sambærilegt verð hjá

okkur, miðað við áhrif þessa frv. einvörðungu, væri innan við 18.40 kr. Ég vil koma þessari leiðréttingu hér á framfæri.

Ég er alveg sammála hæstv. samgrh. um það, að við verðum auðvitað að halda áfram vegaframkvæmdum og það er dálítið einkennilegur málflutningur hjá hv. stjórnarandstæðingum, sem deila á miklar lántökur í öðru orðinu, en deila svo í hinu orðinu á það, að við skulum ekki vilja taka lán til vegaframkvæmdanna. Þetta vill rekast á. Hitt er svo annað mál, að það er rétt, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að miðað við þær verðhækkanir, sem nú blasa við á erlendum mörkuðum, vegna þess að flutningsgjald hækkar, er líklegt, eins og nú horfir, að benzínverð hér verði tæpar 20 kr. En þessar hækkanir hljóta líka að koma á það verð, sem við báðir höfum verið að lesa hér upp, þannig að við verðum að vera með sæmilegar tölur, þegar við erum að bera þær saman, en ekki allt annan grundvöll í það og það sinn.

Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, er ég hins vegar engan veginn ánægður með 4. og 5. gr. Ég tók það fram, að af því að ég er sammála hæstv. samgrh. um, að þetta frv. verði að samþykkja nú fyrir jólin, þá verði að taka upp þessar gr. og athuga þær. Ég er ekki sammála honum um það t. d., að það geti verið, að vöruflutningar út á land með bifreiðum séu ekki jafnnauðsynlegir og flutningar bæði með skipum og flugvélum. Ég er hræddur um, að þeim mundi bregða við á Vestfjörðum, ef allt í einu væru teknir af þeim vöruflutningar með bílum, og aðstöðumunur þessa fólks, sem er úti á landsbyggðinni, vex, eftir því sem þessi flutningskostnaður er meiri, og ég veit, að hæstv. ráðh. er mér sammála, að það á að minnka þennan aðstöðumun með einhverjum hætti. Ég t. d. álít, að það hafi ekki verið nógu vel athugað um snjóbifreiðar og aðrar bifreiðar þarna, sem nú virðist eiga að láta borga þungaskatt af. Ég held ekki, að það sé meiningin, heldur þurfi að athuga þetta. Ég held líka, að þeir, sem hafa jeppabifreiðar, hafi yfirleitt margir hverjir langtum minni þjónustu frá hinu opinbera í sambandi við vegamál, langtum minni t. d. í sambandi við snjómokstur. Þeir búa við verri vegi, og það er höfuðástæðan fyrir því, ásamt því, að þeir nota þessa bíla við bústörfin, — það er sú hugsun, sem hefur legið á bak við, að þeir þurfa ekki að borga þessi gjöld. Þeir hafa minni þjónustu frá hinu opinbera, og það er meiri tilkostnaður fyrir þá einmitt vegna þess, hvernig þeir eru settir. Ég geri mér vonir um það, að þetta verði allt athugað síðar, og í þessari trú mun ég greiða fyrir því, að þetta frv. verði samþ. nú óbreytt, vegna þess að ef samþ. verða brtt., þá er hætt við því, að málið nái ekki fram að ganga nú fyrir jólin.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég get lýst því yfir, að ég mun sannarlega reyna að afgreiða með sanngirni og eftir því sem heimildir verða til undanþágur eins og t. d. vegna snjóbíla, vegna sjúkrabíla og annað þess konar. En ekki er mér nú sérlega vel við það, og það hygg ég, að öllum ráðh. sé frekar illa við að vera með allt of mikið undanþágumoð, því að með því verður aldrei komizt hjá að gera einhverjum rangt til meira og minna.

Við hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh., vil ég segja það, að nú varð ég fyrir vonbrigðum með hann, jafnvel meira en áður, þegar hann með plagg í höndum yfir samanburð á benzínverði í nágrannalöndum fór að vitna í slíkt plagg og tilgreindi eingöngu lægstu tölurnar. Þetta er sannarlega að gera tilraun til að ljúga með tölum, og það er ekkert betri lygi en annað, því að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði sama plaggið í höndunum, að ég hygg, og nefndi þar það, sem hv. 1. þm. Sunnl. hafði skotið undan til þess að gefa skakka mynd. Þetta er leitt, og ég verð að harma, að þetta skyldi henda þennan ágæta hv. þm.

Ef ég geri hins vegar samanburð á fjárframlögum ríkisins í tíð viðreisnarstjórnarinnar og núna, þá verður sá samanburður ekki hæstv. fyrrv. samgrh. í vil. Við munum það margir þm., að árum saman var deilt um það, hvort hefðu orðið efndir á því að hafa 45 millj. kr. á fjárl. til vegamála, og í raun og veru var sannað, að ekki var staðið við það. En 45 millj. voru þó ekki há upphæð. Hvaða upphæð leggur ríkissjóður nú til vegamála með því að taka að sér vegaskuldir og fjárframlög á frjárl.? Samtals um 250 millj. kr. — og lánin að auki. Lánin eru þar að auki, upplýsir fjmrh. Það hefur svo sannarlega verið staðið vel að verki af hæstv. fjmrh. um að auka fjárframlög úr ríkissjóði til samgöngumálanna.

Á það get ég svo að lokum líka minnt, að þegar við vorum að afgreiða vegáætlun í fyrra, var um verulega hækkun að ræða á fjárframlögum til vegamála samanborið við það, sem hafði verið í tíð míns fyrirrennara. Þar var svo myndarlega að verki staðið, að hv. 1. þm. Sunnl. varð heldur orðfár í gagnrýni sinni á afgreiðslu þessarar vegáætlunar, af því að hann varð að játa, að þarna væri mjög myndarlega á máli tekið með stórhækkuðum fjárveitingum til vegamála, hærri en nokkru sinni fyrr. En samt sem áður, það kostar nú meira að framkvæma hið sama verk, miðað við það, sem var, þegar vegáætlunin var gerð. Við viljum ekki láta draga úr þessum framkvæmdum. Við viljum heldur afla fjár með því að skattleggja notendur ökutækja í landinu, til þess að framkvæmdahraðinn þurfi ekki að minnka, af því að nauðsynin rekur þar á eftir. Kyrrstaða í þessum málum er afturför. Þess vegna verður að auka framkvæmdirnar. Við búum í stóru og strjálbýlu landi, og það þarf enginn að falla í stafi yfir því, þó að við þurfum að leggja meiri byrðar á hvern einstakling í þjóðfélaginu hér á Íslandi heldur en í hinum minni og þéttbýlli löndum, og það verðum við að gera. Við eigum svo margt ógert í samgöngumálum, að þar verðum við að láta hendur standa fram úr ermum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil bara vona, að næst, þegar hv. 1. þm. Sunnl. vitnar í skýrslur máli sínu til sönnunar, þá taki hann skýrsluna í heild, en ekki bara vinzi úr það, sem bezt hentar til að afflytja málstaðinn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi afflutt málið með því að lesa ekki upp alla skýrsluna um benzínverð í ýmsum löndum, heldur aðeins lægstu tölurnar. Ég tók þann kostinn að taka dæmi um nágrannalöndin. Ég tel Frakkland tæplega nágrannaland. Ég nefndi Danmörku, sem er hérna efst á blaði og er með það hæsta. Ég hef líklega hlaupið yfir Noreg, en það er alveg óviljandi. Það munar sáralitlu á verðinu í Noregi og Danmörku, og það er þess vegna ekki til að skekkja myndina. Ég nefndi Danmörk og Finnland, sem ég hef hérna efst á blaðinu. Ég nefndi Þýzkaland, ég nefndi Írland, ég nefndi Bretland. Þetta fannst mér alveg nóg. Ég nefndi þarna 7 nágrannalönd, og svo segir hæstv. ráðh., að ég hafi verið að falsa skýrsluna, af því að ég fór ekki til hinna fjarlægari landa. Það er allt annað mál. En hæstv. ráðh. hefur vitanlega leyfi til þess að gera að gamni sínu. Ég skal ekkert amast við því.

Hæstv. samgrh. er mjög ánægður með það að hafa fengið það, sem hann kallar hækkanir á framlögum til vegasjóðs úr ríkissjóði. Hann segir, að það séu 250 millj. kr. Ég er ekki með vegáætlunina hérna fyrir framan mig, en vil aðeins segja það, sem er rétt, að bifreiðaskatturinn, sem var á lagður snemma á þessu ári, hefur farið til vegasjóðs. Ég býst við, að það sé rétt. En það er þá ekki frá ríkissjóði. Það voru peningar, sem voru teknir af fólkinu, og ríkissjóður lét þess vegna ekki í rauninni neina peninga í vegasjóð. Það er ekki heldur rétt hjá hæstv. ráðh., að það hafi aðeins verið 45 millj. á vegáætlun frá ríkissjóði hér áður. Ríkissjóður var búinn að taka að sér lánin að meginhluta til og greiddi vexti af þeim fyrir stjórnarskiptin, og þetta veit ég, að hæstv. samgrh. man, því að ekki hefur hann löngun til þess að falsa tölur, eins og hann vildi nú halda fram, að ég hefði tilhneigingu til að gera hér áðan. Sennilegast er það, að hvorugur okkar hafi beina löngun til þess að gera það viljandi. En þá skulum við líka vera sammála um það, að ríkissjóður hefur greitt vegasjóði eins mikið í minni tíð og á þessu ári. En það, að vegasjóður hafi fengið meira af sérstöku fé en í minni tíð, er rétt. En þá var ekki lagður nýr skattur á bifreiðar til þess að afla fjár í vegasjóðinn, eins og núv. ríkisstj. hefur gert, nærri 200 millj. kr. á þessu ári.

Hækkun til vegamála talar hæstv. ráðh. um. Jú, það var hækkun t. d. til Skeiðarársandsvegar á þessu ári. Það eru 100 millj. kr., og á næsta ári verða það 230 millj. kr. En eru þær framkvæmdir sérstaklega að þakka núv. hæstv. samgrh. eða núv. ríkisstj.? Var ekki búið að leggja grundvöll að þeim framkvæmdum fyrir kosningar og fyrir stjórnarskiptin með því að samþykkja lög hér á hv. Alþ. um, hvernig fjár skyldi aflað til þess, og var ekki fyrrv. ríkisstj. búin að gera ráðstafanir til þess, að Seðlabankinn gerði útboð á skuldabréfum, til þess að hefjast mætti handa um framkvæmdir á Skeiðarársandi? En einmit framlög til Skeiðarársandsvegar hækka verulega heildarfjármagn til vegaframkvæmdanna. Það höfðu verið lögð drög að og undirbúin svokölluð Austurlandsáætlun fyrir stjórnarskiptin og eins Norðurlandsáætlun. En það eru fjárframlög til þessara framkvæmda, sem auka fjárhæðina í heild að nokkru umfram það, sem áður var. En þegar menn bera saman það fjármagn, sem vegasjóður sjálfur hefur yfir að ráða nú og hafði áður, þá kemur í ljós, að það er vafasamt, að vegasjóður hafi raunverulega eins mikið fé nú og hann áður hafði, þegar tekið er tillit til verðhækkana og hækkunar á kostnaði við vegagerð. Þegar þetta er athugað í réttu ljósi og borið hlutlaust saman, verður útkoman sennilega þannig, að hæstv. ráðh. hefur ekkert til þess að hrósa sér af. Þó hefði ég vel getað unnt honum þess, en útkoman verður þessi, ef við reiknum dæmið rétt. Ég veit, að hæstv. samgrh. er sammála mér um, ef hugarreikningurinn bregzt, að við fáum okkur þá blað og blýant og reiknum rétt, en þá verður útkoman þessi.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. ætlar að samþykkja þetta frv., 4. gr. og 5. gr., sagði hann, í þeirri trú, að lögin verði endurskoðuð seinna í vetur og þeim verði breytt þá. Mikil er trú þessa þingmanns, og mikið er traust hv. 4. þm. Norðurl. e. á hæstv. samgrh. að ætlast til þess, að hann fari að gera ráðstafanir til þess að breyta lögunum seinni partinn í vetur, sem nú er verið að samþykkja rétt fyrir jólin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:10 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:9 atkv.
Brtt. 243 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngiJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvH.
nei: EystJ, GS, JJ, HES, HV, IG, JSk, SkA, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, SL, EÓS, GilsG.
7 þm. (GÞG, PP, PS, RH, StefG, BGr, BGuðn) fjarstaddir.
4.—5. gr. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:2 atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 34. fundi.

Vegalög, frv. (þskj. 216 (sbr. 197)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 249).

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., kl. 9 síðdegis.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj 144). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. Norðurlönd hafa um langt skeið haft með sér samvinnu á mörgum sviðum, og hefur sú samvinna verið mjög vaxandi. Þannig hafa íslenzkir samningar við hvert hinna Norðurlandanna komið í veg fyrir tvísköttun. Norðurlönd, önnur en Ísland, hafa sín á milli gert samning um aðstoð í skattamálum. Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd, að öll Norðurlöndin gerðu með sér fjölhliða gagnkvæman samning um aðstoð í skattamálum. Hafa sérfræðinganefndir unnið að máli þessu, og náðist samkomulag með þeim á þessu ári. Samkomulagið var undirritað í Stokkhólmi 9. nóv. s.l., og er þess vænzt, að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum á þessu ári, þannig að hann geti tekið gildi um næstu áramót.

Aðstoðin, sem gert er ráð fyrir, er aðallega tvenns konar: Gagnkvæm aðstoð við rannsókn skattamála ásamt upplýsingum og aðstoð við innheimtu skatta. Auk þess er gert ráð fyrir, að aðstoð verði við birtingu ýmissa skjala og skipzt á eyðublöðum í sambandi við skattamál Samningurinn tekur til tekjuskatts og eignarskatts, bæði til ríkissjóðs og sveitarsjóða, ökutækjaskatta, virðisaukaskatta og söluskatts, almannatryggingagjalda og annarra opinberra gjalda, sem ákvörðuð eru af skattstjórnarvöldum. Samningur þessi mun auðvelda ýmislegt í framkvæmd skattamála og skattaeftirliti.

Þetta mál fékk góða afgreiðslu í hv. Nd., og var samstaða um það. Ég leyfi mér með tilliti til þess, sem áður hefur komið fram, að vænta þess, að svo verði einnig í þessari hv. d. og málið verði afgr. sem lög fyrir þinghléið.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 232). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar verðstöðvunarl. 1970 voru sett, var gerð breyting á l. frá 1965 um launaskatt, þannig að lagður var á sérstakur skattur, 1½%, sem rann í ríkissjóð til þess að standa undir kostnaði við niðurgreiðslur, sem þá voru upp teknar eða auknar réttara sagt. Síðan hefur verið svo, að þessum niðurgreiðslum hefur verið haldið áfram og skatturinn hefur verið framlengdur.

Þegar frv. var lagt fram í hv. Nd., var gert ráð fyrir að gera þetta að föstum skattstofni, en eins og ég gerði þá grein fyrir, var það ekki hugsunin, að svo yrði, og var frv. því breytt í þá átt, að það er framlengt til eins árs. Það var alger samstaða um það í hv. Nd. að framlengja lög um launaskatt til eins árs, og ég vona, að svo verði einnig í þessari hv. d. Þegar lá fyrir, að hér var ekki um fastan tekjustofn að ræða og að niðurgreiðslum þeim, sem upp voru teknar, þegar hann var hækkaður 1970, yrði haldið áfram, lýsti fulltrúi Sjálfstfl. í fjhn. yfir stuðningi flokksins við frv., og áður höfðu aðrir flokkar gert það. Ég vonast til, að það verði eins í þessari hv. d., svo að málið megi ná fram að ganga fyrir þinghlé. Leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 233). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur tekið talsverðum breytingum, síðan það var afgreitt héðan úr hv. Ed. Það þótti rétt við afgreiðslu málsins í Nd. að setja inn í þetta frv. ákvæði — í rauninni um nokkuð annað mál en frv. aðallega fjallaði um.

Þannig stendur á, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að það hefur verið unnið að því nú um skeið af sérstakri n., sem er skipuð fulltrúum allra flokka, að gera nýjar till. um skipan fiskveiðimálefna í landhelgi. Fyrri lagaákvæði um það, hvernig þeim málum er skipað, eru þannig, að þau renna út nú um næstu áramót, og þarf óhjákvæmilega að setja ný lagaákvæði varðandi rétt til fiskveiða í landhelginni með botnvörpu og flotvörpu. Fiskveiðilaganefndin, sem hefur unnið að þessum málum að undanförnu, hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki unnt að leggja fyrir Alþ. till. um þetta víðtæka málefni á þann hátt, sem hún óskar eftir að gera, þar sem drög yrðu lögð fyrir Alþ. að nýrri löggjöf varðandi nýtingu fiskveiðilandhelginnar, og telur, að hún þurfi að fá frekari tíma til að vinna að sínu margslungna verkefni. En n. hefur orðið ásátt um að leggja til, að eldri lagaákvæði verði framlengd nú um nokkurn tíma eða fram á næsta vor, en þó verði gerðar nokkrar breytingar á lagaákvæðunum, sem full samstaða er um, að gerðar verði. Þessar breytingar á frv. hafa nú verið samþ. og efni þeirra er í aðalatriðum þetta:

Tekin eru upp skýr ákvæði um það, að ráðh. hafi heimild til þess, að fenginni umsögn Haf-

rannsóknastofnunarinnar, að veita leyfi til loðnuveiða í landhelginni með flotvörpu. Er alveg tvímælalaust nauðsynlegt, að það liggi skýrt fyrir, að þessi möguleiki sé fyrir hendi.

Þá er auk þessa ákveðið að taka fram, að leyfilegt sé að grípa inn í með sérstökum stjórnarráðstöfunum, þegar svo stendur á, að um mikið smáfiskadráp er að ræða eða seiðadráp, — þá sé hægt með skyndiráðstöfunum að koma í veg fyrir slíkt með útgáfu reglugerðar. Atvik af þessu tagi hafa komið upp áður og hefur leikið nokkur vafi á því, a. m. k. í sumum tilfellum, að þarna væri hægt að grípa inn í. En n. er á því, að það sé nauðsynlegt að taka upp ákvæði um þetta, þannig að það leiki enginn vafi á því, að sjútvrn. geti gripið inn í í þessum tilvikum.

Þá er auk þessa verið að taka af tvímæli um að mínum dómi, að sjútvrn. geti auglýst ný friðunarsvæði og breytt eldri friðunarsvæðum eftir að leitað hefur verið álits Hafrannsóknastofnunarinnar, — þá geti sjútvrn. gert það þrátt fyrir ákvæði í lögum varðandi opnun tiltekinna svæða, sem þessi lög, sem hér er verið að breyta, fjalla sérstaklega um. Það var alltaf ætlunin, að í gildi yrði þessi almenna heimild, sem sjútvrn. hefur samkv. landgrunnsl. frá 1948, en það hefur þótt leika á því nokkur vafi, að þetta væri hægt, vegna vissra ákvæða í þeim lögum, sem hér er verið að breyta.

Þá eru einnig tekin upp ákvæði um það, að sjútvrn. skuli beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, og er lögð sérstök áherzla á að líta eftir veiðarfærabúnaði skipanna. Er ætlunin, að alveg sérstakar ráðstafanir verði gerðar í þessum efnum.

Þetta eru aðalatriðin, sem n. lagði til, að ákveðin yrðu til viðbótar við fyrri lagaákvæði, en að öðru leyti voru till. n. um það að framlengja gildandi veiðiheimildir fyrir botnvörpuskip í landhelginni til 15. maí á næsta vori, og var þá sérstaklega miðað við vertíðarlok. Sú breyting var gerð á þessari till. í Nd., að tímamörkin voru miðuð við 1. júlí, eingöngu út frá því sjónarmiði, að það væri hætt við því, að þau lög sem kynnu að verða sett og stendur til að setja varðandi nýtingu fiskveiðilandhelginnar, yrðu varla fulltilbúin hér frá Alþ. fyrr en t. d. seint í aprílmánuði og jafnvel kannske komið fram í maímánuð. Þá væri um of skamman tíma að ræða, ef fyrri lagaákvæði hefðu aðeins verið framlengd til 15. maí, því að það væri rétt að tilkynna mönnum slíkar víðtækar breytingar á löggjöf eins og þessari með lengri fyrirvara en tveggja vikna eða svo. En ef svo vel tækist til, að Alþ. væri búið að afgreiða ný lög um þetta efni fyrr en ég hef hér áætlað, t. d. í marzmánuði, þá er auðvitað einfalt að setja inn í þau lög, að þau skuli taka gildi fyrr, og breyta þá þessu aftur í 15. maí. En Nd. leit svo á, að rétt væri að miða þessi tímamörk við 1. júlí af þessum ástæðum, sem ég hef greint.

Um þessi atriði var sem sagt sjútvn. Nd. öll sammála, og þetta eru till. fiskveiðilaganefndar, sem hún var öll sammála um, að þyrftu að ná fram að ganga, og þótti rétt að setja þetta inn í þetta frv., sem hafði áður fengið afgreiðslu hér í hv. Ed.

Það komu svo fram fleiri brtt. í Nd., og sé ég ekki ástæðu til að fara að greina frá þeim.

Ég vænti þess, að þetta frv. geti fengið greiða afgreiðslu í hv. Ed. Það er brýn nauðsyn á því að framlengja þau lagaákvæði, sem hér um ræðir, og það er verið að vinna að því að undirbúa löggjöf um þessi efni, sem allir eru sammála um, að þarf að setja löggjöf um. Hins vegar er það verkefni þýsna viðamikið og erfitt viðureignar, því að það eru uppi mjög skiptar skoðanir á því, hvernig skuli skipa fiskveiðimálunum, og ég er í rauninni ekki hissa á því, þó að fiskveiðilaganefndin þurfi lengri tíma, því að hennar starf lá lengi niðri. Hún byrjaði aftur á sínum störfum á s.l. hausti, en tíminn hefur ekki dugað til þess að ljúka þeim, þar sem hún tók líka það ráð, eins og áður hefur verið gert, að efna til funda víða úti um land með þeim aðilum, sem mest hafa af þessum málum að segja, og það er sem sagt óhjákvæmilegt að taka lengri tíma til þess að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um málið.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. d. telji nauðsynlegt, að frv. fari til n. og þar verði litið á það, vegna þess, hve breytingarnar eru víðtækar, en um það geri ég engar till. Ég óska aðeins eftir því, að d. sjái sér fært að afgreiða málið sem allra fyrst. — [Fundarhlé].

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Sjútvn. hefur skotið á stuttum fundi í fundarhléi og rætt um þetta breytta frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 frá 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. N. hefur orðið sammála um að mæla með frv., eins og það kemur frá Nd. Frv. var, eins og hv. þm. þekkja, afgreitt héðan allmjög á annan veg en það er nú orðið. Í Nd. voru gerðar á frv. verulegar breytingar, og eru þær runnar undan rifjum fiskveiðilaganefndar. Þykir mér rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir þessum breytingum.

Í þeirri fiskveiðilaganefnd, sem nú starfar, sitja Gils Guðmundsson, formaður, Guðlaugur Gíslason, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvel Pálmason. En sá, sem hér talar, tók sæti Ingvars Gíslasonar á s.l. hausti. Í erindisbréfi n. er gert ráð fyrir því, að hún semji drög að frv. um fiskveiði innan fiskveiðilögsögu og leggi, ef unnt reynist, fyrir Alþ. um áramótin eða fyrir áramótin 1972—1973. N. tók þegar til óspilltra málanna, sendi bréf til allmargra aðila og óskaði umsagna og till. 32 skriflegar till. hafa þegar borizt n. Auk þess hefur hún rætt við ýmsa aðila og haldið 7 almenna fundi víða um landið, og hygg ég, að rétt sé, að á þeim fundum hafi talað a. m. k. um 80 manns.

Staðreyndin er sú, að skoðanir eru mjög skiptar í þessu máli og má segja, að till. séu nánast því eins margar og mennirnir eru margir. Friðunarhugmyndir eru þó mjög ríkjandi. E. t. v. ganga þær einna lengst í till. Hafrannsóknastofnunarinnar, sem hafa verið birtar opinberlega, að vísu ekki með samþykki n., og má raunar segja, án þess að leitað væri sam-

þykkis n. En ég hygg, að flestir þm. hafi séð þær till., og geri sér grein fyrir því, að þar er um mjög víðtæk friðunarsjónarmið að ræða. Ég ætla ekki að fara að rekja þessar till., en vil aðeins geta þess, að þessi mikli fjöldi till. hefur að sjálfsögðu leitt til fjölmargra spurninga og hugmynda, og ég vil leyfa mér að hlaupa yfir nokkrar þeirra úr grg., sem fiskveiðilaganefnd hefur sent frá sér.

Hugmyndir og spurningar sem þessar vakna: Á að gera allar veiðar íslenzkra skipa innan landhelgi háðar leyfum, eða hvaða veiðar eiga að falla undir slíkt leyfakerfi? Þetta er ein megintill. Hafrannsóknastofnunarinnar. Hvaða reglur eiga að gilda um möskvastærð botnvörpu? Eiga sömu reglur að gilda fyrir botnvörpu og flotvörpu? Eiga sömu reglur að gilda fyrir dragnót og botnvörpu? Hvaða togveiðiheimildir eiga íslenzk skip að hafa í fiskveiðilögsögunni á hinum ýmsu veiðisvæðum allt í kringum landið? Á að miða þessar togveiðiheimildir við mismunandi stærðir eða gerðir skipa? Á að breyta ákvæðum um lágmarksstærðir fisktegunda? Á að leyfa loðnuveiðar í flotvörpu, og á að binda slíkt leyfi einhverjum skilyrðum? Á algerlega að banna bolfiskveiðar í hringnót eða veiðar með smáriðinni ufsanót? Hver á möskvastærð þorskfiskneta að vera? Hvaða reglur eiga að gilda um netaveiðar? Á að banna að skilja net eftir í sjó, meðan siglt er til hafnar? Þarf að auka eftirlit með ástandi fiskistofna annars vegar og landhelgisgæzlu hins vegar? Hvaða reglur eiga að gilda um rækju-, humar- og skelfiskveiðar? Á að friðlýsa sérstök hrygningar- og/eða uppeldissvæði? Hvaða svæði, á hvaða tímum, fyrir hvaða veiðarfærum? Er rétt og hægt að koma við aukinni skiptingu veiðisvæða með tilliti til veiðarfæra?

Þetta er nokkur hluti af almennum spurningum, sem fiskveiðilaganefnd setti á blað, en mörg önnur sjónarmið komu þarna einnig til greina, sjónarmið t. d. um hin almennu friðunarsvæði allt í kringum landið, og að sjálfsögðu koma þarna einnig inn byggðasjónarmið, því að þessi mál öll eru mjög viðkvæm fyrir hinar einstöku byggðir allt í kringum okkar land. Ég vil einnig geta þess, að það olli nokkrum erfiðleikum í starfi fiskveiðilaganefndar, að staðið hafa yfir viðræður við Breta og Vestur-Þjóðverja, þar sem ákveðnar hugmyndir eða till. um friðun hafa verið fram settar, og var að sjálfsögðu erfiðara fyrir n. að móta sínar till. að þessu leyti, á meðan á því stóð, a. m. k. erfiðara að ganga frá þeim í frv.-formi.

Það varð því í fáum orðum sagt niðurstaða fiskveiðilaganefndar, að skynsamlegast væri að framlengja þau ákvæði, sem nú gilda um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, nú í nokkurn tíma. N. taldi rétt að framlengja þau í 4½ mánuð, þ. e. a. s. til 15. maí n.k. Hún lagði hins vegar til, að ákveðnar breytingar yrðu gerðar á þeim lögum, eins og nú hafa verið samþ. í hv. Nd. Mikilvægust af þessum breytingum er að mínu viti sú, sem felst í 4. gr., a.-lið, en samkv. þeirri gr. er sjútvrn. heimilað að loka ákveðnum veiðisvæðum, þar sem ætla má, að seiða- og smáfiskadráp sé í þeim mæli, að varhugavert og hættulegt geti talizt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Þetta getur sjútvrn. samkv. þessari gr. gert með tilskipun einni saman, m. ö. o. er reglugerð ekki nauðsynleg, og flýtir þetta að sjálfsögðu mjög fyrir framkvæmd slíkrar friðunar. Það var einnig í 4. gr., c-lið, lögð áherzla á það, að eftirlit með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar verði hert og sjútvrn. falið að beita sér fyrir því. Það er talið nauðsynlegt, að betur sé fylgzt með veiðarfærabúnaði skipanna og einnig allri framkvæmd og árangri á friðunarsvæðum.

Í 2. gr. þessa frv., eins og það nú liggur fyrir, er ákvæði, sem e. t. v. orkar tvímælis. Þar er ráðh. heimilað að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðh. bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, segir enn fremur, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri. Um þetta var allmjög rætt í n., en þessi varð niðurstaða n. að fenginni ítarlegri umsögn og eftir fund með fiskifræðingi þeim, sem mest hefur fjallað um loðnuveiðar. Var talið á þessu stigi a. m. k. óhætt að leyfa slíkar veiðar, enda yrði haft með þeim strangt eftirlit og sviptingu veiðileyfa beitt, ef út af væri brugðið.

Í 3. gr. er gerð sú breyting í lið C3, að opnað er svæði fyrir Suðausturlandi frá 12 mílum út að 50, sem annars mundi vera lokað, ef lög væru framlengd óbreytt að þessu leyti, því að í upphaflegu frv. er í raun og veru um það að ræða, að fyrri reglur um veiðar með botnvörpu eru færðar út að 50 sjómílna mörkunum. Það er ekki talið rétt, a. m. k. án þess að athuga málið langtum betur, að loka þessu svæði alveg út að 50 sjómílum, og er þar farið alveg eins að og í brbl. var gert með Vestfirði.

Ég hef nú rakið þau atriði, sem fela í sér breytingar að till. fiskveiðilaganefndar og öll hafa verið samþykkt óbreytt í hv. Nd. En eins og ég gat um áðan, lagði n. jafnframt til, að lögin væru framlengd til 15. maí 1973. Hæstv. sjútvrh. mun hins vegar hafa talið eðlilegra, að þau væru framlengd til 1. júlí 1973, og ákvað hv. sjútvn. þessarar d. að gera ekki athugasemd við það. Við föllumst á það sjónarmið hæstv. ráðh., að unnt er með endanlegum lögum að breyta þessu á ný, ef mönnum sýnist svo, þ. e. a. s. að færa þetta fram.

Ég vil að lokum geta þess, að nm. allir, leyfi ég mér að segja, í fiskveiðilaganefnd eru þeirrar skoðunar, að mjög ströng ákvæði um friðun beri að taka inn í íslenzk lög. Ég ætla ekki að rekja þau mörgu atriði, sem þar þarf eflaust að fjalla um. Hins vegar sýndist nm., að mjög væri erfitt að taka inn í þessi lög, sem aðeins gilda til skamms tíma, eitt af slíkum atriðum fremur en annað, því að líklegt væri, að þá opnaðist skriða, sem erfitt yrði að stöðva og gæti aðeins orðið málinu til trafala á þessu stigi.

Eitt er það ákvæði, sem ég vil vekja athygli hv. dm. á, sem ekki er í þessu frv., þar sem það ákvæði varðar ekki lög um botnvörpu og flotvörpu. Nm. voru þrátt fyrir það, sem ég sagði áðan, sammála um, að banna bæri bolfiskveiðar í hringnót. Ég vil leyfa mér að lesa,

með leyfi hæstv. forseta, síðustu mgr. í grg. fiskveiðilaganefndar, sem er stutt og er svo:

„Að síðustu ber að greina frá því, að n. varð sammála um, að nú þegar bæri að gera ráðstafanir varðandi bolfiskveiðar í hringnót. Var samþykkt í n. að beina þeim tilmælum til sjútvrh., að reglugerð um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl. verði breytt hið allra fyrsta, þannig að bolfiskveiðar í hringnót verði bannaðar. Þó skuli sjútvrn. heimilt að veita sérstakt leyfi til hringnótaveiða á bátum undir 50 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki s.l. tvö ár. Gildi sú heimild til ársloka 1973."

Svo vil ég að lokum endurtaka þá samþykkt sjútvrn., að hún mælir með því, að frv. í því formi sem það er nú, verði samþ. óbreytt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta mál er nú komið til hv. Ed. í nokkuð breyttu formi, sem skilmerkilega hefur verið gerð grein fyrir hér af frsm. n. og þarf ég ekki miklu við að bæta, þó að hér séu um mjög viðamikil mál að ræða, og að mínu mati er raunhæf og eðlileg hagnýting fiskimiða okkar út að 50 mílum eitt af mikilvægustu framtíðarmálum okkar Íslendinga. Ég vil undirstrika það við hv. þm., sem eru margir hér viðstaddir þessar umr., að það ber hverjum og einum að hugleiða með sjálfum sér, hvernig hann telur rétt að standa að því að hagnýta fiskveiðilögsöguna. Við verðum að horfast í augu við það innan skamms hver og einn að taka afstöðu í því máli. Og mér segir svo hugur um, eins og frsm. kom hér inn á áðan, að það muni vera uppi margar skoðanir og það fari ekki eftir pólitískum línum, heldur svæðum, hagsmunasamtökum og jafnvel mjög þröngum persónulegum hagsmunum, sem eru bundnir við atvinnu viðkomandi manns, hver afstaða hans verður. Hér er því um mjog viðkvæmt mál að ræða, en um leið eitt af brýnustu málum okkar varðandi framtíðaröryggi og því í eðli sínu mjög viðkvæmt og erfitt.

Við höfum fjallað um þetta mál í fiskveiðilaganefnd. Ég verð að segja það eins og er, að ég harmaði það nokkrum sinnum á fundum, hve málið gengi seint. Mér fannst málið þokast áfram ofur rólega. Það liðu t. d. þrjár vikur, og það var aðeins einn fundur haldinn, núna á þingtímanum í nóv. Þetta fundust mér allt of róleg vinnubrögð í svo miklu máli og vissi ekki hvers vegna það átti sér stað. Það voru líka vonbrigði hjá mér, að hæstv. sjútvrh. kom á fundinn og sagði, — ég held, að ég muni það algerlega orðrétt, — að ekki væri gerlegt að breyta um stærð eða tímamörk friðunarsvæða, sbr. reglugerðina, sem gefin var út í sumar. Ég varð fyrir vonbrigðum með þessi orð, þrátt fyrir það að við stöndum í umr. um fyrirkomulag og lausn á deilu okkar við Breta og Vestur-Þjóðverja, vegna þess að ég hafði alltaf skilið það svo, að númer eitt væri fyrir okkur og aðra, að við sýndum raunhæft og skynsamlegt mat á því, hvernig við ætluðum að hagnýta þetta nýja svæði utan 12 mílna, frá 12—50 mílna, varðandi botnvörpu og önnur hugsanleg veiðarfæri, þó fyrst og fremst botnvörpu. Ég vil ekki efna til deilna hér um þetta mál. En þessi orð hæstv. ráðh. hef ég hugleitt mjög, og ég veit ekki, hvað liggur að baki þeim. En mér finnst ástandið mjög alvarlegt í viðræðum við þessar grannþjóðir okkar, ef við höfum verið þvingaðir svo, að við getum ekki þrátt fyrir þetta ákvæði, sem er sett nú inn í 4. gr. þessara laga, sjálfir ákveðið eða breytt um þessi tímabundnu svæði, sem við höfum sett núna og eru fyrir Norðausturlandi í tvo mánuði og hér á Selvogsbanka. Við höfum ekki sjálfir aukið þau utan 12 mílna, því að það eru fyrst og fremst svæði innan 12 mílnanna, sem við erum að tala um hér. Það má ekki blekkja neinn í því efni. Það er greinilegt, þó að það standi ekki í frv. Ég hélt, að það hefði alltaf verið haldið þannig á málum, að skilyrðislaust mundum við krefjast þess, að ef við sæjum nauðsyn á að friða viss svæði, eins og lög opna núna heimild fyrir að gera utan 12 mílna, þá væri það skilyrðislaus krafa okkar, að þjóðirnar, sem við erum að tala við um lausn á þessu máli, fylgdu okkar fordæmi án átaka og vandræða og viðurkenndu þessi svæði, þó að það væri á móti þeirra hugmyndum um friðun og nýtingu á þessum svæðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að svæðin fyrir Norðurlandi og út af norðausturhorninu eru það svæði, sem sérstaklega minni skip Breta hafa mjög sótt á að vorlagi og sumarlagi, og það var allmörg ár staðreynd, að þeir tóku upp 75—80 fiska af hverjum 100, sem voru veiddir á þessu svæði, svo að það út af fyrir sig er gífurlegt skref í friðunarátt, ef við getum fært veiði þessara skipa út fyrir 50 mílur. Það segir sig sjálft. En samt sem áður er ég þeirrar skoðunar, að við þurfum einnig að taka upp lágmarksöryggisfriðun, sem ég kalla svo, á þessu svæði og víðar, og skal ég ekki fara nánar út í það. Það eru ekki tök á því núna, og ég vil ekki efna til neins orðaskaks í því sambandi. En ég vildi aðeins láta þetta koma fram og undirstrika það, að hver og einn þm. verður að hugleiða málið alvarlega, vegna þess að það má ekki veltast svona undan okkur mánuð eftir mánuð, þannig að við tökum ekki afstöðu í málinu.

Við höfum þegar friðað Faxaflóa fyrir botnvörpu. Við höfum þegar lagt kvaðir á útgerð, sérstaklega minni báta hér í Reykjavík, og hún verður að sækja miklu, miklu lengra en nokkrir aðrir aðilar á landinu. Uppi eru raddir um, sérstaklega varðandi minni báta á Breiðafirði, að Breiðafjörður verði tekinn eins. En svo eru aðrir, sem vilja ekki taka það skref að draga línu þvert fyrir Breiðafjörð. Þarna eru hagsmunaárekstrar. En ég segi fyrir mig, að ég tel skynsamlegt, að samræmi sé í friðunaraðgerðum hringinn í kringum landið. Það er ekki sanngjarnt að heimta af einu plássi algera friðun, en láta svo aðra leika lausum hala, ef svo má segja, skammt frá. Þá fáum við ofsókn á svæði, sem eru opin. Langæskilegast er, að álagshreyfingin sé sem jöfnust hringinn í kringum landið. Það er a. m. k. mitt álit.

Varðandi það atriði að opna hér fyrir loðnuveiði, þá er ég heldur tortrygginn á það að hleypa loðnutrollinu inn fyrir 3 mílurnar.

Samstaða er ekki um að hafa það í greininni, en ég féllst á þetta í trausti þess, að rn. muni fylgjast vel með og svipta bátana umsvifalaust leyfi, eins og stendur hér, ef bolfiskur kemur í loðnutrollið, því að það er alveg hliðstætt að vera nokkuð ákveðinn varðandi loðnutrollið eins og við erum allir ákveðnir á því, að notkun nótarinnar sé stöðvuð við bolfiskveiðar. Ég vil, að það komi hér fram, það hefur komið greinilega fram í n., og ég held, að frsm. hafi bara gleymt því, að við lítum svo á, að ríkissjóður baki sér skaðabótaskyldu með því að banna þegar í stað notkun eins veiðarfæris, því að það eru nokkrir bátar, þótt þeir séu ekki margir, sem eiga veiðarfærið og hafa notað það hér í litlum mæli fyrir Suðurlandi og Vesturlandi á undanförnum árum, — það eru fáir bátar. En þegar það er gjörbannað fyrirvaralaust, hlýtur því að fylgja einhver skaðabótaskylda að mínu mati og okkar í n. Ég vildi, að þetta lægi skýrt fyrir.

Einnig kynni að vera sú hætta, ef loðnutrollið bæri árangur hér við Ísland, að við kölluðum yfir okkur Norðmenn á veiðisvæði við Ísland einmitt á þessum tíma, því að þeir eru með stór skip, úthafsskip. Ef þeir færu að veiða loðnu rétt við 50 mílurnar og ausa henni upp í tugþúsunda tonna magni, eins og gert hefur verið við Noreg, kynni að vera neikvætt að leyfa þessa veiðiaðferð hér við land, — ég segi: kynni. Þeir hafa þegar náð góðum árangri á þessum stóru skipum við loðnuveiðar á úthafi, og það gæti verið tvíeggjað að auglýsa þessa veiði, vegna þess að loðnan er þarna feitust, um 5—6% feit, og eftirsóknarverðust núna í skammdeginu og fram í febrúar á svæði, sem sennilega er utan við 50 mílurnar. Hins vegar fáum við hana fljótt inn fyrir, þegar líður á árið, og þá mundum við sitja einir að henni. Ég vil aðeins, að þetta komi fram, vegna þess að ég tel, að afkastageta okkar í loðnuveiði sé svo mikil í nótina, að það orki tvímælis að vera að kalla yfir sig aðrar veiðiaðferðir og skapa vandræði á miðunum þess vegna. Við höfum því miður meira en nóg af þeim.

Þetta frv. er framlenging á lögum, sem voru upphaflega mótuð 1967. Þá var það málamiðlun, sem náðist. Ég var formaður í þeirri n., og hæstv. núv. sjútvrh. var þá líka í n. Við fórum víða um land og höfðum svipuð vinnubrögð á og nú í þessari n. Það var auðvitað viðkvæmt mál. Menn höfðu misnotað gildandi lög í skjóli skeytingarleysis. Þessi lög bættu verulega um, og sá mórall, ef ég má nota það orð, sem var ríkjandi á hafinu varðandi virðingu þeirra reglna, sem þar giltu, fór mjög batnandi. En í því hefur sigið á ógæfuhliðina aftur. Þær reglur, sem við þurfum að móta í framtíðinni, þurfa að vera einfaldari og ákveðnari, svo að hægt sé að framfylgja þeim, því að það er alveg gagnslaust að vera að setja upp svo flókið kerfi, að menn gefist upp við að fylgja því, — með mikilli tímaskiptingu, með mikilli stærðarskiptingu skipa o. s. frv. og mjög mikilli hólfaskiptingu. Þá verður þetta svo flókið, að fjöldi manna sinnir því ekki, og við höfum ekki nægan kraft til eftirlits. Það er nú einu sinni staðreynd, að við getum ekki elt hvern einasta mann uppi og tryggt eðlilegt aðhald í þessu efni.

Hér segir í 4. gr., c-lið, að sjútvrh. skuli beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar. Ég tel mjög mikilvægt, að það sé einn aðili og þá eðlilegt, að það sé sjútvrn., sem hvetji til sem bezts aðhalds í þessu efni. En auðvitað hlýtur samstarf milli dómsmrn. og sjútvrn. að vera mjög náið í þessum málum og þarf að eflast miðað við reynsluna, sem verið hefur, því að eins og ég sagði áðan, þá er gagnslaust að hafa reglurnar svo flóknar og miklar, að menn ráði ekki við að fara eftir þeim og brotin byrji á þessu í stórum stíl og skeytingarleysi ríki um framkvæmd varðandi sektarákvæðin.

Ég var þess mjög fýsandi í n., að lögin tækju gildi 15. maí, vegna vertíðarskipta. Ég skal ekki gera þetta atriði að ágreiningsefni, en ég undirstrika það enn einu sinni, að það er nauðsynlegt, að menn taki afstöðu í þessu efni, því að þetta er búið að vera ljóst svo lengi hverjum og einum, að það er tilgangslaust að ætla að fara að velta því endalaust fyrir sér. Það er alveg tilgangslaust. Við verðum að bera gæfu til þess að móta hér heildarfyrirkomulag. Það má deila um það, hve nákvæmt við eigum að hafa þetta í löggjöf. Ég er heldur hlyntur því, að við eigum að hafa, eins og segir í 4. gr., ákvæði, er heimilar ráðh. að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að þrengja veiðisvæðin og tryggja þar með aukna vernd. En það er greinilegt, að landsmenn vilja, a. m. k. næstu 2—3 árin, taka á sig nokkurt álag til þess að tryggja aukna vernd, þ. e. a. s. minni sókn botnvörpuskipa nærri landi en verið hefur.

Að svo mæltu vil ég ekki lengja þessar umr. meira né stofna til orðaskaks um málið. Ég vildi bara undirstrika það, að hv. alþm. gerðu sér grein fyrir því, að hér er um mál að ræða, þar sem allar pólitískar línur brotna meira og minna og margir hringja til manna með og móti þessu og hinu ákvæðinu og eru að skýra sín sjónarmið. Ég vil því vekja enn einu sinni athygli þeirra á því, að þeir munu sjálfsagt verða varir við slíkt, þegar líður á febrúarmánuð, að sjónarmiðin eru misjöfn og hagsmunirnir misjafnir. En við þurfum að bera gæfu til þess að móta hér þá stefnu, sem farsæl verður fyrir okkur í heild til lengdar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að árétta stuðning minn við þetta frv., og ég verð að segja það, að mér finnst, að þau friðunarsvæði, sem um getur, lýsi ekki þeim stórleik, sem við látum í veðri vaka, að við höfum í friðunarmálum og vernd fiskistofna. Við höfum vakið heimsathygli nú upp á síðkastið einmitt fyrir þessi friðunarsjónarmið og það er ekki nokkur vafi á því, að það verður litið til okkar með vaxandi athygli, ekki aðeins varðandi útfærslu landhelgi, heldur ekki síður varðandi það, hvernig við sjálf stöndum að okkar friðunarmálum innan landhelginnar. Hins vegar, eftir að hafa verið á einum fundi fiskveiðilaganefndarinnar, er mér alveg ljóst, að hér er um mjög viðkvæmt og erfitt mál að ræða. Við lítum á þessa löggjöf hér sem bráðabirgðafyrir-

brigði, og ég vænti þess, að við megum eiga von á víðtækari löggjöf, sem taki verulega aukið tillit til friðunarsjónarmiða. Ég gleðst yfir því, að það eru komnar inn víðtækar heimildir fyrir sjútvrn. til þess að gripa til friðunar, ef fullkomin nauðsyn er á, og ég vona, að þess verði ekki langt að bíða, að við getum með sanni sagt, að við gætum þess, að ekki sé ofveiði á okkar ungviði, og enn fremur, að við verndum betur okkar hrygningarsvæði og hrygningarstaði heldur en nú er raunin á. Þetta er okkar framtíðarmál, því að okkur gagnar ekki að hafa stóra lögsögu, ef við vanrækjum að vernda ungviðið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 241).

Efri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 38. fundi.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 144, n. 230). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum. N. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Ekki hefur unnizt tími til að prenta nál., en nm. allir hafa undirritað nál. þetta, sem ég lýsti nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shhlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 232, n. 244). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 frá 15 marz 1965, um launaskatt. Efni þessa frv. var það, er það kom hér fyrst til meðferðar í þinginu, að endurnýja ákvæði um launaskatt og þá fyrst og fremst um 1½% launaskatt, sem rennur í ríkissjóð, en það ákvæði á að ganga úr gildi nú um áramótin, og var því þörf á því að endurnýja það, ef ætlunin væri, að það stæði áfram. Jafnframt var gerð sú breyt. með frv., að þessir tveir skattstofnar, sem í því eru, þ. e. a. s. 1% í byggingarsjóð ríkisins og 1½% í ríkissjóð, voru sameinaðir, þannig að það var hreinlega sagt í 1. mgr. 1. gr., að launaskatturinn skyldi vera 2½%. Það fór svo aftur á móti í Nd., að talið var ástæðulaust að láta þetta ákvæði hafa varanlegt gildi, eins og upphaflega var ráðgert, og Nd. breytti frv. á þann veg, að launaskatturinn gildir aðeins til ársloka 1973. En þá skilja menn, að orðið hefur sú breyting á, að ákvæðið um 1% launaskatt í byggingarsjóð ríkisins er nú einnig orðið tímabundið og gildir aðeins í eitt ár, sem ekki var áður, þannig að þar er hætt við, að ekki sé um mikla bragarbót að ræða, eins og upphaflega var ráðgert. Í n. komu fram ábendingar um, að þetta væri sem sagt hæpin ráðstöfun, en það var samdóma álit nm., að ekki væri samt ástæða til þess, að Ed. færi að gera breytingu í þessa átt, enda skammt orðið eftir til jóla, og þá þyrfti málið að fara aftur til Nd. Það er augljóst mál, að þörf er á því að endurskoða tekjustofna af þessu tagi í heilu lagi og þá gæfist tækifæri til að lagfæra þetta atriði.

N. mælir sem sagt einróma með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Nd., en tveir nm. hafa undirritað nál. með fyrirvara, Geir Hallgrímsson og Jón G. Sólnes.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti Ég vildi aðeins gera grein fyrir þeim fyrirvara, sem við Jón G. Sólnes, hv. 2. þm. Norðurl. e., höfum í sambandi við nál. þetta. Við mælum með samþykkt þess með þeim fyrirvara, sem við byggjum á yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að því er tekur til notkunar á þessum tekjustofni, 1½% launaskatti, að hann verði nýttur eins og áður til niðurgreiðslna á neyzluvörum almennings, er inn í vísitölu ganga. Við teljum einnig til bóta að þessu leyti, að gildistími skattsins er eingöngu til loka ársins 1973. Á hinn bóginn er það til baga, að hið sama gildir um fastan tekjustofn til byggingarsjóðs ríkisins, 1% launaskatt, sem þannig er um leið tímabundinn. Það teljum við að vísu ástæðulaust. En með vísun til þess, sem hér hefur áður verið sagt af hv. frsm., er ekki ástæða til að gera brtt. af þessu tilefni við þetta frv., og með vísun til þeirrar grg., sem ég hér hef gefið, munum við greiða atkv. með frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég skrifaði undir með fyrirvara, vegna þess að ég vildi láta það koma fram vegna yfirlýsingar hæstv. fjmrh. í Nd., að ég er hlynntur því, að þetta 1½% fari í niðurgreiðslur og vitna í orð síðasta ræðumanns hér varðandi þann þátt og þarf ekki að hafa orð mín fleiri í þessu efni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, eins og aðrir, sem hér hafa talað. En ég vil lýsa því yfir, að ég mun ekki greiða þessu frv. atkv. Það er ýmislegt, sem má færa hæstv. ríkisstj. til ámælis, og ég ætla ekki að fara að rifja það hér upp. En eitt er það, sem hún við ýmis tækifæri temur sér. Það er að leitast við að framlengja og gera varanlegt sumt af því, sem fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, gerði til bráðabirgða, og svo hins vegar að

brjóta niður eða gera tímabundið það, sem fyrrv. ríkisstj. , viðreisnarstjórnin, vildi hafa varanlegt. Það er nú svo, að í þessu frv. kemur hæstv. ríkisstj. fram í sinni lökustu mynd að þessu leyti, því að um leið og hún er að framlengja enn einu sinni ráðstafanir, sem viðreisnarstjórnin gerði tímabundnar, þ. e. a. s. 1½% launaskattinn, þá er hún að brjóta niður og gera tímabundið það, sem viðreisnarstjórnin vildi hafa viðvarandi, þ. e. a. s. 1% launaskattinn til byggingarsjóðs ríkisins. Ég held, að 1½% launaskatturinn á atvinnuvegina hafi verið algerlegt neyðarúrræði og hafi ekki átt rétt á sér nema um takmarkaðan tíma, þar sem um bráðabirgðaráðstafanir var að ræða. Nú er hins vegar svo ástatt, að hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir og segir, að hún sé að gera varanlegar ráðstafanir í efnahagsmálunum, og þá á ekki jafnframt að gera ráðstafanir, sem í eðli sínu eru bráðabirgðaráðstafanir. En látum þetta vera, og ég mundi ekki hafa greitt atkv. á móti þessu frv. af þessum ástæðum einum. En ég get ekki annað en greitt atkv. á móti frv. eins og það er, ef það þýðir, að varanlega er breytt frá því ástandi, sem áður var, að byggingarsjóður ríkisins hafði fastan tekjustofn, þar sem var launaskatturinn. Að mínu viti má ekki veikja eða gera óöruggan á neinn hátt þennan tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins, vegna þess að þetta er mikilvægasti tekjustofn hans og hefur verið um mörg ár.

Það hefði verið næst mínu skapi að bera fram brtt. við þetta frv. á þá leið, freista þess að koma því til leiðar, að ákvæðið um byggingarsjóð ríkisins verði varanlegt, eins og hefur verið, en ákvæðið um 1½% skattinn í ríkissjóð verði tímabundið. Skil ég hér á milli. En með því að við erum nú á síðustu klukkutímum þingsins, tel ég, að við það sé ekki rétt að grípa til þess ráðs að bera nú fram brtt. þessa eðlis. En mér mundi þykja það nokkur bragarbót í þessu efni, ef hæstv. fjmrh. vildi lýsa því yfir hér, að hann muni beita sér fyrir því, að þessi mikilvægi tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins verði ekki í neinu skertur eða veiktur eða gerður óviss og lagaákvæði um hann verði sett í sama form og verið hefur, þ. e. a. s. að þessi tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins verði ekki tímabundinn. Ef hæstv. ráðh. sér sér fært að gefa slíka yfirlýsingu, mun ég láta ógert að greiða atkv. gegn frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti: Út af ummælum hv. 5. þm. Vestf. vil ég segja það í sambandi við þetta lagafrv., að það var á engan hátt ætlun ríkisstj. að gera ákvæðið um launaskattinn til byggingarsjóðs ríkisins að bráðabirgðaákvæði. Við 1. umr. þessa máls í hv. Nd. lýsti ég því yfir, að ég gæti með glöðu geði fallizt á að endurnýja til bráðabirgða eða eins árs þann þátt skattsins, sem átti við í sambandi við dýrtíðarráðstafanirnar, sem gerðar voru árið 1970, og byggður var á því, að sömu greiðslum er haldið og þá voru upp teknar, eins og ég gerði grein fyrir áðan. Hins vegar, þegar n. hafði gengið frá málinu á þann veg, sem hér er gert í frv., alveg án samráðs við mig þar um, þá var ég, eins og hv. 5. þm. Vestf., ekki undir það búinn að fara að tefja málið með því að láta breyta því í þá átt, sem ég þó reyndar hefði getað gert í hv. Nd., ef mér hefði verið kunnugt um það í tæka tíð. Hins vegar skal ég lýsa því yfir, að ef ég undirbý þetta mál fyrir næsta þing, þá skal þessi tekjustofn verða fastur tekjustofn. Ég skal segja meira. Ég skal tilkynna ráðuneytisstjóranum í fjmrn. um þessa yfirlýsingu mína og biðja hann að sjá um, að þannig verði frá málinu gengið, ef það kemur hér fram aftur á þingi, sem það gerir alltaf sem tekjustofn byggingarsjóðsins. Það er ekki á bak við þetta nein hugsun um að skerða þann sjóð, enda held ég, að flestum sé kunnugt um, að sú leið væri lítt fær, nema þá að önnur fylgdi þar til úrbóta. Þetta er ekki komið inn af því, heldur af því einu, að hv. fjhn. Nd., þegar hún gekk frá þessari breytingu, þá gekk hún frá frv. í heild, vegna þess að í 1. gr. frv. var þessu blandað saman af hálfu rn.

Þessa yfirlýsingu er mér ljúft að gefa, því að það er ekki ætlunin að skerða á neinn hátt þennan tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 224 (sbr. 115)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er ástæða til að harma það, hversu seint þetta frv. kemur til kasta hv. Ed. Ástæðan fyrir því er sú, að um þetta mál urðu nokkrar deilur í Nd., þ. e. a. s. um ýmis atriði, sem tengdust þessu frv., en þeim deilum lauk þannig í kvöld, að það koma hingað til hv. Ed. þau atriði þess, sem allir voru sammála um í Nd. Þannig að ég vona, að hér verði ekki um það ágreiningur, heldur aðstoði hv. alþm. við það, að þetta frv. geti orðið að lögum, vegna þess að í því eru ákvæði, sem óhjákvæmilegt er að lögfesta fyrir áramót, ef ekki eiga að hljótast af mjög veruleg vandræði.

Þetta frv. var samið af sérstakri n., sem er starfandi á vegum heilbrn.- og trmrn. og heldur áfram að starfa. Í henni eru fulltrúar fyrir alla þingflokka, þannig að ég hygg, að þau atriði, sem í frv. felast, hafi verið kynnt þingflokkunum. En þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, gegnir fyrst og fremst því hlutverki að afnema endanlega einstaklingsgreiðslur til lífeyris- og sjúkratrygginga og greiðslu sveitarfélaga til lífeyristrygginga. Í l. nr. 96 frá 1971 voru þessar greiðslur felldar niður vegna ársins 1972, og er því nauðsynlegt að ákveða með lögum fyrir árslok 1972, hvernig fara skuli með þessar greiðslur framvegis. Þetta er meginefni frv. Eins og allir hv. þm. gera sér vafalaust ljóst, er nauðsynlegt, að um þetta verði sett ný ákvæði, og þau ákvæði eru sem sé samin af n., sem í eiga sæti fulltrúar allra þing-

flokka, og um þessi atriði varð enginn ágreiningur í Nd.

Minni háttar atriði eru þarna, sem ég hygg, að ekki sé heldur ágreiningur um, til að mynda það, að tryggingaráði sé heimilt að greiða einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, sambærileg laun og mæðrum, svo og einstæðu fósturforeldri.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ákvæði 37. gr. gildandi laga um sjúkrasamlög í sýslum og kaupstöðum komi að fullu til framkvæmda.

Þetta er meginefni frv., eins og það liggur fyrir hér, og ég hygg, að ég þurfi ekki að skýra þetta frv. nánar, enda er naumast tími til þess. En ég vil vinsamlegast fara þess á leit við hv. alþm., að þeir afgreiði þetta frv. sem lög frá Alþ., enda þótt tíminn sé orðinn svo naumur sem raun er á.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., kl. 11.20 síðdegis

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 144). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (þskj. 246).

Launaskattur, frv. (þskj. 232). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 247).

Almannatryggingar, frv. (224 (sbr. 115), n. 242)). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan:) Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar og mælir einróma með því, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir eftir þær breytingar, sem Nd. gerði á því. Allir nm. hafa skrifað undir nál., en því hefur ekki verið útbýtt hér í d., en það var sem sagt einróma samþ. í nefndinni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. sagði áðan, erum við öll sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd. En vegna þess að ég er einn af þeim nm., sem voru með í því að útbúa þessar lagabreytingar, langar mig til að fara örfáum orðum þar um.

Að mestu leyti er hér um atriði að ræða, sem í raun og veru var búið að lögfesta sem bráðabirgðaákvæði eða þurfti að breyta fyrir árslok vegna laga, sem áður höfðu verið sett. Þó voru tvær veigamiklar efnisbreytingar í þessu frv., sem fram kom.

Önnur þeirra var um að breyta 2. gr., sem mikið hefur verið um rætt hér, þ. e. a. s., að breyta því ákvæði tryggingalaganna, að sýslumenn og bæjarfógetar skyldu fara með umboð Tryggingastofnunar ríkisins úti á landi. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa haft tryggingaumboðin frá upphafi og lögum samkv. skyldir til að gegna þessum störfum frá 1950. Nú hefur orðið veigamikil breyting á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, ekki sízt þegar á að fara að breyta sjúkrasamlögunum, stækka þau mjög, fækka þeim, breyta þeim í svonefnd sýslusamlög, og að ýmsu öðru leyti hefur starfsemin breytzt og aukizt mjög mikið. Okkur fannst því í þessari n., að það væri ekki óeðlilegt, þótt á báða bóga gæti komið upp það sjónarmið, að æskilegt væri að hafa þetta ekki lagaskyldu, að Tryggingastofnunin gæti beinlínis skyldað sýslumenn og bæjarfógeta til að taka þetta að sér, heldur yrði það að vera hagkvæmnisatriði og sem sagt, að það væri eitthvað lausara á báða bóga. Hins vegar var hv. Alþ. ekki ánægt með 2. gr. í þessu frv., eins og hún kom frá okkur, og á henni hefur orðið veigamikil breyting, þannig að valdið er lagt í hendur tryggingaráðs að ákveða, hvar umboðin skuli vera úti á landi. Nú er ekki nokkur vafi á því, að víða úti um land mun vera hagkvæmast fyrir Tryggingastofnunina að hafa umboðin hjá sýslumönnum og bæjarfógetum. Í öðru lagi er mjög líklegt, að ýmis embætti hafi beinlínis búið sig undir að hafa þessi umboð framvegis, enda tel ég nokkuð öruggt, að á bak við þetta liggi ekki það, að algerlega verði skipt um og stofnuð sérstök tryggingaumboð, heldur að möguleiki sé til þess, ef annar hvor aðili er óánægður, að þá sé hægt að breyta þarna um. Nú er þessi 2. gr. orðin þannig, að allir hafa getað orðið sammála um, að þetta væri vel orðað, og má fagna því, að þetta deilumál er úr sögunni.

Í öðru lagi er hér um nokkrar réttarbætur fyrir karlmenn að ræða, að þeir geta nú hlotið mæðralaun, eins og segja má.

Ég vildi líka geta þess, að þetta frv. er ekkert endanlegt frá þessari n. Hún hefur ekki starfað lengi og hafði rætt ótalmörg önnur atriði tryggingal., og ætlazt er til þess, að frá henni komi, jafnvel á þessu þingi, frekari breyt-

ingar á almannatryggingal. Svo viðamikill lagabálkur sem hér um ræðir þarf í rauninni stöðugt að vera í endurskoðun, enda hefur það sýnt sig, að l. hefur mjög oft verið breytt, og enn þá er þó margt eftir, sem við þurfum að lagfæra.

Ég vildi aðeins minnast hér á örfá atriði, sem komið hafa til orða hjá okkur, verið rædd nokkuð í n., án þess að þau séu enn komin fram, og er þar þá fyrst hið viðfræga tryggingarákvæði, sem valdið hefur miklum umr. Þetta ákvæði um tekjutryggingu var sett inn í frv., af fyrrv. ríkisstj., en kom ekki til framkvæmda fyrr en núv. ríkisstj. tók til starfa. Við framkvæmd þessa ákvæðis hafa komið ýmsir annmarkar í ljós, m. a. sú leiðindastaðreynd, að þótt öryrkjar og gamalmenni vinni 4 tíma á dag, við skulum segja allt upp í hálfan vinnudag, þá er ekki þar með sagt, að þeir beri neitt úr býtum, heldur fari vinnulaun þeirra beint til Tryggingastofnunar ríkisins, vegna þess að þá fellur tekjutryggingarákvæðið niður, og er þá oft, að hinar venjulegu örorkubætur að viðbættum vinnulaunum rétt aðeins ná tekjutryggingunni. Þar með sýnir það sig, að þeir hafa aðeins unnið til þess að greiða sitt kaup til baka í Tryggingastofnuninni eða ríkissjóði. Það er auðsjáanlegt, að lagfæringar þurfa að fást á þessu, en þó er hér um mikið vandamál að ræða, því að tekjutryggingin er mjög mikil nauðsyn í einhverju formi, meðan við getum ekki gert okkur þær háu hugmyndir, að við getum haft venjuleg ellilaun og örorkubætur sem fullnægjandi framfærslulífeyri.

Í öðru lagi er það staðreynd, að þrátt fyrir okkar fullkomnu sjúkrasamlög og góðu þjónustu þar, verða vissir sjúklingar að greiða mjög háar upphæðir í lyfjakostnað árlega, og þetta getur oltið á mörgum tugum þúsunda. Hér er um að ræða lyf, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið tekin inn í kerfið, þannig að sjúkrasamlögin greiða ekki þessi lyf, enda þótt þau séu talin vissum sjúklingum nauðsynleg. Þarna er t. d. um að ræða bæði asmasjúklinga og exemsjúklinga, þar sem mörg ný lyf koma árlega, en aftur á móti tekur oft langan tíma að koma þeim hér á lyfjaskrá, þannig að þau séu greidd niður af sjúkrasamlögum. Við höfum rætt þetta allmikið og komumst að þeirri niðurstöðu, að líklega væri skynsamlegast, að hver sjúklingur greiddi aldrei hærra en einhverja vissa upphæð á ári. En um þetta voru ekki komnar fullar upplýsingar, þannig að þetta var ekki tekið með inn í frv. okkar nú.

Enn fremur hefur verið rætt um, að bætur yrðu í framtíðinni miðaðar við einhverja ákveðna prósenttölu af ákveðnum launaflokki eða ákveðnum daglaunataxta. Þetta er mál, sem ég hreyfði hér í upphafi fyrra þings og öryrkjafélög hafa mikinn áhuga á, en þetta er enn á undirbúningsstigi. Enn fremur er fleira, sem varðar fatlaða, þar sem við erum enn þá alllangt á eftir okkar nágrönnum, en ætlunin er að lagfæra nú og reyna að bæta, svo sem möguleikar eru á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild 41. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 19. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 224 (sbr. 115)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 249).

Sameinað þing, 33. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Hv. Alþ. hefur undanfarna daga og jafnvel vikur fjallað um efnahagsvanda þann, sem Íslendingar eiga nú við að glíma. Þó er það svo, að Ísland er hluti af veröldinni, og við getum ekki látið okkur litlu skipta, þegar annars staðar gerast stór og voveifleg tíðindi. Enn berast austan úr Suðaustur-Asíu þær fréttir, að Bandaríkjamenn hefja loftárásir á Norður-Vietnam, og daglega fara þangað yfir 100 risaþotur og varpa niður mörg þúsundum sprengna á dag. Þetta er þeim mun hörmulegra, þar sem vikuna fyrir forsetakosningar í Bandaríkjunum lá fyrir, að friðarsamningur lægi tilbúinn og vantaði einungis undirskriftir. Nixon forseti taldi þó rétt að bíða með undirskriftirnar fram yfir kosningar, en ég hygg, að hann hafi á þessari forsendu, að friður væri í nánd í Vietnam, unnið nokkuð á í kosningunum í Bandaríkjunum.

Nú hins vegar einum mánuði síðar hefjast mestu loftárásir, sem hafa átt sér stað í öllu þessu hörmulega stríði. Ég vil minna sérstaklega á, að Íslendingar fengu nú nýlega samþykktan hjá Sameinuðu þjóðunum rétt strandríkja til auðæfa á hafsbotni og yfir hafsbotninum, og öflugasta sveit þjóða, sem veittu þeim stuðning, voru þjóðir hins svokallaða þriðja heims. Íslendingar hljóta að hafa samstöðu með þessum þjóðum í þeim málum, sem þessar þjóðir skiptir miklu. Ég vil því á þessari stundu vekja máls á því, hvort ekki væri rétt af Íslendingum að láta í sér heyra í þessu máli. Norðurlandaþjóðirnar

hafa gert það að meira eða minna leyti. T. d. hefur danski forsrh. fordæmt þessar loftárásir, og jafnvel eindregnar stuðningsþjóðir Bandaríkjanna hafa látið í ljós miklar áhyggjur af þessu framferði Bandaríkjamanna. Hér vakir alls ekki fyrir mér að fordæma bandarísku þjóðina, heldur hitt, sem hér um ræðir, að stefna Nixons forseta í þessu máli er að mínu viti með öllu forkastanleg.

Þetta mál er alls ekkert einkamál Bandaríkjanna, og ég tel það tilhlýðilegt af Íslendingum, sem eru þó í hernaðarbandalagi með Bandaríkjunum, að láta í ljós skoðun sína á þessu máli og geta þannig lagt sitt litla lóð á vogarskálina, til þess að þessir hörmulegu atburðir geti ekki haldið áfram endalaust. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh., hvort ekki væri æskilegt og eðlilegt, að íslenzka ríkisstj. beindi þeim tilmælum til Bandaríkjamanna að láta af þessum loftárásum og láta í ljós andúð Íslendinga á þessu háttalagi þeirra í Austurlöndum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í tilefni af því, sem hv. 3. landsk. hefur hér nú sagt um loftárásir Bandaríkjamanna í Víetnam, vil ég aðeins segja örfá orð. Það veldur vissulega bæði áhyggjum og vonbrigðum, að Bandaríkjamenn skuli nú, svo skömmu eftir forsetakosningarnar, hafa gripið til stórfelldra loftárása á Norður-Víetnam. Fyrir aðeins örfáum vikum gerðu menn sér vonir um það, að stjórnmálaleg lausn á vandamálum víetnömsku þjóðarinnar væri að nást, og menn litu björtum augum til framtíðarinnar í þessu tilliti. En nú hefur skipazt veður í lofti á svo hryggilegan og hörmulegan hátt sem raun ber vitni og hv. þm. gerði grein fyrir.

Ríkisstj. hafði þetta mál til meðferðar á fundi sínum í morgun. Þar var utanrrh. falið að hefja undirbúning að því í samráði við utanrmn., að íslenzka ríkisstj. og íslenzka ríkið viðurkenndi stjórn Norður-Víetnams á sama hátt og stjórnir t. d. Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs hafa þegar gert. Mun ég að sjálfsögðu taka þetta mál fyrir í utanrmn., strax og tóm vinnst til að hafa þar nefndarfund. En auk þess hef ég ákveðið að kalla til mín bandaríska sendiherrann hér, hef þegar gert ráðstafanir til þess, til þess að tjá honum áhyggjur og vonbrigði okkar Íslendinga og íslenzku ríkisstj. með framvindu mála í Víetnam.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil bara segja frá því, að ég er hæstánægður með svar hæstv. utanrrh. og fagna því mjög, hve ríkisstj. er jákvæð í þessu efni, og tel það í anda þeirrar nýju og djörfu stefnu í utanríkismálum, sem þessi ríkisstj. hefur staðið fyrir.

Endurskoðun fræðslulaga, þáltill. (þskj. 180). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Félagsheimili, þáltill. (þskj. 204). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vantraust á ríkisstjórnina, (þskj. 207). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1973, frv. (þskj. 187, n. 201, 190, 217, 218, 219).

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Þegar 2. umr. um fjárlög fór fram, hafði fjvn. ekki afgreitt tekjuhlið frv. og ýmis erindi voru óafgreidd. Síðan hefur n. haldið 5 fundi, og eru fundir n., auk funda í undirnefndum, þá orðnir samtals 43. Flyt ég meðnm. mínum sérstakar þakkir fyrir lipurð við mig og skjóta lokaafgreiðslu í n. við erfiðar aðstæður, þegar mikið var um að vera við önnur verkefni í þinginu samtímis. Liggja nú fyrir annars vegar sameiginlegar till. n. á þskj. 217 og 238 um afgreiðslu á ýmsum erindum og heimildartill. og hins vegar till. meiri hl. n. um tekjuhlið frv. og þær breytingar á útgjöldum ríkissjóðs, sem leiðir af nýgerðum efnahagsráðstöfunum.

Í nál., sem meiri hl. fjvn. gaf út fyrir 2. umr., segir svo með leyfi hæstv. forseta: „Eins og fyrr er getið í nál. þessu, er ljóst, að stjórnvöld munu grípa til sérstakra efnahagsaðgerða til að tryggja atvinnuöryggi og hallalausan ríkisbúskap. Af þeim aðgerðum hlýtur afgreiðsla fjárl. að markast, og gerir meiri hl. n. því á þessu stigi ekki till. um breytingar á tekjuhlið frv."

Þessar efnahagsaðgerðir hafa nú verið framkvæmdar. Brtt. meiri hl. n. og afgreiðsla frv. markast annars vegar af þeim og hins vegar af því, að nú í lok des. liggja ljósar fyrir upplýsingar um ýmis atriði á tekjuliðum en um gat verið að ræða, þegar tekjur voru áætlaðar við samningu frv., en þá var byggt á þjóðhagsspá eins og hún stóð í júlí s. l.

Á fundi fjvn. s. l. þriðjudag mættu frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins þeir Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri og Ólafur Davíðsson hagfræðingur. Gerðu þeir nm. itarlega grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun, en till. meiri hl. n. á þskj. 218 eru í samræmi við þá endurskoðuðu áætlun að öðru leyti en því, að tekjur af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eru í till. meiri hl. n. áætlaðar 20 millj. kr. hærri, en fram kom hjá fulltrúum frá hagrannsóknadeild, að forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar teldi, að þær yrðu hærri en komið hefði fram í áætlunum hagrannsóknadeildar.

Það helzta, sem ég tel ástæðu til að greina frá af því, sem fram kom í grg. hagrannsóknadeildar fyrir hinni nýju tekjuáætlun, er þetta.

Endurskoðaðar hafa verið þjóðhagsspár fyrir næsta ár á grundvelli síðustu talna um þróun efnahagsmála í ár og með tilliti til efnahagsráðstafana stjórnvalda. Þeir þættir þessarar spár, sem hafa mest áhrif á tekjur ríkissjóðs, eru spáin um innlenda almenna verðmætaráðstöfun, sem nú er gert ráð fyrir, að aukist að krónutölu um 14—15%, en að magni til um 2½—3% og almennan vöruinnflutning, sem nú er gert ráð fyrir, að aukist að krónutölu um 22—23%, en að magni til um ½—1%. Meginforsendur þessarar áætlunar, að því er varðar kaupgjald og verðlag, eru þessar:

Ekki er gert ráð fyrir öðrum grunnkaupsbreytingum á árinu en 6% hækkuninni hjá verkalýðsfélögunum og 7% hækkuninni hjá BSRB 1. marz og þannig ekki reiknað með hugsanlegum áhrifum kjarasamninga í nóv. 1973.

Þá er gert ráð fyrir því, að vegna verðhækkana, bæði í kjölfar gengisbreytinga og vegna annarra atvika, muni kaupgjaldsvísitalan verða að meðaltali 122½ stig á árinu 1973.

Þá er búizt við því, að meðalhækkun verðlags á árinu 1973 frá ársmeðaltali 1972 verði 12—13%. Hins vegar er spáð um 18% hækkun ráðstöfunartekna heimilanna.

Forsendur nýrrar áætlunar fjárl. um álagningu tekju- og eignarskatta á næsta ári eru að öllu leyti hinar sömu og í fjárlagaáætlun frv. Á grundvelli innheimtureynslu mánaðanna jan. til nóv. í ár má búast við heldur betri innheimtu en í fyrra, en sú innheimtureynsla var grundvöllur innheimtuspár fyrir næsta ár. Ef áætlað innheimtuhlutfall í ár er notað sem forsenda um innheimtu tekju- og eignarskatta á næsta ári, má hækka fjárlagaáætlun tekju- og eignarskatta um 110 millj. kr. frá frv.

Almennur vöruinnflutningur til októberloka í ár nam 14 489 millj. kr. cif., sem er tæplega 16% aukning frá sama tímabili í fyrra. Á sama tíma námu tolltekjur í ríkissjóð án skuldaviðurkenningar tollfrjálsra aðila 3454 millj. kr., og er það aukning um 14½% frá árinu áður. Er tollhlutfall fyrstu 10 mánuði ársins í ár aðeins lægra en á sama tíma í fyrra. Miðað við innheimtu tolla í nóv. og fyrstu 10 dagana í des. má búast við, að almennur vöruinnflutningur í ár verði um 18 250 millj. kr. cif., sem er aðeins undir síðustu spá hagrannsóknadeildar um almennan vöruinnflutning á árinu. Tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 4391 millj. kr., í fjárl. 4423 millj., þannig að tollhlutfall í ár verður rúmlega 24% eða svipað og í fyrra. Spákaupmennska síðustu daga kann að lyfta þessum tölum eitthvað, svo og flýting „cleareringar" við gengisbreytingar.

Samkv. þeim drögum að þjóðhagsspá næsta árs, sem sett eru upp hér að framan, má búast við almennum vöruinnflutningi cif. um 27 000 millj. kr., og miðað við sama tollhlutfall og í ár eru tolltekjur ríkissjóðs nú áætlaðar 5515 millj. kr. á árinu 1973.

Innheimtur söluskattur í ríkissjóð til nóvemberloka nam 3965 millj. kr., og á öllu árinu má búast við um 4390 millj. kr. innheimtu eða 11 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við forsendur þjóðhagsspár hér að framan um aukningu almennrar innlendrar verðmætaráðstöfunar má gera ráð fyrir, að söluskattsstofn hækki um 14½% milli áranna 1972 og 1973, en í áætlun fjárlagafrv. var þessi hækkun um 9½%. Af þessum sökum er nú spáð, að innheimtur söluskattur í ríkissjóð verði á næsta ári 5020 millj. kr., sem er 278 millj. kr. hærri upphæð en í fjárlagafrv.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins er samkv. áætlun hagrannsóknadeildar 2055 millj. kr. á næsta ári, en var í fjárlagafrv. áætlaður 1655 millj. kr. Ástæða þessarar hækkunar er sú, að ákveðið er og hefur verið framkvæmt nú, að hækka söluverð áfengis um 30% og tóbaks um 25%. Áhrif þessarar hækkunar á tekjur ríkissjóðs metur hagrannsóknadeild samkv. reynslu undanfarinna ára af samhengi verð- og magnbreytinga. En eins og till. meiri hl. n. bera með sér, leggur hann til, að þessar tekjur verði áætlaðar 2075 millj. kr., eða hækki um 420 millj. kr. frá fjárlagafrv.

Ákveðið er að hækka tekjur vegasjóðs á næsta ári, þannig að benzíngjald hækki um 2 kr. á lítra og aðrir tekjustofnar vegasjóðs, gúmmígjald og þungaskattur, hækki í sama hlutfalli. Tekjuauki vegna þessa er áætlaður af hagrannsóknadeild þannig: benzíngjald 171 millj., gúmmígjald 14 millj. og þungaskattur 45 millj., samtals 230 millj.

Önnur gjöld, sem breytast frá fjárlagafrv., eru m. a. slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, sem hækka um 45 millj. kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar. Sú breyting var samþ. við 2. umr. fjárl.

Tekjur af sölu gjaldeyris hækka um 27 millj. kr., fyrst og fremst vegna gengisbreytingarinnar, en einnig vegna hærri grunns í ár en áður var áætlað.

Launaskattur er óbreyttur frá fjárlagafrv., þrátt fyrir að spáð er meiri launahækkun á næsta ári en í forsendum frv. Á móti þessu vegur, að innheimtur launaskattur í ár verður sennilega nokkru minni en áætlað var í sumar. Af þessum sökum er ekki við því að búast, að launaskattur næsta árs reynist hærri en spáð er í fjárlagafrv. þrátt fyrir meiri launahækkanir.

Ýmis smærri gjöld, sem fylgja almennum verðlags- og kaupgjaldsbreytingum, hækka nokkuð frá frv.

Ég hef þá rakið það helzta, sem fram kemur í grg. hagrannsóknadeildar fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun, sem liggur til grundvallar till. meiri hl. fjvn. að öllu öðru leyti en því, eins og ég sagði áðan, að gerð er till. um að áætla tekjur af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins 20 millj. kr. hærri.

Rek ég þá till. meiri hl. fjvn. um breytingar á einstökum tekjuliðum, og eru það þá fyrst skattar. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 3 millj. kr. í 133 millj. 700 þús. Byggingarsjóðsgjald hækkar um 30 þús. kr. í 1 millj. 337 þús., eignarskattur félaga um 4.8 millj. í 171.8 millj., byggingarsjóðsgjald um 48 þús. í 1 millj 718 þús., tekjuskattur einstaklinga um 92 millj. í 4116 millj., byggingarsjóðsgjald um 920 þús. í 41 millj. 160 þús., tekjuskattur félaga um 10 millj. í 442 millj., byggingarsjóðsgjald um 100 þús. í 4 millj. 420 þús. Aðflutningsgjöld í heild hækka um 366 millj., þar af renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 18 millj., svo að aðflutningsgjöld, sem renna til ríkissjóðs, hækka um 348 millj., og aðflutningsgjöld í ríkissjóð verða þá í heild 5515 millj. Tollstöðvargjald hækkar um 2 millj. 80 þús. í 29 millj., byggingarsjóðsgjald af innflutningi um sömu upphæð, í 29 millj. líka, innflutningsgjald af benzíni um 171.5 millj. í 875 millj., gúmmígjald um 14.5 millj. í 66 millj. Innflutningsgjald af bifreiðum lækkar um 1.8 millj. í 235 millj. Gjald af innlendum tollvörum hækkar um 1.2 millj. í 167 millj. Söluskattur í heild hækkar um 302 millj. Af þeirri hækkun renna 24.5 millj. til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sá söluskattur, sem rennur í ríkissjóð, hækkar um 577.5 millj. og verður 5019 millj. 500 þús. Rekstr-

arhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar hækkar um 420 millj. í 2075 millj. Gjald af seldum vindlingum hækkar um ½ millj. í 15.2 millj. Ferskfiskmatsgjald hækkar um 700 þús. í 19.2 millj. Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum lækkar um 200 þús. í 12.5 millj. Og iðnaðargjald lækkar um 800 þús. í 8.3 millj. Stimpilgjald hækkar um 14 millj. í 230 millj. Aukatekjur hækka um 2.6 millj. í 43 millj. Þinglýsingar hækka um 3 millj. í 88 millj. Bifreiðaskattur hækkar um 45.5 millj. í 267 millj. Skoðunargjald bifreiða hækkar um 1 millj. í 15.2 millj. Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 27 millj. í 145 millj. Leyfisgjald lækkar um 500 þús. í 11 millj. Þá koma arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum. Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn, hækkar um 12 millj. í 67.4 millj. og fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli hækkar um 10 millj. í 52.2 millj. Þá koma ýmsar tekjur. Dráttarvextir hækka um 8 millj. í 28 millj. og sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs hækka um 7 millj. í 27 millj.

Ég hef þá rakið breytingar á tekjuhlið samkv. till. á þskj. 218, og kem ég þá að brtt., sem meiri hl. fjvn. flytur við 4. og 6. gr. frv.

Þar er fyrst till. um, að 628 millj. kr. verði varið til hækkana á 4. gr., þ. e. a. s. til launahækkana um 4.7% vegna áætlaðrar hækkunar kaupgjaldsvísitölu og 12% hækkunar gjalda, sem leiðir af nýrri gengisskráningu íslenzkrar krónu. Hér er um að ræða rekstrarliði stofnana í A-hluta, annarra en þeirra, sem standa undir rekstrinum með eigin tekjum eða föstum tekjustofni, svo og lánahreyfingar. Heildarupphæðin skiptist þannig á einstaka gjaldaflokka: laun 200 millj., önnur rekstrargjöld 102 millj., viðhald 13 millj., vextir 17 millj., sendiráð og alþjóðlegar stofnanir án launa 11 millj., lífeyristryggingar án fjölskyldubóta 44 millj., sjúkratryggingar 162 millj., aðrar tilfærslur 56 millj. Þetta gerir samtals 615 millj., síðan koma lánahreyfingar 13 millj., samtals 628 millj.

Meginforsendurnar, sem notaðar eru við þennan útreikning, eru þessar: Hækkun erlends gjaldeyris 12%, hækkun kaupgjaldsvísitölu 4.7% og hækkun verðlags, er á við almenn rekstrarútgjöld ríkisins, 7.5%. Laun eru almennt hækkuð um 4.7%, en það svarar til þess, að kaupgjaldsvísitalan verði að meðaltali 122.5 stig á árinu 1973, og laun í sendiráðum eru hækkuð um 12%. Önnur rekstrargjöld eru umreiknuð á þeirri forsendu, að 70% þeirra séu erlendir liðir, sem hækkaðir eru um 12%, og 30% séu liðir, sem háðir séu almennu innlendu verðlagi, og eru þeir hækkaðir um 7.5%. Viðhald er umreiknað á þeirri forsendu, að 60% sé launahluti, sem hækkar um 4.7%, og 40% sé innflutningshluti, sem hækkar um 12%.

Lífeyristryggingar, að frátöldum fjölskyldubótum, eru hækkaðar um 54 millj. kr., og er þá byggt á áætlaðri hækkun kauplags, en á móti er tekið tillit til þess, að útgjöld lífeyristryggingannа í fjárlagafrv. munu allverulega ofáætluð, eins og reynslan í ár bendir til. Sjúkratryggingar: hér er miðað við útgjaldasamsetningu á ríkisspítölunum og framangreindum útreikningsaðferðum beitt, en síðan meðalhækkun útgjalda, sem er 6.3% beint á sjúkratryggingarnar í heild.

Aðrar tilfærslur hækka um 56 millj. kr. og er hér um að ræða stofnanir í B-hluta, sem að hluta fá framlag úr ríkissjóði, bæði rekstrarfyrirtæki, svo sem þjóðleikhús, og sjóðir, sem standa þurfa skil á erlendum skuldum.

Loks er gert ráð fyrir, að framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki um 23 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar til að vega upp aukinn kostnað erlendis í ísl. kr.

Þá er till. um, að útgjöld vegna útflutningsuppbóta verði áætluð 105 millj. kr. lægri en í frv. Grundvöllur þessarar nýju áætlunar er annars vegar sá, að útflutningsverðmætið hækkar í ísl. kr. frá því, sem áður var áætlað, vegna gengisbreytingarinnar, og hins vegar hafa náðst hagkvæmir samningar um útflutning kjöts til Norðurlanda.

Lagt er til, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 374 millj. kr. vegna hækkana á fjölskyldubótum frá þeirri upphæð, sem við var miðað í frv. Er þá gert ráð fyrir, að fjölskyldubæturnar verði 13 þús. kr. á barn á ári eða jafnháar og nú eftir síðustu hækkun í nóv. Nemur þá framlag til fjölskyldubóta alls 970 millj. kr. á ársgrundvelli í stað 596 millj. kr. í frv.

Þá er till. um að lækka framlag í ríkisábyrgðasjóð um 35 millj. kr. í 71 millj. Er þar m. a. stuðzt við reynsluna í ár, en hún bendir til þess, að fjárveitingin sé ofáætluð í fjárlagafrv. Þar við bætast ráðstafanir í fjármálum hafna: annars vegar það, að samkv. fjárveitingum á árinu 1973 er miðað við að greiða upp skuldir ríkissjóðs við hafnasjóði, og hins vegar fyrirhugaðar ráðstafanir samkv. sérstakri lántökuheimild að upphæð 40 millj. kr., sem till. er flutt um á þskj. 217 og sérstaklega er ætluð til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnasjóða, sem verst eru settir.

Þá koma tvær till. um ráðstöfun á þeirri fjárhæð, sem fæst með hækkun á benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi, 232 millj. kr., og rennur til Vegagerðar ríkisins: Annars vegar 177 millj. á liðinn gjaldfærður stofnkostnaður og hins vegar 55 millj. á liðinn yfirfærslur til sveitarfélaga.

Lagt er til, að útgjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði hækki um 126 millj. kr., og er það ásamt aukningu fjárveitinga til fjölskyldubóta hluti af framhaldi verðstöðvunar. Til að halda niðurgreiðslum á núverandi stigi út allt árið 1973 er hins vegar áætlað af hagstofunni, að vanti 492 millj. kr. Á þessu stigi hefur ekki verið tekin ákvörðun um, hvernig með þau mál skuli farið, en m. a. þess vegna flytur meiri hl. fjvn. till. um heimild fyrir ríkisstj. til lækkunar á útgj. fjárl. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að lækka fjárveitingar til greiðslu rekstrarkostnaðar rn., ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á árinu 1973, sem ekki er bundið af l. um allt að 15% að jafnaði, ef ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum, eða ætla má, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Tilflutningur lækkunarinnar milli fjárlagaliða innan sama rn. er heimill. Verði fé fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skulu þær fjárveitingar geymdar til ársins 1974."

Mun ég þá í stuttu máli rekja þær till., sem n. flytur öll sameiginlega á þskj. 217 og 238, en um afstöðu til einstakra till. á þeim þskj. gilda að sjálfsögðu sömu fyrirvarar og við 2. umr. af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn. og fulltrúa Alþfl. í n.

Er þá fyrst menntmrn. Við heimspekideild Háskóla Íslands þarf að gera ráð fyrir, að stundakennsla, sem innt hefur verið af hendi vegna veikindaforfalla prófessors, verði föst kennsla, og er því gerð till. um, að launaliður hækki um 60 þús. kr. — Þá er lagt til, að veittur verði 100 þús. kr. styrkur vegna ráðstefnu, sem ákveðið er að halda um íslenzkar fornsögur í Reykjavík í ágúst 1973. Árið 1971 var haldin í Edinborg áramóta ráðstefna, sem 150 manns víðs vegar að sóttu, og gert er ráð fyrir, að þessa ráðstefnu í sumar muni sækja um 200 erlendir gestir. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi mun annast framkvæmd ráðstefnunnar, sem haldin verður á vegum Háskóla Íslands.

Lagt er til, að framlag til Rannsóknaráðs ríkisins verði hækkað annars vegar um 650 þús. kr. til starfsáætlunar, sem drög hafa verið gerð að og nær til ársins 1976. Samkv. henni er gert ráð fyrir að auka verulega þann þátt í starfsemi stofnunarinnar, sem lýtur að eflingu vísinda og tækniþróunar, nýtingu fjármagns og mörkun heildarstefnu. Enn fremur er lagt til, að framlag verði veitt til áframhaldandi landgrunnsrannsókna, 10 millj. kr. á árinu 1973.

Þá er lagt til, að framlag til byggingar menntaskóla á Ísafirði hækki um 6 millj. kr. í 27 millj. — Lagt er til, að framlag til byggingar lýðháskóla í Skálholti hækki úr 4 millj. í 5 millj. Gerð er till. um að veita 300 þús. kr. til undirbúnings byggingu gagnfræðaskóla í Garðahreppi, en till. þessi féll niður, þegar framlög til gagnfræðaskólabygginga voru afgreidd við 2. umr.

Styrkur til útgáfustarfsemi hækkar um 750 þús. kr. Er þá m. a. gert ráð fyrir, að eftirtaldar breytingar verði á einstökum framlögum: Hið íslenzka bókmenntafélag, framlag hækkar um 50 þús. kr. í 450 þús. Héraðsskjalasöfn, framlög til hvers safns verði 20 þús. í stað 10 þús. áður. Til Kvennaskólans í Reykjavík, nýr liður vegna afmælisrits, 165 þús., en árið 1974 eru 100 ár liðin frá stofnun skólans. Hér er um að ræða fyrstu greiðslu af þremur. Sögufélagið, framlag hækkar um 100 þús. kr. í 600 þús. kr., en útgáfa alþingisbókanna verður að mestu kostuð af Alþ., þótt Sögufélagið annist áfram útgáfuna. Þá er við það miðað, að samtök ungra rithöfunda fái 75 þús. kr. Hér er um að ræða stuðning við þessi samtök, til þess að þau geti keypt Offsetfjölritunartæki ásamt fylgitækjum, en þessi samtök hyggjast koma á fót vinnustofu, þar sem höfundar geti unnið sjálfir að gerð bóka sinna, en það gæti stuðlað að því, að bækur þeirra yrðu ódýrari. Framlag til Náttúrufræðifélagsins hækkar um 25 þús. í 100 þús., en félagið gefur út tímaritið Náttúrufræðinginn. Þá er lagt til, að af liðnum til útgáfustarfsemi verði 300 þús. kr. veittar til Harðar Ágústssonar í því skyni, að hann geti tekið leyfi frá skólastjórastörfum og ritað sögu íslenzkrar húsagerðar, en á árunum 1960—1966 ferðaðist hann um landið og safnaði gögnum um allt, sem máli skiptir um forna íslenzka hibýlamennt, og á árunum 1965—1968 kannaði hann heimildir í íslenzkum skjalasöfnum. Gert er ráð fyrir, að um verði að ræða 3 bindi, fyrsta bindið verði um torfbæinn, annað um torfkirkjuna og þriðja um timburhúsaöld. Við það er miðað, að þessi fjárveiting, 300 þús. kr., sé hin fyrsta af þremur. Við afgreiðslu fjárl. í fyrra var samþ. 150 þús. kr. fjárveiting til Ólafs Ragnars Grímssonar lektors til söfnunar heimilda um íslenzk stjórnmál. Lagt er til, að sú fjárveiting verði nú hækkuð um 50 þús. kr. Jöklarannsóknafélag Íslands gefur út tímaritið Jökul. Lagt er til, að fjárveiting til útgáfunnar hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. Þá er við það miðað, að Sögufélag Borgfirðinga fái 50 þús. kr. til útgáfu á Æviskrám Borgfirðinga, það er nýr liður, enn fremur, að veittar verði 100 þús. kr. til að skrá sögu Múlasýslna, og er lagt til, að útg.styrkur til Þjóðvinafélagsins hækki um 50 þús. kr. í 250 þús. Eins og venjulega munu ýmsir tímabundnir útgáfustyrkir falla niður, og miðað er við, að ýmsir, sem hér hafa ekki verið tilgreindir, verði óbreyttir, en heildarupphæð hækki, eins og áður sagði um 750 þús. kr.

Við Þjóðminjasafn er gert ráð fyrir, að viðhaldskostnaður hækki um 200 þús. kr. Þar er um að ræða fjárveitingar til viðgerðar á gamla torfbænum að Keldum. Liðurinn yfirfærslur til sveitarfélaga hjá Þjóðminjasafni hækki um 175 þús. kr. Er þá miðað við eftirfarandi breytingar á framlögum til einstakra aðila: Framlag til Heimilisiðnaðarsafns austurhúnvetnskra kvenna hækki um 25 þús. kr. í 75 þús. Hér er um að ræða greiðslu á hluta af stofnkostnaði við að útbúa safnhús fyrir heimilisiðnaðinn. Til safnastofnunar Austurlands verði veittar 100 þús. kr. Þetta er nýr liður. Aðild að þessari stofnun eiga sveitarfélögin á Austurlandi, og er meginmarkmið þeirra að vinna að skipulegri uppbyggingu safna á Austurlandi og samræma störf þeirra aðila, sem að þessum málum vinna á svæðinu. Gert er ráð fyrir, að héraðsskjalasafninu á Ísafirði verði veittar 50 þús. kr. til að gera skrá um nálega 20 þús. ljósmyndir, að langmestu leyti mannamyndir í plötusafni Björns Pálssonar ljósmyndara, sem var myndasmiður á Ísafirði á árunum 1891—1915. Miðað er við, að framlag til endurbyggingar á húsi Bjarna riddara Sívertsens í Hafnarfirði hækki um 50 þús. kr. Hækkanir og nýir liðir samkv. þessu nema samtals 450 þús. kr., en jafnframt falla niður greiðslur af þessum lið, miðað við árið 1972: til Auðkúlukirkju 75 þús. kr., til Kirkjuvogskirkju 150 þús. kr. og til Búrfellskirkju 50 þús. kr. eða samtals 275 þús. kr., þar sem þessir tilteknu liðir eru með þessar fjárveitingar annars staðar í fjárlagafrv., þ. e. a. s. undir liðnum Þjóðkirkja hjá dóms- og kirkjumrn. Liðurinn hækkar þá í heild um 175 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til menningarsjóðs hækki um 1 millj. kr. Með breytingum á l. um sjóðinn í apríl 1971 var samþykkt, að aðaltekjustofn hans, sektir fyrir brot á áfengislöggjöfinni, skyldu frá 1. jan. 1972 verða tekjustofn ríkisins, en menningasjóði þess í stað veitt fé á fjárl. Samið var um það á þessu ári, að óinnheimtar sektir, 7.5 millj. kr., skyldu verða eign ríkisins gegn því, að ríkið greiddi menningarsjóði 3 millj. kr., þannig að helmingur greiddist

á árinu 1972, en hinn helmingurinn á næstu tveimur árum. Vegna þess að framlag það, sem sjóðnum er ætlað á fjárlagafrv., hefur í för með sér tekjurýrnun frá fyrri árum, er þessi till. um 1 millj. kr. hækkun í framlagi gerð.

Vegna tveggja nýrra tónlistarskóla og eins skóla, sem ekki var gert ráð fyrir, að hæfi starf á þessu ári, þarf að hækka framlag til tónlistarskóla um 575 þús. kr. Hér er um að ræða tónlistarskóla á Ólafsfirði, Grindavík og á Eskifirði.

Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að til leikfélaga utan Reykjavíkur verði veittar 2.2 millj. kr. Auk þess eru Bandalagi ísl. leikfélaga ætlaðar 450 þús. Þessir tveir liðir eru samtals 2 millj. 650 þús. kr. En fjvn. leggur nú til á þskj. 217, að þessir liðir tveir verði sameinaðir í einn og fjárveiting hækkuð um 850 þús. kr. í 3.5 millj. Er þá við það miðað, að af þessari upphæð fái Leikfélag Akureyrar 1½ millj., Bandalag ísl. leikfélaga ½ millj. og önnur áhugamannaleikfélög 1½ millj.

Framlag til listasafna er hækkað um 75 þús. kr. í 700 þús. — Framlag til Ungmennafélags Íslands er hækkað um 100 þús. kr. í 1.3 millj. — Framlag til dagheimila, byggingarstyrkir, er hækkað um 150 þús. kr. Sú viðbót skiptist á tvo aðila, sem hafa ekki hlotið byggingarstyrk áður, þ. e. a. s. Bolungarvík og Sjómannadagsráð vegna barnaheimilis að Hrauni í Grímsnesi. — Á heimildagr. er svo till. um heimild til fjárveitinga vegna nýrra dagheimila í samræmi við væntanlega lagasetningu um fjárstuðning ríkisins við slíkar byggingar. — Þá er gerð till. um, að framlag til Hlíðardalsskóla í Ölfusi hækki um 100 þús. í 600 þús. kr.

Hinn 18. maí s. l. var samþ. á Alþ. þáltill., þar sem ríkisstj. var falið að leggja fram á þessu þingi till. um fjárhæð, sem næmi sem næst andvirði söluskatts af bókum, er rynni til rithöfunda og höfunda fræðirita eftir reglum, sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda. Í samræmi við þessa samþykkt Alþ. er nú lagt til, að gert verði ráð fyrir 12 millj. kr. upphæð á fjárl. í þessu skyni.

Auk þeirra brtt., sem varða menntmrn., og ég hef hér rakið, er gerð till. um, að tveir liðir, sem við 2. umr. voru settir á þetta rn., verði nú færðir yfir á utanrrn., þ. e. annars vegar framlag til aðstoðar við þróunarlöndin og hins vegar framlag til Flóttamannaráðs Íslands. — Þá er lagt til, að utanrrn. verði veitt 1 millj. kr. til þess að geta innt af hendi þjónustu í markaðsmálum.

Lagt er til, að framlag til Tilraunastöðvarinnar á Akureyri verði hækkað um 200 þús. kr., en framlag til þeirrar stöðvar hefur dregizt nokkuð aftur úr framlögum til annarra tilraunastöðva á undanförnum árum.

Framlag til Skógræktar ríkisins hækkar um 750 þús. kr., þar af um 250 þús. kr. vegna Skógræktarfélags Íslands, sem er þá um leið styrkir til skógræktarfélaga úti á landi, en um 500 þús. kr. vegna skóggræðslu, en framlag til skóggræðslu nemur þá 13 millj. 22 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Veiðimálaskrifstofu hækki um 370 þús. kr., þar af rekstrargjöld um 270 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 100 þús.

Þá er till. um, að styrkur til Hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ hækki um 25 þús. kr. í 75 þús. og framlag til aðstoðar við bændur hækki um 2 millj. í 5 millj. kr., en þessi upphæð er á núgildandi fjárl. 10 millj. — Lagt er til, að framlag á fjárl. til Landverndar, félags áhugamanna um náttúruvernd tvöfaldist og verði 300 þús. kr.

Þá er ein till. varðandi dóms- og kirkjumrn. Lagt er til, að hækkuð verði áætlun um launaútgjöld á vinnuhælinu að Kvíabryggju um 866 þús. kr. Er nauðsynlegt talið að auka gæzlu vegna breyttrar notkunar þess, þar sem þar eru nú aðallega vistaðir menn með fangelsisdóma. Óhjákvæmilegt er talið að hafa þar fleiri en einn mann við vörzlu eftir vinnu og um helgar.

Enn fremur er ein till. varðandi félmrn. Lagt er til, að veittar verði 500 þús. kr. til Kaupmannasamtaka Íslands til menntunar hagræðingarráðunauts fyrir smásöluverzlunina, en hliðstæð fyrirgreiðsla hefur öðrum aðilum vinnumarkaðarins verið veitt af hálfu ríkisins á undanförnum árum.

Þá eru brtt. varðandi heilbmrn. Lagt er til, að veittar verði 700 þús. kr. til læknisbústaðar á Blönduósi. Þar er um skuldagreiðslu að ræða. Á þskj. 217, till. nr. 28 varðandi þetta atriði, er um skekkju að ræða, þessi upphæð er þar sett á sjúkrahúsliðinn, en á að vera á b-lið, þ. e. a. s. til læknisbústaða. Enn fremur er lagt til, að veitt verði 1½ millj. kr. til læknamiðstöðvar á Akureyri, fyrri greiðsla af tveimur, og að framlag til Hjartaverndar verði hækkað um 1 millj. kr. í 6 millj.

Þá eru till. varðandi fjmrn. Lagt er til, að varið verði 3 millj. 200 þús. kr. til kaupa á íbúð fyrir skattstjóra Vestfjarðaumdæmis á Ísafirði. Liðurinn styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, lækkar um 70 þús. kr. og liðurinn styrktarlaun og ýmis eftirlaun, ekkjur, hækkar um 93 þús. kr. Skrá um einstakar greiðslur, sem falla niður, breytast eða bætast við, kemur fram á þskj. 217.

Þá eru till. varðandi samgrn. Liðurinn: Vegagerð, framl. til einstaklinga, heimila og samtaka, hækkar um 228 þús. Hér eru um að ræða styrki til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Þá er miðað við, að eftirtaldar breytingar verði til hækkana hjá einstökum aðilum: Hótel Bjarg, Búðardal, 30 þús. kr., þ. e. nýr liður. Gistihúsið Hólmavík, framlag hækki um 20 þús. kr. í 50 þús. Og rekstrarstyrkir til Flókalundar og Bjarkarlundar hækki samtals um 250 þús. kr. í 750 þús. Enn fremur er gert ráð fyrir, að veittar verði til Flókalundar 100 þús. kr. í byggingarstyrk. Þá er gert ráð fyrir, að styrkur til ábúanda að Fornahvammi hækki um 180 þús. kr.

Lagt er til, að veitt verði framlag til hafnarbóta í Hrísey, 300 þús. kr., en þessi till. mun hafa fallið niður við 2. umr.

Þá eru brtt. varðandi iðnrn. Framlag til Landssambands iðnaðarmanna 700 þús. kr. er tekið upp að nýju og er jafnhátt og í núgildandi fjárl. Lagt er til, að framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækki um 1½ millj. og veittar verði 3 millj. kr. til frekari tilrauna og athugana í sam-

bandi við fyrirhugaða saltvinnslu á Reykjanesi.

Ég hef þá lokið við að rekja einstakar brtt. aðrar en við heimildagr. Ég vil þó, áður en að 6. gr. kemur, geta þess í framhaldi af því, sem ég greindi frá við 2. umr. í sambandi við nálega 30 millj. kr. útgjaldaaukningu sjúkratrygginga, blóðbanka og skrifstofu ríkisspítalana vegna starfsliðsaukningar, að nú liggur fyrir nánari sundurliðun í þessu efni. Er við það miðað, að fjölgun þessa starfsliðs skiptist þannig: Vegna vinnutímastyttingar 52 nýjar stöður, vegna nýrra deilda og nýrrar þjónustu 63 stöður, vegna eldri deilda og þjónustuaukningar 44¾ úr stöðu, eða samtals fjölgun 159¾ úr stöðu. Áætlaður kostnaður á árinu 1973 er 30 millj. 331 þús. kr., og á árinu 1974 vegna þessa starfsliðs, sem sumt kemur til starfa eftir mitt ár 1973, eru áætlaðar 54 millj. 472 þús. kr. Eftir stofnunum skiptist starfsliðsaukningin þannig: Landsspítali 77¼ úr stöðu, Fæðingardeild 13 stöður, Kleppsspítali 15 stöður, en hér er um að ræða viðbót við þá aukningu, sem kemur fram í sjálfu fjárlagafrv., Vífilsstaðahæli 25 stöður, Kópavogshæli 23½ staða, Blóðbankinn 2 stöður og skrifstofa ríkisspítalanna 4 stöður.

Er þá komið að till. um heimildir til ríkisstj., og er þá fyrstu till. lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 40 aura af hverjum seldum vindlingapakka. Í fjárl. ársins 1970 var þessi upphæð miðuð við 25 aura og í fjárl. ársins 1972 er hún líka miðuð við 25 aura, en var áður 40 aurar. Þessi breyting hefur komizt inn fyrir einhvern misskilning, og er ætlunin að leiðrétta það með þessari till.

Þá er till. um: Að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast eða veita lán úr ríkissjóði til Norðurstjörnunnar h/f í Hafnarf., allt að 8.9 millj. kr., í sambandi við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. — Að selja sendiherrabústaðinn í Brüssel og verja söluandvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði í staðinn og taka í því sambandi annars vegar bráðabirgðalán að upphæð 14 millj. belgískra franka, sem endurgreitt verður við sölu núv. húsnæðis, og hins vegar að taka lán til 10 ára, að fjárhæð 6 millj. belgískra franka. — Að taka lán, að upphæð allt að 20 millj. kr., til kaupa á sameiginlegu húsnæði fyrir ýmsar ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði. Ég minntist á þetta mál hér við 2. umr., og hefur nú verið auglýst eftir húsnæði til þessara nota. — Að taka lán að upphæð allt að 100 millj. kr. til kaupa á nýju varðskipi. Það er í samræmi við nýsamþykkta þáltill. — Að taka lán að jafnvirði allt að 90 millj. Lúxemborgarfranka vegna framkvæmda í samgöngumálum á Austfjörðum og Norðurlandi. — Að selja eftirtaldar fasteignir Pósts og síma: Húsið Hafnarstræti 42, Seyðisfirði, Hafnarstræti 44, Seyðisfirði, eldra hús Pósts og síma á Reyðarfirði, húsið Þelamörk 10, Hveragerði, og eldra hús Pósts og síma á Þingeyri. — Að kaupa kvikmyndafilmur, heimildarmyndir um Ísland úr síðustu heimsstyrjöld, af Reyni Oddssyni kvikmyndagerðarmanni, ef samningar takast um kaupverð og greiðsluskilmála. Reynir Oddsson kvikmyndagerðarmaður hefur boðið ríkinu að kaupa nær 40 þús. fet af 75 mm kvikmyndafilmu. Myndir þessar tóku ýmsir aðilar á styrjaldarárunum síðari á Íslandi eða við Ísland, en filmunum safnaði Reynir saman á þremur árum. Fjvn. telur, að hér sé um að ræða merkilegar heimildir frá þessu tímabili, og telur rétt að stuðla að því, að kannað verði til hlítar, hvort viðunandi kjör fást, þ. e. kaupverð og greiðsluskilmálar, og leggur því fram þessa till., sem ég áðan las.

Þá er lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán allt að 30 millj. kr. til að hefja byggingu geðdeildar Landsspítalans. Ég gat um þetta mál við 2. umr. og skýrði þá frá því, að þessi till. yrði flutt við 3. umr. — Að verja allt að 1680 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlandsumdæmis vestra á Siglufirði. — Að selja prestsbústaðina Kirkjuhvol í Þykkvabæ og Aðalgötu 5, Ólafsfirði. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum vegna væntanlegrar virkjunar Blævardalsár í Nauteyrarhreppi. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum vegna virkjunar Sængurfoss í Húsadal í Reykjarfjarðarhreppi í Norður- Ísafjarðarsýslu, sem rekin verður af Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps. — Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 53 þús. Bandaríkjadollara fyrir Flugþjónustuna h/f vegna kaupa á flugvél. — Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, lán Loftleiða h/f erlendis að fjárhæð allt að 5 millj. Bandaríkjadollara. Loftleiðir munu eiga kost á því að fá lengingu á rekstrarlánum sínum erlendis, ef slík trygging er fyrir hendi. — Að greiða allt að 10 millj. kr. á árinu 1973 í framlög til byggingar dagvistunarheimila, barna- og elliheimila, ef lög um stuðning ríkisins við slíkar framkvæmdir verða sett á árinu og reglugerð gefin út. Verði heimild þessi ekki notuð, skal viðkomandi aðilum heimilt að hefja framkvæmdir og stofna til greiðsluskyldu ríkissjóðs á árinu 1974, enda fari undirbúningur fram í samráði við viðkomandi rn., fjárlaga- og hagsýslustofnunina og undirnefnd fjvn. — Að fella niður áhættugjald (ábyrgðargjald) samkv. l. nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir, af lánum til kaupa á skuttogurum samkv. l. nr. 40 1970, sbr. l. nr. 78 1972 og l. nr. 28 1972, þ. e. varðandi þann hluta lánsins, sem er umfram lán fiskveiðasjóðs. — Að ábyrgjast lán vegna Hafnabótasjóðs að upphæð allt að 30 millj. kr. vegna endurgreiðslu á eldri lánum sjóðsins. — Að taka lán að upphæð allt að 40 millj. kr. til að létta greiðslubyrði þeirra hafnasjóða, sem verst eru settir vegna langra lána. Ráðh. skal gera till. til fjvn. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu sjóðsins. Þessi heimild er í samræmi við bráðabirgðaákvæði í því frv. til hafnalaga, sem nú liggur fyrir Alþ. — Að festa kaup á Nesstofu ásamt hæfilegri lóð. — Að greiða allt að 20 millj. kr. vegna rekstrar togara á árinu 1972 samkv. reglum, sem ríkisstj. setur.

Auk þess er ein ábyrgðarheimild, sem nefndin hafði samþykkt að mæla með, en hefur fallið niður í prentun og kemur á sérstöku þskj., og fjallar hún um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Bandalag starfsmanna ríkis

og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimilis í Munaðarnesi, og er lánsupphæðin 50 millj. kr.

Verði brtt. á þskj. 217 og á því þskj. öðru, sem á eru till. frá fjvn., svo og till. samvn. samgm. á þskj. 201 um framlög til flóabáta, vöru- og fólksflutninga allar samþykktar, munu rekstrargjöld á fjárl. 1973 verða 21 milljarður 455 millj. 290 þús., tekjur 22 milljarðar 970 millj. 325 þús. og tekjur umfram gjöld 515 millj. 35 þús., lánahreyfingar út 525 millj. 305 þús., lánahreyfingar inn 36 millj. 576 þús., mismunur lánahreyfinga 488 millj. 729 þús. Greiðslujöfnuður ríkissjóðs yrði þá 26 millj. 306 þús.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samvn. samgm. hefur unnið að tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. N. hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Hann hefur að venju aflað upplýsinga um rekstur einstakra flóabáta og sat á fundum n. Í ljós hefur komið, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukizt mjög mikið, enda hafa fargjöld eigi hækkað s. l. 2 ár. N. hafði því samráð við viðkomandi rn. um, að fargjöld og farmgjöld yrðu hækkuð a. m. k. um 15% og fargjöld milli Reykjavíkur og Akraness yrðu hækkuð um 20%. Þrátt fyrir þessa hækkun, sem ætlazt er til, að rn. hlutist til um, að framkvæmd verði, hefur n. neyðzt til þess að hækka framlög til flóabátanna. Till. n. eru við það miðaðar, að tryggt sé, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum á milli héraða í landinu og til einstakra byggðarlaga, þar sem erfiðleikar eru á samgöngum.

Það kom fram í n., að það væri í raun og veru meiri upplýsinga þörf um rekstur bátanna og þyrfti að athuga um það, hvort ekki væri hægt að nota bátana meira en gert er, þar sem verkefni fyrir vissa tíma ársins eru í raun og veru ekki nægjanleg. N. varð sammála um að koma fram með till. um það, að mþn. yrði skipuð til þess að rannsaka þessi mál frekar. En að athuguðu máli kom í ljós, að það er varla gerlegt að flytja slíka till. í sambandi við afgreiðslu fjárl., og mælist því n. til þess við ríkisstj., að hún skipi mþn., sem athugi þessi mál á næsta ári, þannig að það liggi fyrir fyllri upplýsingar um þessi mál, þegar fjárl. verða til afgreiðslu næsta ár.

Undanfarin ár hefur styrkur verið veittur til nokkurra snjóbifreiða. Þeim umsóknum hefur farið fjölgandi. Viðkomandi byggðarlög telja brýna nauðsyn bera til þess, að rekstur snjóbifreiða sé styrktur af almannafé, m. a. vegna þess, að víða vantar héraðslækna og það getur því verið lífsnauðsyn, að byggðarlögin hafi ráð á snjóbifreið, ef flytja þarf sjúkling eða sækja lækni. N. hefur því eigi séð sér annað fært en að leggja til, þar sem staðhættir eru slíkir, að rekstur snjóbifreiða verði styrktur um 100—120 þús. kr. á bifreið og í einstaka tilvikum enn meira. Eru það eigi háir styrkir, þegar þess er gætt, að kaupverð snjóbifreiða mun vera um 1 millj. kr., auk þess sem rekstrarkostnaður og fyrning nemur verulegum fjárhæðum.

Norðurlandsbáturinn Drangur heldur aðallega uppi vetrarferðum um hafnarsvæði sitt. Síðan kaupstaðirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður fengu akvegasamband, þurfa þeir aðeins á ferðum bátsins að halda að vetrarlagi. Í vetur hafa verið mikil snjóalög fyrir norðan, þannig að Drangur hefur reynzt þessum kaupstöðum mjög nauðsynlegur. Báturinn heldur einnig uppi ferðum til Grímseyjar og fleiri staða norðanlands og norðaustanlands. Samkv. rekstrarreikningi bátsins virðist óhjákvæmilegt að hækka framlag til hans frá því, sem var á s. l. ári og leggur n. til, að framlagið hækki úr 3 millj. í 4.5 millj. Lagt er til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar hækki um 50 þús. kr. N. leggur enn fremur til, að veittur verði 200 þús. kr. styrkur til Strandabáts. Þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpavíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Lagt er til, að Hríseyjarbátur fái 300 þús. kr. í rekstrarstyrk og 200 þús. kr. í stofnstyrk. Enn fremur er lagt til, að styrktur verði rekstur nokkurra snjóbifreiða í Norðurlandsfjórðungi.

Lagt er til, að framlag til Mjóafjarðarbáts hækki um 70 þús. kr. Mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum vegna læknisþjónustu og til reglubundinna ferða yfir snjóþunga fjallvegi. N. leggur því til, að veittir verði rekstrarstyrkir til allmargra snjóbifreiða í þessum fjórðungi.

Vöruflutningar til hinna hafnlausu byggðarlaga í Vestur-Skaftafellssýslu eru mjög kostnaðarsamir, og hafa þeir því verið greiddir nokkuð niður undanfarin ár. Til þessara vöruflutninga voru veittar 1300 þús. kr. á s. l. ári. N. leggur til, að þessi styrkur verði hækkaður um 200 þús. kr. og verði 1500 þús. kr. árið 1973. Til vatnadreka á Skeiðará leggur n. til, að veittur verði 90 þús. kr. styrkur, og framlög til Vestmannaeyjabáts hækki um 100 þús. kr. og verði þá 800 þús. kr.

Rekstur Akraborgar, er heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur reynzt fjárhagslega örðugur. Horfur eru á, að svo verði einnig á næsta ári. N. ætlast til, að fargjöld hækki um 20% frá næstu áramótum að telja. En þrátt fyrir það telur hún óhjákvæmilegt að hækka rekstrarstyrk Akraborgar um 1300 þús. kr., eða úr 5.2 millj. í 6.5 millj. Akraborgin hefur mjög litla vöruflutninga. Tekjur hennar eru aðallega af fólksflutningum. Deila má um, hvort rétt sé að hafa jafnstórt og dýrt skip í rekstri milli nefndra staða, en eigi hefur orðið samkomulag í n. um að gera þar róttækar breytingar.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi á alltaf í fjárhagsörðugleikum. Verulegar skuldir hvíla á skipinu, og verkefnin eru of lítil. Hins vegar virðist óhjákvæmilegt að hafa bát til vöru- og fólksflutn. á Breiðaf., en þörf væri á, að athugun færi fram á, hvort báturinn gæti haft meiri verkefni. Reynist slíkt ekki gerlegt, væri athugandi, hvort ekki mætti komast af með bát, sem væri ódýrari í rekstri. Þyrfti slík athugun að fara fram á vegum rn., ef hún yrði framkvæmd af einstökum mönnum, sem til væru kvaddir. Báturinn fékk 5 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. kr. í byggingarstyrk á s. l.

ári, en n. álítur óhjákvæmilegt, að á næsta ári fái hann 8 millj. kr. í rekstrarstyrk og 2 millj. kr. í byggingarstyrk.

Djúpbáturinn Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. vegna mjólkurflutninga, þegar eigi er bílfært. Báturinn virðist vel rekinn. Hann fékk 3.5 millj. í rekstrarstyrk á s. l. ári, en það reyndist of lítill styrkur. Leggur n. því til, að hann fái 4.5 millj í rekstrarstyrk og 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði gegn því, að báturinn fari tvær ferði í viku, þegar þess gerist þörf vegna mjólkurflutninga. Undan því hefur verið kvartað, að báturinn komi ekki reglulega að ferjubryggju við Mjóafjörð. Úr þessu verður að bæta, enda ætti það að vera unnt, miðað við þá hækkun, sem lagt er til, að báturinn fái nú. Það hefur sérstaklega valdið vandræðum með mjólkurflutninga á þessum stað, þegar stopular ferðir hafa verið að Eyri.

N. þykir leitt, hvað framlög til báta hafa hækkað, en hún sér eigi fært að hafa till. sínar lægri vegna þess, að allur rekstrarkostnaður við bátana hefur stórhækkað s. l. 2 ár, og nemur sá kostnaðarauki 40—60%.

N. vill taka fram, að skilyrði fyrir því, að styrkur þessi verði veittur og greiddur, er, að rekstri bátanna verði hagað þannig í samráði við viðkomandi rn., að þjónustan við hinar dreifðu byggðir verði sem fullkomnust.

Mjög margir aðilar hafa beðið um rekstrarstyrk til snjóbifreiða. Hefur n. lagt til, að slíkir styrkir verði veittir, þar sem um mikil snjóþyngsli er að ræða, og þá einkum með tilliti til þess, að bifreiðarnar séu notaðar til að greiða fyrir læknisþjónustu.

Samkv. þessu leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða og vöruflutninga verði á árinu 1973 33 millj. 225 þús., og skiptist sú upphæð þannig: 1. Norðurlandsbátur 4.5 millj. kr. 2. Til Strandaferða 200 þús. 3. Hríseyjarbátur 300 þús. og til stofnkostnaðar vegna Hríseyjarbáts 200 þús. kr. 4. Grímsey vegna flugferða 300 þús. kr. 5. Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði 120 þús. kr. 6. Mjóafjarðarbátur 420 þús. kr. 7. Snjóbifreið í Vopnafirði 120 þús. kr. 8. Snjóbifreið á Fjarðarheiði 600 þús. kr. 9. Snjóbifreið á Fagradal 160 þús. kr. 10. Snjóbifreið á Oddsskarði 450 þús. kr. 11. Snjóbifreið í læknishéruðunum á Fljótdalshéraði 100 þús. kr. 12. Snjóbifreið í Borgarfirði eystra 120 þús. kr. 13. Snjóbifreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur 120 þús. kr. 14. Til vöruflutninga á Suðurlandi 1.5 millj. kr. 15. Til vatnadreka á Skeiðará 90 þús. kr. 16. Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga 800 þús. kr. 17. H/f Skallagrímur 6.5 millj. kr. 18. Mýrabátur 25 þús. kr. 19. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi 75 þús. kr. 20. Stykkishólmsbáturinn Baldur 8 millj. og til sama byggingarstyrkur 2 millj. 21. Langeyjarnesbátur 160 þús. 22. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 100 þús. kr. 23. Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 385 þús. kr. 24. Dýrafjarðarbátur 90 þús. kr. 25. Snjóbifreið um Botnsheiði 150 þús. kr. 26. Djúpbáturinn h/f Fagranes 4.5 millj., sama vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði 100 þús. kr. 27. Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði 100 þús. kr. 28. Til vetrarflutninga í Haukadal 50 þús. kr. 29. Snjóbifreið á Akureyri 120 þús. kr. 30. Vetrarflutningar á Lónsheiði 120 þús. kr. 31. Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker 200 þús. kr. 32. Snjóbifreið á Hólmavík 150 þús. kr., sama stofnstyrkur 200 þús. kr. 33. Snjóbifreið í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu 100 þús. kr.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. var fjarstaddur við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Garðar Sigurðsson skrifaði undir nál. með fyrirvara, en að öðru leyti var n. sammála um afgreiðslu málsins.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Svo sem kunnugt er, var ákveðið á síðasta þingi, að það kæmi í hlut menntmn. beggja þd. að gera till. um þá listamenn, sem skyldu fá sess í þeim flokki listamanna, sem eru í sérstökum hópi á fjárl. Gert er ráð fyrir því í samþykkt Alþ., að þessir listamenn megi vera allt að 12 að tölu. Á fyrri fjárl. voru þeir 11, en þau tíðindi gerðust á þessu ári, að tveir listamenn féllu frá, þeir nafnarnir Jóhannes úr Kötlum og Jóhannes Kjarval, þannig að þá voru í raun og veru þrjú sæti auð. Menntmn. komu saman tvívegis og urðu ásáttar um að leggja til, að þrír listamenn skyldu komast í þennan flokk, þ. e. a. s. listmálarinn Finnur Jónsson, skáldið Guðmundur Böðvarsson og rithöfundurinn Kristmann Guðmundsson. Það skal tekið fram sérstaklega, að n. var fullkomlega ljóst, að margir aðrir væru fullmaklegir þess að komast einnig í þennan flokk. En því miður var það ekki unnt, þar sem hér var einungis um þrjá listamenn að ræða. Af þessu leiðir, að frá menntmn. beggja d. liggur fyrir brtt. á þskj. 190, þar sem gert er ráð fyrir, að heiðurslaun listamanna hækki úr 1 millj. 925 þús. kr. upp í 2.1 millj.

Ég vil leyfa mér af þessu tilefni, þó að það sé e. t. v. nokkuð óvenjulegt sökum þess, að hér er mjög annríkt á þingi, en það hefur fjallað mikið um ýmiss konar tölur, að lesa aðeins fyrir þingheim örlitla pósíu í sambandi við þetta mál. Það er kvæði eftir Stein Steinarr, sem heitir: Að fengnum skáldalaunum.

Svo oft hef ég grátið og harmað mitt hlutskipti
í leynum
og horft inn í framtíð, sem beið mín þögul og
myrk.
Þetta fallega kvæði er ort í þeim tilgangi einum
að óska mér sjálfum til lukku með skáldastyrk.
Hér áður fyrr, það er satt, var ég troðinn í
svaðið.
Hvar sáuð þið mannkynið komast á lægra stig?
Ég var soltinn og klæðlaus og orti í Alþýðu-
blaðið,
og allur heimurinn fyrirleit blaðið og mig.
Ég var úrkastsins táknræna mynd, ég var
mannfélagssorinn,
og mér var hvarvetna synjandi vísað á braut.
En þrjózkan, sem lágvöxnum manni í blóðið
er borin,
kom bágindum mínum til hjálpar, er allt um
þraut.

Í kulda og myrkri ég kvað og ég baðst ekki vægðar,
og kvæðið var gjöf mín til lífsins sem vera ber.
Ég veit, hún er lítil, og þó var hún aldrei til þægðar
þeim, sem með völdin fóru á landi hér.

En eitthvað er breytt og annaðhvort ég eða þjóðin
er ekki jafntrúföst og fyrr við sitt markmið og heit,
því nú hefur íslenzka valdstjórnin launað mér ljóðin
eins og laglega hagorðum framsóknarbónda í sveit.

Samt þakka ég auðmjúkur þetta, sem ég hef fengið,
og þrálát og áleitin spurning um sál mína fer:
Er stríðinu lokið? Er loksins til þurrðar gengið
það litla af ærlegri hugsun, sem fannst hjá mér?

Því einnig ég man þann lærdóm, sem lífið mér kenndi,
hve lágt eða hátt sem veröldin ætlar mér sess,
þau bláköldu sannindi, að allt, sem innt er af hendi,
í öfugu hlutfalli borgast við gildi þess.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 238, 240 og 245 samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. fjárl., þá taldi ég, að það væri ekki neinn möguleiki að afgreiða fjárlagafrv. fyrir jól, vegna þess að þá höfðu engar upplýsingar komið um tekjuhlið fjárlagafrv. og fjölmarga mikilvæga gjaldaliði. Þá var almennt búizt við, að á næsta leiti væru sérstakar aðgerðir í efnahagsmálum, sem kæmu til með að hafa mjög varanleg áhrif á fjárlagafrv. og afgreiðslu þess. Skoðun mín í þessum efnum er alveg óbreytt. Að vísu komu fram upplýsingar loksins fyrir tveimur dögum um tekjuhlið frv. og mikilvæga gjaldaliði, og síðan hefur verið ákveðin, eins og allir vita, gengisbreyting, sem hefur auðvitað margvísleg áhrif á fjárl. og atvinnulífið í landinu. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið þessum aðvörunum á annan veg en þann, að fjárlög skuli knúin fram fyrir jól, án þess að fjvn., þingið eða flokkar þingsins fái tækifæri til þess að fjalla um margvísleg breytt viðhorf, sem hafa skapazt á þessum dögum. Málið hefur verið keyrt áfram með feiknahraða, eins og heill þjóðfélagsins væri í veði og allt þetta yrði að gerast fyrir jól, eða áður en Alþ. fer í jólafrí.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. höfum tekið þá afstöðu til þessara mála í samráði við okkar flokk að flytja ekki brtt. við fjárl., vegna þess að þær brtt., sem a. m. k. við nm. flokksins í fjvn. hefðum helzt viljað flytja, væru fremur til lækkunar á fjölmörgum útgjaldaliðum fjárlagafrv., en á því er okkur ekki gefinn neinn kostur. Svona vill ríkisstj. hafa það, og á þennan hátt hefur hún náð sínu fram. Við gætum auðvitað beitt þeirri aðferð að halda hér uppi málþófi og koma í veg fyrir, að fjárl. yrðu afgreidd fyrir jól. En þá hefur verið sagt, að haldið verði áfram þriðja í jólum, en við teljum ekki ástæðu til þess. Það er stefna ríkisstj. að afgreiða fjárl. fyrir jól og það með þessum hætti og hefur ekki verið vandalaust fyrir stjórnarliða í fjvn. að hlýða þessari stefnu. Það hefur ekki heldur verið sérstaklega létt hlutskipti, sem formaður fjvn. hefur haft. En þrátt fyrir þetta hefur hann eins og áður sýnt fullkomna sanngirni við afgreiðslu mála innan n. Höfum við fulltrúar minni hl. ekki undan neinu að kvarta í samskiptum við hann, nema síður sé.

Þegar við lítum nú á fjárlagafrv., þá voru gjöldin í frv., eins og það var upphaflega lagt fram hér í byrjun þings, 19 milljarðar 868 millj. kr. En nú við 3. umr., eða þegar komið er að 3. umr., er gjaldahlið fjárlagafrv. komin upp í 21 milljarð 455 millj. kr. Hækkun frá því, að frv. var lagt fram, er komin í 1 milljarð 587 millj. kr. Þar af verður hækkun vegna áhrifa gengisbreytingarinnar einnar 615 millj. kr., en heildaráhrif af völdum gengisbreytingarinnar gjaldamegin á fjárlagafrv. eru á lánahreyfingum 13 millj. kr., svo að samtals hefur gengisbreytingin áhrif á gjaldahlið fjárlagafrv. um 628 millj. kr. Hækkunin skiptist þannig, að launaliðir hækka um 200 millj. kr., — ég skal taka fram, að fjvn. hefur ekkert haft með útreikning á þessum breytingum að gera, heldur hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin annazt þessa útreikninga á mjög skömmum tíma, eins og menn geta ímyndað sér, — launaliðurinn hækkar um 200 millj. kr., önnur rekstrargjöld um 102 millj. kr., viðhald um 13 millj. kr., vextir um 17 millj. kr., sendiráð og alþjóðastofnanir án launa hækka um 11 millj. kr. og lífeyristryggingar án fjölskyldubóta um 54 millj. kr. Það er hlutfallslega miklu minni hækkun en hefur orðið í raun frá árinu á undan, eins og hv. frsm. fjvn. gat um, því að þá var um ofáætlun að ræða. Sjúkratryggingar hækka af þessum sökum um 162 millj kr., aðrar tilfærslur um 56 millj. kr. og lánahreyfingar um 13 millj. eins og ég gat um áðan. Framkvæmdir hækka um 353 millj., þar af 232 millj. kr. vegna vegagerðar í samræmi við hækkun tekjustofna til vegasjóðs. Rekstur og yfirfærslur um 619 millj. kr., þar af eru 500 millj. kr. vegna framhalds verðstöðvunar: fjölskyldubætur 374 millj. kr. af því og niðurgreiðslur 126 millj. kr., sem ég kem nánar að síðar. Niðurskurðurinn á útgjöldum nemur 140 millj. kr., einnig að verulegu leyti af völdum gengisbreytingarinnar. Framlag ríkissjóðs til þess að greiða útflutningsbætur landbúnaðarafurða lækkar um 105 millj. kr., og er lækkunin á þeim lið vegna gengisbreytingarinnar og mjög hagstæðrar sölu á kjöti til Norðurlanda. Enn fremur lækkar framlag til ríkisábyrgðasjóðs um 35 millj. kr., en talið var rétt að lækka framlagið til þessa sjóðs. Um það má auðvitað alltaf deila, hvor talan er réttari í þessu tilfelli. Tekjuhlið frv. var, þegar frv. var lagt hér fram, 20 milljarðar 448 millj. kr., en þegar frv. kemur nú til 3. umr., er tekjuhliðin komin upp í 21 milljarð 970 millj., þannig að tekjuáætlun hefur hækkað um 1522 millj. kr., frá því að frv. var upprunalega lagt fram.

Ég ætla ekki að fara miklu frekar út í tekjubreytinguna. Að sjálfsögðu stöndum við fulltrúar minni hl. ekki að till. um tekjubreytingar, en það vekur athygli manna, hvað núv. ríkisstj. leggur mikið upp úr því að hagnast sem mest á brennivínssölu. Það skýtur nokkuð skökku við, þegar maður ber saman hinn mikla og grimmilega áhuga, sérstaklega sumra stjórnarþm. og auðvitað einstakra annarra, á því að draga úr vindrykkju í landinu og telja eitt höfuðskilyrði fyrir því vera að afnema vínveitingar á vegum hins opinbera. Á hinn bóginn er ætlunin að hækka tekjur af brennivínssölu og tóbaks um 420 millj. frá fjárlagafrv., en þar var áður reiknað með gífurlegri hækkun á hagnaði Áfengisverzlunar frá fjárl. ársins 1972. Ég hygg, án þess að ég ætli að fara að mæla neitt gegn því eða með því, að vínveitingar séu viðhafðar í veizlum hins opinbera, að frá fjárhagslegu sjónarmiði séu þetta sennilega ódýrustu veitingarnar, sem ríkið getur fengið, og það mundi ekki lækka útgjöld ríkissjóðs að breyta því yfir í kaffi og kökur eða mat. Hins vegar væri kannske réttara að stiga í þessum efnum stærra skref en flm. þessarar till. hafa lagt til og afnema allar veitingar á vegum hins opinbera og bjóða bara mönnum til sín til þess að fá hlýtt viðmót. Það væri ódýrast. Hitt er svo annað mál, að það fer ekki saman að berjast gegn því, að fólk kaupi og neyti víns og tefla svo alltaf á það að gera brennivínið að sífellt meiri tekjustofni hjá þjóðfélaginu. Það ætla ég að benda ýmsum hv. stuðningsmönnum núv. ríkisstj. á til athugunar í framtíðinni. (**Gripið fram í:** Ekki öllum?) Nei, ekki öllum, þeir hafa ekki allir gengið svo langt í þessum efnum, svo að vitað sé, sérstaklega áhugamönnum fyrir því að minnka drykkjuskapinn, sem maður verður auðvitað alltaf að taka undir með og er sjálfsagt að gera, en þá verður að vera samræmi í því. Það ætla ég að benda hv. þm. á, sem greip fram í fyrir mér.

Í till. meiri hl. fjvn. við 6. gr. gjaldamegin er 36. liður nýr liður um það að heimila að lækka fjárveitingar til greiðslu rekstrarkostnaðar rn., ríkisstofnana, styrkja, verklegra framkvæmda á árinu 1973, sem ekki er bundið af lögum, um allt að 15% að jafnaði, ef ríkisstj. telur, að vinnuafl dragist um of frá framleiðslustörfum, eða ætla má, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir útgjöldum. Tilflutningur lækkunarinnar milli fjárlagaliða innan sama rn. er heimill. Verði fé fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skulu þær fjárveitingar geymdar til ársins 1974. Út af þessari till. hefur verið útbýtt hér brtt., sem verður skýrð hér á eftir af 1. flm. þeirrar till., svo að ég ætla ekki að ræða um hana. En í sambandi við þessa till. vil ég hér koma inn á, að ég tel mjög óeðlilegt, að slík till. sé flutt sem þessi. Fyrst og fremst er búið, eins og hægt er, að draga saman framlög til verklegra framkvæmda í sambandi við sundurliðun þeirra, sem afgreidd var að mestu leyti við 2. umr. fjárl. Þar var tekin upp ný og þrengri stefna, sú stefna að draga úr þessum fjárveitingum verulega, og þar var byggt á ákveðnum áætlunum í sambandi við tilteknar framkvæmdir. Nú geta alltaf skapazt ástæður fyrir því, að það þurfi að ganga lengra í þessum efnum. En þá spyr ég: Á hvern hátt ætlar ríkisstj., þegar hún ætlar að nota sér þessa heimild, að vinna að niðurskurði á þessum till.? Við skulum taka áætlanir til hafna. Þar er byggt á ákveðinni framkvæmdaáætlun, — og þar var ekkert tillit tekið til gengisbreytingarinnar, — og reiknað með að framkvæma tiltekin verkefni á næsta ári. Ef ríkisstj. ætlar nú að lækka þessa framkvæmdaliði að jafnaði um 15% ber þá ekki að skilja það á þann veg, ef hún ætlar nokkurn veginn að jöfnu að lækka þá, að það verður ekki hægt að ná endum saman í ákveðnum framkvæmdaliðum? Eða er sá skilningur á þessu frá hendi hæstv. ríkisstj., að það eigi alveg að skera niður ákveðnar framkvæmdir, en láta aðrar haldast eins og gert er ráð fyrir í sambandi við fjárveitingar, sem afgreiddar voru hér við 2. umr. fjárl. til þessara framkvæmda? Þetta skiptir miklu máli og þá líka, hvernig þessi niðurskurður kemur niður. Í þessu sambandi verður mér hugsað til þess niðurskurðar, sem svo heitir á þessu ári, að hann kemur nokkuð ójafnt niður, þannig að sumir staðir og tiltekin byggðarlög fara seint af stað í sínar framkvæmdir og komast ekki af stað margar hverjar, þar sem fjárfestingin er mest, hefur orðið tiltölulega minnstur niðurskurður. Þætti mér vænt um að fá upplýsingar um þetta frá hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh.

Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. fjvn., eru þær till., sem fluttar eru á þskj. 217, auk þriggja annarra till. frá fjvn., fluttar af n. í heild. Þó höfum við fulltrúar minni hl. tekið fram, að við höfum óbundnar hendur í sambandi við afstöðu okkar til einstakra till. Sumar þessar till. eru mjög okkur að skapi, aðrar ekki. Ég ætla ekki að fara inn á það nánar. Það gerir maður í raun og veru við atkvgr. um till., þegar þar að kemur.

En það er eitt, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á, og það er, að eins og frsm. meiri hl. fjvn. gat um, þá er niðurstöðutala fjárlagafrv. um greiðsluafgang, ef allar till. fjvn. verða samþykktar, aðeins 26 millj. 306 þús. kr. En þá skulum við einnig taka með í reikninginn, að í fjárlagafrv. eru 1560 millj. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði og í brtt. fjvn. hækkar þessi upphæð um 126 millj. kr. Hún verður þá samtals í fjárl., ef þetta verður samþ., óbreytt, 1 milljarður 686 millj. kr. Nú er vitað mál og yfirlýst, að niðurgreiðslur eiga að halda áfram eftir áramótin með sama hætti og þær eru nú framkvæmdar. Það þýðir, að niðurgreiðslurnar eru þá í raun og veru, byggðar á raunverulegri áætlun, 492 millj. kr. hærri en sú tala, sem er í fjárlagafrv., eftir að tekið er tillit til brtt. fjvn., þannig að niðurgreiðslur á vöruverði í heild eru hvorki meira né minna en 2 milljarðar 178 millj. kr. Fjölskyldubæturnar eru, eins og frsm. fjvn. gat um, nú 13 þús. kr. á hvert barn og eru áætlaðar í fjárlagafrv. 970 millj. kr. M. ö. o.: í byrjun gengisbreytingar, sem nýlega er búið að gera, stendur það alveg óhaggað, að það er ætlun ríkisstj. að greiða sem lágmark, til niðurgreiðslna á vöruverði og til fjölskyldubóta hvorki meira eða minna en 2148

millj. kr. Þetta eru auðvitað ekkert annað en dýrtíðarráðstafanir, sem hér er um að ræða. Manni verður á að spyrja: Hvernig verður þessi liður, ef það á að reyna að halda niðri kaupgreiðsluvísitölunni að einhverju leyti á þessu ári? Hvar á þá að afla fjár, og með hvaða hætti?

Þegar við lítum á það, að inn í fjárlagafrumvarpið vantar tæpan hálfan milljarð vegna niðurgreiðslna á vöruverði, þá verðum við einnig að líta á, að í raun og veru erum við samkv. þessum till. að afgreiða fjárl. með 466 millj. kr. greiðsluhalla, en ekki 26 millj. kr. greiðsluhagnaði. Þetta er staðreynd, sem ekki verður umflúin eða hægt að neita. Hitt er svo annað mál, sem ríkisstj. og hæstv. fjmrh. munu vafalaust koma inn á hér á eftir, að eftir er að lækka útgjöldin um 500 millj. kr., eins og þeir lýstu yfir hver á fætur öðrum, hæstv. ráðh., þegar gengisbreytingarfrv. var hér til umr. fyrir þremur dögum, — það ætti eftir að lækka útgjaldaliði til framkvæmda og til ýmissa þarfa rn. um 500 millj. Ef það hefði legið fyrir og rétt tala tekin inn til niðurgreiðslna, hefði verið hægt að segja, að fjárlagafrv. væri afgreitt með greiðsluhagnaði. En undir þessum kringumstæðum er engin leið að segja annað en það, sem er rétt. Það liggja utan við fjárl. 492 millj. kr. til niðurgreiðslna, sem ríkisstj. er ákveðin í að halda áfram og hefur marglýst yfir. Þess vegna liggur það alveg í hlutarins eðli, að það fjárlagafrv., sem við eigum að fara að afgreiða hér á eftir, er afgreitt í raun og veru með stórum greiðsluhalla. Þetta er búskapur í lagi — eða hitt þó heldur!

Ríkisstj. hefur, eins og ég sagði í upphafi, tekið þá afstöðu að vilja knýja afgreiðslu fjárl. fram fyrir jól. En lítum aftur á þá hlið, sem er hyggilegra að gera, að játa staðreyndir, játa, að allt hafi verið síðbúið, eins og allir vita og allir játa. Það er auðvitað heldur ekkert nýtt. Fjárlagaafgreiðslan hefur oft verið síðbúin, en aldrei þegar hún hefur skipt jafnmiklu máli og nú og margir stórir liðir og stórir hlutir verið á huldu alveg fram á síðasta dag. Þess vegna hefði auðvitað verið hyggilegra fyrir ríkisstj. að leita allra ráða til þess að lækka verulega ýmsa útgjaldaliði fjárl. og hafa stjórnarandstöðuna þar með í ráðum, ef hún vill þiggja góð ráð af henni. Ég hygg, að framkoma okkar talsmanna beggja minni hl. í fjvn. við 2. umr. fjárl. hafi ekki bent til þess, að við værum menn, sem vildum flytja stórkostlegar yfirboðstill. til þess að reyna að koma fjárl. upp úr öllu valdi, nema síður sé. Ég hygg, að við staðfestum þetta mjög áþreifanlega nú, fulltrúar þessara flokka í fjvn., og þó að einstakir þm. innan okkar flokka flytji einhverjar till. við fjárl., þá erum við sem aðrir óbundnir af afstöðu okkar til þeirra. En í heild vil ég segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel, að það, sem þurfi að gera í fjármálum þjóðarinnar, sé ekki að flytja sífellt fleiri yfirboð og vera á sífelldu uppboði á milli manna og flokka um það að stórauka ríkisútgjöldin, vegna þess að það er komið það langt í skattheimtunni á öllum sviðum, að mál er að linni. En það er ekki hægt að lækka stórkostlega útgjöld fjárl. í einni eða tveimur ræðum. Það verður auðvitað ekki gert nema með margvíslegum lagabreytingum til þess að draga úr margvíslegum útgjöldum, sem hafa farið upp úr öllu valdi að undanförnu. Til þess þyrfti ríkisstj. að leita samstöðu eða a. m. k. hún sjálf og stuðningsflokkar hennar að leggja heilann vel í bleyti og standa þá að því einir, ef þeir vilja ekki hafa samstöðu við fulltr. stjórnarandstöðunnar í þeim efnum. Ég er viss um, að hefði þessi aðferð verið tekin upp væri afgreiðsla fjárlagafrv. með öðrum hætti, en raun ber vitni.

Frv., sem í raun og veru fylgir fjárl., þó að það fari auðvitað í gegnum þrjár umr. í hvorri d., er frv. um opinberar framkvæmdir á vegum ríkisins á næsta ári, sem liggur fyrir Nd. Alþ. Það gerir ráð fyrir framkvæmdum á vegum þess opinbera upp í rúman 1 milljarð. Því frv. liggur auðvitað ekki á, og mér skilst, að ríkisstj. ætli að láta afgreiðslu þess bíða, fram yfir áramót. Það var mjög gott og eðlilegt að fá það frv. fram til þess að sýna nokkurn veginn þá stefnu, sem fram undan er í sambandi við opinberar framkvæmdir utan við fjárlög eða til viðbótar við fjárl.

Enn þá liggur ekkert fyrir um það, á hvern hátt eigi að afla fjár til hinna ýmsu fjárfestingarsjóða í landinu, en talið er, að fjárfestingarlánasjóðirnir þurfi 3000 millj. kr. til ráðstöfunar á næsta ári til viðbótar eigin fé. Það verður nokkuð erfiður biti fyrir hæstv. ríkisstj. að afla. Það verður líka nokkuð erfitt að lækka verulega þessa fjárþörf fjárfestingarlánasjóðanna, vegna þess að margir þessir fjárfestingarlánasjóðir eru í raun og veru búnir að skuldbinda sig á næsta ári. Stærsti fjárfestingarlánasjóðurinn er fiskveiðasjóður og er talið alveg fullvíst og muni ekki breytast, að lágmarksfjárþörf hans umfram það, sem hann hefur sjálfur, sem mig minnir, að sé hátt í 600 millj., sé á árinu 1973 hvorki meira né minna en 1300 millj. kr. eða tæpur helmingur af því, sem hér er um að ræða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, vegna þess að það er búið að reyna að hafa áhrif á ríkisstj. um að hafa nokkurn annan hátt á við afgreiðslu fjárl. Ég ætla því ekki að eyða lengri tíma í þeim efnum, en vil þó, áður en ég lýk máli mínu, segja, að eftir þá gengisbreytingu, sem nú hefur átt sér stað, og miðað við þær yfirlýsingar um hliðarráðstafanir, sem eiga að fylgja í kjölfar hennar og hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér, er ég svartsýnn á stöðu útflutningsatvinnuveganna, þegar líður á vertíðina, ef áhrif gengisbreytingarinnar á útflutningsatvinnuvegina eiga að vera með þeim hætti, að sleppa eigi yfirleitt öllu lausu.

Menn leyfa sér að halda því fram, að gengisbreyting sé gerð með einhverjum öðrum hætti nú en áður, að enginn eigi að tapa neinu. Það eiga sem sé allir að græða á gengisbreytingunni, sem er alveg þveröfugt við það, sem núv. stjórnarflokkar hafa haldið fram og nokkur maður hefur leyft sér að halda fram. Gengisbreytingar eru auðvitað aldrei gerðar nema af illri nauðsyn, þeirri illu nauðsyn, að halda verður áfram rekstri og atvinnu í landinu. Þegar komið er þannig stöðu útflutningsatvinnuveg-

anna, að sífellt á að greiða fleiri krónur við öflun frumhráefnis og vinnslu afurða okkar, en sæta aftur því sama á erlendum mörkuðum, fá jafnmargar kr., en verða að greiða fleiri krónur fyrir sína starfrækslu og vinnslu, endar það alltaf með því, að breyta verður gengi krónunnar til þess að fjölga krónunum fyrir útflutningsatvinnuvegina. Þá hafa fylgt í kjölfar þeirra gengisbreytinga, sem gerðar hafa verið, margvíslegar ráðstafanir til þess að draga úr kauphækkunum og verðhækkunum, sem allur almenningur hefur orðið að taka á sig. En nú er sagt: *Það á enginn að taka á sig nokkra fórn* í sambandi við gengisbreytingu. Þannig er verið að blekkja sjálfan sig og aðra. Það á að hleypa vísitölunni á fullt skrið. Kaupið á að hækka. Verð flestra vara hækkar auðvitað, bæði innfluttra og sömuleiðis vara, sem framleiddar eru í landinu, það hækkar alveg óhjákvæmilega. Þá kemur að því, að innan ekki langs tíma verður staða útflutningsatvinnuveganna í sama farinu. En það, sem við höfum unnið á gengisbreytingunni, er vaxandi verðbólga næstu mánuði. Þetta er heldur ófögur lýsing, og þegar slíkar aðgerðir eins og gengisbreyting eru gerðar, fylgja þeim aðgerðum hliðarráðstafanir, sem verða að draga úr tilkostnaði við framleiðsluna og minnkandi eyðslu í *þjóðfélaginu*. Ef það er ekki gert, verða hin góðu áhrif, sem gengisbreytingin á að hafa í för með sér, að engu gerð, en slæmu áhrifin, sem gengisbreyting hefur alltaf óhjákvæmilega í för með sér, verða með vaxandi þunga. Á þetta verðum við nú að horfa. Eins og ég sagði áðan, þá er hátt í 2200 millj. kr. í byrjun gengisbreytingar varið til þess að greiða niður dýrtíð í landinu. Ég er hræddur um, að það verði farið að hitna setan í ráðherrastólunum, þegar komið verður fram í júnímánuð á næsta ári.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég get mjög stytt mál mitt vegna ítarlegrar ræðu síðasta ræðumanns varðandi afstöðu og hugmyndir minni hl., en ég ætla þó að tefja tímann í nokkrar mínútur við þessa 3. umr. og lokaumr. fjárl.

Það kom fram við 2. umr. fjárl., að við fulltrúar Alþfl. mundum ekki vera með brtt. í sambandi við fjárlagafrv. miðað við það útlit, sem þá var, og því miður hefur útlitið ekkert batnað, síður en svo, varðandi heildarmynd fjárlagadæmisins í þjóðarbúskapnum. Við erum því að þessu sinni ekki með sérstaka brtt. við neina liði og síður en svo til aukningar, þó að jafnvel mætti segja, að sumt hefði mátt missa sig, sem fram hefur komið og verður líklega samþ. og ég hef staðið að. En ég vil ekki fara nánar út í það á þessu stigi.

Nú hafa verið gerðar nýlega ráðstafanir, sem hafa ýmsar breytingar í för með sér á verðlagssviðinu. Það hefur komið fram hjá frsm. meiri hl., að tekjur muni aukast og verða alls 22.9 milljarðar. Eins og ég spáði hér við 2. umr., er um tvöföldun á fjárlagadæminu að ræða á tveimur árum hjá hæstv. ríkisstj., og er það gífurleg þensla óhjákvæmilega og einkenni hinnar vaxandi verðbólgu í þjóðfélaginu. Þó að dæminu sé nú stillt upp með smá rekstrarafgangi, þá var það rakið hér áðan, að raunverulega, þegar allt er tekið til, má með sanni segja, að við höfum öfug fjárlög, með mínusniðurstöðu og það er mjög slæmt undir slíkri þenslu, sem nú á sér stað. Það hefðu einhvern tíma verið talin óskynsamleg vinnubrögð, svo að ekki sé meira sagt. Það er reiknað með, að meðalhækkun á innflutningsvöruverði í íslenzkum krónum geti numið allt að 22% á árinu 1973, eftir því sem hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur látið fara frá sér. Þetta eru mikil þenslueinkenni. Það er einnig reiknað með því, að stórauknar niðurgreiðslur þurfi að eiga sér stað og stórauknar fjölskyldubætur líka til þess að halda vísitölunni í skefjum. Þó á hún að hækka upp í 123—124 stig, að því er þeir spá. Hugsanlegt er, að meðaltalshækkun yfir árið verði þó talin í 122 stigum. Þó vil ég undirstrika það, að þá er ekki gert ráð fyrir því, að sérstök áhrif komi í þá tölu frá þeim kjarasamningum, sem eru lausir á komandi hausti. Einnig er ekki tekið tillit til þess á neinn hátt, að nokkur hagsmunafélög eru nú í samningum við sína vinnuveitendur, og það eru hagsmunafélög, sem hafa innan sinna vébanda nokkuð launháa einstaklinga, svo sem vélstjóra, flugmenn og fleiri, þannig að knýi þessir menn fram umtalsverða launahækkun, þá er mjög erfitt að hugsa sér, að láglaunastéttirnar uni því. Jafnvel er svo, að ef einhver hefur góðar tekjur, þá líður aldrei nema takmarkaður tími, áður en menn fara að bera sig saman við það, hvað þessi og þessi hópur hefur náð í sinni kjarabaráttu, og reynsla er fyrir því, að þetta stendur aldrei óhreyft í marga mánuði. Allt þetta eykur því á óvissuna, og brátt fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar voru hér fyrir tveimur dögum, er engin trygging fyrir því, að þær dugi nema takmarkaðan tíma fram á árið. Þær eru ekki fullnægjandi við þær aðstæður, sem við vitum sannastar í dag. Því síður er hægt að vera ánægður með þær, þegar við höfum ekkert fengið að vita um hugsanlegar hliðarráðstafanir eða hvers konar bandormafrv. komi hér fram til þess að hamla á móti þeirri verðþenslu, sem gengisfellingin leiðir af sér.

Það eru mörg erindi, sem enn liggja fyrir fjvn. og eru lögð í salt gagnvart komandi ári. Mörg þeirra voru þannig, að ég hefði gjarnan viljað hlusta á gerðir manna þar, en þess var ekki kostur, og verður það að bíða betri tíma. Við þm. höfum fengið plagg sent frá námsmönnum um vandamál þeirra og lánasjóðsins. Þar er mjög ítarlega gerð grein fyrir þeirra fjármagnsþörf. Einhvern tíma hefði maður mátt eiga von á því, að heitt sumar væri á döfinni miðað við fyrri tilburði þeirra. Ég skal engu spá um það, hvort þeim hitni svo í hamsi út af afgreiðslu nú, að þeir láti til skarar skríða, en miðað við það hlutfall, sem áður var, væri ekki ósennilegt, að upp úr syði. Hitt má svo deila um, hversu langt á að ganga í því efni að verða við bónum þessara manna. En ákveðnu kerfi var komið á fót, og það er von, að þeir vilji halda í það, eins lengi og hægt er, til að fullnægja sínum lánsþörfum.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara mörgum orðum um þessi fjárlög. Mér virðist þau vera með því einkenni, sem mætti kalla fljótandi fjárlög árið 1973, svipað og nú er búið að stofna fljótandi gengi. Þetta er kannske undarlegt heiti um fjárlög, en þau eru sannarlega fljótandi. Ég vil í þessu sambandi segja þetta að lokum: Rétt er að vekja sérstaka athygli á 15% heimildinni á þskj. 218, 9. lið. Við í Alþfl. viljum vekja athygli alþjóðar á, að með þessari heimild viðurkennir hæstv. ríkisstj. í raun, að frágangur fjárl. að þessu sinni sé ekki traustur og nánast óraunhæfur. Einnig er trúin á nýgerðar ráðstafanir takmörkuð hjá hæstv. ríkisstj., ella væri þetta ekki sett inn. Öll þessi óvissa um fjárhagsafkomu ríkisins og framvindu efnahagsmála leiðir það af sér, að við fulltrúar Alþfl. getum ekki samþykkt frv. til fjárl., eins og það liggur nú fyrir og talsmaður hæstv. ríkisstj. hefur gert grein fyrir. Við munum því greiða atkv. á móti frv. nú við 3. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki við þessa umr. fara út í pólitískar umr. eða deilur í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. að þessu sinni. Það stendur hér síðar til að ræða um vantraust á ríkisstj., og fleiri tækifæri munu gefast til almennra umr. um fjárlagaafgreiðslu, fjárlög og annað, sem því kemur við. Það, sem ég mun því segja hér, eru aðeins örfáar skýringar, sem ég vil koma að við afgreiðslu málsins.

Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir störfin, sem hún hefur unnið hér á milli umr., sem hafa verið mörg og margvísleg. Nm. hafa allir lagt sig fram við þá vinnu, og met ég það að verðleikum.

Í sambandi við niðurgreiðslur og það, sem þeim fylgir, vil ég segja það, að þar er sá varnagli í fyrsta lagi að heimild er til niðurskurðar um allt að 15% á fjárl., og hefur sú heimild oft verið í fjárl. á undanfarandi árum, og síðast man ég eftir henni í fjárl. 1965. Þá var hún svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til á fjárl. fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárl. 1965.“

Hér var þá um ótakmarkaða heimild að ræða, en þessi heimild, sem hér er um að ræða, er aftur bundin við 15%. Um framkvæmd á meðferð þess máls vil ég segja það, að ef notuð verður heimildin til niðurskurðar í sambandi við rekstur, þá mun það verða gert í samráði við viðkomandi rn., en verði farið út úr því formi í sambandi við niðurskurð á verklegum framkvæmdum, þá mun það verða gert í samráði við undirnefnd fjvn., og mun hún þá kvödd til, áður en ákvarðanir verða teknar þar um. Þetta var þannig í sumar, þegar þessi ákvörðun var tekin. Þá var þegar búið að ákveða það mikið af verksamningum, og svo mun einnig vera nú, að ekki var hægt þar um að breyta. Hins vegar var haft samráð við n., þegar endanlega var frá þessum málum gengið, og breytt nokkru í meðferð undirnefndarinnar og í samstarfi við rn. og fyrst og fremst reynt að gæta þess, að þetta hefði ekki áhrif á framkvæmdahraða þeirra stofnana eða framkvæmda, sem það náði til. En ég vil undirstrika það, að verði farið út úr þessum ramma, sem hér er um að ræða, og niðurskurðarheimildin notuð, þá mun það verða gert á þennan hátt. Aftur hvað rekstri viðvíkur, þá verður eingöngu um rn. og ríkisstofnanir að ræða. Ég geri ráð fyrir, að stefnt verði að því að halda þeim niðurgreiðslum, sem nú eru, út næsta ár, þó að það sé ekki að fullu ákveðið. Það verður tíminn að leiða í ljós. Einnig er til þriðja leiðin til að afla nýrra tekna, og fyrir því eru mörg fordæmi, að það hafi verið gert, eftir að fjárlagaafgreiðsla hefur farið fram. En á þessu stigi er að sjálfsögðu engin ákvörðun um neitt af þessu endanlega tekin. Þetta vildi ég segja um það mál án þess að fara frekar út í það.

Ég vil segja það einnig við þessa umr., að það voru tvö mál, sem var leitað til hæstv. ríkisstj. um, að tekin yrðu hér til meðferðar í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna.

Í fyrra lagi var þar um að ræða, að sett yrði inn á heimildagrein heimild vegna kaupa á skipi til Vestmannaeyja. Það hafa komið fram hugmyndir hjá þeim Vestmanneyingum um það og verið mjög til umr. að kaupa nýtt skip til þess að leysa Herjólf af, og hafa þeir hugsað sér, að sú framkvæmd gæti verið með þeim hætti, að ríkissjóður ætti skipið, en þeir önnuðust reksturinn. Um þetta hafa ekki farið fram neinar formlegar viðræður. Þetta mál var rætt á fundi ríkisstj. nú fyrir stuttu. Það var álit ríkisstj., að það væri ekki hægt að afgreiða þetta mál með ábyrgð í fjárlagaheimild, vegna þess að slíkar ábyrgðir eru einfaldar ábyrgðir, sem kallaðar eru, og það þýðir, að það er ekki hægt að ganga að ríkissjóði, nema búið sé að ganga að viðkomandi fyrirtæki fyrst. Slík ábyrgð mundi því ekki gilda í sambandi við erlendar lántökur, enda er hv. þm. kunnugt um, að það hefur orðið að hafa sérstök lög í sambandi við ábyrgðir vegna togarakaupanna, sem stafar af þessu, að þar hefur alls staðar orðið að vera um sjálfskuldarábyrgð að ræða. Ég skal lýsa því hér yfir að ríkisstj. — eða fjmrh. og samgrh. hafa komið sér saman um það að taka upp viðræður við þm. Sunnl. um þetta mál á framhaldsþinginu, og ef um semst, þá yrði að gera samning milli kaupstaðarins annars vegar og ríkisins hins vegar, ef þessir tveir aðilar ættu að vera sameiginlegir aðilar að framkvæmdinni, t. d. að ríkissjóður sæi um bygginguna, en Vestmannaeyjakaupstaður aftur um reksturinn. Þessi mál munu því verða til meðferðar hjá ríkisstj. og þm. Sunnl. og fleiri Vestmanneyingum vafalaust síðar meir eða a. m. k. reynt að ná samkomulagi um málið. Þá mundi bæjarstjórnin verða að koma þar inn í, og þá mundi þetta síðar á þessu þingi verða flutt sem sérstakt þingmál. Ég vildi taka þetta fram, svo að það væri enginn misskilningur um það, að afstaða væri mörkuð í sambandi við þessa fjárveitingu, en málið er allt á því stigi, að það hefur ekki verið skoðað, en ríkisstj. er fús til viðræðna um það.

Í öðru lagi hefur svo einnig verið leitað til ríkisstj. um ríkisábyrgð vegna stækkunar á Bændahöllinni. Það sama er að segja um það mál og það fyrra, að það getur ekki orðið afgreitt með einfaldri ábyrgð hér á hv. Alþ., heldur verður það að vera sjálfskuldarábyrgð, og verður einnig athugað síðar, hvort við því verður orðið eða ekki. Um það liggur ekki fyrir nein ákvörðun á þessi stigi, en málið verður til framhaldsathugunar síðar meir, enda ýmsir þættir þess máls á því frumstigi í undirbúningi, að erfitt er um ákvörðunartöku, enda yrði það einnig að vera sérstakt þingmál vegna formsins á ríkisábyrgðum.

Þá vil ég segja, að ég tek undir það, sem kom fram hjá frsm. hv. meiri hl. fjvn. um meðferð á málum eins og hafnamálunum. Ef sú heimild yrði notuð að útvega 40 millj. kr. til hafnasjóðanna til þess að létta skuldum af þeim, sem þeir standa nú undir, þá mundi það mál verða unnið af samgrn. og fjmrn. í samstarfi við fjvn. Alþ. Yrði að setja um það sérstakar reglur, ef til þeirra framkvæmda kæmi, sem þar er heimild fyrir. Eins og kom fram hér við 2. umr., er nú reynt að leggja kapp á að gera hafnirnar sem mest skuldlausar við lok þessa árs, og var mjög eftir því sótt, að þessi þáttur yrði einnig tekinn með í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, og hefur nú verið orðið við því.

Það hefur komið hér fram í umr., hver áhrif gengisbreytingin hefur á fjárlagaafgreiðsluna, og annað, sem að því lýtur, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það. Ég skal svo enda þessi orð mín með því að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég þakka hv. fjvn. allri fyrir störf hennar við að koma þessu máli áfram hér á hv. Alþ.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Áður en ég snýr mér að *því* *að* ræða *almennt um fjármálin* og fjárhag ríkisins, vil ég minnast hér á tvær brtt., sem hv. fjvn. flytur á þskj. 217.

Hin fyrri er 15. till. um framlag til íslenzkra rithöfunda og höfunda fræðirita, enda verði settar sérstakar reglur um úthlutun fjárins, 12 millj. kr. Þessi till. er flutt í framhaldi af þeirri þál., sem samþ. var hér á s. l. vori um að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. um, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum, sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda.

Nú er mér ekki kunnugt um það, og það kom ekki fram í framsöguræðu hv. frsm. n., hvernig þessi fjárhæð er fundin. En þegar mál þetta var hér til umr. á s. l. þingi, kom fram sú áætlun, að þessi fjárhæð mundi nema þá milli 18 og 20 millj. kr. Það væri fróðlegt að vita, á hverju þessi till. um 12 millj. er byggð. Í annan stað er gert ráð fyrir því, að settar verði sérstakar reglur um úthlutun fjárins. Ég vildi nú beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh., hvort þær reglur, sem Alþ. ákvað að láta semja í maímánuði 1972, hafi ekki enn verið samdar, og hvað líði því samráði við félögin og Rithöfundasambandið, sem þar er ákveðið. Ég vil taka það sérstaklega fram, að ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. menntmrh. ætli sér sjálfur úthlutunarrétt að fullu á þessum 12 millj. kr., heldur verði það gert eftir föstum reglum, sem samdar verði. Ég vil beina því til hæstv. ráðh. sem ákveðnum tilmælum, að þegar hann hefur tilbúnar þær till., sem honum var falið að undirbúa í samráði við félögin og Rithöfundasambandið, verði þær reglur lagðar fyrir Alþ., annaðhvort sem till. til þál. eða a. m. k. fyrir þær n., sem málið snertir, bæði fjvn. og menntmn. beggja deilda.

Hin till. er á sama þskj. Það er till. 39, 18. liður, að festa kaup á Nesstofu ásamt hæfilegri lóð. Svo er mál með vexti, að um margra ára skeið hefur það verið áhugamál ýmissa manna, — og hefur þar verið fremstur í flokki Bjarni læknir Bjarnason, — að ríkið eignaðist Nesstofu, sem var setur hins fyrsta landlæknis, Bjarna Pálssonar, og gerði hana að minjasafni. Þetta er sögulega og byggingarsögulega séð einhver hin merkasta bygging, sem við eigum, og þarna yrði gert minjasafn um lækningar og lyfjafræði. Það var fyrir 8 árum, að sett var inn heimild í fjárl. fyrir 1965, til þess að kaupa Nesstofu. En því miður hefur ekkert orðið úr framkvæmdum enn. Ég vil skýra frá því, að ég hafði ákveðið að flytja till. til þál. sérstaklega um þetta efni, en áður en henni væri skilað, hafði ég spurnir af því, að fjvn. mundi taka þetta upp í sínar till., og taldi ég það þá æskilegri aðferð. En ég vil treysta því og beini því til hæstv. ríkisstj., að hún láti af framkvæmdum verða, festi kaup á Nesstofu og hefji undirbúning og framkvæmdir við að gera þar minjasafn, eins og um hefur verið rætt.

Þegar rætt er um fjárlagafrv. þykir mér rétt að nefna hér nokkur atriði, sem ég tel miklu máli skipta við umr. og afgreiðslu þessa frv. Það þarf auðvitað ekki að undirstrika eða ítreka það, *að fjárveitingavaldið er hjá Alþ. og* það er einn af hyrningarsteinum í starfsemi Alþ. En það hefur ekki alltaf verið þannig, því að í mörgum löndum er það löng baráttusaga, hvernig löggjafarþingið eða fulltrúasamkoma þjóðarinnar hefur heimt fjárveitingavald úr höndum ríkisstj. og þjóðhöfðingja. Ég skal ekki rekja þá sögu. En það hefur verið einn mikilvægur liður í baráttu fyrir frelsi og lýðræði þjóðanna. Í okkar stjórnarskrá er fastákveðið, að fjárveitingavaldið er hjá Alþ., og er m. a. svo ákveðið í 41. gr. stjórnarskrárinnar til að undirstrika þetta, að ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárl. eða fjáraukal. Það er auðvitað ætlazt til þess, að ríkisstj. fylgi, eftir því sem unnt er, því, sem ákveðið er í fjárl. Trúnaðarmenn Alþ. í fjvn. leggja jafnan í það mikla vinnu að undirbúa fjárl. og athuga og grandskoða hvern einstakan lið í fjárl. Nú hefur það komið fyrir að vísu, að eftir að fjárlög eru afgreidd, hefur þá atburði borið að höndum í efnahagsmálum, að nauðsyn hefur þótt að breyta þar til. T. d. var það svo orið 1968 vegna þeirra einstæðu efnahagsörðugleika, sem þá voru hér á landi, að Alþ. samþykkti lög í marzmánuði, þ. e. lög nr. 5 frá 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, og þar er í 1. og 2. gr. ákveðið, að ríkisstj. sé heimilt að lækka fjárveitingar á

nokkrum fjárlagaliðum árið 1968, og þeir eru sundurliðaðir nákvæmlega í 30 liðum og upphæðin nákvæmlega, sem á við hvern lið. Enn fremur er ríkisstj. heimilað að fella niður framlög í fjárl. í nokkrum liðum og það nákvæmlega tiltekið, um hvaða upphæðir er að ræða. M. ö. o.: eftir afgreiðslu fjárl. hefur það einstaka sinnum komið fyrir, eins og í þessu dæmi, að Alþ. hefur sjálft talið nauðsyn að breyta eða veita heimild til breytinga á fjárlögum.

En tíðindi gerðust í júlímánuði í sumar, sem vart mun eiga sér fordæmi í þessu efni. Nú vil ég skjóta því hér inn í, að í stjórnarskránni er veitt heimild til þess að gefa út brbl., þegar brýna nauðsyn ber til. En það segir einnig í þeirri gr., sem er 28. gr. stjórnarskrárinnar, að bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út, ef Alþ. hefur samþ. fjárlög fyrir fjárhagstímabilið. Þetta er auðvitað miðað við það, að ríkisstj. geti ekki fellt úr gildi fjárlög, sem Alþ. er búið að samþykkja, en í rauninni er eðlilegt að skilja það svo líka, að ekki sé ætlazt til þess, að ríkisstj. breyti fjárl. með brbl. Þetta gerðist samt sem áður hinn 11. júlí, þegar ríkisstj. með atbeina forseta gaf út brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Í 5. gr. brbl segir:

„Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1972 er ríkisstj. heimilt að lækka fjárveitingar samkv. þeim allt að 400 millj. kr.“

Nú er það svo, að hér er ekki aðeins veitt heimild til þess með brbl. að breyta gildandi fjárl., heldur er ákveðin ein upphæð, 400 millj., án nokkurrar sundurliðunar. Þegar Alþ. sjálft samþykkti lög um breytingar á fjárl. 1968, var nákvæmlega tiltekinn hver einasti liður, sem breyta skyldi eða mætti. En hér veitir ríkisstj. sjálfri sér heimild til þess að breyta fjárl. til lækkunar um 400 millj. Hún hefur alveg frjálsar hendur, það þarf ekki að vera hlutfallsleg lækkun á ýmsum liðum. Það má taka einn eða fáa liði, fella þá niður með öllu og láta þetta ganga þannig yfir, sem geðþótti ráðh. eða ríkisstj. segir til um. Nú vil ég ekki halda því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi framið stjórnarskrárbrot með þessum brbl. En ég verð að segja, að þessi aðferð er mjög óviðfelldin og aðfinnsluverð. Það er mjög aðfinnsluvert, að ríkisstj. skuli þannig taka sér slíka heimild með brbl., sérstaklega með hliðsjón af þessu sérstaka ákvæði um bráðabirgðafjárlög í 28. gr. stjórnarskrárinnar, — þá er það ákaflega óviðfelldið og aðfinnsluvert, að þetta skuli hafa verið gert og það með þeim hætti, sem raun ber vitni.

Það heyrast oft þau orð, að fjárlög séu spegilmynd af stefnu stjórnarinnar og jafnvel af þjóðmálaviðhorfum yfirleitt, og er mikið til í þessu. Í fjárl. eru jafnan og m. a. nú veittar háar fúlgur og fjárhæðir til menningar-, félags-, mannúðar- og líknarmála. Ég ætla, að ágreiningur sé ekki ýkjamikill milli þingflokka og þm. um viðhorfin til þessara mála. Ég ætla, að allir þm. hafi allmikið og í rauninni meira af „frjálsum manngæðum“ heldur en sveitungar Bólu-Hjálmars að hans áliti, þegar hann orti hið fræga kvæði sitt. Ég held því, að fjárlög nú eða áður skapi ekki nein sérstök skil milli stjórnmálaflokka um viðhorf til skólamála, félags-, mannúðar- eða líknarmála. En fjárl. eru vissulega spegilmynd einnig af öðru. Þau eru spegilmynd af efnahagsástandinu, því, hvort er stöðugleiki í þjóðfélaginu eða óróleiki, og fjárl. eru einnig spegilmynd af skatta- og tollastefnu ríkisstj. og þingmeirihl. Þegar við lítum á það, að útgjöld samkv. fjárl. hafa nú á tveim árum hækkað úr röskum 11 milljörðum upp í röskan 21 milljarð, eins og fjárlagafrv. verður nú, er vissulega ástæða til að staldra við og hugleiða þessi mál í heild nokkru nánar. Og sú hugsun kemur að sjálfsögðu upp: Eru ekki einhver takmörk fyrir því, hversu há fjárl. megi vera eða hversu stóran skammt ríkissjóður megi taka til sinna útgjalda af þjóðartekjum eða þjóðarframleiðslu? Þessi mál hafa oft verið rædd, bæði meðal hagfræðinga og stjórnmálamanna, og ekki hafa menn treyst sér til þess að finna neina ákveðna hlutfallstölu um það, hversu mikinn skammt ríkið mætti til sín taka af þjóðarframleiðslunni. En þegar sá hlutur fer ört vaxandi þrátt fyrir stórfelldar auknar þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu, þá er vissulega ástæða til að íhuga þetta mál nokkru nánar.

Í marzmánuði 1971 gaf fjárlaga- og hagsýslustofnunin út fjölritað upplýsingarit, sem var grg. um þróun ríkisfjármála 1958—1971. Og þar er m. a. gerður samanburður á ríkisútgjöldum annars vegar og þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu hins vegar á þessum árum. Það er rétt, eins og tekið er fram í því riti, að ríkisútgjöldin eru þar af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni reiknuð með þeim hætti, að það er tekinn ríkisreikningur og svo fjárlög fyrir síðasta árið, og til þess að fá samanburðinn réttan, þá er bætt við niðurgreiðslum og uppbótum, en dregnir frá markaðir skattar svokallaðir nema vegasjóðsgjöld. Fyrir þessu er gerð grein í þessu riti, sem er gert til þess að fá réttan samanburð. Ég hef athugað nokkuð þær tölur, sem þarna eru, og fengið svo upplýsingar um nánari útreikning á þeim árum, sem síðan eru liðin. Og það er næsta fróðlegt að athuga, hversu ríkisútgjöldin hafa hlutfallslega breytzt miðað við þjóðarframleiðslu á hinum síðustu árum. Það er stundum, að slíkur útreikningur er miðaður við þjóðarframleiðslu, stundum við þjóðartekjur og þá ýmist brúttó eða nettó, þ. e. ýmist vergar eða hreinar þjóðartekjur. Þó að nota megi hvaða samanburð sem er í rauninni, er að sumu leyti einna gleggstur samanburðurinn við þjóðarframleiðsluna og ætti að gefa nokkuð rétta mynd.

Ef við lítum á árin 1960—1966 að báðum meðtöldum, þá er útkoman sú, að ríkisútgjöldin hafa verið frá 16—19% af þjóðarframleiðslunni, þ. e. a. s. brúttó eða vergri þjóðarframleiðslu. Á erfiðleikaárunum 1967—1968 hækkaði þetta hlutfall nokkuð, fyrra árið upp í tæplega 21% og síðara árið upp í tæplega 22%. En á árunum 1969 og 1970 lækkar þetta hlutfall aftur niður í 19% fyrir hvort ár. M. ö. o.: þegar frá eru talin árin 1967 og 1968, hafa ríkisútgjöldin á árunum 1960—1970 að báðum meðtöldum verið þetta frá 16 upp í 19% af þjóðarframleiðslunni. Á árinu 1971 breytist þetta, einnig á árinu 1972 og eftir öllum horfum enn meir á árinu 1973. Nú er það athugandi, að þjóðarframleiðslan eykst hröðum skrefum á þess-

um árum, þannig að t. d. 1971 er þjóðarframleiðslan komin úr 33 milljörðum upp í rúma 42 milljarða, næsta árið upp í 52½ milljarð, 1972 upp í 63 milljarða, og eftir síðasta útreikningi eða áætlun er gert ráð fyrir, að þjóðarframleiðslan fari upp í 74—75 milljarða á næsta ári, 1973. En þrátt fyrir þessa gifurlegu aukningu á þjóðarframleiðslunni, hefur hlutfallstalan samt sem áður hækkað stórlega, þannig að í stað 16—19%, sem algengast var, gerist það 1971, að ríkið tekur til sín 22.4% af þjóðarframleiðslunni það ár, og nú í ár, 1972, er gert ráð fyrir, að þessi tala verði um 25%. Á árinu 1973 er gert ráð fyrir, að hún hækki enn meir. Eftir því fjárlagafrv. og brtt. fjvn., sem liggja fyrir nú, og áætlun um þjóðarframleiðsluna er gert ráð fyrir, að ríkið taki nær 27% af þjóðarframleiðslunni. Nú vil ég taka það fram út af þessum tveimur síðustu árum, 1972 og 1973, að ríkissjóður hefur tekið frá sveitarfél. kostnað við löggæzlu og að verulegu leyti við tryggingar, þannig að til að fá réttan samanburð við fyrri ár mundu þessar hlutfallstölur lækka nokkuð, þannig að árið 1972 yrðu það tæp 24% samt sem áður í staðinn fyrir 25% og á næsta ári væntanlega um 25% í staðinn fyrir 27%. En þrátt fyrir slíka lagfæringu er þróunin augljós.

Ég er þeirrar skoðunar alveg hiklaust, að hér stefni í óefni og þjóðin megi ekki halda áfram á þessari braut. Ég tel, að sá hluti, sem ríkið tekur til sín til ríkisútgjalda árin 1971, 1972 og væntanlega 1973, sé kominn upp fyrir það hámark, sem eðlilegt er, og til þess liggja margar ástæður. Menn spyrja: Hvers vegna má ríkið ekki taka þetta stóran og vaxandi hluta eða skammt? Fyrsta ástæðan er sú, að þetta kemur auðvitað fyrst og fremst fram í allt of þungum álögum á landslýðinn, álögum bæði á atvinnuvegina, sem draga úr vexti þeirra og viðgangi og lama þá, og allt of háum álögum á einstaklingana og launþegana. Í annan stað er ljóst, að þessi háu ríkisútgjöld hafa mjög skaðleg áhrif á þjóðarbúið í þeirri verðbólgu, sem við eigum nú við að búa.

Varðandi skattamálin skal ég fara fljótt yfir sögu. Það gefast önnur tækifæri til að ræða þau mál. En það er alger nauðsyn að spyrna hér við fótum og lækka stórlega hina beinu skatta, sem ríkið tekur til sín. Sumpart verður það auðvitað að gerast með verulegri lækkun ríkisútgjaldanna og sumpart með því að taka þarfir ríkissjóðs meira með óbeinum sköttum en beinum. Um rökstuðninginn fyrir því þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum. Það er ljóst og er, held ég, reynsla flestra þjóða, að háir beinir skattar draga úr vinnulöngun manna. Þeir minnka þjóðartekjurnar, því að þegar skattborgari hefur náð hámarksskattstiga og önnur hver króna eða jafnvel 2 af hverjum 3, sem hann vinnur sér inn til viðbótar, fara í skatt, þá finnst mönnum sem þeim sé refsað fyrir framtak og sjálfsbjargarviðleitni. Og háir beinir skattar vinna gegn sparifjársöfnun, valda stóraukinni hættu á undandrætti og skattsvikum, auk þess sem beinir skattar eru dýrari í álagningu og innheimtu en óbeinir skattar.

Má segja, að hinar þungu skattaálögur séu fyrsta ástæðan til þess, að nauðsynlegt sé að spyrna fótum og lækka ríkisútgjöldin frá því, sem nú hefur stefnt um hríð og stefnir enn. En það er margt fleira. Í íslenzku þjóðfélagi er verðbólga að verki og eru í rauninni auðsæ flest hin venjulegustu verðbólgueinkenni, eins og t. d. hinn mikli viðskiptahalli við útlönd. Þessi viðskiptahalli eða vöruskiptahalli var á árinu 1971 um 4000 millj. kr. Á árinu 1972 verður hann einnig yfir 4000 millj. kr. eða 4 milljarða. Og þó að gengisbreytingin dragi e. t. v. eitthvað úr, stefnir samt sem áður að verulegum viðskiptahalla á næsta ári. Og þessi mikli halli skýrist ekki nema að nokkru leyti af hinum mikla innflutningi skipa og flugvéla. Þó að það sé dregið frá, er samt sem áður ár eftir ár um verulegan viðskiptahalla að ræða.

Það er vissulega alvarlegt mál, að fjárlagafrv., sem við erum hér að fjalla um, byggist á stórfelldum viðskiptahalla áfram. Þrátt fyrir það að innflutningur hafi aukizt á milli áranna 1971 og 1972, væntanlega um 15—16%, er reiknað með stórfelldri hækkun einnig á næsta ári, og eftir upplýsingum hv. formanns og frsm. fjvn. hér áðan er tekjuáætlunin byggð á um 22% hækkun á innflutningsvöruverði á árinu 1973 frá árinu 1972. Hér kemur eitt verðbólgueinkenni, og einmitt í þessu efni ætti ríkisvaldið, m. a. með fjárl., að vinna gegn þessum áhrifum, en virðist þvert á móti vinna að því að viðhalda þeim og byggja fjármál ríkisins að verulegu leyti á áframhaldandi halla.

Nú er oft í stjórnmálaumræðum hina síðustu mánuði talað um hinn stóraukna kaupmátt launa og hversu launþegar hafi fengið stórfelldar kjarabætur. Það er rétt að nafninu til, að hér hefur orðið töluvert mikil kaupmáttaraukning. En er þessi kaupmáttaraukning raunveruleiki, er hún raunsæ, eða er hún sjálfsblekking? Sú spurning hlýtur að koma upp í hug manns, meðan þjóðarbúið er rekið með stórfelldum halla og hinn aukni kaupmáttur byggist á fengnum lánum, er fenginn að láni að töluverðu leyti, hvort þá sé ekki í rauninni um falska kaupgetu að ræða? Erum við ekki að blekkja okkur með því, að fólkið hafi mikinn kaupmátt nú og meiri en áður, þar sem þetta byggist að töluverðu leyti á erlendum lántökum, á því, að þjóðarbúið er rekið með halla og við lifum um efni fram?

Eitt einkenni verðbólgunnar er hinn mikli skortur á vinnuafli og þær yfirborganir, sem farnar eru að tíðkast í ýmsum greinum. Þetta bendir m. a. til þess, að nú eins og alltaf, þegar skortur er á vinnuafli og góðæri í landi, þá á hið opinbera, þá á ríkisvaldið fremur að reyna að fresta framkvæmdum sínum til þess að etja ekki kapp við aðrar framkvæmdir og þar með spenna upp kaupgjald og byggingarkostnað fyrst og fremst og þar með verða valdandi að aukinni verðbólgu. Í góðæri á auðvitað ríkissjóður að hafa greiðsluafgang, og ég vil segja, í þeim góðærum, sem hafa verið bæði 1971, eru í ár og við vonum, að verði á næsta ári, er þjóðarnauðsyn, að ríkissjóður verði með greiðsluafgang og hann verulegan. En hver er útkoman? Á árinu 1970 var greiðsluafgangur talinn um 460 millj. kr., en á árinu 1971 snerist þetta við, og greiðsluhallinn varð um 340 millj.

kr. Það er ómögulegt að fullyrða neitt um útkomuna í ár, og hæstv. fjmrh. vildi engu ákveðnu spá um það í fjárlagaræðu sinni. Það má vera, og við skulum vona, að tekjur og gjöld standist á á þessu ári, en jafnvel þótt svo til tækist, sem er með öllu óvíst, — hér er um það að ræða, að ríkissjóður hefði þurft að hafa verulegan greiðsluafgang á þessu ári. Hvernig lítur svo dæmið út á næsta ári? Frv., sem hér liggur fyrir og fjallar um útgjöld milli 21 og 22 milljarða, áætlar greiðsluafgang um 26 millj. kr., sem sagt það losar 1‰ af ríkisútgjöldum og tekjum, sem greiðsluafgangurinn á að verða. Hitt er annað mál, að eins og hv. frsm. 1. minni hl. fjvn. benti á, má vel vera, að í rauninni sé dulinn greiðsluhalli í þessu frv.

Þó að þetta yfirlit, sem ég hér hef gert, sé að sjálfsögðu ádeiluefni á hæstv. ríkisstj., sem nú situr, er þó fyrst og fremst vandamál Alþ. alls og allrar þjóðarinnar að gera sér grein fyrir þessari þróun og gera ráðstafanir til þess, eftir því sem unnt er, að snúa við. En þá spyrja menn: Hvaða leiðir eru til þess að lækka ríkisútgjöldin, og hvernig á að því að fara? Hingað til hefur lengstum verið svo að farið við samningu fjárl., að það er metið, hver kostnaður kunni að vera eða muni verða líklegur við hverja starfsgrein ríkisins á næsta ári, og það eru metnar umsóknir, beiðnir og málaleitanir um ýmis útgjöld, sem yfirleitt eru allt meira og minna nauðsynlegt og æskilegt. Síðan, þegar þetta er allt lagt saman, koma oft fjárhæðir, sem eru hærri en ábyrgir menn hefðu viljað óska. En þegar nú er spurt um það, hvernig eigi að vinna að þessum málum til þess að lækka ríkisútgjöldin, held ég, að æskilegt væri að reyna þar nýja leið, og hún er sú, að Alþ. og ríkisstj. ákveði, áður en fjárlög eru samin, hámark, þak á ríkisútgjöldin, fyrir fram ákveðið hámark. Við skulum taka sem dæmi, að í stað 21—22 milljarða nú væri ákveðið fyrir fram, að ríkisútgjöldin mættu ekki fara yfir 18 milljarða kr. á næsta ári. Ég tel að vísu, að þessi fjárhæð sé fullhá og þyrfti að lækka meira, en við skulum taka þessa tölu. Ég held, að það væri ákaflega æskilegt, ef Alþ. og ríkisstj. gætu tekið upp þá vinnureglu eða þau vinnubrögð að ákveða fyrir fram, hve mikið er talið fært að leggja á þjóðina í álögum, hversu stóran skammt er mögulegt að taka af þjóðarframleiðslunni í ríkisins þarfir, — ákveða þetta hámark, þetta þak, og síðan er það verkefni fjmrn. og fjvn. að fylla út í þennan ramma, en ekki fara út fyrir hann. Þessi aðferð, þessi vinnubrögð, þetta verklag hefur verið reynt sums staðar erlendis, og ég ætla, að það hafi gefizt vel.

Herra forseti. Ég vildi láta þessar aths. koma fram hér, áður en fjárlagafrv. er afgreitt frá Alþ., og þessi aðvörunarorð um þá þróun, sem nú er í okkar ríkisfjármálum. Ég held, að sé brýn nauðsyn fyrir Alþ. í heild að staldra við og þá hljóti menn að sjá, að á þessari braut er ekki unnt þjóðarinnar vegna að halda áfram.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara hér neinum orðum almennt um fjárl. eða fjármál ríkisins, enda hafa menn á undan mér gert því máli glögg skil, og við höfum undanfarna daga rætt þau mál svo mikið, að ég tel ekki þörf á að bæta þar við. En við hv. 2. þm. Norðurl. e., Jón G. Sólnes, höfum leyft okkur að flytja þrjár brtt. við fjárlagafrv. nú við 3. umr. Till. eru á þskj. 238, og ég vil með nokkrum orðum gera þessar till. að umræðuefni. Hér er raunar um að ræða nokkrar brýnustu leiðréttingar, sem við vildum koma á framfæri, áður en fjárlagafrv. kemur til endanlegrar afgreiðslu hér á hv. Alþ., að því er varðar okkar kjörd. Samt sem áður er okkur mætavel ljóst, að svo sem nú er komið fjármálum ríkisins og raunar þjóðarbúsins alls, er fyllsta nauðsyn á aðhaldi í útgjöldum ríkissjóðs og raunar stórlækkun á fjárl. Á hinn bóginn vildum við með þessum brtt. vekja athygli á því, hversu sú staðreynd kemur niður á landsbyggðinni og félagslegum framförum á byggðasvæðum úti um land, hvernig nú er komið í fjármálum þjóðarbúsins og ríkisins. Við teljum þetta að verulegu leyti eiga rót sína að rekja til stefnu núv. hæstv. ríkisstj., flytjum þessar brtt. í von um, að þær verði teknar til vinsamlegrar athugunar þrátt fyrir núverandi erfiðleika í fjármálum og efnahagsmálum, þegar betur er að gáð um brýna nauðsyn þeirra og samræmis er gætt í almennri stefnu um fjárveitingar á fjárl.

1. till. er um, að veittar verði 20 millj. kr. í stað 5 millj. til þess að hefja nýbyggingu fjórðungssjúkrahúss á Akureyri. Staða þessa sjúkrahúss var þegar ákveðin á árunum 1969 og 1970. Meginatriði þeirrar ákvörðunar var, að á Akureyri skyldi rísa sjúkrahús, sem yrði aðalvarasjúkrahús landsins, og það skyldi vera deildaskipt og þjóna miklu víðara svæði en Akureyri einni, bæði að því er varðaði sérfræðiþjónustu og aðra heilbrigðis- og læknisþjónustu. Síðan þessi ákvörðun var tekin, hafa byggingarmál sjúkrahússins á Akureyri verið til athugunar, bæði í tæknilegum og fjárhagslegum efnum, hjá viðkomandi opinberum stjórnvöldum. Hér er um að ræða svo mikinn undirbúningstíma, bæði í tíð fyrrv. og núv. ríkisstj., að ekki verður að dómi okkar flm. lengur unað við að ekki verði unnt að hefja byrjunarframkv. á næsta ári. Við lítum svo á, að unnt væri að hraða undirbúningi á næstu mánuðum, þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir á næsta sumri, bjóða vissa áfanga þessara framkvæmda út og hefja framkvæmdir. Við teljum, að hér sé um að ræða einhverjar brýnustu félagslegu framkvæmdir á Norðurlandi og einskis megi láta ófreistað að byrja framkvæmdir á næsta ári. Ég tel mig ekki þurfa að lýsa því öllu nánar fyrir hv. þm., hvað hér er um brýna framkvæmd að ræða, sem tryggi nokkurt félagslegt jafnrétti fólks, sem býr í Eyjafirði og á öllu Norður- og Austurlandi, en ég ég vænti þess, að skilningur hv. þm. sé svipaður og okkar flm. í þessum efnum. Ég vil benda á, fari svo, að undirbúningur framkvæmda á þessu sviði verði ekki nægur á næsta sumri, hefur hæstv. ríkisstj. heimild til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum. Ef svo verður, munu engin raunveruleg útgjöld koma til greina vegna umræddrar brtt. Á hinn bóginn mun hún tryggja framkvæmdir, sem að dómi okkar flm. þola ekki bið, verði undirbúningur nægur á næsta sumri. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða, að hv. Alþ. lýsi vilja sínum til þess, að framkvæmdir hefjist við nýbyggingu fjórðungssjúkrahúss á

Akureyri á næsta ári, sé þess kostur af tæknilegum ástæðum, annars verði fjárveiting tekin upp á næsta ári í því skyni og fjárveiting á árinu 1973 geymd.

2. till. okkar fjallar um, að tekin verði upp ein millj. kr. til áframhaldandi byggingar sjúkraskýlis í Ólafsfirði. Öllum hv. þm. er mætavel ljóst, hversu mikið neyðarástand hefur skapazt í heilbrigðisþjónustu við íbúa þessa byggðarlags, þar sem nú eru um það bil 1100 manns. En þangað hefur skort oft og tíðum lækna, eins og öllum hv. þm. er kunnugt. Það er álit okkar flm., að ekki megi láta ófreistað að ráða hér bót á. En það er svo, að á undanförnum árum hafa verið veittar fjárveitingar til sjúkraskýlis og læknabústaðar í Ólafsfirði, nokkrar byrjunarframkvæmdir eru hafnar við sjúkraskýli, og okkur er kunnugt um, að fyrirætlanir bæjaryfirvalda eru þær að gera fullnaðaráætlun og flýta framkvæmdum í þessu efni nú, einmitt vegna þess neyðarástands, sem skapazt hefur í heilbrigðismálum kaupstaðarins. Stefnt mun að því, að áframhaldandi framkvæmdir geti hafizt í þessu efni á næsta ári. Á hinn bóginn er ljóst, að Ólafsfjarðarkaupstaður getur ekki staðið einn undir verulegum fjárveitingum í þessu efni, sízt á sama tíma sem aðrir staðir fá miklar og ríflegar fjárveitingar úr ríkissjóði til Læknamiðstöðva, en í Ólafsfirði er ekki um neitt slíkt að ræða. Við flm. teljum, að hér sem oftar verði að líta á sérstöðu byggðarlagsins og hinu opinbera beri að hvetja til þess í ljósi samgönguerfiðleika við önnur byggðarlög, þar sem sjúkrahús eru fyrir, að í Ólafsfirði rísi sem fyrst góð aðstaða til þess að gera að slysum og lækna bráðasjúkdóma, eftir því sem kostur er á.

3. brtt. okkar hv. 2. þm. Norðurl. e. er að taka inn á fjárlög lágmarksframkvæmdir og ráðstafanir til greiðslu á skuldum vegna einnar stærstu hafnar utan höfuðborgarsvæðisins, Akureyrarhafnar, en hún er ekki með neitt á fjárl. Við leggjum með þessu til, að reynt verði að lagfæra dráttarbrautina á Akureyri, svo sem áætlað var, fyrir um það bil 2.2 millj. kr., lagfæra togarabryggju í Akureyrarhöfn, sem er brýn nauðsyn vegna tilkomu nýrra togara, fyrir um það bil 8 millj. kr. og að Akureyrarhöfn sitji við sama borð og aðrar hafnir um greiðslu skuldahala. En eins og hér hefur margoft komið fram, hafa hæstv. ráðh. og fjvn.-menn lýst yfir, að sú stefna hafi verið uppi höfð hér af þeirra hálfu að greiða skuldir viðkomandi hafna með fjárveitingum á næsta ári. Þetta hefur því miður ekki verið haft í huga í sambandi við Akureyrarhöfn, og vildum við vekja athygli á því með þessari brtt. og með því, sem ég sagði áðan um þá höfn.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 250, 251 og 254, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 41 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Afgreiðsla fjárl. er alltaf eitt af aðalverkefnum hvers þings, svo er auðvitað nú að venju. En það stendur auk þess sérstaklega á við afgreiðslu þessara fjárl. Það er það ástand, sem skapazt hefur í landinu eftir þriggja missira stjórn núv. hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. hefur stefnt þjóðarbúskapnum í þann vanda, að það hefur verið talin vá fyrir dyrum, ef ekki yrði að gert. Okkur er þetta allt svo kunnugt, að ég ætla ekki að fara að rekja það.

Vandinn er margháttaður og margslunginn, og það hefur verið sett hin svokallaða valkostanefnd til þess að athuga, hvaða úrræði væru möguleg, skoða vandann og gera till. Vandinn hefur verið í meginatriðum þríþættur. Hann hefur verið í sambandi við viðskiptajöfnuðinn við útlönd, rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna, einkum sjávarútvegsins, og viðvíkjandi ríkisfjármálunum. Valkostanefndin hefur bent á ýmsar leiðir til að ráða bót á þessum vanda. Ég skal ekki ræða þær hér, ég hef gert það ítarlega í ræðu í hv. Ed. við umr. um gengismálin. En það verður ekki hjá því komizt að víkja að þessu hér, vegna þess að eitt grundvallarvandamálið varðaði einmitt ríkisfjármálin.

Nú hefur ríkisstj. tekið sínar ákvarðanir, markað þá stefnu að fella gengi íslenzku krónunnar. Það var ein leiðin, sem valkostanefndin benti á, og meira að segja gerði hún ráð fyrir í þessari leið, uppfærsluleiðinni, að gengið yrði lækkað um 12%, en ríkisstj. hefur látið lækka krónuna um 10.7% og þar að auki ákveðið að 2.25% skuli geta verið breytileg, m. ö. o. að gengislækkunin, sem ákveðin hefur verið, er álíka eins og valkostanefndin gerði till. um, að því er varðar upphæð gengislækkunarinnar.

En valkostanefndin taldi, að það þyrfti að gera ýmsar hliðarráðstafanir, til þess að gengislækkunin næði tilætluðum árangri. Það átti við um alla þætti þessara vandamála, sem ég hef nefnt, það átti líka sérstaklega við ríkisfjármálin. Það var gert ráð fyrir í till. valkostanefndarinnar, að það þyrfti að hækka áfengi og tóbak. Það hefur verið gert, meira að segja ríflega á við það, sem valkostanefndin gerði ráð fyrir. En það var ýmislegt fleira, sem valkostanefndin benti á. Valkostanefndin var með þá hugmynd, að það þyrfti að hækka benzíngjald, dísilþungaskatt, gúmmígjald, án þess að tekjur af þessari skattahækkun væru markaðar vegasjóði, þ. e. a. s. þær gengju í ríkissjóð. Síðan þessi hugmynd kom fram hjá valkostanefndinni, hefur það skeð á hv. Alþ., að þessir skattar hafa verið hækkaðir og markaðir vegasjóði. Væri fróðlegt að vita, hvort ríkisstj. hyggst ganga lengra á þessari braut, svo fáránlegt sem það hlýtur að vera og næsta óþarft að orða þá hugsun. En það er svo margt furðulegt og fáránlegt, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, að það er ástæða jafnvel til þess að spyrja um þetta. Valkostanefndin reiknaði einnig með hækkun á söluskatti, sérstöku fjáraukagjaldi og að skattvísitalan yrði bundin við 119 st. Það var enn fremur reiknað með niðurskurði á rekstrarútgj. ríkisins og opinberum framkvæmdum. En ég ætla ekki að fara að ræða þessi atriði hér, aðeins víkja að og leggja áherzlu á eitt atriði, sem ég hef ekki talið hér upp, en valkostanefndin taldi ófrávíkjanlegt. Það var, að áhrif gengislækkunarinnar gengju ekki inn í kaupgreiðsluvísitöluna. Að áliti valkostanefndarinnar var það algert skilyrði fyrir því, að gengislækkun hefði sin áhrif almennt, og líka fyrir fjármál ríkisins, að þessa væri gætt. En nú hefur það skeð, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið og talið það sinni gengislækkunarleið til ágætis, að áhrifin gangi inn í

kaupgreiðsluvísitöluna, þ. e. a. s. að áhrifin verði afmáð. Ef á að leggja til grundvallar slíka ráðstöfun, sem þessi gengislækkun er, fyrir afgreiðslu fjárlaga, þá er það hið minnsta, sem hægt er að ætlast til, að hæstv. ríkisstj. gefi Alþ. upplýsingar um, það, hvort hún hefur borið ráðstafanir sínar, gengislækkunarráðstafanirnar, gengislækkunina, eins og hún er hugsuð og þeir ætla að framkvæma hana, undir valkostanefndina og fengið álit þessarar n. um þetta mikilvæga mál. Ég tel, að það sé algerlega ábyrgðarlaust að hafa ekki gert þetta, ef ríkisstj. hefur meint nokkuð með skipun þessarar n. eða gerir nokkuð með þær upplýsingar, sem fram koma í hinum ítarlegu skýrslum n. Spurning mín til hæstv. fjmrh. er þessi: Var leið gengislækkunarinnar, eins og ríkisstj. hugsar sér að framkvæma hana, borin undir valkostanefndina og leitað álits hennar? Ef svo hefur verið, þá er spurt: Hver var skoðun valkostanefndarinnar?

Ég læt þetta nægja í sambandi við almennar hugleiðingar og umr. um fjárlagafrv., en mun nú koma að nokkrum brtt., sem fram hafa komið við fjárlagafrv. Ég sagði nokkrum till., en ég mun verja mestum hluta míns máls til þess að ræða mál Ríkisútvarpsins. Ég held, að einhver stuðningsmaður hæstv. menntmrh. gerði vel í því að benda honum á að vera viðstaddur umr.

Ég vík þá fyrst að brtt. á þskj. 190. Þar er brtt. frá Bjarna Guðnasyni og Ragnari Arnalds um, hvaða listamenn skuli hljóta heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþ. Í fjárl. þessa árs, 1972, er tekið fram skv. till. frá hæstv. menntmrh. við afgreiðslu síðustu fjárl., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Heiðurslaun má veita allt að 12 listamönnum, og skulu menntmn. beggja d. Alþ. gera í sameiningu till. um, hverjir í þann flokk bætist hverju sinni."

Samkv. þessu komu menntmn. beggja d. saman tvívegis á fund. Það var samkomulag um það, hvaða aðferð skyldi viðhafa til þess að komast að niðurstöðu um till. n., og það var komizt að ákveðinni niðurstöðu, sem báðar n. stóðu einróma að. Ég átti því von á því, að samkv. því sem gert er ráð fyrir, kæmi brtt. frá samvinnunefnd menntmn. um þetta mál, og raunar hygg ég, að hæstv. forseti hafi búizt við því, því að ég tók ekki betur eftir en hann sagði, þegar hann minntist á þessa till. í forsetastóli fyrr í dag, að um till. væri að ræða frá samvinnunefnd menntmn. Ég vek athygli á þessu vegna þess, að þetta eru óeðlileg og óheppileg vinnubrögð, að þessir tveir hv. þm. Bjarni Guðnason og Ragnar Arnalds, skuli gera till. menntmn. að sínum till. Það kann að vera, að það gefi ranga mynd af því, sem raunverulega hefur gerzt og er rétt í þessu máli. Ég vil að þetta komi skýrt fram, og það breytir að sjálfsögðu engu í þessu efni, þó að hér eigi í hlut tveir fyrirferðarmiklir flokksforingjar.

Þá vil ég víkja að till., sem fram kemur í nál. á þskj. 201 frá samvn. samgm. Er þar að finna sundurgreiningu á því fjármagni, sem samvn. samgm. leggur til, að samþ. verði til stuðnings samgöngumálum dreifbýlisins. Einn liður varðar Stykkishólmsbátinn Baldur. Hv. frsm. n. vék að þessum lið og sagði, að það væru nokkrir erfiðleikar varðandi þessa útgerð, vegna þess að báturinn hefði of lítl verkefni, og það þyrfti að finna bátnum ný og aukin verkefni. Hann gaf einnig upplýsingar um það, að þessi bátur hefði fengið í rekstrarstyrk á þessu ári 5 millj. kr. og í byggingarstyrk 2 millj. Þetta kom fram í ræðu hv. frsm. En ég vil af þessu tilefni, og raunar hefði verið ástæða til þess, þó að þessi ummæli lægju ekki fyrir, að víkja nánar að þessu máli.

Það er þannig ástatt, að þegar ákveðin var sú fjárveiting, sem þessari útgerð var gerð á síðasta ári, voru bátnum veitt aukin verkefni og veittur aukinn styrkur til að sinna þessum auknu verkefnum. Þessi verkefni voru fólgin í því, að báturinn skyldi fara reglulegar áætlunarferðir í tvær byggðar eyjar á Breiðafirði á leið sinni frá Stykkishólmi að Brjánslæk. Þessar eyjar eru Hvallátur og Svefneyjar. Þetta var nauðsynleg samgöngubót, og var þessi ákvörðun tekin fyrir ári, vegna þess að hætt hafði verið að reka þann bát, sem hafði gengt þessu verkefni um nokkurra ára skeið, og það átti að bæta úr ástandinu með þessum hætti. En þetta hefur ekki skeð. Það alvarlega í þessu máli er, að það hefur verið veittur aukinn styrkur frá ríkinu til þess að sinna ákveðnum verkefnum, en það hefur ekki verið gert. Það hefur aðeins verið gert svo til málamynda, að það er réttmætt að segja, að það hafi ekki verið gert. Þetta getur ekki gengið svo lengur, og ef mönnum er einhver alvara um að aðstoða hinar dreifðu byggðir og gera fólkinu, sem þar býr, mögulegt að lifa þar, þá verður að vera meiri alvara en hefur fylgt í þessu máli.

Ég hef margoft rætt þetta við hæstv. félmrh. Ég vil ekki væna hæstv. félmrh. um, að hann hafi ekki áhuga á því að bæta úr þessu. En því miður verður að segja hverja sögu eins og er, hann hefur ekki gert þetta. Það hefur verið tekið allt of línum tökum á þessu máli. Nú vil ég bera fram þá fsp. til hæstv. félmrh., hvort hann treysti sér ekki til þess að gefa yfirlýsingu um það nú hér fyrir hv. Alþ., að staðið verði við þau loforð, sem gefin hafa verið, og að þeim fjárveitingum, sem Alþ. ákveður, sé ráðstafað á réttan hátt. Ég treysti hæstv. félmrh. til að svara þessu, og ég á naumast von á öðru en hann svari þessu játandi. En ég vil bæta því við, að það er ekki hægt að una því lengur, að þessu sé ekki kippt í lag, þegar það er haft í huga, að sjálfur ríkissjóður á a. m. k. helminginn í útgerð þessa skips, svo að það eru hæg heimatökin.

Ég vík þá að því máli, sem ég sagði áðan, að mundi vera aðalmál mitt í þessum umr. Þar á ég við brtt., sem ég hef sjálfur borið fram á þskj. 238 og varðar fjárhag Ríkisútvarpsins. Brtt. mín er fólgin í því, að tekjur hljóðvarpsins verði hækkaðar um 25 millj. 120 þús. kr. og tekjur sjónvarpsins verði hækkaðar um 30 millj. 225 þús. kr. Samtals nemi þessi hækkun á tekjuliðum Ríkisútvarpsins 55 millj. 345 þús. kr. Þetta er brtt. við 5. gr. fjárl. og varðar því ekki bein útgjöld úr ríkisjóði.

En hverjar eru ástæðurnar fyrir þessari till.? Fjárlagafrv. var lagt fram hér á hv. Alþ. þannig, að fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins sýndi rekstrarhalla, sem nemur þeim upphæðum, er ég nefndi áðan. Þetta er furðulegt og að ég ætla einsdæmi, að þannig sé búið að og gerðar till. um eina af

þýðingarmestu menningarstofnunum þjóðarinnar, í fyrsta lagi, að frv. skuli vera lagt fram á þennan hátt, og í öðru lagi, að það hefur ekki bólað á neinum tilburðum af hálfu hæstv. ríkisstj. til að bæta hér úr. Ef fjárlagafrv. verður samþ. óbreytt, jafngildir það fyrirmælum frá Alþ. um, að Ríkisútvarpið verði rekið með 55 millj. kr. tapi á næsta ári. Og ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó að lögð sé áherzla á, að þetta er algert ábyrgðarleysi og raunar furðulegt, að þetta geti komið fyrir. Brtt. mín á þskj. 238 er borin fram til þess að bjarga hag Ríkisútvarpsins og forða Alþ. frá þeirri hneisu að afgreiða fjárhagsáætlun útvarpsins óbreytta fá því, sem hún stendur nú í fjárlagafrv.

Árið 1971 voru sett ný útvarpslög eftir vandlega og ítarlega endurskoðun á þessari löggjöf. Þar var tekið fram, að útvarpsstjóri skuli gera fjárhagsáætlun fyrir Ríkisútvarpið, bera undir útvarpsráð, senda menntmrh., en Alþ. gangi endanlega frá fjárhagsáætluninni. Það var nýmæli í þessum lögum, að það er beint tekið fram, að Alþ. skuli endanlega ganga frá fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins. Við undirbúning fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins að þessu sinni var farið eins að og lög gera ráð fyrir. Útvarpsstjóri gekk frá fjárhagsáætlun í samráði við útvarpsráð, og áætlunin var send menntmrh. með bréfi 26. júní s. l. Eftir að menntmrh. hafði látið fara fram athugun á fjárhagsáætluninni, sendi hann hana rétta leið, þannig að hún komst með eðlilegum hætti í fjárlagafrv. Og ég bið menn að taka eftir, að menntmrh. gerði enga aths. við einstaka útgjaldaliði áætlunarinnar eða útgjöldin í heild hvað varðar hljóðvarpið og þá einu aths. hvað varðar sjónvarpið, að afskriftir af dreifikerfi sjónvarps voru lækkaðar um 36 millj. kr. En menntmrh. lækkaði tekjuhlið áætlunarinnar þannig, að nam samtals 91 millj. kr. eða að því er varðaði hljóðvarpið um 25 millj. kr., en sjónvarpið um 66 millj. kr. En vegna þess að fellt var niður af afskriftum á dreifikerfi sjónvarps, nemur rekstrarhallinn á fjárlagafrv. þó ekki meiru en 55 millj. kr.

Ég spyr: Hvers vegna þessi vinnubrögð hjá hæstv. ráðh.? Því er vandsvarað, skyldu menn halda. En það vill svo til, að ýmislegt hefur komið í ljós við umr. um þessi mál. Þar verður að leita skýringa á því, hvers vegna menntmrh. leyfir sér að leggja ekki til auknar tekjur til þess að mæta auknum útgjöldum, sem hann sjálfur hefur samþ. En afleiðingin af þessu er sú, að með þessum heimatilbúna vanda er Ríkisútvarpið gert að eins konar vandræðastofnun eða vandræðabarni í þjóðfélaginu.

Ég sagði áðan, að brtt. mín þýddi ekki aukin fjárútlát úr ríkissjóði. En hún þýðir hins vegar hækkun á afnotagjöldum hljóðvarps og sjónvarps. Afnotagjöldin eru nú á þessu ári fyrir hljóðvarp 1300 kr., fyrir sjónvarp 3100 kr. Þau voru á síðasta ári fyrir hljóðvarp 1180 kr., fyrir sjónvarp 2800 kr. Þessi hækkun, sem hefur orðið frá því 1971 á afnotagjöldum, nemur hvað varðar hljóðvarp 10.2%, sjónvarp 10.7%. Og það er að sjá sem menntmrh. telji, að þetta sé nægileg hækkun, ekki einungis fyrir þetta ár, heldur og fyrir næsta ár, 10% hækkun á tekjum Ríkisútvarpsins, á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. telur, að hún þurfi allt að 100% hækkun á tekjum ríkissjóðs. Hvers konar samræmi er í þessum hlutum? Fyrr má rota en dauðrota. Ef það er ekki stefna ríkisstj. að leggja Ríkisútvarpið að velli, skerða stórkostlega starfsemi þess, þá er þetta tóm fjarstæða. Þetta sjá allir.

En hvers vegna er þetta? Alþm. eiga rétt á skýringum á því, hvers vegna ríkisstj. hagar sér eins og það sé nægilegt fyrir Ríkisútvarpið að fá 1 kr. til að mæta auknum útgjöldum á móti hverjum 100 kr., sem hún telur sig sjálfa þurfa í ríkissjóð til að mæta sambærilegum útgjöldum. Og það má bera þetta saman, hvort tveggja lýtur nákvæmlega sömu lögmálum. Það eru jafnt opinberir embætismenn, sem starfa fyrir Ríkisútvarpið eins og á öðrum sviðum ríkisins. Það þarf hliðstætt að hækka laun þar eins og á öðrum sviðum. Það hækkar jafnt það, sem þarf að kaupa til rekstrarins þar, eins og á öðrum sviðum.

En það vill svo til, að þó að það hafi ekki fengizt bein svör við því, hvað ríkisstj. meinar með þessu framferði, þá hefur það komið óbeint fram í sambandi við fsp., sem ég gerði til hæstv. menntmrh. fyrr á þessu þingi varðandi afskipti ríkisstj. af fjármálum Ríkisútvarpsins á þessu ári. Fyrirspurnin var gerð vegna þess að ríkisstj. hafði ekki farið að vilja Alþ., eins og Alþ. gekk við afgreiðslu síðustu fjárl. endanlega frá fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins, hafði ekki farið að þeim vilja og hækkað afnotagjöldin eins og þar var gert ráð fyrir. Það kom fram, að þetta hefði ekki verið gert, vegna þess að það var ekki verið að hugsa um fjárhag Ríkisútvarpsins, heldur áhrif hækkunar afnotagjaldanna á vísitöluna, kaupgreiðsluvísitöluna. Það liggja fyrir margbrotnir útreikningar á þessum hugleiðingum gerðir af Framkvæmdastofnuninni, þar sem menn leika sér að tölum, ekki til þess að gæta hags þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar, heldur til þess að fórna hagsmunum hennar á altari vísitölunnar. Þetta er ekki fögur saga. Og svo þykjast menn ætla að skjóta sér undan í þessu sambandi, að þeir séu að hlífa útvarpshlustendum við nokkurri hækkun afnotagjalda, um leið og þeir eru að stunda þá iðju að snuða hinn almenna launþega í landinu um kauphækkanir, sem hann ætti að fá samkv. kaupgreiðsluvísitölunni. Slík iðja er ekki í þjónustu útvarpshlustenda.

En þetta getur ekki gengið, eins og ég gat um áðan, og till. mín er til að ráða bót á þessu. Ég vil undirstrika, að það er hlutverk Alþ. að ráða bót á þessu, og að óbreyttum lögum getur enginn annar aðili í þjóðfélaginu gert þetta. Menntmrh. hefur ekki heimild til þess að hækka afnotagjöldin umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun eins og Alþ. gengur endanlega frá henni, og það er ekki reiknað með hækkun, eins og frv. er lagt fram. Ég er ekki að leggja til, að það verði mætt öllum kröfum Ríkisútvarpsins sjálfs, heldur að það sé einungis gert mögulegt, sem hæstv. menntmrh. hefur sjálfur samþykkt, — það sé gert mögulegt að standa við þá útgjaldaliði, sem hann hefur samþ. með því að leggja fjárhagsáætlunina þannig fram, — það sé gert mögulegt með því að auka tekjurnar.

En nú kemur meira til. Þetta er um það, sem liðið er. Nú hefur verið ákveðið og búið að ákveða gengislækkun, og sú ákvörðun hlýtur að hafa áhrif á rekstur Ríkisútvarpsins eins og á aðrar stofnanir og fyrirtæki í landinu. Fjármáladeild Ríkisútvarpsins hefur gert lauslega áætlun nú þegar um það, hvað gengislækkunin þýðir fyrir Ríkisútvarpið. Samkv. því er gert ráð fyrir, að hún þýði 15 millj. kr. aukningu á rekstrarútgjöldum hljóðvarpsins og 20 millj. kr. aukningu á rekstrarútgjöldum sjónvarpsins. Og þetta kemur til viðbótar þeim tekjuhalla, sem er á frv., 55 millj., og það kemur til viðbótar fyrirsjáanlegum tekjuhalla á þessu ári, sem er áætlaður 15—20 millj. Ef menn hafa þetta í huga, hygg ég, að allir ættu að sjá, hve mjög er í hóf stillt þeirri till., sem ég hef borið fram á þskj. 238, enda er þar ekki um að ræða annað en það, að mögulegt sé gert það, sem hæstv. menntmrh. virðist gera ráð fyrir.

Ég hef sagt, að hér væri um að ræða aðför að einni höfuðmenningarstofnun þjóðarinnar. Og það er ömurlegt, að það skuli vera gert. En ég vil ekki trúa því, fyrr en ég reyni, að það séu ekki nógu margir alþm., bæði í stjórnarliði og stjórnarandstöðu, til þess að grípa hér í taumana. Maður hefur heyrt það, að þm. margir hverjir hafi oft haft sig sérstaklega í frammi um það að ganga fram fyrir skjöldu, þegar sérstök menningarmál ættu í hlut. Ég hygg, að þetta eigi ekki síður við ýmsa þm. í stjórnarliðinu heldur en í stjórnarandstöðunni. Og það yrði — mér liggur við að segja háðung fyrir alla þá, sem telja sig skilja og virða menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, ef þeir bregðast ekki rétt við þeim vanda, sem hér er um að ræða. Það er ömurlegt, að það skuli vera svo komið fyrir Ríkisútvarpinu, að það skuli vera orðið sérstök vandræðastofnun vegna fjárhagsástæðna. Það er ekki ofsagt, þó að ég segi, að nú stefnir að þessu. Ég vil til áréttingar þessu leyfa mér að vísa til ályktunar, sem samþ. var fyrir nokkru í útvarpsráði af öllum meðlimum útvarpsráðs. Þessi ályktun var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráð skorar á Alþ. að afgreiða fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins í fjárl. fyrir 1973 þannig, að heimiluð verði sú hækkun á afnotagjöldum, sem nauðsynleg er til þess að mæta kostnaðarhlið áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir Alþ. í fjárlagafrv."

Þannig hljóðar ályktun útvarpsráðs. Hún fjallar um að skora á Alþ. að samþykkja það, sem lagt er til með brtt. minni. Og þessi áskorun hefur verið send Alþ. En ég vil til enn frekari áherzlu leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa kafla úr bréfi, sem útvarpið hefur ritað menntmrn. um þetta mál. Bréfið er dags. 5. des. Þar segir:

„Athygli hins háa rn. skal hér með vakin á eftirfarandi atriðum í frv. til fjárl. fyrir árið 1973, sem nú liggur fyrir Alþingi:

Í frv. eru áætluð gjöld hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins 25 millj. 120 þús. kr. hærri en áætlaðar tekjur og áætluð gjöld sjónvarsdeildar 30 millj. 225 þús. kr. hærri en áætlaðar tekjur, og hafa þó afskriftir af dreifikerfi sjónvarps verið lækkaðar um 36 millj. kr. frá því, sem fjárlagatill. Ríkisútvarpsins gerðu ráð fyrir samkv. viðtekinni reglu. Sá rekstrarhalli samkv. frv., sem hér er lýst, byggist á því, að gjöld eru uppfærð í samræmi við till. stofnunarinnar, að undanskildum afskiftum í sjónvarpsdeild, sem áður getur. En í tekjuhlið er gert ráð fyrir óbreyttri upphæð afnotagjalda. Samkv. 3. mgr. 13. gr. útvarpslaga, sem sett voru á s. l. ári, er það Alþ., sem endanlega staðfestir fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins í fjárl. Hið ótvíræða ákvæði útvarpsl. veldur því að sjálfsögðu, að verði fjárlagafrv. að fjárlögum óbreytt að því er Ríkisútvarpið varðar, jafngildir það fyrirmælum til framkvæmdavaldsins um, að annaðhvort skuli Ríkisútvarpið rekið með 55 millj. kr. halla á næsta ári eða grundvallarbreytingar verði gerðar á rekstri þess, sem fælust þá í stórfelldum samdrætti.

Ríkisútvarpið leyfir sér því að bera fram við hið háa rn. eindregin tilmæli um, að endurskoðuð verið hið allra bráðasta ákvæði fjárlagafrv. að því er stofnunina varðar. Því verður eigi trúað að óreyndu, að það sé með vitund og vilja rn., að frv. gerir ráð fyrir óbreyttum afnotagjöldum á næsta ári. Sýnist einsætt, að tímabært sé, að hið háa rn. taki afstöðu til till. stofnunarinnar þar um, eins og þeim var lýst í fjárlagatill. hennar. Fallist rn. á till. Ríkisútvarpsins í þessu efni, þarf að gera ráðstafanir til þess gagnvart Alþ., að gerðar verði viðeigandi breytingar á fjárlagafrv., áður en það kemur til endanlegrar afgreiðslu."

Ég bið menn að veita því athygli, að enn fremur segir svo í bréfinu:

„Geti hið háa rn. hins vegar ekki fallizt á till. Ríkisútvarpsins um upphæðir afnotagjaldanna á næsta ári, verður að líta á það sem óbein fyrirmæli til Ríkisútvarpsins um að ákveða samdrátt í starfseminni, til þess að komizt verði hjá rekstrarhalla. Ef til þess verður ætlazt, er lífsspursmál fyrir stofnunina að fá vitneskju um það hið fyrsta, því að augljóst er, að óbreyttum gæðum og samsetningu dagskrár verður ekki haldið uppi nema í hæsta lagi eitthvað fram yfir áramótin, ef ekki á að koma til algers greiðsluþrots."

Ég skal ekki fara hér með lengra mál úr bréfi Ríkisútvarpsins. Ég hygg, að það sé óþarfi að gera það og raunar óþarfi að fjölyrða meira um þetta mál. Það liggur svo skýrt fyrir, hvað hér er um að ræða. Og ég endurtek: það er ömurlegt, að svo skuli vera komið sem raun ber vitni, vegna þess að frá fyrstu tíð hefur það verið talið nauðsynlegt, að Ríkisútvarpið hefði sem mest fjárhagslegt sjálfstæði. Og það er í samræði við þær reglur, sem gilda hvarvetna, þar sem ég þekki til í nálægum löndum, sem sambærileg eru við aðstæður þær, sem við hér búum við. Og þetta er ekki tilviljun. Það er vegna þess, að það er grundvallaratriði að varðveita sem bezt sjálfstæði þessarar þýðingarmiklu fjölmiðla þjóðarinnar, til þess að þeir geti sem bezt staðið á verði fyrir því, að gætt sé fyllsta hlutleysis og óhlutdrægni gagnvart öllum stefnum, flokkum og málefnum í þjóðfélaginu. Það er mjög hættulegt og alvarlegt mál, að hæstv.

ríkisstj. skuli vera búin að koma, ef hún lætur sér ekki segjast nú á elleftu stundu, Ríkisútvarpinu í þá aðstöðu, að hún þurfi kannske sjálf að vasast í fjármálum þess til þess að afstýra því, að það sé ekki mikið dregið úr dagskrá útvarpsins, eða til þess með fjármálaaðgerðum að leitast við að hafa áhrif á það, með hverjum hætti ætti að draga saman starfsemi Ríkisútvarpsins. Hér er vegið að því fjöreggi, sem þjóðin á í þessum fjölmiðlum, hljóðvarpi og sjónvarpi, ef þess er gætt, að þessar stofnanir gæti í starfsemi sinni þess að vera sem sjálfstæðastar gagnvart ríkisvaldinu og ríkisstj., hver svo hún er og á hvaða tíma sem er.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að hafa ýkjamörg orð um fjárlagafrv. í heild eða þá stefnu, sem í því birtist. Aðrir hafa gert því þau skil á undan mér, að ég tel þess ekki brýna þörf, og ég mun því um það efni segja aðeins örfá orð.

Ég gat þess við 2. umr. frv., að það væru svo margar stærðir óþekktar í dæminu, að mjög erfitt væri og raunar ógerlegt að gera sér ákveðna hugmynd um, hver niðurstaðan yrði úr fjárlagadæminu. Maður gat vissulega vænzt þess, að við 3. umr. horfði þetta allt öðruvísi við. En ég verð að segja, að því miður hefur ekki heppnazt að ráða bót á því. Það er að vísu búið að gefa þingheimi upp, hversu tekjur eru áætlaðar miklar og útgjöld líka, en það er jafnframt tekið fram, að það muni vanta tæpan hálfan milljarð til þess að standast þær niðurgreiðslur, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Jafnframt þessu vil ég benda á það, að eftir þeim till., sem sérfræðingan. gaf ríkisstj., var það álit sérfræðinganna varðandi hverja einstaka tillögu, að það þyrfti frekari aðgerða við til þess að ná því takmarki við efnahagsaðgerðirnar, sem stefnt væri að, það þyrfti að gera frekari ráðstafanir en enn hafa séð dagsins ljós í þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið núna síðustu daga. Ég vil því til stuðnings aðeins minna á það, að nú er gert ráð fyrir, að vísitala verði að meðaltali á árinu 1973 122½ stig í stað 117, sem annars átti að halda henni í. Í sambandi við það vil ég minna á, að geymt var að greiða 2½ vísitölustig eftir kjarasamningum, sem síðan átti að taka upp núna um áramót. Á sama hátt var farið fram á það við bændasamtökin, að þau frestuðu að ganga til endurskoðunar á verðlagsgrundvelli bænda, sem þeir áttu þó rétt á að gera fyrir 1. sept. Fundur Stéttarsambandsins varð við þeim tilmælum, en orðaði það þannig í sinni ályktun, að hann láti það óátalið, þótt gerð verðlagsgrundvallar sé frestað fram til næstu áramóta, enda verði bændum tryggt það verðlag, sem felst í framreiknuðum verðlagsgrundvelli samkv. gildandi reglum miðað við 1. sept. n. k. Þarna má einnig búast við nokkurri hækkun, sennilega gæti það valdið 1—2½ vísitölustigum eftir þeim áætlunum, sem um þetta hafa verið gerðar. Þá sýnist mér, að strax 1. marz muni vísitalan verða komin upp yfir það mark, sem henni er ætlað í fjárlagafrv. að vera yfir árið allt. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. En ég vil benda á það um leið, að það er engin furða, þó að margir séu vantrúaðir á það, að þessar ráðstafanir komi að tilætluðum notum, eins og ég hef lýst hér, þegar það er gefið út af einum stjórnarflokkinum, að hann sé vantrúnaður á, að þessar ráðstafanir komi að nokkru gagni. Í Þjóðviljanum segir 19. des. 1972:

„Eftir rétt ár eða fyrr verður enn að gera ráðstafanir. Enn verður að leita lausnar á vanda. Þá dugar ekkert hálfkák. Þá duga engar frestunaraðgerðir. Þá dugar ekkert minna en breyting, róttæk breyting, sem rýfur vítahringinn."

Maður gæti kannske spurt: Hvaða vítahring? Það er ekki skýrt nánar. Er það kerfið, sem á að rjúfa, eða er það sá vítahringur, sem ráðherrastólarnir mynda, sem á að rjúfa? Þetta mun ugglaust koma í ljós, en ég á von á því, að þessar aðgerðir verði ekki til mikils, eins og þær eru framkvæmdar.

Ég læt svo útrætt um þessa hlið málsins, en ég vil aðeins í örstuttu máli gera grein fyrir till., sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. höfum leyft okkur að flytja við brtt., sem meiri hl. n. flytur, þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að lækka fjárveitingar til greiðslu rekstrarkostnar ráðuneyta, ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á árinu 1973, sem ekki er bundið í lögum, um allt að 15% að jafnaði. Við teljum, eins og ég rakti rækilega í ræðu minni við 2. umr. þessa máls, að þarna sé ekki farið hyggilega að. Ég rakti það þá, að sá niðurskurður, sem gerður var s. l. sumar og var tiltölulega lítill miðað við þann, sem nú á að gera, hefði komið niður mjög óeðlilega og algerlega af handahófi. Þess vegna teljum við höfuðnauðsyn, eins og ég gat um líka í ræðu minni við 2. umr., að fjvn. fjalli um þann niðurskurð, sem ríkisstj. telur, að þurfi að gera á hverjum tíma.

Hæstv. fjmrh. gat þess hér áðan í ræðu sinni varðandi þann niðurskurð, sem gerður var á fjárl. sumarið 1972, að þá hafi undirnefnd fjvn. verið með í ráðum um niðurskurðinn. Ég er nú ekki alveg sannfærður um, að þetta sé fyllilega rétt. Ég hygg, að undirnefnd fjvn., sem starfar allt sumarið, hafi ekki leyst þetta mál. Hins vegar ber þess að geta, að undirnefndir í vissum málaflokkum munu hafa fengið að fylgjast með því í nóv., hvaða hugmyndir voru uppi um þennan niðurskurð, sem þó var ekki nema aðeins 174 millj. kr. Ég tel því, að það sé nauðsyn og krafa, sem Alþ. getur sízt af öllu sleppt fram hjá sér, að sá niðurskurður, sem beitt er á fjárl., verði gerður í samræmi við og samkv. till. fjvn.

Ég get svo látið máli mínu lokið hvað þetta varðar, því að raunverulega hef ég skýrt efni till. fyrr í þessum umr., eða við 2. umr., og tel ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Mér skilst á ræðum hv. þm. og segja má bæði þeirra, sem eru í stjórnaraðstöðu og stjórnarandstöðu, að svo ári nú, að ekki sé tiltækt að flytja margar og háar brtt. við fjárl., sem nú eru til afgreiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé svo, að varla sé unnt fyrir okkur að flytja mikið af slíkum till., jafnvel þó að okkur langi til þess og þó að við okkur blasi víðs vegar í kjördæmum okkar þörf fyrir auknar fjárveitingar. Ég mun þess vegna við þessa fjárlagaafgreiðslu ekki flytja margar till. til hækkunar

á fjárl. fyrir utan þær, sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v.

Það er á þskj. 251 ein brtt., sem ég flyt um fjárveitingu til svokallaðs Hólafélags, að upphæð 500 þús. kr. Það mun hafa verið árið 1963, að héraðsfundur Skagafjarðarprófastdæmis gerði um það ályktun, að vinna skyldi að því að koma á fót þessu félagi, og var kjörin n. á þeim fundi til að vinna að því máli. Og árið eftir, ef ég man rétt, eða árið 1964, var þetta félag stofnað. Í lögum félagsins segir svo um hlutverk þess, að það sé að beita sér fyrir samtökum meðal þjóðarinnar um eflingu Hólastaðar á sem víðtækustu sviði. Skal höfuðáherzla lögð á endurreisn biskupsstólins á Hólum og eflingu Hóla sem skólaseturs, og vill félagið vinna að því, að við hlið bændaskólans rísi upp nýjar menntastofnanir, sem hæfi þessu forna menningarsetri. Þetta félag hefur starfað síðan árið 1964, og því miður er ekki hægt að segja, að eftir það liggi mikil störf. Áður hafði verið til svonefnd Hólanefnd, og ég tel, að hún hafi unnið mikið að því að auka veg Hólastaðar. M. a. hafði hún forgöngu um, að reistur var turninn, sem byggður var til minningar um Jón biskup Arason og allir eru sammála um, *að hafi orðið til mikillar prýði* á Hólastað. En Hólafélagið hefur raunar fleiri áform á prjónunum en þau, sem nefnd er í 2. gr. laga þess og ég var að vitna til. Það hefur m. a. hugsað sér að reyna að vinna að því að fegra Hólastað án þess þó að raska þar nokkru, sem minnir á forna frægð staðarins, og á síðasta aðalfundi Hólafélagsins var sú ákvörðun tekin, að félagið gengist fyrir því að fegra umhverfi Hóladómkirkju, sem er, eins og við vitum, ein elzta og fegursta kirkja þessa lands. M. a. er mikil nauðsyn á því að byggja að nýju girðingu utan um kirkjugarðinn á Hólum. Þar er nú steypt girðing, sem er að molna niður og er orðin staðnum til mikils vansa. Söfnuðinum, Hólakirkjusöfnuði, er ætlað að sjá um þetta verk, en þetta er *mjög fámennur söfnuður*, og hann hefur ekki tök á því að sinna þessu hlutverki, jafnvel þó að hann ætti kost á því að fá einhver lán úr kirkjugarðasjóði, sem enn mun vera mjög fjárvana. Það er þess vegna, sem ég *hef leyft mér* að flytja þessa till. Hugmyndin er að verja þessu fé fyrst og fremst til þess að gera upp girðinguna í kringum garðinn, þannig að hún hæfi kirkjunni og staðnum.

Ég held, að ég þurfi ekki að lýsa þessu nánar. Ég býst raunar við því, að þessi till. mín fái lítinn framgang hér í þinginu, þótt lítil sé, en ég vænti þess samt, að a. m. k. þm. Norðlendinga líti á mál þetta með skilningi, og ég vil minna á það, af því að ég minntist á hlutverk Hólafélagsins hér áðan, sem var m. a. það að vinna að endurreisn biskupsstólsins á Hólum, að nú á síðasta kirkjuþingi var samþ. till. frá herra biskupinum yfir Íslandi þess efnis, að skorað er á stjórnvöld að vinna að því, að biskupsstóll verði endurreistur á Norðurlandi *ekki síðar en á árinu 1974. Hæstv. forsrh.*, sem jafnframt er kirkjumrh., er ekki staddur hér í þinginu, sé ég er, en ég vænti þess fastlega, að hann beiti sér fyrir þessu áhugamáli okkar Norðlendinga. Ég veit, að hann ber góðan hug til þessa máls, og vissulega væri það vísasti vegurinn, að þetta mál fengi framgang, eins og kirkjuþing óskar eftir, ef sjálfur hæstv. kirkjumrh. vildi beita sér fyrir því. Ég mun ræða þessi mál við hann, þegar þing kemur saman aftur eftir jólahlé, kynna mér, hvort hann sjái sér fært að beita sér fyrir þessu máli, endurreisn biskupsstóls á Norðurlandi, og ég vil taka það fram sem mína skoðun, að biskupssetrið á að vera á Hólum. En ef hæstv. forsrh. treystir sér ekki til þess, má vel vera, að ég reyni aðrar leiðir til að koma þessu máli inn í þingið og láta þá á það reyna, hvern framgang þetta mál fær á þingi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála mikilvægi ríkisfjármála, þegar rætt er um verðbólguvandann. Þegar við stöndum andspænis þeim aðgerðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í sambandi við nýja gengisskráningu, sem hefur í för með sér gengislækkun, þá er algerlega vonlaust, að slík aðgerð nái tilgangi sínum, tryggi rekstrarafkomu atvinnuveganna eða eigi þátt í því, að verðbólgan vaði *ekki hömlulaust áfram, nema aðgæzla sé* viðhöfð í sambandi við meðferð ríkisfjármálanna. Það þurfa samfara nýrri gengisskráningu að fara fram aðgerðir í fjármálum ríkisins, í peningamálum og í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt, enda er það svo, að í áliti valkostanefndarinnar svokallaðrar eða efnahagsmálanefndarinnar er lögð á það mikil áherzla, að hvort sem farin er svo kölluð millifærsluleið, niðurfærsluleið eða uppfærsluleið, öðru nafni gengislækkun, sé það skilyrði, eins og þar er komizt að orði, með leyfi forseta: „Þannig væri raunverulega um að ræða þrenns konar aðgerðir, sem í einhverjum mæli fylgdu hverri sem væri af hinum þremur meginleiðum.“

Valkostanefndin, efnahagsmálanefndin, gerði *það* að *skilyrði*, að *þessar þrjár aðgerðir yrðu* allar framkvæmdar að einhverju leyti. Hin fyrsta þeirra var takmörkun launabreytinga með því að breyta kaupgreiðsluvísitölunni, eins og hæstv. forsrh. lagði mjög mikla áherzlu á, að væri persónuleg skoðun sín, ef millifærsluleiðin væri farin og söluskattur hækkaður. Ég skal ekki fjalla sérstaklega um þá aðgerð hér. Hér hafa formælendur ríkisstj. hrósað sér af því, að ekki væri ætlunin að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, en hingað til skorazt þó undan því að svara fsp. um, hver þróun kaupgreiðsluvísitölunnar væri, ef engar aðgerðir væru frammi hafðar, sem breyttu gildandi lögum um útreikning framfærslu- og kaupgreiðsluvísitölu. Önnur sú aðgerð, sem framkvæma skyldi samhliða gengisbreytingu, var *að lækka útgjöld* frá því, sem ráð er fyrir gert í frv. til fjárl., eins og það var, þegar það var lagt fyrir Alþ. nú í haust. Og það tók til lækkunar útgjalda bæði við rekstur og að því er til framkvæmda tekur. Og þriðja aðgerðin, sem nauðsynlegt var að framkvæma, var lækkun útlánaáforma fjárfestingarlánasjóða með því að takmarka fjáröflun til þeirra og útlán frá þeim.

Þannig er það svo, að í álitsgerð valkostanefndarinnar er gert ráð fyrir því, að ef millifærsluleið eða niðurfærsluleið er farin, þá sé lækkun opinberra útgjalda og útlána af stærðargráðunni 1600—1700 millj. kr., og ef uppfærsluleiðin er farin, þá er talið nauðsynlegt, að niðurskurður á rekstrargjöldum ríkisins, opinberum framkvæmdum og útlánum fjárfestingarlánasjóða nemi 1300—1400 millj. kr.

Það var að vísu svo, að engin þessara leiða, sem valkostanefndin beinlínis benti á, var valin. En ríkisstjórnarflokkarnir, eins og kunnugt er, komu hver um sig með sínar till: Einn, að því er ég hygg Framsfl. lagði megináherzlu á hækkun söluskatts. Annar, að því er ég tel Alþb., lagði megináherzluna á hækkun innflutningsgjalds, söluskatts og fjáraukagjalds. Og sá þriðji, að því er ég hygg SF, lagði áherzlu á uppfærsluleiðina eða gengislækkun, er næmi 16%

Þegar ríkisstj. bað hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar að gera samanburð á *þessum leiðum, var gert ráð fyrir því í öllum* tilvikum, að dregið yrði úr gjöldum við rekstur ríkisins og framkvæmdir ríkisins, að því er næmi samtals 800 millj. kr., frá minnst 400 og upp í 800 millj. kr. Og útlánaáform átti að skera niður um nær 400 millj. kr.

Hér á hv. Alþ. hafa ráðh. lýst því yfir, að samhliða þeirri leið, sem valin var, gengisbreytingu og gengislækkun, mundi verða um 500 millj. kr. niðurskurður á gjöldum ríkissjóðs samkv. fjárl., bæði til rekstrar, styrkja og framkvæmda. Og þegar þeir hafa verið spurðir um, hvernig ætti að koma þessum niðurskurði fyrir, hvaða framkvæmdir skyldi skera niður eða útgjöld, þá hafa þeir sagt, að þeir bæru fram till. um 15% lækkun á ólögbundnum greiðslum samkv. fjárl., sem gætu numið þessari upphæð.

Í grgr. þeirri, er ég gat um áðan, frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar er sagt og staðfest, að 15% lækkun á ólögbundnum greiðslum muni nema þessari upphæð. En hagrannsóknadeildin gerir sér tæpast von um meiri niðurskurð en 400 millj. kr. frá upphaflegu frv. að fjárl. og bendir á, að við 2. umr. fjárl. *hafði útgjöld samkv. þeim verið hækkuð um* nær 300 millj. kr., þannig að vandamálið, áður en 3. umr. fjárl. hefst, er að þessu leyti heilar 700 millj. kr. a. m. k.

Nú hefur það komið fram í umr. hér í Sþ., að vanti í fjárl. 492 millj. kr. í gjaldahliðinni til þess að standa undir nauðsynlegum niðurgreiðslum. Þessari staðhæfingu hefur verið ó*mótmælt, og miðað* við þá upphæð sem staðreynd er þessi niðurskurður algerlega útilokaður og ófær. Það er útilokað að nota sömu upphæðina, þessar 500 millj. kr., — möguleika sem felst í 15% lækkun á ólögbundnum útgjöldum samkv. fjárl., — hvort tveggja til niðurgreiðslna og um leið til þess að lækka útgjöld samkv. fjárl.

Það er líka svo, að allar líkur benda til þess, að aldrei verði úr slíkum niðurskurði af hálfu hæstv. ríkisstj., sem fælist í heimild af hálfu Alþ. um 15% lækkun á ólögbundnum greiðslum. Kemur þar margt til. Ég vil í fyrsta lagi benda á reynsluna frá því í sumar, þar sem ríkisstj. hafði stór orð um það að ætla sér að skera niður útgjöld fjárl. um allt að 400 millj. kr. til þess að standa undir niðurgreiðslum og kostnaði við brbl. um tímabundna verðstöðvun. Við 1. umr. fjárlagafrv. var æ ofan í æ innt eftir því, í hverju þessi niðurskurður fælist. Það komu engin svör. Loksins nú fyrir nokkrum dögum komu þau svör, að það hefði tekizt á pappírnum að koma þessum niðurskurði í 173 millj. kr., en sumar upphæðir voru þess eðlis, að þar var eingöngu um niðurskurð á pappírnum að ræða, en ekki raunverulegan niðurskurð. Og þrátt fyrir þennan niðurskurð er allt útlit fyrir það, að greiðsluhalli á ríkissjóði verði slíkur á þessu ári, að hann nemi um 300 millj. kr., þannig að við alþm. getum ekki gert okkur neinar vonir eða tekið ríkisstj. trúanlega, þegar hún heitir 15% lækkun á ólögbundnum greiðslum.

Við stöndum því frammi fyrir þeirri staðreynd, *að ríkisstj. getur hvorki* staðið við það, sem hún sjálf telur nauðsynlegt að skera niður útgjöld ríkisins um, og því síður getur hún staðið við það, sem efnahagsmálanefndin, sérfræðingar hennar sjálfrar telja nauðsynlegt að skera niður útgjöld ríkisins um, til þess að þau séu ekki svo mikil, að þau verði til þess að auka á verðbólguna í landinu, þau verði til þess að auka á halla á ríkissjóði, að þau verði til þess að auka á viðskiptahalla þjóðarinnar við útlönd.

Það hefur ekki sízt orðið til þess að magna verðbólguna í landinu í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj., að hún á fyrsta hálfa valdaári sínu gerði þær ráðstafanir að veita um það bil 1000 millj. kr. út í efnahagslífið, þar af um 600 millj. kr. umfram það, sem fjárlagaheimildir sögðu til á því ári, með þeim árangri, að 400 millj. kr. greiðsluhalli var á ríkissjóði það ár og 4000 millj. kr. viðskiptahalli á þjóðarbúskapnum. Útlitið fyrir þetta ár er, eins og ég gat um hér áðan, á mjög sama veg, en hvort tveggja gerir það að verkum, að hér eru í umferð sífellt verðminni peningar, sem ríkisstj. lætur prenta á grundvelli þess að taka erlend lán *og reynir* að fresta því með þeim hætti, að menn horfist í augu við þær staðreyndir, að menn geta ekki lifað um efni fram.

Ég afhenti hæstv. fjmrh. í gærkvöld tvær fsp., sem ég tel mjög mikilvægt, að sé svarað mjög skýrt.

Önnur fsp. er á þessa leið: Samkv. yfirlýsingum ráðh. er gert ráð fyrir, að dregið verði úr útlánaáformum opinberra lánastofnana og fjárfestingarlánasjóða í tengslum við ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar. Því er spurt: Hve háum upphæðum nemur sá niðurskurður, og í hverju felst hann?

Eins og ég gat um, var það áform allra stjórnarflokanna samkv. úrræðum þeirra sjálfra til lausnar efnahagsvandanum að skera þessi útlánaáform niður um nær 400 millj. kr. Það kemur enn fremur fram, að þetta niðurskurðaráform er til staðar, eftir að Framkvæmdastofnunin hefur samkv. frásögn valkostanefndar skorið niður útlánaáformin um

300 millj. kr., eins og stendur á bls. 68 í Nýja testamenti þeirrar ágætu nefndar. Það hefur líka komið hér fram, að fjárskortur fjárfestingarlánasjóðanna er um 3000 millj. kr., og ríkisstj. hefur ekki borið hér fram nein frv. eða greint frá því, hvernig úr þeim fjárskorti skuli ráða. Það hefur að vísu verið borið hér fram frv. til l. um heimild til lántöku í sambandi við framkvæmdaáætlun opinberra framkvæmda, sem felur í sér heimild til 1000 millj. kr. lántöku, sem er utan þessarar 3000 millj. kr. fjárvöntunar, að því er ég hygg. Og það er ætlunin að fjármagna þessar 1000 millj. kr. framkvæmdir að öllu leyti með lánum og óvíst með öllu, að slík lán fáist, eins og reynslan hefur bent til á þessu ári, þegar útgáfa spariskírteina hefur verið árangurslaus eða réttara sagt þau ekki selzt eins og ráð var fyrir gert. Þegar á allt þetta er litið, er fullkomin ástæða til þess, að hæstv. fjmrh. svari þessari fsp., sem ég hér ber fram, og ég geri mér fastlega vonir um, að hann skýri frá áformum ríkisstj. að því er snertir niðurskurðinn, og ég bæti því við, að fróðlegt væri að vita um ráðagerðir hæstv. ríkisstj. um það, hvernig skuli brúa það bil, sem felst í 3000 millj. kr. fjárvöntun til fjárfestingarlánasjóðanna.

Þá er að hinu leytinu fsp., sem ég hef á sama veg afhent hæstv. fjmrh. í gærkvöld og vil bera fram á þessa leið: Samkv. yfirlýsingum ráðh. er gert ráð fyrir sem þætti í efnahagsaðgerðum í tengslum við gengislækkunina, að lækkuð verði útgjöld til rekstrar, styrkja og verklegra framkvæmda frá því, sem ráð er fyrir gert í frv. til fjárl. fyrir árið 1973, ef frá eru tekin áhrif gengisbreytingar á tekjur og gjöld frv. Því er spurt: 1) hvaða breytingar hafa orðið á tekju- og gjaldahlið frv. til fjárl. fyrir árið 1973, frá því að það var lagt fram, bæði er tekur til rekstrar og framkvæmda, vegna gengisbreytingarinnar? 2) Hvaða breytingar hafa orðið á tekju- og gjaldahlið frv. til fjárl. fyrir árið 1973, frá því að það var lagt fram, bæði að því er tekur til rekstrar og framkvæmda, af öðrum ástæðum en gengisbreytingunni, ef miðað er við till. meiri hl. fjvn., áður en 3. umr. fjárlagafrv. hefst?

Ég vil taka það fram, að ég hef spurt hæstv. fjmrh. um, hvort hann hefði svar við þessu skriflega, og hann hefur boðið mér slíkt svar, sem frsm. minni hl. fjvn. hefur einnig látið mér í té. En það svar tel ég að vísu of ógreinilegt, til þess að fullgilt sé, en samkv. því get ég ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. sé um það bil 1000—1500 millj. kr. frá því marki, sem hún sjálf setur sér um það, hvaða upphæð fjárl. megi nema hæst nú fyrir næsta ár, ef ekki á að stefna enn meir í ógæfuátt en nú horfir. Og ég get ekki heldur séð betur en núv. fjárlagafrv. sé um það bil 2000—2500 millj. kr. hærra en sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálanefndinni telja óhætt, þótt miðað sé við um það bil 3000 millj. kr. viðskiptahalla við útlönd. Það er sem sagt allt á eina bókina lært hjá ríkisstj. frá upphafi valdaferils hennar, að hún ætlar sér að stefna í halla í ríkisbúskap og í þjóðarbúskap. Hún horfist ekki í augu við þá staðreynd, að samneyzlan og einkaneyzlan er hærri en þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla, og af því getur ekki leitt annað en halla í ríkisbúskap og þjóðarbúskap. Slíkt getur gengið, meðan við njótum þess lánstrausts út á við, sem viðreisnarstjórnin á sínum tíma skapaði Íslendingum, en var glatað eftir valdaferil fyrri vinstri stjórnar. Slíkt getur gengið í stuttan tíma, en ekki til lengdar. Við erum nú þegar komnir að þeim mörkum, að byrði afborgana og vaxta er orðin svo há, að hún takmarkar getu okkar í framtíðinni til átaka við nauðsynleg verkefni þjóðinni til heilla. Þess vegna er það svo, að það fjárlagafrv., sem við nú afgreiðum í dag væntanlega, beri vitni áframhaldandi ábyrgðarleysi og úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. þrátt fyrir gengisbreytinguna. Þrátt fyrir þær efnahagsaðgerðir, sem gerðar hafa verið, er stefnt á framhaldandi viðskiptahalla, áframhaldandi halla í ríkisbúskap. Með þeim hætti heldur verðbólgan áfram að vaxa, vaxa ríkisstj. yfir höfuð. En við skulum vonast til þess, að þjóðin beri gæfu til þess að skipta um stjórn, áður en verðbólgan vex þjóðinni allri yfir höfuð.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf hér yfirlýsingu í sambandi við hugsanleg kaup á nýju skipi eða byggingu nýs skips til Vestmannaeyjaferða. Ég tel því miður, að yfirlýsingin hafi ekki verið nærri nógu ákveðin eða afgerandi, vil ég taka þetta fram í sambandi við yfirlýsinguna: Ef þm. Sunnl. mega skilja yfirlýsingu hæstv. fjmrh. á þann veg, að út úr viðræðum, sem hann ræddi um, við hæstv. ríkisstj. komi, að hún muni láta hanna skipið og leita tilboða í smíði þess, þannig að fyrir liggi, að stjórnvöld geti tekið ákvörðun í málinu, tel ég, að málið hafi þokazt nokkuð í rétta átt, og vil leyfa mér að líta á yfirlýsingu hæstv. ráðh. í þessu ljósi, ef aths. kemur ekki fram um annað, og mun þá eftir atvikum láta hana nægja.

Ég hefði haft löngun til þess að ræða nokkuð samgöngumál Vestmannaeyja, en ég vil verða við óskum hæstv. forseta um að tefja ekki umr. og mun því ekki gera það. En ég vil aðeins benda á, að þessi mál standa þannig nú, að sú n., sem Alþ. kaus á s. l. vori til þess að kanna úrbætur í sambandi við samgöngumál Vestmanneyinga, hefur lokið störfum og skilað viðkomandi ráðh., samgrh., áliti sínu, og er þar lagt til af 4 nm. af 5, að byggt verði nýtt skip til þessara ferða. Það næsta, sem hlýtur að verða að gerast í málinu, er það, að áður en stjórnvöld taka ákvörðun um, hvort þau ráðast í smíði á skipinu, verði hið fyrirhugaða skip teiknað og hannað og leitað tilboða í byggingu þess. Þegar það liggur fyrir, er að mínum dómi næsta skrefið fyrir stjórnvöld að ákveða, hvort í byggingu skipsins skuli ráðizt eða ekki. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að hér er um allviðamikið mál að ræða fjárhagslega séð, en ef við lítum á það fjármagn, sem varið er til samgöngumála — og á ég þar við þær upphæðir, sem er að finna í vegáætluninni, — þá er þetta ekki svo há upphæð, að það ætti að vera neitt til

fyrirstöðu fyrir stjórnvöld að taka ákvörðun um byggingu á nýju skipi, sérstaklega þegar við höfum bent á, að það sé eðlilegt og möguleiki fyrir því að fá byggingarkostnaðinn að láni að mestu leyti, jafnvel til 5 eða 10 ára, og þannig væri hægt að dreifa kostnaðinum á fjárlög þetta árabil.

Eins og ég sagði, skal ég ekki fara frekar út í samgöngumál Vestmannaeyja, en tel alveg nauðsynlegt, að við megum leggja þennan skilning í yfirlýsingu ráðh., því að ef hann er ekki fyrir hendi, liggur í augum uppi, að frekari viðræður við stjórnvöld eru því miður gagnminni en ég teldi æskilegt.

Ég hef flutt á þskj. 250 brtt. við fjárlög, þar sem er lagt til, að við 4. gr. 102 komi nýr liður, 519 Fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum 300 þús. kr. Ég hef áður bent á, að samkv. lögum er ákveðið, að fiskvinnsluskóli skuli stofnaður í Vestmannaeyjum. Lög um fiskvinnsluskóla eru að þessu leyti alveg skýr. Þar er sagt, að stofnaður skuli fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, og þess vegna er þetta tilraun til þess að koma því máli á hreyfingu. Nú er mér það ljóst, ég hef um það vitneskju frá fjvn.-mönnum, að sú skýrsla, sem þeim hefur borizt um fiskvinnsluskóla hér í Reykjavík, er mjög neikvæð. Nemendum þar hefur fækkað, ef ég man töluna rétt, úr 25 frá því í fyrra niður í 11 nú. Ég tel, að þetta sýni, að sú afstaða, sem ég og fleiri höfðum, þegar verið var að samþykkja lög um fiskvinnsluskóla, var rétt. Skólinn á að vera staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins. Hann á að vera þar staðsettur, sem maður getur ætlað, að fólk hafi meiri áhuga á að fara í slíkan skóla heldur en hér á þéttbýlissvæðinu, þar sem fólk á þess kost að velja á milli námsbrauta og skóla — ég hygg næstum í tugatali. Þess vegna er að mínum dómi rétt að gera tilraun með að stofnsetja skóla úti á landsbyggðinni, og þá liggur það næst fyrir samkv. gildandi lögum, að það verði í Vestmannaeyjum. Ég skal geta þess, að hugmynd mín í sambandi við þetta er, að skólinn starfi til að byrja með, meðan hann getur talizt undirbúningsdeild, sem deild við stýrimannaskólann í Eyjum, hið bóklega nám. Með því móti má vissulega spara verulegt fé við rekstur skólans. Þar er húsnæði fyrir hendi, og ég hygg, að kennslukraftar séu þar að nokkru leyti fyrir hendi. Að öðru leyti eru sem betur fer til kennslukraftar aðrir, og þar á ég við þá starfsmenn, sem vinna við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, sem tók til starfa á s. l. hausti, eins og kunnugt er. Ég kemst ekki hjá því að tefja aðeins örlitla stund við lögin um fiskvinnsluskólann. Ég hygg, að Alþ. hafi orðið nokkuð á, þegar lögin voru samþ. og vaknaði þessi spurning hjá mér, þegar ég frétti um, hvernig rekstur skólans hér í Reykjavík hefði gengið. Ég held, að í 13. gr. l., sem að efni til eru um þær námsgreinar, sem í skólanum skulu kenndar, sé allt of víðtæk, a. m. k. að því er varðar 1. stigið, sem heitir fiskiðnaðarmenn. Þar er verið með ýmiss konar námsgreinar, sem ég hygg, að fólk, sem hefur nokkurn tíma lent út úr skólakerfinu, tekið þátt í framleiðslustörfunum og vildi nú skapa sér betri aðstöðu og aukna menntun í því sambandi, þá hygg ég, að það standi í vegi fyrir því hjá þessu fólki að fara að setjast á skólabekk með jafnvíðtækri námsskrá og þarna er gert ráð fyrir. Nú skal ég taka fram, að mér er ekki kunnugt um það, hvort sú deild, sem hér var sett á stofn í fyrrahaust, hefur tekið allar þessar námsgreinar upp hjá sér, en það eru þarna margar námsgreinar, sem mætti hverfa út úr kennslu við 1. stig og leggja því meiri þunga á hina verklegu kennslu. Ég mun skoða þetta mál betur og þá, ef mér sýnist svo, flytja síðar í vetur brtt. við lögin, því að ef við stöndum frammi fyrir því, að þetta atriði standi í vegi fyrir aðsókn að skólanum, er að sjálfsögðu ekkert annað að gera en breyta lögunum og gera þau aðgengileg fyrir það fólk, sem annars vildi sækja skólann.

Ég undirstrika það mjög ákveðið, að ég tel, að Alþ. megi ekki láta þá reynslu, sem því miður hefur komið í ljós við stofnun skólans hér í Reykjavík, verða til þess að hætta við hugmyndina um fiskvinnsluskóla. Ég tel, að þetta mál sé svo mikilvægt, að við verðum að gera aðra tilraun, hvort ekki er hægt að fá aðsókn í slíkan skóla, og ég er sannfærður um það, að ef þeirri stofnun, sem ég hef hér bent á, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum, væri falið það að gera slíka tilraun á þeim stað, mundi það nokkuð koma í ljós, hvort hugmyndin um fiskvinnsluskóla hér á landi er raunhæf eða ekki. Því vænti ég þess, að hv. Alþ. verði við till. minni um, að þessi tilraun verði gerð og til hennar verði veitt þetta litla fjármagn, sem ég fer fram á. Ég hef upphæðina ekki hærri, vegna þess að heima í Eyjum er geymt fé, sem hefur verið gefið til stofnunar fyrirhugaðs skóla, þannig að ég tel, að þó að þarna sé ekki nema um 300 þús. kr. að ræða, þá sé vel hægt að taka upp kennslu í haust og halda henni áfram til áramóta án frekari framlags úr ríkissjóði en þarna er gert ráð fyrir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það væri auðvitað fullkomin ástæða til að gera rækilega úttekt á ráðabreytni hæstv. ríkisstj. hér og nú. En það verður að bíða betri tíma. Það stendur einnig svo vel á fyrir mér, að ég á enga brtt. til að mæla fyrir nú, enda ég ákaflega daufur að flytja till., sem ég veit fyrirfram um, að verða kolfelldar fyrir mér, sér í lagi ef það er um mál, sem ég ber mjög fyrir brjósti. En af því að ég á sæti í samgn. og þar af leiðandi í samvn. samgm. og hef undirritað nál. á þskj. 201, kvaddi ég mér hljóðs til að gera ath. við aðallega tvö atriði, sem fram komu í ræðu frv. frsm. n., hv. 4. þm. Norðurl. e., vegna þess að í þeim tveimur atriðum komu fram viðhorf, sem alls ekki höfðu verið orðfærð í nefndinni.

Hann upplýsti, að það hafi ekki verið um að ræða reglulegar ferðir Djúpbátsins að Eyri við Mjóafjörð við Djúp vestur. Ég ræði þessi atriði af því, að ég er ákaflega vel kunnugur þarna um slóðir og leitaði mér upplýsinga um þetta efni hjá framkvæmdastjóra félagsins,

strax eftir að framsöguræðan hafði verið haldin. Ég get upplýst, að þetta er rangt. Það eru fastar ferðir vikulega til þessara staða, 52 á ári. Ég læt þess getið í leiðinni, að þessar ferðir snerta einvörðungu 3 bæi við þennan fjörð, og það má einnig upplýsa, að það mjólkurmagn, sem skiptir aðallega máli í þessu sambandi, sem flutt var á s. l. ári, 1971, voru 29 þús. lítrar samtals, svo að menn sjá, að það er ekki erindi, heldur erfiði, sem þessi vel rekni flóabátur á til þessa staðar. Þó skal ekki dregið úr þeirri nauðsyn, að þarna sé haldið uppi reglulegum ferðum. En það var rangt, sem fram kom, að svo væri ekki, og þess getið, að nú væri það riflega til þessa flóabáts veitt, að það mætti taka upp að halda reglulega uppi ferðum að ferjubryggju við Eyri tvisvar í viku. Nú ætla ég að taka það fram, að þótt nokkur hækkun hafi verið á fjárveitingum til þessa flóabáts, fer fjarri, að hægt sé að ætla honum sérstaklega og tilkynna það sér í lagi með þessum hætti einhverjar slíkar áætlanir. En ég vil upplýsa, að stjórn Djúpbátsins hf. hefur þegar tekið ákvörðun um að fjölga ferðum á þennan stað yfir vetrarmánuðina, frá jan.—apríl og nóv.—des., og fjölga þeim þannig, að það verði tveir föstudagar í mánuði til viðbótar. Ég vil benda á, að það er örstutt leið frá Eyri í Mjóafirði í Ógur og allavega fær þann tíma, sem ferðir yrðu einvörðungu ein í viku.

Þá var það einnig og snertir þetta mál líka, sem ég hafði ekki rekið augun í fyrr, að í nál. er þess getið, að veittar eru 100 þús. kr. vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði gegn því, að báturinn, þ. e. Djúpbáturinn, fari tvær ferðir í viku, þegar þess gerist þörf vegna mjólkurflutninga. Ég vil einnig upplýsa, að þessi ráðagerð var aldrei rædd í samvn. samgm., aldrei á hana minnzt, heldur einvörðungu, að þessar 100 þús. kr. væru veittar sem styrkur til þess að anna mjólkurflutningum úr Dýrafirði, hvort heldur á landi eða sjó, t. d. með þeim hætti, að mjólkin yrði flutt yfir Gemlufallsheiði, sem er sú heiði af Vestfjarðaheiðum, sem allajafna er fær.

Erindi mínu er lokið. En ég tel í hæsta máta óviðfelldið, að í framsögu fyrir nál., sem ég hef ritað undir fyrirvaralaust, komi fram slíkar aths. sem þessar, og tel þær enda að engu hafandi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil taka undir það með síðast ræðumanni, að það er mér þvert um geð að flytja hér till., sem ég tel fyrir fram, að séu dauðadæmdar. En sá er munurinn, að ég hef leyft mér að leggja fram hér brtt. við frv. til fjárl., sem ég tel mjög sanngjarnar, og ég á ekki von á öðru en þingheimur hafi fullan skilning á þessum málum og veiti þeim lið, í þessari bjartsýni minni hef ég leyfi mér að leggja þær fram og gera grein fyrir þeim hér í mjög stuttu máli.

Þær eru hér á þskj. 257 og eru þrjár, sem ég flyt ásamt öðrum þm., einum á hverri tillögu.

Í fyrsta lagi vildi ég gera grein fyrir till., sem víkur að íþróttasjóði. Það er ekki till. um hækkun á fjárveitingu til íþróttasjóðs. Eftir atvikum og með tilliti til allra aðstæðna verður að teljast, að sú fjárveiting sé nokkuð viðunandi, og allavega lýsi ég ánægju minni með þá tilhögun, að verulegum hluta íþróttasjóðs, 16 millj., sé nú varið til þess að ráða niðurlögum þeim langa hala, sem myndazt hefur hjá þeim sjóði.

Hins vegar hefur fyrir vikið verið minna fé til þess að veita til nýrra íþróttamannvirkja, og ber fjárlagafrv. það með sér.

Ég ásamt hv. 2. þm. Reykv. flyt till. um breytingar á skiptingu fjárins, og hún er á þá leið að lækka fjárveitingu til 2. áfanga á leikvelli í Laugardal úr 300 þús. í 200 þús., en verja síðan þessum 100 þús. kr. til tveggja nýrra íþróttamannvirkja, í fyrsta lagi til vélfrysts skautasvells í Laugardal og hins vegar til íþróttahúss Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur. Hvorugt þessara íþróttamannvirkja fékk náð fyrir augum fjvn., en hafa verið samþ. af íþróttanefnd. Þessi mannvirki eru að vísu bæði staðsett í Reykjavík, en eru þó þess eðlis, að þau koma öllum landsmönnum til góða. Í Laugardal er verið að byggja upp íþróttamannvirki og íþróttamiðstöð fyrir alla landsmenn, eins og alþjóð er kunnugt um, og þessi mannvirki, sem þarna er meiningin að reisa, uppfylla vissar kröfur og mæta þörfum vissra íþróttagreina, sem hafa verið hornrekur til þessa. Þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það, en eins og ég segi, þá er ekki um að ræða hækkunartill., heldur tilfærslu á fé, og á ég því von á, að þingheimur geti tekið tillit til þessara tillagna.

Í öðru lagi hef ég leyft mér ásamt hv. 11. landsk. þm. að bera fram hækkunartill á liðnum umferðarráð, — hækkunartill, um 1 millj. Umferðarráð lagði fram áætlanir og beiðni um hækkaða fjárveitingu í samtals 7 millj. 192 þús. kr. úr rétt rúmlega 3 millj., en þessi beiðni var ekki tekin til greina, og fjárveiting til umferðarráðs er sú hin sama og var á síðustu fjárl., að viðbættum 11% hækkun vegna verðlagsuppbóta. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að vel sé staðið að umferðarfræðslu í landinu. Umferðarráð hefur fengið ákveðið verkefni samkv. lögum til að vinna að, og hlutverk þess er margþætt. Umferðarráð hefur haft það meginverkefni að koma hér á svokölluðu umferðarfræðslukerfi, sem ég mun ekki lýsa hér í einstökum atriðum, en það telur þetta fræðslukerfi vera forsendu þess, að hér geti skapazt umferðarmenning og koma megi í veg fyrir umferðarslys í þeim mæli, sem þau hafa verið hér á undanförnum árum. Mér hefur fundizt og okkur flm. það vera til vansa, að ekki skyldi verða orðið að einhverju leyti við þeim beiðnum, sem frá umferðarráði hafa komið, og allavega er útilokað að ætlast til þess, að umferðarráð geti starfað áfram að þeim verkefnum, sem það hefur með höndum, þegar fjárveitingu er haldið algerlega niðri frá ári til árs.

Í þriðja lagi hef ég leyft mér að bera fram till. ásamt hv. 6. þm. Reykv. varðandi Lánasjóð

ísl. námsmanna. Málefni lánasjóðsins hafa verið rædd hér á hv. Alþ. fyrr á þessum vetri, og mun ég ekki endurtaka þær umr. né þau sjónarmið, sem ég hef sett fram í þeim umr. Það er kunnugt, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið að þessum málum með miklum endemum, hefur algerlega fallið frá þeirri áætlun, sem gerð var um uppbyggingu lánasjóðsins, og m. a. fallið algerlega frá því „prinsip-"atriði að bæta við á ári hverju ákveðnu hlutfalli, þannig að á fjárhagsárinu 1974—1975 hefði náðst 100% umframfjárþörf námsmanna. Þrátt fyrir það að sleppt hafi verið þessari hlutfallsaukningu nú í fjárlagafrv., var búizt við því, að hæstv. ríkisstj. mundi leggja fram till., sem mættu þó kröfum lánasjóðsins á þann veg, að það mundi mæta raungildi þeirra fjárveitinga, sem voru á fjárl. á síðasta ári. En sú hefur ekki orðið raunin, þannig að sú fjárveiting, sem nú er, þó að hún sé hærri í krónutölu, er rýrari en sú hin fyrri, og stafar það bæði af rýrnandi verðmæti krónunnar, fleiri námsmönnum og öðrum atriðum. Það hefur ekki verið tekið tillit til verðlagsbreytinga, hvorki að fullu hér á landi né að neinu leyti hvað snertir námsmenn erlendis, og það hafa ekki átt sér stað neinar leiðréttingar á vanmati á framfærslukostnaði, og ýmislegt fleira skortir á. Samkv. upplýsingum frá námsmönnum, stúdentum hérlendis við háskólann og Sambandi ísl. námsmanna erlendis, á fundi, sem þeir héldu með fréttamönnum í gær, vantar um 24 millj. kr. upp á, að þetta raungildi fáist. Upphaflega setti Lánasjóður ísl. *námsmanna fram óskir um, að fjárveitingin* yrði 492 millj. kr., og var þá ekki búið að reikna með gengisfellingu. En nú hafa þessir aðilar látið þá skoðun í ljós, að til þess að mæta raungildi frá ári til árs, þyrfti að hækka núv. fjárveitingu um 24 millj., þ. e. a. s. hækka till., sem nú er gerð í fjárlagafrv.

Till. okkar, sem nú er lögð fram, er ekki yfirboð. Hún felur ekki í sér að taka inn í frv. fullkomlega þá áætlun, sem Lánasjóður ísl. námsmanna gerði, en hún felur það í sér, að ríkisstj. dragi ekki beinlínis og gagngert úr þeirri fjárveitingu, sem hingað til hefur gengið til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Með þessum tillöguflutningi vildum við flm. láta á það reyna, hver væri hugur hæstv. ríkisstj. og núv. stjórnarflokka til þessara málefna. Og sérstaklega minntumst við þess, hversu áhugi þessara sömu manna var mikill, þegar þeir sátu í stjórnarandstöðu, — áhugi, sem náði hámarki í tillöguflutningi núv. hæstv. iðnrh. þess efnis, að áætlunin, sem ég hef gert að umtalsefni, yrði lögfest.

Ég geri mér að sjálfsögðu vonir um, að þessi till. fáist samþ. Ef hún hins vegar verður felld af stjórnarsinnum, er mjög gagnlegt fyrir námsmenn almennt, að þeir sjái það svart á hvítu, hvernig menn bregðast við, þegar virkilega reynir á, hvort þeir séu menn til þess að standa við orð sín, þegar þeir hafa völdin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 256, 257 og 258, sem voru of seint fram komnar samþ. með 31 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki frekar en þeir hv. ræðumenn, sem talað hafa hér á undan mér nú síðast, fara í almennar umr. um það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, heldur halda mig við einstaka þætti og fyrst og fremst þá, er snerta þær brtt., sem ég hef flutt á þskj. 251, en tvær þeirra flyt ég í félagi við hv. 2. þm. Norðurl. v.

Það er svo, eins og lýst hefur verið, að afgreiðsla þessa frv. býður ekki upp á það, að við það séu fluttar miklar brtt. til hækkunar. Það er heldur ekki gert nema í litlum mæli. En eins og fram kom hjá hv. frsm. 1. minni hl., hefði verið þörf á því að flytja allmargar breytingar til lækkunar á þessu frv., en til þess hefur ekki gefizt tóm vegna þeirra vinnubragða, sem öllum þingheimi er kunnugt um, að höfð eru við meðferð þessa máls hér á hv. Alþ. Þar sem þær brtt., sem ég mæli hér fyrir, fela þó í sér hækkanir, vil ég byrja á því að andmæla þeirri brtt., sem fram er borin á þskj. 254 og flutt af hv. þremur formönnum þingflokka hér á Alþ. um kaup á blöðum eftir nánari ákvörðun ríkisstj. fyrir 18 millj. kr. Ég held, að þessu fé mætti verja til þarflegri hluta og ekki sé þörf á því að eyða svo miklu fjármagni til kaupa á þessum blöðum.

Ég ræddi hér við 2. umr. nokkuð, hversu ákaflega eitt kjördæmi landsins, Norðurl. v., væri afskipt í sambandi við fjárframlög á vegum heilbrigðismála. Þetta kann að hafa átt sinn þátt í því, að hv. fjvn. gerði hér nokkra bragarbót á og tók upp á milli umr. till. um 700 þús. kr. *framlag upp í skuldir* við fullgerðan læknisbústað á Blönduósi, og vil ég færa henni hér þakkir fyrir og þeim öðrum hv. þm. og starfsmönnum ríkisins, sem stutt hafa það mál. Enda þótt svo hafi skipazt, er vitaskuld ekki að marki bætt úr þörf þessa kjördæmis í þessum málaflokki. Ég hef þess vegna leyft mér ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. að flytja hér till. um tvo liði í þessum málaflokki.

Það er í fyrsta lagi nýr liður, 700 þús. kr., til byggingar læknisbústaðar á Hvammstanga. Nú hagar svo til á Hvammstanga, að þar er læknisbústaður tiltölulega nýlega byggður. En þau ósköp hafa gerzt, að hann var byggður með þeim hætti, að flutt var inn timburhús frá Svíþjóð, sem nú er að mati heimamanna og forráðamanna heilbrmrn. ónothæft. Þess vegna er nauðsynlegt að hefja nú þegar undirbúning að því að bæta úr þessum mistökum, og hef ég þess vegna leyft mér að flytja þessa litlu brtt., sem einungis ber að skoða sem framlag til þess að hefja undirbúning nýrrar byggingar. Það þarf naumast að taka fram, að fyrir liggja erindi, sem styðja þetta mál, frá heimaaðilum og skilningur heilbrmrn. á þessu máli er fyrir hendi.

Í annan stað hef ég leyft mér ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. að flytja brtt. um hækkun á fjárframlagi til sjúkrahúss á Blönduósi. Í till. hv. fjvn. er gert ráð fyrir 500 þús. kr. framlagi til þessarar framkvæmdar. En þar hagar svo til, að nú á yfirstandandi ári hafa verið gerðar verulegar endurbætur á sjúkrahúsinu, auk þess sem sótt hefur verið eftir því og heilbrmrn. lagt fram till. um, að þar verði nú veitt

fé til undirbúnings framkvæmda að viðbyggingu og stofnun heilsugæzlustöðvar. Þær endurbætur, sem farið hafa fram, eru svo miklar, að þótt svo þessi brtt. mín verði samþ. og heildarfjárveiting til sjúkrahússins verði á næsta fjárlagaári 1200 þús. kr., þá er ekki meira en svo, að það dugi til að greiða hlut ríkisins í þessum endurbótum. Þess má geta, að í till. heilbrmrn. var farið fram á 2 millj. kr. til þessa verkefnis, svo að hér er ekki einu sinni farið fram á jafnháa fjárhæð. Ég vænti þess, þar eð hér er farið fram á lítið, að þá taki hv. Alþ. þessum litlu brtt. okkar hv. 2. þm. Norðurl. v. með því að afgreiða þær á jákvæðan hátt.

Í þriðja lagi flyt ég brtt. um framlag á vegum landbrn. til jarðræktarframkvæmda og til skurðgraftar, sem framkvæmd yrðu á árinu 1973, að upphæð 26 millj. kr. Svo sem hv. alþm. er kunnugt, flutti ég fyrir nokkru ásamt tveim öðrum hv. þm. till. þess efnis, að stefnt yrði að því í áföngum, að unnt yrði að greiða fjárframlög vegna jarðræktarframkvæmda út á sama ári og verk er unnið. Ég setti sem lágmark í þeirri till, að á næsta ári yrði skref stigið svo, að unnt yrði þá að greiða þessi framlög að því marki, að næði 20% framlaganna. Hér er ekki einu sinni farið fram á jafnmikið, eins og ég gerði þá, með tilliti til hins þrönga fjárhags ríkisins eða öllu heldur vegna þess, hversu útgjöld ríkisins hafa þanizt út langt umfram það, sem eðlilegt má telja, og langt umfram það, sem greiðslugeta ríkisins virðist gefa tilefni til. Því hef ég stillt þessu mjög í hóf og einungis farið fram á sem svarar 15.6% af þeim framlögum, sem til þessara verkefna renna. Það er einmitt nákvæmlega það hlutfall, sem áður var greitt út af Landnámi ríkisins, en hjá Landnámi ríkisins voru framlögin ævinlega greidd út á sama ári og verk var unnið. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að í lok fjárlagaársins 1971 var afgangs fé til þessara framkvæmda á fjárl., sem nam 24.9 millj. kr. Þetta var á síðasta fjárlagaári hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem kennd var við viðreisn. Þá var vitaskuld sérstakt tækifæri til þess að taka þetta fjármagn til þess að greiða til framkvæmda, sem unnar voru það ár. Því miður fékkst það ekki fram, og þýðir ekki um orðinn hlut að sakast. En nú er þetta vissulega örðugra hvað fjárhaginn snertir, vegna þess að í lok þessa fjárlagaárs skortir 1 millj. kr. til þess að fullnægja þeim framlögum, sem ætlazt er til að greiða með þessu ríkisfjármagni. Hins vegar er tilnefnið sérstakt að því leyti, að ef ekki er horfið að þessu ráði nú, þá er stigið skref aftur á bak bændum og ræktunarsamböndum til óhagræðis og til aukins kostnaðar, vegna þess að nú er fallið niður það framlag, sem Landnám ríkisins greiddi áður á framkvæmdaári til þessara framkvæmda. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. og landbrh., sem hér er viðstaddur, taki þessi mál til gaumgæfilegrar yfirvegunar.

Þessi málefni minna mig á það, að við 2. umr. fjárl. taldi hæstv. ráðh. landbúnaðar- og fjármála sérstakt tilefni til þess að flytja langan lofsöng um störf sín sem landbrh. Einstök vers í þessum lofsöng fjölluðu um ákveðna þætti, er snerta lánsfé og ríkisframlög til landbúnaðarins. Og síðasta hending í hverju versi hljóðaði gjarnan á þann hátt: Ekki þarf nú hv. 5. þm. Norðurl. v. að kvarta yfir þessu. — Tilefni þessa kafla í ræðu hæstv. ráðh. var það, að ég hafði við þessa sömu umr. vakið athygli á því, að miðað við fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, mundi hlutdeild framlaga til landbrn. og stofnana á vegum þess lækka úr 6.1% miðað við fjárlög 1971 í 4.9% á fjárl. 1973 eða um það bil um fimmta part. Enn fremur lét ég svo um mælt, að svo kynni að fara, að bændastéttin kæmist að raun um, að það hefðu ekki verið umskipti til hins betra, þegar núv. landbrh. tók við af hinum fyrri. Út af þessum orðum mínum samdi hæstv. ráðh. þennan lofsöng, sem ég minntist hér á.

Einstök atriði í máli hæstv. ráðh. voru vitaskuld mörg. Ég vil hér aðeins minnast á fáein þeirra atriða.

Í fyrsta lagi minntist ráðh. nokkuð á lánamál landbúnaðarins. Ég vil segja það hér, að það er fjarri mér, að ég vilji hafa það af hæstv. ráðh., sem gert hefur verið til bóta, og það er rétt, að veðdeildarlán til jarðarkaupa hafa verið hækkuð nokkuð eða úr 200 þús. í 400 þús. plús 100 þús. í skuldabréfi. En ef tekið er tillit til þess, hversu fasteignir hafa hækkað á þessu tímabili, á valdatíma núv. ríkisstj., er fjarri því, að þessi hækkun jarðakaupalána dugi til þess að mæta þeim hækkunum, sem orðið hafa á jörðum. Það var enda svo í öllum lestri hæstv. ráðh., að hann virtist ekki gera neina grein fyrir þeim miklu verðhækkunum, sem orðið hafa í hans ráðherratíð.

Um stofnlánadeildarlánin er það að segja, að svo leit út, þangað til nú fyrir örfáum dögum, að stórkostleg fjárvöntun yrði til stofnlánadeildarinnar á þessu ári, sem þýddi það, að skorin höfðu verið niður lán til vinnslustöðva landbúnaðarins og lán til dráttarvélakaupa bænda frá því á miðju sumri. Hæstv. ráðh. hefur nú gert hér á bragarbót í lok vertíðar, svo seint, að ekki er enn þá séð, hvort unnt verður að afgreiða þessi lán, en nú fyrir fáum dögum útvegaði hann 60 millj. kr. til þessara hluta.

Hæstv. ráðh. minnti á tekjur bænda á yfirstandandi ári og sagði: Bændur hafa fengið hækkanir á tekjum sínum eftir lögum, og ekki þarf nú að kvarta undan því. — Ég spyr nú aftur á móti: Er það eitthvað sérstaklega þakkarvert, þó að lögum sé framfylgt? Er það eitthvað þakkarvert, þó að bændur hafi fengið leiðréttingar á tekjum sínum til samræmis við þær verðlagshækkanir og þær launahækkanir, sem orðið hafa í þjóðfélaginu og bændur eiga skýlausan rétt á að fá inn í verðlagsgrundvöllinn lögum samkv.? Þessi lög voru haldin til 31. ágúst, en 1. sept. átti að taka gildi nýr verðgrundvöllur landbúnaðarvara, og sá grundvöllur hefur ekki tekið gildi enn. Þeim grundvelli var frestað með brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, og það skal tekið fram, að það var gert með hlutleysi bændasamtakanna. En ég ítreka þá spurningu, sem ég bar fram hér við 2. umr. til hæstv. ráðh., hvað fram undan sé í sambandi við verðgrundvöllinn vegna þeirra hækkana, sem óhjákvæmilega hljóta inn í hann að koma. Hvað

hyggst hæstv. ráðh. leggja til í því sambandi, og getur hann gefið hér á hv. Alþ. yfirlýsingu, eins og ýmsir hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj. hafa gert í sambandi við kjaramál launþega, að þeir fái að fullu greiddar þær hækkanir, sem spretta af efnahagsráðstöfunum núv. ríkisstj. í sambandi við kaupgjaldsvísitölu? Nú spyr ég: Getur hæstv. ráðh. landbúnaðar- og fjármála gefið slíka yfirlýsingu varðandi kjör bændastéttarinnar?

Um útgjaldaliði á fjárl. í gegnum landbrn. sé ég ástæðu til að fara fáeinum orðum. Hæstv. ráðh. tíndi upp nokkra liði og sagði: Hérna hefur orðið veruleg hækkun. Til Landgræðslunnar er fjármagnið 100% hærra en var í tíð fyrri ríkisstj. Til þessa liðar og hins hefur verið veitt miklu meira fé. Og ekki þarf nú að kvarta undan þessu, sagði hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi er við þetta það að athuga, að framkvæmdamáttur fjárins hefur stórkostlega dregizt saman, svo sem öllum má ljóst vera. Byggingarvísitalan hefur á valdatíma núv. ríkisstj. hækkað um um það bil 28%, og þegar það fjármagn, sem verður á fjárl. næsta árs, kemur til þess að greiða framkvæmdir, þá veit enginn, hvað byggingarvísitalan hefur hækkað mikið. En vissa er fyrir því, að það verður verulegt í framhaldi af þeim hækkunum, sem leiðir af gengisfellingunni. Hæstv. ráðh. sagði: Framlög til Hvanneyrarskóla hafa verið þrefölduð. — Hæstv. ráðh. minntist ekkert á Hólaskóla. Hæstv. ráðh. minntist ekki heldur á Garðyrkjuskólann í Ölfusi. Þessir skólar eru þó, eða a. m. k. Bændaskólinn á Hólum, sambærilegir við Hvanneyrarskóla. Framlög til þessara skóla hafa sama og ekkert hækkað í tíð þessa hæstv. fjmrh. og landbrh. Það er nefnilega þannig, að það er hægt að tína út einstaka liði, þar sem sæmilega og vel er gert. En ef litið er á málin í heild, þá er sagan önnur. Ég kem nánar að því síðar.

Hæstv. ráðh. sagði: Það þarf ekki að kvarta undan því, að jarðræktarl. voru sett. — Og víst er, að svo er ekki. En það er líka ekkert sérstakt tilefni til þess að hæla sér af eða flytja um sjálfan sig lofsöng vegna jarðræktarl., sem gera ráð fyrir 17—18 millj. kr. hækkun á framlögum til landbúnaðarins, þegar það er vitað, að það var að því komið að endurskoða þessi lög. Í því sambandi vil ég minna á, að þegar þau næst á undan voru endurskoðuð, voru framlög eftir þessum lögum hækkuð um 30 millj. kr. til landbúnaðarins, og var þó annað verðlag þá en var í fyrra og er í dag.

Ef útgjaldaliðir á vegum landbrn. eru teknir í heild, sem vissulega gefur réttari mynd heldur en vera að tína út einstaka liði, kemur í ljós, að ekki var mikið tilefni til þess, að hæstv. ráðh. færi að hæla sér sérstaklega af þessum málum. Ef gert er ráð fyrir því, að þær till., sem nú liggja fyrir við 3. umr. fjárl. frá fjvn., verði samþykktar, lítur dæmið þannig út, að í síðustu fjárlögum viðreisnarstjórnarinnar var hlutfall þeirra fjárveitinga, sem renna í gegnum landbrn., eins og fyrr sagði, 6.1% af heildarútgjöldum ríkisins, en ef till. fjvn. verða samþ. nú og fjárlagadæmið tekið eins og niðurstöður verða að því loknu, þá er hlutfallið komið svo, að í stað 6.1%, sem var 1971, er þetta komið niður í 4.18%. M. ö. o.: meðan fjárlög íslenzka ríkisins hafa hækkað um nærfellt 100%, þá hafa framlög til landbrn. hækkað um 37—38%. Það er því augljóst mál, að hæstv. landbrh. hefur orðið undir í viðskiptum sínum við hæstv. fjmrh. og það var alls ekkert tilefni til þess, að hann kæmi í þennan ræðustól til þess að hæla sér af þessum málum og tala um þau í þeim dúr, sem hann gerði, að ekki væri tilefni til þess af hálfu einstakra þm. að finna hér nokkuð að.

Ég vil að síðustu taka það fram, að ég óska hæstv. landbrh. mikils árangurs í skiptum sínum við hæstv. fjmrh., og mér þætti vænt um, ef hæstv. landbrh. gæti borið höfuðið hátt, þegar hann finnur hvöt hjá sér til þess að flytja lofsöng um störf sín á þessu sviði, en þyrfti ekki svo mjög að treysta á kokhreysti og raddgæði eins og hann gerði við 2. umr. fjárlaga.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég get tekið undir það með sumum af þeim, sem hafa talað við þessa umr., að það er að vísu með blandinni ánægju, sem maður hreyfir brtt. til hækkunar á þessu fjárlagafrv., þessu fádæma fjárlagafrv., sem fyrirsjáanlega verður með niðurstöðutölum, sem þýða tvöföldun frá fjárl. fyrir árið 1971. Ég skal ekki lengja þessar umr. með almennum aths. um fjárlagafrv. og þá stjórnarstefnu, sem það ber vitni um og hefur nú leitt til gengisfellingar íslenzku krónunnar í öndvegis árferði. Mörg hörð orð hafa verið um þessa ráðsmennsku höfð, bæði innan þings og utan, og tæpast nokkuð verið þar ofsagt. En ég hafði kvatt mér hljóðs til þess að mæla fyrir tveim brtt., sem ég flyt við fjarlagafrv.

Ég skal þá fyrst víkja að þeirri brtt., sem er á þskj. 257, merkt með IV, og er um það, að inn í frv. bætist á tilgreindum stað: „Gerð afbrotaskýrslna 500 þús. kr.“ Þótt ég, eins og ég áður sagði, telji það litið ánægjuefni að þurfa að flytja hækkunartill. við þetta fjárlagafrv., tel ég samt, að hér sé annars vegar um svo lága upphæð að ræða og hins vegar svo mikilvægt verkefni, að það sé nauðsynlegt að halda þessu máli vakandi, þó að ég eigi ekki von á, að þessi brtt. mín verði samþ. Ég flutti við afgreiðslu fjárlaga í fyrra brtt. shlj. þessari, og var hún þá felld. Ég er sannfærð um, að menn gera sér ekki almennt grein fyrir því, hve nauðsynlegt það er, að til séu afbrotaskýrslur í þeirri mynd, sem nú orðið þykir sjálfsagt í nútíma menningarþjóðfélagi. Þar þykja slíkar skýrslur algerlega nauðsynlegur grundvöllur þess, að hægt sé að móta skynsamlega stefnu á sviði refsiréttar og refsinga og þar með í fangelsismálum. Slíkar skýrslur gefa vísbendingu um nauðsyn á aðgerðum einnig á öðrum sviðum, og á ég þar sérstaklega við aðgerðir til þess að girða fyrir afbrot eða afstýra afbrotum.

Fyrir Alþ. liggur nú frv. um fengelsisbyggingar. Það frv. virðist vera niðurstaða af endurskoðun eldri laga um fangelsisbyggingar. En þó að nýjar byggingar og aukið húsrými geti skapað aðstöðu til endurbóta í innra starfi þessara stofnana, þá fjallar þetta frv. í rauninni ekki um það og kannske ekki eðlilegt heldur, að það sé í frv., sem miðast aðallega við framkvæmdir.

Það tæpt ár, sem ég gegndi starfi dómsmrh., kom mjög til umr. í rn. einmitt þetta að taka

upp gerð afbrotaskýrslna í nútímaformi. Ármann Snævarr prófessor, sem er formaður hegningarlaganefndarinnar hafði samið stutta álitsgerð um þetta efni og sett þar fram hugmyndir um, hvernig staðið skyldi að þessu máli. Var þetta rætt í rn. oftar en einu sinni, bæði við hann og einnig við hagstofustjóra, því að það mundi að sjálfsögðu verða í verkahring skýrsluvéla að vinna þetta verk, þegar búið væri að koma því af stað.

Ég vil láta þess aðeins getið, að þegar tilteknar eru þarna 500 þús. kr., má líta á það nánast sem stofnkostnað, ef svo mætti að orði komast, þ. e. a. s. kostnað við að hrinda þessu máli af stað, hrinda slíkri skýrslugerð af stað, en árlegur kostnaður við framhaldið yrði að sjálfsögðu langtum minni.

Það var svo vorið 1970 í till. frá dómsmrn. í sambandi við undirbúning fjárl. fyrir árið 1971 einn liður í till. rn. einmitt um þetta efni, gerð afbrotaskýrslna, og var þá þessi sama upphæð, sem ég að vísu hef ekki hækkað, þó að gera megi ráð fyrir með þeim aukna tikostnaði, sem nú er orðinn á öllum sviðum, að þurft hefði að hækka þessa upphæð eitthvað. En þegar fjárlagafrv. var svo lagt fram haustið 1971 af nýju stjórninni, var þessi póstur hvergi finnanlegur. Ég flutti hins vegar við afgreiðslu fjárl. þá till. um, að þetta yrði tekið inn, og hún var felld, eins og áður sagði. Ég hef ástæðu til að ætla, að frá dómsmrn. hafi nú s. l. vor aftur komið till. um að taka þennan lið inn í fjárlagafrv., en eins og menn sjá, hefur það ekki orðið, en sú vitneskja, sem ég tel, að sé á rökum reist, að till. hafi komið frá dómsmrn., gefið vonir um, að hæstv. dómsmrh. vildi styðja þessa till. nú við fjárlagaafgreiðsluna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till. Ég vitna til þess, sem ég sagði um þetta mál við fjárlagaumr. í fyrra, ef einhver kynni þá eftir því að muna, en vil aðeins að lokum varðandi þessa till. leggja ítrekaða áherzlu á það, sem ég er sannfærð um, að menn gera sér ekki almennt grein fyrir því, hve mikilvægt það er, að þetta mál komist í framkvæmd. Það hefur verið töluvert rætt og ritað um fangelsismál upp á síðkastið. En það er eins og þeir, sem hæst hafa látið í þeim efnum, hafi ekki viljað gera sér grein fyrir því eða ekki gert sér grein fyrir því, á hvaða grundvelli þarf að byggja, ef við ætlum að ná tilætluðum árangri og endurbótum í okkar fangelsismálum. Það er ekki nóg að byggja hús. Það eru aðrir hlutir, sem þarf að hyggja að og það kannske enn þá meira en sjálfum byggingunum.

Þá skal ég víkja að annarri brtt., sem ég flyt. Hún er á þskj. 258 og er brtt. við brtt. fjvn. á þskj. 217. 39. lið, þ. e. a. s. síðasta tölulið í brtt. á því þskj., c-undirlið, þar sem eru nýir liðir, en 14. liður undir c er um það, að heimilt sé að greiða allt að 10 milj. kr. á árinu 1973 í framlög til byggingar dagvistunarheimila, barna- og elliheimila, ef lög um stuðning ríkisins við slíkar framkvæmdir verða sett á árinu og reglugerð gefin út. Ég hef leyft mér að flytja þá brtt. við þessa till., að í stað orðanna „allt að 10 millj. kr.“ komi: „allt að 20 millj. kr.“ Ég verð að segja eftir allt það, sem sagt hefur verið um nauðsyn á þessum mjög svo þörfu stofnunum, og eftir að frv. hefur nú verið lagt fram og er til meðferðar hér í þinginu, þá sýnist mér, að það væri engin ofrausn að ætla 20 millj. kr. til þessara hluta. Það er rétt líka að undirstrika það, að þetta er einungis heimild, og það er þá á valdi ríkisstj. að takmarka þetta, ef fjárhagsafkoman sýnist ætla að verða mjög bág. En í þessu sambandi vil ég benda á það, að Reykjavíkurborg, sem hefur staðið mjög myndarlega að byggingu slíkra stofnana, þótt mikið vanti á, að þörfinni sé enn þá fullnægt, áætlar á fjárhagsáætlun fyrir næsta ár 66 millj. kr. til þess að byggja fyrir dagvistunarheimili. Þá sýnist, að það væri ekki ofrausn að ætla hér á heimildagr. 20 millj. til þessara þörfu framkvæmda, og ég á von á því, að brtt. mín fái stuðning einhverra þeirra, sem hafa haft stóru orðin um nauðsynina á slíkum framkvæmdum.

Í þessum 14. tölulið undir c er í síðari mgr. það orðað, að ef þessi heimild verði ekki notuð, þá verði viðkomandi aðilum heimilt að hefja framkvæmdir og stofna til greiðsluskyldu ríkissjóðs á árinu 1974, enda fari, eins og þar stendur, undirbúningur fram í samráði við viðkomandi rn., fjárhags- og hagsýslustofnunina og undirnefnd fjvn. Það eru ekki fáir aðilar, sem undir þarf að sækja með þetta, en vonandi tekst í meðförum þingsins að gera einfaldari þá leið, sem þarf að ganga í gegnum, áður en aðilar, sem eru yfirleitt eingöngu sveitarfélög, geta ráðizt í þessar byggingar. Ég hlýt að láta í ljós ánægju yfir því, að þarna er þó gert ráð fyrir þessari heimild með þessari viðbót, þ. e. a. s. hvernig fara skuli með, ef heimildin verður ekki notuð.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessar brtt., sem ég hef nú mælt fyrir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki árennilegt að gera margar till. við fjárlagafrv. að þessu sinni. Hvort tveggja er, að búið er að veita mikið fé í ýmsar áttir af takmörkuðum og völtum efnahag, og eins hitt, að sjálfsagt er búið að njörva stjórnarliðið saman á höndum og fótum til þess að fylgja frv. í þeirri mynd, sem hæstv. ríkisstj. ákveður. Ég hef þó leyft mér á þskj. 251 að hreyfa tveimur mjög sanngjörnum brtt. við liðinn hafnarmannvirki og lendingarbætur.

Hin fyrri er um það, að höfnin í Arnarstapa í Breiðuvíkurhreppi á Snæfellsnesi fái nokkru meira fé til framkvæmda þ. e. a. s. fyrir 1½ millj. komi 3 millj. Arnarstapahöfn hafði á þessu ári til umráða 1½ millj. í þessu skyni, en sú fjárveiting var skorin niður í þeim niðurskurði, sem við fréttum nýlega af. Þessi fjárhæð er nú endurveitt í fjárlagafrv., en hún er ekki nægjanleg. Breiðvíkingar þurfa a. m. k. 3 millj. kr. í þessu skyni á árinu 1973 til þess að geta lokið þessum framkvæmdum á tveimur árum og náð því að búa við lágmarksviðunandi hafnarskilyrði.

Þá hef ég leyft mér að hreyfa nýjum lið, þ. e. að til hafnarmannvirkja í Grundarfirði verði veittar 4 millj. Allir vita, að Grundarfjörður er einn öflugasti útgerðarbær á Vesturlandi og þótt víðar væri leitað. Grundfirðingar hafa ekki verið

frekir til fjárins að þessu leyti að undanförnu. Ég hygg, að þeir hafi ekki fengið krónu til þessara mála s. l. 8 ár. Nú hafa þeir hins vegar í hyggju að bæta hafnaraðstöðu sína og eru mjög vel að því komnir. Þeir hafa undirbúið þetta mál vel, gert glögga grein fyrir sínu máli, og ég tel sanngjarnt, að þeir komist þarna á blað að þessu sinni, og hef leyft mér að nefna mjög svo hóflega fjárhæð, 4 millj. kr.

Á síðasta þingi voru, sem kunnugt er, samþykkt ný lög um lögreglumenn, þar sem ríkið tók þau mál í sínar hendur frá komandi áramótum að fullu og öllu, tók að sér að annast þau málefni og að því er vænta mátti að veita borgurunum ekki verri þjónustu en þeir höfðu áður haft. Nú hefur fjárveitingavaldið tekið þá stefnu að neita öllum fjárveitingum í því skyni að fjölga lögreglumönnum eða bæta lögregluaðstöðu, hvar og hvernig sem á stendur. Ég tel, að á þessari stefnu sé alls ekki stætt, þetta verði að endurskoða og þarna sé í raun og veru um mikla fjármuni að ræða, sem ekki er vikið að í frv.

Ég gæti minnzt á margt fleira, en með hliðsjón af öllum aðstæðum á þessu kvöldi læt ég máli mínu lokið.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., af því að alveg sérstaklega stendur á. Ég taldi við 2. umr., að það þyrfti að sjá Landhelgissjóði Íslands betur fyrir fjármagni en gert hefur verið, og nú hefur verið gert ráð fyrir því, að lántökuheimild vegna sjóðsins geti verið fyrir hendi. Ég tel lántökuheimild í þessu sambandi ófullnægjandi, en ég hef ekki flutt neina brtt. samt sem áður, og er það gert í fullu trausti þess, að fram nái að ganga með sómasamlegum hætti frv. okkar sjálfstæðismanna um eflingu Landhelgissjóðs, í samræmi við undirtektir hæstv. forsrh. og kannske reyndar hæstv. fjmrh. líka. Ég vil þó í lokin aðeins fá að koma hér að yfirlýsingu fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna, sem mér þykir rétt, eins og aðstæður eru, að skjalfestist í þingtíðindunum. Hún er á þessa leið:

„Framkvæmd fjárlagaafgreiðslu hæstv. núv. ríkisstj. er algerlega með sérstæðum hætti.

Við sjálfstæðismenn átöldum ráðleysið í fyrra, þegar enn var fjárvöntun á fjárlagafrv. fyrir árið 1972 nokkrum dögum fyrir þinghlé, er nam meira en 3000 millj. kr., og átti m. a. að brúa bilið með afgreiðslu skattafrv. á næsta ári, en þau urðu, eins og kunnugt er, mjög umdeild og borgurunum þung í skauti, og sjálf þurfti ríkisstj. að breyta þeim með brbl. til þess að draga úr skattpíningu eldra fólks.

Nú keyrir algerlega um þverbak. Fjárlagafrv. fyrir árið 1973 var samið, meðan ríkisstj. lifði enn í vímu þeirrar efnahagslegu velgengni, sem við var búið, þegar hún tók við völdum.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í upphafi þings, var það markleysa að því leyti, að í því var ekki hægt að taka mið af væntanlegum efnahagsráðstöfunum, sem allir vissu þá, að voru fram undan. Ríkisstj. hafði loksins orðið ljóst á miðju sumri, að hún neyddist til að hægja á hrunadansi kostnaðarverðbólgunnar. Hún hafði

því beðið um frest til umhugsunar með setningu brbl. um tímabundna verðstöðvun fram til áramóta. Engar efnahagsráðstafanir af þeirri stærðargráðu verða með nokkru móti aðskildar frá ríkisfjármálum.

Þegar fjárlagafrv. kom til 2. umr. þann 14. des., sat allt við sama, og enginn vissi, að hverju stefndi. Á vitorði allra var, að innan ríkisstj. vildi hver hinna þriggja stjórnarflokka fara sína leiðina út úr vandanum. S. l. sunnudag, þann 17. des., sættast stjórnarflokkarnir á gengislækkun krónunnar sem beztu leiðina út úr ógönguunum.

Ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafa alls ekki getað gefið n. þingsins né þingheimi nein fullnægjandi svör um ráðgerð áhrif gengislækkunarinnar á efnahagslífið, á verðlagsþróun og rekstrarafkomu undirstöðuatvinnuveganna, þar sem um þetta liggja ekki fyrir útreikningar. Ráðh. hafa hins vegar gefið ótvíræðar yfirlýsingar um, að tjaldað sé til einnar nætur. Um stöðu fjárfestingarlánasjóða landsmanna er allt á huldu, nema hvað fyrir liggja upplýsingar sérfræðinga ríkisstj. um, að fjárvöntunin sé geigvænleg og ekki talið fært að mæta henni með lánveitingum, hvorki innanlands né utan, nema að hluta til. Enn blasir við geigvænlegur viðskiptahalli við útlönd umfram þann halla, sem stafar af kaupum gjaldeyrisaukandi eða gjaldeyrissparandi verðmæta, svo sem skipakaupum eða flugvélakaupum, en leiðir beinlínis af mismun á almennum vöruskiptum og þjónustu við önnur lönd. Greiðslubyrði sívaxandi erlendra skulda er löngu komin í hámark.

Með háttalagi ríkisstj. og starfsaðferðum og þar með framkvæmd fjárlagaafgreiðslunnar hefur stjórnarandstaðan verið firrt möguleikum til þess að veita viðnám í beinni tillögugerð, en til þess ætlazt, að mál séu afgreidd í flýti, án þess að tími gefist til nægjanlegrar yfirvegunar.

Útgjöld fjárl. munu nú hafa tvöfaldazt eftir tvær fjárlagaafgreiðslur núv. ríkisstj. Slíkt er einsdæmi.

Við þessar aðstæður höfum við sjálfstæðismenn ekki talið rétt né aðstæður til að flytja brtt. við fjárlagafrv., svo að nokkru nemi. Þau þurftu að ummyndast eða hvíla á öðrum og traustari grundvelli. Er þá meðal margra atriða átt við sérstaklega: að ríkisbúskapurinn sé í reynd greiðsluhallalaus, en svo hefur ekki verið, og nú stefnir að því að afgreiða fjárlagafrv. með raunverulega allt að 500 millj. kr. greiðsluhalla; að ríkisstj. hrifsi ekki til sín fjárveitingavald Alþ. með brbl. eða óafmörkuðum heimildum; að ríkisútgjöld á hverjum tíma takmarkist eðlilega við þjóðarframleiðsluna, þar sem síhækkandi hlutfall ríkistekna og gjalda leiðir til vaxandi miðstjórnarvalds og veikir aðstöðu einstaklinga, atvinnurekstrar og sveitarfélaga; og að fjárlög gefi ótvíræða og rétta mynd af útgjöldum þeim, sem vitað er um, þegar þau eru afgreidd.

Þm. Sjálfstfl. munu ekki taka þátt í atkvgr. við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Á hinn bóginn höfum við lagt fram till. um vantraust á ríkisstj. og kröfu um þingrof og kosningar. Samkomulag er um, að umr. um vantraustið fari fram, er fundir Alþingis hefjast aftur á nýju ári."

Umr. (atkvgr.) frestað um stund.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 1. gr. l. nr. 48 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Í sambandi við það, að nú fara fram kosningar í bankaráð, vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi: Með því að bankamálaráðh. hefur tvívegis lýst því yfir á Alþ., að bankanefndin, sem fjallar um endurskipulagningu bankakerfisins, sé um næstu áramót að skila af sér störfum, eftir hálfan mánuð, og þar er gert ráð fyrir m. a. sameiningu bankanna, þá tel ég eðlilegt, að þessum kosningum verði frestað, og vil leyfa mér að gera það að till. minni. Verði sú till. felld, lýsi ég því yfir, að ég mun ekki taka þátt í þessum tryggingarkosningum flokkanna, allra sízt á meðan starfsfólki bankanna er ekki tryggð aðild að bankaráðunum. M. ö. o.: ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja fram svo hljóðandi till. og hún verði borin upp til atkv.:

„Með því að nú er starfandi n. til að endurskoða bankakerfið, þar sem m. a. er gert ráð fyrir sameiningu banka, og bankamálaráðh. hefur lýst yfir tvívegis í Alþ., að n. muni að öllum líkindum skila áliti sínu um áramótin, eftir hálfan mánuð, legg ég til, að kosningu manna í bankaráð verði frestað, þar til endurskipulagning bankakerfisins hefur farið fram."

Forseti (EystJ): Það er skýlaust í lögum um bankana, að það beri að kjósa bankaráðin fyrir áramót, og þess vegna getur þessi till. ekki komið til atkv.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson alþm. (B),
Guðmundur Hjartarson framkvæmdastj. (A),
Gunnar Gíslason alþm. (B),
Karl Árnason glerskurðarmeistari (A).

Varamenn:
Ágúst Þorvaldsson alþm. (A),
Pálmi Jónsson alþm. (B),
Helgi F. Seljan alþm. (A),
Steinþór Gestsson alþm. (B),
Benóný Arnórsson bóndi (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kristinn Finnbogason framkvæmdastj. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður (A),
Kristján G. Gíslason stórkaupmaður (B),
Einar Olgeirsson fyrrv. alþm. (A).

Varamenn:
Margeir Jónsson útgerðarmaður (A),
Árni Vilhjálmsson prófessor (B),
Karvel Pálmason alþm. (A),
Davíð Scheving Thorsteinsson framkv.stj. (B),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 28. gr. l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sigurjón Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Birgir Kjaran hagfræðingur (B),
Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður (A),
Sverrir Júlíusson forstjóri (B),
Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður (A).

Varamenn:
Jón Skaftason alþm. (A),
Ólafur B. Thors borgarfulltrúi (B),
Alfreð Gíslason læknir (A),
Pétur Sæmundsen bankastjóri (B),
Haukur Helgason hagfræðingur (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 12 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gísli Guðmundsson alþm. (A),
Ólafur Björnsson prófessor (B),
Halldór Jakobsson framkvæmdastjóri (A),
Guðlaugur Gíslason alþm. (B),
Haraldur Henrýsson lögfræðingur (A).

Varamenn:
Björgvin Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Gísli Gíslason stórkaupmaður (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (A),
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri (B),
Arnbjörn Kristinsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Guðmundur Tryggvason fyrrv. bóndi (A),
Einar Gestsson bóndi (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1973 til jafnlengdar 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Baldur Óskarsson fulltrúi (A),
Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1973 til jafnlengdar 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. nr. 12 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Jón Kjartansson forstjóri (A),
Ingi R. Jóhannsson, endurskoðandi (B).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalfulltrúa og varafulltrúa komu fram þrir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalfulltrúar:
Jón Skaftason alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Björn Jónsson alþm. (A),
Jóhann Hafstein alþm. (B),
Gils Guðmundsson alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Varafulltrúar:
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Gunnar Thoroddsen alþm. (B),
Karvel Pálmason alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (C).

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1973 til jafnlengdar 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 43 16. apríl 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fam komu tveir listar. Á A-lista voru Hjörtur Hjartar, Gunnar Guðbjartsson, Þorvaldur G. Jónsson, Guðmundur Hjartarson og Baldur Eyþórsson. Á B-lista voru Pétur Gunnarsson, Halldór H. Jónsson, og Gunnar Sigurðsson bóndi, Seljatungu. — A-listi hlaut 38 atkv., en B-listi 22 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Hjörtur Hjartar framkvæmdastjóri,
Pétur Gunnarsson framkvæmdastjóri,
Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda,
Þorvaldur G. Jónsson cand. agr.,
Halldór H. Jónsson arkitekt,
Guðmundur Hjartarson framkvæmdastjóri,
Baldur Eyþórsson forstjóri.

Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára, frá 6. febr. 1973 til jafnlengdar 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 6. febr. 1961, um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Daníel Ágústínusson fulltrúi (A),
Ásgeir Pétursson sýslumaður (B),
Sigmundur Guðbjarnason prófessor (A),
Jón Árnason alþm. (B),
Hafsteinn Sigurbjörnsson (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1972, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (A).

Kosning eins manns í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar í stað Björns Jónssonar, sem hefur tilkynnt, að hann geti ekki gegnt störfum í stjórninni, og óskað þess, að annar yrði kosinn í hans stað.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og var því kjörinn án atkvgr.:

Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur.

Varamaður í stjórnina í stað Halldórs S. Magnússonar var tilnefndur:

Ingólfur Árnason rafveitustjóri.

Kosning tveggja endurskoðenda til að endurskoða reikninga þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, samkv. 37. gr. l. nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Friðgeir Björnsson lögfræðingur (A),
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (B).

Fjárlög 1973, frv. — 3. umr. (frh).

ATKVGR.
Brtt. 218,1—3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 217,1—3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 250 felld með 31:16 atkv.
— 238,I. 1 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 217,4 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 257,I. felld með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RH, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BGr, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, ÁP, LárJ, MÁM, OÓ, ÓE, PP.
nei: SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, SL, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, JJ, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, EystJ.
JÁH, JGS, MB, PJ, PS greiddu ekki atkv.
Brtt. 217,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 238,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 217,6—10 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 190 samþ. með 51:1 atkv.
— 257,II felld með 32:27 atkv.
— 217,11—13 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 256 samþ. með 30:28 atkv.
— 217,14—15 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 251,I felld með 31:15 atkv.
— 217,16—18 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 217,19—22 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 218,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 217,23 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 251,II felld með 32:20 atkv.
— 217,24—26 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 257,III felld með 32:18 atkv.
— 257,IV felld með 32:20 atkv.
— 217,27 samþ. með 51:2 atkv.
— 218,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 238,II felld með 32:19 atkv.
— 251,III felld með 31:21 atkv.
— 238,III samþ. með 53 shlj. atkv.
— 217,28—32 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 218,6 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 254 samþ. með 35:13 atkv.
— 218,7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 217,33 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 219 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 217,34 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 238,IV felld með 30:14 atkv.
— 251,IV felld með 32:24 atkv.
— 217,35—38 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 218,8 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 238,V felld með 30:21 atkv.
— 217,39. a—c. 13 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 258 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RH, StefG, SteiG, SvH, ÞK, AuA, BGr, BJ, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁH, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PP, PS.
nei: SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj. BGuðn, BFB, SL, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, JJ, HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, EystJ.
JGS greiddi ekki atkv.
1 þm. (ÁP) fjarstaddur.
Brtt. 217,39.c. 14—19 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 238,VI felld með 31:24 atkv.
— 218,9 samþ. með 32:16 atkv.
— 245 samþ. með 53 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HES, HV, HFS, IG, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PÞ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BGuðn, BFB, BJ, SL, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, JJ, EystJ,
nei: JÁH, PP, StefG, BGr, EggÞ, GÞG.

IngJ, JóhH, LárJ, JGS, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PS, RH, SteinG, SvH, ÞK, AuA, EBS, FÞ, GH, GuðlG, GunnG, GTH greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÁP) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 264).

Þinghlé.

Forseti (EystJ): Nú verður gert hlé á fundum Alþ. um sinn. Forsetar hafa ákveðið, að þetta fundahlé verði til 25. jan., nema nauðsyn beri til að kveðja saman fundi fyrr, sem fyrir getur komið, og verða menn að vera við slíku búnir, ef til kemur. Verða næstu fundir boðaðir með dagskrá.

Ég óska hv. þm. gleðilegra jóla og farsæls nýárs. Ég þakka hæstv. ráðh., hv. alþm. og starfsliði þingsins fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Ég óska utanbæjarþm. farsællar heimferðar og góðrar heimkomu, og ég vona, að við megum öll hittast heil, þegar fundir þingsins hefjast á ný eftir nýárið.

Jóhann Hafstein: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir hönd okkar þm. fyrir hlýjar óskir í okkar garð, og fyrir hönd okkar sameiginlega vil ég einnig þakka hæstv. forseta fyrir ágæta samvinnu við okkur þm., röggsama fundarstjórn og réttsýna. Ég vil leyfa mér að óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, og ég vil mega vænta þess, að við hittumst heilir á nýju ári. Vil ég biðja hv. þm. að taka undir þakklæti mitt og heillaóskir til forseta með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (EystJ): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð og míns fólks og hv. alþm. fyrir að taka undir þær, og ég endurtek árnaðaróskir minar til þingheims.

Efri deild, 42. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 8.30 síðdegis.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv það til l. um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. jan. til 28. febr. 1973, sem nú kemur fyrir hv. þd., er flutt í því skyni að gera ótvírætt, hversu fara skuli með ákvörðun kaupgreiðsluvísitölunnar á tímabilinu, sem líður frá áramótum, þegar gildistíma ákvæða brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir lýkur og til loka febrúar, þegar nýtt reglulegt vísitölutímabil hefst. Ýmsir telja að vísu, að ekki eigi að vera teljandi óvissa um þetta efni, en aðrir, svo sem Hagstofa Íslands og aðilar vinnumarkaðarins, hafa látið í ljós ugg um, að svo sé, og borið fram eindregna ósk um, að fyrir það sé girt með lagasetningu, að upp komi deildar meiningar um meðferð málsins af hálfu kauplagsnefndar.

Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 20. þ. m. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn samþykkir fyrir sitt leyti, að kauplagsnefnd verði gert rétt og skylt að ákveða kaupgjaldsvísitölu fyrir tímabilið 1. jan. til 1. marz 1973 í samræmi við brbl. frá í sumar og á grundvelli gildandi kjarasamninga og starfsvenja kauplagsnefndar. Enn fremur verði n. gert heimilt að taka tillit til, hvort eitt vísitölustig í búvöruverði verði greitt niður áfram eða ekki."

Þá segir svo í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands til hæstv. forsrh., dags. sama dag, eftir að þar hefur verið fjallað um efnisatriði, einnig með leyfi hæstv. forseta:

„Án nýrrar lagasetningar mundi skapast óviðunandi ástand á vinnumarkaðinum og ástand, sem kynni að hafa ófyrirséðar afleiðingar. Við leyfum oss að undirstrika nauðsyn þess, að framangreind lagasetning taki gildi um n. k. áramót."

Þetta var úr bréfi Vinnuveitendasambands Íslands. Í samræmi við þessar viljayfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins er því frv. þetta borið fram. Í aths. er rakið efni þess. Minnt er á, að eins og kunnugt er var efni l. um tímabundnar efnahagsráðstafanir borið undir sérstaka ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, og varð niðurstaða ráðstefnunnar sú, að hún lét þessa lagasetningu óátalda. Einn þáttur þessara ráðstafana var sá, að launþegar féllu frá 2.5 kaupgreiðsluvísitölustiga bótum til áramóta gegn því, að ríkissjóður annars vegar greiddi niður vöruverð og hækkaði fjölskyldubætur, sem nam þrem kaupgreiðsluvísitölustigum, fyrr en bætur hefðu komið samkv. samningum, og var þetta metið sem ígildi 1.5 kaupgreiðsluvísitölustiga á tímanum fram til áramóta, en rynni að sjálfsögðu út þá, og hins vegar, að ríkissjóður greiddi niður frá 1. sept. til áramóta þá hækkun á búvöruverði haustið 1972, sem ella hefði ekki verið bætt og metin var sem eitt kaupgreiðsluvísitölustig. Bæði þessi atriði renna þannig út við lok ársins. Hér er þó ráð fyrir því gert, að ef ríkisstj. tryggir, að ekki verði hækkun á útsöluverði búvara mánuðina jan. og febr., og vegna lækkunar niðurgreiðslna, sem svarar ofangreindu einu kaupgreiðsluvísitölustigi, sé kauplagsnefnd heimilt eftir mati á öllum aðstæðum að lækka kaupgreiðsluvísitöluna sérstaklega, allt að einu stigi, á tímabilinu frá 1. jan. til 28. febr., enda hefðu launþegar ekki fengið slíka hækkun bætta fyrr en 1. marz 1973 samkv. ákvæðum kjarasamninga.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp kafla í orðsendingu ríkisstj. til ráðstefnu Alþýðusambands Íslands í sumar. Þar segir í 3. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Til skamms tíma litið, t. d. fram til áramótanna næstu, eða tímabilið, sem bráðabirgðaráðstöfunum væri ætlað að standa, hljóta hagsmunir launþega einnig að teljast vel tryggðir, þótt þeir féllu að formi til frá 2.5 K-stiga vísitölubótum fram til áramóta. Þannig má benda á, að launþegar njóta samkv. þessum hugmyndum niðurgreiðsluráðstafana, sem svara 3 K-stigum í 7½ viku, þ. e. frá 10. júlí n. k., á tíma, sem þeir hefðu einskis notið samkv. gildandi reglum. Þetta atriði mætti meta sem 1.5 stig miðað við fjögurra mánaða tímabilið frá 1. sept. til áramóta. Ef komið verður í veg fyrir hækkun landbúnaðarafurða frá 1. sept. n. k. til áramóta, er það væntanlega ígildi rúmlega eins K-stigs fyrir launþega, — stigs, sem þeir hefðu ekki fengið bætt samkv. gildandi reglum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Af þessu má ráða, að ef ráðstafanir þessar verða framkvæmdar, er það launþegum sízt í óhag á því tímibili, sem um ræðir, að falla frá allt að 2.5 K-stiga vísitölubótum."

Eins og af þessu má sjá, tókst ríkisstj. ekki á hendur nema til áramóta að greiða niður vísitölustig það, sem ella hefði verið óbætt til launþega. Því virðist eðlilegt, að til þess sé tekið tillit nú við áramótin, verði niðurgreiðslu þess haldið áfram. Rétt þykir að vísa málinu til kauplagsnefndar til meðferðar, því að þetta frv. felur einmitt í sér afturhvarf til þess, að hún taki upp á ný meðferð kaupgjaldsvísitölu eftir reglum sínum og venjum.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að ákvæði síðari mgr. 8. gr. brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 verði fellt niður, en þar var ákveðið að fresta samningsbundnum frádrætti frá kaupgreiðsluvísitölu vegna hækkunar á launalið verðlagsgrundvallar búvöru haustið 1972 til 1. marz 1973. Þessi frestun var fyrst og fremst við það miðuð, að 1. marz 1973 væri næsti gildistökudagur nýrrar kaupgreiðsluvísitölu eftir 1. des. 1972 samkv. ákvæðum kjarasamninga. Með þessu frv. er lagt til, að ný kaupgreiðsluvísitala verði reiknuð til 1. jan. 1973, og er því eðlilegt, að þetta ákvæði brbl. falli niður og ofangreindur frádráttur komi til framkvæmda um áramót, eins og til er lagt í 1. gr. frv.

Ég vil enn á ný leggja á það áherzlu, að með þessu frv. er ekki verið að ákveða kaupgjald, heldur að opna skýlausa leið fyrir kauplagsnefnd til að fjalla um málið með þeirri aðferð, sem hún

tiðkar. Eins og kunnugt er, byggjast ákvarðanir kauplagsnefndar á verðmælingum, sem framkvæmdar eru með reglulegu millibili. Vegna þess að gildistími brbl. og mót vísitölutímabila falla ekki saman, hefur kauplagsnefnd ekki að þessu sinni stuðning í starfi sínu af slíkri verðmælingu. Frv. gefur henni heimild til að taka þess í stað mið af ríkjandi aðstæðum nú um áramótin.

Forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa tekið vel tilmælum ríkisstj. um að gera sitt til þess, að þetta mál hljóti greiðan gang gegnum deildir þingsins. Vil ég þakka þær undirtektir og láta í ljós von um, að hv. d. hraði afgreiðslu frv. eftir föngum.

Ég vil mælast til þess að lokum, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 42. fundi.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 18 hlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. skýrði þetta mál rækilega hér við fyrri umr., eftir því sem tök voru á í mjög stuttu máli. Sjálfsagt þyrfti langt mál til þess að skýra það þannig, að öllum væru öll smáatriði ljós í sambandi við þetta. En ég tel málið standa þannig nú, að þess sé tæpast kostur. N. hefur fjallað um málið, og meiri hl., Ragnar Arnalds, Björn Jónsson, Bjarni Guðbjörnsson og Páll Þorsteinsson, hefur sent frá sér nál., sem hljóðar svo:

„Nál. um frv. til l. um ákvörðun kaupgjaldsvísitölu fyrir tímabilið 1. jan. til 28. febr. 1973. Frá fjh.- og viðskn. Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþ.

Alþingi, 21. des. 1972."

Síðan koma undirskriftirnar.

Það kom fram í n., að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna telja sig ekki hafa haft tækifæri til þess að kynna sér málið það rækilega, að þeir vildu taka á því ábyrgð, og munu því kjósa að sitja hjá við atkvgr. um málið, eftir því sem þeir upplýstu í n., en að sjálfsögðu gera þeir grein fyrir því nánar, eftir því sem efni standa til.

Ég ætla ekki að eyða tíma hv. d. í að fara nákvæmlega út í vísitöluútreikninginn og allt það mál. Það mundi taka mjög langan tíma og hindra, að þetta nauðsynjamál næði fram að ganga nú í kvöld eða nótt. Aðalatriði málsins er það, að aðilar vinnumarkaðarins að einhverju leyti og fulltrúar þeirra í kauplagsnefnd telja, að eins og nú standa sakir hafi þeir ekki lagalega stoð til þess að úrskurða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. jan. til 28. febr. í fullu samræmi við það — ég vil segja — óbeina samkomulag, sem gert var í sumar milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. um tímabundnar efnahagsaðgerðir. Það samkomulag var ekki beint samkomulag, heldur var, eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., látið óátalið, að þessi breyting yrði gerð á framkvæmd vísitölumálanna á ákveðnu tímabili, til ársloka. Hins vegar var alltaf gert ráð fyrir því, að þá tæki eðlileg málsmeðferð í sambandi við þetta við og vísitala yrði úrskurðuð af kauplagsnefnd, eins og gera ber samkv. samningum. Nú stóð svo á 1. des., þegar ákveða átti nýja kaupgreiðsluvísitölu, að n. taldi sig ekki hafa heimild til að ákveða hana í samræmi við samninga fyrir allt tímabilið, heldur aðeins í samræmi við lögin fyrir desembermánuð, en þá kæmi þarna autt tímabil, sem hún taldi sig ekki hafa neina stoð í lögum til þess að úrskurða, hver kaupgjaldsvísitalan yrði. Á þessu þyrfti þess vegna að ráða bót.

Meginefni þessa frv. er í raun og veru ekki annað en að gefa kauplagsnefnd þá lagalegu stoð, sem hún telur sig þurfa til að geta úrskurðað, hverjar kaupgreiðsluvísitölur skuli vera þessa tvo mánuði, jan. og febr., og taka af öll tvímæli þar um, enn fremur að gefa kauplagsnefnd nokkrar forsendur, sem taldar eru nauðsynlegar til efnda á þeim fyrirheitum, sem gefin voru í sambandi við setningu brbl. um tímabundnar efnahagsaðgerðir. Sjálfsagt gefst einhvern tíma tækifæri til þess að ræða um vísitölumálin hér í hv. þd., — ég skal vera viðbúinn því síðar, — en núna vil ég segja það, að ég skil vel, að menn hafi ekki haft nægan tíma til að geta grandskoðað þetta svo, að þeir vilji taka ábyrgð á því í smáatriðum.

Þess er að geta, að miðstjórn Alþýðusambandsins hefur haldið um þetta tvo fundi og athugað málið mjög ítarlega með sérfræðingum, sem hún hefur kallað til, og er einhuga um, að þessi lausn á málinu fullnægi kröfum hennar um efndir á þeim fyrirheitum, sem gefin voru í sambandi við lög um tímabundnar efnahagsaðgerðir í sumar. Síðan kaus miðstjórnin 5 manna n. Í henni áttu sæti ég, varaforseti sambandsins, Snorri Jónsson, ritari þess, Óskar Hallgrímsson, og enn fremur Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, til þess að fylgja málinu eftir og líta á þá lagasetningu, sem kynni að verða samkomulag um við ríkisstj. Það er álit allra þessara manna, að við getum vel við unað og hagsmunum okkar sé borgið í samræmi við þau lög, sem sett voru í sumar, og framhald af þeim. Ég tel, að þessi afgreiðsla af hálfu miðstjórnarinnar og þessarar n., sem ég hef hér upp talið, hverjir skipuðu, sé nokkur trygging fyrir því, að ekki sé a. m. k. verið að hlunnfara verkalýðssamtökin. Ég bendi enn fremur á það, að í þessu frv. er heldur ekkert, sem leggur atvinnurekendum þyngri byrðar á herðar en þeim ber að bera samkv. gildandi kjarasamningum, þannig að ég hygg, að þar sé ekki heldur um neina andstöðu að ræða, enda

hafa þeir bent á, að hér væri tæknilegt vandamál á ferðinni, sem þyrfti að bæta úr.

Ég vil svo sérstaklega þakka stjórnarandstöðunni fyrir að hafa gefið vilyrði eða loforð, — ég skal ekki segja, hvort heldur er, en vona, að vilyrði hennar séu jafngóð og loforð, — fyrir því, að þetta mál fái greiða afgreiðslu í þinginu og geti orðið að lögum, áður en morgunn rennur upp.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal fyrst taka það fram, að það er hvort tveggja vilyrði og loforð af hálfu míns flokks að standa ekki í vegi fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga nú á síðasta degi þingsins fyrir jólahlé. Í því vilyrði og loforði felst hins vegar ekki afstaða með þessu frv., heldur er það ákvörðun okkar, að við munum ekki taka afstöðu til þessa frv. Mér skilst, að það hafi verið talið nauðsynlegt af forsvarsmönnum kauplagsnefndar að fá slíka lagaheimild til þess að ákveða nýja kaupgjaldsvísitölu nú 1. jan. Ég hef ekki haft tíma til þess að kanna, hvort það hefur við rök að styðjast eða ekki, enda skiptir það ekki höfuðmáli, öðru en því, að við eyðum nokkrum tíma hér í kvöld að fjalla um þetta frv.

Ég ætla mér ekki að fara út í svo flókið mál sem útreikningur kaupgreiðsluvísitölu er og hlýtur að vera, en ég get þó ekki stillt mig um að lýsa þeirri skoðun minni, að vísu ef ekki að lítt athuguðu máli, þá a. m. k. að athuguðu máli í mjög stuttan tíma, að hafi vöruverð landbúnaðarvöru verið greitt niður sem svarar einu kaupgreiðsluvísitölustigi og því verði haldið áfram, en annað sé óbreytt frá því, sem nú er, þá muni kaup launþega eiga rétt á 1½ kaupgjaldsstigi eða hækkun, sem því svarar. Það má vel vera, að hér sé um svo flóknar reglur að ræða, að útreikningar segi fyrir um annað. Það er kauplagsnefndar að segja til um það, og við væntum þess, að svo sé um hnútana búið, að með eðlilegum hætti verði frá þessu máli gengið. En því tek ég þetta fram, að mér finnst flutningur þessa frv. á síðasta degi þingsins bera vitni um þau slæmu vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur, að því er snertir ráðstafanir varðandi efnahagsvandann. Ég beindi sérstakri fsp. fyrir 2—3 dögum til hæstv. ríkisstj. um, hvernig yrði farið með greiðslu 2½ kaupgjaldsvísitölustigs nú 1. jan. n. k. Ég veit, að flokksbræður mínir í Nd. báru fram sömu fsp. Í hvorugri d. var þessi fsp. svarað. Þetta er slíkt meginmál við lausn efnahagsvanda og ráðstafanir, að ég hefði talið, að ábyrg ríkisstj. hefði e. t. v. fyrst af öllu átt að gera sér grein fyrir, hvernig því máli reiddi af.

Ég skal ekki lengja tímann og efna til deilna á þessu stigi málsins, en tel mig hafa gert grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna til málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 44. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 43. fundi.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Siglingalög, frv. (þskj. 259). 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál ber að með dálítið sérkennilegum hætti í því formi, sem það er nú. Það er mikið deilt um, hvernig ætti að leysa viss vandamál varðandi tryggingu sjómanna, og hafði verið borin fram brtt. við tryggingal. af hæstv. heilbr.- og trmrh., sem var hugsuð sem lausn á málinu. Um þá till. fékkst ekki samkomulag, og var þá sú till. og aðrar till., sem fram komu, teknar aftur og lá við, að málið væri þar með strandað. En sérstaklega útgerðarmenn lögðu áherzlu á, að málið fengi lausn, áður en þingi lyki. Var þá gengið í að reyna að ná samkomulagi, og varð sú niðurstaðan, að efnislega fékkst samkomulag. Menn úr öllum flokkum fluttu brtt. við siglingalagafrv. og var þetta mál afgreitt áðan á örstuttum fundi, aðeins með framsögu af hendi 1. flm. brtt., og málið þar með afgreitt á örstuttri stund sem algert samkomulagsmál. Þannig liggur þetta mál nú fyrir hv. d. og mikill vandi leystur, að ég held, á þann hátt, að báðir aðilar, fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, sætta sig við. Í hv. Nd. varð sem sé algert samkomulag um málið í þessu formi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 45. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 44. fundi.

Siglingalög, frv. (þskj. 259). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 46. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 45. fundi.

Siglingalög, frv. (þskj. 259). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2 . umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 262).

Þinghlé.

Forseti (BJ): Þar sem þetta mun verða síðasti fundur hv. þd. fyrir jól, vil ég nota tækifærið til þess að þakka hv. þdm. mjög vel fyrir ágætt samstarf á þeim hluta þings, sem nú er að ljúka. Ég vil beina sérstökum þökkum mínum til skrifara þingsins og ekki síður varaforseta, sem hafa veitt mér ómetanlega hjálp við forsetastörfin, m. a. í langvarandi fjarveru minni úr hv. þd. Ég vil þakka sérstaklega umburðarlyndi, sem mér hefur verið sýnt sem forseta og hefur komið fram í hvívetna. Ég vil nota tækifærið til þess að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og að þeir megi njóta jólahátíðarinnar sem bezt með fjölskyldum sínum. Þeim, sem langt eiga heim að sækja til sinna heimkynna, óska ég góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þdm. að þakka hlýjar óskir forseta í okkar garð. Ég vil fyrir hönd okkar allra þakka forseta fyrir röggsama og réttsýna fundarstjórn, ánægjuleg samskipti og lipurð í samvinnu við okkur þdm. í hvívetna. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla, góðs og farsæls nýárs og vonast til þess, að við sjáum hann ánægðan og glaðan í bragði á nýju ári, þegar við hittumst hér næst.

Forseti (BJ): Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og góðar óskir til mín og fjölskyldu minnar. Ég árétta árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og óska þess, að við megum öll heil hittast á nýju ári, þegar d. tekur aftur til starfa. — Fundi slitið.

Neðri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 8.30 síðdegis.

Siglingalög, frv. (þskj. 198, 252). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 252. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. þdm. hafi ekkert við það að athuga, þótt ég hafi fremur skammar signingar yfir máli þessu, svo mjög sem aðalefni tillögugerðarinnar hefur verið þæft í hv. d. nú að undanförnu. Ég ætla ekki heldur að rifja upp ástæðurnar, sem liggja til þess, að talin er brýn nauðsyn á því að festa efni till. í lög, það hefur verið gert þrásinnis áður. En það er í framhaldi af þeim breytingum á siglingalögum, sem gerðar voru á síðasta þingi. Eftir að fjarað var undan öllum árum með möguleika á því, að þessar breytingar yrðu teknar inn í frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, litu menn til þess, að e. t. v. væri jafneðlilegt og mögulegt a. m. k., að þessi ákvæði yrðu felld inn í frv. til l. um breyt. á siglingal., sem legið hefur fyrir hv. d., og varð það að ráði. Brtt. er flutt af mér ásamt hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, hv. 5. þm. Sunnl., Garðari Sigurðssyni, hv. 5. landsk. þm., Stefáni Gunnlaugssyni, og hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Er það væntanlega punkturinn aftan við þessa Brennu-Njálssögu.

Vil ég þá víkja að brtt. Það er í fyrsta lagi við 1. gr. á þskj. 132, að síðari efnismgr. falli niður, og í beinu samhengi við það er það, sem segir við 2. lið, að aftan við frv. bætist svofellt bráðabirgðaákvæði: „Nú hefur útgerðarmaður keypt tryggingu, sem miðast við eftirfarandi bætur, og ber hann þá ekki frekar ábyrgð samkv. 1. gr. laga þessara.“ Fyrir því er lagt til, að síðari efnismgr. falli niður í frv. á þskj. 132. Síðan kemur: „Dánarbætur: a) 1 millj. kr. við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum (erfingjum) hins látna. b) Mánaðarlegar bætur til ekkju eða ekkils í 8 ár ber að greiða á hverjum tíma samkv. a-lið 1. mgr. 35. gr. almannatryggingalaga.“ Í þessum lið og þeim næsta er breyting frá þeirri ráðagerð, sem uppi hefur verið hingað til. En hún var sú, að þetta skyldi ekki greitt að fullu, heldur aðeins að ¾ hlutum. „c) Mánaðarlegar bætur til barna að 17 ára aldri, þó aldrei lengur en í 8 ár, ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. sömu gr. almannatryggingalaga. 2. Slysadagpeningar og örorkubætur: a) Dagpeningar, sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkv. 33. gr. og nema ¾ þeirrar fjárhæðar. Heildarupphæð dagpeninga skal þó aldrei nema meiru en þeim launum, er hinn slasaði hafði fyrir slysið. b) Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða örorkubætur, 3 millj. kr. við algera varanl. örorku,“ — sem jafnan er orðað þannig, að talað er um 100% örorku, og við það er vitanlega átt með þessu orðalagi, — „en hlutfallslega við minni örorku. Frá örorkubótum skal draga upphæð slysadagpeninga, sem greiddir hafa verið, og frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.“

Ég vil geta þess, að þetta felur í sér, að taki útgerðarmaður slysatryggingu þá, er um er rætt í l. og 2. tölul., kemur hún í stað samningsbundinnar slysatryggingar hans, nema hún sé hærri. Þess munu finnast dæmi hjá nokkrum hópi sjómanna, farmanna, að trygging við dauða nái nú hartnær 1100 þús. kr. Þetta vildi ég, að kæmi fram.

Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þennan málatilbúnað. Við flm. væntum þess fastlega, að með samþykkt brtt. okkar við frv. til l. um breyt. á siglingal. á þskj. 132 verði ráðin sú bót, sem a. m. k. nægir til bráðabirgða.

ATKVGR.
Brtt. 252 samþ. með 31 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá, frv. (þskj. 82, n. 253). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. er borið fram til þess að samræma íslenzku tollskrána þeim breytingum, sem gerðar hafa verið : Brüsseltollskránni frá því árið 1968, en Ísland er aðili að því samstarfi, sem þarna er um að ræða, tollasamvinnuráðið er það kallað. Það, sem þarna er fyrst og fremst um að ræða, eru fyllri skýringar í aths. við flokka og kafla tollskrárinnar, ásamt breytingum á textum einstakra tollskrárnúmera, og miðar að því í flestum tilvikum að bæta inn í viðkomandi númer heitum nýrra vörutegunda. Þetta er það, sem um er að ræða í sem allra fæstum orðum.

Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 36. fundi.

Tollskrá, frv. (þskj. 82). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Neðri deild, 38. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 9.15 síðdegis.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv það til l. um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. jan. til 28. febr. 1973, sem nú kemur fyrir hv. þd., er flutt í því skyni að gera ótvírætt, hversu fara skuli með ákvörðun kaupgreiðsluvísitölunnar á tímabilinu, sem líður frá áramótum, þegar gildistíma ákvæða brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir lýkur, og til loka febrúar, þegar nýtt reglulegt vísitölutímabil hefst. Ýmsir telja að vísu, að ekki eigi að vera teljandi óvissa um þetta efni, en aðrir, svo sem Hagstofa Íslands og aðilar vinnumarkaðarins, hafa látið í ljós ugg um, að svo sé, og borið fram eindregna ósk um, að fyrir það sé girt með lagasetningu, að upp komi deildar meiningar um meðferð málsins af hálfu kauplagsnefndar.

Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 20. þ. m. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn samþykkir fyrir sitt leyti, að kauplagsnefnd verði gert rétt og skylt að ákveða kaupgjaldsvísitölu fyrir tímabilið 1. jan. til 1. marz 1973 í samræmi við brbl. frá í sumar og á grundvelli gildandi kjarasamninga og starfsvenja kauplagsnefndar. Enn fremur verði n. gert heimilt að taka tillit til, hvort eitt vísitölustig í búvöruverði verði greitt niður áfram eða ekki."

Þá segir svo í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands til hæstv. forsrh., dags. sama dag, eftir að þar hefur verið fjallað um efnisatriði, einnig með leyfi hæstv. forseta:

„Án nýrrar lagasetningar mundi skapast óviðunandi ástand á vinnumarkaðinum og ástand, sem kynni að hafa ófyrirséðar afleiðingar. Við leyfum oss að undirstrika nauðsyn þess, að framangreind lagasetning taki gildi um n. k. áramót."

Þetta var úr bréfi Vinnuveitendasambands Íslands. Í samræmi við þessar viljayfirlýsingar aðila vinnumarkaðarins er því frv. þetta borið fram. Í aths. er rakið efni þess. Minnt er á, að eins og kunnugt er var efni l. um tímabundnar efnahagsráðstafanir borið undir sérstaka ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, og varð niðurstaða ráðstefnunnar sú, að hún lét þessa lagasetningu óátalda. Einn þáttur þessara ráðstafana var sá, að launþegar féllu frá 2.5 kaupgreiðsluvísitölustiga bótum til áramóta gegn því, að ríkissjóður annars vegar greiddi niður vöruverð og hækkaði fjölskyldubætur, sem nam þrem kaupgreiðsluvísitölustigum, fyrr en bætur hefðu komið samkv. samningum, og var þetta metið sem ígildi 1.5 kaupgreiðsluvísitölustiga á tímanum fram til áramóta, en rynni að sjálfsögðu út þá, og hins vegar, að ríkissjóður greiddi niður frá 1. sept. til áramóta þá hækkun á búvöruverði haustið 1972, sem ella hefði ekki verið bætt og metin var sem eitt kaupgreiðsluvísitölustig. Bæði þessi atriði renna þannig út við lok ársins. Hér er þó ráð fyrir því gert, að ef ríkisstj. tryggir, að ekki verði hækkun á útsöluverði búvara mánuðina jan. og febr., og vegna lækkunar niðurgreiðslna, sem svarar ofangreindu einu kaupgreiðsluvísitölustigi, sé kauplagsnefnd heimilt eftir mati á öllum aðstæðum að lækka kaupgreiðsluvísitöluna sérstaklega, allt að einu stigi, á tímabilinu frá 1. jan. til 28. febr., enda hefðu launþegar ekki fengið slíka hækkun bætta fyrr en 1. marz 1973 samkv. ákvæðum kjarasamninga.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp kafla í orðsendingu ríkisstj. til ráðstefnu Alþýðusam-

bands Íslands í sumar. Þar segir í 3. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Til skamms tíma litið, t. d. fram til áramótanna næstu, eða tímabilið, sem bráðabirgðaráðstöfunum væri ætlað að standa, hljóta hagsmunir launþega einnig að teljast vel tryggðir, þótt þeir féllu að formi til frá 2.5 K-stiga vísitölubótum fram til áramóta. Þannig má benda á, að launþegar njóta samkv. þessum hugmyndum niðurgreiðsluráðstafana, sem svara 3 K-stigum í 7½ viku, þ. e. frá 10. júlí n. k., á tíma, sem þeir hefðu einskis notið samkv. gildandi reglum. Þetta atriði mætti meta sem 1.5 stig miðað við fjögurra mánaða tímabilið frá 1. sept. til áramóta. Ef komið verður í veg fyrir hækkun landbúnaðarafurða frá 1. sept. n. k. til áramóta, er það væntanlega ígildi rúmlega eins K-stigs fyrir launþega, — stigs, sem þeir hefðu ekki fengið bætt samkv. gildandi reglum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Af þessu má ráða, að ef ráðstafanir þessar verða framkvæmdar, er það launþegum sízt í óhag á því tímibili, sem um ræðir, að falla frá allt að 2.5 K-stiga vísitölubótum."

Eins og af þessu má sjá, tókst ríkisstj. ekki á hendur nema til áramóta að greiða niður vísitölustig það, sem ella hefði verið óbætt til launþega. Því virðist eðlilegt, að til þess sé tekið tillit nú við áramótin, verði niðurgreiðslu þess haldið áfram. Rétt þykir að vísa málinu til kauplagsnefndar til meðferðar, því að þetta frv. felur einmitt í sér afturhvarf til þess, að hún taki upp á ný meðferð kaupgjaldsvísitölu eftir reglum sínum og venjum.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að ákvæði síðari mgr. 8. gr. brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 verði fellt niður, en þar var ákveðið að fresta samningsbundnum frádrætti frá kaupgreiðsluvísitölu vegna hækkunar á launalið verðlagsgrundvallar búvöru haustið 1972 til 1. marz 1973. Þessi frestun var fyrst og fremst við það miðuð, að 1. marz 1973 væri næsti gildistökudagur nýrrar kaupgreiðsluvísitölu eftir 1. des. 1972 samkv. ákvæðum kjarasamninga. Með þessu frv. er lagt til, að ný kaupgreiðsluvísitala verði reiknuð til 1. jan. 1973, og er því eðlilegt, að þetta ákvæði brbl. falli niður og ofangreindur frádráttur komi til framkvæmda um áramót, eins og til er lagt í 1. gr. frv.

Ég vil enn á ný leggja á það áherzlu, að með þessu frv. er ekki verið að ákveða kaupgjald, heldur að opna skýlausa leið fyrir kauplagsnefnd til að fjalla um málið með þeirri aðferð, sem hún tíðkar. Eins og kunnugt er, byggjast ákvarðanir kauplagsnefndar á verðmælingum, sem framkvæmdar eru með reglulegu millibili. Vegna þess að gildistími brbl. og mót vísitölutímabila falla ekki saman, hefur kauplagsnefnd ekki að þessu sinni stuðning í starfi sínu af slíkri verðmælingu. Frv. gefur henni heimild til að taka þess í stað mið af ríkjandi aðstæðum nú um áramótin.

Forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa tekið vel tilmælum ríkisstj. um að gera sitt til þess, að þetta mál hljóti greiðan gang gegnum deildir þingsins. Vil ég þakka þær undirtektir og láta í ljós von um, að hv. d. hraði afgreiðslu frv. eftir föngum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Samkv. því, hæstv. ráðh. sagði, er hér fyrst og fremst um að ræða frv. til l. um það að taka af tvímæli um, hvort kauplagsnefnd sé rétt eða skylt að taka ákvarðanir um kaupgreiðsluvísitöluna 1. jan. Út af fyrir sig sé ég ekki neitt nema eðlilegt við það, að kauplagsnefnd reikni út vísitöluna 1. jan. varðandi það, sem hæstv. ráðh. vitnaði til. Um ágæti hinna og þessara hundakúnsta fyrir launþega í sambandi við vísitöluna skal ég ekki innleiða umr. nú, en við sjálfstæðismenn munum ekki taka afstöðu til málsins og ekki bregða neinum fæti fyrir, að málið geti fengið framgang.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 38. fundi.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 39. fundi.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 255). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 263).

Þinghlé.

Forseti (GilsG): Þar sem þetta verður síðasti fundur d. fyrir þinghlé, vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum hv. þdm. ágætt samstarf við mig sem forseta. Hefur sérstaklega reynt á það samstarf nú hina síðustu annadaga fyrir jólin. Ég þakka einnig skrifstofustjóra og öðru starfsliði þingsins fyrir vel unnin störf. Að svo mæltu óska ég ykkur, hv. þdm.,

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og vænti, að við megum öll hittast hér heil, þegar fundir hefjast að nýju á nýju ári.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. leyfi ég mér að þakka hæstv. forseta hlýjar og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka honum fyrir hönd okkar allra góða, röggsamlega og réttláta fundarstjórn og góða samvinnu við okkur þm. í hvívetna. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs komandi árs. Ég vona, að við megum öll hittast hér aftur heil á húfi, þegar fundir Alþ. hefjast að nýju á nýbyrjuðu ári. — Ég bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (GilsG): Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir hlý orð í minn garð, og ég þakka öllum hv. þdm. fyrir að taka undir þau. Að svo mæltu ítreka ég óskir mínar í garð þm. — Til næsta fundar í Nd. Alþ. verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 34. fundur.

Fimmtudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Eldgosið í Vestmannaeyjum.

Forseti (EystJ): Ég býð hv. alþm. velkomna til þingfunda á ný eftir fundahléið og óska þeim farsældar á nýja árinu.

Síðan við vorum hér síðast saman á Alþ., hefur orðið einn geigvænlegasti atburður í sögu þjóðarinnar, þegar gjósa tók á Heimaey og íbúar Vestmannaeyja urðu að yfirgefa heimili sín og byggðarlag á einni nóttu svo gersamlega, að í eyði mátti kalla í bili.

Þyngst kemur þetta niður á því fólki, sem orðið hefur að yfirgefa allt sitt og stendur vegalaust uppi, en þjóðinni allri valda þessir atburðir stórfelldum búsifjum. Munu þessar náttúruhamfarir mörgu breyta, afleiðingarnar reynast þungbærar og hafa áhrif á hag hvers manns í landinu og það jafnvel þótt betur rætist úr en á horfist nú, sem við vonum fastlega, að verði.

Hljóta þessi atvik öll að hafa mikil áhrif á störf Alþingis á næstunni, því að hér hefur brostið um sinn ein styrkasta stoðin í atvinnulífi landsmanna, svo stórfellt hefur verið framlag Vestmanneyinga til þjóðarbúsins.

Læt ég í ljós þá von, að giftusamlega takist að ráða fram úr þeim miklu vandkvæðum, sem leysa þarf. Mun það auðvelda Alþ. og ríkisstj. störfin, að þjóðin vill tvímælalaust, að samábyrgð allra landsmanna komi til, þegar slíkir atburðir gerast, og margt mun leysast fyrir hjálpfýsi og fórnarlund manna, eins og þegar hefur komið fram. Þá mun miklu bjarga framtak, dugnaður og kjarkur þess fólks, sem hér á hlut að máli og líklegast er allra manna til þess að finna færar leiðir úr hverjum vanda.

Það fer ekki á milli mála, að hér á Alþ. munu menn snúa bökum saman við lausn þessara miklu vandamála, sem fjölmargir einstaklingar og þjóðin í heild standa nú frammi fyrir. Skýrist nú enn, að allir eru á sama bát, en með dugnaði, samhjálp og góðum samtökum mun þjóðinni takast að standast þetta áfall. Efa ég ekki, að Alþ. muni takast að vinna einhuga að málum þessum, og þannig mun þjóðin vilja láta að þeim vinna og vilja vinna sjálf og hefur þegar sýnt það í verki, eins og svo oft áður, þegar vanda hefur borið að höndum.

Rík ástæða er til að þakka þá einstöku guðsmildi, að ekkert manntjón varð við þessar hamfarir allar, einnig frábært björgunarstarf þeirra mörgu, sem við sögu koma. Þá ber að þakka stillingu og æðruleysi Vestmanneyinga, sem urðu fyrir þessu óvænta áfalli. Hefur framkoma þeirra vakið aðdáun alþjóðar, og mun minningin um það, með hvílíkum manndómi þeir brugðust við háskanum, lengi lifa með þjóðinni og reynast henni dýrmæt eign.

Bið ég hv. alþm. að taka undir þessar þakkir og votta samúð sína þeim, sem fyrir þessu þungbæra áfalli hafa orðið, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. jan. 1973.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Einars Ágústssonar utanrrh., sem nú dvelst erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Tómas Karlsson ritstjóri hefur setið áður á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfs.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. jan. 1973.

Jónas Jónsson, 1. varaþm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna sérstakra anna næsta hálfan mánuð og nokkurra ferðalaga, sem ég þarf að takast á hendur, fer ég þess á leit, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. e. taki sæti Gísla Guðmundssonar, sem hefur tjáð mér, að hann verði enn um sinn frá þingstörfum vegna veikinda."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Ingi Tryggvason hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá hefur loks borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. jan. 1973.

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Hannes Baldvinsson síldarmatsmaður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Eins og fram kemur í bréfinu, hefur Hannes Baldvinsson ekki setið þingbekk áður og því ekki setið á þingi á þessu kjörtímabili. Ber því að láta fara fram athugun á kjörbréfi hans, og bið ég hv. kjörbréfanefnd að taka það að sér og gef til þess 7 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. v., Hannesar Baldvinssonar síldarmatsmanns frá Siglufirði, en hann tekur nú sæti á Alþ. í fjarveru Ragnars Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., en Ragnar er erlendis og hefur því lögleg forföll. Kjörbréfanefnd samþykkir að mæla með því, að kosning þessa varaþm. verði metin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hannes Baldvinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 47. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um meðferð opinberra mála og hefur að geyma nokkrar lagfæringar á núgildandi ákvæðum, einkum þeim ákvæðum, þar sem vísað er til verðlags. Lög um meðferð opinberra mála eru að stofni til frá árinu 1951, er sett voru í fyrsta sinn heildarlög um meðferð opinberra mála. Þau lög hafa að stofni til að mestu staðið óbreytt síðan, ef frá eru skildar þær breytingar, sem leiddi af stofnun sjálfstæðs embættis saksóknara ríkisins á árinu 1961. Á þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og miklar verðlagsbreytingar orðið. Eru af þessum sökum úrelt orðin ýmis þau ákvæði l., sem vísa til verðlags. Ef miðað er við verðlagsbreytingar frá 1. júlí 1951, til þessa dags, hefur vísitala framfærslukostnaðar 5.4 — faldazt, vísitala vöru og þjónustu 7.8-faldazt og vísitala byggingarkostnaðar 9.6-faldazt, lágmarkstímakaup hjá Dagsbrún 10.6-faldazt. Árið 1966 var breytt ákvæði 112. gr. l. um sektarvald lögreglumanna og lögreglustjórum veitt sektarheimild með sérstökum hætti. Frá þeim tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar og vísitala vöru og þjónustu tvöfaldazt, vísitala byggingarkostnaðar 2.4-faldazt og lágmarkskaup Dagsbrúnarmanna þrefaldazt. Þegar þessar tölur eru virtar, þykir tímabært að leggja til hækkun á þeim ákvæðum l., sem vísa til verðlags.

Í 13. gr. frv. er lagt til, að heimild Lögreglustjóra til að ljúka málum með sektargerð verði hækkuð úr 5 þús. kr. í 10 þús. kr. Er þar um að ræða sömu fjárhæð og tollyfirvöld hafa þegar til að ljúka málum með sektargerð. Sektargerðir þessar hafa gefið mjög góða raun, og þær hafa létt verulega álagi af dómstólum. Við Lögreglustjóraembættið í Reykjavík voru á síðasta ári afgreidd með þessum hætti 4668 sektargerðarbréf vegna almennra umferðarlagabrota og að auki 13 300 bréf vegna stöðumælamála, þar sem aðili hafði ekki greitt aukaleigugjald. Tilganguriinn með sektarheimild þessari var annars vegar sá að opna möguleika til að afgr. mál á einfaldan hátt, án þess þó að réttur sakbornings væri á nokkurn hátt fyrir borð borinn, enda getur hann ætíð óskað eftir því, að málið verði borið undir dómara, hins vegar léttir þetta miklu álagi af dómstólunum, og ríður á miklu, að þau mál, sem þangað fara, fái skjóta meðferð og þeir, sem að óþörfu ómaka dómstólana, fái hæfilega viðbótarrefsingu.

Eins og áður segir, er lagt til, að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð í 10 þús. kr., og virðist koma til athugunar, og ég bið n. að athuga það, hvort ekki ætti að hækka þessa heimild enn frekar.

Náskyld heimild lögreglustjóra er heimild lögreglumanna til að ljúka málum með sektarboði. Er sú heimild miðuð við 1000 kr., og er lagt til, að hún verði hækkuð í 3000 kr. Notkun þessarar heimildar hefur frekar farið minnkandi eftir tilkomu sektarheimildar lögreglustjóra.

Loks er, að því er varðar 112. gr. l., lagt til að hækkuð verði fjárhæð sú, sem staðið hefur óbreytt frá 1951, þar sem er heimild fyrir dómara til að ákveða með bókun um eignarupptöku, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur. Er lagt til, að verðmætisviðmiðun hækki úr 3 þús. kr. í 30 000 kr.

Svipuðu máli gegnir um breyt. á 113. gr. l. samkv. 14. gr. frv., þar sem lagt er til, að hækkuð verði sektarfjárhæð, sem er skilyrði fyrir því, að dómari höfði mál af sjálfsdáðum á hendur sökunauti, sem ekki hefur komið fyrir dóm. Fátitt mun nú vera, að þessari heimild sé beitt.

Til að framkvæma ýmsar gerðir við rannsókn mála, svo sem hald á munum, leit í húsum og handtöku, er m. a. skilyrði, að brot geti varðað a. m. k. 20 000 kr. sektir. Í 5.—9. gr. frv. er lagt til, að þessi fjárhæð, sem staðið hefur óbreytt frá 1951, verði 5-földuð. Verður ekki talið, að rétti sakbornings sé hallað með þessari breytingu. Miklu frekar er hætta á, að þröngir refsirammar í ýmsum sérlögum geti takmarkað beitingu ákvæðisins eftir breytinguna, en tímabært er orðið að endurskoða slík sektarákvæði í ljósi verðlagsbreytinga, svo sem hið almenna sektarákvæði hegningarlaga. Hefur hegningarlaganefnd haft þetta atriði til athugunar.

Um breyt. í 10. gr. gildir hið sama, þar er um er að ræða fimmföldun.

Í 20. gr. frv. er lagt til, að tilgreind lágmarkssekt og lágmarksfjárhæð á upptækum verðmætum að 5 000 kr. verði tífölduð í tilvikum, þar sem saksóknara er skylt að áfrýja dómi eftir kröfu ákærða. Eftir sem áður er saksóknara heimilt að áfrýja dómi, þótt þessu atriði sé ekki fullnægt, ef sérstakar ástæður eru til, sbr. töluliði 1. málsgr. 175. gr. laganna.

Í 17., 18., 19., 23. og 24. gr. frv. er lagt til, að ákvörðun um hámark og lágmark réttarfarssekta verði felld niður. Hér er um að ræða lágar fjárhæðir, sem rétt hefði verið að hækka. Hins vegar þykir eðlilegra eftir atvikum að fella þessi ákvæði niður, þannig að dómsstólar hafi frjálst mat við ákvörðun þessara sekta. Er þessi breyting í samræmi við breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, sem gerð var árið 1963.

Í 22. gr. frv. er loks lagt til, að tekin verði upp heimild fyrir saksóknara til að fela fulltrúa

sínum sókn mála fyrir hæstarétti. Samkvæmt 127. gr. l. flytur saksóknarinn nú sjálfur öll mál fyrir hæstarétti. Fjöldi mála fyrir hæstarétti hefur aukizt nokkuð að undanförnu svo og umsvif saksóknaraembættisins sjálfs. Þykir ekki ástæða að binda þetta atriði lengur við saksóknarann einan, enda starfandi við embættið fulltrúar, sem eru vel hæfir til þessa. Hins vegar þykir rétt að tryggja í löggjöf hæfni þeirra, sem til þessa veljast, og er því lagt til, að fulltrúi, sem falið verður slíkt starf fyrir hæstarétti, uppfylli sömu skilyrði sem þarf til skipunar í embætti saksóknara, enda ber fulltrúi þá allar skyldur saksóknarans.

Frv. þetta krefst, held ég, ekki frekari skýringa. En rétt er að taka það fram, að frv. felur ekki í sér neina allsherjarendurskoðun laga um meðferð opinberra mála, en fyrir nokkru var, eins og ég hygg, að hv. þm. hafi verið skýrt frá, skipuð n. til að vinna að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar. Hennar bíða mörg verkefni, og eitt er á sviði opinbera réttarfarsins. Sú endurskoðun á ekki að þurfa að standa í vegi fyrir afgreiðslu þessa lagafrv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Eldgosið í Vestmannaeyjum.

Forseti (GíslG): Þegar almenn þingstörf hefjast nú að nýju, er hugur okkar allra bundinn við þá ógnþrungnu atburði, sem gerzt hafa og eru að gerast úti í Vestmannaeyjum. Undir slíkum kringumstæðum finnur maður vissulega, hversu vandfundin eru hin réttu orð til að túlka það, sem inni fyrir býr, og hversu orðin ein eru máttvana. Þó finnst mér vart mögulegt að hefja hér hversdagsstörf á þann veg að láta sem ekkert sé. En fjölyrt skal ekki að sinni. Á þessum stað og þessari stundu vil ég einungis láta í ljós þá ósk mína og von, að Alþ. megi bera gæfu til að eiga sem fyllstan og beztan hlut að lausn þeirra margvíslegu vandamála, sem upp eru komin vegna náttúruhamfaranna, þeirra sem í mannlegu valdi stendur að leysa. Af viðræðum við fólk úr öllum flokkum og af ýmsum stéttum er ég þess fullviss, að landsmenn vilja, að nú um sinn þoki um set dægurþras og rígur og allir innan hinnar íslenzku þjóðarfjölskyldu leggist á eitt. Í góðu trausti þess, að með þeim hætti verði að málum staðið og í slíkum anda unnið hér í þingsölunum, býð ég hv. þdm. velkomna til starfa.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil við þetta fyrsta tækifæri, sem mér gefst, flytja hér þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttuhug, sem Vestmanneyingum hefur verið sýndur í sambandi við þær náttúruhamfarir, sem yfir standa. Ég leyfi mér að flytja forseta Sþ., forseta þessarar hv. d. og alþm. öllum þennan þakklætisvott okkar Vestmanneyinga, einnig forseta Íslands, biskupinum yfir Íslandi, hæstv. forsrh. og ríkisstj. allri. Einnig og ekki síður vil ég flytja hinum fjölmörgu einstaklingum, samtökum, félagasamtökum, samtökum sveitarfélaga þakkir okkar fyrir auðsýnda samúð og vináttu og alla þá margvíslegu fyrirgreiðslu, sem allir þessir aðilar hafa látið í té. Ég get sagt þetta í einu orði: Ég vil flytja þessar þakkir til þjóðarinnar allrar. Hvar sem á hefur þurft að halda, höfum við fengið hin sömu einlægu svör, að allt væri til reiðu til þess að greiða úr hinum margvíslegu vandamálum, sem að hafa steðjað.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að ræða afleiðingar hamfaranna. Slíkt er útilokað. Þetta stendur yfir, og því miður lítum við ekki og sjáum ekki fyrir endann á hinum margvíslegu vandamálum, sem upp koma í þessu sambandi.

Þá vil ég ekki síður og ekki sízt þakka það fyrirheit, sem ríkisstj. Íslands hefur gefið um efnahagslega fyrirgreiðslu, þegar vandamálið hefur verið skoðað og við kunnum að sjá að einhverju leyti fyrir endann á því.

Eins og ég sagði í upphafi, vildi ég nota þetta fyrsta tækifæri til að koma hér á framfæri þakklæti okkar Vestmanneyinga allra fyrir hina margvíslegu og margþættu samúð, vináttu og fyrirgreiðslu, sem við höfum orðið aðnjótandi í sambandi við þá atburði, sem nú eru að gerast í okkar heimabyggð. Takk.

Öll dagskrármálin voru tekin út af dagskrá.

Sameinað þing, 35. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 3 miðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum, þáltill. (þskj. 268). — Fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 50 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ógnaratburði þá, sem gerðust aðfaranótt 23. jan. s. l., þarf ekki að rifja upp hér, né heldur þau ósköp, sem síðan hafa gengið yfir Vestmannaeyjar og Vestmanneyinga. Hugur manna, ekki aðeins Vestmanneyinga, heldur landsmanna allra, hefur snúizt um þau ótíðindi og snýst um þau ótíðindi.

Ekki þarf heldur að fjölyrða um það, að náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum hafa valdið gífurlegri röskun á högum og kjörum Vestmanneyinga. Það er tvímælalaust skylda samfélagsins að standa straum af kostnaði af þeim skyndiráðstöfunum, sem nauðsynlegar reyndust og reynast til þess að flytja íbúa Vestmannaeyja til lands, sem og þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að tryggja þeim húsnæði, örugga lífsafkomu og alla félagslega aðstöðu þann tíma, sem þeir dveljast fjarri heimabyggð sinni. Þess

er auðvitað enginn kostur að meta það af neinni nákvæmni nú, hve mikla fjármuni þurfi til þessa. En jafnvel þótt gosið réni fljótt, er fyrirsjáanlegt, að samfélagið gæti þurft að leggja fram í þessu skyni fjárhæðir, sem taldar verða í hundruðum millj. kr.

Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum eru einn þeirra atburða, sem gera öll orð og tölur vanmegna. Þó geta menn gert tilraun til að meta stærð þess vanda, sem jarðeldurinn í Heimaey leggur okkur á herðar, og jafnframt, til hvers konar fjárhagsráðstafana sé nauðsynlegt að grípa til að tryggja, að þjóðin í heild leggi á sig það, sem þarf til þess að bæta íbúum Vestmannaeyja það tekju- og eignatjón, sem þeir hafa orðið fyrir eða gætu orðið fyrir.

Vestmannaeyjar eru, svo sem kunnugt er, ein mikilvægasta verstöð landsins. Á undanförnum árum hefur hlutdeild þeirra í íslenzkum sjávarútvegi verið a. m. k. um 12—13% að meðaltali. Á árinu 1973 eða á þessu ári hefði mátt búast við því, að útflutningsframleiðsla Vestmannaeyja hefði orðið um 200 millj. kr. Jafnvel þótt gosið gengi niður, er við því að búast, að ekki verði um rekstur fiskvinnslufyrirtækja að ræða í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni og því miður varla á þessu ári. Þannig hlýtur að verða verulegt útflutningstap á árinu 1973, þótt fiskifloti Vestmannaeyja sæki frá öðrum verstöðvum. Á þessu ári gæti þetta útflutningstekjutap lauslega áætlað orðið a. m. k. um 1000 millj. kr.

Sjávarútvegurinn er að sjálfsögðu undirstaða tekjumyndunar í Vestmannaeyjum. Ætla má, að heildartekjur Vestmanneyinga hefðu orðið um 1700 millj. kr. á árinu 1973 eða tæplega 3% af þjóðartekjunum. Ósköpin, sem yfir Vestmannaeyjar dundu, hljóta að valda verulegri skerðingu þessara tekna, jafnvel þótt flestu því fólki, sem giftusamlega tókst að bjarga í land, megi fljótlega finna atvinnu við hæfi. Á því leikur enginn vafi, að þjóðfélaginu ber að leitast við að bæta Vestmanneyingum tekjumissi þeirra, sem á þessu ári gæti numið a. m. k. helmingi eðlilegrar tekjumyndunar í Vestmannaeyjum.

Jarðeldurinn í Heimaey stofnar í stórhættu öllum mannvirkjum í Vestmannaeyjum. Þess er enginn kostur að meta nú af nákvæmni, hvert sé heildarverðmæti þeirra eigna, sem í Eyjum eru bundnar, né heldur, hvernig meta eigi líkurnar á því, hvort eða að hve miklu leyti þær fari forgörðum vegna eldgossins. Hér eru óvissuatriðin afar mörg. Lauslegar áætlanir benda til þess, að endurnýjunarverð þeirra eigna, sem óflytjanlegar mega teljast, séu í námunda við 10 milljarða kr. Við þær aðstæður, sem nú blasa við, sýnist óvarlegt að ætla lægri fjárhæð en 1000 millj. kr. þegar á þessu ári til þess að mæta kostnaði við vernd og endurreisn byggðar Vestmanneyinga og til þess að bæta eignatjón. Síðar gæti þurft hærri fjárhæðir í þessu skyni, auk þess sem óefað þarf að létta skuldabyrði af Vestmanneyingum vegna eigna, sem nú hafa orðið þeim óarðgæfar í einu vetfangi af völdum blindra náttúruafla.

Niðurstaða skyndiathugunar á umfangi þess tjóns, sem af eldgosinu á Heimaey hlýzt, hefur orðið sú, að þegar á þessu ári gæti þurft að afla a. m. k. 2000 millj. kr., til þess að tryggt sé, að þjóðfélagið geti örugglega rækt skyldur sínar við Vestmanneyinga. Jafnframt er ljóst, að það áfall, sem þjóðarbúið í heild hefur orðið fyrir, gerir það brýnt, að nokkuð verði dregið úr heildarútgjöldum og innflutningi. Það má öllum vera ljóst, að þegar sá landstólpi, sem Vestmannaeyjar eru, verður fyrir slíku áfalli, þá verður þjóðin í heild að draga nokkuð úr útgjöldum sínum, auk þess sem tryggja þarf tilfærslu fjármuna til þess að sinna þjóðfélagslegum skyldum við Vestmanneyinga. Til þess að sú aðstoð sé örugglega tryggð, ríður á, að traust jafnvægi sé í þjóðarbúskapnum öllum.

Það er auðvitað ekki kostur að gera sér tæmandi grein fyrir, hvaða verkefnum þarf að sinna vegna vandans. En nefna má þó nokkur augljós atriði. Í fyrsta lagi er það t. d. ljóst, að greiða þarf margvíslegan kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum manna vegna náttúruhamfaranna. Verður væntanlega þörf mikilla útgjalda í þessu skyni, á meðan neyðarástandið í Vestmannaeyjum helzt. Það er enn fremur ljóst, að veita verður Vestmanneyingum bætur vegna tekjumissis, sem fjölmargir þeirra hafa orðið fyrir og verða fyrir, vegna þess að þeir hafa ekki lengur og geta ekki lengur stundað störf sín, svo og vegna sérstakra útgjalda, sem á þá hafa hlaðizt vegna afleiðinga eldgossins. Þá er bersýnilega nauðsynlegt að veita verulega fjárhagsaðstoð til að leysa félagsleg vandamál þeirra Vestmanneyinga, sem hafa orðið að flytjast brott vegna eldgossins. Hér ber auðvitað húsnæðisvandamálin hæst, en skólamálin og umönnun sjúkra og vanmegnugra eru einnig ærin verkefni. Ætla má, að nauðsynlegt verði að veita styrki til þess, að útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem verða um sinn að stunda atvinnu sína og rekstur utan Vestmannaeyja, fái til þess sem bezta aðstöðu. Einnig getur orðið þörf fjárhagsaðstoðar til flutnings á fiski, svo að fiskveiðifloti Vestmannaeyja geti nýtzt sem bezt á vertíðinni. Í fimmta lagi má nefna það, að á Vestmanneyingum hvíla að sjálfsögðu miklar skuldbindingar um greiðslur afborgana og vaxta af lánum til fjárfestingarlánasjóða og annarra stofnana, og er mikilvægt, að hlaupið sé undir bagga í því efni, á meðan neyðarástandið helzt, svo að ráðstöfunarfé lánastofnana dragist ekki saman af þessum sökum. Auðvitað verður að veita Vestmannaeyjakaupstað allan nauðsynlegan fjárhagsstuðning á meðan á neyðarástandi stendur, en tekjustofnar hans munu flestir að engu verða. Hins vegar þarf hann og aðrir opinberir aðilar að taka á sig margvíslegan kostnað til þess að vernda mannvirki og eignir í Vestmannaeyjum og halda þar uppi nauðsynlegri þjónustu. Sama máli gegnir um aðra opinbera aðila, ríkissjóð, Tryggingastofnun ríkisins, Almannavarnir o. s. frv. Allir munu þessir aðilar þurfa að taka á sig mikil útgjöld vegna neyðarástandsins í Vestmannaeyjum og aðgerða í þágu Vestmanneyinga.

Strax og náttúruhamförunum linnir, verður það meginverkefnið að vinna að endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum með því að veita fé til að lagfæra svo fljótt sem unnt er mannvirki og

eignir, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum gossins. Má reyndar segja, að jafnvel strax þurfi að fara að athuga um framtíðaráætlun um endurbyggingu og endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum, og það þyrfti sem fyrst að setja til þess kunnáttumenn að fara að kynna sér það efni og vinna að því.

Ríkisstj. tók þessi mál strax fyrir að morgni dags 23. jan. og gerði þá þegar nokkrar skyndiráðstafanir í þessum efnum. Þannig setti hún á laggirnar þá strax n., sem var falið það verkefni að rannsaka, hverjar afleiðingar þetta mundi hafa á efnahagslega afkomu þjóðarbúsins, og reyna að benda á úrræði til að draga úr þeim. Enn fremur var ráðuneytisstjórum í þeim rn., sem viss málefni, sérstaklega húsnæðismálin, hlutu að vita að, og viss félagsleg efni, þ. e. a. s. ráðuneytisstjórunum í félmrn., trmrn. og fjmrn., falið að vinna að þeim málum í samráði við Rauða kross Íslands og að sjálfsögðu í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja. Jafnframt var sú ákvörðun tekin, að Almannavörnum var falið að hafa á hendi áfram björgunar- og gæzlustarf varðandi Vestmannaeyjar. Og mér er óhætt að segja, að að því hafa þær unnið ósleitilega síðan, auðvitað í samráði og samvinnu við og jafnvel eftir forsögn bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Í fjórða lagi var svo ákveðið, að þau rn., sem sérstakir málaþættir, sem ég hef nú nefnt suma hér að framan, lúta undir, skyldu taka þá til sérstakrar athugunar, eins og t. d. sjútvrn. málefni varðandi fiskiflotann og útgerðina, menntmrn. málefni varðandi skólana og fræðslumálin o. s. frv.

Það var jafnframt þegar ákveðið, að leitað yrði samráðs við stjórnarandstöðuna, og hef ég haft fundi með formönnum stjórnarandstöðunnar og þeir hafa mætt á ríkisstjórnarfundi, þegar rætt hefur verið um málið, a. m. k. einu sinni.

Ríkisstj. gerði þegar ráðstafanir til þess að semja frumdrög að frv. til l. um neyðarráðstafanir í Vestmannaeyjum. Þau frumdrög voru lögð fyrir stjórnarandstöðuflokkana. Kom fram við athugun á þeim, að þar var, eins og ekki mátti óeðlilegt teljast, ágreiningur um viss atriði, en hins vegar virtist — og mér er óhætt að kveða fastar að orði og segja: það kom fram hjá þeim, að þeir teldu sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa samstöðu um þetta mál og allt væri gert, sem unnt væri, til þess að skapa fullan einhug um málið, og komu fram í því sambandi vissar ábendingar. Eftir að hafa athugað þær og þetta mál allt í heild að nýju, hefur það orðið niðurstaðan að flytja þá þáltill., sem hér liggur fyrir. En hún er um það, að Alþ. kjósi n. 7 alþm. til þess að gera till. um neyðarráðstafanir vegna eldgossins á Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Þessi n. á þegar að hefja starf og skila till. sínum í frv.-formi svo fljótt sem nokkur kostur er. Till. n. skulu við það miðaðar, að búsifjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega. Í þessu felst viljayfirlýsing, sem ég efast ekki um, að öllum hv. alþm. er ljúft að taka undir. En vegna þess að í þessu efni hefur verið vikið nokkuð frá þeirri leið, sem af ríkisstj. hálfu var upphaflega hugsuð í þessu efni, er óhjákvæmilegt, þó að þessi n. eigi að vinna hratt, — og ég vænti þess, að hún skili verkefni sínu skjótt, — að einhver dráttur verði á því, og því óhjákvæmilegt að gera nú vissar ráðstafanir til þess að afla reiðufjár, sem geti verið til ráðstöfunar til að gera þær ráðstafanir, sem nú þegar eru óhjákvæmilegar á ýmsum sviðum. Þess vegna er farin sú leið að fara fram á það, að Alþ. heimili ríkisstj. bráðabirgðalántöku að upphæð allt að 500 millj. kr., og er farin sú leið til þess að reyna að koma í veg fyrir alla tortryggni í þessu sambandi að fela þeirri n., sem ríkisstj. skipaði 23. jan., að hafa á hendi úthlutun þessa fjár. Í þessari n. eru menn frá öllum flokkum, þó að ríkisstj. hafi skipað hana að formi til, þannig að allir flokkar eiga að geta borið traust til þeirrar n., og í skipunarbréfi hennar var beinlínis tekið fram, að hún skyldi hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Það er, eins og segir í þeirri stuttu grg., sem fylgir þessari þáltill., auðvitað alveg óhjákvæmilegt að gera neyðarráðstafanir vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Um það getur alls enginn ágreiningur verið, og ég held, að það geti heldur enginn ágreiningur verið um það, að þær eigi að byggja á sameiginlegu átaki þjóðarinnar allrar. Til þess að slíkt megi verða, er nauðsynlegt að skapa sem mestan einhug þings og þjóðar um málið. Ég sagði: skapa, en það ætti í raun og veru ekki að þurfa að hafa það orð, af því að ég veit, að fyrir hendi er þegar einhugur manna um það og þjóðin vill, að þannig sé að þessu máli staðið.

Ég fæ ekki séð, að önnur starfsaðferð geti betur tryggt samstöðu allra þm. um þetta mál heldur en sú, sem hér er stungið upp á, að þm. allra flokka eigi þess kost að vinna að undirbúningi þeirra till., sem á að byggja neyðarráðstafanirnar á, jafnt stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar. Ástæðan fyrir því, að ég ber þessa till. fram, er einmitt þessi, að ég vil og ríkisstj. vill fyrir sitt leyti vinna að því af heilum hug, að alger samstaða geti orðið á Alþingi um þær ráðstafanir, sem endanlega verða gerðar. Hitt er annað mál, að stjórnin, eins og ég sagði áðan, hefur látið vinna að þessu máli og stjórnin hefur algerlega tilbúið frv. um þetta efni, um neyðarráðstafanir í Vestmannaeyjum. Ég tel ekki viðeigandi, þegar sá háttur er hafður á sem hér er gert, að ætla þingmannanefnd að semja frv. um þetta efni, að fara hér að rekja efni þess frv., sem ríkisstj. hefur látið semja. En sú þingmannanefnd, sem hér verður kjörin, fær að sjálfsögðu í hendur þetta frv., og það verður svo hennar að meta það, að hve miklu leyti hún getur stuðzt við þær hugmyndir, sem þar eru settar fram, eða að hve miklu leyti hún vill á því byggja. En hvað sem um það er, þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að það getur orðið henni til mikils léttis við starf hennar að hafa þannig frv. fyrir hendi, jafnvel þó að hún vildi fara inn á annan grundvöll en það frv. er á byggt. Jafnframt því sem þetta frv. hefur verið samið af sérfræðingum, hefur verið safnað margvíslegum upplýsingum. Þær upplýsingar verða að sjálfsögðu lagðar fyrir þingmannanefnd-

ina, sem fær málið til meðferðar, verði þessi þáltill. samþykkt, sem ég vil ekki draga í efa. Sömuleiðis verða auðvitað þeir sérfræðingar, sem hafa unnið að þessu máli fyrir ríkisstj., til reiðu fyrir nefndina.

Eins og ég sagði áðan, tel ég ekki ástæðu til og ekki viðeigandi að fara að rekja efni þess frv. í einstökum atriðum, sem ríkisstj. hefur látið semja og er, eins og ég sagði, alveg fullsamið. En hitt vil ég segja, og það er ekkert launungarmál, að höfuðhugsunin í því hefur verið sú að mynda sérstakan sjóð, mjög myndarlegan sjóð, sem gæti haft yfir að ráða a. m. k. 2—3 þús. millj. kr., og í frv. er gert ráð fyrir fjáröflun í hann, sem byggð er á þeirri hugsun, að hver og einn leggi fram sinn skerf til þessa sjóðs. En það mun nefndin að sjálfsögðu sjá og kanna betur, þegar hún fær þau gögn í hendur, sem safnað hefur verið og geta orðið, eins og ég sagði áðan, að mínu viti til þess að létta henni þau störf, sem henni verða falin.

Ég vil vegna þess, að það hafa verið í gangi bæði leynt og ljóst nokkrar sögusagnir varðandi þetta mál, víkja aðeins að þeim.

Það hefur verið sagt, — a. m. k. hefur það verið sagt á götunni og manna á milli og reyndar kannske hvarflað að því í fjölmiðlum, — að ríkisstj. hafi hafnað einhverri aðstoð, sem boðin hefur verið fram af hendi erlendra ríkja. Þetta er alger misskilningur. Þeim ríkjum öllum, sem boðið hafa fram aðstoð í þessum efnum, hefur verið þakkað með þeim orðum, sem maður hefur bezt getað ráðið yfir, og tekið fram, að aðstoð yrði að sjálfsögðu þegin með þökkum. Það er auðvitað engri þjóð vansæmd að því að þiggja aðstoð við þessar kringumstæður, þó að vitaskuld sé það frumskylda okkar að hjálpa okkur sjálfir. En það hefur jafnframt verið tekið fram, hvort heldur þessu hefur verið svarað með skeytum, þegar þannig hefur staðið á, eða í munnlegu viðtali við þá fulltrúa, sem hafa borið skilaboð um þetta, að það yrði að athuga nánar, um hvers konar aðstoð gæti verið að ræða, í hvaða formi hún gæti verið og hvernig hún gæti komið að mestu gagni. Og nú þegar er utanrrh. og utanrrn. farin að hefja viðræður við sendiherra þessara ríkja um þessi efni. Þarna kemur margt til greina. Ég skal bara nefna sem dæmi, að það er vitað, að í sumum þeim löndum, sem boðið hafa fram aðstoð, eru aðstæður þær, að þar eru framleidd hús, tilbúin, sem fljótlegt er að setja upp. Það yrði m. a. verkefni að athuga, hvort aðstoð eða fyrirgreiðsla gæti komið fram í þeirri mynd í vissum löndum, sem boðið hafa fram aðstoð, að þau gætu lagt fram hús til þess að bæta úr þeim mikla húsnæðisskorti, sem vitaskuld verður um að ræða. Þó að úr þessu hafi verið bætt í bili með mikilli fórnfýsi, getur slíkt ekki staðið til langframa. En þetta er aðeins dæmi um þá aðstoð, sem hér gæti komið til greina. Enn fremur veit ég ekki betur en að á embættismannafundi Norðurlanda, sem ég hygg, að standi einmitt yfir nú í dag, muni verða rætt um það sameiginlega af hálfu Norðurlandanna, hvernig þau geti veitt þá aðstoð, sem þau vilja leggja fram. Það er þess vegna hinn hrapallegasti misskilningur, að það hafi verið slegið hendinni á móti nokkurri aðstoð, sem boðin hefur verið fram, hvaðan sem hún hefur verið boðin fram. Er ástæða til að leiðrétta þetta vegna þess, hversu þessi orðrómur hefur verið útbreiddur. En sjálfur má ég gerzst um þetta vita, vegna þess að svo hefur einmitt staðið á, að á þessum stutta tíma sem liðinn er, hef ég lengst af í fjarveru utanrrh. gegnt starfi hans, og það hefur því komið í minn hlut að afgreiða þessi mál.

Í öðru lagi hafa verið Gróusögur um það í gangi, að hafnað hafi verið einhverri aðstoð af hálfu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þetta er einnig alger misskilningur. Það hefur þvert á móti að frumkvæði almannavarnaráðs samkv. beinum fyrirmælum mínum verið haft fullt samráð við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli um það, á hvern hátt það gæti tekið þátt í björgunarstarfseminni, og það hefur hvað eftir annað lagt fram sinn skerf í þessu sambandi, og hann hefur verið þeginn með þökkum og þeim þakkað fyrir það. Það hefur hvorki staðið á neinni fyrirgreiðslu af hálfu þeirra í þessu sambandi né heldur hefur verið hafnað nokkurri fyrirgreiðslu, sem þar hefur getað komið til greina. Um þetta geta borið vitni margir menn, sem sitja í almannavarnaráði og hafa haft með þessi mál að gera. Ég vil segja einnig um þetta, að það er illa gert að breiða út sögur eins og þessar, þegar hugarástand er ríkjandi eins og eðlilegt er vegna áfalls sem þessa.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt mjög úr þessu. Ég vil aðeins leyfa mér að lokum að minna hv. alþm. á það, sem forseti Íslands mælti strax um morguninn eftir ógnarnóttina miklu, aðfaranótt 23. janúar. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er vissulega mál þjóðarinnar allrar, það mun Vestmanneyingum vera óhætt að treysta á. Það þarf minna en þessi ósköp til, að Íslendingar finni, að þessi fámenna þjóð er líkust stórri fjölskyldu, sem veit, að það, sem á einn er lagt, það er lagt á alla. ... Og þangað til sárin eru gróin, hver sem verða kunna, er það landsmanna allra að leggja fram liðsinni sitt, í hvaða mynd sem að gagni má koma, hvers eftir sinni getu.“

Ég efast ekki um, að hv. alþm. allir taka undir þessi orð. Ég leyfi mér enn fremur að minna á þau orð, sem hæstv. forseti Sþ. lét falla hér á fyrsta degi eftir þingfrestun, þar sem hann sagði: „Það fer ekki á milli mála, að hér á Alþingi munu menn snúa bökum saman við lausn þessara miklu vandamála, sem fjölmargir einstaklingar og þjóðin í heild standa nú frammi fyrir.“ Og ég má e. t. v. til viðbótar minna á það, sem ég sagði að kvöldi hins 23. jan., en ég sagði þá, að það væri skylda samfélagsins að gera allt, sem unnt væri, til að tryggja stöðu Vestmanneyinga og bæta þeim tjón þeirra. Þjóðin öll yrði að jafna þessu tjóni á sig, hér væri um sameiginlegan vanda þjóðarinnar að ræða og til yrði að koma alger samábyrgð þjóðfélagsins. Og ég lét í ljós það álit mitt, að allir Íslendingar yrðu fúsir til þess að leggja fram sinn skerf, og sagði, að það væri stefna ríkisstj., að þannig yrði staðið að þessu máli. Og ég bætti því við,

að ég væri sannfærður um, að um það viðhorf yrði ekki ágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég vil vissulega vona, að ég reynist ekki falsspámaður í þessu efni.

Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er mjög skýr og um afmörkuð atriði. Afgreiðslu hennar þarf að hraða. Ég tel, að stjórnin hafi haldið þannig á málinu, að hún verði ekki sökuð um aðgerðaleysi í því. Þetta er annar starfsdagur Alþingis eftir þingfrestun, og þá leggur ríkisstj. málið í hendur Alþingis með þeim hætti, sem hér er gert. Það er knýjandi nauðsyn að koma þeirri þingkjörnu n., sem á að fá það verkefni, sem í till. segir, sem fyrst á laggirnar. Það er enn fremur knýjandi nauðsyn, að ríkisstj. fái heimild til þeirrar bráðabirgðafjáröflunar, sem felst í þessari þáltill., til þess að hægt sé að fara að ráðast af myndarskap í það að glíma við þau margvíslegu verkefni, sem kalla að í þessum efnum og þola ekki bið. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að vísa þessari þáltill. til n., og ég mun fyrir mitt leyti ekki gera till. um það, en óska eftir því, að máli þessu verði hraðað sem mest. Ég tel nauðsynlegt, að þetta mál verði afgreitt, áður en við förum úr þinghúsinu í dag eða í kvöld, eða þótt það yrði komin nótt. Það hafa margir lagt á sig svo margar vökunætur, að við ættum ekki að telja slíkt eftir. En mér dettur ekki í hug, að til slíks komi. Mér væri algjörlega óskiljanlegt, ef það væri ekki algjör einhugur um afgreiðslu þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég leyfi mér að óska eftir því, að till. verði vísað til síðari umr.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa samúð með Vestmanneyingum, sem orðið hafa fyrir hinum ægilegu náttúruhamförum við eldgosið í Heimaey, sem hefur svipt þá heimilum og öðrum eignum og slitið þá frá heimabyggð og ættarslóðum að sinni.

Ég vil einnig láta í ljós þakklæti og virðingu í garð þeirra, sem innt hafa af höndum frjáls framlög og veitt hafa aðstoð til bjargar á margan hátt og boðið fram aðstoð til þess að græða sár, sem neyðarástand eldgossins hefur skapað.

Sjálfstfl. heitir á Íslendinga alla að mæta þeirri ógn, sem að höndum hefur borið í Vestmannaeyjum, með þegnskap og samhjálp. Ég hef áður lýst yfir og lýsi því enn yfir, að Sjálfstfl. er reiðubúinn til samstarfs um ráðstafanir til aðstoðar Vestmanneyingum í neyðarástandi þeirra.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að hann kvaddi okkur formenn stjórnarandstöðunnar til samráðs strax fyrsta dag þessa eldgoss í Vestmannaeyjum og næsta dag þar á eftir einnig og að við vorum kvaddir á fund ríkisstj. að morgni laugardags s. l. Þar voru lögð fram frumdrög að frv., sem þó var sagt, að ríkisstj. stæði ekki enn að sjálf, heldur væru till., sem hefðu verið mótaðar í samráði við hana af embættismönnum, og ætlazt til þess, að þingflokkar fjölluðu um þessar till. síðar um daginn, eins og þeir munu hafa gert. Að loknum þeim fundi þingflokks Sjálfstfl. átti ég tal við forsrh. og gerði honum efnislega grein fyrir því, sem við vildum á þessu stigi málsins segja, og til þess að það fari ekki neitt á milli mála, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — mega lesa hér upp það, sem þar var um bókað í þingflokki Sjálfstfl.:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna er einhuga um, að veita þeri Vestmanneyingum allan nauðsynlegan stuðning vegna eldgossins þar.

Varðandi frumdrög að frv. til l. um neyðarráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey, sem formanni flokksins voru afhent á fundi með ríkisstj. í dag, vill þingflokkurinn taka fram eftirfarandi:

1) Það er skoðun þingflokks sjálfstæðismanna, að tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgoss í Heimaey eigi ekki að leggja fram í þinginu, fyrr en fullreynt er um samkomulag milli allra þingflokka.

2) Eðlilegast væri, að frv. um ráðstafanir væri flutt sem þingmannafrv. allra flokka.

3) Takmarka ber aðgerðir við aðstoð til Vestmanneyinga og úrbætur í tengslum við náttúruhamfarirnar.

4) Ýmis ákvæði frv. liggja utan við þann tilgang, og kanna ber fjáröflunarleiðir betur.

5) Leggja ber áherzlu á hið sérstæða tjón og atriði nátengd því.

6) Meta ber framboðna erlenda aðstoð og kanna möguleika bæði varðandi framlög og lán.

7) Jafnhliða ítarlegum tilraunum til samstöðu þingflokka ber að hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja um aðgerðir.

Ef einhverjir hafa e. t. v. skilið orð hæstv. forsrh. áðan á þann veg, að það strandi á stjórnarandstöðunni, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki borið fram frv. það, sem hann sagði, að hún hefði tilbúið, þá verð ég að segja, að þá yrði ég að leiðrétta það. Í því væri nokkur misskilningur. Það er rétt, að í þessum punktum, sem ég las hér, felast ýmsar athugasemdir, og hæstv. forsrh. sagði einmitt í viðræðunum, við mig á laugardaginn, að við mundum þá setja fram okkar tillögur eftir helgina. Við höfum verið að vinna að því og mundum hafa gert það, ekki hér í þinginu, heldur í viðræðum á milli allra flokkanna. Við höfum lagt, — og ég hef gert það sjálfur á fundi með ríkisstj., — áherzlu á það, að við reyndum fyrst og fremst í öndverðu að ná samstöðu, fullri samstöðu í þinginu, áður en nokkrar tillögur yrðu lagðar fram.

Ég tel nú, að ríkisstj. hafi með flutningi þessarar þáltill. fallizt á þau sjónarmið, að rétt væri að gefa vissar viljayfirlýsingar við fyrsta tækifæri, en gefa sér síðan tóm til þess að freista þess að ná samstöðu um efnishlið þeirra úrræða, sem síðar verður sjálfsagt fjallað um í þinginu. Ég hefði hins vegar vænzt þess, að stjórnarandstöðunni hefði verið gert aðvart um flutning þessarar þáltill. og jafnvel leitað samráðs um meðflutning af henni, og það er í raun og veru í samræmi við þær viljayfirlýsingar okkar, sem fram hafa komið í því efni, og það hefði verið útlátalaust að mínu áliti og ekki skapað nein vandkvæði.

Við sjálfstæðismenn erum samþykkir þessari málsmeðferð, og hún er í samræmi við þann

vilja, sem við höfum áður lýst yfir, að láta nú koma fram vilja Alþingis og undirbúa síðan frekari aðgerðir. Við erum sammála því að kjósa þessa nefnd, sem þáltill. fjallar um, og einnig þá fjáröflun, sem þar er getið um. Við erum þess vegna efnislega samþykkir þessari tillögu. Þó vil ég mælast til þess, að till. fái skoðun í n., sem ég hins vegar tel ekki þurfa að taka nema mjög stuttan tíma, því að það kynnu að vera frekari heimildir en í henni felast, sem menn yrðu sammála um, að ríkisstj. fengi þegar í stað. En að sjálfsögðu er þetta ekki mælt til að tefja framgang málsins, og ég tel ekki, að þetta þurfi að tefja málið neitt, og við erum reiðubúnir til þess að afgreiða málið með öðrum nú þegar á þessum degi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál. Ég vil mega vona, að ég hafi í þessum fáu orðum gert nægjanlega grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna. Við höfum verið að vinna að því að móta tillögu í málinu yfir helgina, en eins og ég sagði áðan, er það allt miðað við það að freista þess í samráði og viðræðum milli flokkanna að fella saman þær hugmyndir, sem fram koma hjá fleiri aðilum, og ná að endingu samstöðu í málinu, áður en það kemur inn í þingið, þannig að um það þurfi ekki á þeim vettvangi neinn ágreiningur að vera. Þetta er okkar afstaða.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrstu orð mín skulu vera þau að láta í ljós djúpa samúð í garð Vestmanneyinga, sem orðið hafa fyrir hörmulegustu áföllum, sem yfir íslenzka þjóð hafa dunið öldum saman. Jafnframt læt ég í ljós aðdáun á því æðruleysi, þeim kjarki, sem Vestmanneyingar hafa sýnt í ótrúlegum erfiðleikum. Íslendingar mega vera stoltir af því, að meðal þeirra skuli vera svo staðfast og sterkt fólk sem Vestmanneyingar hafa reynzt í þessari raun. Það vekur ekki aðeins von um, það veldur vissu um, að það böl, sem nú verður að bera, verður bætt og að aftur verður blómleg byggð í hinum fögru eyjum, sem verið hafa prýði Íslands.

Það er skoðun Alþfl., að sá vandi, sem að hefur borið, sé vandi Íslendinga allra. Einhuga þjóð á að takast á við hann. Með því móti einu mun verða sigrazt á honum. Ég vona af alhug, að gæfa Íslendinga verði slík, að það megi takast.

Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þá till. til þál., sem hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir. Þingflokkurinn samþykkti einróma að greiða till. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil hér í nafni þingflokks Alþb. votta öllum Vestmanneyingum samúð okkar í þeim erfiðleikum, sem þeir standa nú frammi fyrir, og taka undir þau orð, sem aðrir hafa sagt í þá átt.

Eins og fram hefur komið þegar í þessum umr., hefur ríkisstj. fjallað um vandamál þau, sem upp hafa komið í sambandi við gosið í Heimaey, á öllum fundum sínum, síðan þessir atburðir gerðust, og þar af leiðandi á hverjum einasta degi síðan. Það má í rauninni segja, að mestallt starf ríkisstj. hafi verið bundið þessum atburðum, og er það í rauninni að vonum.

Ríkisstj. tók þegar í upphafi ákvörðun um að fela tilteknum aðilum ábyrgð á framkvæmd mjög þýðingarmikilla atriða málsins, þar sem ákveðið var að öll björgunarstarfsemi og allt öryggiseftirlit við eyjarnar skyldi vera undir yfirstjórn almannavarnaráðs og bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum. Þannig hefur síðan verið á þeim málum haldið, að það eru þessir aðilar, sem hafa eftir sinni getu ráðið því, sem þar hefur verið ráðið varðandi björgunarstarfsemi og öll öryggismál. Ríkisstj. hefur svo að sjálfsögðu, eftir því sem í hennar valdi hefur staðið, aðstoðað þessa aðila og gripið inn í til þess að útvega enn frekari aðstoð og hjálp, þegar þannig hefur á staðið.

Jafnframt fól ríkisstj. sérstakri n. manna að annast í samráði við Rauða krossinn, alla fyrirgreiðslu þess fólks, sem flutt var til lands úr eyjunum, og útvega því samastað og aðra fyrirgreiðslu. Þannig var gengið frá þeim málum, að þau hafa komizt í góðra manna hendur. En í sambandi við þennan lið málsins hafa skiljanlega komið upp margvísleg vandamál, þar sem ríkisstj. hefur einnig þurft að grípa inn í og veita aðstoð, en höfuðábyrgðin varðandi þennan þátt málsins hefur að sjálfsögðu hvílt á þessari nefnd.

Auk þess hefur ríkisstj. skipað n., sem á að reyna að gera sér grein fyrir hinu almenna þjóðhagslega tjóni, sem af þessum atburðum muni leiða fyrir þjóðarbúið í heild og fyrir Vestmanneyinga sérstaklega, og hvað þar væri helzt til úrræða.

Enn fremur var hverju ráðuneyti um sig falið að huga sérstaklega að þeim málaflokkum, sem undir það heyrðu og vörðuðu Vestmannaeyjaatburðinn. Að þessu leyti til hef ég mestmegnis gefið mig að því að vinna með ýmsum aðilum að því að kanna, hvaða vandamál kæmu sérstaklega upp varðandi sjávarútveginn, og ég kallaði þegar saman fund með ýmsum forustumönnum í samtökum sjávarútvegsins, eins og formanni L.Í.Ú., fiskimálastjóra, forustumönnum frá samtökum fiskvinnsluverksmiðjueigenda í landinu og frystihúsaeigenda, farmannasambandinu og sjómannasambandinu. Málin voru rædd með þessum aðilum, og þeir tóku að sér allir, hver um sig og sameiginlega, að kanna ýmsa þætti málsins. Síðan var tekið upp beint samstarf við aðila úr Vestmannaeyjum, félagssamtök þeirra og forustumenn þeirra, um það, hvernig við skyldi brugðið. Þannig hefur verið að þessum málum unnið, án þess að ég fari að rekja það hér í einstökum atriðum, hvað áunnizt hefur og við hvaða vanda hér hefur verið að glíma.

Það er öllum mönnum ljóst, að áfallið í sambandi við útgerðarmálin er gífurlega mikið fyrir Vestmanneyinga, misjafnlega mikið fyrir hina einstöku aðila eftir því, hvernig þar stendur á. En hinu skulum við ekki heldur gleyma, að Vestmannaeyjar hafa haft sérstaka og stórfellda þýðingu fyrir sjávarútveg landsmanna almennt. Hafa Vestmannaeyjar verið sannkölluð lífhöfn fyrir stóran hluta okkar flota, sem hefur leitað þangað, skilað þangað afla sínum, notið þar þjónustu og í rauninni að meira eða minna leyti

byggt rekstur sinn á aðstöðu í eyjunum mikinn hluta ársins. Lokun þessa þýðingarmikla útgerðarstaðar hefur því mjög almenn áhrif fyrir okkar sjávarútveg í heild. Til þess að reyna að komast yfir þessi vandamál hafa margvíslegar ráðstafanir verði gerðar.

Það gefur auga leið, að huga þurfti að því, hvernig ætti að mæta þeim stórkostlegu fjárhagsvandamálum, sem bæði Vestmanneyingar og fyrirtæki í Vestmannaeyjum yrðu sérstaklega fyrir og þjóðarheildin vegna þessara áfalla. Um þau mál hefur ríkisstj. einnig fjallað og fengið þar til samstarfs við sig ýmsa aðila í þjóðfélaginu.

Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., hafði ríkisstj. unnið að gerð frv., sem vonir stóðu til, að hægt væri að leggja fyrir Alþingi til afgreiðslu, til þess að takast á við þann mikla vanda, fjárhagshlið málsins. En það kom í ljós, því miður, að það var ekki fullkomin samstaða um þær hugmyndir, sem þar voru helzt uppi. Það er þó engin ástæða til að örvænta í þeim efnum, því að það hefur ekki verið fullreynt enn, hvort flokkarnir hér á Alþ. geti staðið saman um lausn á þeim þætti vandamálsins, svo þýðingarmikill sem hann er. Af því þótti rétt að hverfa að þessu ráði, að Alþ. skipaði n. samkv. þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, og að þannig yrði reynt að ná fullkominni samstöðu allra þingflokka einnig varðandi þennan þýðingarmesta þátt málsins, sem er um stórfellda fjáröflun til þess að takast á við þetta heildarverkefni.

Það hefur komið hér fram í umr., að forustumenn stjórnarandstöðunnar taka undir þá leið, sem hér er valin, og ég fagna því, og ég vona, að framhaldið geti orðið það, að hér geti tekizt almenn samstaða á Alþ. um það, hvernig skuli ráða fram úr langsamlega stærsta og mesta vanda, sem við er að eiga í sambandi við þetta mál. Við vitum auðvitað ekki á þessu stigi málsins, hvað hér verður um mikinn fjárhagsvanda að ræða í sambandi við bætur fyrir eignatjón eða algera rekstrarstöðvun margra aðila. En á því leikur enginn vafi, að hér verður um stórar fjárhæðir að ræða og þá ekki síður þegar til þess kemur, að það þarf að vinna að því að endurreisa byggðina á nýjan hátt í eyjunum.

Ég skal ekki við þessar umr. fjalla frekar um málið, en ég vil að gefnu tilefni undirstrika, að það er algerlega rangt, sem fram hefur komið í nokkrum blöðum, að af hálfu ríkisstj. hafi tilboðum um aðstoð verið tekið kuldalega, eins og sagt hefur verið, eða þau ekki þegin. Það er algerlega rangt, að fram hafi komið hjá ríkisstj. nokkur tregða til þess að þiggja aðstoð hvers sem væri til bæði björgunarstarfa og annars, og það er í rauninni illur málflutningur þeirra, sem reyna að koma slíku af stað, þar sem enginn fótur er fyrir neinu slíku. Hitt er svo höfuðatriði, eins og ríkisstj. hefur lagt áherzlu á, að hér er um stórfellt fjárhagsvandamála að ræða, sem við álítum, að öll þjóðin eigi að takast á við og sýna þann manndóm, að hún sé reiðubúin að fást við að leysa það verkefni. Aðstoð frá ýmsum aðilum verður vissulega þegin, en við skulum ekki láta okkur koma til hugar, að við getum skotið okkur undan því að bera þyngsta baggann sjálfir í slíku tilfelli sem þessu.

Ég fagna því, að það virðist vera samstaða fyrir því að greiða fyrir þessari till. og takast síðan á við málið, því að aðalatriðið er ekki, að málið gangi til n., heldur hitt, að n. skili fljótlega árangri og Alþ. geti fljótlega gengið frá því, svo að það liggi fyrir, hvernig á að afla fjár til að leysa þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir. Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherzlu á, að hægt verði að afgreiða þessa till. í dag, kjósa n. í dag og tapa þannig engum tíma til að reyna að fá þetta mál leyst.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég er sem aðrir djúpt hrærður yfir því mikla áfalli og þeim þungu búsifjum, sem Vestmanneyingar hafa orðið fyrir vegna eldgosanna í Heimaey. Þetta er einstakur atburður í allri Íslandssögunni að því leyti, að eldgos hafa aldrei átt sér stað í slíku nágrenni við fjölmenna kaupstaðarbyggð. Ég verð að segja það, að ég hef aldrei séð aðra eins viðurstyggð eyðileggingar og við mér blasti, þegar ég kom til Vestmannaeyja á dögunum, eftir að vikur hafði lagzt yfir verulegan hluta Vestmannaeyjakaupstaðar á einni nóttu eða nokkrum klukkustundum, og hefur þó víst enn syrt að í Vestmannaeyjum, að því er öskufall og vikurfall snertir.

Það, sem hefur helzt komið til kasta minna rn., eru vitanlega bráðabirgðaúrræði í húsnæðismálum, en þar er allt meginverkefnið eftir. Ráðuneytisstjóranefndinni, sem hér hefur verið getið um, tókst á mjög skömmum tíma að útvega til naumra bráðabirgða húsnæði fyrir rúmlega 1000 manns, ef á þyrfti að halda, hér í borginni og nágrenni hennar, en höfðingskapur og gestrisni Reykvíkinga var slík, að engar ráðstafanir þurfti að gera af opinberri hálfu til þess að útvega Vestmanneyingum húsnæði fyrstu sólarhringana. Og það verð ég að segja, að það var vel af sérvikið. Bráðabirgðaúrræðin eru eingöngu til nokkurra vikna í flestum tilfellum, en nú er komið að því, að það verði að útvega varanlegra húsnæði, og það eitt er stórt verkefni.

Hitt verkefnið, sem við mér blasti strax, var vitanlega að athuga í samráði við vitamála- og hafnarmálastjórnina, hvaða hafnir kæmu til greina til þess að geta veitt Vestmannaeyjabátaflotanum aðstöðu. Kom í ljós, að þar var helzt að líta á höfn eins og Hornafjörð. Litið var á Eyrarbakka og Stokkseyri í því efni, en þar eru hafnarskilyrði svo erfið, að varla eru nýtanleg fyrir aðra en þaulkunnuga heimamenn, og fram hjá þeim stöðum verður því sennilega að líta að mestu. Sá staðurinn, sem bezt liggur við, eins og kunnugt er, er Þorlákshöfn. En þar er höfnin yfirfull, og ef á að vera hægt, þótt ekki væri annað en veita Vestmannaeyjabátum þar afgreiðsluaðstöðu til þess síðan að flytja aflann á aðra verkunarstaði, yrði að gera umbætur á höfninni til að auka viðlegurými. Þá er það Grindavík. Þar eru miklir möguleikar til stækkunar á höfninni til þess að bregðast þarna skjótlega við. Þó gæti það ekki orðið fyrr en eftir 2—3 mánuði að verulegu marki. En þar er hægt með svo sem 50 millj. kr. framkvæmd að veita allt að 50 bátum aðstöðu til þess að fá þar afgreiðslu. Sá staður liggur mjög vel við verkunar-

stöðvunum á Suðurnesjum, og gæti þetta kannske orðið aðalúrræðið. Aðrar hafnir koma og til greina, en þessar eru þar í fyrstu röð.

Ég fagna þeirri eindrægni, sem hér ríkir um að afgreiða þessa þáltill., enda átti ég ekki annars von, því að ef nokkurt mál er til auk landhelgismálsins, sem er líklegt til að sameina alla þjóðina í einu átaki, þá er það þetta. Og við í ríkisstj. berum fram þessa till. af því fyrst og fremst, að við setjum þar öllu ofar, að allsherjarsamstaða innan flokka og milli flokka í þinginu öllu fáist um þetta mál, um lausnina á þessu mikla fjárhagsvandamáli, því að það geta vissulega verið skiptar skoðanir um, hvaða tekjuöflun eigi helzt að beita í grundvallaratriðum.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Ég endurtek það, að ég fagna þeirri samstöðu, sem þegar er séð, að verður um þetta mál, og þá efa ég ekki, að þeirri n., sem kosin verður samkv. þáltill., muni takast að ná allsherjarsamstöðu um fjáröflunarvandamálið.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv. og til fjvn. með 56 shlj. atkv.

Sameinað þing, 36. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 6 síðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum, þáltill. (þskj. 268, n. 271). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur nú afgreitt frá sér álit um till. til þál. um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum, og ég held, að það sé einfaldast, að ég lesi nál., sem er stutt og er svo hljóðandi:

„N. hefur athugað þáltill. og leggur til, að hún verði samþykkt með eftirgreindri breytingu:

„1. málsl. orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa n. 7 þm. til þess að gera till. um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna."

Rætt var um það í n., að nauðsynlegt væri, að ríkisstj. kanni nú þegar, hvort unnt er að fá lán til langs tíma hjá sjóðum á vegum alþjóðastofnana."

Hér lýkur nál., og ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð, vegna þess að það þarf að afgreiðast skjótt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en umr. þessari er lokið, leyfa mér að þakka formönnum stjórnmálaflokkanna, sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Sömuleiðis vil ég þakka fjvn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu. Ég tel, að með þessari afgreiðslu, sem hér er farið inn á, hafi verið gengið til móts við þær óskir, sem fram höfðu komið frá stjórnarandstöðuflokkunum um það, að reynt væri að ná samstöðu í þinginu, áður en till. væru lagðar fram, og enn fremur þau sjónarmið, að það væri eðlilegt, að þm. stæðu að flutningi málsins, en með þessari nefndarskipun álít ég, að sé gert ráð fyrir því, að nefndin muni flytja frv. á sínum tíma.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En því mætti þó bæta við, að við Íslendingar megum vissulega vera þakklátir forsjóninni fyrir það, hvernig við erum á vegi staddir að því leyti til, að ef við lítum aftur til sögunnar, þá getum við hugleitt það, að við erum betur undir það búnir nú en fyrr að mæta slíkum áföllum sem þessum. Við þurfum ekki annað en líta aftur til Skaftáreldanna og hugsa til þess, hverjar afleiðingar þeir höfðu, þegar fjöldi fólks fórst af hungri. Slíkt kemur ekki fyrir nú, sem betur fer, þó að við verðum fyrir slíkum áföllum sem þessum. Og ég er sannfærður um, að þó að þetta áfall sé mikið, þá tekst okkur með samstöðu og samstilltu átaki að sigrast á þessum erfiðleikum. Og við skulum öll hafa það hugfast, að öll él birtir upp um síðir.

ATKVGR.
Brtt. 271 samþ. með 54 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 272).

Sameinað þing, 37. fundur.

Mánudaginn 29. jan., að loknum 36. fundi.

Kosning 7 alþingismanna í nefnd til þess að gera tillögur um neyðarráðstafanir vegna eldgossins á Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. nýafgreiddri ályktun Alþingis um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Eysteinn Jónsson,
Halldór E. Sigurðsson,
Lúðvík Jósepsson,
Hannibal Valdimarsson,
Jóhann Hafstein,
Ingólfur Jónsson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Orðsending Norðurlandaþingmanna.

Forseti (GTh): Ég vil lesa orðsendingu, sem danskir, finnskir, norskir og sænskir þm. hafa sent Alþingi:

„Danskir, finnskir, norskir og sænskir þm. komnir saman í Helsingfors í sambandi við ráðstefnu Alþjóðaþingmannasambandsins um samstarfs- og öryggismál Evrópu vilja láta í ljós samúð sína með hinum mörgu Íslendingum, sem hafa orðið fyrir þungu áfalli vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Við vonum af heilum hug, að náttúruhamfarirnar verði ekki víðtækari en orðið er og að afleiðingum þeirra fyrir íbúa Vestmannaeyja og efnahag landsmanna geti þrátt fyrir allt orðið takmörk sett. Við munum reyna að vinna að því hjá ríkisstjórnum landa okkar, **að Íslendingum verði veitt sú aðstoð, sem þörf reynist,** til að byggja upp aftur og bæta fjárhagslegt tjón.

Fyrir hönd sendinefndanna,

Alsing Andersen, Danmörk,
Johannes Virolainen, Finnlandi,
Knut Frödenlund, Noregi,
Kaj Björk, Svíþjóð."

Þessum þm. verður að sjálfsögðu þakkað á verðugan hátt af hálfu Alþingis.

Það er talin brýn nauðsyn að afgreiða í dag frv. til l. um bráðabirgðabreytingu á dómsstjórn í Vestmannaeyjum o. fl., 142. mál, sem lagt hefur verið fyrir hv. Ed. Af þeim ástæðum verður fundi í Sþ. ekki haldið lengur áfram en til kl. um það bil 3, og er þá ætlunin, að hefjist fundur í Ed., og að loknum störfum hennar er svo ætlunin, að fundir verði í Nd. til afgreiðslu á þessu máli.

Eftirlit með skilum söluskatts, fsp. (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Hinn 30. jan. 1970 voru samþykktar á Alþ. nokkrar breytingar á l. um söluskatt, m. a. var bætt í lögin nýrri gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verzlunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fj.mrn. geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðh. getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar gr."

Samþykkt þessa heimildarákvæðis sýnir, að hv. Alþ. hefur talið ástæðu til að gera nýjar ráðstafanir til að bæta skil á söluskatti. Í fjárl. fyrir árið 1973 er áætlað, að söluskattur, sem skilað er til ríkissjóðs, nemi á þessu ári 5456 millj. kr. Hversu hár raunverulega innheimtur söluskattur verður, veit að sjálfsögðu enginn. Ég hygg þó, að þeir séu fáir, ef nokkrir, sem láta sér annað til hugar koma en sú tala verði hærri, þ. e. að einhverjum hluta þess söluskatts, sem neytendur greiða, sé aldrei skilað til ríkissjóðs.

Samþykkt Alþ. í ársbyrjun 1970 um heimild til að setja upp sérstaka peningakassa, sem stimpluð væru í öll söluskattskyld viðskipti, bendir vissulega til þess, að Alþ. hafi talið sérstaka ástæðu til að herða eftirlit með skilum söluskatts, þess söluskatts, sem neytendur hafa þegar greitt í verzlunum og sölu- og afgreiðslustöðum. Ég hygg, að flestir landsmenn séu þeirrar skoðunar, að ákvörðun Alþ. um heimild til þessara sérstöku aðgerða til eftirlits **með skilum** söluskatts hafi ekki verið tekin **að ófyrirsynju.** Þessi heimild hefur þó enn ekki verið notuð. Því hef ég á þskj. 99 flutt fsp. til hæstv. fjmrh. um þetta mál, í fyrsta lagi, hvort hæstv. ráðh. hafi í hyggju að beita umræddri heimild til þess að setja upp þessa peningakassa. Því var mjög haldið fram við umr. á Alþ., þegar ákvörðun var tekin um þessa heimild, að of kostnaðarsamt væri að setja upp slíka stimpilkassa í allar verzlanir og sölu- og afgreiðslustaði, og má vera, að sú sé helzta ástæðan til þess, að heimildin hefur ekki verið notuð. Því spyr ég í öðru lagi hæstv. fjmrh., hvort hann telji, að til greina komi að beita lagaheimildinni á þann veg að skylda einstakar verzlanir og sölu- og afgreiðslustaði til að nota slíka peningakassa um tiltekinn tíma. Ég er þeirrar skoðunar, að einmitt á þann veg þyrfti eftirlitið að fara fram, þ. e. a. s. að ráðamenn sérhverrar verzlunar, afgreiðslu- og sölustaðar geti hvenær sem er átt von á því að verða skyldaðir til að hafa slíka peningakassa, svo lengi sem eftirlitsmenn fjmrn. telja ástæðu til. Jafnframt þyrfti að setja upp á þessum stöðum áberandi áskoranir til neytenda að taka jafnan kassakvittanir fyrir viðskiptum sínum.

Ég er sannfærður um, að sú fjárfesting, sem fylgdi því að taka allmarga slíka peningakassa í notkun til eftirlits, mundi tiltölulega fljótt borga sig, jafnvel þótt ríkissjóður greiddi þá að öllu leyti. Notkun þeirra mundi ekki aðeins hafa áhrif á skil á greiddum söluskatti, heldur treysta jafnframt grundvöll annarra skattlagningar á þá aðila, sem hér er um að ræða.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 10. landsk. þm. vil ég leyfa mér að lesa hér grg., sem skattrannsóknastjóri hefur samið, en mun svo bæta við nokkru í sambandi við síðari lið fsp. Grg. skattrannsóknastjóra er svo hljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Með l. nr. 3 30. jan. 1970, um breyt. á l. nr. 10 1960, um söluskatt, var nýrri gr. bætt aftan við 16. gr. söluskattsl., svo hljóðandi." — Hv. fyrirspyrjandi las gr., svo að ég sé ekki ástæðu til að taka það upp hér. — „Í sambandi við hækkun á söluskatti veturinn 1970 úr 7.5 í 11% kom mjög til umr., með hvaða hætti auka mætti öryggi söluskattsinnheimtunnar. Sérstakri n. var falið að semja nýja reglugerð um söluskatt og kanna í því sambandi leiðir til eftirlits. Reglugerðin var gefin út 21. ágúst 1970 og er nr. 169. Það var mat n., að stimpilkassar eða sjóðsvélar í verzlunum, sölu- eða afgreiðslustöðum væru ekki einhlítt eftirlitstæki og notkun þeirra væri ekki trygging fyrir því, að allur söluskattur kæmi fram. Þetta mun einnig vera skoðun flestra sérfræðinga um eftirlit og endurskoðun. Sjóðvélar eru notaðar bæði hér á landi og meðal nágrannaþjóða okkar í mörgum verzlunum og sölustöðum. Fyrst og fremst er þetta tæki, sem stjórnendur fyrirtækja nota til eftirlits með rekstrinum, sérstaklega

í stærri verzlunum, en einnig eru uppplýsingar úr þeim notaðar sem skatteftirlit. Gildi sjóðvéla til eftirlits fer fyrst og fremst eftir því, hvort komið verði við ákveðinni lágmarksverkaskiptingu innan fyrirtækjanna, en gildi þeirra til eftirlits minnkar yfirleitt verulega eftir því sem fyrirtækin verða smærri og erfiðara er að koma við verkaskiptingu. Þar koma til aðrar eftirlitsaðferðir, sem eru haldbetri fyrir skattyfirvöld.

IV. kafli áðurnefndrar reglugerðar um söluskatt, nr. 169 1970, hefur að geyma mjög ítarleg ákvæði um þau gögn, sem innfærsla á sölu fyrirtækja í bókhaldi verður að byggjast á. Aðalreglan er sú, að öll sala eða afhending á vörum, verðmætum eða þjónustu skuli skráð í frumbækur eða á reikninga, um leið og sala fer fram. Staðgreiðslusala smásöluverzlana og persónuleg þjónusta, sem veitt er gegn staðgreiðslu, er þó undanþegin skráningarskyldu í frumbækur eða reikninga. Færsla á slíkri sölu í bókhald skal hins vegar annaðhvort byggjast á strimlum úr lokuðum sjóðvélum, þar sem þær eru notaðar, eða með sérstökum staðgreiðslusöluyfirlitum, sem færð skulu daglega í ákveðnu formi. Þessi gögn skulu ætíð liggja fyrir, undirrituð af verzlunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni, þegar eftirlitsmenn kanna bókhald. Þeir aðilar, sem ekki fara nákvæmlega eftir þessum reglum og ekki geta sýnt, að þeir hafi óruggt eftirlit með sölunni, geta átt von á því, að skattyfirvöld verði að áætla þeim söluskatt. Þessar reglur um skráningu á sölu og þau gögn, sem liggja eiga þeirri skráningu til grundvallar, eru í meginatriðum í samræmi við þær reglur, sem í gildi eru á hinum Norðurlöndunum um þetta efni."

Varðandi síðari lið spurningarinnar vil ég segja það, að þær aðstæður gætu skapazt, að æskilegt væri að beita dreifikönnunum með þeim hætti, sem nefnt er í fsp., en kanna þarf þann lagalegan grundvöll, sem slík könnun á að byggjast á, áður en til hennar kæmi.

Til viðbótar þessu svari vil ég geta þess, að lögin um söluskatt hafa verið til endurskoðunar í fjmrn. og er búið að mestu leyti að semja nýtt frv. að söluskattsl. Þar er þetta ákvæði gert skýrara og gert ráð fyrir því, að heimild verði til að taka upp slíkt kerfi í einstökum verzlunum, þótt það verði ekki tekið upp almennt, og tel ég nauðsynlegt, að slíkt verði gert til reynslu, áður en verður farið út í kerfið almennt. Þá verður og í þessu nýja frv. tekið tillit til þeirra breytinga, sem orðnar eru á innheimtu söluskattsins, sem nú er orðin mánaðarleg, og hefur gefið góða raun.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans við fsp. mínum, og ég fagna því, að á leiðinni skuli vera, eins og hann gat um, frv., þar sem kveðið er nánar á um beitingu þeirra heimildar, sem er í l., á þann veg, að eftirlitskassa skuli nota á einstökum stöðum um tiltekinn tíma. Ég hef meiri trú á því en þeir aðilar, sem standa að svari því, sem hæstv. ráðh. flutti hér, að eftirlitskassar geti haft verulegt gildi í þá átt að bæta skil á söluskatti. En þegar talað er um skil á söluskatti, er auðvitað verulegur munur á því annars vegar, hvort átt er við það, að þeirri upphæð, sem á er lögð af embættismönnum ríkisins, sé skilað til ríkissjóðs, eða þá hins vegar, hvort sá skilningur er lagður í skil á söluskatti, að fram komi öll raunveruleg velta. Ég held, að ýmis dæmi sýni það nú á undanförnum árum, að oft hafi orðið veruleg vanskil hjá einstökum aðilum, svo að skipti jafnvel milljónum króna.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð nú í fsp.-tíma, en ég vil þó að lokum benda á það með örfáum orðum, hve mikið er í húfi fjárhagslega fyrir skattgreiðendur, fyrir ríkissjóð og fyrir sveitarsjóði, sem fá hluta af söluskatti, að öllum innheimtum söluskatti sé skilað. Ef miðað væri t. d. við, að sú fjárhæð, sem áætlað er, að ríkissjóður og sveitarfélög fái af söluskatti á þessu ári, þ. e. a. s. 5456 millj., væri 95% af því, sem raunverulega væri innheimt af neytendum, þá næmi álagður söluskattur á þessu ári ekki 5456 millj., eins og er á fjárl., heldur í raun 5743 millj., þ. e. a. s. um 287 millj. af innheimtum söluskatti kæmu þá ekki til skila, ef miðað væri við það, að 95% kæmu fram. Væri sú upphæð, sem á fjárl. er tilgreind, og til skila kæmu 90% af þeim söluskatti, sem raunverulega væri innheimtur af neytendum, þá næmi söluskatturinn í reynd 6062 millj. kr., þ. e. a. s. mismunur á innheimtum söluskatti og því, sem til skila kæmi, næmi þá um 606 millj. kr. Og væri skilaprósentan á söluskatti 85% þá næmi mismunurinn 963 millj.

Menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hver skilaprósentan er, en þessi dæmi sýna ljóslega, að fjárhæðirnar, sem gæti munað, verða fljótt æðiháar. Það er því auðsætt, að gera verður allt, sem unnt er, til þess að tryggja, að skil á innheimtum söluskatti séu sem allra óruggust og bezt, og til þess má vissulega nokkru kosta.

Kostnaður ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða, fsp. (þskj. 99). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er nú orðið æðilangt liðið síðan þessari fsp., sem ég ber fram, var útbýtt hér á Alþ. Ég tel ekki ástæðu til að hafa langan formála fyrir henni til hæstv. fjmrh. Það er öllum ljóst, að menn hafa sjálfsagt skiptar skoðanir um það, hversu miklum fjármunum ríki og ríkisstofnanir eigi að verja til utanferða á vegum þessara aðila. Almenningur í landi voru hefur órugglegt gert sér ýmsar hugmyndir í þessum efnum og verið með tölur á ýmsum stigum, mismunandi þó hversu háar og mismunandi réttlátar þær eru í ýmsum tilvikum. Ég hef því talið rétt, að um þetta kæmu fram hér á hv. Alþ. glöggar upplýsingar, og hef því leyft mér að flytja fsp. á þskj. 99 til hæstv. fjmrh. í tveimur liðum:

„1. Hversu mikill var kostnaður ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða á s. l. ári? Óskað er eftir sundurliðun eftir rn. og stofnunum.

2. Hefur fjmn. eða fjárlaga- og hagsýslustofnunin eftirlit með því, að kostnaður einstakra stofnana vegna utanferða sé innan hæfilegra marka?"

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 99 er fsp. frá hv. 7. landsk. þm. um ferðakostnað við utanfarir hjá ríkisstj. og ríkisstofnunum. Þær upplýsingar, sem ég hef um þetta og fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur tekið saman fyrir mig, eru kannske ekki fullkomlega tæmandi, en þó er reynt að fara nokkuð inn á það, sem hv. þm. fer fram á. Vil ég leyfa mér fyrst að svara um kostnað einstakra rn. og þá sundurliða þannig:

Ferðakostnaður ráðh. og rn., eins og hann var árið 1971: Hjá forsrn. var ferðakostnaður ráðh. 246 544 kr. og annarra í rn 385 014 kr. eða 631 558 kr. Hjá dómsmrn. var hann 49 370 kr. hjá ráðh. 211 311 kr. hjá öðrum ráðuneytismönnum eða 260 681 kr. Hjá félmrn. var kostnaður við ferðir ráðh. enginn, en annar kostnaður 58 154 kr. og samtals það. Hjá fjmrn. var kostnaður hjá ráðh. 133 043 kr., annarra 429 441 kr. eða 562 484 kr. Ríkisendurskoðunin var með 92 889 kr. Iðnrh. var með 133 090 kr. og ráðuneytismenn 413 403 kr. eða samtals 546 493 kr. Landbrh. 109 271 kr. og ráðuneytismenn 125 732 kr. eða samtals 235 003 kr. Menntmrn. 306 020 kr. hjá ráðh., 2 706 161 kr. hjá ráðuneytismönnum eða 3 012 181 kr. Hjá samgrn. var ráðh.-kostnaður 38 505 kr., en rn.-manna 359 34 kr. eða 397 539 kr. Hjá sjútvrn. voru 53 696 kr. hjá ráðh., 1 335 406 kr. hjá rn.-mönnum eða samtals 1 389 102 kr. Utanrrn. 658 626 kr. hjá ráðh., 5 979 685 kr. hjá ráðuneytismönnum eða samtals 6 638 311 kr. Hjá viðskrn. var ráðh. með 182 754 kr. ráðuneytismenn 985 871 kr. eða 1 168 625 kr. Hjá heilbr.- og trmrn. var ráðh. með 11 172 kr. og rn. 771 435 kr. eða samtals 782 607 kr. Samtals var ferðakostnaður ráðh. 1 922 095 kr. og rn. 13 853 532 kr. eða samtals 15 775 627 kr. Niðurstaðan er því þessi.

Það er rétt að taka það fram til þess að forðast misskilning, að undir liðinn ferðakostnaður annarra er meira fært en ferðakostnaður starfsmanna rn. Þar er einnig meðtalinn ferðakostnaður annarra aðila, sem hafa verið sendir á vegum ríkisins með styrk, sem greiddur er af rn. T. d. er af áðurnefndum ferðakostnaði menntmrn 2 millj. 328 þús. kr. styrkir og aðstoð til aðila og samtaka til utanferða. Sama gildir um utanrrn. Þar er t. d. meðtalinn kostnaður vegna Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Sama gildir að einhverju leyti um önnur ráðuneyti.

Niðurstaðan af þeirri athugun, sem gerð hefur verið að tilhlutun undirnefndar fjvn. um kostnað við 11 ríkisstofnanir 1971, var þessi, og gerð er grein fyrir fjölda utanferða samtals hjá hverri stofnun, dagafjölda og kostnaði við ferðir:

Fiskifélag Íslands er með 12 ferðir, 157 daga og kostnaður 737 129 kr. Fiskmat ríkisins er með 3 ferðir, 22 ferðadaga og 104 328 kr. Flugmálastjórnin er með 51 ferð, 379 ferðadaga og kostnaður 1 574 795 kr. Hafrannsóknastofnunin er með 11 ferðir, 139 ferðadaga, 641 164 kr. Landhelgisgæzlan er með 10 ferðir, 291 ferðadag og kostnað 1 160 292 kr. Orkustofnunin er með 15 ferðir, 136 ferðadaga og kostnað 665 644 kr. Póst- og símamálastjórnin er með 30 ferðir, 973 ferðadaga, og samtals er kostnaður 1 737 485 kr. Rannsóknaráð ríkisins er með 3 ferðir og 80 639 kr. kostnað, ég hef ekki ferðadagana. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er með 13 ferðir, 120 ferðadaga, 701 861 kr. í kostnað. Ríkisútvarpið er með 50 ferðir, 445 ferðadaga, og kostnaður er 1 950 682 kr. Siglingamálastofnunin er með 9 ferðir, 84 ferðalaga og 446 096 kr.

Fleiri ríkisfyrirtæki hef ég ekki á þessum lista, enda mundi það vera of langt til að lesa það allt upp.

Þá er spurt um, hvort fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafi eftirlit og hafi uppi áform um að draga úr þessum kostnaði. Það hefur bæði af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, svo og af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, verið reynt að draga úr þessum kostnaði. Hins vegar heyra leyfi um ferðalög ríkisstofnana undir hvert einstakt rn., og hvorki fjárlaga- og hagsýslustofnunin né fjmrn. hefur um það að segja innan þeirra marka, sem fjárveitingar í viðkomandi rn. eru. Á þessu ári hefur öllum rn. verið skrifað og þeim tilkynnt, að notuð verði heimild, a. m. k. fyrst um sinn, til þess að skera niður kostnað við rn. um 15%, eins og heimilað var við afgreiðslu fjárl., og það hlýtur að leiða til þess, að úr þessum kostnaði verði dregið eins og unnt er. En hitt er ljóst, að ekki verður hægt að komast hjá því, að eyða einhverju fé í utanferðir vegna margvíslegra viðskipta okkar við aðrar þjóðir og könnun á málum, sem alltaf eru uppi hjá einstökum rn., svo sem kunnugt er.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Það vantar að mínu mati ærið mikið inn í þá mynd, sem ég teldi að þyrfti að draga upp, þegar rætt er um kostnað vegna utanferða ríkis og ríkisstofnana. Mér virðist t. d. vanta algjörlega inn í kostnað vegna utanferða á vegum Alþingis, það mun að minni hyggju vera nokkuð stór liður, og sjálfsagt er um fleiri aðila að ræða, sem ekki eru inni í þessari mynd. Hún gefur eigi að síður, eins og hún liggur fyrir eftir þessar upplýsingar, nokkuð ljósa hugmynd um það, að þarna eru ærið miklir fjármunir, sem um er að ræða og deilt er í kostnað vegna utanferða á vegum hins opinbera.

Ég fagna því, sem hæstv. ráðh. sagði hér að síðustu áðan og er raunverulega svar við fsp., sem hér hafði komið á eftir, hvort unnt væri að draga úr kostnaði ríkis og ríkisstofnana vegna utanferða. Ég tók það svo, að ríkisstj. og fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefðu í hyggju að reyna að draga úr þessum kostnaði. Mér er ljóst, að það verður að eyða einhverju og kannske talsverðum fjármunum vegna utanferða á vegum ríkisins, hjá því verður ekki komizt, en ég held, að það beri jafnframt nauðsyn til, að reyna að sjá svo um, að þar séu einhverjar reglur gildandi, þannig að einstaklingar eða stofnanir notfæri sér ekki frjálsar reglur þessu aðlútandi.

Það er ljóst, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði, að það mun verða skorið niður um 15% á þessu ári í þessu tilfelli, og ég fagna því. En mér finnst, eins og ég sagði áðan, vanta inn í þetta dæmi stóra liði, eins og t. d. kostnað vegna utanferða á vegum Alþingis, og ég sakna þess, að sá liður skyldi a. m. k. ekki vera með í þessari upptalningu. Og eins hygg ég, að það vanti nokkru fleiri liði í þetta, sem geta breytt þeirri mynd, sem við höfum fengið dregna hér upp, ærið mikið frá því, sem hún var.

Ég veit, að a. m. k. ég og margir aðrir alþm. gera sér ekki ljóst við svona upptalningu, hversu stór hluti þetta er, þannig að það er kannske ekki heildarmynd, sem við höfum fengið út úr þessu, en málinu hefur þó verið hreyft, og ýmsar upplýsingar liggja fyrir. En ég sakna þess sem sagt, að það skyldi ekki a. m. k. vera með í þessari upptalningu jafnstór liður og ég hygg að utanferðir á vegum Alþingis séu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla bara að bæta því við, því að ég gleymdi því áðan, í sambandi við utanferðirnar, að það er föst ákvörðun um dagpeninga, sem þeir fá, sem fara utan á vegum ríkisins. Um það er föst ákvörðun frá fjárhags- og hagsýslustofnuninni. Ég get líka bætt því við, að stefnt er að því að reyna að gera slíka skrá í sambandi við endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1971, því að þetta er geysilega mikil vinna og er í raun og veru ekki hægt að vinna hana nema í sambandi við endurskoðunina. Það verður gert, og þá mun Alþingi geta fengið þá skýrslu, því að þessi skýrsla, sem hér var lögð fram, var samin upphaflega fyrir jól, þegar annríki var mikið. Þá var ákveðið að reyna að gera eina heildarmynd yfir þetta, eins og gert hefur verið um nefndarkostnað á vegum ríkisins, svo að það má vænta að fullkomin grg. geti legið fyrir um þetta atriði ríkisreikningsins fyrir árið 1971 og þá framvegis, eins og gert hefur verið um nefndakostnaðinn.

Vistheimilið í Breiðuvík, fsp. (þskj. 183). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn á þskj. 128 til hæstv. menntmrh. um vistheimilið í Breiðuvík, og er það í tilefni af umr., sem hér fóru fram á hv. Alþ. á þessum vetri. Fsp. er í þremur liðum:

„1. Hve margir drengir geta dvalið á vistheimilinu í Breiðuvík?

2. Hve margir drengir dvelja þar nú?

3. Hve margir drengir hafa dvalið þar að jafnaði s. l. ár?“

Vistheimilið í Breiðuvík hefur starfað um 20 ára skeið. Stjórn vistheimilisins er í höndum þriggja manna n., sem ráðh. skipar. Ráðh. skipar einnig forstöðumann heimilisins að fengnum till. stjórnarnefndarinnar. Heimilið er fyrir drengi, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Barnaverndarnefndir og skólanefndir eða barnaverndarráð ákveða að höfðu samráði við stjórnarnefndina, hverjir hljóti vist á heimilinu. Áður en dreng er veitt viðtaka á heimilið, skal stjórnarn. kynna sér aðstæður allar í máli hans, þ. á m. hver sé afstaða foreldra hans eða forráðamanna til vistunar. Þá er gert ráð fyrir, að læknir rannsaki rækilega heilsufar drengsins, sömuleiðis sálfræðingur, ef unnt er. Vistdrengjum skal séð fyrir lögskipaðri fræðslu, og er gert ráð fyrir, að kennari sé á heimilinu allt árið, sem annist kennsluna og aðstoði við uppeldisstörf á heimilinu. Þá er gert ráð fyrir, að drengjum sé séð fyrir nauðsynlegum tækjum til íþróttaiðkana. Gert er ráð fyrir, að læknir fylgist með heilsufari drengjanna. Forstöðumaðurinn annast daglega stjórn á heimilinu, og skal hann fylgjast með hegðun drengjanna, bæði utan heimilisins og innan. Gert er ráð fyrir, að drengjunum sé séð fyrir hæfilegri vinnu, en að vinnutíminn fari ekki yfir 7 stundir hvern virkan dag. Á meðan kennsla fer fram í skólanum, er gert ráð fyrir, að vinnutími utan kennslunnar fari ekki mikið fram úr einni klst. á dag. Þá er gert ráð fyrir, að forstöðumaður haldi nákvæma dagbók fyrir heimilið og þar skuli skráð flest atvik, sem heimilið varða og skipta rekstur þess, og einnig, að haldin sé spjaldskrá um hegðun drengjanna. Um dvöl drengjanna á heimilinu fer eftir því, hvernig ástand þeirra er, hvort þeir hafa tekið framförum í hegðun, hvort þeir hafa sýnt vilja á því að fara eftir lögum og reglum og hvort líklegt sé, að þeir séu færir um, þegar þeir koma út af heimilinu, að ganga hinn rétta veg, sem borgaraleg skylda leggur hverjum manni á herðar. Þá er gert ráð fyrir því, að á heimilinu verði drengirnir fyrir hollum og góðum uppeldisáhrifum, að þeir hafi nægilegt starf og geti fengið eðlilega kennslu og góða meðferð á öllum sviðum.

Það er gert ráð fyrir, að á heimilinu sé búrekstur, garðrækt, grasrækt og búfénaður, og einnig, að sjóróðrar séu stundaðir á sumrin. Gert er ráð fyrir, að þörfum heimilisins fyrir matjurtir og aðrar búvörur verði fullnægt og einnig, að afli sé dreginn úr sjó til matvæla fyrir heimilið og umfram það, ef unnt er. Þá er gert ráð fyrir, að á heimilinu verði komið upp léttum iðnaði eða handiðn, svo að drengirnir geti stundað innivinnu á veturna.

Í samræmi við þennan tilgang var komið upp byggingum og búrekstri í Breiðuvík. Starfaði heimilið með myndarbrag lengi vel, og enginn vafi er á því, að tilgangi þessum var náð í öllum aðalatriðum. En fsp., sem ég hef nú lagt fram, er gerð í tilefni þess, að orðrómur er um, að starfsemi heimilisins sé nú miklu minni en verið hefur. Sérstaklega er fsp. gerð með tilliti til þess, að nú jafnvel fremur en oft áður er þörf fyrir það, að vistheimilið verði notað fyrir drengi, sem fremja afbrot bæði hér í höfuðborginni og annars staðar. Í umr. um þessi mál í vetur hefur komið berlega í ljós, að vandræðadrengir, sem stunda lögbrot, ganga lausir, vegna þess að ekki er tiltækur samastaður fyrir þá, að sagt er. Lögreglan hefur verið í vandræðum með, hvað við þessa drengi eigi að gera. Ef vistheimilið í Breiðuvík er ekki notað að fullu, þá

er eðlilegt, að að því sé spurt, hvers vegna vandræðadrengir hér í Reykjavík og víðar, sem eru að brjóta lög hvað eftir annað, eru ekki sendir til Breiðuvíkur til þess að verða þar fyrir batnandi áhrifum, eins og áður var gert. Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir því, hversu margir drengir dvelja á vistheimilinu nú, hversu margir þeir voru á s. l. ári og hversu mikið rúm er þar nú fyrir drengi til dvalar, ef það væri að fullu notað.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Þeim tölulegu atriðum, sem spurzt er fyrir um í fsp. hv. 1. þm. Sunnl., má svara í fáum orðum, og það mun ég gera í upphafi máls míns, en síðan mun ég fara nokkrum orðum almennt um heimilið í Breiðuvík og rekstur þess.

Fyrst er spurt, hversu margir drengir geti dvalið á vistheimilinu í Breiðuvík? Svarið er, að þar má í hæsta lagi koma fyrir 14 drengjum við þrengsli, en æskilegt er, að þeir séu að jafnaði ekki fleiri en 12.

Önnur spurningin er um það, hversu margir drengir dvelji nú á heimilinu. Svarið við þeirri spurningu er, að sem stendur dveljast þar þrír drengir.

Loks er þriðja spurningin, hve margir drengir hafi dvalið að jafnaði s. l. ár á Breiðavíkurheimilinu. Hér mun átt við síðasta ár, 1972. Þegar prófessor Símon Jóh. Ágústsson vann að árlegri, sérfræðilegri athugun á heimilinu 14.—21. ágúst s. l., dvöldust þar 6 drengir, 2 úr Reykjavík, 3 úr Hafnarfirði og einn úr Keflavík. Þeir voru á aldrinum 10—13 ára. Auk þess brautskráðust 5 drengir af vistheimilinu á tímabilinu 13. ágúst 1971 til jafnlengdar 1972. Alls hafa því 11 drengir dvalizt á vistheimilinu s. l. ár.

Í tilefni af fsp. hv. 1. þm. Sunnl. er rétt að fara nokkrum orðum um þróun vistheimilisins í Breiðuvík, fjölda vistdrengja á undanförnum árum og framtíðaráætlanir um rekstur heimilisins.

Sumarið 1952 var unnið að byggingarframkvæmdum í Breiðuvík. Val staðarins fyrir vistheimili olli þegar í upphafi nokkrum ágreiningi. Þótti ýmsum hann of afskekktur og erfitt mundi reynast að hafa þar til reiðu fullnægjandi sérfræðilega aðstoð, t. d. sérmenntaðra kennara, sálfræðinga, félagsráðgjafa, geðlækna, sem þurfa kynni, og annarra lækna, auk sérþjálfaðs starfsliðs. Enginn vafi er þó á því að fenginni reynslu, að heimilið bætti á sínum tíma úr brýnni þörf og það hefur gegnt nauðsynlegu hlutverki, sem aðrar stofnanir hafa til skamms tíma ekki verið bærar um eða reiðubúnar að sinna. Á sumrinu 1952 voru 6 drengir í Breiðuvík, allir á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Húsnæði á vistheimilinu var mjög ófullkomið fram til ársins 1963—1964, en þá var nýrri viðbyggingu lokið, herbergjum drengjanna fjölgað og þau búin nýjum húsgögnum. Miklar endurbætur á húsakynnum og húsbúnaði hafa síðan farið þar fram, einkum árin 1969 og 1970. Má húsnæðið nú teljast í góðu lagi.

Um fjölda vistdrengja á síðustu árum er þetta að segja: 1967 11 drengir, auk þess brautskráðir 10 á árinu, 1968 13, auk þess brautskráðir á árinu 6, 1969 12, auk þess brautskráðir 9, 1970 10, auk þess brautskráðir 5, 1971 8, auk þess brautskráðir 9, og á árinu 1972, eins og áður greinir, 6 drengir og auk þess 5 brautskráðir á árinu.

Þess skal getið, að dvalartími drengjanna hefur ávallt verið fyrir fram óákveðinn.

Eins og sést af þessu yfirliti, hefur vistdrengjum farið heldur fækkandi á þessu tímabili, en fækkunin náð algeru hámarki á síðasta ári. Skal nú freistað að greina orsakir þess að nokkru.

Prófessor Símon Jóh. Ágústsson hefur að tilhlutan menntmrn. jafnan heimsótt Breiðuvíkurheimilið árlega allt frá árinu 1959, athugað drengina og kynnzt þeim eftir föngum og reynt að gera sér sem fyllsta grein fyrir öllum rekstri heimilisins á hverjum tíma. Skýrslur prófessors Símonar 1959—1972 hafa verið sendar rn., barnaverndarráði Íslands, barnaverndarnefnd Reykjavíkur og þeim öðrum barnaverndarnefndum, sem sent hafa drengi á Breiðuvíkurheimilið. Skýrslurnar hafa að sjálfsögðu ávallt verið meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Á fyrstu starfsárum Breiðuvíkurheimilisins voru bæði eldri og yngri drengir teknir þar til dvalar. Komu snemma í ljós ýmsir örðugleikar á því að hafa saman drengi frá 7—9 ára að aldri og drengi, sem voru 15—16 ára, orðnir kynþroska og oftlega miklir fyrir sér. Prófessor Símon Jóh. Ágústsson gerði að till. sinni í skýrslu um Breiðuvíkurheimilið 1967 í samráði við forstöðumann heimilisins og stjórnarnefnd, að þeirri reglu yrði fylgt, að ekki skyldu teknir á heimilið yngri drengir en 10 ára og ekki eldri en 12 ára. Gætu vistdrengir þá verið á aldrinum 10—14 ára, allsamstæður aldurshópur, ef reiknað væri með lengstu vist á heimilinu, tveim árum. Síðan hefur stjórn heimilisins fylgt þessari reglu í meginatriðum. Þetta fyrirkomulag telur prófessor Símon Jóh. Ágústsson, að hafi gefizt vel, og var með því ekki síður spornað við því, að mjög ungir drengir væru teknir á heimilið eða harðnaðir eldri drengir, sem hafa að ýmsu leyti óheppileg áhrif á hina yngri. Ekki er hægt að búast við, að eitt lítið heimili geti tekið við öllum tegundum drengja, einkum þeim, sem eru mjög andlega og/eða líkamlega vanheilir, á hvaða aldri sem er, sem barnaverndarnefndir eru í vandræðum með. Telja má, að síðustu árin hafi Breiðuvíkurheimilið verið rekið sem fjölskylduheimili, og er talið af þeim, sem gerst mega til þekkja, að flestir vistdrengjanna hafi lagazt mikið við dvöl sína þar. Prófessor Símon Jóh. Ágústsson segir svo í síðustu skýrslu sinni um Breiðuvík 1972: „Ekki finnst mér koma til mála að leggja niður starfrækslu heimilisins í Breiðuvík, meðan ekki er völ betri og nægjanlegra úrræða til bjargar og viðreisnar vanræktum drengjum með hegðunarvandkvæði.“ Prófessor Símon hefur bent á í skýrslum sínum, að mikill vandi sé að velja handa slíkum drengjum góð einkaheimili og eftirlit með þeim verði að vera vel rækt, en alvarleg mistök í vali einkaheimila geta orðið vistbarni mjög afdrifarík. Í skýrslunni bendir prófessor Símon enn fremur á, að ráðstafanir til viðreisnar börnum í yngri aldursflokkum hafi verið auknar í Reykjavík, en þaðan var oftast mestur hluti vistdrengja í Breiðuvík. Er nú svo komið, að mjög

fáir drengir úr Reykjavík eru sendir til Breiðuvíkur, en barnaverndaryfirvöld hér í Reykjavík kjósa ýmist að koma drengjum með hegðunarvandkvæði á þessu aldursskeiði fyrir á einkaheimilum í borg eða byggð, en sé um alvarleg geðræn vandkvæði að ræða, eru drengir þessir vistaðir á Geðdeild Barnaspítala Hringsins við Dalbraut hér í borg.

Um það, hvort vistun á einkaheimilum sé í öllum tilvikum heppilegri en vistun á fjölskylduheimili eins og í Breiðuvík, má að sjálfsögðu deila, en væntanlega er æskilegast að meta hvert einstaklingsbundið tilvik á sjálfstæðan hátt.

Í tilefni af hinni miklu fækkun dvalardrengja í Breiðuvík fól menntmrh. með bréfi 26. júlí s. l. stjórnarnefnd upptökuheimilisins í Kópavogi að kynna sér rekstur Breiðuvíkurheimilisins og gera till. til ráðuneytisins um framtíðarskipan mála þar. Í stjórnarnefndinni eiga sæti þeir prófessor Sigurjón Björnsson sálfræðingur, Ólafur Jónsson formaður barnaverndarráðs Íslands og prófessor Björn Björnsson formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur. N. skoðaði skömmu síðar Breiðuvíkurheimilið ásamt ýmsum fleiri sérfræðingum. Till. n. er, að heimilið verði lagt niður í sinni núverandi mynd, en í stað þess verði starfræktur í Breiðuvík heimavistarskóli fyrir erfiða unglinga á aldrinum 13—16 ára. Skólinn verði undir stjórn upptökuheimilisins í Kópavogi. Öll börn, sem til Breiðuvíkur fara, verði valin af sérfræðingum upptökuheimilisins. Starfsfólk skólans sé enn fremur valið af upptökuheimilinu og æskilegt, að það fái nokkra starfsþjálfun á þeirri stofnun, áður en það tekur til starfa vestra. Reglubundin sérfræðileg aðstoð við skólann sé veitt frá upptökuheimilinu. Gert er ráð fyrir, að skólinn geti rúmað 12—15 nemendur. Prófessor Símon Jóh. Ágústsson styður hina skoðun n., að gerð verði tilraun til að reka einn heimavistarskóla í Breiðuvík fyrir eldri drengi. Sé sá kostur, að því er virðist, í samræmi við þróun barnaverndarmála á Reykjavíkursvæðinu, en meiri hluti drengja í Breiðuvík koma jafnan frá Reykjavík og fækkunin á heimilinu stafaði af því, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hætti að senda þangað drengi.

Ég hef ekki tekið afstöðu til þessarar till., en reynslan hefur sýnt, að ekki verður hjá því komizt að taka til endurskoðunar notkun Breiðuvíkurheimilisins. Reyndar er þegar ljóst, að það verður alls ekki rekið með óbreyttum hætti, eftir að sú stefna var tekin upp í barnaverndarmálum í Reykjavík að senda ekki til Breiðuvíkur börn á þeim aldri, sem heimilið er ætlað samkv. ákvörðun heimilisstjórnarinnar. Miklum fjárhæðum hefur verið kostað til byggingarframkvæmda á Breiðuvík á umliðnum árum, og er ekki stætt á öðru en freista til hins ítrasta að nýta þær byggingar til þess að reyna að leysa vanda barna og unglinga, sem við hegðunarvandkvæði eiga að stríða, en til þess var heimilið upphaflega stofnað.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir það, sem hann hefur hér sagt, enda þótt það hafi verið raunasaga, sem hann hér rakti. Það er raunalegt, að hæstv. stjórnvöld skuli ekki byggja á fenginni reynslu, þegar hún er góð, eins og var með Breiðuvíkurheimilið. Það vill til, að ég þekki mann, sem veitti Breiðuvíkurheimilinu forstöðu um 7 ára skeið. Ég held, að það hafi verið á árunum 1956—1963. Ég talaði við þennan mann um daginn um árangurinn af dvöl drengjanna á Breiðuvíkurheimilinu. Þá var aldur drengjanna venjulega 12—16 ár. Hann sagðist hafa haft ánægju af því að vera með þessum drengjum. Þeir höfðu verið baldnir og þeir höfðu verið óþægir, þegar þeir komu, en þeir hefðu eftir stuttan tíma látið að stjórn. Þeir höfðu verið eins og baldnir folar, þegar þeir komu fyrst, en allir voru þeir góðir í sér og létu að stjórn, þegar við þá var talað eins og menn og ætlazt til, að þeir hegðuðu sér vel. Þetta er reynslan. Síðan segist þessi maður hafa fylgzt með sumum þessum mönnum, eftir að þeir voru orðnir fullorðnir menn og komnir út í lífið, og hann segir frá þeirri ánægjulegu staðreynd, að þetta séu yfirleitt ágætir menn, sem séu langt frá því að lenda í kasti við lögin.

Mér þykir vænt um, að hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hann hefði ekki enn tekið afstöðu til þess að leggja þetta heimili niður. Ég ráðlegg hæstv. ráðh. að kynna sér þá reynslu, sem hefur fengizt af þessu heimili fyrstu árin og allt til ársins 1963. Og það fer illa saman nú, þegar meira er um afbrot drengja á Reykjavíkursvæðinu og kannske víðar um land heldur en áður, að þá sé hætt að nota þessa stofnun, sem ríkið hefur byggt upp og kostað miklu til og náð hefur góðum árangri. Hvað veldur? Hæstv. dómsmrh. sagði hér í ræðu í vetur, að það hefðu verið vandræði með einn afbrotadreng, sem alltaf var að brjótast inn. Það varð alltaf að sleppa honum út aftur, vegna þess að það var hvergi staður fyrir hann, og lögreglan var að sjálfsögðu leið á þessu. En að lokum var það ráð fundið að loka hann inni í kvennafangelsi í Síðumúla. Það ætla ég, að hafi ekki haft góð áhrif á drenginn.

Það má alveg merkilegt heita, ef þeir, sem með þessi mál eiga að fara, loka alveg augunum fyrir staðreyndum. Ég skal gefa hæstv. menntmrh. upp nafnið á þessum forstöðumanni, sem var í Breiðuvík, og ég er alveg viss um, að hann hefur gott af að ræða við hann um þessi mál. Hann var ekki sálfræðingur að menntun, en hann hafði heilbrigða skynsemi og lífsreynslu, og hann hafði lag á því að umgangast unglinga og hafa góð áhrif á þá. Ég er alveg sannfærður um, að það er mikið af svona mönnum til í landinu, sem væru færir um að taka þetta að sér. Það er talað um, að það sé erfitt að fá starfsfólk þarna að Breiðuvík, það sé erfitt að ná til lækna til þess að fylgjast með drengjunum. Það er ekki langt til Patreksfjarðar, og læknirinn þar mun vera fús til að fylgjast með þeim, það er ég sannfærður um.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þessum fsp.-tíma, enda tími minn búinn. En ég vænti þess, að þetta mál verði rækilega athugað og það verði aftur horfið að því að senda drengi þarna vestur, ekki á aldrinum 7—9 ára, þá eru þeir ekki farnir að brjóta af sér, heldur á aldrinum 12—16 ára, og ná á ný sams konar árangri

og náðist á árunum, sem ég áðan nefndi, og ég ætla fleiri ár en þessi maður var þar, sem ég sérstaklega vitnaði til.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Mér er ánægja að því, að við hv. fyrirspyrjandi skulum vera sammála um tvö meginatriði þessa máls, að þrátt fyrir margs konar byrjunarörðugleika og ýmis vandkvæði hefur mikið gott hlotizt af starfi Breiðuvíkurheimilisins, og það er óviðunandi, að það ófremdarástand ríki til frambúðar, sem þar hefur skapazt vegna mismunandi stefnu stjórnvalda, sem um það fjalla, sitt af hvorum enda, ef svo má segja. En fyrst og fremst kvaddi ég mér hljóðs á ný til að benda á það, sem ég býst reyndar við, að hv. fyrirspyrjanda sé ljóst, að Breiðuvíkurheimilið í sjálfu sér, tilvera þess og rúm þar í húsum er ekki lausn á því vandamáli, hvar á að vista unglinga, sem komast í kast við lögreglu og umhverfi sitt, einmitt fyrstu dagana eða vikurnar eftir að þeir hafa gerzt brotlegir. Þá þarf að rannsaka mál þeirra frá lagasjónarmiði, og það þarf einnig að rannsaka einstaklinginn, sem í hlut á, og það verður ekki gert annars staðar en á vettvangi. Viss skammtímavistun, meðan slík málsrannsókn og einstaklingsbundin rannsókn fer fram, verður að vera hér í þéttbýlinu, og til þess þarf sérstaka aðstöðu. Að því er unnið af kappi, að hún verði fengin til frambúðar, og sú bráðabirgðaaðstaða, sem lengi hefur verið í Síðumúla, verður ekki notuð degi lengur en óhjákvæmilegt er.

Efri deild, 48. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 3 síðdegis.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. þarf í sjálfu sér ekki skýringa við. Vegna þess ástands, sem skapazt hefur í Vestmannaeyjum vegna náttúruhamfaranna þar, hefur orðið slík röskun á högum manna og aðstöðu, að það er óhjákvæmilegt að kveða á með lögum um bráðabirgðaskipan bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum og tilhögun dómsmálameðferðar þar. Enn fremur er af sömu ástæðum talið nauðsynlegt að fresta um sinn ýmsum réttaráhrifum, sem að óbreyttu eiga að koma til framkvæmda nú á næstu dögum, svo sem segir í grg. með þessu frv.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hafi fyrst um sinn bráðabirgðaaðsetur hér í Reykjavík, en þar fari fram og megi fara fram þær athafnir, sem að öðrum kosti ættu að fara fram hjá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum. Er óhjákvæmilegt að skipa þessu svo um sinn. Ég tek fram, að þrátt fyrir þessa skipan, sem á verður sett, verður að sjálfsögðu að öllu óbreyttu fulltrúi frá bæjarfógetaembættinu staðsettur í Vestmannaeyjum til lögreglustjórnar. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en það er nauðsynlegt að koma þessari skipan í löglegt form.

Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að frv. fái greiðan framgang, og ætlunin var að fá því komið í gegnum báðar d. nú í dag. Þó að frv. sé mjög einfalt og auðskilið, vil ég formsins vegna leggja til, að því sé vísað til allshn., en ég vona, að það taki ekki neinn verulegan tíma að líta á það. Ég leyfi mér svo að óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn. og að reynt verði að halda svo þingfundi áfram, þannig að það geti gengið til Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 49. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 3.20 síðdegis.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269, n. 273). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur tekið til meðferðar frv. það til l. um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl., sem hér liggur fyrir. Vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum hefur að sjálfsögðu orðið stórkostleg röskun á högum og allri aðstöðu fólksins þar. Því hefur þótt óhjákvæmilegt að kveða á um það með lögum, hver skuli verða bráðabirgðaskipan bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum.

Í 1. gr. frv. segir: „Aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum skal fyrst um sinn vera í Reykjavík, og er bæjarfógeta heimilt að framkvæma þar allar embættisathafnir, sem undir embættið heyra.

Nú á aðili varnarþing í Vestmannaeyjum, og má þá sækja hann fyrir dómi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík."

Þetta er að sjálfsögðu höfuðinntak frv. Í öðrum gr. er getið nauðsynlegra ráðstafana, sem eru í samræmi við þá meginbreytingu, sem verður við það, að aðsetursstaður þessa embættis er fluttur úr Vestmannaeyjum og til Reykjavíkur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. frekar, enda þarf að hraða því sérstaklega. Allshn. leggur einróma til, að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru tveir nm., þeir hv. þm. Ásgeir Bjarnason og Magnús Jónsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., að loknum 49. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. meðð 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 42. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 3.30 síðdegis.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu frv., sem hér liggur fyrir um bráðabirgðabreytingar á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl. Vegna þeirra atburða, sem átt hafa sér stað í Vestmannaeyjum og öllum er um kunnugt og ekki þarf hér að nefna, hefur orðið þvílík röskun á högum manna og aðstöðu þar, að það er talið óhjákvæmilegt að kveða með lögum á um bráðabirgðaskipan bæjarfógetaembættisins í Vestmannaeyjum og tilhögun dómsmálameðferðar þar. Aðalefni frv. er, að bæjarfógetaembættið skal vera staðsett fyrst um sinn hér í Reykjavík. Allar embættisathafnir, sem hefði átt að fara fram hjá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum, má framkvæma hjá bæjarfógetaembættinu hér í Reykjavík. Þeim mönnum, sem varnarþing hafa átt í Vestmannaeyjum og hefði þurft að stefna fyrir dómþing þar, má stefna fyrir varnarþing hér. Hér geta víxilafsagnir farið fram og yfirleitt þær athafnir, sem nauðsynlegar eru til þess að framkalla viss réttaráhrif.

Það er talið óhjákvæmilegt að fá þetta frv. afgreitt í skyndi til þess að fá lagagrundvöll, sem ekki verður um deilt, undir þá málsmeðferð, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal taka fram, að það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að að öllu óbreyttu verði staðsettur í Vestmannaeyjum fulltrúi bæjarfógeta, sem hafi þar á hendi lögreglustjórn og sinni öðrum nauðsynjastörfum þar um sinn.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., og vil formsins vegna leggja það til, að því sé vísað til allshn., en vænti þess, að athugun nefndarinnar þurfi ekki að taka langan tíma.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 3.45 síðdegis.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269, n. 274). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. N. hefur athugað frv., sem hér er til umr., og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., að loknum 43. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 269). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 275).

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 29, n. 109, 121). — Frh. 2. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er til framhaldsumr. mál, sem var á dagskrá 4. des. s. l. Þá voru nokkrar umr. í tilefni af brtt., sem ég hef borið fram við frv. þetta á þskj. 121. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að það verði stefnt að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi. Það er við þetta, sem ég geri brtt.

Ég hef ekki á móti því, að það sé stefnt að því, að það verði rannsóknastofa í hverjum landsfjórðungi, og tel það raunar sjálfsagt. En samkv. brtt. minni er gert ráð fyrir því, að það sé tekið þegar fram, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skuli starfrækja rannsóknastofu í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Ástæðurnar fyrir þessu eru þær, að hvað varðar Vestmannaeyjar er einungis verið að staðfesta það, sem er staðreynd eða hefur verið staðreynd. Slík stofnun sem hér um ræðir hefur verið starfrækt í Vestmannaeyjum. En hvað varðar Ísafjörð, þá er till.

gerð vegna þess, að það hafa komið fram óskir frá Ísfirðingum, bæjarstjórn Ísafjarðar, um það, að slík rannsóknastofnun verði sett þar á fót. Bréf var sent af hálfu bæjarstjórnarinnar til fjvn. um fjárveitingu á þessu ári í þessu skyni, þannig að hér er um raunhæft viðfangsefni að ræða hvað viðkemur Ísafirði og eðlileg viðbrögð að taka þegar fram í löggjöfinni, að slík stofnun skuli vera á Ísafirði.

Hv. 1. flm. þessa frv., hv. 1. þm. Vestf., lýsti stuðningi sínum við þessa brtt. mína, og átti ég ekki á öðru von úr þeirri átt. Raunar gerði ég ráð fyrir, að svo sjálfsögð till. mundi hljóta almennt fylgi hér í d., og treysti því raunar enn þá. En það hefur heyrzt ein rödd, sem hefur mælt á móti þesari till. minni, og það er hv. 3. þm. Austf. Hann hefur kvatt sér hljóðs og mælt gegn þessari brtt. Og það brá svo við, að þegar hann hafði lokið máli sínu, var umr. þegar í stað frestað. Þetta var í byrjun des., og ég hef ekki fengið neina skýringu á því í fyrsta lagi, hvers vegna umr. var frestað, því að það var ástæðulaust, að því er virtist, eða hvers vegna málið var ekki fyrr tekið upp og afgr. frá d. eða jafnvel frá þinginu fyrir áramót, en ég hefði mjög gjarnan viljað, að svo hefði orðið. Ég skal ekki víkja fleiri orðum að þessari forsögu, en skal þá víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 3. þm. Austf.

Hann sagði, að þegar svo stæði á sem hér er um að ræða væri um tvær leiðir að ræða. Önnur væri sú, að það væri almennt ákvæði um, að það skyldi setja á stofn slíkar rannsóknastofur sem hér um ræðir í hverju kjördæmi án þess að tiltaka í löggjöfinni, hvar það skyldi gert eða hvenær þær skyldu settar á fót, en það skyldi þá lagt í vald ráðh. Hin leiðin væri sú að tilnefna í lögunum sjálfum alla staðina, sem þessar stofnanir ættu að koma á. Og það hefur raunar verið ætlun flm. þessa frv. á síðasta þingi, því að þá höfðu þeir kosið þá leið. En það, sem hv. þm. fann brtt. minni til foráttu, var, að það væri hvorugri þessari leið fylgt, heldur farin leið, sem hann taldi óhæfa.

Um þá leið að setja almennt ákvæði í löggjöfina og fela það á vald ráðh. að ákveða, hvar og hvenær þessar stofnanir skuli reistar, vil ég aðeins segja það, að ég er henni andvígur. Ég tel, að það sé ekki rétt í svo þýðingarmiklu máli sem hér um ræðir, að Alþ. afsali sér ákvörðunarrétti um þessi mál, Alþ. eigi sjálft að taka ákvarðanir í þessu efni, en ekki fela það ráðh. Þess vegna tel ég, að ekki eigi að fara þessa leið. En hinni leiðinni, sem hv. þm. benti á, að tiltaka alla staðina, er ég einnig andvígur, vegna þess að ég tel, að slík leið sé ákaflega óraunhæf. Ákaflega óeðlilegt er, að það sé þannig staðið að þessu máli, að það sé ekki farið af stað, fyrr en búið er að ákveða alla þessa hluti fyrir fram. Í fyrsta lagi getur orðið allmikil bið á því, að það takist. Í öðru lagi tekst það aldrei til frambúðar, því að ekkert verður endanlegt í þessum efnum.

Ég held því, að það sé alrangt, sem hv. 3. þm. Austf. heldur fram, að það séu ekki nema þessar tvær leiðir, sem hann bendir á, sem séu færar í þessu efni. Ég tel, að hvorug þeirra leiða sé fær og þær eigi ekki að fara, heldur eigi að fara þá leið, sem venjulega hefur verið farin undir hliðstæðum kringumstæðum, þ. e. a. s. að byrja á verkinu þar, sem ljóst er, hvar er hægt að vinna það, og bæta svo við, eftir því sem slíkar aðstæður skapast annars staðar. Þannig er alltaf unnið að almennum framfaramálum í landinu. Ef hefði átt að fara þá leið, sem hv. þm. segir, að byrja aldrei á neinu fyrr en búið var að ákveða, að hliðstæðar stofnanir væru settar á fót í öllum kjördæmum landsins eða landshlutum, hvernig hefði saga okkar orðið? Hér er að mínu viti um grundvallarmisskilning að ræða. Tökum sem dæmi skólamálin. Ég á þó ekki við hina almennu skólaskyldu, því að til þess að fullnægja henni verður að stofnsetja skóla hvarvetna um landið. En á öllum tímum höfum við verið að brjótast fram úr því, sem hefur verið hin almenna skólaskylda. Það hafa ýmsar orsakir og ástæður legið fyrir því. Það hefur verið löng barátta í einstökum héruðum úti á landi, oft gegn skilningsleysi og deyfð valdhafanna og trúleysi á því, að það væri hægt að framkvæma slíka hluti, sem um hefur verið að ræða, í hinum dreifðu byggðum landsins. Það hefði verið handhægt að standa gegn slíkum framfaramálum með því að segja: Það má ekki fara af stað, nema það sé gert alls staðar annars staðar.

Hvað hefði gerzt í máli eins og menntaskólamálinu á Akureyri á sínum tíma, ef það hefði átt að drepa það mál á þeirri forsendu, að ekki mætti hreyfa því, nema það kæmi jafnhliða og væri ákveðið um leið, að menntaskólar skyldu koma í öllum landsfjórðunguum? Hvað hefði skeð í sambandi við iðnfræðsluna í landinu, ef hin frjálsu samtök iðnaðarmanna á einstökum stöðum úti á landi hefðu fengið það svar: Nei, það þýðir ekki fyrir ykkur á þessum stað að vera að tala um að stofnsetja iðnskóla, vegna þess að það verður svo einnig að vera á öðrum stöðum á landinu? Hvað hefði gerzt í sambandi við húsmæðraskólana í landinu, ef áhugasamtök kvenna í einhverju sýslufélagi hefðu fengið það svar: Nei, það þýðir ekki fyrir ykkur að leita til ríkisvaldsins til þess að fá stuðning við að reisa og reka slíkan skóla, vegna þess að það verða að koma hliðstæðir skólar annars staðar? Hvað hefði gerzt, ef svo hefði verið haldið á málum í sambandi við héraðsskóla landsins. Margir þeirra eru þannig til komnir, að fyrir framtak einstaklinga eða félagssamtaka risu þeir upp á einstaka stöðum, en ekki almennt. En hvað hefði orðið um framtíð og tilveru þessarar stofnunar, ef það hefði verið sagt: Þið getið ekki vænzt neins frá ríkisvaldinu, vegna þess að það verður samkv. ákveðnum reglum að vera búið að ákveða, að það komi slíkir skólar á hliðstæðum stöðum alls staðar annars staðar á landinu?

Ég gæti haldið svona áfram. En ég held, að það sé ekki ástæða til þess að gera slíkt. Ég vildi aðeins með þessu benda á, að það er grundvallarmisskilningur að halda því fram, að það sé ekki hægt að vinna að einstökum framfaramálum úti á landsbyggðinni í einstökum héruðum eða einstökum byggðarlögum, nema það sé gert eftir fyrir fram ákveðinni línu og ákveðið, að hliðstætt skuli samstundis gert annars staðar. Hvernig sem litið er á málin, eru einmitt þau vinnubrögð, sem við höfum viðhaft, eðlileg. Ekkert raunhæft er gert í þessu efni nema fyrir átak og áhuga fólksins á viðkomandi stað. Og það ber

mismunandi að, hvað er mesta áhugamálið á hverjum stað. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það, þótt hliðstæðar framfarir verði ekki samtímis eða hliðstæðar stofnanir, hvort sem það eru menningarstofnanir eða aðrar stofnanir, rísi ekki upp á sama augnabliki um allt land. Auk þess er nærri ógerlegt að ætla að vinna þannig að málum. Það er affarasælast að taka þetta stig af stigi og jafnvel njóta reynslu þeirra, sem fyrst fara af stað, þegar haldið er áfram. Og ég held, að það sé ákaflega þýðingarmikið líka út frá allri okkar viðleitni til þess að efla jafnvægið í byggð landsins að halda einmitt á þessum málum með þeim hætti, sem ég er hér að segja, og eins og hefur verið gert.

Eins og ég sagði áðan, er ófær sú leið, sem hv. 3. þm. Austf. talar um, að setja inn í löggjöfina í upphafi alla þá staði, þar sem þessar stofnanir eiga að koma, vegna þess að það er ekkert endanlegt í þessu efni. Við eigum ekki heldur að gera okkur ánægða með, að það sé aðeins ein rannsóknastofa í hverjum landsfjórðungi eða í hverju kjördæmi. Þær eiga að geta verið fleiri.

Þannig er það, að frá hvaða sjónarmiði sem litið er á þetta mál, þá sýnist mér, að það sé einsýnt, að það sé eðlilegt að samþykkja þá brtt., sem ég hef hér borið fram. Ég held, að afstaða hv. 3. þm. Austf. sé þess eðlis, að hún geti orðið til trafala þessu máli og sú grundvallarstefna, sem hann virðist aðhyllast að þessu leyti, sé stórvarhugaverð. Nú dettur mér hins vegar ekki í hug að væna hv. þm. um, að hann vilji ekki allt hið bezta í þessu efni. Ég vildi leyfa mér að vona, að við nánari athugun á þessu máli getum við þrátt fyrir allt náð samstöðu um málið.

Ég sagði áðan, að mér væri hulin ráðgáta, hvers vegna það hefði verið strax hætt umr. um þetta mál 4. des., þegar hv. 3. þm. Austf. hafði lokið máli sínu, þar sem raunverulegur fundartími d. var ekki liðinn og mikið eftir af honum. Ég undraðist það, hvers vegna þetta mál hefði þá ekki fljótl ga komið til framhaldsumr. Nú gat verið og ekki óeðlilegt, að n. sú, sem hefur þetta mál til meðferðar, tæki brtt. mína til meðferðar. En ég átti viðræður nú fyrir þennan fund við formann sjútvn., og það mun vera svo, að n. hefur ekki tekið þetta mál til meðferðar. Ég skal taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að ég óskaði ekki sjálfur eftir því. En nú þykir mér eðlileg málsmeðferð, að milli 2. og 3. umr. taki n. till. mína til meðferðar. Ég treysti ágætlega hv. 4. þm. Vestf., formanni sjútvn. til þess að sjá svo um, að n. taki málið til skjótrar athugunar, og raunar treysti ég hv. 4. þm. Vestf. til þess að stuðla að því, að afgreiðsla n. verði jákvæð. En með því að málið liggur þannig fyrir nú frá mínu sjónarmiði, tek ég brtt. mína til baka til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur nú haldið hér alllanga ræðu og að því er virðist viljað leggja talsverðan þunga í flutning málsins. En þeir, sem á hlýddu, munu eðlilega hugsa líkt og Stephan G. Stephansson segir á einum stað: „Umbúðirnar eru vætt, innihaldið lóð.“ Tilefni þessarar ræðu eru fáein orð, sem ég sagði hér í d. í des. s. l. í sambandi við það frv., sem hér er til 2. umr. Svo virðist sem hv. þm. byggi málflutning sinn á því, að þau fáu orð, sem ég sagði við fyrrihluta þessarar umr. málsins, hafi verið mælt af andstöðu við Ísafjarðarkaupstað, en því fer alls fjarri. Ég benti hins vegar á, að um þetta mál gætu komið til greina tvær aðferðir eða reglur. Önnur væri sú að tiltaka ekki staðarval fyrir þær stofnanir, sem setja á á fót samkv. 1. gr. frv., heldur leggja það í vald ráðh. og síðan yrði það staðfest með fjárveitingum í fjárl. til hverrar stofnunnar fyrir sig. Hin aðferðin væri að tiltaka í lagagr. þá staði, sem þessar stofnanir eiga að rísa.

Nú er það svo, að þegar þetta mál var flutt hér á þingi í fyrra, var sú aðferð viðhöfð af hálfu flm. að tiltaka í lagagr. þá staði, þar sem ætti að reisa þessar stofnanir. En mig minnir, að hv. sjútvn. Nd. legði til, að hin aðferðin yrði viðhöfð, að fella staðarvalið burt úr lagagr., en leggja það á vald ráðh. og ákveða það með almennum orðum í lögunum sjálfum. Í samræmi við þetta hafa flm. nú breytt frv. í það form, sem hv. n. lagði til á þingi í fyrra. Þegar flm. málsins hafa tekið til greina þetta sjónarmið, sem fyrst kom fram hjá hv. sjútvn., rís hér upp hv. 5. þm. Vestf. og telur báðar þessar aðferðir ófærar, bæði þá, sem flm. lögðu til í öndverðu, og einnig þá, sem hv. sjútvn. vildi leggja til í fyrra, að valin yrði, heldur vill hann, að það séu tilteknir staðir fyrir þessar stofnanir í sumum landsfjórðungunum, en öðrum ekki. Á þetta get ég ekki fallizt. Það er skoðun mín enn sem fyrr, að það sé eðlilegt og sjálfsagt við afgreiðslu þessa máls að viðhafa aðra hvora þessa aðferð.

Hv. 5. þm. Vestf. reynir að rökstyðja mál sitt með því, að það sé venja og mörg fordæmi fyrir því, að það séu sett lagaákvæði um eina stofnun í senn, án þess að miðað sé við, að unnið sé að samsvarandi verkefnum á mörgum stöðum hverju sinni. Ég verð fyrst að benda hv. 5. þm. Vestf. á að lesa frvgr., því að hún er um það, það er aðalefni málsins, að stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur a. m. k. eina í hverjum landsfjórðungi. Þetta er aðalefni frvgr., og í því felst, að það er meginefni þessa máls að líta yfir landið allt í þessu efni.

Ef við lítum svo til samanburðar á ýmsa aðra þætti þjóðmála, þarf áreiðanlega ekki lengi að leita til að sannfærast um, að það er einmitt meginregla að líta yfir landið í heild. Mig minnir, að í löggjöf um iðnfræðslu, sem nú gildir og er ekki mjög gömul, sé beinlínis tekið fram, að það skuli reisa einn iðnskóla í hverju kjördæmi landsins, og það er lagt á vald ráðherra að velja þessum skólum stað. Það var gert af hálfu fyrrv. iðnrh., a. m. k. að því er Austurland snertir. Þannig er þessu háttað um iðnfræðslu. Við skulum líta á húsmæðraskólana. Ég man ekki betur en að í lögum um húsmæðraskóla í sveitum sé tiltekið, á hvaða stöðum þeir skuli reistir, og þeir voru reistir samkv. því, samkv. beinum lagaákvæðum. Ég minni enn fremur á þriðja málaflokkinn, heilbrigðismál. Hér var lagt fram í fyrra og verður væntanlega lagt fram aftur á þessu þingi stórt frv. um heilbrigðisstofnanir, þar sem gert er ráð fyrir, að reistar

séu heilsugæzlustöðvar viðs vegar um land, og það er einmitt stefnt að því í frv., að staðarval þessara stofnana sé ákveðið í löggjöfinni og þá litið yfir landið í heild í löggjöfinni. Þetta er hin almenna regla, þegar litið er á hina ýmsu þætti til samanburðar við þetta. En er til framkvæmdanna kemur, þá er það vitanlega rétt, að það er ekki hægt að gera allt í einu og ætlast enginn til þess. Það verður að vera niðurröðun verkefna, og það mundi verða eins í þessu efni og á öðrum sviðum. En sú niðurröðun er ekki sett inn í hina almennu löggjöf, heldur kemur hún fram í sambandi við afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Og það væri ekkert því til fyrirstöðu, að mér sýnist, að fjárveiting kæmi fyrr til slíkrar stofnunar á Ísafirði en í Höfn í Hornafirði, sem ég lagði til að kæmi til greina í þessu sambandi. Þannig mætti í framkvæmd og væri eðlilegt í framkvæmd að raða niður verkefnum á þessu sviði. Þetta frv., þótt samþ. verði eins og það liggur fyrir, lokar alls ekki neinum dyrum í því efni. Þegar þetta er skoðað, fellur um sjálfan sig meginhlutinn af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um þetta mál.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, a. m. k. ekki við þessa umr., og ég get stutt það, að málið fari á ný til athugunar í hv. sjútvn.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Ég kem hér sem nýr aðili að þessum umr., og kann því málflutningur minn að bera nokkurn keim af því. Ég vil þó nota þetta tækifæri, sem mér gefst hér, til að lýsa yfir stuðningi við þá meginhugmynd, sem býr að baki þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr. Þörfin á því að starfrækja slíkar rannsóknastofur víðar um landið en í Reykjavík einni liggur nú þegar ljóst fyrir og á vafalaust eftir að aukast í náinni framtíð. Ég vil þó taka fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að samstarf milli rannsóknastofnunarinnar hér í Reykjavík og framleiðenda úti um land hefur verið með miklum ágætum og að rannsóknastofnunin hefur innt af höndum ómetanlegt starf í þágu fiskiðnaðarins í landinu. En hitt ber einnig að hafa í huga, að samgönguerfiðleikar og ýmis tæknileg vandamál við töku og sendingu sýna o. fl. atriði hafa leitt í ljós þörfina á starfrækslu lítilla rannsóknastofa í námunda við helztu framleiðslustaði.

Ég tel það til stórra bóta, að úr frv., eins og það var fyrst flutt hér á Alþ., hafa verið felld ákvæði um ákveðna staði, þar sem slíkar rannsóknastofur skyldu starfræktar, og er þar af leiðandi mótfallinn þeirri brtt. við frv., sem hér liggur jafnframt fyrir til umr., ekki vegna þess, að ég telji ekki fullkomna þörf á því að starfrækja rannsóknastofur á báðum þeim stöðum, enda var þegar hafinn rekstur rannsóknastofu í Vestmannaeyjum með mjög góðum árangri, og ég dreg ekki í efa, að hún muni taka til starfa samtímis því, að framleiðslustöðvar í Eyjum hefji starfrækslu að nýju, heldur vegna hins, að ég lít svo á, að upptalning ákveðinna staða í þessu frv. eigi annaðhvort að vera tæmandi eða engin, og er því fyllilega sammála hv. 3. Austf., sem hér talaði á undan.

Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að benda á, að ég tel þá skiptingu landsins í fjórðunga í hagsmunalegu tilliti, sem fram kemur í frv., algjörlega úrelta, en sé þó ekki ástæðu til að flytja brtt. þar að lútandi, þar sem orðalag frv. heldur fleiri möguleikum opnum. Þróun mála undanfarin ár hefur leitt í ljós, að kjördæmin í núverandi mynd skapa mun heppilegri skiptingu í hagsmunaheildir en gamla landsfjórðungaskiptingin, og þar sem landsfjórðungaskiptingin helzt enn, eins og t. d. hjá samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi, gerast raddir æ háværari um nauðsyn skiptingar eftir kjördæmum, og sú mun verða þróunin í framtíðinni.

Ég vil að lokum í sambandi við almennar umr. um þetta frv. leyfa mér að benda á, að Síldarverksmiðjur ríkisins eiga á Siglufirði ágæta rannsóknastofu, sem þar var starfrækt í sambandi við síldariðnaðinn. Hún hefur af skiljanlegum ástæðum ekki verið í notkun nú um nokkurt árabil, en húsnæði og tækjabúnaður þessarar stofu gæti orðið góður grundvöllur að rekstri rannsóknarstofu í því formi, sem ráðgert er í frv. Á Siglufirði eru starfræktar 2 lagmetisiðjur og 2 frystihús, og undirbúningur er hafinn að byggingu á stóru og fullkomnu fiskiðjuveri, auk smærri framleiðenda, sem þar starfa, svo að þörfin fyrir starfrækslu rannsóknastofu í því formi, sem hér um ræðir, virðist vera fyrir hendi þar í ríkari mæli en víða annars staðar. Auk þess liggur fyrir Alþ. frv. um stofnun fiskiðnskóla á Siglufirði, sem vonandi nær fram að ganga. Þegar eru allar þær fosendur, sem frv. gerir ráð fyrir vegna starfrækslu slíkrar rannsóknastofu, fyrir hendi á Siglufirði, en ég dreg hins vegar ekki í efa, að svo kunni að vera víða annars staðar á landinu.

Í trausti þess, að sanngirnissjónarmið og rétt mat á öllum kringumstæðum verði látin ráða, þegar endanleg ákvörðun verður tekin um staði fyrir þessar rannsóknastofur, mun ég greiða þessu frv. atkv. mitt í þeirri mynd, sem það liggur fyrir.

Jón Árnason: Herra forseti. Það má segja, að hér sé um að ræða lítið frv. um stórt mál. Enda þótt þetta frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sé aðeins um fáorða breyt. á stórum lagabálki, er hér að mínu áliti um allumfangsmikið og þýðingarmikið mál að ræða. Það er mitt álit, að það hefði þurft og væri nauðsynlegt að gera þessu máli miklu betri skil en er gert í þessu litla frv., sem hér liggur fyrir.

Það hefur komið hér fram, að það eru skiptar skoðanir um, hvort eigi að telja upp ákveðna staði, þar sem eigi að setja þessar rannsóknastofur á stofn, eða fela ráðh. að meta það að fengnum ýmsum till., hvort þær skuli settar á stofn eða ekki. Okkur er kunnugt um, að það er tiltölulega ný löggjöf um fiskvinnsluskólana, sem á að setja á stofn einmitt nú í ár og á næstu árum víðs vegar um landið, og ég tel, að það væri lágmark, að slíkar rannsóknastofur sem þessar væru settar á stofn á þeim stöðum, þar sem slíkir skólar verða stofnsettir, því að

það er einmitt mjög eðlilegt, að þær væru í tengslum við þessa fiskvinnsluskóla.

Mér er kunnugt um það, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur nú fyrir stuttu sent frá sér yfirlit um tæki, sem nauðsynleg eru fyrir fiskvinnslufyrirtæki, sem fyrir hendi eru og rekin eru víðs vegar á landinu, til þess að koma upp hjá sér slíkum litlum rannsóknastofum eins og kannske er hér um að ræða. En allir sjá, hvað það yrði miklu hagfelldara og hagstæðara, að samvinna yrði um þetta, og það felur þetta frv. í sér. Gert er ráð fyrir, að það sé tekin upp samvinna og samstarf við fiskiðnað og aðra matvælaframleiðendur á hinum ýmsu stöðum til þess að koma slíkum rannsóknastofnunum á fót. Ég tel því, eins og hér hefur reyndar komið fram, að það sé nauðsynlegt, að n. taki þetta mál aftur til rækilegri athugunar og það væri reynt að gera frv. ákveðnara en hér er. Það er aðallega, má segja, um heimild eða viljayfirlýsingu að ræða. Talað er um, að stefnt skuli að þessu. En við vitum, að t. d. lagmetisiðnaðurinn er núna að fara af stað í miklu ríkari mæli en hann hefur verið áður í þessu landi. Það segir sig sjálft, að um leið og nýjar verksmiðjur rísa upp víðs vegar úti á landinu, þurfa þær á þessari þjónustu að halda. Hún er óhjákvæmileg, og það er mjög erfitt og má segja næstum óframkvæmanlegt að eiga að sækja alla slíka þjónustu hingað til Reykjavíkur. Það þarf að hafa daglegt eftirlit með framleiðslunni og gera sér grein fyrir gæðum vörunnar. Eins og nú á sér stað, þarf fjöldinn af þessum framleiðendum að sækja til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hér í Reykjavík með alla fyrirgreiðslu í þessum efnum, en það álít ég, að sé ekki til frambúðar.

Þó að hér sé talað um landsfjórðungana sem slíka, vitum við, að um ýmsa landsfjórðunga er þannig háttað, að það eru ekki náin sambönd daglega milli staða, og á vissum árstímum, t. d. eins og á Vestfjörðum, verður því ekki við komið fyrir t. d. verksmiðju, sem yrði staðsett á Patreksfirði, að njóta fyrirgreiðslu á Ísafirði eða hér suður í Reykjavík. Á slíkum stöðum verður óhjákvæmilegt að skapa einhverja viðhlítandi aðstöðu, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég tel, að þessi mál standi nú á tímamótum, einmitt með tilkomu stóraukinnar niðurlagningar, og það er fyrst og fremst sú framleiðsla, sem þarf á slíkri þjónustu að halda sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að settar verði á stofn rannsóknastofur víða úti á landi. Ég skal ekki á þessu stigi málsins orðlengja frekar um þetta, sérstaklega með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir því, að þetta mál fari aftur til n. og það yrði n., sem ég á sæti í. Þegar n. hafði málið til meðferðar fyrir jólin, þá hafði ég því miður ekki aðstöðu til að starfa í n., en geri ráð fyrir því að reyna að láta mín sjónarmið koma fram við afgreiðslu n., þegar hún fær málið á ný til meðferðar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Austf. var eitthvað undrandi á því, að ég skyldi hafa varið nokkrum tíma til að ræða þetta mál að gefnu tilefni í hans ræðu. Hann um það, ef honum finnst þetta undrunarefni, og hann má gefa mér hvaða einkunnir sem honum sýnist fyrir mína ræðu. Ég ætla ekki að fjölyrða um það, ég legg það undir dóm hv. dm. En ég hefði haldið, að hv. þm. gerði þá tilraun til þess að ræða það eitthvað efnislega sem um var að ræða. Öll ræða hans var hinn mesti misskilningur frá upphafi til enda. Hann byrjaði með því að segja, að ég byggði á því, að hann væri með fjandskap við Ísafjarðarkaupstað. Ég sagði það aldrei. Þvert á móti lagði ég lykkju á leið mína og tók fram, að ég vændi ekki þennan hv. þm. um nein óheilindi í málinu. Samt segir hann þetta. Hann talar um það eins og það sé einhver óhæfa, að ég skuli láta mér koma til hugar að segja, að báðar þær leiðir, sem hann var að tala um, séu ófærar. Það er nú ekki meiri óhæfa en það, að sjálfur er hann búinn að dæma aðra leiðina ófæra, þ. e. a. s. þá leið, að það sé tekið fram í löggjöfinni, á hvaða stöðum rannsóknastofurnar skuli vera. Hann er sjálfur búinn að dæma það óhæft. Þá stendur aðeins hin leiðin eftir, að það sé ekki tekið fram í löggjöfinni um staðina, en almenn stefnuyfirlýsing um það, að rannsóknastofnun skuli koma í hverjum landsfjórðungi. Er það nokkur óhæfa að halda því fram, eins og ég gerði, að það sé óeðlilegt af löggjafarvaldinu að afsala sér rétti um það, hvar þessar stofnanir skuli vera staðsettar? Það er allt og sumt, sem ég hef haldið fram í þessu máli.

Hugleiðingar hv. þm. um iðnfræðslu og húsmæðraskóla og annað slíkt voru furðulegar, því að þá hagaði hann máli sínu eins og ég væri á móti því, að það væri tekið fram í hinni almennu löggjöf, hvar þessar stofnanir ættu að vera. Ég er einmitt að gera brtt. um að taka slíkt fram. En hann snýr þessu við í sínum málflutningi. Hann talaði eins og ég gerði ráð fyrir því, að það ætti aðeins að vera í löggjöfinni, að það skyldu vera rannsóknastofur á þessum tveimur stöðum, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. Þetta er ekki rétt. Ég hélt því einmitt fram, að það hlyti að vera eðlileg þróun í þessu efni, og um leið og það er ákveðið og grundvöllur fyrir því að setja upp slíkar stofnanir annars staðar, þá verður auðvitað lögunum breytt og þeir staðir settir inn. Það er einmitt slíkt, sem hefur gerzt. Tökum t. d. lögin um menntaskóla. Þar hefur þetta alltaf verið að breytast. Fyrir þessu þingi liggur frv. um að breyta l. um menntaskóla og setja inn ákveðinn stað. Þannig hlýtur þetta að vera. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, enda leyfist mér ekki að gera slíkt, og ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til að benda á þetta ósamræmi í málflutningi hv. 3. þm. Austf.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Þar sem ákveðið er, að þetta mál fari aftur til athugunar í n., og þar sem hv. flm. brtt. á þskj. 121 hefur dregið hana til baka, en hyggst flytja hana, að mér skilst, óbreytta við 3. umr., vildi ég leyfa mér að koma nokkrum vinsamlegum ábendingum til hv. flm. till., hv. 5. þm. Vestf. Það þýðir kannske ekki mikið, því að hann virðist ekki taka rökum í þessu máli, en samt ætla ég nú að freista þess að koma til hans vissum staðreyndum, sem liggja fyrir í málinu.

Í fyrsta lagi er það, að sú rannsóknastofa, sem komið var upp í Vestmannaeyjum, er þar starfrækt og henni komið á fót með framlögum og áhuga heimamanna, bæjarstjórnar og fiskvinnslustöðvanna þar, og ég held, að í þessu frv. sé lögð réttilega áherzla á, að það sé mjög mikilvægt, að einmitt aðilarnir á staðnum, sem eiga að njóta þjónustu þessara stofnana, eigi beina aðild að bæði stofnkostnaði og rekstri stofnunarinnar. Þetta held ég, að sé höfuðatriði, og það er slíkt höfuðatriði, að ég tel, að brtt. hv. 5. þm. Vestf. brjóti í rauninni gegn þessu grundvallaratriði. (Gripið fram í.) Ég skal skýra það. Í frvgr. er einmitt gert ráð fyrir þessari leið, að aðilar á staðnum eigi aðild að þessum stofnunum, og það er orðað þannig, að stefnt skuli að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur úti um landið. En í brtt. hv. 5. þm. Vestf. segir: „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal starfrækja rannsóknastofu í Vestmannaeyjum og á Ísafirði." Hann vill því ákveða í lögunum um raunverulega aðeins einn stað, þegar þörfin kallar að alls staðar á landinu, og taka þann stað þannig fram fyrir, að þar sé skylt að starfrækja slíka stofnun, þó að ekkert liggi fyrir um það, hvort aðilar á Ísafirði t. d. mundu vilja fullnægja því lágmarksframlagi, sem vafalaust verður sett sem skilyrði til þess að setja slíkar stofnanir á stofn. Ég tel, að það sé útilokað annað en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins setji einhverjar almennar reglur, þannig að eitt komi yfir alla í þeim efnum, um eitthvert lágmarksframlag frá aðilum á staðnum til þátttöku í rekstri og stofnkostnaði slíkra rannsóknastofa.

Af þessum ástæðum tel ég, að ekki sé fært að samþykkja þessa brtt., eins og hún er orðuð, vegna þess að hún gengur í berhögg við annað það, sem stendur í frvgr. og flm. telur, að áfram eigi að standa óbreytt. Þess vegna vildi ég koma þessari ábendingu á framfæri við hann, ef hann ætlar að flytja brtt. við 3. umr., þannig að hann a. m. k. gæti breytt brtt. sinni, þannig að hún yrði raunverulega í samræmi við efni frvgr.

Ég held í rauninni, að hér sé hv. þm. að búa til vandamál, búa til ágreining, sem raunar er ekki eða a. m. k. ætti alls ekki að vera fyrir hendi. Ég er sannfærður um, að ef aðilar á Ísafirði eru tilbúnir og gera það opinbert, að þeir séu tilbúnir til þess að leggja fram framlög og taka þátt í þessum rekstri og taka á svipaðan hátt á þessu máli og t. d. Vestmanneyingar gerðu, þá tel ég alveg fullvíst, að þegar í stað yrði ráðizt í það að koma upp slíkri rannsóknastofu á Ísafirði, þegar þetta frv. er orðið að lögum. Ég tel, að það sé engin ástæða fyrir hv. þm. að vera að gera því skóna, að slíkum beiðnum frá Ísfirðingum yrði hafnað, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Þess vegna orða ég það þannig, að það sé raunverulega verið að búa til ágreining í þessu máli. En í sambandi við það vil ég leggja á það áherzlu, að eftir samþykkt þessa frv. yrðu beiðnir annars staðar að af landinu auðvitað teknar fyllilega jafnt til greina og beiðnir frá Ísafirði.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af ræðu þess hv. þm., sem talaði hér síðast, að ég vil benda honum á, að í Alþingistíðindum, 9. hefti 1972, í dálki 986 neðst, liggur fyrir bréfið frá bæjarstjórn Ísafjarðar, og það væri rétt fyrir þm. að lesa það sér til fróðleiks fyrir næstu umr. um þetta mál.

ATKVGR.
Brtt. 121 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 109 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er lagt fyrir hæstv. Alþ., felur í sér breytingu á einni gr., 14. gr., skólakostnaðarlaga, nr. 49 frá 1967. Þegar þau lög voru sett, var þar tekið upp ákvæði um í hæsta lagi þriggja ára greiðslutímabil á framlögum ríkisins til skólamannvirkja, sem byggð eru í sameiningu af ríki og sveitarfélögum. Ég þarf ekki að rekja það, að í sjálfu sér hefur það mikla kosti, að byggingartími slíkra mannvirkja geti orðið sem skemmstur, að þau komi í fullt gagn sem fyrst, eftir að byggingarframkvæmdir hefjast. Áður en lögin um skólakostnað frá 1967 gengu í gildi, hafði verið í lögum 5 ára regla um framlög ríkis til slíkra skólabygginga, en í reynd hafði ríkisframlagið oftast nær dreifzt á 8 ár, svo að hér er um gífurlega styttingu framkvæmdartíma að ræða.

Raunin varð sú þegar á fyrsta ári, að þetta skref, sem menn hugðu stíga með setningu ákvæðisins í 14. gr. skólakostnaðarlaga, var of stórt. Þegar á árinu 1968 voru gefin út brbl., nr. 90, þar sem kveðið var á um 4 ára greiðslutímabils framlög á árinu 1969. Síðan hefur raunin orðið sú, að þessari 4 ára reglu hefur ætíð verið fylgt í reynd, þrátt fyrir ákvæðið í 14. gr. skólakostnaðarl., svo að ákvæðið þar um þriggja ára greiðslutímabil hefur verið frá upphafi dauður bókstafur.

Eins og ég sagði, væri ýmislegt unnið við það að geta framfylgt þessu 3 ára ákvæði. En að fenginni reynslu virðist mér, að það sé borin von, að svo geti orðið, fyrr en þá svo væri komið, að fyrir lægi umfangsmikil áætlun um skólabyggingar, sem tæki yfir landið allt, svo að séð væri, í hvaða röð framkvæmdir kæmu samkvæmt slíkri 3 ára reglu. Því hefur það orðið niðurstaðan, að það séu heilbrigðust vinnubrögð að nema úr gildi það ákvæði, sem óframkvæmanlegt hefur reynzt, og laga þetta ákvæði skólakostnaðarlaganna að því, er reynzt hefur geta og vilji Alþ. um fjárveitingar.

Einnig er í frv. þessu um aðra breytingu að ræða á þeirri málsgr. 14. gr., sem frv. tekur til, sem sé að þar er skýrt tekið fram, að undan-

þegin þessari 4 ára reglu eru framlög til undirbúnings byggingarframkvæmda, þau framlög, sem þarf til sérfræðilegs undirbúnings, áður en raunverulegar byggingarframkvæmdir geta hafizt.

Í 2. gr. er ákvæði til bráðabirgða. Þar er kveðið svo á, að fjárveitingum til skólamannvirkja, sem eftir framkvæmd gildandi laga, þ. e. a. s. samkvæmt þeirri 4 ára reglu, sem stuðzt hefur verið við í framkvæmd, áttu að hljóta lokaframlag á fjárl. 1973, megi skipta á árin 1973 og 1974. Þetta þýðir, að fjárveiting dreifist hvað nokkrar skólabyggingar varðar á 5 ár. Þetta ákvæði stafar af alveg sérstökum ástæðum. Við undirbúning fjárl. fyrir árið 1973 kom í ljós, að á lokastigi framkvæmda eru óvenjumargar stórar og fjárfrekar skólabyggingar, og hefði þar átt að fylgja 4 ára framkvæmdartíma, hefðu einhverjar af þeim byggingum orðið algjörlega útundan. Niðurstaðan varð, að æskilegast væri, að við þessi skilyrði, sem nú ríkja, yrði veitt heimild til að dreifa fjárveitingu til nokkurra skóla á 5 ár. En þetta bráðabirgðaákvæði á aðeins við árið í ár og hið næsta.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af þessu frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., vil ég lýsa því yfir, að ég er samþykkur þessu frv. og að verulegu leyti þeim meginskýringum, sem hæstv. menntmrh. var að lýsa rétt áðan. En ég vil taka það fram, að í reynd, eins og hæstv. menntmrh. sagði, hafa framlög til skólabygginga, frá því að hin nýju skólakostnaðarlög voru sett, verið 4 ár, en þó með ákveðnum undantekningum, sem hann tók ekki fram. Á þessu tímabili hefur verið haldið við það að greiða hlutdeild ríkissjóðs í öllum minni byggingum og íbúðarhúsnæði kennara og skólastjóra á 3 árum.

Það var oft talað um það, hvað ríkissjóður væri seinn að greiða framlög sín, á meðan 5 ára ákvæðið var í lögum, og þá var þessum skólakostnaðarlögum breytt í þetta horf, að ríkissjóður greiddi framlag sitt á 3 árum. Margir voru ekki bjartsýnir á að taka upp þetta ákvæði á þeim tíma. En þó held ég, að reynslan hafi sýnt, að velflest sveitarfélög hafa þurft lengri tíma til að standa undir sínum hluta af kostnaðinum, en þá er undanskilin Reykjavík og nokkur önnur fjölmennustu byggðarlög landsins, sem hafa komið með sitt framlag á 3 árum og í sumum tilfellum jafnvel á skemmri tíma, svo að það má segja, að með þessum lögum hafi verið þrengd verulega greiðsluskylda ríkissjóðs.

Ég sé enga ástæðu til að hafa í gildi lög, sem ekki hefur verið eða verður farið eftir, eða nú er þetta frv. flutt um það, að ríkissjóður inni af hendi greiðslu á 4 árum. En þá kom upp í mínum huga miklar efasemdir um það, að ríkissjóður standi við að greiða framlag sitt á 4 árum. Af framkvæmdaliðum ríkisins til verklegra framkvæmda, hygg ég, að langstærsti liðurinn sé einmitt framlög til skólabygginga skyldunámsins, og það hefur komið í ljós, að 1971 hækkaði þetta framlag um 39% frá árinu á undan og 1972 hækkaði þetta framlag um 37%. En við undirbúning fjárl. fyrir árið 1973 var lögð á það mjög mikil pressa af ríkisstj. og þá, svo sem eðlilegt er, sérstaklega af hæstv. fjmrh., við fjvn. og þá menn, sem voru í undirnefnd um skólamál, að koma úthlutun þannig fyrir, að framlög til skólabygginga hækkuðu ekki verulega frá því, sem var í fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir Alþ. á fyrsta degi þings á s. l. hausti.

Ég hygg, að það verði ekki sagt annað en að fjvn. og þá auðvitað um leið þessi undirnefnd fjvn. hafi lagt sig alla fram um það að taka fullt tillit til þessarar óskar hæstv. ríkisstj., og þá á ég ekki síður við okkur fulltrúa stjórnarandstöðunnar í þessari n. En því er við að bæta, að ríkisstj. hafði ákveðið að skera niður framkvæmdir til skólabygginga á s. l. ári með heimild í brbl., sem hún gaf út í júlímánuði á s. l. ári um tímabundnar efnahagsráðstafanir, og samkvæmt þeim lögum ákvað ríkisstj. að skera niður framkvæmdir til byggingar skóla á s. l. ári um 53 millj. kr. Þessar 53 millj. kr. voru svo aftur bættar upp með því, að það var tekið fullt tillit til þess niðurskurðar við fjárlagaafgreiðsluna við skiptingu á framlögum til skólabygginga, og þar með má segja, að hafi verið réttur hlutur þeirra skóla eða þeirra framkvæmda, sem skornar voru niður á s. l. ári.

Eins og ég sagði áðan, lögðum við okkur alla fram um að verða við þessum óskum, og útkoman varð sú, að í stað 39% hækkunar og 37% hækkunar varð í reynd 7.5% hækkun við afgreiðslu fjárlaga til þessa mikilvæga framkvæmdaliðs. Það hefði einhvern tíma þótt í frásögur færandi, þegar haldið var fram af fulltrúum þáv. stjórnarandstöðu, sem nú eru fulltrúar stjórnarinnar, að framlög til verklegra framkvæmda væru engan veginn nógu há, og þegar þau hækkuðu um 39%, var það ekki talið nægja á einn eða annan veg, því að það væri auðvitað algjört lágmark, að framlög til verklegra framkvæmda fylgdu byggingarvísitölunni á hverjum tíma, og sumir, sem áhugasamastir voru um framkvæmdir, vildu láta þau fylgja hlutfallslegri hækkun fjárlaga. Við, sem þá studdum ríkisstj., töldum slíkt fráleitt og höfum ekki skipt um skoðun enn þá, þó að við séum komnir í stjórnarandstöðu, að mjög fáránlegt sé að halda slíku fram. Hinu höfum við haldið fram, að ef við hefðum átt að halda í horfinu um þessar framkvæmdir, var það í raun og veru lágmark, að fylgt væri hækkun á byggingarvísitölunni. En þrátt fyrir það og með tilliti til þeirra erfiðleika, sem fram undan voru í efnahagsmálum, þegar fjárl. voru afgreidd, sættum við okkur í stjórnarandstöðunni við það, að þessar hækkanir yrðu aðeins 7.5% miðað við fjárl. ársins 1972, þegar aftur var veitt það, sem niður var skorið til þessara framkvæmda á s. l. ári.

En við endanlega afgreiðslu fjárl. kom babb í bátinn. Þegar búið var að þrengja að eins og hægt var og taka fullt tillit til aðstæðna, þá er tekið sig til og flutt ein saklaus till. um það að heimila ríkisstj. niðurskurð um allt að 15% á öllum verklegum framkvæmdum, rekstrarkostnaði og ýmsu fleira. Verð ég að segja, að slík

till. hafi í raun og veru komið í bakið á Alþ., og mér er kunnugt um það, að ríkisstj. var byrjuð á því að framkvæma þennan niðurskurð sinn, áður en gosið hófst í Vestmannaeyjum, svo að það sem slíkt hafði ekki áhrif á þetta.

Ég vil því leyfa mér í framhaldi af því, sem ég hef nú sagt, spyrja hæstv. menntmrh. að því, á hvern hátt hann og ríkisstj. ætli sér að framkvæma þennan niðurskurð í sambandi við framlög til skólabygginga á þessu ári. Ætlar hann að skera niður fjárveitingar til skólabygginga allra jafnt um 15%, eða hefur verið gerð áætlun um að skera framlög til ákveðinna skólabygginga niður um hærri hlutfallstölu en þetta og aðrar ekki? Ég vil í því sambandi benda honum og hv. þm. á það, að eftir að nýju skólakostnaðarlögin tóku gildi, hafa verið gerðir samningar við fjölmörg sveitarfélög varðandi byggingu skólamannvirkja og þau aftur gert verktakasamninga, sem við höfðum byggt á í sambandi við framlög til þessara ákveðnu skólamannvirkja á þessu ári, 1973. Ef þessi niðurskurður kemur jafnt niður á alla eða 15% á hvert einasta skólamannvirki í landinu, þá raskar það eðlilega gerð þessara samninga og getur skapað undir mörgum kringumstæðum skaðabótaskyldu. Ef aftur á að fara í það að skera niður að mestu leyti, framlög til ákveðinna skóla, sem ekki eru komnir nema lítillega eða ekki á stað, þá auðvitað þýðir það, að framlög til ákveðinna skóla eru að verulegu leyti þurrkuð út. Þetta vildi ég mjög gjarnan fá að heyra, hver væri afstaða hæstv. menntmrh. til þessa niðurskurðar og á hvern hátt hann og hæstv. ríkisstj. ætla að framkvæma þennan niðurskurð. Ef við lítum svo á, að 15% niðurskurður eigi að jafnaði að vera gildandi í sambandi við þessi framlög, þá mun vera um að ræða nálægt 70% niðurskurð á þessum árum, bara til þessarar einu tegundar verklegra framkvæmda í landinu. Og þá vil ég einnig spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort honum hrjósi þá ekki hugur við að velta 70 millj. á undan sér, ef hann og ríkisstj. ætla að standa við að greiða framlög ríkissjóðs á 4 árum, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ákvæðið til bráðabirgða að skipta lokaframlagi til skólabygginga á tvö ár, árin 1973 og 1974, hefur í för með sér, að þungi til þessara framkvæmda fer mjög vaxandi einmitt á árinu 1974, ekki eingöngu hvað snertir lokaáfanga, sem skipt er á 2 ár, heldur einnig fé til þeirra framkvæmda, sem búið er að veita til fjármagn eitt ár eða fleiri, því að það vex þá og þessi tala hækkar mjög mikið í sambandi við fjárlög ársins 1974. Hefur hæstv. ríkisstj. gert sér grein fyrir þeim breytingum, sem þá hafa orðið í sambandi við fjármál og fjárhagsgetu, og er hún sannfærð um það, að þetta frv., sem hún leggur hér fram um að inna af hendi greiðslur til þessara framkvæmda á 4 árum, gangi nægjanlega langt? Ég efast stórkostlega um það. Ég held, að allt bendi til þess, í sambandi við fjárlög ársins 1974, að ríkisstj. geti ekki velt stórfelldum greiðslum yfir á þau einu fjárlög, eins og ástand og horfur í efnahagsmálum eru nú í landinu.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. gefi upplýsingar um það, sem ég hef spurt hér um og gert að umræðuefni.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. spyrst fyrst og fremst fyrir um það, hvernig fyrirhuguð sé framkvæmd á heimild ríkisstj. til 15% lækkunar fjárframlaga til ólögbundinna fjárveitinga, að því er til skólabygginga tekur, og spyr, hvort tekinn verði sá kostur að skera þar niður hverja og eina framkvæmd um 15% eða hvort annar háttur verði hafður á. Í heimildinni, sem ríkisstj. fór fram á, felst í rauninni svar við fyrirspurninni um fyrirætlun hennar í þessu efni. Hefði það verið ætlun ríkisstj. að láta niðurskurðinn taka jafnt til allra fjárveitinga, hefði verið hægurinn hjá að taka strax fram, að sú væri ætlunin. En það er síður en svo ætlun ríkisstj., jafnt að því er tekur til fjárframlaga til skólabygginga og annarra fjárframlaga, sem undir þessa heimild ná, að ganga þar svo að segja blindandi til verks. Þegar niðurskurður var ákveðinn á tilteknum framkvæmdum á s. l. sumri, var einmitt hafður sá háttur á, að fjmrh. og önnur rn. fóru í sameiningu yfir útgjaldaliðina, og síðan var eftir þá athugun ákveðið, hvar unnt væri að spara með minnstum skaða. Sami háttur verður nú hafður á. Sú 53 millj. kr. lækkun, sem gerð var á síðasta ári á framlögum til skólabygginga, var gerð þannig, að ég hef ekki orðið var við, að neinir aðilar telji, að hún hafi orðið til verulegs tjóns eða trafala, því að eins og hv. þm. veit, hefur ætíð verið um það að ræða á þessu kostnaðarsviði, að verulegur hluti fjárveitinga hefur geymzt frá ári til árs, vegna þess að ekki hafa verið aðstæður til að nýta fjárveitingar til fulls. Á svipaðan hátt verður farið að nú. Það er rétt hjá hv. þm., að þegar þessi háttur er hafður á ár eftir ár, safnast fyrir þörf, sem kemur fram í fjárveitingum á næstu árum á eftir. Að sjálfsögðu hafa síðustu atburðir áhrif á fjárhagsgetu íslenzka ríkisins á þessu sviði eins og öðrum. En ég efast um, að hv. þm. ætlist til þess, að ég gefi á þessari stundu skýr svör um, hvernig þær aðstæður koma fram á fjárlagafrv. fyrir árið 1974, þó að ekki sé farið lengra fram í tímann.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Hann sagði, að hann hefði ekki orðið var við, að niðurskurður sá, sem hefði verið ákveðinn á s. l. ári til skólabygginga, hefði orðið til verulegs trafala. Ég vil segja honum það, að ég held, að við fjvn.-menn höfum orðið fullkomlega varir við það við skiptingu á fjárframlögum til skólabygginga, að það munaði allmikið um það, þegar var verið að skipta, að það var verið að bæta upp 53 millj., sem skornar voru niður á síðasta ári. Og þessar 53 millj., sem var verið að endurveita til þeirra sömu skóla, gengu auðvitað út yfir framlög til annarra skóla, sem ella hefðu fengið meira, svo að að því leyti til verður auðvitað niðurskurður alltaf til trafala. Og ég hygg, að samstarfsmenn mínir í n. hafi alveg örugglega orðið fyrir þessum áhrifum og fundið fyrir þeim.

Hæstv. ráðh. taldi, að ég gæti varla búizt við því að fá svör við, hvernig eigi að standa að fjárlagagerð fyrir árið 1974, eftir þá atburði, sem gerzt hafa nú síðustu daga. Ég átti engan veginn við það, að hvorki hann eða ríkisstj. í heild né nokkur maður færi að gefa Alþ. í dag skýrslu um það, á hvern hátt og hve mikið þeir atburðir hafi í för með sér. En við skulum sleppa alveg þessum atburðum og líta á málið eins og það var áður ákveðið, fyrir þessa atburði. Þá var ákveðið að skera niður um 70 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. staðfesti, að jafnaði um 15%, og það þýðir, að velt er á undan sér yfir á næsta ár framlögum til þessa málaflokks og mundi mjög íþyngja í fjárl., þó að þessir síðustu atburðir hefði aldrei komið fyrir. Það var það, sem ég var að tala um og spyrja um: Telur ekki hæstv. ráðh., að þetta frv., sem hann var að mæla hér fyrir, gangi of skammt í þessum efnum, þó að þessir atburðir hefðu aldrei komið til, að það verði of þungt fyrir ríkið að standa við þessi lög? Eins og hann gat réttilega um, hafa skólakostnaðarlögunum, sem eru í gildi, ekki verið fylgt sem skyldi. Að undanskildu einu ári, sem Alþ. gaf heimild fyrir með ákvæði til bráðabirgða, hefur þeim ekki verið fylgt. En eigum við að hafa þann hátt á, þegar verið er að leiðrétta þetta, að leiðrétta það þá ekki að öllu leyti, þannig að það verði staðið við lögin?

Ég hygg, að það eigi að vera ákaflega ofarlega í huga ríkisstj. og Alþ. að setja lög, sem ætlazt er til, að almenningur standi við, og setja einnig lög, sem Alþ. á að fjalla um framkvæmd á, sem einnig er staðið við. Það er það, sem ég átti við með þessu. Hitt er svo önnur saga, og það er fjölskyldumál hæstv. ríkisstj. einnar, en ekki stjórnarandstöðu, að í þingræðislandi hefur verið sá háttur hafður á, að Alþ. sjálft eða menn, sem Alþ. kýs til þess, hefur gert till. um skiptingu á fjármagni, sem fer í hina einstöku liði. Hins vegar er það auðvitað eðlilegt, að ríkisstj. marki heildarstefnuna og ákveði heildarupphæðina í þetta eða hitt og ráði þar mestu um, eins og alltaf hefur verið. En það hefur verið sú regla gildandi í fjvn. hjá öllum nm. að taka því sem staðreynd, hvaða upphæðir eru til skipta hverju sinni, og reyna að skipta því fjármagni án tillits til þess, hvort þm. eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þetta hefur verið ríkjandi og þetta hefur verið regla, sem bæði núv. og fyrrv. stjórnarandstaða hefur skilið og staðið við, og þess vegna höfum við unnið saman í sátt og samlyndi að skiptingu á því fé. En þegar ríkisstj. læðir inn niðurskurðartill. sinni eða heimild til niðurskurðar við 3. umr. fjárl., að lækka fjárveitingar til greiðslu rekstrarkostnaðar rn., ríkisstofnana, styrkja og verklegra framkvæmda á árinu 1973, sem ekki er bundið af lögum, um allt að 15% að jafnaði, þá skeður það, þegar fjárlög koma hér til 3. og síðustu umr., að eina till., sem við í minni hl. fjvn. flytjum, er ekki tölulegs eðlis, heldur sú, að þessi skipting komi endanlega til ákvörðunar fjvn. Alveg eins og hennar hlutverk hefur verið að skipta þessu fjármagni, þá töldum við eðlilegt í þessu þingræðislandi, að sama n. á Alþ. fjallaði um þennan niðurskurð. En hvað gerist hér við lokaafgreiðslu fjárl.? Ríkisstjórnarliðið allt var með hendur á lofti til að fella þessa till. Það vildi endilega klipa af þessum framkvæmdum eitt og vera eitt um það mál, en stjórnarandstöðunni kæmi það ekkert við. Þetta var hugur ríkisstj. í þessu máli, og þetta var sú samvinna, sem ríkisstj. vildi viðhafa við Alþ. í sambandi við þessi mál. Hún handjárnaði stjórnarliðið á þennan hátt. Og nú verður fylgzt vel með því, hæstv. menntmrh. og aðrir hæstv. ráðh., hvernig niðurskurðurinn kemur niður. Verður þessi niðurskurður framkvæmdur með svipuðum hætti og var á s. l. ári, að ganga fyrst og fremst á rétt strjálbýlisins, eins og gert var þá? Og nú verður fylgzt með þm. strjálbýlisins, sem tóku sér þetta vald eða létu ríkisstj. segja sér að gefa sér þetta vald, hvernig þeir ætla að framkvæma þennan niðurskurð.

Það er ábyggilegt, að þm., sem hafa mest talað um lágar fjárveitingar úti um hinar dreifðu byggðir landsins á undanförnum árum, hafa nú tekið á sig allmikla ábyrgð með þessari handauppréttingu sinni. Og þeir verða vafalaust að svara fyrir sig, þegar þar að kemur. Og því skal ég heita hæstv. ríkisstj., að ég skal gera allt, sem ég get, til þess að fylgjast með og hafa augun opin fyrir því, á hvern hátt eigi að skera niður framkvæmdirnar, því að það var ekki gert af neinu réttlæti á s. l. ári. Ef það sama á að gilda í sambandi við þennan niðurskurð, verður einhvern tíma talað við þessa hv. herra.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hafi hv. þm. eitthvað sérstakt upp á það að klaga, hvernig staðið var á síðasta ári á niðurskurði framkvæmda af hálfu míns rn., væri mér þökk á því, ef hann vildi koma á framfæri við mig vitneskju um, hvað hann telur, að þar hafi farið úrskeiðis. Því fylgir vissulega ábyrgð fyrir þingmeirihl. og fyrir ríkisstj. að fá slíka heimild sem veitt var við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jólin. Ég held, að okkur öllum, sem skipum núv. meiri hl. á Alþ., sé þessi ábyrgð ljós, og ég veit ekki til, að tilefni hafi gefizt til aðdróttana um, að til standi að misnota þá heimild, sem þar er fengin, eða beita því valdi, sem í henni felst, á annan hátt en eðlilegt má telja eftir því hvernig á stendur um hvern málaflokk og hverja framkvæmd.

Ítrekaðri spurningu hv. þm. um afstöðu mína til þess, hvort lögfesting fjögurra ára reglu um framlög til skólabygginga sé raunhæf, vil ég svara því, að miðað við óbreyttar aðstæður tel ég, að hún sé raunhæf. Það hefur verið raunhæft allar götur síðan 1968 að fylgja þeirri reglu, þangað til nú á árunum 1973 og 1974. Þá er í fyrsta skipti og eina skipti á þessu tímabili vikið frá henni og framlögum dreift á 5 ár. Það er að sjálfsögðu rétt athugað hjá hv. þm., sem er langreyndur í störfum í fjvn. og maður glöggur á meðferð fjármuna, að þetta er að sjálfsögðu nokkru erfiðara, þegar á sér stað frestun framlags með niðurskurði eins og þeim, sem framkvæmdur var á síðasta ári, og þeim, sem nú er fyrirhugaður. En að öllu eðlilegu sé ég enga ástæðu til að vantreysta því, að við fjögurra ára reglu verði unnt að standa hér eftir eins og hingað til.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það væri vissulega freistandi við þessa umr. um frv. til l. um breyt. á l. um skólakostnað að fara út í stefnu ríkisstj. almennt í fjárveitingum til verklegra framkvæmda og í því sambandi að benda á, hvað stefna ríkisstj. í þessum efnum kemur sér illa fyrir landsbyggðina og hvað það er í raun og veru rangt að stefna þannig að stórfelldum niðurskurði á verklegum framkvæmdum úti um land, þegar við er að glíma verðbólguvanda, sem þaðan er alls ekki runninn, heldur auðvitað miklu fremur úr þéttbýlinu, þar sem þrýstingur á öllum sviðum er langtum meiri en úti á landsbyggðinni. Það væri freistandi að ræða um þetta og benda á í þessu sambandi, að það er ekki bara niðurskurðurinn, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt í þessum efnum, heldur hefur hún líka látið undir höfuð leggjast að koma fram með og afgreiða hér á hv. Alþ. frv. um ýmsa þætti verklegra framkvæmda, sem eru mjög mikilvægir, eins og t. d. hafnarframkvæmdir og framkvæmdir í heilbrigðismálum. Allir hv. þm. vita, að hæstv. ríkisstj. hefur sýnt frv. um þessi efni hvað eftir annað á hv. Alþ., en síðan hafa þau dagað uppi eða ekki verið afgreidd, og víða um land er beðið með framkvæmdir eftir þessum lögum.

Eitt mál vildi ég aðeins minna á hér t. d., sem hreinlega strandar vegna þessa vinnulags hjá hæstv. ríkisstj., og það er svo mikilvæg framkvæmd sem sjúkrahúsbygging á Akureyri. Ég hefði gjarnan viljað, ef hæstv. heilbrmrh. gæti svarað því hér núna, — ég geri ekki kröfu til þess, að hann geri það, ef það er á einhvern hátt óþægilegt fyrir hann, — en ég hefði gjarnan viljað, að hann hefði getað upplýst okkur í þessari hv. d. um það, hvort meiningin sé að afgreiða frv. um heilbrigðismál, sem felur í sér verulega breytingu á hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við sjúkrahúsbyggingar og þá auðvitað úti um land. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann að því, hvort hann gæti upplýst okkur um þetta.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessari fsp. um frv. um heilbrigðismál. Það frv. var lagt fram á síðasta þingi til kynningar. Síðan og í sambandi við það var því dreift mjög víða út um landið, og bárust við það ákaflega margar aths. og voru mjög skiptar skoðanir um ýmis atriði í því. Það er unnið úr þessum efniviði á vegum rn. nú í vetur, og frv. er í prentun í þeirri gerð, sem ég vænti, að það verði lagt fram. Ég geri ráð fyrir, að það geti orðið innan mjög skamms tíma. Að sjálfsögðu geri ég mér vonir um, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi, en það er að sjálfsögðu undir því komið, hverjar undirtektir og hvern skilning það fær hjá hv. alþm.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv menntmrh. sagði hér síðast, að hann vildi gjarnan, að ég gerði aths. mínar til sín varðandi niðurskurð. Ég skal gjarnan verða við því og ekki fara út í það hér, því að ég fékk aðeins að gera hér stutta aths. En ég vil þó aðeins segja það, að af þeim 174 millj., sem skornar voru niður til verklegra framkvæmda, má segja, að liðlega 40 millj. séu til verkefna, sem ekki er hægt að staðsetja í ákveðnu kjördæmi að öðru leyti en því, að þau verkefni eru hér í Reykjavík, en eru fyrir alla landsmenn. En það sem er hægt að staðsetja eftir kjördæmum, þá er mjög eftirtektarvert, að í Reykjavík voru skornar niður framkvæmdir upp á 17.5 millj. kr., á Vesturl. 16 millj., Vestf. 21.3 millj. kr., Norðurl. v. 13.9 millj. kr., Norðurl. e. 21.7 millj. kr., Austf. 20 millj. kr. og Suðurl. 12 millj. kr. Ef hæstv. menntmrh. athugar um leið íbúafjöldann og heildarfjárveitinar til þessara kjördæma, mun hann fljótt sjá af sinni glöggskyggni, að hér er ákaflega hallað á fámennustu byggðirnar í landinu. Það er þetta, sem ég átti við, og svo hitt að síðustu: Hvernig stóð á því, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið vildi alls ekki, að stjórnarandstaðan eða fulltrúar hennar fengju að koma nálægt því eða fengju að sjá þann niðurskurð, sem á að framkvæma á árinu 1973? Við hvað var stjórnarliðið feimið, eða var það svona taugaveiklað við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er út af síðustu orðum hv. síðasta ræðumanns og reyndar því, sem fram kom fyrr í ræðu hans, að það mætti ætla, að hér hefði verið um einstæðan atburð að ræða, að þessi háttur hefði verið hafður á, að það hefði verið samþ. í fjárl. — eða jafnvel eftir að fjárl. hafa verið afgreidd — heimild til ríkisstj. til þess að skera niður verklegar framkvæmdir, að ég vildi aðeins segja örfá orð.

Ég vil út af fyrir sig ekki mæla þessari starfsaðferð neina bót. En hitt er staðreynd, sem hv. þm. þekkir eins vel og ég, að þetta hefur æ ofan í æ átt sér stað í þingsögunni. Hann getur t. d. farið alla leið aftur til 1933. Í fjárl., sem samþ. voru á árinu 1933 fyrir árið 1934, hygg ég, að hafi verið veitt sú stærsta heimild til niðurskurðar á ólögbundnum fjárveitingum, sem átt hefur sér stað í þingsögunni. En þá var, ef ég man rétt, heimilað að skera niður um 30 eða 33% allar slíkar fjárveitingar. Ég minnist þess glöggt, að þetta átti sér stað oftar en einu sinni í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., og a. m. k. örugglega einu sinni, eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd, voru samþykkt lög, sem heimiluðu niðurskurð. Ég minnist þess ekki, að þá hafi verið gert ráð fyrir því, að haft yrði sérstakt samráð við stjórnarandstöðuna um þessi efni.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að hér er ekki um nein ný vinnubrögð að tefla. Hér er fylgt fordæmum, sem e. t. v. eru ekki góð. En ég veit, að hv. þm. kannast við þessi dæmi.

Ég hygg, að það hafi verið haft samráð við undirnefnd fjvn. um þessi mál, án þess að ég sé þess þó umkominn að fullyrða um það. En mér hefur skilizt, að það hafi verið gert og mér þykir ekki óliklegt, að þeim starfsháttum verði fylgt nú á þessu ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 117 (sbr. 2)). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Megininntak þess frv., sem hér kemur til meðferðar hv. d., er það, að Fóstruskóli Íslands, sem rekinn hefur verið af Barnavinafélaginu Sumargjöf síðan 1946 með stuðningi ríkisins og Reykjavíkurborgar, verði gerður að ríkisskóla og skólaskipan færð í það horf, sem talið er, að þarfir þjóðfélagsins fyrir það sérmenntaða fólk, sem frá skólanum kemur, krefjast. Þar á meðal er ráð fyrir því gert, að tekið sé fram í l., að skólinn sé jafnt fyrir karla sem konur, og því hefur orðið að ráði að breyta nafni hans úr Fóstruskóla. N., sem frv. samdi, vildi nefna hann Fóstrunarskóla. Því var breytt í Fósturskóla í meðförum í menntmrn., og það nafn er enn á stofnuninni, eftir að frv. hefur hlotið afgreiðslu frá Ed.

Hlutverk þessa skóla er skilgreint svo í frv., að hann eigi að mennta til uppeldisstarfa fólk, sem rækir uppeldishlutverk á hvers konar uppeldisstofnunum, sem annast börn allt frá fæðingu til 7 ára aldurs, t. a. m. á vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum og forskólabekkjum. Er kveðið á um það, að skólinn veiti nemendum sínum ekki aðeins fræðilega þekkingu, heldur sjái hann einnig um starfsþjálfun nemenda, og því er kveðið á um, að að því skuli stefnt, að starfa skuli í tengslum við Fósturskólann og undir hans yfirstjórn æfinga- og tilraunastofnun, þar sem nemendum Fósturskólans séu búin skilyrði til að hljóta starfsþjálfun í umönnun og uppeldi barna á því aldursskeiði, sem um er að ræða, þ. e. a. s. fram til 7 ára aldurs.

Kveðið er á um það í 6. gr., að Fósturskólinn hafi náið samband við Kennaraháskóla Íslands og nánar verði ákveðið í reglugerð, hvernig því sambandi skuli háttað. Gert er ráð fyrir, að við skólann starfi skólanefnd þriggja manna af hálfu stjórnvalda, einn tilnefndur af menntmrn., annar samkv. tilnefningu Fóstrufélags Íslands og þriðji samkv. tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar eða Reykjavíkurborgar, ef sá háttur breytist, að Barnavinafélagið Sumargjöf færi ekki lengur með stjórn stofnana í Reykjavík, sem annast um börn innan 7 ára aldurs. Þá skal starfa við skólann skólaráð skipað skólastjóra, tveimur kennurum og tveim fulltrúum nemenda.

Gert er ráð fyrir, að inntökuskilyrði verði öllu strangari en tíðkazt hefur. Til að hljóta skólavist kemur í fyrsta lagi til greina, að væntanlegir nemendur hafi lokið stúdentsprófi eða kennaraprófi. Í öðru lagi skulu þeir hafa lokið gagnfræðanámi að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða tveggja ára námi í öðrum skólum, sem metnir eru og veita hliðstæða framhaldsmenntun, svo sem verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla. Í þriðja lagi skal heimilt að veita umsækjendum skólavist, þó að þeir fullnægi ekki menntunarkröfunum, sem settar eru í tölul. á undan, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum á skilyrðum nemenda til að tileinka sér kennsluna, sem í boði er, og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til. Nemandi skal eigi tekinn til náms yngri en 18 ára, og heimildarákvæði er um að kveða svo á í reglugerð, að nemendur skuli allir ganga undir hæfni- eða persónuleikapróf, og lýtur það að því, að aðsókn að Fóstruskólanum hefur a. m. k. hin síðari ár verið meiri en hægt hefur verið að anna.

Kveðið er á um, að námstími í skólanum skuli vera 3 ár, og er það ekki mikil breyting frá því, sem tíðkazt hefur síðustu árin. Í upphafi var Fóstruskóli Sumargjafar tveggja ára skóli, en 1966 hófst starfsemi undirbúningsdeildar, þar sem átti sér stað nokkurt bóklegt nám og 7 mánaða verklegt nám, svo að segja má, að undanfarin ár hafi hér verið þriggja ára skólaganga.

Síðan eru í frv. ýmis ákvæði um starf skólans og hversu með skuli fara breytinguna frá Fóstruskóla Sumargjafar til Fósturskóla, sem sé að öllu ríkisstofnun. Rökin til þess að gera Fóstruskólann að ríkisskóla eru fyrst og fremst þau, að þar sem svo var ástatt, þegar fóstrumenntun var hafin, að þörfin á starfsliði var að mjög miklu leyti bundin við Reykjavík, er nú orðin sú breyting á, að þörfin á sérmenntuðu fólki til umönnunar barna og uppeldis á uppeldisstofnunum sniðnum fyrir aldursskeiðið undir 7 ára aldri er til staðar um land allt á hinum fjölmennari stöðum. Þar að auki hefur aðsókn að skólanum á undanförnum árum verið sízt minni utan af landsbyggðinni heldur en af þéttbýlissvæðinu hér í Reykjavík og nágrenni. Þá er ekki síðri röksemd fyrir nauðsyninni á að gera Fóstruskólann að ríkisskóla og að efla hann, að fyrir hv. Alþ. liggur frv. um framlag ríkisins til rekstrar og stofnunar dagvistunarstofnana fyrir börn innan 7 ára aldurs, og eigi það frv. að ná tilgangi sínum, er, jafnframt því sem framlög ríkisins til þessara stofnana verði aukin, þörf á að efla þann skóla, sem á að sjá þessum uppeldisstofnunum fyrir hæfu og vel menntuðu starfsliði.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði eftir þessa umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Engin tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Húsafriðunarsjóður, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er í stuttu máli það, að stofna skuli

sjóð, sem nefnist Húsafriðunarsjóður, í þeim tilgangi að styrkja friðun, viðhald og endurbætur húsa og annarra mannvirkja, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Frv. gerir ráð fyrir því, að sjóðnum sé aflað tekna með sérstöku framlagi ríkissjóðs, sem miðist við að vera sem svarar 20 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða um það bil 4 millj. kr. á ári, eins og íbúatölu landsins er nú háttað. Þá er gert ráð fyrir því, að sveitarfélögin í landinu leggi sjóðnum jafnháa upphæð eða 20 kr. á íbúa, þannig að tekjur sjóðsins ættu að geta orðið um 8 millj. kr. á ári. Lagt er til, að sjóðsstjórnina skipi þrír menn og sé þjóðminjavörður formaður, en með í stjórn séu fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúi, sem ráðh. skipar án tilnefningar.

Ef frv. þetta næði fram að ganga, væri stigið stórt spor fram á við í afar mikilvægu menningarmáli. Það mundi gerbreyta allri aðstöðu að því er varðar raunhæfar aðgerðir í húsafriðunarmálum, og slíkra aðgerða er mikil þörf. Við getum ekki lokað augunum fyrir þessari miklu þörf. Við skulum vera þess minnug, að á sviði byggingaverndar bíða mikil verkefni, og það er ekki seinna vænna að taka þessi mál til alvarlegrar umræðu.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að næstum að segja í hverri sveit og hverjum kaupstað og þorpi í landinu sé að finna byggingarsöguleg verðmæti, sem gætu orðið skjótri eyðingu að bráð, ef ekki er að gert í tæka tíð. Því er ekki að leyna, að margt hefur farið forgörðum í þessu tilliti, sem mikil eftirsjá er að og verður aldrei bætt. Hirðuleysi um verndun og viðhald byggingarverðmæta á síðustu áratugum er of algengt, til þess að hægt sé að láta það liggja í þagnargildi. Óneitanlega hefur skilningsleysi á gildi byggingaverndar verið útbreitt hér á landi og valdið óbætanlegum skaða. Það er ekki einasta, að sögufræg hús og mannvirki hafa verið látin drabbast niður og eyðileggjast, heldur hefur viðhald og umgengni um ýmis húsahverfi verið með þeim hætti, að vansæmd er að. Ég hygg t. d., að óvíða sé að finna slíka vanhirðu á timburhúsum sem hér á landi. Það virðist næstum jaðra við hatur og fyrirlitningu, hvernig farið hefur verið með þessi hús. Sama er að segja um gömlu sveitabæina. Þeir hafa horfið svo gersamlega, að heita má, að ómögulegt sé að finna óbrenglað dæmi um hibýlakost alþýðufólks á Íslandi, eins og hann var langt fram á þessa öld. Rústir og húsleifar eru þó sem betur fer víða til og góðir möguleikar til þess í ýmsum tilfellum að byggja upp bæi og útihús, eins og dæmi raunar sanna. Og af því að ég er borinn og barnfæddur í sjóþorpi, eins og þau gerðust fyrir 40—50 árum, verður mér hugsað til þess, hvernig þjóðlífsbreytingar allra síðustu áratuga hafa gereytt handaverkum frumbyggja þessara þorpa, svo að menn á mínu reki, sem rekast af og til til bernskustöðvanna, kannast ekki við sig. Ég er ekki að segja út af fyrir sig, að það sé mikill skaði að því. En það er menningarlegur skaði og svik við söguna, að ekki skuli í hverju þorpi vera a. m. k. eitt lifandi dæmi um algengustu híbýli fólks og vinnustaði manna á fyrri hluta aldarinnar, þegar þessi þorp voru að byggjast og vaxa.

Auðvitað dettur engum manni í hug, að hægt sé að vekja fortíðina upp frá dauðum. Það kemur vitaskuld ekki til mála að endurreisa heilar sveitir og sjóþorp í sinni gömlu og horfnu mynd. En það er menningarlegur skaði að því, hversu miskunnarlaus og hatursfull umskiptin hafa orðið frá fortíð til nútíðar. En hitt er jafnvís að þrátt fyrir áberandi vanmat margra á þessum málum og ófagra sögu að mörgu leyti, hefur jafnframt verið unnið mikilsvert starf í landinu á sviði húsafriðunar og byggingaverndar. Þess mega menn gjarnan vera minnugir. Hér er um svo merkilegt menningarstarf að ræða, að ástæða er til að geta þess og meta að verðleikum. Hér er um brautryðjendastarf að ræða og af þeim sökum erið merkilegt.

Hörður Ágústsson listmálari, sem gerþekkir sögu íslenzkrar byggingarlistar frá landnámstíð og er einn í hópi fremstu sérfræðinga okkar um húsafriðunarmál, hefur bent á það, að Matthías heitinn Þórðarson þjóðminjavörður, sem margir minnast, muni fyrstur Íslendinga hafa gert sér grein fyrir varðveizlugildi húsa og látið að sér kveða í þeim málum. Hann beitti sér m. a. fyrir viðgerð á Bessastaðakirkju árið 1921, á Hóladómkirkju 1924. Hann vann að því, að Viðimýrarkirkja var byggð upp 1936. Hann stuðlaði að friðun Keldnabæjar á Rangárvöllum 1937, sem er alveg einstakur í sinni röð, og keypti fyrir þjóðminjasafnið bænahúsið í Gröf á Höfðaströnd, sem síðan var gert upp sem nýtt væri.

Eftirmaður hans í starfi þjóðminjavarðar, dr. Kristján Eldjárn, hélt myndarlega upp merki fyrirrennara síns í húsafriðunarmálum. Í hans tíð var unnið að friðun og endurbyggingu margra merkra húsa og mannvirkja, sem margir telja, að séu þjóðardýrgripir. Þar skal m. a. minnzt á vöruskemmuna á Hofsósi, sem ýmsir telja, að sé elzta uppistandandi hús á Íslandi, byggt 1735. Það má nefna Laufásbæ við Eyjafjörð, bænhús á Núpsstað, Saurbæjarkirkju í Eyjafirði og klukknaportið á Möðruvöllum í Eyjafirði, sem því miður hefur nú stórlaskazt í ofviðri, Viðeyjarkirkju og hús Bjarna riddara í Hafnarfirði, sem nú er unnið að að endurgera, og Kirkjuhvammskirkju, Krýsuvíkurkirkju, Gömlubúð á Eskifirði, og fleira mætti nefna.

Núverandi þjóðminjavörður, Þór Magnússon, sem gegnt hefur embætti síðustu 4 ár, er mikill áhugamaður um byggingaverndarmál, og undir hans forsjá er unnið að friðun og varðveizlu og endurbyggingu gamalla húsa víða um land.

Þess má sérstaklega geta, að ýmsir söfnuðir hafa látið gera við kirkjur sínar undir umsjá þjóðminjavarðar, og hefur Alþ. þá lagt fram fé að nokkru til þess. Má í því sambandi nefna Þúrfellskirkju í Grímsnesi, Hvammskirkju í Norðurárdal, Kirkjuvogskirkju í Höfnum og Auðkúlukirkju.

Ýmsar húsaleifar hafa verið friðaðar á undanförnum árum, t. d. fjárborgir á Reykjanesskaga, verbúðir og sjóhús á Gufuskálum, Breiðuvík og Selatöngum.

Þess er líka að geta, að nokkur hús í landinu hafa verið viðgerð og endurnýjuð svo, að þau

eru í fullu notagildi og auka hugblæ umhverfis síns af þeim sökum. Má þar nefna forsetasetrið á Bessastöðum, húsið Höfða hér í Reykjavík, Landshöfðingjahús við Skálholtsstíg hér í Reykjavík og „Húsið" á Eyrarbakka. Sigurhæðir á Akureyri, hús Matthíasar Jochumssonar, varðveitir Matthíasarfélagið þar í bæ, og Zontaklúbbur Akureyrar hefur staðið fyrir endurnýjun Nonnahúss við Aðalstræti. Alþingi hefur um nokkurra ára skeið lagt fé til varðveizlu þessum sögufrægu og fallegu húsum. Þess er líka að geta, að minjasafnið á Akureyri beitti sér fyrir því, að Svalbarðskirkja var flutt til Akureyrar, og nú hefur kirkjan verið sett upp á gamla kirkjugrunninum við Aðalstræti á Akureyri og verið endurnýjuð að öllu og endurbyggð og tekin til notkunar sem ný kirkja væri. Þórður Tómasson safnvörður í Skógum undir Eyjafjöllum hefur endurbyggt skemmu og baðstofu í byggðasafninu í Skógum. Og fleiri dæmi um framtak í byggingaverndarmálum úti um byggðlandsins mætti vafalaust nefna.

Reykjavíkurborg hefur staðið mjög myndarlega að byggingavernd, fyrst og fremst með stofnun Árbæjarsafnins 1957. Þá er þess að geta, að Reykjavíkurborg stóð fyrir því, að sérfræðingar framkvæmdu húsakönnun á borgarlandinu með tilliti til varðveizlugildis húsa. Sams konar könnun hefur Akureyrarbær látið gera í sambandi við gerð aðalskipulags þar.

Í þjóðminjalögum frá 1969 er ítarlegur kafli um húsafriðun. Samkv. l. starfar sérstök húsafriðunarnefnd, sem er ráðgefandi um byggingaverndarmál. Húsafriðunarnefnd hefur nú starfað um það bil 3 ár og látið frá sér fara ýmsar till. um friðun húsa. Af till. hennar hafa tvær verið teknar til greina, svo að mér sé kunnugt, að svo komnu máli, þ. e. a. s. friðun vöruskemmu í Ólafsvík og „Norska húss" í Stykkishólmi, og er unnið að viðgerð hins síðarnefnda. Aðrar till. n., sem flm. er kunnugt um varðandi friðun húsa, eru þessar: Friðun Alþingishúss, Dómkirkjunnar í Reykjavík, Menntaskólans (með Íþöku) í Reykjavík, stjórnarráðshúss, safnahúss í Reykjavík, Bernhöftstorfunnar í Reykjavík, „Hússins" á Eyrarbakka og Hegningarhússins við Skólavörðustíg.

Hér hafa verið nefnd allmörg dæmi um jákvætt byggingaverndarstarf. Ég vil endurtaka það, að mér finnst skylt, að við metum þetta starf að verðleikum. Þetta starf getur einnig orðið okkur leiðarljós um jákvæðar aðgerðir í byggingaverndarmálum í framtíðinni. En umfram allt minnir þetta okkur á, að við eigum fram undan mikið óunnið starf á sviði byggingaverndar. Það minnir okkur á, að verkefnin á þessu sviði eru nær óþrjótandi. Merkir einstaklingar, embættismenn og menningarfélög hafa unnið af áhuga og góðum smekk að byggingaverndarmálum í um það bil hálfa öld. Þetta sýnist okkur langur tími, og vissulega liggur merkilegt starf að baki. Samt sem áður er hér um brautryðjendastarf að ræða og ber keim að því. Brautryðjendur eru oft eins og rödd hrópandans í eyðimörkinni. Þeir eru brennandi í andanum og baráttufúsir, þeir ryðja mörgum steini úr vegi og varða leiðina, en þeir verða líka fyrir margs konar mótlæti, og þar er skilningsleysið verst.

Ég held, að það sé ekki efamál, að almennt hefur ríkt skilningsleysi og tómlæti í sambandi við húsafriðunarmál hér á landi. Þjóðin hefur ekki haft almennan skilning eða smekk fyrir varðveizlugildi gamalla húsa og annarra mannvirkja. Ég minntist áðan á umgengnina um timburhúsin. Þau hafa drabbazt niður vegna vanrækslu á viðhaldi. Hér er oft um að ræða vel viðuð og rúmgóð hús, auk þess sem þau eru hlýleg og falleg og fara vel í umhverfi sínu.

Ég minntist líka á sveitabæina. Dæmi um venjulega sveitabæi eru varla til. Að vísu hefur tekizt að varðveita nokkur stórbýli, svo sem Glaumbæ í Skagafirði, Grenjaðarstað og Burstafell, en sveitabæir, sem stór hluti núlifandi manna fæddist og ólst upp í, eru minningin ein.

Ég held, að svona snögg umskipti séu óeðlileg. Það hlýtur að vera saknaðarefni, að ekki sé sagt menningarsögulegt vandræðamál, þegar þjóð, sem vill vera og er menningarþjóð, heggur svo hlífðarlaust á tengslin við fortíðina. Íslendingar telja sig með réttu í hópi menningarþjóða og hafa jafnvel stært sig að söguást sinni og þjóðmenningaráhuga. Íslendingar telja sér áræðanlega skylt að rækja sögu sína og fara vel með menningararf sinn, enda er það talin lítilmótleg þjóð, sem vanrækir slíkt. En þá hljóta menn að spyrja: Hvað er þjóðarsaga, og hver er menningararfur þjóðar? Þeirri spurningu treysti ég mér ekki til að svara, svo að viðhlítandi sé, enda brestur mig til þess þekkingu. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að Íslendingum hafi hætt til að hafa nokkuð einhæfan skilning á þessum atriðum.

Íslenzk bókmenning og önnur orðlist á sér langan aldur og hefur löngum verið talinn blómi íslenzkrar menningar og aðalframlag Íslendinga til heimsmenningarinnar, eins og menn segja svo spaklega. Sjálfsagt er mikið til í þessu. Hitt er annað mál, að þessi skoðun er nokkuð yfirborðskennd. Hún hefur m. a. viðhaldið allt of einhæfum skilningi Íslendinga á menningarsögu og í hverju menningararfur þjóðar sé fólginn. Sá misskilningur er ærið útbreiddur, að menningararfur íslenzku þjóðarinnar sé allur á bókum og í orðsins list, þ. á m. í hvers kyns þjóðsögum og alþýðukveðskap. Aðrir þættir þjóðmenningarinnar hafa verið vanmetnir. Orðlist hefur verið hafin til skýjanna, og gáfur og hæfileikar manna hafa mjög verið vegnir og metnir á vog mennta og skáldskapar. Haft er eftir merkum Íslendingi, að tungan ein tengi þjóðina við fortíðina. Þessi orð endurspegla betur en flest annað viðhorf Íslendinga til þjóðmenningararfs síns.

Það er auðvitað rétt, að tungan tengir okkur fortíðinni. En það er ekki rétt, að tungan ein tengi okkur við fortíðina. Tungan og bókmenntirnar eru ekki okkar eini menningararfur. Að þessu leyti gildir hið sama um okkur sem aðrar þjóðir. Menningararfur Íslendinga er fjölbreytt safn hvers kyns andlegrar iðju og verkmenntar í 1100 ár. Við erum ekki í neinum vafa um það, að íslenzk bókmenntasaga sé órjúfandi heild, að í íslenzkum bókmenntum sé samhengi, sem spannar fortíð og nútíð. En þannig mun það einnig vera um aðra þætti íslenzks menningararfs. Í sögu íslenzkrar byggingarlistar t. d. er án efa svipað samhengi og í bókmenntasögunni. Hins vegar hafa færri

fjallað um sögu byggingarlistarinnar en bókmenntanna, og víst er, að almenn þekking og áhugi á sögu byggingarlistar er minni yfirleitt en á bókmenntunum.

Ekki vil ég ráða til þess, að dregið verði úr áhuga almennings og fræðimanna á bókmenntum og bókmenntasögu. En að skaðlausu mætti auka áhuga landsmanna á sögu innlendrar byggingarlistar og efla skilning fólks á menningargildi hennar. Ég held a. m. k., að það ætti að vera tiltölulega auðvelt verk að fá alla hugsandi menn til að viðurkenna, að hús og híbýli og hvers kyns mannvirki eru snar þáttur í mannlegu samfélagi. Engum getur dulizt, að hús og önnur mannvirki eru óhjákvæmilegur hluti mannlegs umhverfis. Eins og ljóð og sögur eru hugsmíðar, eru húsin ávöxtur mannlegrar hugsunar og handverka. Einhver komst svo að orði nýlega, að eins mætti lesa hús og lesa ljóð. Auðvitað er þetta hverju orði sannara. Hús geta vissulega vakið stemmingu eða sagt sögur. Og víst er, að við Íslendingar eigum mörg hús, sem vekja hughrif og segja mikla sögu. Slík hús eru hluti af menningararfi þjóðarinnar, og við hljótum að fara vel með allan okkar menningararf, hvort heldur hann er fólginn í skáldskap eða húsagerð.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess, að nú þegar hefur verið mynduð alþjóðleg byggingaverndarhreyfing á vegum Evrópuráðsins. Þessi hreyfing hefur raunar verið í undirbúningi nokkuð lengi og er nú tekin til starfa og hefur í undirbúningi mjög víðtækar aðgerðir í sambandi við kynningu og upplýsingamiðlun um viðhald og verndun fornra og sögufrægra mannvirkja. Það er fyrirhugað, að sérstök byggingaverndarherferð verði skipulögð í öllum aðildarlöndum Evrópuráðsins næstu 3 ár, þ. e. a. s. árin 1973, 1974 og 1975. Ætlunin er, að aðalstarfsemi þessarar hreyfingar verði á árinu 1975, enda mun það verða nefnt byggingaverndarárið 1975, sbr. náttúruverndarárið 1970. Ég tel ekki áhorfsmál, að þessi hreyfing nái til Íslands. Við erum aðilar að Evrópuráðinu, og ég tel það skyldu okkar að taka þátt í þeirri víðtæku menningarsamvinnu, sem Evrópuráðið stendur fyrir á ýmsum sviðum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með vel samda og í sjálfu sér merkilega ræðu, sem hv. flm. flutti. Það er því miður allt of sjaldgæft, að heyrist hér í þingsölum, að lögð hafi verið mikil vinna í ræður og þær séu jafnvandaðar og þessi ræða var. Ég tek vissulega undir flest það, sem hann sagði, og sérstaklega er ég sammála honum um, að fátt getur stuðlað betur að varðveizlu sögu og minja en vernd byggða og einstakra bygginga. Það er svo, að fæst er skemmtilegra og áþreifanlegra, þegar ferðazt er, hvort sem er innanlands eða erlendis, en að komast í snertingu og tengsl við gamlar byggingar og gömul byggingarsvæði, sem eru lifandi leifar fyrri tíma.

Enda þótt við Íslendingar höfum ætíð borið virðingu fyrir sögu okkar og fortíð, hefur því miður verið svo hér á landi, að lítill skilningur hefur ríkt um vernd bygginga. Eins og fram kom í síðustu ræðu, hefur verið unnið hér gott starf, brautryðjendastarf, eins og það er nefnt, af vissum aðilum hér á landi til þess að vernda byggð og byggingar. En þetta starf hefur því miður mætt meira og minna skilningsleysi og tómlæti, eins og hv. flm. orðaði það, og ekki sízt hefur það skilningsleysi og tómlæti verið ríkjandi hjá stjórnvöldum í þessu landi. Því miður er of mikið um þau viðbrögð, sem fram komu hér fyrr í þinginu, þegar þessi mál bar á góma, sams konar viðbrögð og komu fram hér í þinginu, þegar sagt var, að það skyldi rífa hús, gömul og merkileg, og þau væru jafnvel til vansa og óprýði fyrir okkur.

Það hefur verið viss vakning hér á landi, — vakning, sem hefur notið áhrifa erlendis frá, um varðveizlu gamalla bygginga hér á landi, og þessi vakning hefur einkum átt sér stað meðal ungs fólks, og er það góðs viti. Ungt fólk hefur í vaxandi mæli sýnt áhuga á því að varðveita slíkar gamlar og merkilegar byggingar, og við eigum ekki að kæfa niður þessa vakningu, við eigum ekki að stöðva þessi viðleitni, heldur einmitt að örva hana og taka undir hana. Að þessu leyti er þetta frv., sem hér er borið fram, jákvætt og þess virði, að það sé samþ., a. m. k. efnislega.

Ég hef hins vegar haldið, að það hefði verið eðlilegra, þegar stofnaður er húsfriðunarsjóður, að sá sjóður yrði tengdur þeim lögum, sem fyrir eru, þ. e. a. s. þjóðminjalögum, en þar er einn kafli, sem fjallar sérstaklega um friðun húsa og annarra mannvirkja. Í þeim kafla eru nokkur ákvæði, sem lúta að því, hvernig með skuli fara friðuð hús og hvernig kostnaður skuli greiddur af viðgerð, endurbótum eða viðhaldi slíkra húsa. Því finnst mér koma vel til greina, þegar frv. er tekið til athugunar í n., að þá sé athugað, hvort ekki sé hægt að tengja það beint inn í þau lög, sem fyrir eru, án þess að það breyti nokkuð þeim tilgangi, sem í þessu frv. felst.

Í öðru lagi, og það snertir þessa aths. mína líka, er eðlilegt að tengja þetta frv. inn í núgildandi lög, þegar haft er í huga, að mjög getur komið upp ágreiningur um túlkun á menningarsögulegu og listrænu gildi. Þetta byggist á mismunandi mati, eru afstæð hugtök. En búið er að semja lög, sem gilda um friðun húsa. Þar eru gefnar skýringar á því, hvað felst í þessum orðum, menningarsögulegur og listrænn, og gengið út frá vissum forsendum, og því finnst mér eðlilegt, þegar þetta frv. er tekið til athugunar, að það verði tengt beint inn í núgildandi lög. Í því sambandi mætti og athuga um skipan þeirrar stjórnar, sem á að fara með húsafriðunarsjóðinn, hvort slíkt ætti að fella undir verksvið húsafriðunarnefndar, sem nú er til, og fjölga eða fækka í n. Það er ekki neitt aðalatriði, en er til athugunar líka.

Ef raunverulegur áhugi er fyrir því hjá hv. þm., flm. og öðrum, að stuðla að húsafriðun og vernd gamalla sögulegra bygginga, og ég efast reyndar ekki um, að þessi áhugi er fyrir

hendi, þá beini ég athygli hv. þm. að því máli, sem efst hefur verið á baugi hér að undanförnu, þegar slík varðveizlumál ber á góma. Þar á ég við Bernhöftstorfumálið. Hv. 3. þm. Norðurl. e., síðasti ræðumaður, játaði, að hann hefði sérstakar tilfinningar gagnvart vissum, gömlum byggingum í sinni heimabyggð, af því að hann væri þar borinn og barnfæddur. Og nú skal ég gera þá játningu líka sem borinn og barnfæddur Reykvíkingur, að ég hef vissar tilfinningar til ákveðinna hverfa hér í bænum og ákveðinna gamalla bygginga, og ég held, að það sé svo um fleiri Reykvíkinga, hvort sem þeir eru bornir og barnfæddir, og reyndar um alla Íslendinga, að þeir bera vissar tilfinningar til gömlu byggðarinnar hér í Reykjavík og ekki sízt einmitt til byggðarinnar í miðbæjarkvosinni. Hefur svokölluð Bernhöftstorfa sett mjög sterkan svip á þetta hverfi núna um áratugaskeið og reyndar um lengri tíma. Þessum byggingum eru tengdar ákveðnar minningar. Um þær ríkir ákveðið andrúmsloft og þetta er að vissu leyti helgur staður hér í höfuðborginni. Það er mat manna, mjög margra, að þessar byggingar skuli varðveita, og stafar það ekki eingöngu af þessum tilfinningasjónarmiðum, sem ég er að ræða, heldur líka af þeirri blákoldu staðreynd, að þarna eru á ferðinni byggingar, sem bera í sér mjög merkilegt sögulegt gildi, eru nánast einustu leifarnar af ákveðnu byggingarstigi hér á landi. Þessar byggingar eru í eigu ríkissjóðs og undir stjórn núv. ríkisstj. Því miður hefur það verið svo, að þó að húsafriðunarn. hér í borg hafi lagt fram mjög ákveðnar till. um, að friða skyldi þessa byggð, Bernhöftstorfuna, þá hefur hæstv. ríkisstj. heykzt á því að staðfesta þessa friðun, og enn þá liggur það mál óafgreitt hjá hæstv. ríkisstj. Út frá þeim orðum, sem féllu áðan í ræðu hv. þm., er náttúrlega ekki hægt að segja annað en að það sé einbert hneyksli, að þetta mál skuli ekki hafa fengið afgreiðslu, og þá vitna ég til þeirra raka, sem hér hafa komið fram í ágætri síðustu ræðu. Á meðan staðfesting á þessari sjálfsögðu friðun hefur ekki fengið afgreiðslu hafa þessi hús því miður drabbazt niður, og þau eru, eins og þau líta út í dag, til nokkurrar óprýði. En það er hægur vandinn að bæta þarna úr. Ríkisstj. gæti að sjálfsögðu, úr því að hún tekur ekki þá sjálfsögðu ákvörðun, sem ég var að vitna til áðan, sýnt þau eðlilegu viðbrögð að halda þó við þessum húsum í hjarta borgarinnar, því að ekki er hægt að kenna um, að þar sé um dýrt viðhald að ræða. En jafnvel þó að hæstv. ríkissti. horfi í þá peninga og telji sig ekki vilja eða geta lagfært þessi hús, þá vek ég athygli á því, að áhugasamtök hér í borg hafa skrifað hæstv. ríkisstj. og beinlínis boðizt til að lagfæra þessi hús og setja þau í sómasamlegt ástand. Ég er þá að vitna til bréfs frá stjórn Arkitektafélags Íslands, sem dags. er 9. ágúst 1972 og ég vil leyfa mér — og með leyfi hæstv. forseta — að lesa. Það er stutt bréf og hljóðar á þessa leið:

„Stjórn Arkitektafélags Íslands vill hér með fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún veiti henni og þeim aðilum öðrum, sem áhuga hafa á varðveizlu Bernhöftstorfu, leyfi til þess að hreinsa til umhverfis húsin, lagfæra þau og mála að utan ríkissjóði að kostnaðarlausu. Leyfið mundi fela í sér frestun á aðgerðum öðrum, svo sem flutningi húsanna eða niðurrifi, en fæli ekki að öðru leyti í sér neina skuldbindingu fyrir ríkisstj. Arkitektafélag Íslands hefur haft verndun torfunnar á stefnuskrá sinni undanfarin 2½ ár, m. a. efnt til almennrar samkeppni um, á hvern hátt torfan gæti haft almennu hlutverki að gegna í miðbænum um ókomin ár. Rökstuðning fyrir afstöðu félagsins má sjá í bréfi til borgarráðs, dags. 7. ágúst 1972, en afrit af því bréfi fylgir hér með.

Með ósk um vinsamlega afgreiðslu.
Stjórn Arkitektafélags Íslands."

Þá er líka frá því að segja, sem flestum er kunnugt, að hér hafa verið stofnuð samtök áhugamanna um verndun þessara bygginga, og ég geri ráð fyrir því, að það sé efst á baugi hjá þessum samtökum einmitt að fá að ráðast strax í lagfæringu á húsunum ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Með hliðsjón af þessu og þeim áhuga, sem fram kemur í flutningi þessa frv., sem hér liggur fyrir, heiti ég á hv. þm. að stuðla nú að því með öllum ráðum, að úr verði bætt hvað snertir þessi hús, sem ég hef gert að umtalsefni. Þetta er ekki einkamál neinna áhugasamtaka, þetta er ekki einkamál okkar Reykvíkinga, þetta hlýtur að vera áhugamál allra Íslendinga, og þetta er stórkostlega þýðingarmikið í þeirri viðleitni að efla vernd bygginga og byggða hér á landi. Það er rétt, sem síðasti ræðumaður sagði, að skilningsleysi og tómlæti hefur verið ríkjandi í þessu máli, og það er þörf á mikilli vakningu. Og ég er sannfærður um, að í undirtektum við háværustu kröfum um verndun á gömlum byggingum sé ekki betur gert heldur en einmitt að taka nú til hendinni gagnvart Bernhöftstorfunni og byggðinni þar í kring.

Ég vil svo ljúka þessum orðum mínum með því að minna á, að ég ásamt þrem öðrum hv. þm. hef leyft mér að bera hér fram í þinginu þáltill., sem stuðlar að því að varðveita Bernhöftstorfuna, og um leið og ég lýsi yfir fullum stuðningi við efni þessa frv., heiti ég á hv. flm. frv. að beita nú áhrifum sínum til þess, að sú till. fái afgreiðslu og nái fram að ganga hér í þinginu.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 9. landsk. þm. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. Hann kom með vissar ábendingar, sem ég tel mjög réttmætar og er sjálfsagt að athuga, þegar kemur til n. En það vill svo til, að við sitjum báðir í þeirri n., sem ég vona, að þessu máli verði vísað til, menntmn. Hann bendir á það réttilega, að hugsanlegt sé að fella ákvæðin, sem þetta frv. hefur að geyma, inn í þjóðminjalög. Mér finnst þetta vel koma til greina og er fús til að ræða það í n., og einnig get ég hugsað mér að vera til viðtals um að breyta eitthvað um þann hátt á stjórn húsafriðunarsjóðs, sem við flm. höfum látið okkur koma til hugar. En þegar við nefnum þessa þrjá tilteknu aðila sem stjórn húsafriðunarsjóðs, gerum við það með

tilliti til þess, að það eru bæði ríkissjóður og sveitarfélögin, sem mundu leggja sjóðnum til fé, og má segja, að sjálfkjörinn formaður sé þjóðminjavörður, sem er réttur yfirmaður þessara mála í landinu.

Í sambandi við önnur atriði, sem hv. þm. nefndi, eins og Bernhöftstorfuna, þá get ég ósköp vel sagt það sem mína skoðun, að ég tel friðun hennar alveg sjálfsagða og endurbyggingu húsanna jafnsjálfsagða. Fyrir mér er það algerlega fráleitt að reisa þarna stórbyggingu, og einkum held ég, að það sé óheppilegt að reisa þarna byggingu fyrir stjórnarráðsskrifstofur, því að ég held, að það sé engan veginn heppilegur staður fyrir slíka starfsemi. Þarna er of þröngt í kring m. a., og yrði a. m. k. ákaflega dýrt að ætla að koma þar fyrir eðlilegum bílastæðum og öðru, sem þarf að vera í umhverfi slíkra húsa, þannig að það þarf ekkert að brýna mig persónulega á því. Hins vegar er mér ljóst, að þetta er mikið deilumál, og ég vil nú leggja til og mælast til þess, að Bernhöftstorfumálið og deilurnar um það verði ekki til þess að yfirskyggja allt þetta mál og yfirskyggja svo margt annað, sem við þurfum að gera í byggingaverndarmálum.

Ég vil nefna það enn, sem ég nefndi hér áðan, að nú er almenn vakning í heiminum, einkum í Evrópu, að því er varðar byggingaverndarstarfsemina, og beinlínis búið að móta ákveðna hreyfingu, sem þegar er tekin til starfa og ætlar að starfa næstu 3 árin. Ég vona, að Íslendingar taki þátt í þessari starfsemi og það verði mynduð byggingaverndarhreyfing í tengslum við byggingaverndarhreyfingu Evrópu, þannig að við á næstu árum sjáum verulegan árangur í þessum málum. Það er alveg rétt, að eins og ég raunar tók mjög skýrt fram í minni fyrri ræðu, þá er skilningsleysið verst í þessu máli eins og svo mörgum öðrum menningarmálum, sem við erum að ræða hér á landi. Því miður er ríkjandi mikið skilningsleysi í þeim efnum, eins og sést á því, að margir hv. þm. stinga af út úr þingsalnum, þegar farið er að ræða um þessi mál, og menn verða að ræða svo mikilvæg mál sem þessi fyrir nærri tómum stólum. Hins vegar held ég, að það sé möguleiki á því að vekja fólk í þessu sambandi, og það þurfum við að gera.

Það er sannarlega þörf á vakningu í þessu efni, almennri vakningu, sem nær til allra landsmanna og er ekki eingöngu bundin við eitthvert tiltekið svið, sem kannske er meira og minna upphlásið í æsingaskyni og af fullmikilli tilfinningasemi. Þar með er ég ekki að segja, að í því, sem gert hefur verið til þess að vernda Bernhöftstorfuna, hafi verið neitt ofgert. Það dettur mér ekki í hug að halda. Ég tel sjálfsagt, að þau hús verði friðuð og þau verði endurbyggð og ekki komi til greina að byggja þar neina stórbyggingu, og mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir það. Aðrir verða svo að tala fyrir sig. En ég vil þakka þeim þm., sem ræddi þetta mál áðan af góðum skilningi, og ég vona, að við fáum tækifæri til þess að ræða þetta mál frekar í þeirri n., sem við báðir sitjum í.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 39. fundur.

Fimmtudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Minning Jóns Pálmasonar.

Forseti (EystJ): Áður en gengið verður til dagskrár, verður minnzt látins fyrrv. alþm.

Jón Pálmason fyrrv. alþm. og alþingisforseti andaðist í morgun í héraðshælinu á Blönduósi, 84 ára að aldri. Hann var fæddur 28. nóv. 1888 á Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Pálmi bóndi þar Jónsson alþm. og bónda í Stóradal Pálmasonar og kona hans, Ingibjörg Eggertsdóttir bónda á Skefilsstöðum á Skaga Þorvaldssonar. Hann lauk prófi í bændaskólanum á Hólum vorið 1909. Bóndi á Ytri-Löngumýri var hann 1913—1915 og 1917—1923, á Mörk í Bólstaðarhlíðarhreppi 1915—1917 og á Akri í Torfalækjarhreppi 1923—1963. Hann var kjörinn alþm. Austur-Húnvetninga árið 1933 og átti síðan sæti á Alþingi samfleytt til vors 1959. Eftir það átti hann nokkrum sinnum sæti á Alþ. sem varaþm. á árunum 1960—1963, sat á 36 þingum alls. Hann var forseti sameinaðs Alþingis 1945—1949 og aftur 1950—1953. Landbúnaðarráðherra var hann frá 6. des. 1949 til 14. marz 1950. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga var hann 1937—1964. Í nýbýlastjórn átti hann sæti 1940—1970 og var lengi formaður hennar. Hann var í bankaráði Landsbanka Íslands frá 1953—1956 og í bankaráði Búnaðarbanka Íslands 1956—1968 og formaður þess bankaráðs frá 1961. Auk þeirra starfa, sem hér hafa verið talin, gegndi Jón Pálmason ýmsum trúnaðarstörfum heima í héraði. Síðustu æviárin naut hann rólegrar elli ýmist hér í Reykjavík eða norður á Akri, en átti við mikla vanheilsu að stríða síðustu mánuðina.

Jón Pálmason ólst upp við landbúnaðarstörf á heimili foreldra sinna og var síðan bóndi lengst af. Hann var ötull ræktunarmaður lands og bússtofns og framkvæmdamaður um byggingar á jörð þeirri, sem hann bjó lengst á. En hann var jafnframt áhugasamur um héraðsmál og landsmál, og á fimmtugsaldri var hann kjörinn til setu á Alþ. og átti lengi að fagna öruggu fylgi kjósenda. Hann var athafnasamur við þingstörf, lét sig mestu skipta landbúnaðar-, samgöngu- og fjármál og átti frumkvæði að ýmsum nýmælum í löggjöf um þau efni.

Jón Pálmason var áhugamikill og sókndjarfur í baráttu fyrir framgangi áhugamála sinna. Hann ritaði fjölda blaðagreina um landsmál og var ritstjóri Ísafoldar og Varðar á árunum 1943—1950. Hann var mælskumaður og vel hagorður, gleðimaður í samkvæmum og höfðingi heim að sækja. Forsetastörfum á Alþingi gegndi hann með reisn og skörungskap, og öll þingstörf vann hann af mikilli alúð. Við fráfall hans er á bak að sjá athafnasömum bónda og athafnasömum stjórnmálamanni, sem um langt skeið hafði mikil áhrif bæði heima í héraði og í sölum Alþingis.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóns Pálmasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 1. febr. 1973.

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í nauðsynlegum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Eyjólfur Konráð Jónsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og þarf því eigi að athuga kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, þáltill. (þskj. 265). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samningur Íslands og Efnahagsbandalagsins, þáltill. (þskj. 266). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Á þskj. 97 liggur fyrir till. til þál. um innheimtu veggjalds af hraðbrautum. Flm. þessarar till. auk mín eru þeir Karvel Pálmason, Helgi F. Seljan, Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Benóný Arnórsson og Stefán Valgeirsson, en tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að innheimta í samræmi við 95. gr. vegal. nr. 23 1970 sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um Reykjanesbraut og Suðurlandsveg, svo og aðrar þær hraðbrautir, sem lagðar verða með varanlegu slitlagi, þegar þær teljast gjaldbærar."

Það eru í rauninni tvær ástæður fyrst og fremst, sem eru undirrótin að þessum tillöguflutningi. Í fyrsta lagi er það fjárþörf vegasjóðs og í öðru lagi það, að flm. telja innheimtu veggjalds á þann hátt, sem hér um ræðir og vegal. gera ráð fyrir, eðlilegan gjaldstofn vegasjóðs.

Fyrra atriðið, fjárþörf vegasjóðsins, þarf í rauninni ekki skýringa við. Á síðasta Alþ. var við meðferð vegal. og vegaáætlunarinnar gerð mjög veruleg almenn hækkun á því fé, sem varið er til vegamála. Það er unnið af fullum krafti við hraðbrautir samkv. vegáætluninni. Það er haldið áfram framkvæmd sérstakrar Austurlandsáætlunar, það hefur verið hafin framkvæmd á Norðurlandsáætlun, og það eru hafnar framkvæmdir við að opna hringveg umhverfis landið. Allt þetta var ákveðið á síðasta löggjafarþingi, og þess vegna alveg ástæðulaust að hafa mörg orð um þetta atriði, um fjárþörf vegasjóðs, í áheyrn þeirra hv. þm., sem réðu þessum ráðum aðeins fyrir nokkrum mánuðum.

Það þarf heldur ekki annað en virða fyrir sér verkefnin mjög lauslega til þess að sjá, hversu brýn nauðsyn er að halda áfram af fullum krafti byggingu hraðbrauta, þ. e. a. s. að leggja varanlegt slitlag á vegina í framhaldi af því verki, sem þegar er hafið, ekki einasta hér í allra næsta nágrenni Reykjavíkur, heldur miklu víðar um land. Undan því verður ekki komizt lengi. Við vitum um þörfina að tengja byggðarlögin, tengja saman þéttbýla staði, einnig utan höfuðborgarsvæðisins, með betri vegum en nú eru til. Við vitum, hversu margir af framleiðsluvegunum um sveitirnar, sem menn þar gjarnan kalla þessu nafni, framleiðsluvegi, — hversu mjög mikill hluti af þeim er marflatur gamall vegur, sem brýn nauðsyn er að byggja upp. Og á opnun hringvegarins hef ég áður minnzt. Það er þess vegna engum blöðum um það að fletta, að verkefnin í vegamálunum eru ákaflega stórbrotin og þörfin brýn og aðkallandi að sinna þeim sem allra fljótast að tök eru á.

Við, sem flytjum þessa till., teljum þess vegna eðlilegt alveg tvímælalaust að nýta flesta tiltæka tekjustofna. Ég vil vekja athygli á því, að hér er ekki verið að brjóta upp á nýjung. Það er langt síðan það ákvæði, sem nú er í 95. gr. vegal., kom inn í vegal. Það er búið að standa þar lengi. Þess vegna er þetta alls engin nýjung, auk þess sem búið er að innheimta veggjald um nokkurra ára bil af tilteknum vegi, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt.

Þegar þetta ákvæði var sett inn í vegal., hefur það væntanlega m. a. verið gert að erlendri fyrirmynd. Þetta er víða tíðkað í öðrum löndum, þó að þar séu miklu betri ástæður í vegamálum heldur en hér. Mér er t. d. sagt, að menn komist ekki að eða frá New York-borg öðruvísi heldur en að borga gjald fyrir á hinum ýmsu leiðum, sem þar eru farnar.

Þegar þetta var ákveðið hér og byrjað að innheimta veggjald á Reykjanesbraut, þá vakti það töluvert miklar deilur í fyrstu. En ég tel, þó að öðru hverju hafi gagnrýni skotið upp á þessu atriði, að þær deildur hafi rénað mjög verulega í seinni tíð.

Í fyrstu var ekki um að ræða nema einn veg með varanlegu slitlagi, þar sem umferð var það mikil, að hægt var að koma slíkri innheimtu við. Nú er það svo í dag, að annar vegur til viðbótar er kominn í gagnið. Og það lá fyrir, þegar vegamálin voru hér til meðferðar á síðasta þingi, að þetta yrði á því ári, sem nú er nýliðið. Ég hygg, að allir hafi þá verið sammála um það, að annaðhvort yrðu menn að falla frá innheimtu veggjalds á þessum eina vegi og þar með frá þessari aðferð til gjaldheimtu í vegasjóð ellegar þá að færa gjaldheimtuna út á nýja vegi, jafnskjótt og þeir teldust gjaldbærir. Um það hefur ekki verið

ágreiningur. Ég a. m. k. leit svo á í fyrstu, þegar þetta var rætt, t. d. í n. og manna á milli, að flestir væru inni á því að færa gjaldheimtuna yfir á fleiri vegi og sem sagt að halda henni áfram. En við meðferð málsins hér á Alþ. varð hitt ofan á, að falla frá gjaldheimtu á Reykjanesbraut og þar með gjaldheimtu í vegasjóð á þennan hátt.

Afgreiðsla Alþ. varð með þeim hætti, að 8 þm. greiddu ekki atkv. eða voru fjarstaddir. Með tilliti til þess m. a., að það vannst ekki langur tími til þess að íhuga þetta mál, þegar þessi ákvörðun var tekin, og einnig hins, að þetta margir þm. tóku þá ekki beina afstöðu, heldur tóku þann kost að greiða ekki atkv. um málið, það er m. a. með þetta í huga, sem við flm. þessarar till. leggjum nú til, að Alþ. endurmeti þetta mál.

Flm. till. telja alveg tvímælalaust, að innheimta veggjalds af brautum, sem skera sig úr um gæði í þessu tilfelli svokölluðum hraðbrautum okkar, sé ákaflega eðlileg. Þessir vegir spara þeim, sem um þá fara, miðað við malarvegina okkar, mjög mikla fjármuni í minni brennslu, í minna viðhaldi bifreiða og í minni tíma auðvitað, sem það tekur að fara hvern km á þessum vegum, að ógleymdum þeim þægindum, sem það veitir að aka slíkan veg. Á þessu er gífurlegur munur. Það má deila um, hversu mikill hann sé, en hann er gífurlegur. og ég held að engum detti í alvöru í hug að halda því fram, að veggjald það, sem ákveðið var á sínum tíma, hafi verið nema brot af þessum mismun, hversu mikið verða menn aldrei alveg sammála um.

Það er rétt að rifja það upp í þessu sambandi, að þegar ákveðið var að taka veggjaldið 1965 og upphæð þess ákveðin, þá var hún miðuð við það, að innheimtur yrði helmingur af þeim sparnaði, sem yrði við það að aka nýja veginn miðað við það að aka malarveg. En það, sem lá til grundvallar ákvörðun um upphæðina, voru skýrslur frá nágrannalöndum, t. d. frá Norðurlöndunum og frá Ameriku, þar sem gert hafði verið yfirlit og könnun um þetta atriði. Og þetta var miðað við þann mismun, sem þar var talinn á því að aka vegi með varanlegu slitlagi annars vegar og að aka malarvegi þeirra landa hins vegar. Þarna ætti því a. m. k. ekki að halla á okkur í þessu mati, því að það hef ég fyrir satt og hef raunar engan heyrt halda öðru fram en að malarvegir þeirra landa, sem hér um ræðir, séu yfirleitt miklu fullkomnari en okkar malarvegir. Því má ætla, að hér sé þessi munur meiri en erlendis. Því hefur nú verið slegið fram í umr. um þessi mál, að innheimta veggjalds hér á landi, miðað við þá áætlun, sem um það var gerð í fyrra, væri svo lítið atriði fjárhagslega og svo lítið fé, sem inn kæmi, að það borgaði sig ekki að standa í þessu vafstri þess vegna. Menn getur náttúrlega greint á um þetta. En þó er það svo, að samkv. vegáætluninni, og þá er miðað við gjaldið eins og það hefur verið frá 1965, þá var þó um að ræða rúmar 30 millj. á ári, sem áætlað var, að þetta gæfi. Nú er ekki skynsamlegt, ef farið yrði aftur í þessa gjaldheimtu, að miða við upphæðina frá 1965. Ég ætla, að hún hafi verið á rökum reist og a. m. k. alls ekki of há, heldur væri rétt, að innheimt yrði hærra gjald nú. Ég held, að við séum ekki það stórir í sniðum, að við lítum ekki á upphæðir, sem skipta nokkrum milljónatugum, og t. d. hlutfallslega hækkun á gjaldi frá því, sem var þá, gæti numið nálægt 5% af því fé, sem veitt var beint til vegaframkvæmda á síðustu vegáætlun. Það er því fráleitt að fallast á það, að hér sé um svo litla fjármuni að ræða, að það taki því ekki að hirða þá fyrir vegasjóðinn, sem vissulega er fjárþurfi miðað við verkefni sín. Það eru auðvitað ýmsir agnúar á þessari tekjuöflunarleið. Með henni verður t. d. ekki fullnægt öllu réttlæti, það dettur mér ekki í hug að fullyrða. En flm. þessarar till. líta svo á, að þessir agnúar ýmsir séu ekki svo miklir, að rétt sé að hafna þessari tekjuöflunarleið þeirra vegna.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu meira um þetta. Við leggjum sem sagt til, að Alþ. skoði þetta mál að nýju. Og meginatriðin í okkar röksemdafærslu eru, eins og ég sagði í upphafi, annars vegar ótvíræð og ég vil segja óumdeilanleg fjárþörf vegasjóðsins og svo hitt, að gjaldstofn samkv. 95. gr. vegal. er í raun eðlilegur. Það er ekki verið að mismuna neinum á þann hátt, að þessi gjaldheimta íþyngi þeim, sem þessa vegi aka, þannig að þeir búi við verri kjör en hinir, sem búa við vondu vegina. Þvert á móti er hér aðeins um það að ræða, að þeir leggi til vegamálanna brot af þeim fjárhagslega ávinningi, sem að því er að aka hraðbrautina miðað við aðra vegi. Eins og ég sagði, er þörfin ótvíræð. En menn geta auðvitað rætt um réttmætið og deilt um það, og það er sjálfsagt að brjóta það alveg til mergjar og þá gjarnan að gefa sér betri tíma til þess en vannst við meðferð málsins, þegar það var afgreitt hér á þingi síðast.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorður að þessu sinni, en ég taldi þó ástæðu til að kveðja mér hljóðs, þegar þessi till. um vegtoll á hraðbrautum er rædd hér. Hún hefur legið lengi fyrir þinginu, var flutt á s. l. hausti, tæplega 5 mánuðum eftir að Alþ. hafði gengið frá vegáætlun fyrir árin 1972—1975. Það er þess vegna mjög hæpið, að þessi till. hafi verið lögformlega rétt flutt, þegar það er athugað, að hún felur í sér raunverulega brtt. á vegáætluninni, en vegal. segja svo um, að það sé aðeins heimilt að endurskoða vegáætlunina eftir tvö ár. En látum það nú vera. Till. er flutt, og víst er það, að hún hefur ekki verið úrskurðuð frá umr. hér, og þá verður að líta svo á, að hún sé lögleg.

Hv. 1. flm. flutti hér framsögurræðu, eins og eðlilegt má telja, af hógværð og eins miklum rökum og hægt er að færa fram fyrir svona máli. En rökin eru vitanlega ekki haldgóð, ef málið er skoðað í réttu ljósi og frá fleiri hliðum en þessari einu gömlu hlið, sem aðeins sér hrað-

brautarspottana, sem komnir eru. Þetta er gamla hliðin, að líta aðeins á hraðbrautarspottana, og þá hafa menn haldið, að með því að leggja veggjald á þessa spotta, væri verið að tolla þá, sem búa næst þessum vegum. Ég held, að það sé næstum alveg augljóst mál, að þegar hringvegurinn er kominn og hv. 5. þm. Austf. ætlar að nota þennan veg á leið sinni til Reykjavíkur, þá er ekki eðlilegt, að hann þurfi að borga aðgangseyri til þess að komast til Reykjavíkur, vegna þess að hann hefur 50 km veg góðan, eftir að hann er búinn að aka sjálfur kannske 600—700 km á vondum vegi. Og Norðlendingar og Vestlendingar, þegar þeir ætla til Reykjavíkur, hafa kannske ekið 300—500 km á malarvegi og verða að taka upp budduna, þegar þeir koma í Hvalfjörð, t. d. hjá Kiðafelli, og borga fyrir það að aka 30—40 km veg, sem liggur þaðan til Reykjavíkur. En fólkið, sem býr á Reykjavíkursvæðinu og alltaf ekur á malbikuðum vegi, góðum vegi, borgar aldrei neitt fyrir það sérstaklega. Ég verð þess vegna að segja það, að þó að ég hafi talið, að hv. þm. hafi fært fram þau rök, sem hægt var fyrir þessu máli, þá hafi rök hans, þegar málið er skoðað á réttan hátt, verið alveg öfug, því að till. hljóðar um að skattleggja þá fyrst og fremst, sem búa utan þessara vega. Þeim, sem búa á Reykjavíkursvæðinu, er ekki ætlað að borga þennan skatt.

Þegar talað var um, hvar ætti að setja tollskýlið niður á Suðurlandsvegi, ef það væri sett niður, þá var talað um, að það væri hjá Hveragerði. Hvers vegna? M. a. til þess að þeir, sem fara frá Reykjavík upp á Hellisheiði, þurfi ekki að borga veggjald. En bændurnir fyrir austan fjall, sem flytja mjólkina á sinn kostnað frá Flóabúinu hingað til samsölunnar, eiga að borga skatt, vegna þess að þeir hafa fengið þennan veg á leiðinni. Það er beinn skattur á bændur, vegna þess að þeir flytja mjólkina á sinn kostnað til Reykjavíkur. Hvað þessi skattur verður margir aurar á lítra, veit ég ekki. En ég er alveg sannfærður um, að hv. frsm. hefur ekki athugað þetta, þegar hann flutti till. og talaði fyrir henni. Bændur verða að flytja garðávexti, kjötvörur og framleiðsluvörur sínar yfirleitt til Reykjavíkur, og það eru ekki aðeins Sunnlendingar, sem flytja þessar vörur landleiðina, heldur líka af Vesturlandi og Norðurlandi. Ég sé hér daglega vörubíla frá KEA, frá Kaupfélagi Sauðárkróks, frá kaupfélögum í Húnavatnssýslu. Þeir eru að flytja afurðir til Reykjavíkur og þungavöru til baka.

Mér dettur ekki í hug, að hv. 5. þm. Austf. hafi ætlað sér að skattleggja þessa menn sérstaklega fyrir það, að þeir geta keyrt næstu ár 30—40 km. á góðum vegi í Hvalfirði. Þetta var alls ekki meiningin. En útkoman verður svona, ef þessi till. verður samþykkt. Ég gat ekki stillt mig um að benda á þetta og leiðrétta í tíma. Mér finnst, að hv. flm. hljóti að taka þetta til greina, þegar þeir gera sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem að því yrðu að samþykkja þessa till.

Allir hér á Reykjavíkursvæðinu — Stór-Reykjavíkursvæðinu — aka á góðum vegum. Það er alls ekki meiningin að skattleggja þá. Þeir fara kannske einu sinni á ári eitthvað í sumarfrí út á land og borga þá náttúrlega gjaldið í þetta eina skipti. En hvað munar um það? Hvað munar vegasjóð um það? Vegasjóðinn munar ekkert um annað en það, sem þeir borga, sem þurfa að fara þarna um daglega. Það eru vörubílar bændanna og kaupfélaganna, og það eru sveitamennirnir, sem eiga oft erindi til Reykjavíkur. Margir bændur, sem þurfa að fara vikulega til Reykjavíkur í alls konar erindum, eiga að taka á sig þennan skatt til viðbótar jeppaskattinum, til viðbótar öllum sköttunum, sem komið hafa núna á nokkrum mánuðum. Satt að segja hélt ég, að mælirinn væri orðinn fullur. Ég hélt, að það væri farið að fljóta út af og hv. flm. væru hættir við þessa till., þeir hefðu gert sér grein fyrir því, að það væri ekki hægt að leggja meira á Skjónu, hún bæri ekki meira. En það er alveg sýnilegt, að þeir vilja reyna þolrifin eins og hægt er.

Það er ástæðulaust að fara að rifja upp, hvað þessir baggar eru þungir, sem hafa verið hengdir á Skjónu, og sízt af öllu, ef þessi till. kæmi ekki aftur til umr. frá fjvn. Það vita allir, að innkaupsverð bíla hefur hækkað mjög mikið á s. l. ári. Í byrjun ársins 1972 var lagður þungur skattur á innkaupsverð bíla. Svo hækkaði innkaupsverðið vitanlega vegna gengisbreytingarinnar. Benzínið hækkaði rétt fyrir jólin, þungaskattur um 25%, gúmmígjald o. s. frv. Þetta eru vitanlega byrðar. Hv. 5. þm. Austf. sagði, að vegasjóð vantaði fé, það væru svo miklar vegaframkvæmdir núna, sem síðasta Alþ. hefði ákveðið og þetta Alþ. Það er algert aukaatriði, hvort þessar framkvæmdir, sem nú er verið að vinna að, voru ákveðnar á síðasta þingi, þessu þingi eða t. d. áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum. En vegna þess að hv. 5. þm. Austf. sagði, að það hefði verið ákveðið alveg nýverið, vil ég minna á, að Norðurlandsáætlunin, Austurlandsáætlunin og hringvegurinn voru ákveðin í tíð fyrrv. ríkisstj. Lög um fjáröflun í hringveginn voru samþ. á þinginu 1971, og það var ákveðið að ráðast í Austurlandsáætlun og Norðurlandsáætlun einnig þá. (Gripið fram í.) Jú, ég segi þetta til þess að leiðrétta hv. þm. Hann hefur sjálfsagt sagt þetta í ógáti, en ekki af því, að hann hafi viljað fara rangt með. Ég veit, að hv. þm. tekur þetta vel upp, og veit, að það er vel meint.

Vitanlega þurfa þessar framkvæmdir fjármagn. Það gerðu hv. þm. sér ljóst, þegar þeir fengu frá vegáætluninni vorið 1972. Sú vegáætlun var samin á eðlilegan hátt, eins og aðrar vegáætlanir, sem unnið hefur verið eftir, og þá var gerðt ráð fyrir fjáröflun, en ekki þeirri fjáröflun, sem gerð var rétt fyrir jólin. Ég skal ekki fara lengra út í það. En ég veit, að allir hv. þm. telja, að skattbyrðar, sem lagðar eru á þjóðina, eru ærið miklar, og það á ekki að fara út í skattlagningu nema eftir því sem nauðsynlegt er talið á hverjum tíma. Og sú skattlagning, sem hér er um að ræða, er ekki nauðsynleg, vegna þess að það hefur verið gengið frá vegáætluninni og aflað fjár til hennar, og hún er óréttlát einnig, vegna þess að sú skattlagning kemur helzt niður á þeim,

sem sízt gætu eða ættu að bera þessa skatta. Hún kemur niður á framleiðslunni, og hún kemur niður á þeim, sem helzt nota vondu vegina. Þeir eru skattlagðir fyrir að komast inn á góðu vegina og keyra kannske 10% af leiðinni á góðum vegi, eftir að þeir hafa hossazt lengi á vondum vegum. Þetta getur ekki verið réttlátt. Og það var ekki þetta, sem var meint með flutningi till. Ég er alveg sannfærður um, að hv. 5. þm. Austf. á í sér þann manndóm og þá karlmennsku að játa, að þarna hafi verið skammt stefnt. Hitt er svo eðlilegt, að þessi till. sé rædd, úr því að hún var flutt. Samkv. þingsköpum fer hún í n., og ég vona, að hún komi þaðan ekki aftur. Ég ætla þess vegna að láta máli mínu lokið að þessu sinni í trausti þess, að till. komi ekki aftur, en komi hún til 2. umr., gefst tækifæri til að eyða lengri tíma í ræðuhöld.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hlustaði með nokkurri athygli á ræðu hv. 1. þm. Sunnl. og þóttist kenna, að ýmis af þeim rökum, sem hann flutti gegn því að leggja á veggjald, hefðu áður verið flutt hér, að vísu ekki öll þau rök, sem hann var með, af því að sum þeirra get ég ekki beint tekið undir, en mörg af þeim hafa áður verið flutt hér af mönnum, sem hafa barizt gegn álagningu veggjalds, og þá minnist ég þess ekki, að hv. 1. þm. Sunnl., sem þá sat í sæti hæstv. samgrh., hafi tekið mikið undir þau rök. En vissulega má segja, að batnandi manni sé bezt að lifa, og vil ég í tilefni af skoðanaskiptum hv. þm. bjóða hann velkominn í hóp þeirra manna, sem reyna að hamla gegn álagningu veggjalds á ný.

Ég tek fyllilega undir það, að vegalagning hér í landinu er félagslegt verkefni, sem eðlilegt sé, að öll þjóðin standi að. Og í reynd hefur það verið gert. Hverjir eru það, sem borga vegina hér á Íslandi? Það eru óumdeilanlega þeir, sem eiga bifreiðar, kaupa bifreiðar og reka bifreiðar. Ef við lítum á, hvernig bifreiðaeign landsmanna skiptist á landsmenn, þá hef ég hér tölur fyrir framan mig, sem lagðar voru fram á þingi Félags ísl. bifreiðaeigenda á Selfossi nú fyrir nokkru, en þær skýrslur sýna, að bifreiðaeign landsmanna í upphafi ársins 1972 er 52 489 bifreiðar af ýmsum tegundum. Af þessum bifreiðafjölda í landinu eiga bifreiðaeigendur búsettir í Reykjavík, Kópavogi, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Keflavík, Árnessýslu og Rangárvallasýslu 35 285 bifreiðar, eða um 67.2% af allri bifreiðaeign landsmanna er að finna á þessu svæði. Þetta er mjög veigamikil forsenda, sem ég bið hv. þm. að hafa í huga, þegar þeir meta sanngirni þess að leggja á veggjald, að í fyrsta lagi er veggjaldið borgað af bifreiðaeigendum í landinu, í öðru lagi, að bifreiðaeigendur á þessum stöðum, sem ég rakti hér áðan, eiga um 67.2% af allri bifreiðaeign landsmanna. Þriðja atriðið, sem skiptir verulegu miklu máli í þessu sambandi, þegar við tölum um, hvaða leiðir sé sanngjarnast að fara til þess að innheimta þær tekjur til vegagerðar í landinu, sem nauðsynlegar eru hverju sinni, er að líta á gerð veganna.

Samkv. vegal., eins og hv. þm. vita, er þjóðvegum skipt í þjóðbrautir, landsbrautir og hraðbrautir. Þeir þjóðvegir, sem flm. leggja til, að verði lagt sérstakt veggjald á, eru hraðbrautirnar. Nú er þjóðvegalengdin í landinu um 8284 km, en þar af eru aðeins um 206 km hraðbrautir með umferðarþunga, sem er yfir 1000 bifreiðar á dag, en bæði Reykjanesbrautin og Suðurlandsvegurinn mundu falla í þann flokk, þ. e. a. s. aðeins 206 km af 8284 km þjóðvega eru hraðbrautir með 1000 bíla umferð á dag.

Nú er það staðreynd, að á undanförnum mörgum árum og áratugum hefur álagning á bifreiðar og rekstrarvörur bifreiða verið svo mikil, að verulega stór hluti af heildarálögunum, bæði af innflutningstollunum og tollum og gjöldum af rekstrarvörum, hefur gengið til annars en til vegagerðar í landinu. Ég hef hér úr sömu skýrslu töflu yfir, hvernig þetta hefur verið á árunum 1961—1973, — það er að vísu áætlað fyrir árið 1973 og raunar áætlað fyrir 1972 líka. En þar sem hæstv. forseti hefur tjáð mér, að meiningin sé að slíta þessum fundi kl. 3, gefst ekki tími til að lesa þessa töflu alla frá ári til árs. En til þess að hv. þm. fái nokkra hugmynd um, hvaða gerzt hefur á þessu tímabili í þessum efnum, vil ég nefna það, að af þeim heildarskattaálögum, sem lagðar hafa verið á bifreiðaeigendur á þessum árum, hefur allan þennan tíma nema tvö ár meira en helmingurinn af þessum sköttum runnið til annarra þarfa í þjóðfélaginu en til vegagerðar. Það er aðeins á árunum 1968 og 1969, að meira en helmingi álagðra gjalda á bifreiðaeigendur er varið til vegagerðar. Hitt hefur gengið í ríkissjóðinn að langmestu leyti a. m. k. og hefur verið notað til þess að standa undir framkvæmdum á ýmsum öðrum sviðum.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, í fyrsta lagi, að bifreiðaeign landsmanna er að langmestum hluta samankomin á því svæði, sem mundi nota viðkomandi hraðbrautir, þ. e. a. s. Reykjanesbrautina og Suðurlandsveginn, í öðru lagi, að Suðurlandsvegurinn og Reykjanesbrautin eru aðeins lítill hluti, mjög lítill hluti af heildarþjóðvegakerfinu í landinu, og í þriðja lagi, að um það bil helmingi og yfirleitt meira en helmingi af heildarálögum á bifreiðaeigendur hefur verið varið til annarra þarfa en vegagerðar í landinu, þá held ég, að allir, sem a. m. k. vilja beita nokkurri sanngirni við mat á því, hvort eðlilegt sé, að sérstakt veggjald sé lagt á notendur þessara brauta, hljóti að komast að sömu niðurstöðu og ég og fleiri, að bifreiðaeigendur á þessu svæði, sem mest nota þessa vegi, hafi þegar greitt sinn hluta og fyllilega það í þeim kostnaði, sem vegagerð í landinu kostar. Þess vegna stenzt á engan hátt að mínu áliti það, sem hv. frsm. þáltill. vék hér að áðan, þegar hann sagði, að veggjaldið væri eðlilegt, svo að þeir, sem notuðu þessa góðu vegi, Reykjanesbraut og Suðurlandsveginn, legðu til vegamálanna, held ég, að hann hafi kallað það, fjárhagslega brot af þeim hagnaði, sem þeir hefðu af góðum vegum. Ég hygg, að þær staðreyndir, sem ég hef nefnt, sýni, að hér er byggt á algerlega röngum forsendum. Þeir, sem nota þessa vegi fyrst og fremst, hafa fyllilega staðið við sitt í sambandi við vegagerð í landinu. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það atriði.

Ég vil þá víkja að öðru atriði, sem er líka ástæða til þess, að ég er á móti veggjaldi, og það er, að með álagningu veggjalds, held ég, að enginn þurfi að fara í grafgötur um það, að það verður ekki lagt á alla sambærilega vegi, hvar sem er í landinu. Við höfum þegar nokkra reynslu af því. Það eru til fleiri vegir sambærilega frágengnir þegar en Reykjanesbrautin ein. Og það hefur sýnt sig, að vegna þess, að umferðin um þá vegaspotta er ekki svo mikil, að það sé talið borga sig að leggja veggjaldið á þar, þá hefur verið hlífzt við að gera það. Og ef veggjaldinu verður beitt sem tekjustofni, mun sýna sig, að það verður lagt á vegi, sem hafa verulegan þunga í umferðinni, en ekki á aðra vegi, sem kunna að vera alveg jafnvel gerðir, af því að umferðarfjöldinn þar er ekki svo mikill, að það verði talið borga sig. Með þessu tel ég, að sé verið að brjóta eina grundvallarforsendu réttlátrar skattálagningar, sem á að vera sú, að þeir, sem búa við sambærilegar aðstæður, eigi að borga sömu gjöldin.

Til viðbótar þessu vil ég benda á það, að í sambandi við veggjald er um að ræða talsverðan kostnað við innheimtu veggjaldsins, og ég tel tvímælalaust betra fyrir vegagerðina í landinu og þá fjáröflun, sem þarf að verða, til þess að hún geti gengið áfram með eðlilegum hraða, að þær tekjur, sem lagðar eru á vegna vegagerðarinnar, gangi allar óskiptar til vegagerðar, en ekki sé svo og svo mikið af þeirri skattheimtu notað til annarra þarfa, sem hægt væri að komast hjá að fullnægja, ef aðrar tekjuleiðir væru farnar en sú, sem gert er ráð fyrir með álagningu veggjaldsins.

Það er að sjálfsögðu rétt, og það viðurkenni ég, að verulega hefur dregið úr rekstrarkostnaði bifreiða hjá þeim, sem mest hafa notað t. d. Reykjanesbrautina á undanförnum árum, vegna þess að þar er um betri veg að ræða en það Ódáðahraun íslenzkra vega, sem þar var að finna, áður en Reykjanesbrautin var lögð. Ég hef aldrei borið brigður á, að það væri verulega mikið fjárhagslegt hagræði að fá slíka vegi, og ég hef aldrei byggt andstöðu mína gegn veggjaldi á þeirri forsendu. En það er nú svo með varanlega vegagerð eins og margt annað, að einhvers staðar verður hún að byrja og ekki er hægt að gera alla vegi í einu vetfangi með varanlegu slitlagi. Ég tel, að mjög sterk rök hnígi að því, að eðlilegt hafi verið að byrja á varanlegri vegagerð á Reykjanesbrautinni á sínum tíma. Ég skal ekki tína til mörg rök. Það er augljóst, að umferðin á þeim vegi eða þeim vegarspotta var ein sú mesta, sem þekktist í landinu. Þar við bætist, að þá voru þær breytingar að gerast, að Keflavíkurflugvöllur var að verða að alþjóðlegum flugvelli í æ ríkari mæli og íslenzka þjóðfélagið hafði æ meiri tekjur af lendingargjöldum erlendra flugvéla á Keflavíkurflugvelli, og þjóðarbúið hefur haft mjög verulegar gjaldeyristekjur af því. Það var um tíma mikið um það rætt, hvort eðlilegt væri að byggja nýjan flugvöll hér í næsta nágrenni Reykjavíkur, og var rætt bæði um nýjan flugvöll á Álftanesi, hér í næsta nágrenni Reykjavíkur, og jafnvel í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar, en eftir athuganir var það talið fjárhagslega skynsamlegra að reyna að byggja upp og bæta Keflavíkurflugvöllinn, en bæta um leið samgöngurnar frá höfuðborginni þangað. Það var talin skynsamlegri leið en sú að ráðast í nýja flugvallabyggingu hér í næsta nágrenni. Þetta mun hafa ráðið úrslitum um það, að byrjað var á varanlegri vegagerð á Reykjanesbrautinni frá Reykjavík út á Suðurnes.

Það er ljóst, að frá þjóðfélagslegu sjónarmiði er heppilegt að gera þá vegi fyrst vel úr garði, þar sem umferðin er mest. Það hafa margir útlendingar, sem hingað hafa komið og kynnzt að nokkru þjóðfélagsháttum hér, talað um það að þeir skildu ekki í því, að við flyttum inn jafnmikið magn rándýrra bíla og við höfum gert á undanförnum árum til þess bókstaflega að hristast sundur á ónýtum vegum á tiltölulega skömmum tíma. Nú er vitað mál, að allur kostnaður við bifreiðar í landinu og rekstur bifreiða leggst á einn eða annan hátt á framleiðslustarfsemi í landinu, er aukinn kostnaður við framleiðsluna, gerir framleiðsluna dýrari og ósamkeppnishæfari á erlendum mörkuðum og dýrari til innanlandsnota. Það eru því bein þjóðfélagsleg rök, sem liggja til þess, að fyrst sé farið í varanlega vegagerð þar, sem hægt er að spara mest í sambandi við úthald bifreiða. Og það skilyrði uppfyllti Reykjanesbrautin vissulega.

Það liggur fyrir erlend reynsla, og það hefur verið rannsakað sérstaklega í mörgum löndum, hvað viðhaldskostnaður bifreiða er breytilegur eftir því, á hvers konar vegum er ekið. Ég hef hlutfallatölur um niðurstöður slíkrar rannsóknar, sem gerð var á Bretlandseyjum fyrir 3—4 árum. Hún sýnir, að viðhaldskostnaður bifreiða, sem ekið er eftir malarvegi, er helmingi meiri en viðhaldskostnaður bifreiða, sem ekið er á malbikuðum vegi. Og með tilvísun þess, sem ég hef áður sagt, að þessum viðhaldskostnaði bifreiða er jafnað niður á þjóðfélagsborgarana og kemur ofan á framleiðslukostnaðinn, þá reikna ég með, að hv. þm. geti fallizt á það með mér, að mjög verulega miklum kostnaði hefur raunverulega verið bægt frá dyrum landsmanna með því að hefja varanlega vegagerð á þeim stöðum, sem eðlilegast er að byrja á.

Ég fæ því ekki séð, að nokkur sérstök rök liggi til þess að taka upp veggjald sem tekjustofn til vegagerðar. Ég hef fært rök fyrir því, að hvorki sanngirnissjónarmið né jafnaðarsjónarmið geta verið forsenda fyrir því að leggja veggjald aðeins á suma vegi, en sleppa öðrum, sem að öllu leyti eru sambærilegir að gerð. Það getur ekki talizt sanngirnis- né jafnaðarsjónarmið. Ég hef bent á, að þjóðfélagslegir og fjárhagslegir hagsmunir eru bundnir því að keppa að því með eins miklum hraða og mögulegt er að gera sem flesta vegi í landinu vel úr garði, setja á þá varanlegt slitlag og á þann hátt spara þjóðarbúinu hundruð millj. á hverju ári, og það, að á þessu er byrjað á tveim fjölförnum vegum í landinu og búið að ljúka verulegum áföngum í þeim efnum, á að vera fagnaðarefni fyrir þjóðina alla. Það kemur að því, þó að seinna verði, að fleiri vegir verði gerðir úr varanlegu efni. Og ég fullyrði það, að horfur þeirra, sem búa víða um dreifðar byggðir lands-

ins og eðlilega óska eftir því að fá slíka vegi, — vonir þeirra til að fá slíka vegi eru einmitt ekki hvað sízt bundnar við það, að við getum sparað í eyðslu og útgjöldum, m. a. vegna bifreiðaviðhalds, og gert okkar þjóðfélag efnahagslegra sterkara, svo að það geti sinnt þessum verkefnum fyrr en ella. Þróun, sem engum kemur að góðu, eins og er víða í sambandi við bifreiðanotkun í landinu, kemur að sjálfsögðu niður á öllum landsins börnum, þegar langt er horft fram í tímann, og þegar af þeirri ástæðu held ég, að menn ættu ekki að sjá ofsjónum yfir því, þó að þessir tveir vegarspottar hafi fyrstir orðið lagðir varanlegu slitlagi af þjóðvegum landsins. Og ég skora á þá, sem hér tala á eftir mér og kunna að telja rétt að beita veggjaldi sem tekjustofnum fyrir vegagerðina, að hrekja þau rök, sem ég hef hér flutt fyrir því, að notendur þessara tveggja vega hafi fyllilega greitt sinn hluta af heildarkostnaðinum við vegagerð í landinu.

Ég held, að þessari till., sem hér er verið að ræða, ætti að vísa frá af þeirri ástæðu, að ekki eru nema nokkrar vikur síðan hætt var að innheimta veggjald af Reykjanesbrautinni. Mér finnst satt að segja, að það sé meira en lítið óðagot af flm. þessarar till., að þeir geti ekki látið a. m. k. eitt ár líða, frá því að þeirri veggjaldsinnheimtu var hætt, þangað til farið yrði að athuga í alvöru að taka hana upp á ný, því að ég tel, að hún hafi ekki gefið góða raun. Mjög verulegur hluti af þeim gjöldum, sem bifreiðaeigendur greiddu á þessari braut, fór í innheimtukostnað, sem kom vegagerðinni á engan hátt til góða, og eins og ég hef vikið að áður, eru aðrar skattlagningarleiðir miklu eðlilegri til þess að ná í fé til vegagerðar heldur en álagning veggjalds. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég er mjög til viðtals um það, þó að ég telji kannske vafasamt, að það sé fært í augnablikinu vegna þeirrar þenslu, sem er í okkar þjóðfélagi, og vegna þeirra miklu framkvæmda, sem verið hafa í okkar þjóðfélagi, — þá er ég samt, hvenær sem aðstæður í þeim efnum kunna að breytast, til viðtals um að reyna að efla og auka tekjur vegasjóðs eftir þeim almennu leiðum og með þeirri almennu skattlagningaraðferð, sem höfð hefur verið hér í áratugi, þ. e. a. s. að innheimta tolla af innflutningi bifreiða og af rekstrarvörum bifreiða.

Umr. frestað.

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 166, n. 277). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frumvarp á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts, eins og það liggur fyrir. Efni málsins er ákaflega einfalt og þarf ekki langrar framsögu eða útskýringa við. Hér er fyrst og fremst um leiðréttingar á tölum að ræða varðandi sektir, og er efni frv. skýrt rækilega í grg. — Eins og ég áðan sagði, mælir allshn. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. S. l. föstudagskvöld var flutt í hljóðvarp og sjónvarp ávarp í tilefni tíðinda, sem hingað höfðu borizt frá borginni Haag í Hollandi. Tíðindin, sem borizt höfðu, voru í stuttu máli á þá leið, að Alþjóðadómstóllinn í Haag hefði lýst því yfir, að hann teldi sig hafa lögsögu í fiskveiðideilu þeirri, sem við Íslendingar eigum í við vini okkar, þá sem ríkjum ráða í Bretlandi og í Vestur-Þýzkalandi.

Yfirlýsing þessi hafði verið lesin upp um hádegisbil þennan dag, föstudag, og sá, sem það gerði, var forseti dómsins, sem samkv. útvarpsfréttum stendur nú á áttræðu og mundi því hafa komizt á eftirlaun fyrir 15 árum, hefði hann verið sýslumaður á Íslandi.

Yfirlýsing þessi var í rauninni engin stórtíðindi. Íslendingar hlutu að vita, að við gátum aldrei átt á öðru von en einmitt þessu úr þessari átt. Hitt hefði þó í sjálfu sér ekki getað talizt óeðlilegt, að fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps kveddu til einhvern af æðstu mönnum þjóðarinnar að ávarpa hana við þetta tækifæri. En það var ekki gert. Sá, sem fenginn var til að flytja ávarpið, er að vísu alþm., en að forminu til ekki neitt meira en óbreyttur alþm. eins og við flest hin, sem hér eigum sæti. Og hafi hann verið valinn vegna þess, að hann kennir þjóðarétt við háskólann, þá er því til að svara, að þann starfa hefur þessi hv. alþm. ekki haft með höndum ýkjalengi. Hins vegar vill svo til, að í röðum okkar alþm. er að finna annan mann, sem kenndi þjóðarétt við háskólann um langt árabil eða a. m. k. fjórum sinnum lengur en hinn alþm., og er þá augljóst, hjá hvorum þeirra væri að leita staðbetri þekkingar í þessum efnum. En þar við bætist, að sá þeirra, sem áður gengdi því starfi, sem hinn gegnir nú, er sjálfur forsrh. okkar Íslendinga, og sem slíkur hefði hann að sjálfsögðu átt að vera kvaddur til fyrstur manna, þó að ekki komi annað til, að ávarpa þjóðina vegna fréttarinnar frá Haag. Og ef hann hefði sökum annríkis ekki haft tök á slíku, þá hlaut röðin næst að koma að öðrum hæstv. ráðh., utanrrh. eða sjútvrh.

Sumir segja, að fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps hafi viljað staðfesta lýðræðisást sína og frjálslyndi með því að leyfa einmitt stjórnarandstöðunni að túlka sín sjónarmið varðandi fréttina frá Haag. Og þá hafi auðvitað verið sjálfsagt að velja mann úr hinum stærri stjórnarandstöðuflokki. En þá þekki ég illa ónefnda menn í þeim herbúðum, ef þeim finnst ekki, að þarna hafi verið næsta freklega fram hjá þeim gengið, því að mér vitanlega hefur ekki enn — ekki enn — verið skipt um formann í Sjálfstfl. En hitt sýnist mér, að með sama áframhaldi kynnu fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps að flýta nokkuð fyrir þeim skiptum — óviljandi þó að sjálfsögðu.

En varðandi ávarpið mikla á föstudagskvöldið, þá er aðalatriðið ekki, hver flutti það. Það atriði út af fyrir sig var næsta lítið hneykslí í samanburði við boðskap þann, sem í ávarpinu fólst.

Sá boðskapur var á þá leið, að við Íslendingar skyldum, þvert gegn yfirlýstri stefnu ríkisstj. okkar, þvert gegn samþykktum Alþ. okkar, — samþykktum, sem sá hv. þm., sem ávarpið flutti, og allir aðrir þm. stóðu að fyrir ekki svo óralöngu, — þvert gegn öllu þessu skyldum við Íslendingar hlíta þeim niðurstöðum, sem orðið hafa og eiga eftir að verða árangurinn af vangaveltum hinna skikkjuklæddu öldunga, er sæti eiga í Haagdómstólnum.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þá hlið þessa máls. En ég þykist mega krefjast þess sem einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. hér á Alþ., að af hennar hálfu verði héðan úr þessum ræðustól fordæmdur sá boðskapur, sem fólst í margnefndu ávarpi á föstudagskvöldið. Við Íslendingar höfum hingað til staðið uppréttir gagnvart andstæðingum okkar í landhelgisdeilunni, og það er engin ástæða til þess að láta þá eða nokkra aðra ganga upp í þeirri dul, að við Íslendingar ætlum okkur allt í einu núna að fara að standa í keng.

Sá hv. alþm., sem ávarpið flutti á föstudagskvöldið, byggði málflutning sinn á því samkomulagi, sem hann átti sjálfur þátt í, að gert var við Breta og Vestur Þjóðverja 1961, — því samkomulagi, sem Haagdómstóllinn byggði reyndar úrskurð sinn á. Núv. stjórnarflokkar báru aldrei neina ábyrgð á því samkomulagi. Þeir mótmæltu því harðlega, þegar það var gert, og núv. ríkisstj. hefur fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar sagt því formlega upp. Það er því úr sögunni sem slíkt, og tilraunum eins og þeirri, sem gerð var á föstudagskvöldið til þess að leggja ábyrgðina á þessu samkomulagi, þessum smánarsamningi, á herðar núv. hæstv. ríkisstj. eða ís-

lenzku þjóðarinnar í heild, — slíkum tilraunum verður bezt svarað með þeim orðum, sem sögð voru við Sigurð jarl í Brjánsbardaga forðum: „Ber þú sjálfur fjanda þinn."

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mun ekki gera út af fyrir sig að umræðuefni þann fréttaflutning, sem hér var drepið á, vegna þess að útvarp og sjónvarp heyrir ekki undir mig, og það er eðlilegra, að sá ráðh., sem fer með þau málefni, svari til saka þar, ef til saka er að svara. En ég stend aðeins upp út af því, að hv. þm. lét í ljós þá ósk, að ríkisstj. léti frá sér heyra varðandi þá hugleiðingu, skilst mér, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., Gunnari Thoroddsen, á þá lund, að það ætti að taka til málflutnings fyrir Alþjóðadómstólnum við efnismeðferð hans. Ég skildi það svo, að það væri um þetta atriði, sem hv. þm. óskaði eftir, að af stjórnarinnar hálfu kæmu fram vissar yfirlýsingar.

Þessu er því til að svara, að stjórnin mun að sjálfsögðu fara eftir fyrirmælum Alþ., og Alþ. hefur einróma lýst því yfir með ályktun sinni frá 15. febr. s. l., að þessir samningar frá 1961 hefðu þjónað tilgangi sínum og Íslendingar væru ekki bundnir lengur við þá. Á þessum grundvelli hefur verið unnið að málinu, og á þessum grundvelli verður áfram unnið. Mér skilst, að ef yrði farið að mæta af Íslands hálfu við efnismeðferð málsins, þá lægi í því eða gæti a. m. k. legið í því viðurkenning á, að samningarnir væru í gildi, og Íslendingar yrðu þá bundnir af þeim efnisdómi, sem upp yrði að lokum kveðinn. Ég held þess vegna, að stefna ríkisstj. í þessu hljóti að verða ákaflega skýr og auðsætt, hver hún verður, meðan Alþ. breytir ekki fyrri ákvörðun sinni um þetta efni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara á þessu stigi út í neinar hugleiðingar eða útskýringar á því, hvernig þessi lögsögudómur kemur mér fyrir sjónir. Þó get ég sagt það hér, að hann kom mér ekki á óvart. Ég hef alltaf haldið því fram og mun halda því fram, þrátt fyrir það að e. t. v. verði fáir á því máli og fleiri fræðimenn á öðru, að Alþjóðadómstólnum hefði borið skylda til þess að kveða upp úrskurð um lögsögu sína, áður en hann gaf út það, sem menn ýmist kalla bráðabirgðaúrskurð eða tilvísun. Ég held, að honum beri skylda til þess jafnan að gera slíkt, þegar annar aðili mætir ekki. Ég held, að það ákvæði í reglum dómsins, sem segir um það atriði, sé glöggt og hljóti samkv. eðlil málsins einnig að eiga við um bráðabirgðaúrskurði eða bráðabirgðatilvísanir. Auðvitað gat ekki nokkur heilvita maður látið sér detta í hug, eftir að þessi bráðabirgðaúrskurður lá fyrir, annað en þeir dómarar, sem að honum stóðu, hefðu tekið tillit til og ath., hvort þeir ættu lögsögu í málinu. Ég lít svo á, að í raun og veru hafi þeir með sínum bráðabirgðaúrskurði, hvað sem þeir vilja segja um það eftir á, kveðið upp úrskurð sinn um lögsögu. Það var bókstaflega ómögulegt fyrir þá að éta það ofan í sig aftur, sem þeir voru búnir að segja. Ég held því, að þessi dómur þeirra um lögsögu þurfi út af fyrir sig ekki að koma neinum á óvart.

Fyrir dómnum hafa legið öll sjónarmið Íslendinga og mótmæli við því, að dómurinn ætti lögsögu í þessu máli, yfirlýsing og rök fyrir því, að við teldum þennan samning ekki bindandi lengur fyrir okkur og hefðum sagt honum upp með hæfilegum fyrirvara.

Auðvitað er eitt höfuðatriði í þessu máli það, að út frá mati á aðstæðum, eins og þær voru 1961, og því ástandi, sem þá ríkti, hefur það auðvitað verið sjónarmið þeirra, sem stóðu að samningnum, að það þyrfti að gera þennan samning þá, til þess að fallið væri frá mótmælum gegn 12 mílum. Mergurinn málsins er sá, að ég held, að ef menn hefði 1961 getað séð þróunina fyrir og hversu ör hún hefur orðið í þessum efnum, þá hefði enginn gert þennan samning. Og mergurinn málsins er sá, að árið 1972 eða 1973 dytti engum í hug að kaupa það nokkru verði, dytti engum í hug, að það þyrfti að gefa nokkuð fyrir það að fá viðurkenndar 12 sjómílur sem fiskveiðilandhelgi, vegna þess að nú dytti engu ríki í hug að mótmæla 12 sjómílna landhelgi. En það eru slík sjónarmið, sem Alþjóðadómstóllinn hefur ekki viljað fallast á m. a., en hafa legið fyrir honum greinilega. Það eru þessar brostnu forsendur, sem fyrst og fremst gera það að verkum, að það er engin sanngirni í því að telja Íslendinga nú bundna af samningunum frá 1961.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af ræðu hv. 5. þm. Vesturl. hér áðan varðandi ummæli Gunnars Thoroddsens prófessors og alþm., hv. 5. þm. Reykv., langar mig til að lýsa furðu minni á því, að slíkt mál sé tekið hér til umr. utan dagskrár, án þess að þessum hv. þm. hafi verið gert aðvart. Ég þekki það til starfsreglna Alþ., að eigi að ræða utan dagskrár fsp. eða aths. til ráðh., þá hefur tíðkazt, að forsetar hafa jafnan athugað, hvort viðkomandi ráðh. hafi verið gert viðvart, til þess að hann geti verið viðstaddur, þegar umr. fara fram, og haft tækifæri til andsvara, ef um aths. er að ræða. Þetta hefur tíðkazt, — þetta tíðkaðist í tíð fyrrv. ríkisstj., og ég held, að ég megi segja, að það tíðkist enn í dag. Mér finnst vera mjög eðlilegt, þegar hafnar eru umr. utan dagskrár og vikið að málefnum einstaks ráðh., að þá sé við hann rætt, og mér finnst eðlilegt, að viðkomandi þm. ræði sjálfur við viðkomandi ráðh., áður en til umr. komi í þinginu.

Hins vegar hefur það gerzt, að einn hv. þm. hefur séð ástæðu til þess að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár vegna ummæla eins þm. í útvarpi s. l. föstudagskvöld vegna niðurstöðu Haagdómstólsins varðandi lögsögu í þeim málaferlum, sem Bretar og Vestur-Þjóðverjar eiga í við okkur Íslendinga. Fyrst og fremst og eingöngu held ég, að hér sé verið að ræða við prófessor við háskólann. Það hafði verið gert áður við svipað tækifæri. Ég held, að það detti engum manni í hug, að hér sé verið að ganga fram hjá ríkisstj. í sambandi við það, sem hún vildi láta eftir sér hafa varðandi þennan úrskurð. Ég geri ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi þá ekki haft í höndum úrskurðinn með þeim forsendum, sem honum fylgja, og hún hafi þess vegna ekki verið reiðubúin til að tjá sig í málinu.

En það, að ríkisútvarpið skuli leyfa sér að leita til stjórnarandstöðumanns, sem er prófessor í lögum, af því að það vill svo til, að hann er þm. í liði stjórnarandstæðinga, telur hv. þm. ástæðu til að gagnrýna. Hann er að senda fjölmiðlunum boð um, að það, sem þarna gerðist, sé ekki að hans skapi. Ég veit vel, að hv. þm. kemur hér á eftir og svarar mér og segir: Þeim hv. þm., sem útvarp og sjónvarp leitaði til, ber að vera mættum hér til þingfundar kl. 2 í dag. — Það er alveg rétt. Hér hefjast þingfundir kl. 2. En vel getur svo verið, að umræddur þm. hafi lögmæt forföll, og þess vegna finnst mér í alla staði hafa verið háttvísi, hafa verið eðlilegt af þessum hv. þm. að gera þeim aðila aðvart.

Ég skal ekki fara hér í umr. um úrskurð dómstólsins. Það verður sjálfsagt tækifæri til þess síðar meir, þegar aðilar hafa fengið dóminn ásamt forsendum hans í hendur. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að þegar ríkisstj. hefur fengið viðeigandi gögn, muni hún láta utanrmn. þau í té, og þá munu stjórnarandstæðingar eins og stjórnarliðar, sem þar eiga sæti, fá tækifæri til þess að skoða úrskurðinn og þær forsendur, sem honum fylgja. Mér fannst ástæða til þess að vekja athygli á þessari óvenjulegu — ég segi óvenjulegu — ræðu hér utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða. Þegar um alvörumál er að ræða eins og þetta, á það að vera undir því komið, hvort tiltekinn þm. situr í sínum stól eða ekki, hvort það er tekið til umr. Varðandi ásakanir um það, að ég hafi ekki reynt að gera honum viðvart, þá vil ég spyrja hv. þm., hvort hann hafi hugmynd um, hvort ég hafi gert það eða ekki. Síðasta tilraun mín var sú að hitta hann hér tímanlega fyrir fund, ég kom hingað kortér fyrir 2 til þess að gera honum viðvart, og hann kom ekki. Fundur hófst, og hann var ekki kominn. Mér er sama, hvað hv. þm. Sjálfstfl. kunna að segja, ég lít ekki svo stórt á hv. þm. Gunnar Thoroddsen, að ég telji, að stórmál eins og þetta þurfi að bíða þess, að honum þóknist að ganga í salinn.

Hv. þm. hafði uppi ásakanir í minn garð fyrir ósmekkleg vinnubrögð, að ræða um þetta, þegar viðkomandi þm. er ekki viðstaddur, standa hér upp utan dagskrár, þegar maðurinn getur ekki svarað fyrir sig. Það var einu sinni í fyrra, — ég held, að það sé um það bil ár síðan, — að einn þm. fór til Bretlands, og þegar hann var á leiðinni til Bretlands langt á sjó úti, þá stóðu upp forustumenn beggja stjórnarandstöðuflokkanna, stigu upp í þennan stól til þess að ráðast á þennan þm. Ég spyr: Áttu þeir ekki að bíða með þetta, þangað til þessi þm. kæmi heim? Ég sé ekki betur en hér sé um að ræða fordæmi ekki ómerkari manna en Gylfa Þ. Gíslasonar og Jóhanns Hafsteins. (**Gripið fram í:** Hann sást svo lítið þennan vetur, þm. Hann var alltaf í hafi.) Það er svo annað mál, hvað menn hafa verið lengi í burtu. En þetta er staðreynd. Á þennan þm. var ráðizt, þegar hann var hvergi nærstaddur og hafði enga möguleika á að svara fyrir sig. Og ég endurtek, að hér er um að ræða fordæmi, og hafi ég gerzt sekur um óviðurkvæmilega framkomu í þessu sambandi, hafa þessir forustumenn tveggja stjórnarandstöðuflokkanna svo sannarlega gert það líka.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Dómurinn, sem kveðinn var upp af Alþjóðadómstólnum í Haag, er, hvort sem okkur líkar betur eða verr, þýðingarmikið atriði í landhelgismálinu, sem við setjum framar öllum öðrum málum íslenzku þjóðarinnar í dag.

En hvað gerist, þegar sjálft Alþingi Íslendinga kemur saman á fyrsta fund sinn, eftir að þessi dómur er kveðinn upp? Þingmenn eru komnir í háarifrildi út af því, hver hafi verið látinn tala um þetta í útvarp fyrir helgina, og með alls konar glósum og bröndurum höggvast þm. um það, hvort hafi meiri eða minni þýðingu, að tilgreindir menn séu ýmist í sætum sínum hér á þingi eða á togara á leið til Bretlands. Hvílík reisn á þessu þingi!

Ég tel, að Alþ. þurfi að ræða um dóminn í Haag. Mér finnst ekki eðlilegt, að ríkisstj. sé við því búin að gera það í dag, því að ég veit ekki til þess, að hún sé búin að fá skýrslur frá Haag um það, hvernig dómurinn er, hvernig hann féll og á hvaða forsendum hann er upp kveðinn. Þegar þau gögn liggja fyrir, finnst mér eðlilegt, að það fari fram alvarleg umr. um þetta mál hér á Alþ., en við látum vera að pexa um það, hver hafi komið fram í hvaða fjölmiðli hvenær, hvað menn séu gamlir og hvenær þeir séu að flækjast á togurum til annarra landa o. s. frv.

Ég vil skjóta fram einni hugmynd til hæstv. ríkisstj., sem gæti komið að gangi, áður en eðlilegar umr. fara fram. Og hún er sú, hvort ekki er tímabært fyrir okkur að ráðgast nú við aðrar þjóðir, sem hafa meira en 50 mílna landhelgi, heyra þeirra viðhorf og vita eitthvað um það, þegar málið verður rætt hér alvarlega. Það er til í dæminu, að þetta mál verði, úr því að það heldur áfram fyrir dómnum í Haag, að einhverju leyti prófmál. Það er hugsanlegt, að það verði takmarkað eingöngu við íslenzkar aðstæður, en það er líka hugsanlegt, að það geti haft áhrif á gerðir allra þeirra þjóða, sem hafa meira en 50 mílna landhelgi. Við ættum að heyra skoðanir þeirra og sérfræðinga þeirra, þegar við ræðum málið.

Ég ætla svo að lokum að skjóta fram fsp. til hæstv. ríkisstj., enda þótt utanrrh. sé ekki við. Ég óska ekki eftir svari nú. Fsp. er á þá leið, hvort ekki verði af Íslands hálfu gerð aths. við það, að skip, sem siglir undir fána Afríkulýðveldisins Líberíu, er farið að taka þátt í að veita brezkum landhelgisbrjótum vernd hér við landið? Ég veit ekki, hversu mikið þetta skip hefur þegar gert, en ég er ekki viss um, að þjóðin, sem skipið er skráð hjá, sé hrifin af því. Ég þekki það a. m. k. af ræðum, sem fulltrúar Líberíumanna hafa flutt á opinberum vettvangi, að viðhorf þeirra til landhelgismála eru miklu nær okkar viðhorfum heldur en Breta.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Því miður er hæstv. utanrrh. ekki staddur hér

til að svara eða gera grein fyrir þeim atriðum, sem hv. síðasti ræðumaður benti á. En ég vil svara því til, að ég veit ekki betur en við höfum alltaf verið að ráðgast við þessar þjóðir, sem hafa stærri landhelgi en 12 mílur, og við höfum reynt að hafa samband við þær eftir getu. Ég tel rétt, að hæstv. utanrrh. upplýsi nánar um það, hvort hafi verið haft samráð við þær um þetta atriði varðandi dómstólinn. Ég efa ekki, að það hafi mjög borið á góma, því að það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þó að þetta mál yrði að formi til aðeins á milli Íslands og Stóra-Bretlands, mundi með þeim dómi, sem þar væri upp kveðinn, skapazt fordæmi, sem gæti haft geysimikla þýðingu fyrir allar aðrar þjóðir. Þess vegna er ég ekki í vafa um, að þessar þjóðir, sem hafa stærri landhelgi, hafa vakandi auga með því, hvernig við snúumst við þessu atriði. Ég tel sjálfsagt, að hæstv. utanrrh. svari þessu nánar, ef óskað er eftir, þegar hann verður hér viðstaddur.

Viðvíkjandi síðara atriðinu, sem hann nefndi, tel ég fyrir mitt leyti sjálfsagt að mótmæla því, ef því hefur ekki verið þegar mótmælt. Ég held, að afskiptum þessa skips hafi verið mótmælt nú þegar. En um það er utanrrh. einnig enn bærari en ég að segja alveg ákveðið, af því að ég hef það ekki við höndina, hvort hefur verið mótmælt í sambandi við þetta skip því atriði, að það er undir öðrum fána. — Ég vildi aðeins láta þetta atriði koma fram, af því að þær ábendingar, sem komu frá hv. þm., voru vissulega þess verðar, að þær væru teknar alvarlega.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af þeim umr., sem hér hafa átt sér stað, taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég tel, að sú fréttaskýring, sem flutt var af hv. alþm. Gunnari Thoroddsen í sjónvarp og útvarp, hafi verið í mesta máta óviðeigandi og beri að mótmæla slíkri fréttaskýringu, því að það er ekkert um að villast, að eins og hún var sett fram, var hún í fullkominni andstöðu við yfirlýsta stefnu Íslendinga í landhelgismálinu. Eins og Gunnar Thoroddsen setti fram sína skýringu í sjónvarpi og útvarpi, fór ekki á milli mála, að það var helzt á henni að skilja, að við Íslendingar værum skuldbundnir til þess að hlíta niðurstöðum dómstólsins í Haag vegna þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum. Þessi skýring er auðvitað alveg fráleit og stenzt ekki þær lagagreinar, sem hér er raunverulega byggt á. Því aðeins á þetta við, að þjóð hafi viðurkennt aðild sína að tilteknu máli fyrir dómstólnum, þá sé hún á eftir skuldbundin að hlíta niðurstöðum dómstólsins. En hér er ekki um það að ræða. Hv. alþm. Gunnar Thoroddsen vissi mætavel, að afstaða Íslendinga í þessu máli var sú, að við viðurkenndum ekki, að dómstóllinn hefði rétt til þess að fjalla um þetta mál skuldbindandi fyrir okkur, og það átti vitanlega að koma fram í fréttaskýringu um málið. En hv. þm. hafði annan hátt á. Þessu ber auðvitað að mótmæla.

Það vita allir, að Bretar hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að reyna að draga okkur fyrir Haagdómstólinn í þessu máli á grundvelli landhelgissamninganna frá 1961 og vilja halda þeim samningum að okkur. Við höfum hins vegar sagt upp þeim samningum, og þar sem við teljum, að þeir samningar séu ekki í gildi, viðurkennum við ekki, að dómstóllinn geti fjallað um málið. Það hefur engri þjóð, ekki Bretum heldur, dottið í hug að kalla aðrar þjóðir fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag, þó að þær hafi fært sína fiskveiðilandhelgi út fyrir 12 mílur. Það er eingöngu á grundvelli samningsins frá 1961, sem Bretar reyna þetta við okkur. Þeir halda því fram, að þessir samningar séu enn í gildi og í krafti þeirra sé hægt að láta dómstólinn fjalla um málið. En afstaða okkar í þessum efnum er skýr. Við teljum okkur hafa sagt upp samningnum á löglegan hátt og af því geti dómstóllinn ekki fjallað um málið.

Hér hefur verið sagt, m. a. af hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, að í tilefni af þeirri niðurstöðu dómstólsins, að hann hafi lögsögu í þessu máli, ættum við nú að fara að ráðgast við aðrar þjóðir, sem svipað væri ástatt um og okkur að hafa stærri landhelgi en sem nemur 12 mílum. Að sjálfsögðu höfum við um langan tíma haft samband við þessar þjóðir. En það er enginn vafi á því, að þær munu allar líta svo á, að það mál, sem Bretar efna nú til fyrir Haagdómstólnum gegn okkur, snúist eingöngu um það, hvort Íslendingar séu bundnir af samningum, sem þeir gerðu árið 1961. Því er það, að ef við viðurkenndum, að þeir samningar væru í gildi, væru allar líkur til, eins og þessi dómstóll hefur haldið á málinu, að unnt væri í krafti þeirra samninga að stöðva okkar landhelgisútfærslu, þó að dómstóllinn hefði ekki með því nein áhrif á útfærslu annarra þjóða. Þetta mál snýst því í rauninni um það, hvort við eigum að gefa kost á því, að samningarnir við Breta og Þjóðverja frá árinu 1961 séu í gildi eða ekki. Og það verður að teljast alveg furðulegt, eins og haldið hefur verið á þessu máli hér á landi og m. a. hér á Alþ., að það skuli koma upp raddir nú um að ætla að víkja frá þessari mörkuðu stefnu okkar um það, að samningunum hafi verið sagt upp og þeir séu ekki í gildi.

Ég álít, að eðlilegt hefði verið í sambandi við þennan nýja úrskurð Haagdómstólsins að gefa fulla skýringu á því, um leið og þessi úrskurður féll, hver var afstaða Íslendinga til málsins, sem lá fyrir mörkuð. Hitt var auðvitað alveg óafsakanlegt og í rauninni að koma aftan að Íslendingum í þessu máli, að gefa yfirlýsingu á þá lund, sem Gunnar Thoroddsen gaf í útvarpi og sjónvarpi, þar sem hann lét að því liggja, að raunverulega værum við bundnir við niðurstöðu dómsins og við hefðum raunverulega bundið okkur með þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum.

Það gefast eflaust tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar, áður en langt líður. Það verður ekki gert hér utan dagskrár að þessu sinni. En ég vil taka undir það hér með öðrum að mótmæla harðlega þessari einkennilegu fréttaskýringu Gunnars Thoroddsens, sem er í fullu ósamræmi við markaða stefnu Íslendinga í landhelgismálinu. Og ég lýsi undrun minni á því, að útvarp og sjónvarp skuli leyfa sér að standa þannig að málinu eins og þessi stofnun hefur gert, því að það fer vitanlega ekkert á milli mála, að þessi

skýring af hálfu Gunnars Thoroddsens á enga aðra skýringu en þá, að hann sé að reyna að bera í bætifláka fyrir gerð þeirra samninga, sem hér er raunverulega deilt um.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég er þess áskynja, að hér hafa hafizt umr. og kannske deilur utan dagskrár um landhelgismálið, og ég get að sjálfsögðu ekki blandað mér í þær umr., því að ég hef ekki heyrt þær og var að koma af fundi m. a. með hæstv. utanrrh. og þar sem einnig hv. þm. Gunnar Thoroddsen var staddur. Ég vil aðeins á þessu stigi málsins segja það, að mér finnst tilhlýðilegra að ræða um þann úrskurð, sem Haagdómstóllinn hefur nú fellt, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur fengið úrskurðinn í hendur. En hæstv. utanrrh. tjáði mér, að enn hefur hún ekki fengið þennan úrskurð, þó að menn hafi heyrt í fréttamiðlum um niðurstöður hans. Og landhelgisnefndin hefur ekki verið kvödd til viðræðna við ríkisstj. til ráðuneytis, eins og hún var þó stofnuð til að hafa, um afstöðuna til málsins núna. Ekki hefur heldur unnizt tækifæri til að ræða þetta í utanrmn.

Við höfum yfirleitt haft þann hátt á í sambandi við landhelgismálið að forðast opinberar deilur hér í sölum Alþ. um málið og oft lagt allir á okkur mikið erfiði til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu, og ég held, að við höfum hlotið yfirleitt þakklæti íslenzku þjóðarinnar fyrir að hafa náð samstöðu í þessu máli og deilur hafi ekki verið hafnar um það í sölum Alþingis.

Þetta vildi ég segja á þessu stigi málsins. Mér finnst eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. fái í hendur úrskurð Haagdómstólsins um lögsögu hans og niðurstöður hans verði ræddar, bæði í landhelgisnefndinni og í utanrmn., og við höldum þeim hætti, svo lengi sem við getum, að reyna að forðast deilur hér í sölum Alþingis, opinberar deilur um málið, þar sem hvert orð er flutt í fjölmiðlum hér á landi og erlendis. Þetta skulu vera mín orð nú. Eins og ég sagði, tek ég ekki þátt í þeim deilum, sem ég hef ekki heyrt hér, en mér finnst tilhlýðilegt og reyndar bezt viðeigandi, að hæstv. forseti léti nú lokið þessum umræðum og við fengjum tækifæri til þess í tómi að ræða málið innan vébanda þessara tveggja nefnda við hæstv. ríkisstj.

Húsafriðunarsjóður, frv. (þskj. 120). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 30 shlj. atkv.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það gerðist á fundi Nd. í gær, að utan dagskrár kvaddi sér hljóðs hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, og gerði að umræðuefni nokkur orð, sem ég hafði mælt í útvarp, þ. e. hljóðvarp og sjónvarp, á föstudagskvöldið að beiðni þeirrar stofnunar. Nú stóð svo á, að ég var hér ekki staddur á þeim fundi og vil því biðja hæstv. forseta Sþ. að leyfa mér að mæla hér nokkur orð til skýringa og leiðréttingar á því, sem kom fram utan dagskrár í gær. En svo stóð á fjarvist minni í upphafi þessa fundar, að hæstv. utanrrh. hafði beðið mig ásamt nokkrum öðrum þm. að koma til viðræðna við 4 fulltrúa frá Evrópuráðinu, sem hér voru á ferð. Þessum viðræðum lauk ekki fyrr en kl. langt gengin 3, og voru þar bæði utanrrh. og menntmrh. til þess tíma. Þar sem óvíst var fyrir fram, hversu lengi þessar umr. stæðu fram yfir kl. 2, hafði ég ekki formlega beðizt fjarvistarleyfis, enda átti það að vera óþarft, m. a. vegna þess, að hæstv. forseti Nd. tók þátt í þessum viðræðum, og þegar hann fór laust fyrir 2 til að setja fund í Nd., þá vissi hann, að umr. var haldið áfram, og hefði það gjarnan mátt koma fram, þegar deilt var á mig fyrir fjarvist.

Hv. 5. þm. Vesturl. beindi skeytum sínum fyrst að hljóðvarpi og sjónvarpi fyrir, að þær stofnanir skyldu leyfa sér að snúa sér til mín á föstudag, eftir að fréttist um úrskurð Alþjóðadómstólsins í landhelgismálinu, og biðja mig að segja nokkur orð um dóminn. Nú svara þessar stofnanir að sjálfsögðu fyrir sig og hafa þegar gert það. En hv. þm. komst svo að orði í ádeilu sinni á þessar stofnanir, að sá, sem fenginn var til að flytja þessi ávörp, var aðeins alþm., óbreyttur alþm. Þm. taldi, að það hefði átt að velja einhvern fyrirmann eða höfðingja í staðinn. Það fer vissulega vel á því í munni þeirra stjórnmálamanna, sem jafnan kenna sig við alþýðuna, að útvarpið eigi ekki að líta við eða leita til múgamanna, eins og þm., heldur eigi að horfa til höfðingjanna. Og þess vegna er það líka skiljanlegt, að þm. lét ekki svo lítið að láta mig vita, að hann ætlaði að gera mig og mín orð að umtalsefni. Það er venja, þegar talað er utan dagskrár og menn beina máli sínu til ráðh., að þeir eru látnir vita áður, en þess var náttúrlega ekki von, að farandsöngvari Alþb. teldi slíkt við hæfi, þegar aðeins óbreyttur þm. átti í hlut.

Nú er mér spurn: Hvers vegna báðu þessar fréttastofur báðar mig um að koma til þess að segja nokkur orð um þetta mál, óbreyttan alþm.? Það fyrsta, sem fram hefur komið í því efni, — það voru ekki beint orð hv. þm., en hefur komið fram í málgögnum stjórnarinnar, að e. t. v. kunni það að hafa verið vegna þess, að ég sé höfundur svikasamningsins frá 1961, og þess vegna hafi þær viljað gefa mér kost á að verja samninginn. Nú vil ég taka það í fyrstu fram, að ekki er ég höfundur þessa samnings. Það voru þeir ráðh. þrir, Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og Guðmundur Í. Guðmundsson, sem höfðu allan veg og vanda af þeirri samningagerð. Hins vegar ber ég ábyrgð á honum eins og aðrir ráðh. og þm., sem samþykktu samninginn. En út af þessum samningi vil ég aðeins geta þess á þessu stigi, að þessi samningur frá 1961, sem leysti landhelgisdeiluna og var samþykktur af meiri hl. Alþ., var staðfestur af ís-

lenzku þjóðinni í næstu kosningum á eftir. Tveim árum síðar fóru fram almennar kosningar, og kjósendur kváðu upp þann dóm, þrátt fyrir öll gífuryrði stjórnarandstæðinga þáv. um svik og smánarsamninga, að 56% þjóðarinnar kusu þá flokka, sem höfðu staðið að þessum samningum.

E. t. v. hefur verið sú ástæða til þess, að ríkisútvarpið leitaði til mín, að ég hefði haft með höndum kennslu í þjóðarétti við lagadeild háskólans. Það hef ég haft samtals í 9 ár. Hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að fremur hefði í því efni átt að leita til hæstv. forsrh., því að hann hefði kennt þjóðarétt við háskólann a. m. k. fjórum sinnum lengur. Ef þessi aldursreikningur hv. þm. er réttur, þá ætti hæstv. forsrh. að vera farinn að nálgast aldur dómsforsetans í Haag. Nú er ekki svo, heldur er hæstv. forsrh. á bezta aldri. En það vill svo vel til og einkennilega, verð ég að segja, að þegar hv. þm. sagði, að dómforsetinn í Haag mundi standa á áttræðu, þá fór hann þarna furðunærri sannleikanum, miklu nær en honum tókst í öðrum hlutum ræðu sinnar, því að svo er mál með vexti, að þessi dómsforseti, sem heitir Muhammed Zafrulla Khan, frá Pakistan, er fæddur 6. febrúar 1893 og mun því eiga áttræðisafmæli í dag. Það er því ljóst, að þeir eru mjög jafnaldra, Mao í Kína og Muhammed í Haag. En svo er mál með vexti, að Mao Tes-tung er nú sá, sem sumir stjórnarliðar setja allt sitt traust á í landhelgismálinu. Þeir ala þá von í brjósti, að á sínum tíma kunni einræðisstjórnin í Kína að beita hinu alræmda, ólýðræðislega neitunarvaldi í Sameinuðu þjóðunum, — það er nýjasti blómahnappurinn á hinni „sjálfstæðu" utanríkisstefnu ríkisstj.

En hvað var það svo, nánar skoðað, sem hrærði svo mjög hjartastrengi hv. þm., að hann taldi ástæðu til þess utan dagskrár að sýna mér þennan sóma? Ég skal rekja hér í örfáum drátt-um, hvað ég sagði í hljóðvarp og sjónvarp.

Ég minntist fyrst á það, að öll ríki, sem væru í Sameinuðu þjóðunum, væru aðilar að Alþjóðadómstólnum. Í því fælist ekki, að öll ríki væru skyldug til að leggja ágreiningsmál sín undir dóminn, heldur eingöngu ef sérstakar yfirlýsingar eða samningar lægju fyrir. Ég gat þess, að 46 ríki, þ. á m. Norðurlöndin öll að Íslandi undanteknu, hefðu undirritað og sent dómstólnum og Sameinuðu þjóðunum skuldbindingu um það, að öll ágreiningsmál um réttarágreining ríkjanna skyldu lögð fyrir dómstólinn. Ég minntist á það, að Ísland hefði ekki gert slíkan samning, en hins vegar væri ákvæði í samningnum frá 1961 um það, að þegar við færðum út fyrir 12 mílur og ágreiningur yrði, værum við því samþykkir, að málið færi fyrir dómstólinn í Haag. Ég minntist á það, hvenær Alþjóðadómstóllinn hefði fyrst komið við sögu í landhelgismáli okkar, það hafi verið 1951, þegar hann dæmdi í landhelgismáli Breta og Norðmanna, þar sem Norðmenn unnu frægan sigur, og sá dómur var grundvöllur að landhelgisútfærslu og leiðréttingu grunnlína 1952 hjá okkur.

Ég minntist í öðru lagi á, að ári síðar, 1953, hefði ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar boðið það fram, að Alþjóðadómstóllinn skæri úr deilu okkar og Englendinga um landhelgisútfærsluna. Ég gat þess, að ríkisstj. núv. hefði sagt upp samningnum frá 1961. Að því er dómstólinn snerti, þá væru þar þrir áfangar. Sá fyrsti var úrskurðurinn um málaleitan eða tilvísun frá því í ágúst, í öðru lagi þessi úrskurður nú um lögsögunna og í þriðja lagi yrði svo kveðinn upp efnisdómur í málinu.

Loks ræddi ég það, hvernig bæri að skýra sáttmála Sameinuðu þjóðanna um það, hvort og á hvern hátt ríki væru bundin af dómum Alþjóðadómstólsins, og loks minntist ég á það, hvort eigi væri rétt, að Íslendingar flyttu mál sitt fyrir dóminum.

Ég býst við, að það séu aðallega þessi tvö síðari atriði, sem hafa hleypt illu blóði í hv. þm. Mér finnst rétt gagnvart hv. þingheimi að skýra þessi atriði, fyrst málið hefur verið flutt hér inn miklu fyrr og á annan hátt heldur en æskilegt hefði verið, því að vitanlega hefði verið æskilegt, þegar dómurinn lá fyrir með forsendum, að þá yrði málið tekið hér til umr., m. a. það atriði, hvort ætti að senda málflytjendur til dómsins eða ekki.

Svo er mál með vexti, að árið 1946 samþykkti Alþ. að sækja um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar. Alþ. ályktaði að veita ríkisstj. heimild til þess að sækja fyrir hönd Íslands um inntöku í bandalag hinna sameinuðu þjóða og takast á hendur þær skuldbindingar, sem samkv. sáttmála bandalagsins eru samfara þátttöku í því. Samkv. þessari heimild og með samþykki Alþ. voru því þessir samningar undirritaðir. Meðal þeirra, sem samþykktu að gangast undir skuldbindingar í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, var Einar Olgeirsson, sem skrifaði undir í nál., að Íslendingar væru reiðubúnir að gangast undir þær skuldbindingar, sem sáttmálinn legði á meðlimina. Og meðal þeirra, sem greiddu atkv. með því að takast á hendur þessar skuldbindingar samkv. sáttmálanum, var hæstv. núv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson. Það, sem Alþ. þannig samþykkti og hafði legið fyrir til athugunar og umr. á Alþ., var sáttmálinn eða stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða og samþykktir Alþjóðadómstólsins. En samkv. sáttmálanum, 92. gr., segir, að „Alþjóðadómstóllinn skal vera aðaldómstóll hinna Sameinuðu þjóða. Hann skal starfa samkv. hjálagðri samþykkt, sem ... er óaðskiljanlegur hluti þessa sáttmála." M. ö. o.: það, sem Alþ. samþykkti að gangast undir, var sáttmálinn sjálfur ásamt samþykktum dómsins. Þær greinar, sem hér skipta máli og ég byggði að sjálfsögðu á umsögn mína í útvarpi, eru einkum þessar:

Í 94 gr. sáttmálans segir: „Sérhver meðlimur Hinna sameinuðu þjóða skuldbindur sig til þess að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins í hverju því máli, sem hann er aðili að." Á öðrum stað, 36. gr., 6. lið, samþykktanna, segir, að verði ágreiningur um það, hvort dómstóllinn hafi lögsögu, skeri dómstóllinn úr ágreiningi um það. M. ö. o.: þegar ágreiningur er um það, hvort ríki sé aðili að máli, þannig að dómstóllinn hafi lögsögu yfir því, þá er það dómstóllinn, sem sker úr því atriði, og öll ríki Hinna sameinuðu þjóða hafa samkv. sáttmálanum skuldbundið sig til að hlíta því, ekki með samningunum frá 1961, heldur með inngöngunni í Sameinuðu þjóðirnar 1946.

Sú túlkun, sem hæstv. sjútvrh. setti fram hér

í gær, að orðin „máli, sem hann er aðili að" þýddu eingöngu það mál, sem ríkið viðurkennir, að það sé aðili að, er fjarstæða. Þegar talað er um, að ríki sé aðili að máli og ágreiningur hefur verið um það, þá hefur dómstóllinn um það úrslitaúrskurðarvald. Með þessum ummælum er ég hér eins og í útvarpinu að skýra, hvernig beri að túlka þessi ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvernig þau eru túlkuð af þjóðréttarfræðingum, a. m. k. þeim, sem ég þekki til.

Nú er það þannig, að dómur Alþjóðadómstólsins er bindandi úrslitadómur og honum verður ekki áfrýjað. Það er rangt, sem haldið hefur verið fram, að þessum dómi sé hægt að áfrýja til Öryggisráðsins og það geti breytt honum. Dómur Alþjóðadómstólsins er endanlegur dómur að sínu leyti eins og dómur hæstaréttar í hverju landi er. Hins vegar er það í landslögum þannig, að ef aðili, sem dæmdur er með úrslitadómi, neitar að framfylgja dóminum, þá er hægt að snúa sér til fógeta, til þess að hann með þeim ráðum, sem hann hefur, framfylgi dóminum, en hann getur ekki breytt dómi hæstaréttar.

Það sama er ákveðið í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, 2. mgr. 94. gr., þar sem segir svo, að láti nokkur aðili bregðast að framkvæma þær skuldbindingar, sem honum ber samkv. dómsúrskurði Alþjóðadómstólsins, þá geti hinn aðilinn leitað til Öryggisráðsins, sem getur, ef því þykir nauðsynlegt, gert till. eða ákveðið aðgerðir til þess að dóminum verði fullnægt. Í riti hæstv. forsrh., Sameinuðu þjóðirnar, tekur hann fram, að þetta sé hliðstætt ákvæði því, sem er í landslögum, að fógeti hafi vald til þess og skyldu að framfylgja dómum. Öryggisráðið getur auðvitað neitað að verða við beiðni um það að veita atbeina sinn til þess að framfylgja dómi, þannig að dóminum verði ekki framfylgt af þeim ástæðum. Það er hugsanlegt. En Öryggisráðið er enginn áfrýjunardómstóll, og það er ekki hægt að áfrýja dómi Alþjóðadómstólsins þangað til breytingar.

Hitt atriðið, sem ég minntist á og ég veit, að hefur farið í taugarnar á sumum hv. stjórnarliðum, er það, að ég benti á, að nú yrði málið tekið til efnismeðferðar hjá dómstólnum, hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvort sem við látum mæta eða ekki mæta. Ég tók fram, að úrslitin, hin efnislegu úrslit, hljóti að velta mjög á því, að málstaður Íslands verði túlkaður og fluttur svo sem bezt má verða. Ég sagði enn fremur í ríkisútvarpinu: „Verði það gert, er ég bjartsýnn á úrslitin. Svo sterk eru rök okkar, og svo vel vinnur tíminn fyrir okkur."

Ég vildi láta þessar skýringar koma hér fram og vil ítreka það aftur, að ég hefði talið miklu æskilegra, að málið hefði borið fyrir Alþ. til umr., þegar dómurinn og forsendurnar liggja fyrir, og þá með þeim hætti, að hér geti farið fram málefnalegar rökræður um það, hvort Alþ. vill, að málsvarar séu sendir til dómstólsins til að túlka mál okkar, eða ekki.

Rannsóknir á íslenzkum leirtegundum, fsp. (þskj. 173). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Fyrir allmörgun árum var samþykkt svo hljóðandi till. hér á hv. Alþ., — með leyfi forseta vil ég lesa till.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fullrannsaka, hvort hagkvæmt muni vera að reka leirverksmiðju í Dalasýslu, og jafnframt gera athugun á því, hvar séu leirlög í landinu, sem bezt henta til leiriðnaðar í stórum stíl."

Seint í nóv. 1970 spurðist ég fyrir um niðurstöður af rannsóknum þessum. Þá var upplýst, að ekki neitt hefði verið athugað í málinu. Mér er kunnugt um það, að allviðtækar rannsóknir á leirtegundum hafa átt sér stað núna tvö síðustu árin. Til þess að fá vitneskju um niðurstöður af rannsóknum þessum hef ég ásamt hv. 4. þm. Vesturl. lagt fram fsp. á þskj. 173, þar sem spurt er:

„1. Hver er niðurstaða þeirra rannsókna, sem fram hafa farið á íslenzkum leirtegundum?

2. Er grundvöllur fyrir rekstur leirverksmiðju í Dalasýslu?"

Ég vænti, að hæstv. iðnrh. geti svarað fsp. þessum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og hv. fyrri fyrirspyrjandi tók fram áðan, var samþ. þál. um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl. 13. febr. 1957, og las hv. þm. upp tillgr. hér áðan. Eftir það mælti Iðnaðarmálastofnun Íslands með því, að þessi rannsókn yrði gerð, en rannsóknaráð taldi að fenginni umsögn frá iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans rannsóknina ekki tímabæra. Lá nú málið niðri langa hríð, en var tekið upp að nýju á Alþ. árið 1970 af alþm. Ásgeiri Bjarnasyni og Friðjóni Þórðarsyni með fsp. til iðnrh., dags. 28. okt. 1970, um undirbúning leirverksmiðju í Dalasýslu o. fl. Ráðh. svaraði þessari fsp. og fól rn. síðan að leggja fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins og jarðkönnunardeild Orkustofnunar að annast rannsóknir þær, er lúta að könnun leirlaga á téðu svæði. Skömmu síðar óskaði Kaupfélag Þingeyinga eftir könnun á leirmyndunum í Þingeyjarsýslum við Rannsóknaráð ríkisins, en það vísaði málinu til iðnrn. Leirkönnunin beindist fyrst og fremst að Hvammsfirði í Dalasýslu og að jarðhitasvæðum við Þeistareyki og Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu. Auk þess var sýnum safnað víða á landinu í því skyni að afla nánari þekkingar á leirmyndunum landsins. Slík þekking er nauðsynleg, þegar dæmt skal um, hvort ákveðin leirvinnsla sé hagkvæm á Íslandi og þá hvar á landinu hún sé hagkvæmust.

Þeir aðilar, sem höfðu frumkvæðið að þessari leirkönnun, lögðu áherzlu á leiriðnað í Dalasýslu og á möguleika á leirvinnslu í Þingeyjarsýslum, án þess að geta sérstaklega um, hvers konar leirvinnsla væri höfð í huga. Eiginleikar hráefnis ráða mjög miklu um það, hvers konar iðnaður er hugsanlegur. Til eru nokkrar tegundir leirmínerala, og eru nýtingarmöguleikar leirhráefnis mjög háðir því, hvaða leirmineröl eru í því, í hvaða hlutföllum og styrk þau eru og hvaða önnur mineröl eru í hráefninu. Til fróðleiks skulu nokkrir notkunarmöguleikar leirs taldir upp:

1. Leir til brennslu, byggingarefni, svo sem múrsteinar, rör og flísar, heimilis- og skrautmunir,

hreinlætistæki og postulínsvörur. 2. Leir vegna jarðborana. 3. Leir til lýsishreinsunar. 4. Leir vegna framleiðslu á málningu. 5. Slitlag malarvega.

Eins og framan greinir, var rannsóknunum aðallega beint að leirlögunum í Dalasýslu, en til hagræðis voru aðrir þekktir staðir teknir með. Framkvæmd rannsóknanna var hagað þannig, að Orkustofnunin lagði til jarðfræðikunnáttu, en Rannsóknastofnun iðnaðarins lagði fram tæknilega og efnafræðilega þekkingu og rannsóknir. Þessar rannsóknir urðu viðameiri en búizt var við, þar sem ýmsar spurningar og vandamál komu fram í sambandi við rannsóknastarfið. Þessum nýju atriðum, sem fram komu í sambandi við rannsóknirnar, þarf að svara til þess að fá fullkomnari upplýsingar og niðurstöður um gæði ásamt notkunarmöguleikum íslenzkra leirtegunda. Rannsóknastofnun iðnaðarins þurfti að afla sér ýmissa nauðsynlegra rannsóknartækja vegna þessara leirrannsókna, m. a. leirbrennsluofns ásamt tilheyrandi útbúnaði. Kornastærðargreiningar, efnagreiningar og margvíslegar aðrar rannsóknir byrjuðu strax og sýnum hafði verið safnað, en leirbrennsluofninn kom ekki fyrr en á miðju ári 1972. Var þá hafizt handa við brennslutilraunir á leir. Á svo stuttum tíma sem liðinn er síðan ofninn kom hefur ekki verið hægt að framkvæma nema tiltölulega fáar brennslutilraunir.

Fyrrgreindar tvær stofnanir hafa nú sent frá sér ítarlegar og viðamiklar skýrslur. Segja má, að þar með sé lokið rannsóknaþætti þessa máls. Hann hefur tekið lengri tíma og orðið yfirgripsmeiri en til stóð í byrjun, enda eru leirrannsóknum hérlendis þar með gerð sæmileg skil. Leirsýni frá eftirtöldum stöðum voru tekin til rannsóknar í Rannsóknastofnun iðnaðarins: Sigöldu, Torfajökli, Dalasýslu, Námafjalli, Krókóttu vötnum, Kröflu, Þeistareykjum, Ketillaugarfjalli í Hornafirði, Bæjardal í Lóni, Hoffellsdal, Hornafirði, Hengifossi, Kerlingarfirði og Norðurárdal í Borgarfirði. Eru þetta þeir staðir, sem vitað var um leirnámur á. Sumar þeirra eru þó mjög litlar. Alls voru 68 sýni efnagreind, en með því má áætla gæði leirsins að nokkru. Síðan voru sýni frá þeim stöðum, sem líklegastir þóttu að gæðum og magni, tekin til nánari rannsóknar. Var það leir frá Dalasýslu, Námafjalli, Þeistareykjum, Hornafirði, Bæjardal í Lóni, Sigöldu og Torfajökli. Einnig var tekið með sýni frá Ketillaugarfjalli í Hornafirði, þótt enn sé ekki vitað nema um tiltölulega lítið leirmagn þar, vegna þess hve leirinn var talinn álitlegur eftir efnarannsókn. Prófun á mótanleika eða þjálni reyndist jákvæð fyrir leir frá Dalasýslu, Námafjalli, Þeistareykjum og Ketillaugarfjalli. Prófanir á rýrnun við þurrkun voru hins vegar einungis jákvæðar fyrir Dalasýslu og Ketillaugarfjall. Þær leirgerðir eru því þær einu, sem koma til greina sem aðalefni til leirframleiðslu. Aftur á móti kom í ljós, að leir frá Torfajökli er hentugur til íblöndunar í Dalasýsluleirinn, þar sem hann bætti mjög þurrkunareiginleika hans.

Brennsluprófanir reyndust hagstæðar fyrir Ketillaugarfjallsleir. Dalasýsluleirinn hafði þröngt brennslusvið eða hitasvið við brennslu, og orsakar það, að varfærni og eftirlit þarf við brennslu hans. Möguleikar eru þó á að breyta þessum eiginleika með íblöndun. Prófanir á vatnsdrægni Dalasýsluleirs eftir brennslu reyndust fullnægjandi fyrir ýmsa grófkeramík, t. d. tígulsteina, en rannsóknir á frostþoli þarf einnig að framkvæma. Þar sem leir hefur enn aðeins fundizt í tiltölulega litlu magni í Ketillaugarfjalli í Hornafirði, virðist einkum vera um möguleika á nýtingu leirs í Dalasýslu eða Laxárdal að ræða.

Um grundvöll fyrir rekstri leirverksmiðju í Búðardal skal eftirfarandi tekið fram:

Mikið magn er af leir við Búðardal, og er að sjá, að leirinn sé jafn að gæðum. Þótt rannsóknir hafi leitt í ljós, að um viðkvæman leir sé að ræða, þannig að brennslusviðið sé stutt, þá eru möguleikar á að bæta leirinn með ýmsum íblöndunum. Þar með ætti fyrri hluta fsp. að vera svarað.

Um síðari hlutann mætti segja þetta: Rannsóknin hefur leitt í ljós, að í Dalasýslu er leir nothæfur til iðnaðarframleiðslu, sem líklega má þó bæta með íblöndun. En spurningunni um rekstrargrundvöll leirverksmiðju er ekki þar með svarað. Kanna þyrfti, hver væri hugsanlegur markaður fyrir framleiðsluna og hvaða vörutegundir mundu bezt henta. Slíka hagkvæmniskönnun þyrfti að gera, og væri æskilegt, að fjár yrði aflað í því skyni.

Eins og ég gat um fyrr í svari mínu, eru þegar tiltækar tvær skýrslur um þessi efni. Það er í fyrsta lagi skýrsla frá Orkustofnun: Leirmyndanir í Dalasýslu og Þingeyjarsýslum. Hún kom út í okt. 1972 og er allmikið plagg. Hin síðari kom í jan. í ár frá Rannsóknastofnun iðnaðarins: Rannsóknir á íslenzkum leir, og er mikið plagg, eins og menn sjá. Þessar skýrslur eru tiltækar hjá iðnrn. fyrir þá, sem hefðu áhuga á að kynna sér þær. Í iðnrn. eru einnig til nokkur sýni af brenndum leir, bæði leir úr Dalasýslu og með íblöndun frá leir annars staðar að, sem þeir þm., sem áhuga hafa á þessu máli, geta skoðað þar.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og þá rannsókn, sem fram hefur farið á leirlögum víðs vegar á landinu og ekki sízt í Dalasýslu. Mér þykir vænt um að heyra, að þessi rannsókn hefur leitt það í ljós, að í Dalasýslu er einna líklegast, að hægt verði að nýta leirinn til iðnaðar í stórum stíl og það á margvíslegan hátt. Að vísu eru ókönnuð ýmis mál í því sambandi, eins og hæstv. ráðh. minntist á, m. a. sölumöguleikar og annað í því sambandi. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., að hann verði hjálplegur í því að útvega fjármagn til áframhaldandi rannsókna á þessum málum, svo að ekki líði langir tímar, þar til hægt verði að hefjast handa. Það þarf ekki um það að ræða hér, að það er allþýðingarmikið fyrir lítið byggðarlag eins og Dalasýslu að fá til sín iðnað, og ég vænti þess, að það geti orðið fljótlega, eftir að nánari athugun þessa máls hefur fram farið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka undir þakkir hv. 1. þm. Vesturl.

til hæstv. iðnrh. og þeirra manna, sem unnið hafa að rannsóknum þessa efnis. Það má segja, að það var rennt nokkuð blint í sjóinn með flutningi þessarar till. á sínum tíma og ályktun Alþ., sem samþ. var á Alþ. 13. febr. 1957, og vissulega skorti þá mörg skilyrði til þess, að hægt væri að halda þessu máli áfram, m. a. var þá ekki rafmagn, sem nú er komið á þessar slóðir. En nú á síðustu árum hafa verið gerð myndarleg átök við að framkvæma þá rannsókn, sem um var beðið, og eins og hæstv. ráðh. gat um, er nú lokið rannsóknarþætti þessa máls. Er mjög myndarlega að því verki staðið, og mun ég a. m. k. þiggja að líta nánar í þær bækur, sem hæstv. ráðh. var hér með áðan.

Ég vona, að þessu máli verði haldið áfram, haldið vakandi, því að vissulega getur hér verið um mikið hagsmunamál fyrir þessa byggð að ræða. Ég vænti þess, að þar leggist allir á eitt við að athuga til hlítar, hvort ekki getur orðið þarna um raunhæfa hagnýtingu að ræða byggðinni til heilla.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 166). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Í Nesjahreppi Austur-Skaftafellssýslu er í smíðum heimavistarskóli, sem á að taka nemendur úr 5 hreppum sýslunnar. Smíði þess skóla er ekki að fullu lokið, en þó svo langt komið, að þegar er haldinn skóli á þessum stað, og hefur svo verið hina síðustu vetur. Í næsta nágrenni við þennan skóla er félagsheimili sveitarinnar. Nú hafa nokkrir menn, sem vilja stofna heimili í sveitinni, farið þess á leit við hreppsnefndina, að hún láti í té byggingarlóðir í grennd við þessar stofnanir, skólann og félagsheimilið. Hreppsnefndin vill verða við þessum tilmælum, en hefur ekki umráð yfir þeirri landspildu, sem þykir koma til greina í þessu sambandi. Landspildan er í landareign jarðar, sem heitir Austurhóll, en sú jörð, Austurhóll, er mjög landlítil og var upphaflega hjáleiga frá prestssetrinu Bjarnanesi. Þegar leitað var til bóndans á Austurhóli um, að hann léti af hendi þetta land til hreppsins, gaf hann þau svör, að hann vildi ekki verða við þeim tilmælum nema með því skilyrði, að hann fengi jafnstóra spildu á öðrum stað til þess að leggja við landareign sína. En þá þarf að skerða prestssetursjörðina Bjarnanes sem þessu nemur. Hreppsnefndin leitaði þá álits prestsins í Bjarnanesi um viðhorf hans í þessu efni, og hann lét í té mjög jákvæða umsögn um málið, sem ég hef leyft mér að birta sem fskj. með grg. frv., og er umsögn þessi svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Nesjahrepps hefur farið þess á leit við mig, að ég yrði henni hliðhollur í þeirri málaleitan, að Stjórnarráð Íslands veitti leyfi sitt til þess, að seldir yrðu úr landi prestssetursins Bjarnaness 4 hektarar lands til Guðmundar Guðbjartssonar bónda á Austurhóli í stað lands, er hann lætur hreppsnefndinni í té til stofnunar byggðahverfis. Þar eð land til byggðahverfisstofnunar fæst ekki átakalaust nema með þessum kostum, en spildan, sem um er beðið, er prestssetrinu nytjalítil, hlýt ég að vera þessari beiðni meðmæltur.

Virðingarfyllst.
Skarphéðinn Pétursson."

Í framhaldi af þessu sendi oddviti hreppsins erindi til kirkjumrn., þar sem jörðin Bjarnanes er prestssetur, og óskaði þess á s. l. vori, að kirkjumrn. hlutaðist til um, að hreppurinn gæti fengið þá spildu, sem hér um ræðir. Ráðuneytið tók þessari málaleitun fremur vel út af fyrir sig, en það bendir á, að þessi viðskipti þurfi að gerast á þann hátt, að spildan úr Bjarnaneslandi, sem leitað er eftir, verði seld Nesjahreppi, og til þess að svo megi verða, þurfi að fá lagaheimild, til þess að sala geti átt sér stað. Þegar málið var komið í þetta form, var leitað til þm. um það, að þeir reyndu að fá lögfesta slíka lagaheimild. Af því tilefni er frv. þetta nú borið fram.

Frv. mælir fyrir um það, að ríkisstj. sé heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu allt að 8 ha. að stærð úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi. Verði þetta frv. samþykkt, hyggst hreppsnefndin ráðstafa þessari spildu til bóndans á Austurhóli í skiptum fyrir land, sem hann lætur hreppnum í té og notað verður sem lóðir undir íbúðarhús í næsta nágrenni við félagsheimili og skóla í miðri sveit. Það er ekki fyllilega ákveðið, hvað þessi spilda verður stór, en lágmarkið er 4 hektarar og hámarkið 8 hektarar. Til þess að ekki standi á lagaheimild í þessu efni, segir svo í frv., að spildan megi vera allt að 8 ha. að stærð.

Ég tel ekki þörf á að láta fylgja þessu máli frekari skýringar og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. febr. 1973.

Samkvæmt beiðni Eðvarðs Sigurðssonar, 8. þm. Reykv., sem nú dvelst erlendis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að fyrsti varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson trésmíðameistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Ragnar Arnalds,
form. Alþb."

Jón Snorri Þorleifsson hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili, og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Sala Miklaholtshellis í Hraungerðishreppi, frv. (þskj. 270). — 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Sunnl. að flytja frv. á þskj. 270 um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja jörðina Miklaholtshelli í Hraungerðishreppi bræðrunum Bjarna og Einari Eiríkssonum, sem hafa búið lengi á þessari jörð. Áður bjuggu þar foreldrar þessara bræðra. Jörðin er landlítil, en hefur verið ræktuð, verið húsuð vel, bæði peningshús og íbúðarhús, og þarna er allt með myndarbrag. Bræðurnir hafa sótt um að fá jörðina keypta. Hreppsnefnd Hraungerðishrepps mælir eindregið með því, að jörðin verði seld ábúendum jarðarinnar, eins og sjá má á prentuðu fskj. með frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins við 1. umr. minna á það, að í landi þessarar jarðar eru einu malarnámurnar til vegagerðar allt frá Ingólfsfjalli og langt austur fyrir Þjórsá. Hér skiptir því miklu máli fyrir ríkið og hagsmuni þess, að jörðin verði ekki seld einstaklingum, a. m. k. ekki án fyrirvara um rétt Vegagerðar ríkisins til áframhaldandi efnistöku í landareign hennar. Það mun vera fyrir því fordæmi í svipuðum tilfellum, að efnistaka til vegagerðar sé a. m. k. undanskilin, þegar ríkisjörð er seld í einkaeign, enda mundi það kosta ríkið mikla fjármuni, ef jörðin yrði seld með þessum nytjum, sem ríkið á og þarf að nytja framvegis. Ég vil því mælast til þess, að sú hv. þn., sem fær málið til meðferðar, vísi því til umsagnar vegamálastjóra, svo að hann geti nánar sagt um, hvaða hagsmuna ríkið hefur að gæta í sambandi við sölu jarðar þessarar.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, þótt hæstv. samgrh. veki athygli á malartöku á jörðinni. En hæstv. ráðh. veit eigi að síður, að það skiptir ekki öllu máli, hvort jörð er í einkaeign eða ríkiseign. Vegagerðin á alltaf rétt til malartöku í landi, eftir því sem þörf er á, hver sem jörðina á. Það má vel vera, að eðlilegt sé að gera einhvern fyrirvara eigi að síður, sérstaklega um verð á mölinni, sem þó fer eftir mati hverju sinni, þótt um einkaeign sé að ræða. En malartekja undanfarið hefur verið mikil á þessari jörð, og hefur túnið verið skemmt. Bræðurnir hafa fengið bætur fyrir það, enda þótt þeir hafi ekki átt jörðina.

Það er vitanlega eðlileg meðferð á þessu máli að senda það vegamálastjóra til umsagnar og til athugunar, hvort fyrirvari þurfi að vera um malartökuna. Sérstaklega er rétt að athuga um verðið á mölinni. En vegagerðin hefur sinn rétt til þess að taka mölina, enda þótt jörðin verði í einkaeign, eins og hæstv. ráðh. veit.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 32 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 191 (sbr. 77)). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. 73. mál þingsins er frv. til nýrra búfjárræktarlaga. Það var lagt fyrir hv. Ed. á s. l. hausti og var afgreitt þar fyrir jól. Frv. þetta er að efni til óbreytt frá því, sem síðasta Búnaðarþing samþykkti það, en nokkrar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi grg., vann milliþn, sem kjörin var af Búnaðarþingi 1971, að endurskoðun búfjárræktarl., síðan fjallaði Búnaðarþing 1972 um frv. og gekk endanlega frá því.

Þær meginbreytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði á búfjárræktarl., stefna að því, að kynbótastarfsemin og búfjárræktin öll í landinu aðlagist og færi sér fullkomlega í nyt nýja tækni, aukna þekkingu og bætta aðstöðu, sem skapazt hefur að undanförnu. Þessar breytingar hljóta að hafa veruleg áhrif á félagslega skipulagningu kynbótastarfsins. Ljóst dæmi um þetta eru þær róttæku breytingar, sem verða við tilkomu tveggja djúpfrystistöðva fyrir nautasæði, sem nú þjóna öllu landinu. Við það breytist allt kynbótastarf í nautgriparækt, möguleikarnir stóraukast fyrir heildina, en vandinn og ábyrgðin, sem fylgir nautavali til þessara stöðva, kemur á færri hendur. Á hinn bóginn verður að efla verulega afkvæmarannsóknir, og eru opnaðar fleiri leiðir til að styrkja þær en áður voru fyrir hendi.

Með frv. er prentuð sú grg., sem fylgdi því frá Búnaðarþingi, og gerði ég við 1. umr. málsins í hv. Ed. grein fyrir því. Í n., sem vann að undirbúningi þessa máls á vegum Búnaðarþings, voru Egill Bjarnason ráðunautur á Sauðárkróki og bændurnir Jón Helgason í Seglbúðum og Magnús Sigurðsson á Gilsbakka.

Þetta frv., þótti samþykkt yrði, svo sem ég vona, hefur ekki í för með sér neinn verulegan kostnað fyrir ríkissjóð, það mun vera talið 3—4 millj. kr., en fyrst og fremst er þetta til að tryggja félagslega aðstöðu búfjárræktarinnar í samræmi við þá þekkingu, sem nú er ráðandi og er að verða ráðandi í búfjárrækt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 2.30 miðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 285). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar menn fréttu, að eldur væri uppi á Heimaey við bæjardyr Vestmanneyinga, eyjarnar nálega yfirgefnar og byggðin í hættu, fundu menn strax, að það, sem var að gerast, snerti alla landsmenn, og viðbrögð manna til hjálpar og stuðnings hafa verið í samræmi við það. Í jarðeldalandi verða menn að bera sameiginlega ábyrgð á jarðeldatjóni. Enginn veit, hverjir fyrir kunna að verða, og þannig hefur það alltaf verið og þjóðin ekki sett þá áhættu fyrir sig. Það mun hún ekki heldur gera framvegis og allra sízt ef drengilega og myndarlega tekst að mæta því þjóðaráfalli, sem orðið hefur í Vestmannaeyjum.

Þetta áfall er mikið, ekki aðeins fyrir það fólk, sem orðið hefur að hrekjast frá öllu sínu — að við enn trúum fastlega — um stundarsakir, heldur einnig fyrir alla íslenzku þjóðina. Vestmannaeyjar hafa um langa hríð verið ein styrkasta stoð íslenzks þjóðarbúskapar og þeirra lífskjara, sem við höfum búið við og búum við, — ekki aðeins Vestmanneyingar, heldur við öll. Vestmannaeyjar hafa ekki aðeins verið framleiðslustöð Vestmanneyinga sjálfra, heldur einnig þjónustustöð fyrir drjúgan hluta íslenzka fiskiskipaflotans vetur, sumar, vor og haust, eins og mál hafa þróazt undanfarið. Þessi þáttur kemur víðar inn í þjóðartekjurnar en menn átta sig á í fljótu bragði.

Vestmannaeyjar hafa orðið smátt og smátt eins konar móðurskip fyrir æðimikinn hluta íslenzka flotans og það miðja vegu á fengsælustu fiskimiðum landsmanna. Þessi stórkostlegu fiskimið, sem eru ein aðalundirstaða íslenzks þjóðarbúskapar og ég segi enn: þeirra lífskjara, sem við njótum öll, verða ekki hagnýtt í þeim mæli, sem þjóðin þarfnast, ef það volduga móðurskip hverfur af miðunum.

Það er brýn þjóðarnauðsyn og í okkar eigin þágu allra að standa fast með því kjarkmikla og dugmikla fólki, sem byggt hefur Vestmannaeyjar, bera með því byrðarnar, bjarga því, sem bjargað verður, og bæta það, sem brestur í hamförunum. Vestmannaeyjakaupstað verður að reisa við, svo að Vestmannaeyjar geti á ný orðið sú máttarstoð, sem þær hafa verið í okkar þjóðarbúi.

Kjarni málsins er að búa svo um hnútana, að Vestmanneyingar geti gert þetta sjálfir með kröftugri aðstoð okkar allra hinna. Aðrir gera það ekki. Það verður að styðja Vestmanneyinga til þessa með sameiginlegu átaki allra landsmanna. Það, sem gert er, þarf helzt að vera í sæmilegu samræmi við manndóm þann, sem Vestmanneyingar hafa sjálfir sýnt, og fórnfýsi og dug þeirra, sem undanfarið hafa unnið frábært björgunarstarf í Vestmannaeyjum við mikla áhættu, og má enn minna á þá einstöku mildi, að ekki hefur orðið manntjón eða stórslys í eldregni því, sem margir hafa brotizt um í við björgunarstörfin undanfarið.

Meginþungann af því áfalli, sem þjóðin verður fyrir vegna náttúruhamfaranna, hljótum við að bera sjálf, en taka með þökkum framlögum erlendis frá, sem þegar hafa borizt víða að og munu sjálfsagt berast. Verður þess lengi minnzt, hvernig frændþjóðir á Norðurlöndum hafa brugðið við og lagt fram stórhöfðinglegan stuðning. Veitir það stóraukinn styrk og öryggi í þessum vanda að vita það, að við Íslendingar stöndum ekki einir.

Við getum ekki fyrr en í fulla hnefana og í ýtrustu neyð skotið því yfir á næstu kynslóð að mæta þessu tjóni. Annað mál er að athuga um hagfelld lán til þess að mæta verðmætisauknningu, sem endurreisn kann að fylgja.

Segja má, að það frv., sem hér liggur fyrir nú, sé annar áfangi þessa mikla vandamáls hér á Alþ., og mun ég nú rekja aðdraganda þess og efni.

Hinn 29. jan. samþykkti Alþ. með shlj. atkv. till. til þál. um neyðarráðstafanir vegna jarðelda í Vestmannaeyjum. Í till. er svofellt ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd 7 þm. til þess að gera till. um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey og um fjáröflun þeirra vegna. Skal hún þegar hefja starf og skila till. sínum í frv.-formi svo fljótt sem nokkur kostur er. Till. n. skulu við það miðaðar, að búsifjar af völdum náttúruhamfaranna séu bornar af þjóðinni allri sameiginlega."

Flm. þessa frv. voru kosnir í n. Hefur n. unnið að þessu verkefni síðan, og er þetta frv. ávöxturinn af starfi hennar og byggt á samkomulagi, er í henni varð.

N. hefur að sjálfsögðu fylgt þeirri stefnu í starfi sínu, sem mótuð er í ályktun Alþ., er ég áðan las úr. Var reynt að gera sér grein fyrir stærð þess vandamáls, sem við er að etja. Reyndist raunar ókleift að komast að niðurstöðu um það, hver stærðin væri, jafnvel ekki tóm til að meta það tjón, sem þegar er orðið, og afleiðingar þess, hvað þá heldur að geta sér til um, hversu stórfellt áfall þetta getur orðið, ef hamfarirnar halda áfram. N. sér þó eftir eins vandlega skoðun og unnt er við að koma nú, að tjónið nemur nú þegar milljörðum, og telur hún því þjóðar-

nauðsyn bera til að stofna án tafar myndarlegan sjóð, sem þjóðin öll leggi fé til, og telur, að hann verði að nema í upphafi tveimur milljörðum kr., að viðbættu því, sem komið getur til í gjöfum innanlands og utan. Lán koma einnig til greina tengd þeirri miklu uppbyggingu og endurreisn byggðar í Vestmannaeyjum, sem kemur til framkvæmda svo fljótt sem nokkur kostur er. N. telur, að þessara tveggja milljarða verði að afla á næstu 12 mánuðum, og eru till. um fjáröflun til sjóðsins byggðar á þeirri skoðun. Eru fjáröflunarleiðir miðaðar við það sjónarmið að dreifa byrðinni.

Ég endurtek, að enginn veit, hversu tjónið verður mikið né hvað þarf til þess að bæta það. En með því að stofna þennan sjóð strax er þó stigið myndarlegt spor í þá átt og lagður grundvöllur að þeirri sókn, sem þjóðin verður að taka upp til þess að endurreisa hina voldugu framleiðslustöð í Vestmannaeyjum.

Samkv. frv. á að stofna Viðlagasjóð vegna náttúruhamfaranna, og er hlutverk hans rakið í frv. Er þar um víðtækar heimildir að ræða, enda verður ekki hjá slíku komizt vegna þess, hve margt er á þessu stigi óljóst um framkvæmd málsins. Verður valdið hjá stjórn sjóðsins, sem lagt er til, að verði skipuð 7 mönnum þingkjörnum. Þá er í frv. ákvæði um gjafafé og annað fé, sem renna skal til sjóðsins, ef því er ekki beint til annarra aðila.

Ákvæði er í frv. um, að stjórn sjóðsins skuli í öllu starfi sínu hafa náið samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Margir þættir og málaflokkar koma til greina, þegar meta á, hvað gera skal í þessum mikla vanda, og þá m. a. þessir, er ég skal nú aðeins nefna: Flutningar frá Vestmannaeyjum: fólksflutningar, búslóðarflutningar, birgðaflutningar, véla- og tækjaflutningar. Starfsemi almannaráðs. Björgunarstarfsemi annarra aðila. Starfsemi Vestmannaeyjakaupstaðar og stofnana hans heima fyrir og í Reykjavík. Húsnæðiskostnaður og geymslukostnaður í landi. Félagsmálaútgjöld ýmiss konar, skólahald og margir fleiri málaflokkar. Kostnaður í Vestmannaeyjum við vernd mannvirkja. Hreinsunarkostnaður, gosefnisflutningur úr bænum og fleira því líkt. Lagfæringar á eignum og mannvirkjum, sem orðið hafa fyrir skemmdum, og bætur vegna eignatjóns. Kostnaður útgerðarmanna við að koma fiskiflota Vestmannaeyja og búnaði hans í aðstöðu í öðrum verstöðvum. Kostnaður vegna sérstakra aðgerða í fiskvinnslustöðvum í Vestmannaeyjum. Aukning viðlegurýmis og hafnarbætur í landi vegna Vestmannaeyjabáta (skyndiráðstafanir ýmiss konar). Kostnaður við fiskflutninga. Bætur fyrir tekjumissi á árinu 1973 til einstaklinga og fyrirtækja. Vextir og afborganir af eignum, sem verða óarðgæfar um sinn. Heimflutningar til Vestmannaeyja. Uppbygging í Vestmannaeyjum.

Ekki má telja, að hér sé tæmandi upp talið það, sem til greina getur komið. T. d. eru skattgreiðslur Vestmanneyinga vandamál, sem verður að athuga alveg sérstaklega.

Mun ég þá gera grein fyrir ákvæðum frv. um tekjuöflun til Viðlagasjóðs, og koma þar til þessir liðir:

Sérstakt viðlagagjald, 2% á söluskattsstofn, sem gildi frá 1. marz n. k. til 28. febrúar 1974. Fylgir það ákvæði, að verðhækkunaráhrif þessa gjalds komi ekki inn í kaupgreiðsluvísitölu. Verður svo að vera, því að annars yrði þessi fjáröflun til að kosta neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna tilefni til almennra kauphækkana. Viðlagagjald verði 30% á álagðan eignarskatt á gjaldárinu 1973. Viðlagagjald verði á árinu 1973 innheimt á gjaldstofn aðstöðugjalds, sem nemi 35% þess hundraðshluta, sem á var lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Þá verði 1% gjald lagt á tekjur á árinu 1972, eins og þær verða ákvarðaðar til grundvallar útsvarsálagninga á þessu ári, og er gert ráð fyrir, að þetta viðlagagjald sé lagt á og innheimt um leið og útsvörin. Þetta er framlag einstaklinganna, en innheimt af sveitarstjórnum með útsvörum. Viðlagagjald þeirra, sem greiða landsútsvör, er 10% af fjárhæð þeirra á þessu ári.

Ákveðið er í frv., að ríkissjóður leggi Viðlagasjóði 160 millj. kr., og ríkisstj. heimilað að lækka ríkisútgjöldin sem því svarar til viðbótar öðrum lækkunum á ríkisútgjöldum, sem áður hafa verið heimilaðar og ákveðið er, að framkvæmdar verði. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilað að leggja til Viðlagasjóðs 160 millj. kr. óafturkræft framlag, og er þetta ákvæði sett í trausti þess, að sú heimild verði notuð.

Tekjur Viðlagasjóðs eru áætlaðar þessar samkv. þessu: Viðlagagjald á söluskattsstofn, 900 millj. kr., viðlagagjald á aðstöðugjaldsstofn 300 millj. kr., viðlagagjald lagt á eignarskatt 80 millj. kr., viðlagagj. miðað við tekjur við útsvarsálagningu og álag á landsútsvar 400 millj. kr., frá ríkissjóði 160 millj., frá Atvinnuleysistryggingasjóði 160 millj., samtals 2 000 millj.

Þetta eru æðimiklar álögur, sem frv. gerir ráð fyrir, en því miður sízt of í lagt. Deila má að sjálfsögðu um, hvernig til hefur tekizt að jafna þessu niður, og mun þar sitt sýnast hverjum, enda úr vöndu að ráða. En ég er sannfærður um, að enginn mun sjá eftir sínum hluta.

Að lokum vil ég enn leggja áherzlu á, að margt er óljóst í málum þessum. Það verður því að þreifa sig áfram við framkvæmd þeirra skref fyrir skref. Mjög miklu skiptir, að þjóðin öll byrji strax að búa sig í stakk fjárhagslega til þess að mæta í sameiningu áfallinu og stuðla að endurreisn byggðarinnar í Vestmannaeyjum, og að því miðar þetta frv.

Frv. er undirbúið og samið af þn. í samráði við allan þingheim stig af stigi, og á þann hátt má í raun og veru segja, að allir þm. hafi unnið sem ein nefnd í þessu máli. Legg ég því ekki til, að frv. verði vísað til n. í hv. d., en það er sameiginleg ósk allra flm. frv., að málinu verði hraðað gegnum báðar þingdeildir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Á fyrsta degi náttúruhamfaranna á Heimaey kvaddi hæstv. forsrh. formann Alþfl. og mig á sinn fund til þess að ræða þessa alvarlegu atburði, er vörðuðu okkur Íslendinga alla. Í frásögnum af þessum viðræðum var að mínu ráði talað um okkur Gylfa Þ. Gíslason sem formenn þeirra flokka,

sem ekki ættu fulltrúa í ríkisstj. Ég kýs því enn að ræða þetta mál — ekki frá sjónarmiði stjórnar eða stjórnarandstöðu, í þessu máli er enginn þingflokkur í andstöðu.

Þegar kosin var sú 7 manna n. allra þingflokka mánudaginn 29. jan. s. l., sem nú stendur að flutningi þessa frv. um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, gerði ég grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna í meginatriðum. Aðalatriðin voru: Í fyrsta lagi, að þingflokkur sjálfstæðismanna var einhuga um, að veita bæri Vestmanneyingum allan nauðsynlegan stuðning vegna eldgossins þar. Í öðru lagi var skoðun okkar, að till. um neyðarráðstafanir ætti ekki að leggja fram í þinginu fyrr en fullreynt væri um samkomulag milli allra þingflokkanna. Í þriðja lagi: Við töldum eðlilegast, að frv. um neyðarráðstafanir yrði flutt sem þmfrv. allra þingflokka. Í fjórða lagi: Við töldum, að einangra bæri aðgerðir við aðstoð til Vestmanneyinga og úrbætur í tengslum við náttúruhamfarirnar og með engu móti blanda saman við annan efnahagsvanda.

Þegar við komum til þingfundar 29. jan., höfðum við sjálfstæðismenn undirbúið uppkast að till. til þál. og frv. að neyðarráðstöfunum vegna eldgossins. Við höfum gert ráð fyrir að hafa samráð um hvort tveggja við þingflokka. Í 7 manna n. varð í upphafi samstaða um að einangra tillögugerð við Vestmannaeyjavandann. Í öndverðu varð einnig samstaða um að stofna vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum Viðlagasjóð, er væri um 2 000 millj. kr. Um fjáröflun til sjóðsins hafa verið skiptar skoðanir, en við höfum viljað samræma sjónarmiðin. N. hefur haldið fundi daglega og þingflokkafundir verði jafnan haldnir þess í milli. Frv., sem við nm. nú leggjum fram, grundvallast á samkomulagi okkar allra.

Við biðjum nú þess, að forsjónin hlífi Vestmanneyingum við meiri voða en þegar er orðinn, bæði á efnahagssviði, en ekki síður í sálrænu tilliti. Við reynum að skynja hina skelfilegu óvissu, en vitum, að við mennirnir fáum ekki við ráðið. Við þökkum guði björgun fólksins. Við biðjum þess, að við megum næra í brjóstum okkar vonina um það, að nú sem fyrr stytti élin upp um síðir, að í fyllingu tímans megi byggðin aftur rísa á Heimaey, að eyjan fagra byggist aftur sjósóknurum og áræðismönnum með vonglaðar eiginkonur og mæður við heimilisarin.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur fram komið í þessum umr., hefur orðið samkomulag í þeirri n., sem Alþ. kaus til þess að gera till. um sérstakan fjárstuðning vegna eldgosanna á Heimaey. Það var strax vitað, að nokkur ágreiningur var um það, hvernig afla skyldi þess fjár, sem þurfti að leggja fram. Ríkisstj. hafði undirbúið sínar till. í málinu, látið semja drög að frv. og gert þar ráð fyrir sérstakri tekjuöflunarleið. Sú tekjuöflun, sem þar var byggt á, miðaðist við, að allir landsmenn legðu fram, hver eftir sinni getu, fé til að mæta þeim vanda, sem við var að glíma. En þegar í ljós kom, að það gat ekki orðið samstaða á Alþ. um að velja þá leið, sem ríkisstj. hafði gert ráð fyrir í till. sínum, var horfið að því ráði að skipa þá n., sem samið hefur frv. það, sem hér liggur nú fyrir.

Aðalatriðið, sem hér er um að ræða, er það, að stofnaður verði sjóður, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, — sjóður af þeirri stærð, að hann sé fær um að takast á við það verkefni, sem hér hefur borið að. Það má að sjálfsögðu afla tekna í slíkan sjóð með ýmsum hætti. Það var skoðun okkar Alþb.-manna, að þegar um væri að ræða svo mikið tjón fyrir þjóðarbúskapinn allan, væri eðlilegt, að kauphækkanir yrðu stöðvaðar um stundarsakir, um leið og allir legðu fram fé til þess að leysa vandamálið. Það hefði sýnt fullkominn vilja allra í landinu til að takast á við stórt verkefni og fulla ábyrgð. Ég efast ekki um það fyrir mitt leyti, að þjóðin hefði verið viljug til að sýna þetta í verki.

Nú hefur hins vegar orðið að ráði að fara þá leið að afla fjár í sjóðinn með sérstakri skattlagningu. Það er að sjálfsögðu einnig hægt. En við vitum, að skattlagningarleið fylgir verðhækkunarvandamál af ýmsum tegundum, og eigum við þá eftir að glíma við önnur mikil efnahagsleg vandamál, sem að þjóðinni hljóta að steðja, þegar hún hefur orðið fyrir áfalli eins og því, sem hér er nú rætt um.

Við Alþb.-menn stöndum að því samkomulagi, sem náðst hefur í þeirri n., sem Alþ. kaus. Við fögnum því, að samkomulag hefur tekizt í n. um að leysa það, sem mestu máli skiptir í þessum efnum, þ. e. að afla þess fjár, sem nauðsynlega þarf. Við teljum, að sú skattlagning, sem frv. byggir á, geri ráð fyrir því, að flestir leggi hér fram nokkurn hlut, og enginn muni í rauninni kvarta undan því, þó að á hann séu lögð nokkur gjöld vegna þess, sem gerzt hefur.

Það er von mín, að stofnun þessa sjóðs nái því höfuðmarkmiði að draga úr vanda Vestmanneyinga og jafnframt takist að leggja grunn að því, að hægt verði að hefja uppbyggingu í Vestmannaeyjum á nýjan leik, þannig að sú þýðingarmikla framleiðslustöð, sem Vestmannaeyjar hafa verið í íslenzkum þjóðarbúskap, — sú stöð komi okkur aftur að gagni í sambandi við aðalundirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Það er með þeim huga, sem við stöndum að þessu frv. og vorum fúsir til að falla frá þeim till., sem við töldum þó vera betri til fjáröflunar, því að meginatriðið er að takast á við vandamálið, afla þess fjár, sem til þess þarf, og vinna síðan í samhug að því að leysa þann mikla vanda, sem hér er um að ræða.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Reynsla hefur sýnt, að þegar þjóðarsómi býður, þá á Ísland eina sál. Þegar jörð sundraðist á Heimaey og eldur úr iðrum jarðar stofnaði lífi og eignum í einhverju athafnasamasta samfélagi á Íslandi í hættu, þá sameinaðist þjóðin öll í bæn um það, að mannslíf mættu bjargast og tjón verða sem minnst, og í stuðningi við það starf, sem unnið var, til þess að slíkt mætti takast. Það gengur kraftaverki næst, að enginn mannskaði skuli hafa orðið vegna hinna ægilegu hamfara, sem átt hafa sér stað, og hversu miklum verðmætum hefur tekizt að bjarga. Fyrst og fremst er hér Vestmanneyingum fyrir að þakka. En þjóðin öll hef-

ur staðið að baki þeirra og með þeim og mun gera.

Nú í dag er það einhuga Alþingi, sem stofna mun sjóð til þess að gera kleift að stiga fyrstu stóru sporin til þess að vinna gegn afleiðingum þeirra óskapa, sem yfir dynja. Af einlægni og alhug hefur verið leitazt við að leggja til, að fjár í þennan sjóð verði aflað á þann hátt, að allir leggi eitthvað af mörkum og að byrðinni sé dreift sem jafnast, ekki vegna metings um það, hvort framlag eins kunni að vera eitthvað meira eða minna en annars, heldur vegna hins, að það er siðferðisskylda, það er samvizkuatriði, að allir, bæði einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðila, taki þátt í því að bæta orðið tjón og greiða fyrir nýrri uppbyggingu í kjölfar þess. Við vitum, að innlendir og erlendir aðilar, bæði einstaklingar, stofnanir og ríkisstj., hafa lagt og ætla að leggja fram mikið fé vegna ógæfu okkar. Allir Íslendingar þakka þann vinarhug, sem að baki býr. En þá getum við með beztri samvizku þegið og þakkað, ef við höfum sýnt í verki, að sjálfir tökum við strax á herðar okkar nauðsynlegustu byrðar og erum sammála um það.

Ágreiningur um þjóðmál er eðlilegur í lýðræðisríki. En þær stundir geta komið, þeir atburðir geta orðið, að enginn ágreiningur á við. Nú er slíkt að gerast í íslenzkri þjóðarsögu. Megi guð gefa, að Íslendingum takist að standa áfram saman um allt það, er lýtur að vandamálum í kjölfar eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst láta í ljós fögnuð minn yfir því, að svona myndarlega skyldi til takast hjá þeirri n., sem falið var að fást við þetta mikla vandamál, þetta sífreytilega vandamál, og hún bera gæfu til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og geta lagt sameiginlegar till. fyrir hv. Alþ. Það varð í fyrsta lagi mjög snemma í nefndarstarfinu samkomulag um að staðnæmast við sjóðmyndun að upphæð um 2000—2500 millj. kr., og í annan stað þurfti — en það vafðist meira fyrir okkur nm. — að komast að niðurstöðu um, hvernig þessa mikla fjár skyldi aflað. Sú varð þó niðurstaðan að dreifa þessu á skattakerfið, þannig að allir landsmenn yrðu þátttakendur í að lyfta þeirri byrði, sem hér yrði að taka á herðar. Enginn veit raunar og við nm. ekki fremur en aðrir, hvaða fjármagn þarf til að bæta úr því tjóni, sem orðið er og verða kann. En við göngum allir út frá því, að sú upphæð, sem nefnd er í till. n., sé aðeins byrjunin, sem með þurfi, og til uppbyggingarinnar sjálfrar verði að leita möguleika á lánsfé, miklu lánsfé í viðbót við það fé, sem gert er ráð fyrir í till. n., og í viðbót við það fé, sem berst frá landsmönnum víðs vegar að og frá öðrum löndum. Viðfangsefnið breytist frá degi til dags, t. d. á því dægri, sem nú er að líða, verður gerbreyting á viðhorfum, þar sem útlit er fyrir, að höfnin í Vestmannaeyjum sé að lokast, hafnamál suðurstrandarinnar á Íslandi þannig í allt öðru ljósi í dag heldur en í gær eða í fyrradag. Þar bætast ný verkefni við, sem enginn getur undan vikizt að leysa með einhverjum hætti, því að án nýtingar á Vestmannaeyjamiðum viljum við ekki vera, án þess að bæta þar úr á hvern þann hátt, sem í mannlegum mætti stendur. Verður sjálfsagt fyrsta aðgerðin sú að reyna að opna Vestmannaeyjahöfn annars staðar, og einnig má búast við, að í hafnaraðgerðir þurfi að ráðast á suðurströndinni til þess að skapa Vestmannaeyjaflotanum aðstöðu í bili.

Ég skal ekki orðlengja um málið sjálft. Ég tel þess enga þörf eftir ágæta framsögu nefndarformanns okkar. En það gefur enginn upp vonina um það, að aftur verði framtíðarbyggð í Vestmannaeyjum. Og það höfum við auðvitað öll í huga hér sem annars staðar á Íslandi, að við erum eitt í senn, Vestmanneyingar — Íslendingar, og allir Íslendingar eru Vestmanneyingar að því er þessi vandamál varðar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, sem féllu á þá leið, að í dag eru allir Íslendingar Vestmanneyingar, og þess vegna er sú ógæfa, sem borið hefur að höndum í Vestmannaeyjum, mál þjóðarinnar allrar. Alþ. hefur sýnt þann skilning með því, að sú n., sem kjörin var til að gera neyðarráðstafanir varðandi þennan háska, sem borið hefur að höndum, hefur náð samstöðu um lausn þessara mála. Og ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir ánægju minni með þá samstöðu.

Vissulega skal því ekki leynt, að ég hefði viljað víkja sumum hlutum til í till. n., en það skiptir ekki máli á þessari stundu, heldur hitt, að hér ríkir full samstaða á Alþ. Ég vil þó leyfa mér að koma með brtt. varðandi þetta frv. Það varðar ekki álögur, neina breytingu efnislega um þær, heldur aðeins hitt, að mér þætti ekki óeðlilegt til þess að marka það, að Viðlagasjóðurinn sé eingöngu myndaður vegna Vestmannaeyja, að þegar við þennan sjóð verður skilizt, þá hverfi fé úr honum í Bjargráðasjóð. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja fram hér brtt., sem hljóðar þannig:

„Á eftir 9. gr. komi ný grein, 10. gr., er orðist svo:

Þegar hlutverki Viðlagasjóðs er lokið, skal fé hans leggjast í Bjargráðasjóð."

Með þessu vil ég aðeins segja það, að land okkar er land elds og ísa og við eigum að búa þannig um hnútana, að við séum ávallt viðbúnir þeim vanda og þjóðarháska, sem upp kann að koma, og þetta mætti vera okkur hvatning til þess að leggja árlega fé í slíkan sjóð, þannig að við værum betur undir búnir en nú varð raunin á.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja þessa brtt. fram og óska eftir afbrigðum um hana.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins út af brtt., sem hv. þm. lagði fram. Ég vil fara fram á það við hann, að hann taki þessa brtt. til baka, því að það sjónarmið er ofarlega í mínum huga, að fjáröflun í þessu skyni sé þannig, að ekki komi til greina að gera því skóna, að um nokkurn afgang gæti hugsanlega verið að ræða. Ég hygg, að það hafi ekki hvarflað að nokkrum nm., að slíkt kæmi til mála, og þess vegna höfum við ekki talið eðli-

legt eða gefa rétta mynd af því vandamáli, sem við er að fást, að taka inn ákvæði af þessu tagi. Við höfum skoðað það. Og það gæti kannske fremur valdið misskilningi. Þvert á móti teljum við nokkurn veginn augljóst, að hér sé um fyrsta áfanga að ræða í þessu máli. — Ekki fyrir það, að við nm. mundum allir álíta sjálfsagt, ef einhvern tíma kæmi að því, að við gerðum einhverja viðbótarráðstöfun, sem reyndist drýgri en þyrfti, þá yrði að sjálfsögðu að setjast fast, að féð yrði aldrei notað í öðru skyni.

Ég vil fara fram á það við hv. þm., eftir að hann hefur heyrt þessar skýringar, að hann fallist á að taka brtt. til baka.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Að fenginni þessari skýringu hv. þm. Eysteins Jónssonar og formanns n. og þeirri ósk, að hann fer fram á það, að ég dragi brtt. til baka, þá þykir mér það auðvitað sjálfsagt, því að meginatriðið er, að það sé full samstaða um þessi mál. Þetta átti aðeins að vera ósk frá minni hálfu, að við stæðum betur að vígi við næsta meiri háttar áfall, svo að ég dreg brtt. til baka.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka þn. þeirri, sem samið hefur þetta frv. og flytur það, fyrir skjót og góð vinnubrögð. Ég fagna því heils hugar, að fullt samkomulag hefur orðið í n. og þar með tryggt samkomulag allra flokka þingsins. Ég lít svo á, að samstaðan sé aðalatriðið, og ég skoða það svo, að með þeirri samstöðu sé staðfest samábyrgð þjóðarinnar allrar á því tjóni, sem verða kann vegna áfallsins í Vestmannaeyjum. Það má því ganga út frá því sem gefnu, að það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. shlj. af öllum þm. Það er sannfæring mín, að sú afgreiðsla verði Alþ. til mikillar sæmdar, bæði í nútíð og framtíð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., að loknum 48. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 285). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., að loknum 49. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 285). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 38. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 3.20 síðdegis.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, (þskj. 285). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., að loknum 54. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 285). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19. shlj. atkv.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., að loknum 55. fundi.

Neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, frv. (þskj. 285). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 293).

Sameinað þing, 41. fundur.

Fimmtudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnulýðræði, þáltill. (þskj. 278). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97). — Frh. einnar umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þarf víst ekki að taka það fram, að reynsla mín í þingstörfum er ekki mikil, þar sem þetta er aðeins annað þingið, sem ég sit. Það vekur þess vegna furðu mína, að menn skuli flytja till. sem þessa, sem hér er til umr., — till. um mál, sem með þinglegum hætti var afgreitt hér á hv. Alþ. á s. l. vori af þeim sömu mönnum sem nú eiga setu á þingi. Við höfum séð fyrr á þessu þingi, að atkvgr. hafa verið endurteknar, eftir að svo hefur virzt sem till. stjórnarandstæðinga hafi verið samþykktar, — þær hafa verið endurteknar á þeim forsendum, að atkvgr. hafi verið óljós, og önnur og geðþekkari niðurstaða þar með fengizt.

Í grg. með þessari þáltill. og í ræðu hv. 1. flm. er beitt þeim rökum, að samþykkt Alþ. frá í fyrra þurfi endurskoðunar við, þar sem margir alþm. hafi ekki greitt atkv., þegar málið kom til afgreiðslu, og ekki hafi verið um meirihlutafylgi að ræða við afnám veggjaldsins. Í fyrra féllu atkv. þannig, að 27 þm. voru meðmæltir afnámi veggjaldsins, en 25 á móti, 7 greiddu ekki atkv. og 1 var fjarverandi. Hafa hv. flm. þessarar till. gert könnun á því, hve margar af till., sem samþ. hafa verið á yfirstandandi þingi, njóta meirihlutafylgis? Stundum hefur orðið að viðhafa nafnakall til þess að koma hér málum í gegn, einfaldlega vegna þess, hve illa er mætt á þingfundum. En í þeim tilvikum hefur ekki þótt vera til skaða, þótt mál hafi verið afgreitt með fylgi minni hl. þm., aðeins ef málið hefur komizt í gegn og verið ákveðnum þm. þóknanlegt.

En hér gengnir öðru máli. Í fyrra urðu flm. þessarar till. undir í atkvgr., og það verður ekki þolað. Er því nokkur furða, þótt spurt sé, hvort þetta séu þau vinnubrögð, sem stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. ætla sér að viðhafa, ef svo fer, að einhver till. þeirra kann að falla, ýmist vegna þess, að stjórnarliða kann að vanta á þingfund, eða þá einhver úr þeirra hópi hafi einurð í sér til að greiða atkv. gegn slíkri till. Ég fékk á s. l. þingi samþykkta brtt. við eitt stjfrv. með eins atkv. mun. Þá voru tveir ráðh. fjarverandi, og einn þm. úr hópi stuðningsmanna stjórnarinnar greiddi atkv. með brtt. Má kannske vænta frv., til þess að bætt verði fyrir þessi mistök? Ég segi, að svona vinnubrögð séu hv. flm. til lítils sóma, þótt skki sé ákvæði í þingsköpum, sem meini þeim þessi vinnubrögð.

Ég sný mér þá að efnisatriðum þessa máls, sem eru vissulega mikilvægari en víxlspor hv. flm., — fyrst nokkur atriði, sem nefnd eru í grg. með till.

Flm. segja, eftir að hafa rætt um forréttindi þeirra, sem aka á vegum með varanlegu slitlagi, að það verði að teljast eðlilegt, að þeir leggi nokkuð af mörkum til þess að hraða vegaframkvæmdum annars staðar á landinu. Við þessa umsögn hef ég ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi felur hún það í sér, að þeir, sem eru því fylgjandi að hætta innheimtu hins sérstaka vegaskatts, séu með því að berjast gegn uppbyggingu vegakerfisins úti um land eða í dreifbýlinu. Í öðru lagi er talað um einhver sérstök forréttindi þeirra, sem um hraðbrautir aka, og því skuli þeir leggja nokkuð af mörkum, eins og það er orðað, til þess að hraða vegaframkvæmdum annars staðar á landinu. Auðvitað höfum við, sem höfum barizt fyrir afnámi hins sérstaka veggjalds á Reykjanesbraut, ekkert á móti uppbyggingu vegakerfisins annars staðar á landinu. Þvert á móti eru vitanlega allir því fylgjandi. Það verður ekki heldur sagt með fullnægjandi rökum, að þeir, sem njóta hraðbrautanna, hafi svo sérstæð forréttindi sem talað er um. Það er nefnilega arðbær fjárfesting að leggja slitlag á veg, sem kominn er með mikla umferð. Og ég vil benda á það, að sá, sem aka hefur þurft um Reykjanesbrautina daglega, hefur greitt um 12 þús. kr. á ári aukalega fyrir. Vissulega hafa allir hagræði af því að aka eftir hraðbrautum. Það er hins vegar ekkert réttlæti í því að miða álagningu veggjalds við það eitt, að varanlegt slitlag sé komið á veg. Kostnaður við slitlagið sjálft er nefnilega í flestum tilfellum aðeins lítill hluti af heildarkostnaði við gerð vegarins, þótt það fari að sjálfsögðu eftir aðstæðum.

Hagræði fyrir vegfarendur fæst með ýmsum öðrum framkvæmdum í vegagerð, en í mörgum tilfellum miklu dýrari framkvæmdum en að leggja slitlag á veginn. Ég nefni sem dæmi göngin um Strákafjall, veginn um Ólafsfjarðarmúla, vegina um Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða og göng þau, sem nú er unnið að undir Oddsskarð. Það dettur víst engum í hug að innheimta veggjald af þessum vegum, sem ég nefndi hér, ekki einu sinni þeim, sem flytja þessa till. En af hverju ekki? Jú, ástæðan er sú, að umferðin er allt of lítil um þá, til þess að innheimta geti borgað sig. En það sér heldur enginn ofsjónum yfir því, að þessar framkvæmdir hefur verið í ráðizt. Þær voru nauðsynlegar til þess að koma á eðlilegum samgöngum milli hinna ýmsu staða, og þær eiga sinn ríka þátt í, að viðkomandi staðir þróist með eðlilegum hætti og fólk vilji eiga þar heima. Sem sagt, veggjald verður ekki innheimt af þessum vegum, um það eru menn víst sammála, og ástæðan er sú, að innheimta svarar ekki kostnaði vegna þess, hve umferð er lítil. En þar með er horft fram hjá hagræðinu, sem þeir, sem þessa vegi nota að staðaldri, hafa af þessum framkvæmdum. Það er horft fram hjá sparnaðinum, sem verður við styttingu vega, og mörgu fleira. Það má kannske ætla, að 1. flm. þessarar till., hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, ætli að beita sér fyrir því, að veggjald verði lagt á göngin um Oddsskarð. Það má e. t. v. búast við því, að hæstv. fjmrh. ætli að beita sér fyrir veggjaldi á væntanlega brú yfir Borgarfjörð. 287 millj. kr. eru ætlaðar til þeirra framkvæmda á vegáætlun 1974-1975. Og þessi brú verður með slitlagi, væntanlega varanlegu slitlagi.

Rök þeirra, sem vilja innheimta veggjald af hraðbrautum, þegar þær teljast gjaldbærar, eins og það er orðað, byggjast eingöngu á því, að svo mikil forréttindi fylgi því að aka á vegum með varanlegu slitlagi, að krefjast skuli sérstaks veggjalds. Þetta þarf athugunar við. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að setja slitlag á vegi, sem komnir eru með mikla umferð, segjum 1000 bíla á dag að meðaltali, vegna þess einfaldlega að nær því ógerlegt er að halda malaryfirborði við vegna kostnaðar, svo að sæmilegt geti talizt, þegar umferðin er orðin svona mikil. Það er því þjóðhagslega hagkvæm og arðbær framkvæmd. Hún hefur í fyrsta lagi í för með sér minna slit á bílum, en það, sem þar skiptir máli, er, að það kemur ekki viðkomandi bifreiðaeigendum einum við eða einum til góða. Í öðru lagi sparar þetta viðhald, sem þýðir í raun, að meira framkvæmdafé verður fyrir aðrar vegaframkvæmdir. Þannig kemur það landsbyggðinni beint til góða, að slitlag er lagt á hina fjölförnustu vegi í nágrenni þéttbýlissvæðanna.

Á eitt atriði vil ég leggja áherzlu. Það er, að rétt byggðir malarvegir geta verið ágætir og auðvelt og kostnaðarlítið er að halda þeim við, ef umferð fer ekki yfir ákveðið mark. Þess vegna **þarf ekki** endilega að þýða eitthvert sérstakt slit á bílum, þótt um malarvegi sé að ræða úti um land, og því alveg óþarfi fyrir þá aðila, sem slíka vegi nota, að sjá ofsjónum yfir því, þótt slitlag sé lagt á hina fjölförnustu vegi í nágrenni þéttbýlissvæðanna. Og meira um þetta atriði, sem nefnt er í grg., að eðlilegt sé, að þeir, sem einkum aka hina fullkomnustu vegi, leggi nokkuð af mörkum til þess að hraða framkvæmdum annars staðar á landinu, eins og það er orðað. Ég held, að mönnum væri hollt að gera sér grein fyrir, hvað bifreiðaeigendur hafa þegar lagt af mörkum til vegamála — og ekki aðeins til vegamála, heldur til margs konar annarra og óskyldra þarfa ríkissjóðs. Það er einnig nauðsynlegt, að menn átti sig á því, hvaðan vegasjóður hefur helzt tekjur sínar, þ. e. af hvaða vegum á landinu. Það má færa að því rök, að af hverjum eknum km fái ríkissjóður í sinn hlut 2.88 kr. í sköttum af benzíni, hjólbörðum og bílasliti. Þannig gefur vegur með 500 bíla umferð á dag ríkinu árlega rúmlega 525 þús. kr. í tekjur á hvern km vegar. Vegur með 1000 bíla umferð gefur 1 millj. 51 þús. liðlega. Og vegur með 17 þús. bíla umferð gefur rúmlega 17.8 millj. árlega. Ef við lítum á Reykjanesbrautina, þá gefur sá vegur af sér rúmlega 71 millj. kr. á ári, en Suðurlandsvegurinn um Hellisheiði rúmar 86 millj. Hafnarfjarðarvegurinn, kafli af honum, gefur ríkinu 89 millj. Það eru engir vegir í landinu, sem gefa ríkissjóði aðrar eins tekjur, svo sem ekki er von, þar sem umferð á þessum vegum er miklu meiri en annars staðar. Þeir, sem aka þessa vegi og hafa ekið þá undanfarin ár, eru því þegar búnir að borga þá og því alger fjarstæða að vera að skattleggja notendur þeirra sérstaklega, eftir að komið er varanlegt slitlag.

Þá er ástæða til að benda á, að ekki greiða allir jafnt til vegamála. Bændur, sem við verðum að telja, að búi að mestu utan þéttbýlissvæða, fengu endurgreitt af benzíngjaldi árið 1969 15.2 millj. kr., og í vegáætlun 1972 var gert ráð fyrir endurgreiðslu um 22 millj. Ég veit ekki, hvort þessi endurgreiðsla er til komin vegna þess, að bændur séu álitnir aka eingöngu um tún sín og móa og noti þjóðvegakerfið ekki neitt, eða hvort verið er að greiða þeim fyrir aukið slit á bílum, ef þeir skyldu koma út á þjóðvegina. En hvort sem er heldur, verður ekki annað séð en nokkrum hluta þeirra bifreiðaeigenda í þjóðfélaginu, sem lítið nota hraðbrautir, hafi að einhverju leyti verið bættur skaðinn. Þessum reglum hefur að vísu verið breytt að nokkru með breytingu á vegal. nú fyrir jólin af þeim sömu mönnum, sem nú þykjast bera hag dreifbýlisins svo mjög fyrir brjósti sem á að sýna sig með flutningi þessarar till.

Af því, sem ég hef hér talið, er alveg ljóst, að það eru vegirnir, sem mesta hafa umferðina, sem mestar gefa tekjurnar í vegasjóð. Slíkt er eðlilegt. Jafnframt má benda á, að góðir vegir laða að sér aukna umferð og þar með auknar tekjur í ríkissjóð. Umferðin um þessa vegi þarf því engan aukaskatt að greiða, enda auðveldar hún framkvæmdir annars staðar, eins og ég þykist hafa sannað. Til frekari glöggvunar á því, hverju tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra hafa numið á 10 ára tímabili, 1960—1969, er rétt að upplýsa, að þær námu 6270 millj. kr. Af þeirri upphæð var varið 2640 millj. til vegamála, en 3626 millj. til annarra óskyldra mála. Þetta þýðir, að aðeins 42.2% af þessum tekjum ríkissjóðs hafa farið til vegamála. En nóg um þetta atriði.

Ég kem þá að einni fullyrðingunni enn í grg. með till. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess má einnig geta, að af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, er það algeng regla erlendis að afla fjár til vegagerðar með töku veggjalds eða brúargjalds, eftir því sem við þykir eiga á hverjum stað. Þessar þjóðir hafa þó flestar margfalt fullkomnara vegakerfi en við Íslendingar."

Það er rétt, að þessar þjóðir hafa flestar margfalt fullkomnara vegakerfi en við Íslendingar. Hitt er rangt, að það sé algeng regla erlendis að afla fjár til vegagerðar með töku veggjalds. Það heyrir til hreinna undantekninga, nema þar sem forsendur eru allt aðrar en hér. Engir ríkisvegir í Evrópu eru skattlagðir, nema að litlu leyti þekkist það í Noregi og um örfá fjallaskörð í Austurríki. Í Þýzkalandi, Hollandi og Belgíu, þar sem bílabrautir liggja um þver og endilöng löndin, eru svona vegatollar algerlega óþekktir. Sama gildir um Bretland. Í Austur-Evrópu eru hvergi tollvegir nema á tiltölulega stuttum köflum milli Berlínar og Vestur-Þýzkalands, og menn geta getið sér til um ástæðurnar. Þær eiga ekkert skylt við áhuga á uppbyggingu vegakerfisins. Á Ítalíu eru hins vegar ýmsar bílabrautir tollaðar. En það er sammerkt með þeim, að þær eru byggðar af einkaaðilum og í eigu þeirra, fjármagnaðar af þeim, en ekki af skattgjaldi af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra. Eigendur þessara bílabrauta hafa því ekki aðrar tekjur en veggjaldið. Flestar munu þessar bílabrautir vera í eigu Páfagarðs. Hér á páfinn hins vegar engar bílabrautir og samlíking því út í hött.

Þá nefna menn gjarnan Bandaríkin sem dæmi

um land, sem taki toll af bílabrautum. Það er rétt, að í Bandaríkjunum er nokkuð um tollvegi og tollbrýr. En það er ekkert sambærilegt með þeim og ríkisvegunum hér. Þeir eru allir í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða hinna einstöku ríkja. Í Bandaríkjunum er það algert skilyrði fyrir framlagi alríkisins til hraðbrauta, að þær verði ekki skattlagðar, og þá leggur alríkið fram 90% kostnaðar við gerð þeirra. Ef menn hins vegar vilja hafa eitthvað svipaða reglu hér og í Bandaríkjunum, gæti hún verið þannig t. d., að sýslurnar sæju um vegalagninguna hver á sínu svæði og tækju gjald af þeim, sem um veginn færu. Sama mætti raunar gilda um einstök sveitarfélög. Það væri t. d. vel hugsanlegt, að Reykjavíkurborg hefði hlið hér inn í borgina og hleypti engum inn akandi án borgunar. Götur hér hafa þó verið malbikaðar og steyptar fyrir fé Reykvíkinga.

Ég held, að ég hafi nú nefnt það helzta, sem ég tel athugavert við grg. þá, sem fylgir þessari till. En fjölmargt fleira mætti nefna, sem mælir gegn innheimtu veggjalds. Ég skal ekki lengja mál mitt miklu meira, en vil þó nefna þetta:

1. Gjald verður ekki innheimt nema á þremur vegum út frá Reykjavík, þ. e. á Reykjanesbraut, Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Inn í borgina kemst því enginn nema greiða gjald til ríkissjóðs eða þá út úr henni, eftir því í hvora áttina mönnum hugkvæmist að snúa innheimtumönnum, og það getur í sjálfu sér orðið talsverður höfuðverkur.

2. Innheimta gjaldsins verður óhæfilega dýr vegna tiltölulega lítillar umferðar. En kannske hugkvæmist mönnum að taka upp aðrar ódýrari innheimtuaðferðir. Þær eru nefnilega til. Þær þýða hins vegar færri menn á ríkisjötuna og eru þess vegna kannske óhugsandi.

3. Allir flutningar á afurðum og yfirleitt öllum vörum að og frá Reykjavík verða dýrari en ella. Þetta gildir t. d. um alla mjólkurflutninga, um flutninga á efni til byggingariðnaðarins og margt fleira.

4. Þá nefni ég það, sem hv. þm. Steinþór Gestsson nefndi í umr. í vor um þetta sama mál, að mikill fjöldi bifreiða hér á höfuðborgarsvæðinu er á stöðugum akstri innan tollmúranna og greiðir þess vegna ekkert gjald.

Ég legg áherzlu á það, að vegagerð í þessu landi, hvort sem um er að ræða gerð jarðganga, uppbyggingu vega í dreyfbýli eða lagningu slitlags hvar sem er, hlýtur að vera sameiginlegt átak allra. Ef einhver framkvæmd er unnin í stærri mæli þetta árið á ákveðnum vegkafla en annars staðar, þá er ekkert réttlæti í því að innheimta sérstakt veggjald þess vegna. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að Ísland er eitt allra vanþróaðasta land veraldar í vegamálum. Enginn skilji þó orð mín svo, að ekkert hafi verið gert hér á undanförnum árum. Þvert á móti höfum við langt vegakerfi miðað við íbúa, ef við berum okkur saman við t. d. Noreg og Svíþjóð, með 36.1 km pr. íbúa móti 18.9 km í Noregi og 12.3 í Svíþjóð. Lengd vega á ferkm lands er hér hins vegar miklu minni en í nefndum löndum. Og ef við berum saman bundið slitlag í þessum þremur löndum, kemur í ljós, að í Svíþjóð er það 46% af vegakerfinu, í Noregi 33%, en á Íslandi aðeins 1.5%. Þessar tölur sýna okkur, hversu langt að baki öðrum þjóðum við stöndum í þessum efnum.

Alþm. verða að skilja nauðsyn bættra samgangna og sýna það í verki með auknum fjárveitingum til framkvæmda í vegamálum. En hafa verður í huga, að fjár til þeirra framkvæmda verður ekki aflað með frekari skattlagningu á bifreiðar og rekstrarvörur þeirra. Þar er mælirinn þegar fullur.

Þrátt fyrir öll þau rök, sem hafa verið tíunduð gegn þessari veggjaldsinnheimtu, kann vel að vera, að þess till. njóti stuðnings meiri hl. hér á Alþ. En ég fullyrði, að meiri hl. kjósenda er þessari till. andvígur. Ég læt mér að sjálfsögðu í léttu rúmi liggja, þótt hv. flm. þessarar till. verði fyrir einhverjum skakkaföllum á sínum atkvæðaveiðum, en vegna þeirra mörgu, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og það eru aðilar um allt land, þá vona ég, að þessi till. verði felld.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Það hefur vakið athygli og undrun, a. m. k. á Suðurnesjum, að nokkrir hv. alþm., stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., skuli hafa tekið sig til og flutt þá till. til þál., sem hér er til umr., svo stuttu eftir að Alþ. hefur gert ályktun varðandi þetta mál, án þess að forsendur hafi í nokkru breytzt, að því er bezt verður séð. En eins og kunnugt er og hefur komið fram í þessum umr., var við afgreiðslu þál. um vegáætlun fyrir árin 1972—1975 á síðasta Alþ. samþykkt að fella burt veggjald úr tekjuáætlun vegasjóðs á árunum 1973—1975, veggjald, sem lagt hafði verið um árabil á alla umferð til Suðurnesja um Reykjanesbraut, og samkv. því hefur innheimtu þessa gjalds nú verið hætt. Suðurnesjabúar og aðrir, sem um Reykjanesbraut aka, þurftu þannig að greiða sérstakt gjald fyrir að fara um veg, sem tengir hið fjölmenna Reykjanessvæði við höfuðborgarsvæðið, á sama tíma sem ekkert slíkt gjald var lagt á umferð á öðrum vegum hér á landi, sem lagðir eru varanlegu slitlagi eins og Reykjanesbrautin. Skiljanlegt er, að íbúar Suðurnesja hafi átt erfitt með að sætta sig við þetta og oft mótmælt því misrétti, sem þeir þannig urðu fyrir.

Rökin með og móti veggjaldi hafa margoft verið rakin hér á hinu háa Alþingi, svo að ég mun ekki lengja þessar umr. nú með því að ræða þær í einstökum atriðum, en vil þó við þetta tækifæri leggja áherzlu á, að það mun með öðru hafa ráðið úrslitum um fjármögnun og framkvæmd á byggingu Reykjanesbrautarinnar á sínum tíma, að sú hraðbrautarframkvæmd var knýjandi vegna nauðsynjar á greiðum samgöngum við Keflavíkurflugvöll. Og það er vafasamt, að unnt hefði verið að hrinda því máli í framkvæmd á þeim tíma, sem það var gert, ef ekki hefði þrátt fyrir brýna nauðsyn af öðrum ástæðum verið til staðar hin aðkallandi þörf á hraðbraut milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.

Það liggur auðvitað í augum uppi, að þessi vegur hefur verið Suðurnesjamönnum mikið hagræði. En með hliðsjón af því, hvernig hann er til komin, eins og ég hef bent hér á, er ekki sanngjarnt, að íbúum Reykjaness, sem mest hafa

þurft að nota þennan veg, skuli hafa verið íþyngt í gjöldum til hins opinbera með greiðslu veggjaldsins samtímis því, að ekki hefur þurft að greiða veggjald af umferð um aðra vegi landsins, sem lagðir eru varanlegu slitlagi.

Sveitarstjórnarmenn í Reykjaneskjördæmi hafa mótmælt þáltill., sem hér er til umr. og gerir ráð fyrir, að sú ákvörðun, sem tekin var fyrir nokkrum mánuðum um að fella niður veggjald af umferð um Reykjanesbraut, verði nú numin úr gildi og aftur lagður á slíkur skattur.

Ég fæ ekki séð, að aðstæður hafi breytzt í þessu máli frá því, sem var, þegar það var afgreitt hér á hinu háa Alþ. fyrir nokkrum mánuðum. Út frá því sjónarmiði er ekki ástæða til að ætla, að hv. alþm. hafi breytt um skoðun. En hvort stjórnarsinnum, sem áhuga hafa á álagningu veggjalds, hefur tekizt að snúa mönnum á öðrum forsendum til fylgis við það áhugamál sitt, — mönnum, sem áður voru málinu andsnúnir eða tóku þá ekki afstöðu til þess, skal ósagt látið. Það kemur að sjálfsögðu í ljós á sínum tíma. En það er erfitt að trúa því að óreyndu, að menn láti hafa sig til að skipta um skoðun í slíku máli sem hér er um að ræða á svo stuttum tíma, sem síðan er liðinn.

Annars er það athyglisvert og segir sína sögu, að eitt helzta áróðusmál framsóknarmanna gegn fyrrv. ríkisstj. fyrir síðustu alþingiskosningar í Reykjaneskjördæmi var einmitt þetta veggjaldsmál. Þá var ráðizt allharkalega á þáv. ríkisstj. út af því og gefið í skyn, að framsóknarmönnum væri bezt treystandi til að fá hinn óréttláta skatt afnuminn. Þegar málið kom svo til umr. og afgreiðslu á síðasta þingi, reyndist mikill meiri hluti alþm. Framsfl. meðmæltur því, að veggjaldinu yrði haldið áfram. Og slíkur er áhugi þeirra á álagningu þessa vegskatts, að þeir virðast ekki una þeirri ákvörðun, sem þá var tekin í því efni, en eftir því sem bezt verður séð, virðast þeir nú hafa forustu um flutning þeirrar till., sem hér er til umr. og gerir ráð fyrir, að veggjald verði tekið upp á ný á Reykjanesbraut og lagt á umferð um Suðurlandsveg, svo og aðrar þær hraðbrautir, sem lagðar verða með varanlegu slitlagi, þegar þær teljast gjaldbærar.

Rétt og skylt er að geta þess, að það, sem ég hef hér sagt um afstöðu meiri hluta þm. Framsfl. til þessa máls, á alls ekki við um hv. þm. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn., sem á undanförnum árum hefur verið tíðrætt um þennan skatt og gagnrýnt álagningu hans. Í því sambandi rifjast upp fyrir mér harðar deilur í Reykjaneskjördæmi milli frambjóðenda Sjálfstfl. og hv. þm. Jóns Skaftasonar fyrir síðustu Alþingiskosningar út af veggjaldinu á Reykjanesbraut, þar sem sjálfstæðismenn héldu því fram, að í raun og veru hefði hv. þm. verið fyrstur framámanna til að koma fram með hugmyndina um veggjald á Reykjanesbraut og lýsti sig fylgjandi henni á sínum tíma, þótt síðar hafi hann skipt um skoðun. Þessar staðhæfingar töldu sjálfstæðismenn sig geta sannað með orðréttum tilvitnunum í ræður og skrif hv. þm.

Ég hef ekki blandað mér inn í þessar deilur framsóknar- og sjálfstæðismanna og ætla mér ekki að gera nú. En ég verð að segja, að mér hefur fundizt, að allt málaþras framsóknarmanna út af veggjaldinu hafi einkennzt af pólitískum skollaleik fyrst og fremst, sem nú nær hámarki í bili með flutningi þeirrar furðulegu till., sem hér er verið að ræða, því að furðuleg er hún vissulega, þegar haft er í huga, hvað á undan er gengið í þessu máli.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Árið 1965, þegar við Íslendingar höfðum eignazt okkar fyrstu hraðbraut, sem svo hefur verið nefnd, var ákveðið að setja þar á veggjald. Helzti málsvari þess, að svo skyldi gert, var þáv. hæstv. samgrh., hv. 1. þm. Sunnnl. Þótt ég væri ekki á þingi þá, sá ég þó víða eftir honum haft sem hv. þm. og ráðh., að slíkt væri eðlilegt og sjálfsagt, því að ekki mætti draga frá því litla fé, sem í vegáætlun er, til greiðslu vaxta og afborgana af þessum vegum, sem sköpuðu íbúum viðkomandi svæða algjörlega sérstöðu. Þetta sýnast mér rök, sem eru í gildi enn í dag. Við samþykkt vegáætlunarinnar á s. l. þingi urðu u. þ. b. 40 millj. kr. að meðaltali til skiptanna til þeirra landshluta, sem við erfiðastar vegaaðstæður búa. Er nokkuð meira réttlæti í því í dag en þá, að vexti og afborganir af þessum ágætu vegum, sem við öll fögnum, að hér eru komnir, séu dregin af þessari lús?

Mér þótti satt að segja ekkert undarlegt, að hv. 1. þm. Sunnl. þóttu rök 1. flm. góð. Ég hugsa, að þau hafi verið nokkurn veginn þau sömu og hann notaði á sínum tíma. Því miður get ég ekki sagt það sama um þau rök, sem fylgdu á eftir í ræðu þess hv. þm. Sýndist mér satt að segja ríkja þar hinn furðulegasti misskilningur, eins og t. d. í sambandi við fullyrðingar hans um það, að óeðlilegt væri, að Austfirðingur greiddi gjald, þegar hann ekur þessa ágætu vegi inn í borgina okkar. Þetta er notendagjald, en ekki gjald á íbúa viðkomandi svæðis. Það er ætlun okkar og hefur eflaust verið ætlun hans, þegar hann gerðist forsvarsmaður þessa veggjalds, að notendur þessara ágætu vega, hvar sem þeir búa á landinu, leggi nokkurn hlut af þeim verulega sparnaði, sem þeim ávinnst með þessum góðu vegum, til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum til þessara sömu vega.

Mér finnst satt að segja ekki, að forsendur hafi á nokkurn máta breytzt frá því, sem þær voru, þegar veggjald var ákveðið á Reykjanesbraut. Helzt mátti skilja af ræðu þessa hv. þm., að það væri hin mesta firra að láta bændur greiða veggjald, þegar þeir aka hinn ágæta veg, sem nú er fenginn austur yfir fjall, en hins vegar má þá draga þá ályktun af því, að slíkt hafi verið talið eðlilegt fyrir sjómenn á Suðurnesjum.

Ég held fyrir mitt leyti, að það væri æskilegra og að öllu leyti manndómslegra fyrir þennan hv. þm. að halda sig að þeim ágætu rökum, sem hann hafði í frammi, er hann mælti fyrir veggjaldi og var aðalhöfundur þess á árinu 1965.

Áður en ég kom til fyrri hluta þessara umr. blaðaði ég nokkuð í ýmsum gögnum frá F. Í. B. og hugðist nota þau til rökstuðnings máli mínu. En þá brá svo einkennilega við, að hv. 2. þm. Reykn. notaði nákvæmlega sömu rökin fyrir sínum málflutningi. Hv. þm. gat þess alveg réttilega samkv. upplýsingum frá F. Í. B., að talið er, að ökumaður spari u. þ. b. helminginn af viðhalds-

kostnaði bifreiðar með því, að aka þessa góðu vegi. Ég sé satt að segja ekki betur, þrátt fyrir málflutning þessa hv. þm., en að þetta séu ein meginrökin fyrir því, að þessir ökumenn greiði nokkurn hluta af þessum sparnaði til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af þessum ágætu vegum.

Ég hef hugleitt þetta nokkuð, síðan ég hlustaði á málflutning hv. 2. þm. Reykn., og hef á engan máta getað breytt skoðun minni að þessu leyti, og í mínum huga eru þetta satt að segja veigamesti rökstuðningurinn fyrir því, að þeir, sem aka þessa vegi, greiði nokkurn hluta í vegasjóð. Vitanlega má færa þennan rökstuðning töluvert lengra. Það er talað um, að ökumenn í þessum landshluta hafi þegar greitt 67.2% af tekjum ríkissjóðs af umferðinni og bifreiðum, en það má þá segja jafnframt, að með þessum sparnaði á benzínnotkun, gúmmíi og jafnvel á varahlutum eru þeir farnir að greiða að sínum hluta langtum minna en þeir, sem um hina lélegu vegi aka. Minnir það á það, sem hæstv. samgrh. sagði við umr. um þetta mál á síðasta þingi, að hæsta vegskattinn greiða þeir, sem verstu vegina aka. Þetta held ég, að sé staðreynd og kannske mergur málsins. Hæsta veggjaldið eða skattinn greiða örugglega þeir, sem verstu vegina aka. Þeir greiða mest til vegasjóðs, mest til ríkisins af bifreiðum sínum.

Það er að mínu viti hin mesta skekkja að tala um heildina. Við erum að leggja gjald á einstaklinginn. Við erum að leggja gjald á hvern þann einstakling, sem þessa vegi ekur, en ekki á heildina.

Hv. 11. landsk. þm. er nýliði hér í þingsölum eins og ég, en ég verð að segja fyrir mitt leyti: Ekki mundi ég undrast það, þó að brtt. kæmi fram af hans hálfu við eitthvert mál, sem hann hefur ekki fengið hér fram, ef með svipuðum hætti hefði verið og það mál, sem er til umr. nú.

Menn eru að undrast, að flutt skuli vera sú till., sem hér er til umr. Við atkvgr. á síðasta þingi sátu hjá allmargir þm., m. a. þm. úr dreifbýlinu, sem ég fyrir mitt leyti vil endilega veita tækifæri til að endurskoða afstöðu sína. Ég er ekkert hræddur um skakkaföll í atkvæðaveiðum okkar flm. Ég er miklu hræddari um skakkaföll í atkvæðaöflun hinna, sem sátu hjá við síðustu atkvgr., þó að ég telji ekki slíkan málstuðning við hæfi.

Hv. 1. þm. Sunnl. furðaði sig á því og taldi jafnvel vafasamt, að heimilt væri samkv. þingsköpum að bera fram brtt. við vegáætlun, sem samþ. var á síðasta þingi. Ég vil benda hv. þm. á, að hér er um brtt. við tekjuhlið vegáætlunarinnar að ræða, og ég vil einnig benda hv. þm. á það, að við afgreiðslu fjárl. samþykktu þessir sömu hv. þm., a. m. k. þeir, sem greiddu fjárl. atkv. sitt, verulega breytingu einmitt á tekjuhlið vegáætlunarinnar, svo að ég get alls ekki séð, að hér sé um neitt einsdæmi að ræða. Ef mér reiknast rétt, þá var þar um 250 millj. kr. breytingu að ræða á tekjuhlið vegáætlunar. Mér sýnast því öll þessi andmæli gegn flutningi þessarar till. falla mjög svo um sjálf sig.

Hv. 11. landsk. þm. kom einnig með fróðlegar upplýsingar um tekjur ríkissjóðs af hverjum km sem ekinn er, 2.88 kr. Ég læt nægja að minna á það, sem ég sagði áðan, að tekjur ríkissjóðs af hverjum km sem ekinn er úti í dreifbýinu á hinum lélegri vegum, eru að sjálfsögðu langtum meiri en á hinum betri vegum.

Ég get tekið undir það með hv. þm. og vona, að það verði tekið til athugunar, þegar þessi till. hefur náð fram að ganga, að beita ódýrari innheimtuaðferðum, og vonandi verður þá kleift að heimta slíkt veggjald af fleiri vegum, þegar þeir ná þessu stigi.

Hv. þm. taldi vel koma til greina að innheimta veggjald af göngum gegnum fjöll eða öðrum meiri háttar framkvæmdum þess háttar. Ég get út af fyrir sig vel fallizt á það. En það er gjörbreyting á þeirri stefnu, sem áður var mörkuð og ég satt að segja leyfi mér að fullyrða, að flestir hafi verið farnir að sætta sig við. Samkvæmt áliti F. Í. B. er stærsta stökkið tekið í sparnaði viðhalds á bílum og aksturskostnaði fyrir hvern einstakling, þegar varnalegt slitlag er fengið. Þetta held ég, að sé óumdeilanlegt, og það er af þessari ástæðu að mínu viti, sem mörkin um veggjald eru eðlilega sett, þegar þeim áfanga er náð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um innanríkisdeilu þeirra í Reykjaneskjördæmi, sem einkenndi mjög ræðu hv. 5. landsk. þm., en vil ljúka máli mínu með því að minna á það, að hér í sölum hins háa Alþ. hefur hvað eftir annað og ítrekað í gegnum árin verið lögð áherzla á jafnvægi í byggð landsins, og menn hafa talað af mikilli fegurð um það, að við, sem í þéttbýlinu búum, þurfum að leggja eitthvað af mörkum til þess að jafna hlut þeirra, sem í dreifbýlinu búa. Því miður hefur ekki fengizt mikið með þessu tali. Í mínum huga reynir hér enn einu sinni á þetta mál. Það reynir á það, hvort við, sem fleytum rjómann ofan af erfiði þeirra, sem í dreifbýlinu búa, að ýmsu leyti, fleytum rjómann ofan af erfiði þeirra, sem leggja grundvöllinn að okkar meginatvinnuvegum, viljum greiða til baka smáhlut til þess að gera auðveldara að veita þeim betri vegi.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil ógjarnan lengja mikið umr. um þessa till. nú við þessa umr., en ég verð þó að víkja örfáum orðum að nokkrum andmælum þeirra hv. þm., sem hér hafa talað gegn till.

Hv. 11. landsk. byrjaði ræðu sína á að blöskrast yfir því, að við skyldum flytja þessa till., af því að málið hefði fengið aðra afgreiðslu á þingi í fyrra heldur en hér er lagt til, að hún fengi. Þegar ég var á Laugarvatni, var sá ágæti maður Ólafur Ketilsson vanur að segja við okkur skólapilta, þegar honum blöskraði fáfræði okkar: Hvar hefur þú alizt upp? sagði hann. Og ég vil nú segja við þennan hv. þm., þó að hann hafi ekki verið á þingi nema tvö ár: hvar hefur hann þá verið hin árin? Það er svo algengt, að menn flytji ár eftir ár mál, þó að þau séu felld fyrir þeim eða afgreidd með öðrum hætti en þeir kjósa, að það er ekki umtalsvert. Þetta er ákaflega algengt. Af því að hv. 3. þm. Norðurl. e. situr hér fyrir framan ræðustólinn í sæti sínu, þá kemur mér t. d. í hug, að hann flutti a. m. k. á 4 þingum till. um athugun á jöfnun

námskostnaðar þeirra, sem þurfa að senda börn sín að heiman. Hann og þeir, sem með honum voru, fluttu það mál aftur og aftur, þangað til það var samþykkt. Nei, þessi aðfinnsla er alveg fráleit. Ég er alveg hissa á, að nokkur skuli láta þetta heyrast hér á hv. Alþ. — Ég get svo bent á eitt eða tvö atriði önnur í ræðu þessa hv. þm. Hann sagði t. d., að maður, sem ekur daglega um Reykjanesbraut, hefði borgað á ári 12 þús. kr. í vegtoll. En hvað hefur hann sparað mikið með því að fara hraðbrautina í staðinn fyrir gamla malarveginn? Það var talað um, að eftir erlendum töflum og skýrslum hefði veggjaldið á sínum tíma átt að nema helmingi af sparnaðinum við að aka hraðbrautir. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar, og mikil verðbólga hefur átt sér stað, svo að það er óhætt að segja, að þarna sé um miklu hærri fjárhæðir að ræða, þannig að hafi hann borgað 12 þús. á ári fyrir að aka brautina, þá hefði hann eigi að síður jafnframt sparað sér á því að hafa hraðbrautina undir hjólunum a. m. k. 15—20 þús. kr. á ári. Það er alveg gefið mál, ef nokkuð má marka þessa útreikninga, sem ég út af fyrir sig hef ekki heyrt neinn vefengja.

Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., að það er staðreynd, að þeir, sem aka þessar ágætu hraðbrautir, sem betur væru komnar um allt landið, greiða minna til ríkisins í ýmsum gjöldum heldur en hinir. Það er óvefengjanlegt. Þeir eyða minna benzíni, þeir slíta minni gúmmíum, og þeir þurfa að kaupa minna af varahlutum og greiða því minni toll af þessu, þannig að þetta er ekki vefengjanlegt. Þetta er svona. (Gripið fram í: Þeir eyða minni gjaldeyri.) Já, það er ástæða til þess að minna á gjaldeyrinn, því að hv. 11. landsk. þm. vildi láta líta svo út, að umferðin um þessa vegi hérna væri svo mikil, að hún borgaði þá og miklu meira, og manni fór að detta í hug, að honum fyndist kannske ekki mikil ástæða til þess að leggja neitt ofurkapp á vegina, þar sem umferðin væri minni og þeir gæfu ekki svo mikið af sér og væru óarðbærari. En ætli það væri nú ekki eitthvað lítið um gjaldeyrinn, ef ekki væri reynt að halda þessu öllu sem bezt gangandi um allt land. Það er þess vegna út í hött að tala eins og hv. 11. landsk., að taka svona út af fyrir sig einhverja fjölfarna vegi og hamra á því, að þar sé svona mikil umferð og hún borgi veginn og miklu meira en það.

Svo sagði hv. þm. líka, að það mundi stórhækka kostnað við alla vöruflutninga hér að höfuðstaðnum, þegar menn ækju hér orðið hraðbrautirnar, ef þeim væri gert að greiða eitthvert gjald. Þetta er auðvitað alveg öfugt. Sýnt hefur verið fram á, að þótt einhver hluti af hagnaðinum sé tekinn í veggjald, þá náttúrlega lækkar flutningskostnaður eftir hraðbrautunum samt sem áður, þó að hann lækki ekki eins mikið og ef ekki væri neitt veggjald borgað, að er rétt.

Hv. 2. þm. Reykn. er iðinn við kolann að því leyti, að hann heldur sínu striki allt frá 1965 a. m. k., ég hef ekki kynnt mér það lengra aftur í tímann. Hv. þm. sagði í ræðu sinni hér um daginn, að Bretar spöruðu helming rekstrarkostnaðar bifreiða sinna með því að aka malbik í stað malar. Þetta er það, sem alltaf er verið að segja hér. En ég hef bent á það hins vegar, að hér er munurinn bara miklu meiri. Og ég vil nú spyrja í fullri einlægni og alveg kalt og rólega: Er það ósanngjarnt, að þeir, sem spara svona mikið í rekstrarkostnaði bifreiða sinna, leggi einhvern hluta, t. d. ⅓, af hagnaðinum, beina peningahagnaðinum, í vegasjóðinn til þess m. a. að flýta fyrir því, að hraðbrautirnar geti lengzt og að framkvæmdum verði hraðað? Er það ekki nóg fyrir þessa ágætu menn að halda t. d. ⅔ af fjárhagslegum beinum ágóða? Er það ekki nóg að viðbættum þeim herlegheitum, sem það eru vissulega að aka höggfrítt, ef svo mætti segja? Mér sýnist þetta sanngjarnt.

En annars langar mig mest til þess að svara ræðum þessara hv. þm. úr Reykjaneskjördæmi, sem hér hafa talað, bara með einni setningu, þannig: „Ég býst við því, að ýmsir landsmenn væru þakklátir, ef þeir mættu greiða veggjald fyrir að eiga nú þegar jafnágætan veg og Reykjanesbrautina!“ Ég vildi helzt svara þessu svona einfaldlega: „Ég býst við því, að ýmsir landsmenn væru þakklátir, ef þeir mættu greiða veggjald fyrir það að eiga nú þegar jafnágætan veg og Reykjanesbrautina!“ En um leið og ég svara á þennan hátt, þá er mér skylt að geta þess, að höfundaréttinn að þessari setningu á ég ekki. Hann á hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. hæstv. samgrh. Og hann beindi einmitt þessari setningu til þessa sama þm., hv. 2. þm. Reykn., fyrir nokkrum árum, þegar þeir voru að ræða um þetta fræga veggjald.

Það er leiðinlegt, að hv. 1. þm. Sunnl. er ekki hér við. (Gripið fram í.) Já, ég held, að hann verði að sjá um sig sjálfur, a. m. k. fyrir mér, að því leyti, og það er líka orðin sú venja hér, að menn tala sinn daginn hvor, ef því er að skipta, þannig að ég held, að ég geti ekkert gert með það og verði að svara nokkrum atriðum í hans ræðu, þó að hann sé ekki hér viðstaddur. Nú koma „tíðindin“ strax út, og hann getur lesið þetta, áður en vikan er liðin.

Mér var það satt að segja alltaf efst í huga, meðan ég hlustaði á hans ágætu ræðu, að hann var maðurinn, sem beitti sér fyrir setningu vegal. með ákvæði um heimild til þess að taka veggjald, og hann var maðurinn, þá í sæti samgrh., sem beitti sér fyrir því að leggja þetta gjald á í fyrsta sinni og eina skiptið, sem það hefur innheimt verið. Þetta var mér efst í huga, meðan ég hlýddi á hans ræðu. Hv. þm. þóttist vera að leiðrétta mig og gaf það í skyn, að ég hefði farið rangt með staðreyndir, þegar ég vék að afgreiðslu vegáætlunar 1972. (Gripið fram í: Óvart.) Óvart, já. En hvort sem það var að hans dómi óvart eða ekki óvart, þá var fyrir þessu enginn fótur, og ég vil leyfa mér af þessu tilefni að rifja það upp aftur, sem ég sagði um þetta atriði. Það er óþarfi að vera með svona snakk, sem enginn fótur er fyrir. Ég sagði um þetta:

„Á síðasta Alþ. var við meðferð vegal. og vegáætlunar gerð mjög veruleg almenn hækkun á því fé, sem varið er til vegamála. Það er unnið af fullum krafti við hraðbrautir samkv. vegáætluninni. Það er haldið áfram framkvæmd sér-

stakrar Austurlandsáætlunar, það hefur verið hafin framkvæmd á Norðurlandsáætlun, og það eru hafnar framkvæmdir við að opna hringveg umhverfis landið. Allt þetta var ákveðið á síðasta löggjafarþingi og þess vegna alveg ástæðulaust að hafa mörg orð um þetta atriði, um fjárþörf vegasjóðs, í áheyrn þeirra hv. þm., sem réðu þessum ráðum aðeins fyrir nokkrum mánuðum."

Þetta var það, sem ég sagði. Og ég hygg, að hver maður, a. m. k. hver hv. þm., sjái, að með þessum ummælum er einungis átt við þær ákvarðanir um fjárgreiðslur, sem í vegáætluninni frá 1972 felast, og ekkert annað. Og ég vísa öllum umvöndunum þessa hv. þm. út af þessum ummælum mínum algerlega heim til föðurhúsanna.

Hitt er svo annað mál, að ég neyðist til þess að vanda um við þennan hv. þm., ég neyðist til þess, — og eins þótt hann sé fjarstaddur, — í fyrsta lagi fyrir ósamkvæmni í málflutningi, í öðru lagi fyrir ábyrgðarleysi hreint og beint og í þriðja lagi fyrir skort á óhlutdrægni.

Árið 1963 beitir þessi hv. þm. sér fyrir heimildarákvæði í 95. gr. vegal., og þá segir hann m. a., að hann geri ráð fyrir því, að enginn ágreiningur verði um gr., orðrétt, „að hv. þm. telji það sjálfsagt, að þar sem því yrði við komið, væri þessi háttur upp tekinn, enda er það algengt erlendis, þar sem umferð er mikil, að taka vegtoll eða brúartoll til þess að fá nokkuð upp í kostnað og viðhald vega og brúa". Þetta sagði þessi hv. þm. þá orðrétt. Árið 1965 grípur hann sem samgrh. fyrsta tækifæri til að beita þessari heimild á Reykjanesbraut. Í umr. á Alþ. þá mælir hann sterklega með þessari tekjuöflunaraðferð og, eins og ég vitnaði til áðan, sagði, að aðrir landsmenn mundu þakka fyrir að fá að gjalda vegtoll. Og þá segir hann enn fremur orðrétt í sambandi við umr. um fsp. haustið 1965:

„Með tilliti til þess, að varanleg vegagerð er fjárfrek, gæti ég vel trúað því, að hv. Alþ. teldi eðlilegt að taka umferðargjald af vegum, sem kynnu að verða byggðir sambærilegir við Reykjanesbraut."

En menn taka eftir, að hann er aðeins farinn að draga í land frá því 1963, — aðeins, en þó lítið. Nú aftur á móti, á þingi 1972 og aftur núna, finnur þessi hv. þm. þessari leið allt til foráttu. Þetta kalla ég ósamkvæmni í málflutningi í hæsta máta, ef ekki hreinan hringlandahátt, því að ekkert hefur breytzt í þá stefnu, að óþörf sé þessi gjaldheimta fyrir vegasjóðinn. Fjárþörf hans hefur ekki minnkað, og það hefur síður en svo dregið úr kröfum landsmanna um betri vegi og um að hraða vegaframkvæmdum, síður en svo dregið úr þeim kröfum.

Ég verð að segja það líka, að mér finnst framkoma þessa hv. þm. við afgreiðslu þeirra breytinga, sem gerðar voru á vegáætlun nú fyrir áramótin og þýddu aukna tekjuöflun fyrir vegasjóð, — mér finnst hún bera vott um hreint ábyrgðarleysi, og það því fremur þegar þess er gætt, að hv. þm. er nýstiginn upp úr sæti samgrh. og þekkir þess vegna betur en nokkur annar þarfirnar. Þar að auki hafði hann æ ofan í æ notið eindregins stuðnings stjórnarandstöðunnar, nálega allrar og stundum allrar, við að afgreiða nauðsynlega tekjuöflun vegasjóðs.

Mér finnst það líka satt að segja alls ekki sæmandi að beita sér fyrir töku veggjalds af hraðbraut í nágrannakjördæmi og gefa í skyn, raunar segja með berum orðum, að það sé sennilegt, að reikna megi með slíkri gjaldtöku víðar, — og þá vissu allir eða gerðu a. m. k. ráð fyrir því, að Suðurlandsvegurinn yrði næstur í röðinni, — en snúast svo öndverður, þegar hraðbraut er komin á heimaslóðir. Það getur vel verið, að einhverjum sýnist þetta allt í lagi, en ég kann ekki við svona vinnubrögð hjá hv. þm., sem ég hef sjálfur unnið með oftar en einu sinni ásamt mínum flokksbræðrum og fleirum utan hans flokks við að afla vegasjóði tekna og auðvitað unnið með honum að ýmsum öðrum gagnlegum málum, eins og gengur.

Hv. þm. gaf í skyn í sinni ræðu, að það væri vafasöm heimild til þess að fara að endurskoða vegáætlunina núna. Þetta er náttúrlega ekki nein endurskoðun á vegáætlun út af fyrir sig. En ég get ekki fundið neitt í vegal., sem bannar það að hreyfa við vegáætluninni, að afla vegasjóði aukinna tekna á milli þess, sem hin formlega endurskoðun fer fram. Þar er ákvæði um, að ráðh. skuli undirbúa endurskoðunina með sínum mönnum á tilteknum tíma, en ég get ekki fundið neitt ákvæði, sem bannar það að líta eftir þessum hlutum þar á milli, enda hefur það vissulega verið gert, og sú lagabreyting, sem gerð var á vegal. núna fyrir áramótin, er með vissum hætti breyting á vegáætlun. Hún snertir vegáætlunina og tekjuöflunina til vegasjóðs alveg eins og þessi till. gerir nú.

Hv. þm. segir, að það hafi verið gengið frá áætluninni endanlega í fyrra. En það sést strax, að þetta er ekki alls kostar rétt, þegar það er haft í huga, að fyrir Alþ. nú liggur frv. um framkvæmdaáætlun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni upphæð, 75 millj. kr., sem varið skuli til vegasjóðs. Þetta er enn þá aðeins frv. og hefur ekki verið afgr. nú þegar, þannig að það er ekki heldur rétt, að innheimta veggjaldsins sé út af fyrir sig óþörf fyrir vegasjóðinn, því að enn er eftir að ganga endanlega frá fjáröflun á þessu ári. Það má einnig til viðbótar þessu, að þarna eru óafgreiddir stórir hlutir, er vegasjóðinn verða, minna á, að kostnaður við vegaframkvæmdir hækkar meira núna á milli ára 1972 og 1973 heldur en ráð var gert fyrir, þegar vegáætlunin var sett 1972. Þá var sá háttur á hafður í fyrsta lagi, að framlögin 1972 voru reiknuð með áætluðu kostnaðarverði. Síðan var miðað við áætlaða kostnaðarhækkun um upphæðirnar 1973, og eins og ég sagði áðan, er þegar ljóst, að sú hækkun verður meiri en þar er gert ráð fyrir. En síðan var miðað við þá tölu áfram með tilliti til þess, að 1974 eru þau tvö ár, sem þá eru eftir, tekin til endurskoðunar og þá væntanlega tölum breytt í samræmi við það, sem þá liggur fyrir um vegagerðarkostnaðinn. Og þannig er það margt, fyrir utan að það er laus endi þarna í framkvæmdaáætluninni, sem bendir til þess, að þarna sé þörf aukins fjármagns, þótt ekki sé nema til þess að halda í horfinu.

Það voru ekki miklu fleiri atriði í ræðu hv. 1. þm. Sunnl., sem ég vildi víkja að. Hann var með smágamansemi þarna, hún er náttúrlega alltaf vel þegin, og virtist bera fyrir brjósti hag Austfirðinga, sem yrðu eitthvað hart úti, eftir að hringvegurinn opnaðist. Aftur á móti taldi hann, að Reykvíkingar mundu sleppa vel, því að það væri bara ein ferð um árið, sem þeir færu út úr bænum austur fyrir fjall! Þetta kom mér nú eiginlega skemmtilega á óvart, að jafnvel hann, þessi hv. þm., geti verið svona gamansamur. En um þetta ætla ég þó ekki að ræða. En ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á öðrum slíkum gamansömum punkti, sem mér þótti alveg frábær. Hann sagði, hv. þm., að „þessi skattheimta er óréttlát einnig vegna þess, að sú skattlagning kemur helzt niður á þeim, sem sízt gætu eða ættu að bera þessa skatta. Hún kemur niður á framleiðslunni, og hún kemur niður á þeim, sem helzt nota vondu vegina!“ Þetta stendur í þessu nýútkomna hefti.

Svo ætla ég þá að ljúka máli minu með því, að það er mín skoðun, að við eigum alveg hiklaust að halda við þá stefnu í þessu máli, sem mörkuð var undir forustu hv. 1. þm. Sunnl., þáv. hæstv. samgrh., árið 1963, þegar heimildin um töku veggjalds var sett inn í vegalög og síðan framkvæmd af sama manni frá 1965. Mér finnst það fráleitt að hverfa frá henni nú, þegar búið er að greiða þessi ár af þessum eina vegi, jafnvel þótt vegur sá, sem næst kemur til gjaldtöku, liggi austur yfir heiði, inn í kjördæmi hv. 1. þm. Sunnl. Mín stefna er sú, að halda beri þessari stefnu, sem þarna var mörkuð. Og ég legg enn og aftur áherzlu á þessi tvö atriði: Það er þörf landsmanna fyrir hraðar framkvæmdir í vegamálum og þörf vegasjóðsins fyrir aukið fé til þess að geta orðið við þessum þörfum og þessum óskum. Og hins vegar það, að ég fæ með engu móti séð, að það sé neitt ósanngjarnt, þó að þeim, sem nota hraðbrautirnar, sé gert að greiða hluta af sínum beina peningalega hagnaði til vegasjóðs.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala hér langt mál, því að þeir félagar minir, sem eru flm. að þessari till., eru búnir að taka til meðferðar flest það, sem ástæða er til að svara úr ræðum þeirra hv. þm., sem hafa talað hér á móti þessari þáltill. En það er ýmislegt fleira, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði í sínum ágætu ræðum 1963 og 1965, heldur en það, sem 1. flm. las hér upp áðan, t. d. þetta, með leyfi forseta:

„Ég vil taka það fram, að þetta ákvæði verður áreiðanlega notað mjög varlega,“ — þ. e. a. s. vegtollurinn. — „Ég vil enn fremur taka það fram, að áður en sú ákvörðun er tekin að innheimta slíkan toll, þá þarf að gera ýmsar athuganir, áður en slíkt getur átt sér stað, til þess að koma í veg fyrir, að það verði unnt að halda því fram, að níðzt sé á einu byggðarlagi frekar en öðru.“

Það fer ekki á milli mála, að hv. þm., sem þá var samgrh., leit þannig á, að ef aðeins væri settur slíkur tollur á einn veg en ekki annan, þá væri verið að níðast á því byggðarlagi. Og það var það, sem hv. 2. þm. Reykn., eftir því sem kemur fram í ræðum hans frá þeim tíma, grunaði alltaf samgrh. um, að aldrei yrði lagður vegtollur á annan veg eða a. m. k. ekki á veginn til Sunnlendinga.

Annars var mjög athyglisverð og skemmtileg ræða, sem hv. 2. þm. Reykn. flutti hér 1. febr. Hann kom þar fram með mjög veigamikil rök fyrir því, að bifreiðaeigendur væru misjafnlega skattlagðir eftir því, við hvernig vegi þeir byggju, þó að niðurstaðan væri dálítið skrýtin. Ég sagði, að hv. þm. hefði komið fram með mjög veigamikil rök fyrir því, að bifreiðaeigendur væru misjafnlega skattlagðir eftir því, við hvernig vegi þeir byggju. Hann sagði t. d. í sinni ræðu, að það hefði komið fram í athugun, sem hefði verið gerð í Bretlandi, að viðhaldskostnaður og eyðsla væru helmingi minni hjá þeim bílum, sem ækju eftir malbikuðum vegum, en þeim, sem ækju eftir malarvegum. Hvað skyldi þá munurinn vera mikill hér á okkar landi, þar sem sumir menn verða að brjótast áfram á bílum sínum og eru kannske með öndina í hálsinum, hvort þeir komist næstu metrana eða ekki, en við slíkar aðstæður búa því miður margir bæði vor og vetur? Sú þjónusta, sem hið opinbera lætur þessum mönnum í té, er allt önnur en t. d. hér í kringum aðalþéttbýlið. Hvers vegna skyldu menn þá ekki fara að eins og hv. þm. sagði í sinni ræðu? Hann sagði eitthvað á þá leið, að grundvallarforsenda réttlátrar skattlagningar væri, að menn borguðu sömu gjöld við sambærilegar aðstæður. Ég er alveg sammála honum um þetta. En það eru ekki sambærilegar aðstæður, t. d. hvort er alltaf tekið föl af vegi, jafnóðum og það kemur, eins og hér er, eða hvort menn þurfa að brjótast áfram í ófærð. Viðhaldskostnaðurinn verður þá margfaldur og eyðslan, miðað við þá, sem búa við vegi eins og eru hér í grenndinni. Ég þekki þetta hvort tveggja.

Hv. þm. sagðist ekki leyna því, enda þýðir það ekki fyrir neinn, að það væri allt annar viðhaldskostnaður t. d. á Suðurnesjum fyrir þá, sem þar búa, eftir að þessi varanlegi vegur var tekinn í notkun.

Menn eru nú flestir farnir að tala um, að það þurfi að vinna að jafnvægi í byggð landsins og halda hinum dreifðu byggðum uppi. Það var glott að því hér fyrstu árin, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. var með till. um þetta efni. En hver er það nú, sem a. m. k. í orði kveðnu vill ekki hafa riðið á vaðið í þessu efni? En þegar er farið að ræða þessi mál, þá má ekki vinna að því á nokkurn hátt, heldur þarf að viðhalda óréttlætinu.

Það er alveg rökrétt, sem kom fram í ræðu hv. 1. flm. áðan og hv. 1. þm. Vestf., að auðvitað kostar aksturinn langtum meira fyrir þann, sem fer sömu vegalengd á hinum vondu og erfiðu vegum. Þeir borga lengtum meira, jafnvel þótt þessi skattur væri álagður eða einhver sambærilegur skattur. Annars verð ég að segja það, eftir að hafa hlustað á þessar umr. og sérstaklega á ræður þeirra, sem fluttu hér mál sitt 1. febr., hv. 1. þm. Sunnl. og hv. 2. þm. Reykn., að það er vel hugsanlegt að athuga það að skattleggja þetta á annan veg en þessi þáltill. ber með sér.

En ég vil bara minna á, að við erum hér að fara í troðna slóð 1. þm. Sunnl. Það var hann, sem var upphafsmaður og talsmaður að þessari aðferð í sambandi við þessa skattheimtu, þó að hann segi nú, að það séu ekki haldgóð rök að benda bara á þessa einu hlið og horfa bara á þessa stuttu hraðbrautarspotta, eins og hann komst að orði. Ég held, að það gæti vel komið til greina að setja á slíkan skatt, að þeir, sem búa á þeim svæðum, sem þessir varanlegu vegir eru komnir á, borgi meiri skatt, og vegirnir séu eitthvað flokkaðir, þannig að þeir, sem búa við versta þjónustu að þessu leyti, borgi langminnst. Það er hægt að prófa það í raun og veru, hvernig væri hægt að skipta þessu, þannig að það kæmi réttlátlega út. Hvað haldið þið, að það kosti að fara langar vegalengdir, t. d. á Norðausturlandi, þar sem er mokað einu sinni í mánuði, brjótast áfram í ófærð marga tugi eða jafnvel hundruð km? Hvað haldið þið, að það kosti? Eiga þessir menn að borga sama skatt af bifreiðum sínum eins og þeir, sem hafa allt aðra þjónustu? Er það réttlætið, sem hv. þm. eru að berjast fyrir, t. d. hv. 11. landsk. þm? Er það þetta, þessi byggðastefna, sem þið eruð að ræða um og stefnið að? Viljið þið viðhalda og auka óréttlætið í þjóðfélaginu? Eða er það í raun og veru það, sem verið er að vinna að, að reyna að koma þessum byggðum á kné? Það er ákaflega eðlilegt, að það fólk, sem er í hinum dreifðu byggðum og finnur, að það býr við allt önnur kjör og allt önnur skilyrði, fari hingað. Það er ákaflega eðlilegt. Að þessu er líka unnið leynt og ljóst, þó að menn séu kannske feimnir við að kannast við það hér í þingsölunum.

Ég er alls ekki að halda því fram, að það sé rétta leiðin í þessu að setja á vegtolla. Það getur ýmislegt annað komið til greina. Og ég vil endurtaka það, að það þarf að athuga þetta allt saman. En hitt legg ég áherzlu á, að það á að reyna að jafna þarna bilið og menn eiga að borga miðað við þá þjónustu, sem þeir fá.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hélt nú satt að segja, að það þyrfti ekki að eyða löngum tíma til umr. um jafnsjálfsagðan hlut og jafnsjálfsagt réttlætismál og sú þáltill., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir. Eigi að síður hefur það sýnt sig, að hér á hv. Alþ. er að vísu tiltölulega fámenn sveit ungra, en vaskra þm., sem tekið hefur upp málstað óréttlætisins í þessum efnum, með sjálfan fyrrv. samgrh. í broddi fylkingar.

Hv. 1. þm. Sunnl., sem í raun og veru ber höfuðábyrgðina á þessu óréttlæti, ef um óréttlæti er hægt að tala, er nú búinn að söðla um. Og svo furðuleg sem sú umsöðlun var hjá þessum hv. þm., þá er það þó enn furðulegra, að þm. Reykn., þeir sem vilja halda fast við afnám skattsins, — það er furðuleg afstaða þeirra þm., sem eru búnir að láta kjósendur sína í a. m. k. 6 ár borga þennan skatt, að heimta nú, að hann verði afnuminn, þegar annar hliðstæður vegur kemur, sem ætti raunverulega að setja skattlagningu á. Það er vissulega svo, að það hafa fleiri ruglazt í réttlætiskenndinni en hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh.

En hver er orsökin fyrir því, að hv. 1. þm. Sunnl. hefur svo gersamlega snúið við blaði sem raun ber vitni, með tilliti til þess málflutnings, sem hann hefur hér haldið uppi varðandi þessa þáltill.? Jú, hún er sú og sjálfsagt eingöngu sú, að nú kæmi inn í dæmið sambærilegur vegur, sem greiða ætti af, þ. e. a. s. Suðurlandsvegur, sem er í kjördæmi þessa hv. þm. Ekkert annað getur réttlætt þessi skoðanaskipti þessa hv. þm., ef hægt er um réttlætingu að tala.

Ég sagði áðan, að svo furðuleg sem afstaða hv. 1. þm. Sunnl. væri í þessu máli nú, sé litið til fortíðar hans í þessum efnum, þá væri enn furðulegri að mínu mati afstaða þeirra hv. þm. Reykn., sem vilja nú og stuðluðu að því á síðasta Alþ., að þetta óréttlæti væri upp tekið, að láta þá, sem við mestu vegleysurnar búa, borga þyngstu skattana. Ég sagði, að þessi afstaða væri furðuleg, nema því aðeins, eins og heyrzt hefur, að upp ætti að taka það fyrirkomulag að endurgreiða öllu því fólki, sem borgað hefur, og kannske bæði með vöxtum og vaxtavöxtum, það fé, sem það hefur látið af hendi vegna veggjaldsins á Reykjanesbraut.

Hv. 1. þm. Sunnl. lýsti því yfir, að vegtollur þessi væri ósanngjarn, þar sem hann kæmi niður á þeim, sem sízt skyldi. Það er fróðlegt að heyra þetta eftir 6 ár, sem þessi hv. þm. hefur stjórnað þessum skatti, að heyra þá þennan dóm. Hann er óréttlátur, vegna þess að hann kemur niður á þeim, sem sízt skyldi.

Þá sagði hv. 1. þm. Sunnl. einnig, að veggjaldið mundi koma þyngst niður á bændum, sennilega í Suðurlandskjördæmi, ef væri tekið upp veggjald á Suðurlandsvegi. Það mætti kannske spyrja þennan hv. þm. og aðra, sem eru svipaðs sinnis í þessum efnum, hvað væri þá með það fólk víðs vegar um landið, sem æki mánuðum og árum saman svo til eingöngu á holóttum vegum, enda orðaði hv. 11. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson, það svo hér áðan, að rétt byggðir malarvegir gætu verið ágætir. Hann veit sem sagt, að þeir eru það ekki, enginn af þeim. Þetta er vægt til orða tekið, enda ekki gott að fullyrða meira í þessum efnum heldur en þessi hv. þm. gerði með tilliti til reynslunnar, sem fyrir er. En þetta fólk, sem ég hygg, að a. m. k. allir flm. þessarar þáltill. hafi í huga, þarf svo sannarlega að borga og borga meira fyrir það, að afnuminn hefur verið vegtollurinn af Reykjanesbrautinni og ekki tekinn upp á Suðurlandsvegi. Ég held, að hv. 1. þm. Sunnl. og skoðanabræður hans hér á hv. Alþ., sem vonandi verða fáir, þegar þetta mál verður afgreitt, ættu að kynna sér viðhorf þess fólks, sem víð verstar aðstæður býr í þessum efnum víðs vegar um landið, þ. e. a. s. ef réttlætiskenndin ristir það djúpt, að þeir vilji taka tillit til þess, sem staðreyndir sýna fram á.

Hv. 1. þm. Sunnl. hélt áfram og segir, að öllum muni ljóst, að mælirinn sé orðinn fullur, að sjálfsögðu undir hans stjórn rúm 6 ár í þessum efnum, og reyndar farið að fljóta út yfir, en það eigi þersýnilega að reyna á þolrifin í mönnum í þessum efnum. Þarna kemur fram annar dómur þessa hv. þm. nú um það, sem hann hefur afrekað á stórum hluta síns ráðherradóms.

En svo kemur rúsínan í pylsuendanum hjá

þessum hv. þm., þegar hann fer að bera fram óskir og vonir og segir, að samkv. þingsköpum fari till. nú í n., og vonist hann til, að hún eigi ekki afturkvæmt þaðan. Hann vonast til, að hún eigi ekki afturkvæmt þaðan. Hvað á þessi margreyndi hv. þm. við með þessum orðum? Er hann farinn að óttast, að augu æ fleiri hv. alþm. hafi opnazt, frá því að þetta mál var hér til umr. á síðasta þingi, á þann veg, að það sé raunverulega meiri hl. alþm. hér, sem líti þetta mál sem réttlætismál, að innheimt sé veggjald á þessum hraðbrautum? Það ber vissulega — a. m. k. geri ég það — að taka orð þessa hv. þm. svo, að hann óttist, að það rúmist raunverulega engin réttlætiskennd innan skoðana þeirra hv. alþm., sem halda því fram, að það eigi að afnema veggjald af hraðbrautum. Og ég er alveg hissa á hv. 1. þm. Sunnl., að hann skuli láta sér þau orð um munn fara, að hann óski eftir því, hvort sem það er þetta eða annað mál, að mál fái ekki þinglega meðferð. Það getur ekki verið neitt annað, sem þarna býr á bak við, en það, að hann telur, að málstaðurinn sé ekki svo traustur, að það sé neitt á að byggja, að hann náist fram, ef málið fær eðlilega meðferð hér í þinginu.

Samkv. áætlun, sem gerð var um innheimtu veggjalds á síðasta þingi, þegar vegáætlun var afgreidd, sem náði yfir tímabilið frá árinu 1972—1976, var gert ráð fyrir því, að nettótekjur af innheimtu veggjalds á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi, þegar það kæmi til, næmu á þessu tímabili 162.8 millj. kr., — nettótekjur af innheimtu veggjalds, — og það hefði skipzt þannig, að á Suðurlandsvegi hefði verið um að ræða 55.3 millj. og á Reykjanesbraut 107.5 millj. Það var sem sagt gert ráð fyrir álíka upphæð í nettótekjur af innheimtu veggjalds á þessu tímabili og var sett á fjárl. ársins 1972 í allar hafnir á Íslandi. Við þetta er svo því að bæta, að hefði veggjald fylgt verðlagi frá þeim tíma, sem það var á sett, þá ætti það raunverulega að vera 100% hærra. Og það væri eina réttlætið að hækka veggjaldið á Reykjanesbraut og setja veggjald á Suðurlandsveg, sem væri 100% hærra en það gjald var, sem var fellt niður. Það væri það eina réttláta, sem ætti nú að gera í sambandi við þetta mál. Og hefði það verið gert, sem var sjálfsagt, hefði a. m. k. verið um drjúgan tekjustofn að ræða, nettótekjur af innheimtu veggjalds upp á 325 millj. á þessu tímabili samkv. áætlun frá vegamálaskrifstofunni, og það munar vissulega um minna. En þetta eru ekki peningar, sem er verið að taka að óþörfu af þeim aðilum, sem um þennan veg fara. Þeir eru að borga til baka aðeins lítinn hluta af þeim sparnaði, sem þessir vegir veita bifreiðaeigendum vegna þess, hvernig þeir eru byggðir. Það er stórgróði að því að aka þá, þótt borgað sé 100% hærra gjald en áður var.

Það er enginn vafi á því, að aðstöðumunur þeirra bifreiðaeigenda, sem aka um hina fullkomnu vegi annars vegar, og hinna, sem aka um gömlu malarvegina, er gífurlegur. Og það er aðeins brot af þeim sparnaði, bæði á eldsneyti og í viðhaldi á bifreiðum, svo að ekki sé talað um þægindi, sem væri borgað með því, þó svo það væri innheimt veggjald af þessum vegum.

Hv. 5. landsk. þm., sem talaði hér áðan, sagði, að því hefði verið haldið fram, að mér skilst á framboðsfundum og í kosningaumr. fyrir síðustu kosningar í Reykjaneskjördæmi, að hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, hefði haft aðra skoðun fyrir — ég vissi ekki hvað löngum tíma, enda tilgreindi þm. það ekki. En hann taldi fram á of mikið farið að gefa þeim hv. þm., sem ákvörðun tóku í þessu máli fyrir ári, færi á að skipta um skoðun, ef þeir vildu slíkt viðhafa. Hann taldi, að þessi tími væri allt of stuttur, eitt ár. Ég hygg nú, að margur hv. þm. innan Alþfl. hafi skipt um skoðun á styttri tíma en heilu ári, og það er vissulega vel frambærilegt að gefa þessum hv. þm. ásamt öðrum tækifæri til þess að skipta um skoðun, þó að ekki sé lengri tími liðinn, síðan þetta var gert, heldur en eitt ár.

Ég er ekki viss um, að hv. 5. landsk. þm. fari með algerlega rétt mál, þegar hann segir, að meiri hl. íbúa á Suðurnesjum sé andvígur því að borga til baka með veggjaldi tiltölulega lítinn hluta þess sparnaðar, sem leiðir af lagningu hraðbrautarinnar. Ég er ekki viss um það. Ég veit, að margt af því fólki, sem býr á Suðurnesjum, er alið upp við dreifbýlissjónarmið og hefur þar af leiðandi miklu ríkari og meiri skilning í þessum efnum heldur en kannske margir hv. þm. hafa, þannig að það er varlegast að fullyrða sem minnst um það, hversu mikill hluti kjósenda eða íbúa í tilteknu kjördæmi sé meðmæltur eða móti hinum ýmsum aðgerðum, sem verið er að gera á hverjum tíma. Þessi hv. þm. sagði líka, að þessi þáltill. hefði vakið athygli. Vissulega vona ég, að svo sé, því að lítið er varið í að flytja mál, sem enginn vill skipta sér af og enginn vill gefa gaum. En ég hygg, að þetta sé rétt mat hjá hv. þm. Og það verður vissulega tekið eftir því, — verði hv. 1. þm. Sunnl. ekki að ósk sinni, að málið verði drepið í n., þá verður vissulega tekið eftir því, hverjir hv. alþm. það verða, sem greiða atkv. á móti jafnsjálfsögðu réttlætismáli og þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Ég vona það og vænti þess, að sem flestir hv. alþm. ljái þessari till. atkv. sitt, þegar hún kemur hér til ákvörðunar. Með því væri þó á einu sviði gengið til móts við það fólk, sem byggir hinar dreifðu byggðir og a. m. k. margir, ef ekki allir hv. alþm. hafa haft á vörum, að þyrfti að gera betur við en verið hefði á undanförnum árum og áratugum. Það er vissulega nógur aðstöðumunur þessa fólks, miðað við það, sem þéttbýlissvæðin hafa upp á að bjóða, þó að ekki væri bætt við í þessum efnum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hafði nú eiginlega ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umr., því að sannast sagna eru umr. af þessu tagi, þar sem einn talar í austur og annar í vestur, býsna tilgangslausar, að manni finnst, þegar jafnvel gengur svo langt, að sömu tölurnar eru notaðar til rökstuðnings sitt á hvað. En þetta er nokkuð, sem gerist oft. Og ég játa það, að þegar svo margir af hinum ágætu samflm. mínum að þessari till. hafa komið upp og lýst áliti sínu, þá gat ég eiginlega ekki setið lengur eins og áhugalaus maður um þetta okkar hugsjónamál og vildi aðeins segja örfá orð um þetta frá sjónarmiði mínu, hvers vegna í raun

og veru við erum að þessu, hvers vegna við erum að flytja þessa till., hverjar meginorsakir liggja þar til.

Að vísu er það svo, að hér fara rök manna svo mjög á mis, að þess er ekki að vænta, að þeir, sem andstæðir eru í þessum efnum, skilji frekar rök okkar en ég t. d. get skilið rök þeirra. Ég fæ t. d. ekki skilið þau rök, þegar farið er að tíunda margvíslegar tölur um bifreiðaeign landsmanna og annað því um líkt. Mér finnst þetta hreinlega út í hött, þegar þess er gætt, að skilningur minn á þessu er sá, að hér sé aðeins um ákveðna greiðslu á þjónustu að ræða og hana mjög óverulega meira að segja miðað við gildi hennar. Hér skiptir sem sé engu máli, hvaða einstaklingar það eru eða hvaðan í veröldinni þeir eru, sem greiða þetta gjald eða greiða þessa þjónustu, út af fyrir sig, heldur aðeins að þeir, sem njóta þeirrar þjónustu, sem slíkir vegir óneitanlega eru, greiði fyrir það sitt réttláta gjald. Af því leiðir auðvitað, að því fleiri ferðir sem menn fara á þessum góðu vegum, því meiri gróði verður af þjónustunni og því hærri greiðslu inna þeir vitanlega af hendi. Mér er það líka alveg óskiljanlegt, hvernig þm., sem sjálfur hefur staðið að því að koma á sérstöku veggjaldi, skuli nú telja till. um veggjald nánast setta fram í einhverju ógáti eða óráði, eins og skilja mátti af ummælum hv. 1. þm. Sunnl. Ég vona, að þetta sé ekki almennt álit hans um ýmsar aðgerðir þeirrar ríkisstj., sem hann átti sæti í, ef miðað er við þetta álit hans á þessari aðgerð, sem ég er þó algerlega ósammála, því að af tiltektum viðreisnarstjórnarinnar yfirleitt, held ég, að ég hafi einna helzt fagnað því, að þessi réttláta gjaldheimta var upp tekin. Fólk úti á landsbyggðinni furðaði sig hreinlega á því, þegar þetta veggjald var afnumið. Það var ekki fyrir neina reiði eða neitt því um líkt. Það var aðeins undrandi á því, að nokkrum skyldi þykja hér of langt gengið, og það var greinilegt, að fólki þótti það hart, ef þau forréttindi, sem þetta hraðbrautarfólk, sem ég vil svo kalla, — þau forréttindi, sem það nýtur, ættu ekki að vera það mikils metin, að þau væru metin til nokkurs gjalds.

Það er búið að ræða í umr. bæði nú og áður um þann þungbæra vegtoll, sem þeir greiða, sem við slæmu vegina búa, og fólkið úti á landsbyggðinni þekkir mætavel. Ég sá það í dagblaði stuttu fyrir jólin, að Selfyssingar voru að kvarta undan því og segja, að þeim þætti það hart aðgöngu, ef þeir ættu nú að fara að greiða veggjald af hraðbraut sinni austur, hafandi svo lengi hossazt á malarvegum og eytt í það fjármunum í ríkum mæli í benzíni, hjólbörðum og viðhaldi. Vissulega var þetta rétt, þ. e. a. s. þeir höfðu áður búið við þessa slæmu vegi og þótt það þýsna þungbært. Þetta ástand búa menn við enn í dag á Norður-, Austur- og Vesturlandi og Vestfjörðum, og ég satt að segja hef aldrei getað skilið þann hugsunarhátt, sem liggur að baki þessum kveinstafakennda barlómi, sem hefur heyrzt öðru hverju frá íbúum þeirra staða, sem hafa fyrst og fremst haft not af t. d. Reykjanesbrautinni. Ég segi fyrir mig, eins og hv. 1. flm. vék hér að áðan, að ég mundi vera þakklátur fyrir hönd okkar Austfirðinga, ef við mættum fyrir sáravægt gjald aka hlemmibraut, sem gerði allt í senn að spara stórar upphæðir í rekstri bifreiðarinnar, flýta för þeirra og gera alla ferðina þægilegri og auðveldari. Það væri t. d. gaman að vita, hver vildi skipta á þeirri braut, sem Reykjanesbrautin er, og meðalvegi á Norður- og Austurlandi t. d. Ég hygg, að það sé ekki hægt að finna haldbetri rök fyrir réttmæti veggjaldsins en einmitt það, að vitanlega mundi enginn vilja skipta.

Það hefur nú komið til allmikillar umræðu meðal þeirra þm. úr Reykjaneskjördæmi um þetta mál, og mér heyrist, að velflestir séu þeir andvígir og hafi verið andvígir þessari gjaldtöku. En ekki virðast þeir hafa verið að neinu leyti í betri takt við sína kjósendur en t. d. hv. formaður fjvn., Geir Gunnarsson, sem ég veit ekki betur en hafi haft allt aðra afstöðu í þessu máli og staðið jafnréttur eftir og kannske einmitt þess vegna. Ég veit líka, að þetta hraðbrautarfólk kemur oft, oftar en einu sinni á ári, út á þessa vondu vegi, og þá finnur það áreiðanlega samanburðinn og þá finnur það líka, hve sanngjarnt það er að greiða smágjald fyrir að aka margfalt betri braut.

Ég ætla ekki að fara að orðlengja þetta frekar. Hér eru svo margir búnir að tala á undan mér, sem hafa gert þessu máli góð og jafnvel fullnægjandi skil, að ég þarf þar litlu við að bæta. En hitt er annað, að forgangur þéttbýlissvæðanna hér suðvestanlands yfirleitt í öllum málum er það mikill og hefur verið það yfirþyrmandi á undanförnum árum, ekki hvað sízt einmitt í vegamálum og samgöngumálum, að mér finnst fullkomin ástæða til þess að þm. landsbyggðarinnar rísi upp í þessu efni, þegar um svo augljóst réttlætismál er að ræða eins og hér um ræðir og reyni þó a. m. k. að þoka málunum ögn í réttlætisátt. Það er grundvallarástæða þess, að ég stend að till. um þetta efni, að ég tel þetta réttlætismál. Hér er ekkert frá neinum tekið. Það er aðeins greitt fyrir þá þjónustu, sem ekki er völ á annars staðar.

Ég get svo látið máli mínu lokið, því að það er til lítils að mínu viti að fara hér út í furðulegar deilur um þessi mál, svo einföld sem mér þykja þau. Ég vildi aðeins gera stutta grein fyrir því, af hvaða ástæðum ég hef staðið að þessari till. og af hvaða ástæðum ég óska þess einlæglega, að hún stöðvist ekki í n., heldur haldi áfram og verði samþykkt hér á hinu háa Alþingi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um þetta mál, en ég fór tvisvar, þrisvar suður í Keflavík, áður en vegurinn var steyptur, og satt að segja hef ég sjaldan farið lakari veg eða veg, sem ég álít, að hafi farið verr með bílinn. Við skulum því ekkert vera að blekkja okkur. Það er þjóðarhagur með fjölfarna vegi, að þeir séu gerðir þannig, að þeir séu vel ökuhæfir, og það er mikill gjaldeyrissparnaður fyrir þjóðina, að vegirnir batni. Vitanlega er ekki hægt að leggja alls staðar varnalega vegi í einu, og þetta er þannig í öllum löndum. Ég var t. d. einu sinni suður á Nýja-Sjálandi og ferðaðist töluvert um. Auðvitað voru þar steyptir vegir út frá borgunum, en svo þegar við þurftum að fara heim á sveitabæina, þá voru bara troðningar. Og þetta er svona

alls staðar. Þróunin verður þannig. Það er ekki af því, að það sé neinn vilji fyrir hendi hjá okkur að hafa neitt horn í síðu þeirra, sem búa þar sem byggðin er dreifðari, en þetta er bara eðlileg afleiðing af afstöðunni.

Ég var aldrei sérstaklega áhugasamur um þennan skatt, vegaskatt þarna suður eftir, hafði aldrei mikinn áhuga á honum, því að mér var það ljóst, að Suðurnesjamenn voru búnir að borga ærna peninga beint og óbeint í þjóðarbúið og áttu fullkomlega skilið, að það væri almennilega ökufær vegur, sem þeir færu eftir. Og við skulum ekkert vera að vanþakka það, sem í dreifbýlinu búum. Það er dýrt að leggja veg heim á hvert einasta sveitabýli, og okkur hefur líka verið hjálpað mikið, þó að vegirnir séu ekki eins góðir hjá okkur og þessir steyptu vegir.

Um þetta er verulega mikill ágreiningur. Hér hafa verið færð skynsamleg rök á báðar hliðar og haldnar góðar ræður. Það er náttúrulega tvær hliðar á hverju máli, og báðar hafa ýmislegt til síns máls. En það er svo mikill ágreiningur um þennan skatt, eins og hann var greiddur, að ég hef ekki trú á, að hann verði tekinn upp aftur. Það var ekki af því, að Suðurnesjabúar sæju svo eftir þessum 50 kr., sem þeir þurftu að borga. Og það er alveg rétt hjá hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, sem hann var að tala um, að skatturinn lækkaði í raun og veru um helmnig við gengisbreytingar, þessar 50 kr., þetta var orðið helmingi minna verðmæti en upphaflega, svo að ef skatturinn hefði átt að vera hliðstæður, þá átti hann að vera a. m. k. 100 kr., og tók því varla að vera að rukka hann inn, ef hann var minna. En þá verðum við bara að gera okkur ljóst, að þegar vegir koma í allar áttir út frá Reykjavík, þá verður líka að fara að innheimta þar skatt. Og hvar á að stinga við fótum? Þegar brú kemur yfir Borgarfjörð, væri ekki ósanngjarnt, að Mýramenn og Snæfellingar borguðu einhverja þóknun fyrir vegarstyttingu. Svo koma göng undir Oddsskarð og komin göng hjá Siglufirði. Það má endalaust deila um þetta. Og þá eiga mörkin sennilega að vera þannig, að menn eigi að sleppa við skatta af þessum umbótum, ef umferðin er svo lítil, að það borgi sig ekki að innheimta þá.

Ég held, að ef við viljum eitthvað gera til að skapa jöfnuð í þessu, ef menn eru á annað borð að fjasa yfir ójöfnuði um þessa hluti, þá verði miklu frekar að leggja fast gjald á þær bifreiðar, sem skrásettar eru á þeim svæðum, þar sem þessir varanlegu vegir eru, eða þá láta hina búa við betri kjör eða minni skatta, sem hafa lakari vegi. Það var fyrst og fremst þetta, held ég, með Suðurnesjamenn, að það fór í taugarnar á þeim að þurfa að stanza á leiðinni til að borga þessar krónur. Ég held það a. m. k.

Við skulum gera okkur það líka ljóst, að það var þannig, að bændur þurftu ekki að borga þungaskatt af bílunum sínum. Nú kemur það meira niður á bændum en nokkrum öðrum mönnum, að vegir eru slæmir í dreifbýlinu. Þeir fara miklu oftar en þeir, sem búa í kauptúnunum, eftir vegunum. Kauptúnabúarnir fara út á vegina, en þeir fara um þá fyrst og fremst, þegar vegirnir eru í þolanlegu lagi, en ekki þegar þeir eru ófærir eða illfærir, eins og þeir eru oft á vorin. Þá eru þeir yfirleitt rólegir heima hjá sér. Svo er þegar farið er að verja miklu fé til að bæta göturnar í minni bæjunum og kauptúnunum og gera þær úr varanlegra efni, þannig að þetta kemur fyrst og fremst niður á bændunum. Nú er það svo með bændurna, að þeir sluppu við þungaskattinn. Við höfum gert það þangað til núna. Þessu var breytt um áramótin. M. ö. o.: sama árið, sem felldur er niður vegaskattur á Reykjanesbrautinni, eiga bændur að fara að borga þungaskatt. Ég hef heyrt mjög mikla óánægju hjá þeim með þetta. Nú er það svo, að það er meira en að bændur aki á sínum bílum, þegar þeir þurfa í kaupstaðinn til að sækja nauðsynjar sínar og reka sín erindi, það eru líka mjólkurbílarnir og það eru allar þær vörur, sem þeir flytja til og frá verzlunarstöðunum. Þetta verða þeir beint eða óbeint að borga. Ég dreg það ekki í efa, sem hér hefur verið bent á, að viðhald er helmingi dýrara á bílum, sem er ekið eftir malarvegum, heldur en eftir þeim vegum, sem eru sléttir, hvort sem þeir eru steyptir eða malbikaðir, og sennilega er munurinn miklu meiri hjá okkur. T. d. í Englandi eru malarvegirnir miklu betri en hér á Íslandi.

Þetta var gert hvort tveggja í einu, lagður þungaskattur á jeppana hjá bændunum, sem þeir höfðu sloppið við áður, — þeir voru taldir atvinnutæki og eru það, því að þeir eru notaðir mjög mikið við bústörf, aka inn heyi og annað slíkt, — en sama árið er afnuminn þessi vegaskattur suður á Reykjanes. Ég held, að við getum farið einhvern miðlunarveg, annaðhvort látið þá borga lægri þungaskatt, sem við vondu vegina búa, og jafnvel hvað bændajeppana snertir sleppt þeim, eða þá í öðru lagi, að þeir borgi sinn þungaskatt og væri þá tekið upp eitthvað hærra fast gjald af bílum þeirra, sem eru búsettir við betri vegi. En ég held, að það sé mikill ágreiningur um þetta gjald, það fari í taugarnar á fólkinu, og ég hef ekki trú á, að það verði tekið upp aftur. Þó að hægt sé að merja slíkt fram með eins eða tveggja atkv. mun, og það getur kannske verið sitt á hvað á þinginu, þá verður það ekki varanleg lausn á málinu. En hinu skulum við ekki blekkja okkur á, að við eru ein þjóð og þær umbætur, sem við gerum í okkar landi, verða fyrr eða síðar til hagsbóta fyrir heildina. En vitanlega er ekki hægt að gera allt í einu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég held, að það hafi verið á fyrsta þingi, sem ég sat, að vegal. komu til umr. og afgreiðslu, en þau voru sett 30. des. 1963. Í 95. gr. þeirra laga segir, að ráðh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skulu sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr. Við setningu vegal. og þar með samþykkt þessarar gr. lá það á bak við, að langt var komið lagningu Reykjanesbrautar svokallaðrar, sem var sérstætt mannvirki í vegagerð og fyrsta sinnar tegundar hér á landi, og þá þótti flestum þm.

og raunar alveg örugglega yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar eðlilegt, að þeir, sem ækju um þennan ágæta veg, þyrftu eitthvað fyrir það að greiða. Höfuðrökin fyrir því að setja slíkan skatt á voru þau, að hér væri um betri veg að ræða, það væri fjárhagslegur sparnaður fyrir þá, sem ækju slíkan veg, umfram aðra hvað snertir viðhald og eyðslu ökutækis, og því væri ekki nema eðlilegt, að á einhvern hátt greiddu þeir samfélaginu það til baka í því skyni að létta byrðar samfélagsins af þessum dýru vegum eða á þann hátt að standa að því, að hægt væri að fara í fleiri slíkar framkvæmdir á öðrum stöðum.

Eins og þm. almennt muna, var þessu veggjaldi mjög illa tekið af ákveðnum mönnum á þessum tíma, og fögnuðurinn yfir því að fá þennan ágæta veg í notkun hvarf alveg fyrir óánægjunni yfir að greiða smávegis veggjald, eins og menn muna. En þó að þá hafi gerzt atburður, sem var öllum til leiðinda, þá held ég, að hann hafi orðið til happs að vissu leyti, því að öfgamaður eða öfgamenn tóku sig til og brenndu vegskýlið, sem búið var að reisa við þennan veg, og ég held, að allir skynsamari menn hafi ekki viljað halda uppi mótmælum á eftir, því að þeir vildu ekki láta telja sig til hóps þeirra öfgamanna, sem á þann hátt mótmæltu þessum sanngjarna og eðlilega skatti á sínum tíma. Þessi mótmæli hjöðnuðu niður nema hjá nokkrum nöldursskjóðum, sem hafa haldið áfram allt fram á þennan dag.

Afstaða mín eftir 10 ár er algerlega óbreytt frá því, að ég greiddi atkv. með þessari gr. vegal., þrátt fyrir tilburði ákveðinna þm. á s. l. vori og samþykkt þeirrar till., sem þá náði fram að ganga. En þó að sumir þeirra hafi í miklum fögnuði fagnað samþykkt þessar till., þá vil ég minna þá ágætu menn á, að sú till. fékk ekki meirihlutafylgi á Alþingi Íslendinga. Og eitt er víst, að þeir sömu menn hafa ekki síðan flutt frv. um að fá fellda niður 95. gr. vegal. Hygg ég alveg ákveðið, að þeir væru fyrir löngu búnir að gera það, ef þeir hefðu talið möguleika á því að fá þá grein fellda niður. Það hefur áður verið reynt og var reynt á síðasta þingi að flytja slíkt frv., en það dagaði uppi, að því er ég bezt man, enda var mikil andstaða við þetta frv. Hins vegar þykir mörgum gaman að ræða um snúninga alþm. á þessu tímabili og jafnvel skemmra tímabili, og kom það sérstaklega fram hjá einum flm. þessarar þáltill., að honum fannst snúningur Alþfl.-manna taka nokkuð langan tíma, því að hann ætlar þeim minna en ár til þess að snúast, sennilega í þessu máli og þá jafnvel fleirum. Ég læt svona fjölskyldumál alveg liggja á milli hluta, hvað fyrrv., núv., verðandi og væntanlegum Alþfl.-mönnum dettur í hug í þessu sambandi. Það er aukaatriði í þessu máli.

En mér finnst rétt að rifja lítillega upp, hvað gerðist, þegar þáltill. um vegáætlun var lögð fram af hæstv. samgrh. síðla á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir tekjum af veggjaldi á Reykjanesbraut. En í raun og veru lá engin till. fyrir um veggjald, eftir að liðið var árið 1972, um þann veg, sem sjáanlegt var, að yrði tekinn í notkun, og var auðvitað eðlilegt og í fullu samræmi við þær skoðanir, sem haldið var fram við setningu vegáætlunar 1963, að þetta veggjald væri ekki sett á Reykjanesbraut eina, heldur eingöngu vegna þess, að þá var hún eina dýra og ágæta hraðbrautin, sem hafði verið byggð. En það var alveg ótvírætt látið að því liggja og kom fram hjá fjölda þm. í þeim umr., að þegar aðrar hraðbrautir kæmust í notkun, þá væri eðlilegt að leggja veggjald eða vegaskatt á þær. Hins vegar kom það fram, sem oft hefur komið fram síðar, að þó að smáspottar séu teknir fyrir umferð, þar sem vegir eru byggðir úr varanlegu efni, þá eru auðvitað takmörk fyrir því sett, hvort hægt er að innheimta veggjald, fyrr en það er orðinn nokkuð langur vegur. Og þá hef ég í huga Vesturlandsveginn, sem innan nokkurra ára, ef þróun verður sú sama í vegamálum, mundi vera eðlilegt og sanngjarnt, að vegaskatturinn verði lagður á.

Hitt er svo annað mál, sem má hafa um mörg orð og mismunandi skoðanir, hvort þessi tegund vegaskatts sé sú eina rétta, og þó að hún hafi verið tekin upp 1963, þá er það eins með þetta mál og flest önnur, að það má endurskoða það, ef mönnum þætti eðlilegt að fara inn á skattlagningu á einhvern annan hátt. Þegar strjálbýlið fær einhverjar varanlegar úrbætur, — og víst hefur strjálbýlið fengið margar góðar úrbætur í vegamálum á undanförnum árum, — en ef það verður tekið til og gerður vegur úr varanlegu efni einhvers staðar úti á landi, sem auðvitað stendur til, þá væri mjög æskilegt, að það væri einnig hægt að leggja veggjald á þann kafla eins og aðra, þannig að við, sem í strjálbýli búum, greiðum skatta og skyldur nákvæmlega eins og aðrir. En þá kemur aftur að því vandamáli, hvað innheimtan er dýr.

Þegar fjvn. gekk frá sínum till. til vegáætlunar, skrifuðu 4 fjvn.-menn undir álit n. með fyrirvara. Og það kom af því, að þá hafði verið flutt till. á Alþ., brtt. við vegáætlun, um það, að niður félli veggjald á vegáætluninni nema árið 1972 og kæmi árin 1973—1975 framlag úr ríkissjóði í staðinn fyrir veggjald. Innan fjvn. voru menn, sem voru samþykkir þessari till., a. m. k. 3, en 4 fjvn.-menn skrifuðu undir nál. með fyrirvara, en það var vegna þess, sem segir í niðurlagi nál., en það er svo hljóðandi:

„Á þskj. 833 flytur n. sameiginlega brtt. við vegáætlun. Um till. varðandi innheimtu veggjalds í áætlun um fjáröflun er þó ekki samkomulag í n. Áskilja nm. sér því rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma."

4 af þessum 5 nm., sem skrifa undir nál. án fyrirvara, eru stjórnarsinnar og einn stjórnarandstæðingur. Ég var eini stjórnaandstæðingurinn, sem skrifaði undir nál. án fyrirvara, vegna þess að ég var samþykkur því, sem er framhald af því, sem ég áður hafði samþ. við atkvgr við vegal. Hins vegar líkaði mér það mjög illa, þegar þessi till. kom hér fyrir þingið, að einn af okkar ágætu fjvn.-mönnum, sem skrifaði undir nál., hafði sig í það að flytja brtt. við þessa brtt. þeirra Reykn. og Sunnl., sem ég lýsti hér áðan, að í stað orðanna „framlag úr ríkissjóði" komi „af benzíngjaldi". Mér fannst

eðlilegt og sjálfsagt að láta reyna á þessa till. velflestra þm. úr þessum tveimur kjördæmum og var staðráðinn í því að greiða atkv. gegn henni. En svo kemur það til, að stjórnarliðið sameinast allt í einu um þessa till. fyrsta flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., að í stað orðanna „framlag úr ríkissjóði" komi „af benzíngjaldi". Þá fannst mér, að stjórnarliðið ætti að afgreiða þetta mál eitt, fyrst það fór að handjárna liðið í sambandi við þessa orðalagsbreytingu, ég greiddi því ekki atkv. um till. Ég skal játa, að ég hugsaði sem svo: Innheimta veggjalds af Reykjanesbraut heldur áfram til áramóta. Austurvegurinn eða vegurinn austur að Selfossi verður tekinn í notkun fyrir þennan tíma. Og ég hugsaði sem svo: Það er ágætt. Vegal., það eru þau, sem blífa, og ráðh. er með veggjaldi. Hann fer aldrei að hætta við vegaskattinn, þó að þessi tillöguómynd hafi verið samþ. Hann hefur þetta í hendi sér. Það er ekki hægt að taka fram fyrir hendur ráðh. í þeim efnum nema afnema 95. gr. eða breyta henni. Ráðh. stendur alveg hnarreistur fyrir því að halda áfram innheimtu á veggjaldi. Og ég var staðráðinn í því, ef hann yrði fyrir árásum í því sambandi, að standa drengilega við hlið hans í þeim efnum. (Gripið fram í.) Já, ég hef oft talið fyrr á árum ráðh. vera manna líklegastan í þeim efnum. En það þurfti ekki í þessu sambandi.

Svo fara af stað ágætir stuðningsmenn veggjalds með þáltill., sem hér liggur fyrir, og henni er útbýtt hér í nóv. Forseti tekur hana á dagskrá samvizkusamlega fund eftir fund, og það er alltaf komið að till. fund eftir fund, en enginn af þessari vösku sveit, sem var að raða sér hér í pontuna áðan hver á fætur öðrum, virtist hafa tíma til að fylgja máli sínu úr hlaði. Hún er á dagskrá Sþ. 28. nóv., hún er aftur á dagskrá 30. nóv., hún er á dagskrá 5. des., 7. des. og 12. des. Og ég veit, að forseti Sþ. er svo lipur við þm. almennt, hvað þá við vildarvini sína, að hann hefði alls ekki neitað þeim um að fylgja þessari till. úr hlaði, þannig að þessi till. hefði fengið afgreiðslu Alþ., því að það hefði vafalaust hresst hæstv. samgrh. Hann hefði þá ekki flutt skýlið af Reykjanesbrautinni strax 3. eða 4. jan., ef þessi till. hefði verið samþ. En einhvern tíma hefur kjarkur hans verið meiri en það, að hann hefði þurft að bíða eftir samþykkt þessarar till. Hann hefði einhvern tíma, á meðan hann var og hét, lagt á veggjald, hækkað þetta verulega á Reykjanesbrautinni og sett veggjald á Austurveg, hvað sem fyrirrennari hans í starfi hefði sagt og þeir aðrir úr þeirri stóru fjölskyldu í Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi. (**Samgrh.:** Má ekki bíða eftir, að þm. rétti upp höndina? **Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni.) Nei, ég á örstutt eftir, forseti.

Ég tek alveg undir það, sem talsmenn þessarar till. hafa sagt hér. að þeir vonist til þess, að till. fái afgreiðslu. Og ég furða mig mjög á því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði í lok ræðu sinnar. Hann sagðist vonast til þess, eftir að vera búinn að tala föðurlega til 1. flm. till. um, að hann hefði sennilega flutt till. af einskærum misskilningi, — að hann vonaðist þá til, fyrst till. væri komin til umr., að hún færi til n. og fengi þar hægt andlát. Ég tek alls ekki undir svona vinnubrögð. Hvort sem menn eru með eða móti máli, þá eiga mál að fá afgreiðslu þingsins og láta þá reyna á, hvernig þau verða afgreidd. Og ég vona, að sú n., sem fær till. til meðferðar, afgreiði þessa till. fljótt og vel, þó að hafi staðið svona lengi í flm. till. að mæla fyrir henni. Hitt er svo annað mál, og skal ég þá ekki orðlengja þetta miklu meira, að ég tel, að þeir, sem fá góða vegi, þeir, sem aka um þá, hvort sem þeir eiga heima við þessa vegi eða ekki, eigi að borga fyrir það, því að þeir njóta þess í öðru. Og jafnvel þeir, sem hossast, eins og sagt var hér um daginn, frá Austfjörðum og Vestfjörðum og koma á góðan veg og keyra km eftir km á sléttum vegi, megi borga fyrir það, þegar þeir hætta að hossast. Og ég skal segja þessum ágætu mönnum það, — eins og ég sagði í upphafi er ég búinn að vera 10 ár á þingi, — ég held, að 3 haust af þessum 10 hafi ég lent í hrakningum á leið til þings 8. og 9. okt. og það síðast á þessu hausti í 10—11 tíma á heiðum uppi. Ég hefði glaður viljað borga — ekki 50 kr., heldur 2000—3000 kr. fyrir að vera laus við þá hrakninga. Þetta ætla ég að biðja þá menn, sem gráta yfir veggjaldi árum saman, að hafa í huga.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 42. fundur.

Mánudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Alþb. í Reykjavík, Sigurður Magnússon rafvélavirki, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Sigurður Magnússon hefur áður setið þing á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Þá er annað bréf svofellt:

„Reykjavík, 9. febr. 1973.

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna setu á Búnaðarþingi mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturl., Alexander Stefánsson oddviti, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Alexander Stefánsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Eina dagskrármálið var tekið út af dagskrá.

Efri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 12. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 287). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um allverulegar breytingar á gildandi reglum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Aðalbreytingarnar, sem felast í þessu frv., eru þær, að magnsgjaldsákvæðum er breytt, og yfirleitt er þeim breytt til samræmis við útflutningsverð, þ. e. a. s. að í þeim tilvikum, sem útflutningsverðið hefur hækkað allverulega, er nú lagt til að hækka magngjaldið, þannig að segja má, að greitt sé af þeim afurðum nokkuð svipað hlutfallslegt gjald og verið hefur, þó að magngjaldsforminu sé haldið. Þó er einnig um að ræða í frv. lækkun á magngjaldi, en það er af þeim vörutegundum, þar sem verðið hefur fremur lækkað eða hækkað sáralitið, en framleiðslukostnaður hefur hins vegar hækkað allverulega. Þar er um vissa erfiðleika að ræða í framleiðslunni, og þá er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á magngjaldinu.

Að öðru leyti er svo lagt til að hækka allverulega útflutningsgjaldið, aðallega af fiskimjöli og þá einkum af loðnumjöli og svo öðru fiskimjöli með sérstöku tilliti til þess, að útflutningsverð á þessum vörum hefur farið mjög hækkandi. Í eldri lögum var t. d. útflutningsgjald af loðnumjöli aðeins 4%, sem var nokkru lægra en af almennu fiskimjöli, og það var með tilliti til þess, að þá hafði verið óhagstætt söluverð á loðnumjöli. Nú hefur hins vegar loðnumjölið hækkað gífurlega mikið í verði, og þá hefur þótt full ástæða til þess að hækka gjaldið af þessari vöru fyllilega til samræmis við það, sem er á öðrum vörum. Einnig er gjaldið af öðru fiskimjöli hækkað nokkuð, en þar hefur einnig verið um verulega hækkun að ræða á útflutningsverði. Sama er að segja um útflutningsgjald af frystri loðnu, þar er um hækkun að ræða af sömu ástæðu.

Megintilgangurinn með því að breyta þessum útflutningsgjöldum er að afla vátryggingasjóði fiskiskipa aukinna tekna, en hann hefur verið rekinn með talsverðum halla nú um skeið. Áætlað er, að þær breytingar, sem hér er lagt til að gera á útflutningsgjöldunum, gætu fært sjóðnum 177 millj. kr. auknar tekjur frá því, sem verið hefur, á ársgrundvelli, og má þá telja, að árstekjur sjóðsins ættu að verða nokkuð nærri því að standast á móti útgjöldum ársins. En sjóðurinn dregur hins vegar á eftir sér nokkurn skuldahala, eins og kunnugt er.

Þær breytingar, sem gert er ráð fyrir að gera samkvæmt þessu frv. á útflutningsgjöldunum, eru allar gerðar í fullu samráði við þá aðila, sem hér eiga mestan hlut að máli, þ. e. a. s. við samtök sjómanna og útgerðarmanna og fiskframleiðenda. Það hafa ekki verið gerðar hér aðrar breytingar en þær, sem þessir aðilar hafa getað fallizt á. Eins og vitað er, er hér um gjald á brúttóframleiðslu að ræða, og það fellur því jöfnum höndum á sjómenn og útgerðarmenn að standa undir þessari gjaldagreiðslu. Fulltrúar sjómanna hafa fallizt á þessar breytingar vegna þess, að þær eru innan þeirra marka, að þeir telja, að hér sé ekki breytt frá hinum raunverulega grundvelli, sem gilt hefur nú um skeið, þar sem aðeins sé um hækkanir að ræða á einstökum tegundum til samræmis við breytt útflutningsverð, en það hefur sem sagt verið staðið þannig að málunum í alllangan tíma.

Þá hefur þótt rétt að skjóta inn í þetta frv. ákvæði til bráðabirgða sem tilheyrir í sjálfu sér þessari löggjöf ekki nema að litlu leyti, en í síðari málsgr. þess er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að borga kostnað af framkvæmd laga um skipulagningu á loðnulöndun af þeim tekjum, sem hér er um að ræða. Þetta ákvæði

er sett inn eftir sérstakri beiðni frá Verðlagsráði sjávarútvegsins, sem hafði komið sér saman um að hafa þennan hátt á, og ég tel rétt að verða við þessari beiðni þess, enda eru það þessir aðilar, sem raunverulega verða að ráða mestu um ráðstöfun á því fé, sem hér er um að ræða.

Ég veit, að þetta mál er öllum hv. dm. vel kunnugt. Menn vita um þessi gjöld og fyrirkomulag, sem verið hefur á þeim, því að frv. um sama efni hafa verið flutt þing eftir þing, svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið frekar á þessu stigi, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. til meðferðar. En ég óska eftir því, að n. hraði afgreiðslu málsins svo sem tök eru á, því að nokkuð er þegar liðið á framleiðsluárið, og það er óþægilegt fyrir þá, sem hafa með innheimtu á þessum gjöldum að gera, að innheimta gjöldin, ef ekki liggja fyrir skýr lagaákvæði um gjöldin strax í upphafi framleiðslutímabilsins. Ég vænti þess, að n. taki tillit til þess og hraði afgreiðslu málsins svo sem mögulegt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 12. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 202). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. það til l., sem hér er til umr. og ber heitið frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er að efni til eingöngu um starfsemi byggingarsamvinnufélaga, en lagt til, að sú lagasetning verði felld inn í lagabálkinn um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Ég hygg, að það hafi verið árið 1932, sem fyrst var sett löggjöf um byggingarsamvinnufélög. 20 árum síðar, árið 1952, voru þessi lög svo felld inn í lagabálk, sem hét: um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. En þar kom síðar, að þau lög voru felld úr gildi að undanskildum kafla í þeim um byggingarsamvinnufélög, en í staðinn komu lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög voru þannig að því sinni ekki felld inn í heildarlöggjöfina um húsnæðismál.

Fyrrnefnd lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög þóttu vera orðin ófullnægjandi, og bárust mér eindregnar óskir um að láta endurskoða þessi lög og færa þau frekar til nútímahorfs. Við þessum óskum varð ég og skipaði n. til þess að vinna verkið, og voru í þá n. skipaðir Björn Hermannsson, þá skrifstofustjóri í fjmrn., Björn Jónsson skrifstofumaður, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, Hallgrímur Dalberg skrifstofustjóri og Þorvaldur Jóhannesson skrifstofumaður. Sú breyting varð fljótlega á nefndarskipuninni, rétt í þann mund, sem hún var að hefja störf, að Björn Hermannsson óskaði að verða leystur frá störfum í n., og var þá Jón Snæbjörnsson, formaður Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, skipaður í hans stað. Formaður þessarar n. var skipaður Guðjón Hansen, en Björn Jónsson var kosinn ritari hennar. Þessi n. starfaði fljótt og vel og skilaði á s. l. hausti nál. og frv. því, sem hér liggur fyrir og nú er tekið til umr.

Í upphafi var ætlun n. að semja frv. til sjálfstæðra laga um byggingarsamvinnufélög, en síðar hefur hún hallazt að þeirri skoðun, að eðlilegast sé, að slík lagaákvæði séu að nokkru leyti í lögum um samvinnufélög og að nokkru í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Samkv. yfirliti, sem félmrn. hefur tekið saman um starfsemi byggingarsamvinnufélaga, hafa alls verið stofnuð 77 slík félög hér á landi, síðan löggjöf var fyrst sett um þetta efni árið 1932. Af þeim virðast 19 alls ekki hafa hafið starf, og einungis 32 eru nú talin starfandi. Enn fremur hefur starfsemi byggingarsamvinnufélaganna breytzt, þar sem höfuðverkefnið var í upphafi að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn, en á undanförnum árum hefur starfsemi margra byggingarsamvinnufélaga beinzt að miklu eða öllu leyti að fyrirgreiðslu um ríkisábyrgðir á lánum.

N. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að draga megi í efa, að starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og framkvæmd opinberra aðila á lögum um þau sé lengur að öllu leyti í samræmi við gildandi lagaákvæði. Þannig kemst n. að þeirri niðurstöðu, að ríkisábyrgð hafi verið veitt án tillits til íbúðarstærðar þrátt fyrir skilyrði um það í l. frá 1952, að rúmtak íbúðar, sem byggð sé á vegum byggingarsamvinnufélaga, megi ekki fara fram úr 500 teningsmetrum, og í stað þess að veita ekki ríkisábyrgð vegna stærri íbúða, hefur hámark ríkisábyrgðar verið miðað við þessa stærð. Í öðru lagi er nú veitt ríkisábyrgð á lánum með veði í eldri íbúðum. Og í þriðja lagi má nefna forkaupsréttarákvæði, sem litt hafa verið gerð gildandi í framkvæmd.

Lögin frá 1952 um íbúðabyggingar hafa nú verið felld úr gildi að undanskildum kaflanum um byggingarsamvinnufélög. Af því, sem ég hef hér rakið stuttlega, sést, að við lagasetningu um húsnæðismál hefur undanfarna áratugi ýmist verið stefnt að heildarlöggjöf eða sérstökum lögum um einstaka þætti byggingarmálanna. Enn skýrar kemur þetta fram, þegar athugað er um löggjöfina um verkamannabústaði. Með lögum frá 1952 voru úr gildi numin lög um verkamannabústaði frá 1935. Árið 1962 eru á ný samþ. sérstök lög um þessa tegund íbúðabygginga. En síðan eru þau felld úr gildi árið 1970, þegar þau eru felld sem sérstakur kafli inn í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins, kafli um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði.

Byggingarsamvinnufélögin hafa greinilega sérstöðu meðal samvinnufélaga, því að það vill verða svo, að áhugi einstakra félagsmanna á þátttöku í félagsskapnum er þróttmikill, meðan

viðkomandi félagsmenn eiga eftir að fá byggt yfir sig, en sá áhugi vill fljótlega hverfa, um leið og byggingarframkvæmdum þeirra sjálfra lýkur. Að þessu leyti er verkefni byggingarsamvinnufélaganna nokkuð sérstaks eðlis. Af reynslunni virðist líka augljóst, að byggingarsamvinnufélögin hafa ekki verið í nánum starfstengslum við samvinnuhreyfinguna að öðru leyti, og má vera, að það sé vegna ýmiss konar sérstöðu þeirra, og því ekki hægt að fella starf byggingarsamvinnufélaganna beint undir hina almennu samvinnulöggjöf. Þess vegna er sjálfsagt á rökum reist að hafa sérstaka löggjöf um þennan þátt samvinnustarfsins, þ. e. a. s. byggingarmálin.

Á Norðurlöndum, nágrannalöndum okkar, er allmikið um það, að byggingarsamvinnufélög ræki nokkuð ríkan þátt í húsnæðismálunum og byggingarstarfseminni. Þó hefur ekki verið sett sérstök löggjöf um byggingarsamvinnufélög nema í Noregi, en þar er allitarleg löggjöf um byggingarsamvinnufélög og starfsemi þeirra. Í Danmörku og Svíþjóð eru íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli ýmist í höndum byggingarsamvinnufélaga eða annarra aðila, svo sem sveitarfélaga, og er þetta þó ekki bundið í sérstakri löggjöf.

Eins og ég gat um áðan, hefur starfsemi margra byggingarsamvinnufélaganna hér á landi á undanförnum árum verið að miklu leyti fólgin í fyrirgreiðslu um ríkisábyrgð á lánum, og hjá sumum félögunum hefur þetta jafnvel verið eina verkefnið. Í þessu frv. er hins vegar horfið að því ráði að taka þennan þátt starfseminnar úr höndum byggingarsamvinnufélaganna og leggja hana í hendur veðdeildar Landsbankans. Í bréfi til bankastjórnar Landsbanka Íslands, dags. 17. febr. 1972, lét fjmrn. í ljós ósk um að losna undan útgáfu ríkisábyrgða á lánum byggingarsamvinnufélaga, og var í bréfinu jafnframt varpað fram þeirri hugmynd, að veðdeild Landsbanka Íslands tæki að sér þetta hlutverk, og enn fremur yrðu byggingarsamvinnufélög að verulegu leyti losuð við þá fyrirhöfn, sem þau hafa nú sem milliliður í þessari fyrirgreiðslu. Í samræmi við þessa ósk hefur orðið niðurstaðan að létta af byggingarsamvinnufélögunum að eiga nokkuð við milligöngu um ríkisábyrgðirnar, og ekki óeðlilegt, að veðdeild Landsbankans taki þetta að sér. Þá verður byggingarsamvinnufélögum fyrst og fremst ætlað að vera félagsmönnum sínum til aðstoðar við að byggja húsnæði fyrir sig, og er það raunar hið upphaflega hlutverk þeirra.

Samkv. þessu frv. verða byggingarsamvinnufélögin hér eftir sem hingað til og með sama hætti og önnur samvinnufélög opin öllum án tillits til efnahags, þótt verkefni þeirra verði að koma upp íbúðum af hóflegri stærð. Þau mörk, sem áður giltu um þetta efni, en ekki hefur verið talið fylgt í öllum tilfellum, eru ákveðin áfram í frv. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að byggingarsamvinnufélögin hætti að vera milliliður í sambandi við ríkisábyrgðir fyrir þá, sem sjálfir byggja eða kaupa íbúðir, og veðdeild Landsbankans taki að sér það hlutverk, eins og ég sagði áðan.

Helztu breytingarnar, sem í frv. felast eru þessar:

1. Það eru sett skýrari ákvæði um tilgang og afmörkun verksviðs byggingarsamvinnufélaganna.

2. Kveðið er nánar en áður á um réttindi og skyldur félagsmanna gagnvart félagi sínu, og er í því efni stuðzt við reynslu og ábendingar forsvarsmanna byggingarsamvinnufélaga og annarra, sem n. ræddi við. Jafnframt gerir n. ráð fyrir því, að endurskoðun félmrn. á fyrirmynd að samþykktum verði framkvæmd eftir gildistöku laganna.

3. Gert er ráð fyrir, að stofnsjóðsinnstæður verði ávaxtaðar í Byggingarsjóði ríkisins og njóti þar vísitölutryggingar og veiti með tilteknum skilyrðum rétt til viðbótarlána úr sjóðnum. Þetta er nokkuð mikilsvert atriði í þessu frv.

4. Felld er niður samábyrgð félagsmanna í sambandi við veðlán, og í stað þess er gert ráð fyrir, að hver félagsmaður sé ábyrgur fyrir sínum hluta láns.

5. Dregið er stórlega úr þeim kröfum, sem á íbúðum félagsmanna hvíla, sölu þeirra og leigu.

6. Gert er ráð fyrir sérstöku varasjóðstillagi til eflingar fjárhag og starfsemi félaganna.

7. Lagt er til, að sá hluti ríkisábyrgðasjóðs, sem til hefur orðið vegna ábyrgðargjalda af íbúðalánum, verði notaður til útlána til byggingarsamvinnufélaga í því skyni að bæta rekstraraðstöðu þeirra.

8. Ákvæði er um skyldur Húsnæðismálastofnunar ríkisin til þess að veita byggingarsamvinnufélögunum aðstoð í starfi þeirra og hafa eftirlit með byggingarstarfsemi þeirra.

Ég held, að með þessu, sem ég nú hef sagt, hafi ég gert grein fyrir aðalhlutverki byggingarsamvinnufélaganna samkv. frv., þeim breytingum, sem verða á starfi þeirra við lögfestingu frv., og þar með þeim þætti í byggingarstarfseminni, sem þeim er ætlaður. Að forminu til er meginbreytingin þessi, að frá því að vera sjálfstæð löggjöf um byggingarsamvinnufélög er þessu frv. nú ætlað að verða kafli í lögunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að flestum sé kunnugt um, að alþm. og stjórnmálamönnum er tamt að lýsa því yfir, að þeir séu stuðningsmenn jafnréttis í einu og öllu, og slá sig gjarnan til riddara með fjálglegum ummælum um nauðsyn á jafnrétti í þjóðfélaginu, á hvaða sviði sem er. Allir viljum við jafnréttismenn vera, og sumir ganga jafnvel svo langt að kenna sig sérstaklega við jafnréttið, bæði sjálfa sig og sína flokka og sína stefnu.

Hins vegar er það svo, að þegar kemur til framkvæmdanna, þegar kemur að því að ganga frá lögum, setja fram till. og ákveða um eitt og annað í þjóðfélaginu, þá vill jafnréttið a. m. k. stundum gleymast. Að vísu halda menn áfram að ræða um jafnréttið, en þá virðist það

vera svo, að skilningur manna á þessu hugtaki sé afstæður og það sé ekki sama, hver á í hlut, þegar jafnrétti á að koma á í einu eða öðru. Þannig sýnist mér hafa farið fyrir hæstv. félmrh. í þessu máli, og þannig er málum háttað hvað snertir þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram og gerð grein fyrir.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fjallar aðallega og reyndar eingöngu um byggingarsamvinnufélög, þar sem gert er ráð fyrir því, að settur sé sérstakur kafli um byggingarsamvinnufélög inn í þessa löggjöf. Við það hef ég í sjálfu sér ekkert að athuga. En ég hef við það að athuga og geri jafnréttið að umtalsefni vegna þess, að í þessu frv. er gert ráð fyrir ákveðnum forréttindum til handa byggingarsamvinnufélögum.

Eins og öllum er kunnugt eru það margs konar aðilar, sem stunda hér byggingarstarfsemi í landinu. Þar er um að ræða einstaklinga, meistara, fagmeistara, byggingarfélög, byggingarfyrirtæki o. s. frv., o. s. frv. Á þessum vettvangi á sér stað samkeppni, stundum hörð samkeppni, sem hefur verið gagnrýnd, en um leið hefur sína kosti, vegna þess að það er a. m. k. mitt mat, að sú samkeppni hafi haldið að einhverju leyti niðri verði og gert það að verkum, að kaupendur og fólk, sem þarf að koma sér upp íbúðum, hefur notið góðs af margvíslegri fyrirgreiðslu í þessu sambandi. Þessum aðilum, sem keppa á markaðinum eða byggja hús og selja, er að sjálfsögðu mjög áríðandi, að þeim sé ekki mismunað í fyrirgreiðslu frá hinu opinbera. Í þessu frv., sem fjallar um byggingarsamvinnufélög, eru tvö ákvæði eða atriði, sem ég hnýt sérstaklega um og ég tel ótvírætt, að veiti þessum byggingarsamvinnufélögum sérstök hlunnindi og sérstaka fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, sem er ósanngjarnt gagnvart öðrum aðilum, sem keppa við þessi byggingarsamvinnufélög á þessum vettvangi. Þau ákvæði eru í 5. gr. þessa frv., og annað þeirra er í c-lið, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með framkvæmdalánum, sbr. A-lið 8. gr. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað."

Nú er það svo samkv. gildandi löggjöf, að byggingaraðilum er veittur möguleiki á því að fá þessi framkvæmdalán, enda er gert að skilyrði, að íbúðum sé skilað fullfrágengnum. Þetta hefur sína annmarka, hefur líka sína kosti, og ræði ég það ekki sérstaklega. En ég ræði það og bendi á, að í þessu ákvæði er gert ráð fyrir því, að byggingarsamvinnufélögum sé heimilað og gert mögulegt að fá þetta framkvæmdalán án þess að vera búin að ganga endanlega frá íbúðinni og veitt undanþága frá þeim skilyrðum, sem öðrum eru sett. Það gefur auga leið, hversu mikið hagræði er að slíku, að fá framkvæmdalánin afhent og veitt fyrr í þeim eilífu peningavandræðum, sem þessir aðilar eru í, og auðvitað gerir það byggingarsamvinnufélögum, þessum aðilum, auðveldara fyrir um byggingarframkvæmdir og veitir þeim sérstöðu, þegar verið er að bjóða þessar íbúðir til sölu. Nú má í sjálfu sér kannske svara þessu til sem svo, að hér sé um að ræða sérstök félög, þar sem eru sérstakir félagsmenn, og þar sé ekki um þess konar samkeppni að ræða, sem gildir að öðru leyti á milli annarra aðila. Því er til að svara, að hér hafa starfað, a. m. k. á Reykjavíkursvæðinu, byggingarsamvinnufélög, sem hafa staðið opin öllum þeim, sem a. m. k. búa á þessu svæði. Það hafa ekki verið nein skilyrði og engin sérstök fyrirstaða á því, að hver sem er geti gengið inn í þessi félög, jafnvel þó að þau séu stofnuð í upphafi í kringum ákveðna hópa eða ákveðnar stéttir. Ég nefnd t. d. eitt félag, sem ég þekki lítillega til, Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra, sem eins og nafnið bendir til er sjálfsagt stofnað í upphafi til þess að byggja fyrir þessa ákveðnu stétt manna. En reynslan hefur orðið sú, að inn í þetta félag getur gengið nánast hver sem er. Og þetta félag á í reynd í samkeppni við aðra byggingaraðila, og þar kemur ekkert til um það, að fólk sé búið að vera lengur eða skemur í þessum félögum. Með þessu er ég ekki að gagnrýna þetta ákveðna félag, sem ég nefni, en ég vitna til þess, af því að ég þekki þar gleggst til. Ég veit ekki til þess, — það verður leiðrétt, ef það er rangt, — en ég veit ekki til þess, að byggingarsamvinnufélög, sem hafa stundað byggingarekstur og selt íbúðir, sem þau hafa byggt upp, hafi byggt miklu ódýrar en önnur þau félög eða aðrir þeir aðilar, sem hér hafa stundað byggingarframkvæmdir. Ég sé því ekki, að það sé ástæða til að veita þessum félögum, í þessu tilfelli byggingarsamvinnufélögum, nein ákveðin forréttindi, nema það þá sannist og komi glöggt fram og sé alveg ótvírætt, að þau geti byggt ódýrar en aðrir aðilar. Ef það vakir fyrir flm. og fyrir þinginu, löggjafanum, að greiða fyrir þeim aðilum, sem geta byggt ódýrar en aðrir aðilar, verður að sjálfsögðu að liggja fyrir, að svo hafi verið í framkvæmd. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að þegar byggingarsamvinnufélögunum eru veitt hlunnindi og undanþágur frá skilyrðum, sem öðrum eru sett, þá komi að því, að þessi byggingarsamvinnufélög byggi ódýrar. En þó er engin vissa fyrir því og að svo stöddu mjög ósanngjarnt, að slík fyrirgreiðsla sé veitt.

Hitt atriðið, sem ég vildi nefna og þar sem ég tel líka, að sé misrétti á ferðinni, er einnig ákvæði í 5. gr., en þar segir í næstsíðustu mgr., með leyfi forseta:

„Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkv. A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkv. 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðdeildarbréf samkv. þessum staflið fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó alrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði."

Hér er á ferðinni, eins og glöggt má sjá, sérstök fyrirgreiðsla til félagsmanna í byggingarsamvinnufélögum, — fyrirgreiðsla, sem felst í

því, að þessir aðilar eiga kost á miklum mun hærri lánum heldur en hinn almenni byggjandi eða hinn almenni kaupandi hjá öðrum þeim, sem byggja og selja hús og íbúðir. Ég hef ekki séð né heyrt nú í framsöguræðu rök fyrir því, að þessi fyrirgreiðsla sé veitt, og ég tel hana ósanngjarna og hér sé á ferðinni misrétti, sem ekki getur átt neinn rétt á sér, eins og málin horfa við. Ég tel í aðalatriðum, að þeir aðilar, sem byggja, hvort sem þeir byggja til að selja aftur eða þeir standa í byggingum fyrir sjálfa sig, að þessir aðilar eigi í aðalatriðum jafnan rétt á jafnháum lánum. Ef þessi gr. og þetta frv. er samþ. óbreytt, get ég ekki betur séð en félagsmenn í byggingarsamvinnufélögum geti fengið allt að tvöfalt hærri lán heldur en hinn almenni byggjandi.

Þessum tveim ákvæðum vildi ég vekja sérstaka athygli á, ekki vegna þess, að ég sé andsnúinn því að veita þá undanþágu, sem um getur í c-lið 5. gr., né heldur sé andsnúinn því, að lán séu hækkuð, heldur hitt, að ég tel ósanngjarnt og ekki rétt að samþykkja, að sumir fái sérstaka fyrirgreiðslu og sérstök lán, undanþágu frá skilyrðum, meðan aðrir, sem keppa við þessa sömu aðila, fá það ekki.

Hæstv. félmrh. vakti réttilega athygli á því, að það ákvæði, sem ég hef lesið hér upp í næstsíðustu mgr. 5. gr. og er í d-lið, sé nokkuð mikilsvert, eins og hann orðaði það. Það er nánast sagt eitt mikilvægasta atriðið í þessu frv., og því hlýtur það að snerta mjög framgang þessa máls, hvort við það verður unað eða ekki, að slíku misrétti sé veitt fyrirgreiðsla eða ekki.

Ég hef ýmsar aðrar aths. að gera við þetta frv., sem eru minni háttar og ég mun ekki að svo stöddu rekja hér, en geri ráð fyrir því, að hægt sé að koma þeim aths. að í n. Þau snerta atriði eins og það, að byggingarsamvinnufélögum sé þjónað öðrum fremur hjá Húsnæðismálastjórn ríkisins. Það er gert ráð fyrir í þessu frv., að húsnæðismálastjórn hafi mjög náið eftirlit með teikningum og áætlunum byggingarsamvinnufélaganna, og þá nánast gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórnin eigi að gera allt nema byggja húsið, og er það náttúrlega spurning um það, hversu langt aðili eins og húsnæðismálastj. á að teygja sig út á þetta svið. Það er að sjálfsögðu ákvörðunaratriði, og getur þá kannske orðið niðurstaðan, að við teljum, að byggingarframkvæmdir eigi að vera í höndum opinberra aðila. Ég hef ekki talið, að það væri heppilegasta formið, og því er ég mjög vantrúaður á, að húsnæðismálastjórnin eigi að hafa eins mikil afskipti af byggjendum og gert er ráð fyrir í þessu frv., því að ég tel það á engan hátt vera sannað, að það geti orðið til þess, að íbúðir verði betur eða ódýrar byggðar en nú er gert. Húsnæðismálin eru að sjálfsögðu stórmál, sem hægt er að tala langt mál um og fara almennum orðum um, en ég læt það bíða að sinni.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 9. landsk. þm. gerði nokkrar aths. við þetta frv., aðallega á þeim grundvelli, að í þessu frv. fælust forréttindi og það hefði misrétti í för með sér. Ég held, að þetta sé á algerum misskilningi byggt. A. m. k. var það ekki tilgangur minn með flutningi þess frv., sem n. gekk frá, að innleiða neitt misrétti í húsnæðismálum með nýrri lagasetningu. Ég held, að það sé ekki stigið á strá byggingameistara og þeirra, sem fást við byggingarstarfsemi, á nokkurn hátt með þessari lagasetningu. Fólk mundi ráða því, hvort það gerðist félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi og tæki á sig þær skyldur, sem því fylgja, og þær eru ekkert smávægilegar, og þá njóta þeirra réttinda, sem því fylgdu, eða hvort það sneri sér til byggingameistara og semdi við hann um að byggja yfir sig. Byggingarsamvinnufélögin og byggingameistarinn njóta hvor tveggja þeirra forréttinda að fá framkvæmdalán samkv. húsnæðimálalöggjöfinni, og vitanlega væri ekkert vit í því að útiloka byggingarsamvinnufélögin frá þeim sama rétti að eiga kost á að fá framkvæmdalán, þangað til einstaklingarnir, sem íbúðirnar eignast, geta fengið sín persónulegu lán. Í þessu gengur jafnt yfir báða, einkabyggingameistarana og byggingarsamvinnufélögin. En þau réttindi, sem einstaklingnum í byggingarsamvinnufélögum eru ætluð í þessu frv., eru byggð á því, að einstaklingarnir hafa lagt fram fé, og út á þetta fé fá þeir réttindin, sem hann var að tala um, að yllu misrétti.

5. gr. er um það, hvernig byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár, og þar er byggt á 5 stafliðum að ég hygg. Í fyrsta lagi segir: í a-liðnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingarsamvinnufélagi skal aflað fjár: A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅙ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar íbúðar eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn."

Samkv. þessum staflið 5. gr. er gert ráð fyrir því, að meðlimur í byggingarsamvinnufélagi leggi smátt og smátt inn í byggingarsjóðinn allt að ⅙ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem félagið ætlar að byggja fyrir hann. Þegar hann hefur lagt á sig þessa byrði, ber honum auðvitað að njóta réttinda umfram hin almennu réttindi húsnæðismálalöggjafarinnar, því að hann hefur lagt inn fyrir því. Með þessu móti er byggingarsjóðnum, hinum almenna byggingarsjóði aflað fjár frá meðlimum byggingarsamvinnufélaganna, og hið almenna rekstrarfé rennur inn í hið almenna rekstrarfé Byggingarsjóðs ríkisins.

Þetta var annað atriðið, sem hv. 9. landsk. þm., gerði aths. við, og sérstaklega svo c-liðinn í fjáröflunargr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með framkvæmdalánum, sbr. A-lið 8. gr." — þ. e. a. s. í almennu byggingarlöggjöfinni um framkvæmdalán. „Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skilað fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn heimilt að veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað."

Það er nú nálega svo, að það sé föst regla, að íbúð skuli skilað fullgerðri, og ég er á því máli, að það eigi helzt ekki að hafa rúma möguleika til þess að ganga öðruvísi frá þeim málsatriðum. Venjulega er sú aðferð að skila íbúð hálfgerðri, undir tréverk eða undir málningu, höfð til þess, að byggingarmeistarinn hafi einhvern hagnað af því að skiljast við bygginguna á því byggingarstigi, en það eru dýrustu atriðin, sem eftir eru í síðasta áfanga. Mig mundi því ekki taka það sárt, þó að sú veika heimild, sem þarna er í c-liðnum, væri t. d. af n., sem fær málið til meðferðar, numin í burtu og algerlega fastákveðið um það, að íbúð skuli alltaf skilað fullgerðri. Ég held, að það sé sjaldan eða aldrei hinum væntanlega íbúðareiganda til ágóða að kaupa íbúð hálfgerða eða á ýmsum byggingarstigum. Hreinlegast og bezt er frá því gengið, að það sé búið að ljúka öllu saman og tekið sé við íbúðinni fullgerðri. Það er rétt, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að þarna er hugsanlegur möguleiki fyrir því, að einstaklingur í byggingarsamvinnufélagi geti fengið að taka við íbúð sinni, áður en hún er fullgerð, en þá verður hann að fullnægja því skilyrði tryggilega, hvernig lokafrágangi á íbúðinni skuli hagað. En sjái menn einhverja hættu í þessu eða telji eitthvert misrétti í þessu samanborið við byggingameistarana, þá væri mér alveg ósárt um, að þessi þrönga heimild þarna væri numin í burtu, svo að samræmi væri alveg til fulls.

En þriðja aths., sem hann gerði, held ég, að sé ekki á rökum reist, en það var varðandi þennan lið í d-lið 5. gr.:

„Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkv. A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkv. 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðdeildarbréf samkv. þessum staflið fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó aldrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði."

Hann á samkv. a-lið að hafa lagt fram fé umfram það, sem aðrir menn gera, sem nemur ⅕ hluta af andvirði íbúðarhúsnæðisins, og honum er ætlaður réttur vegna þess, að hann hefur lagt þetta fé inn í Byggingarsjóð ríkisins, og það fé er til almennra þarfa og nota, og hann fær þetta í hendur aftur í formi veðdeildarbréfa frá veðdeild Landsbankans. Ég sé ekki, að þetta séu forréttindi. Maðurinn hefur lagt inn fyrir þessu og á auðvitað að fá að njóta þess. Svo mikið er víst, að þetta er sett inn til þess, að byggingarsjóðurinn fái nokkurt fé frá einstaklingum í byggingarsamvinnufélögunum, og þau fá vegna þess fyrirgreiðslu, sem nemur nokkru meira en hinum almennu lánum. Mér finnst þetta vera réttlátt og alls ekki hægt að kenna þetta við misrétti eða ranglæti gagnvart einum eða neinum. Ég held því, að þetta ákvæði eigi fyllsta rétt á sér, hvað sem mönnum sýnist um að gera það alveg ótvírætt, að menn skuli alltaf skila íbúðum fullgerðum til félaga í byggingarsamvinnufélagi.

Þetta voru þær aths., sem fram komu, og ég held, að ef frv. er lesið yfir af fullum góðvilja og sanngirni, sé ekki hægt að fóta sig á því, að um forréttindaákvæði sé að ræða í þessu frv. til eins eða neins, heldur að út á byrðar, sem lagðar eru á félaga byggingarsamvinnufélaganna, fái þeir alveg réttláta umbun, og það tel ég sjálfsagt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég get fullvissað hæstv. félmrh. um það, að ég hef lesið þetta frv. yfir af mestu góðvild og sanngirni og aths. mínar eru settar fram af fullri góðvild og fullri sanngirni, einmitt vegna þess, að ég hef verið þeirrar skoðunar, að hæstv. félmrh. vildi viðhafa jafnrétti og vildi ekki beita sér a. m. k. viljandi fyrir misrétti á þessum vettvangi.

Ég gerði hér að umtalsefni tvær gr. í þessu frv., og aths. mínar eru ekki vitlausari en það, að hæstv. félmrh. hefur a. m. k. fallizt á, að önnur þeirra ætti að nokkru leyti rétt á sér, og hann hefur, eftir því sem mér bezt skildist, gefið í skyn, að hann væri fús til þess að taka c-lið 5. gr. til athugunar, ef í honum fælist eitthvert misrétti, eins og ég hef verið að fullyrða.

Húsnæðismálastjórn hefur veitt framkvæmdalán til byggingaraðila, sem hafa byggt og selt, og það hafa verið viss vandamál fyrir þessa aðila að geta ekki fengið þessi framkvæmdalán nema búa svo um hnútana, að íbúðirnar væru fullfrágengnar, þegar þær væru seldar. Nú skulum við ekki endilega fara að gagnrýna það eða deila um það, hvort þetta sé rétt eða ekki. Út af fyrir sig er það markmið, að íbúðir séu ekki seldar öðruvísi heldur en fullfrágengnar. En það hefur nú einu sinni verið svo hér á Íslandi, að fólk hefur gjarnan viljað kaupa íbúðir, annaðhvort fokheldar eða tilbúnar undir tréverk, til þess að geta unnið við þær sjálft, og talið sig geta sparað eitthvað á því. Þetta hefur viðgengizt, og því hefur það verið í reynd svo, að byggingaraðilar hafa verið að einhverju leyti óánægðir með þetta skilyrði, sem húsnæðismálastjórnin hefur sett um það, að íbúðirnar þyrftu að vera fullfrágengnar. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt atriði fyrir þessa aðila að fá framkvæmdalánin afgreidd sem fyrst, og það er enginn vafi á því, að nú, þegar komið er fram með frv. og gert ráð fyrir því, að það verði að lögum, að ákveðin byggingarsamvinnufélög, sem sagt einn aðilinn af mörgum, sem byggja, fái undanþágu frá þessu ákvæði, sem hingað til hefur gilt, þá er það afskaplega ósanngjarnt og að mínu viti nær ekki nokkurri átt. Þess vegna held ég og er sannfærður um það, að við getum, hæstv. félmrh. og ég og sjálfsagt öll þd., sameinazt um að búa svo um hnútana hvað þetta ákvæði snertir, að þar verði ekki á ferðinni neitt misrétti.

Hann telur, að hin aths. mín hafi ekki verið á rökum reist og jafnvel byggð á einhverjum misskilningi. Um það skal ég ekki segja, en ég vek athygli á því, að í a-lið 5. gr., þar sem er talað um, hvernig byggingarsamvinnufélög geti aflað sér fjár, er talað um, að það verði gert m. a. með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið

verður, að félagið komi upp fyrir hann. En nú spyr ég: Er það ekki svo, hvort sem það er byggingarsamvinnufélag, sem á í hlut, eða einhverjir aðrir aðilar, að það fólk, sem ætlar að kaupa af þessum aðilum, leggur fram fé í stofnsjóð? Það gerir samning við þann aðila, sem hyggst byggja íbúðina fyrir viðkomandi, og byggingaraðilinn segir við þennan væntanlega kaupanda: Þú verður að leggja fram svo og svo mikið fé í okkar sjóð, til þess að við getum staðið undir þessum byggingarframkvæmdum. — Og hvort sem það er meira eða minna en ⅙, — ég held, að það sé algengast, að það sé meira en ⅙ strax á byrjunarstigi, — þá sjá menn þó, að þarna er enginn eðlismunur á. Það er um að ræða alveg sams konar fjáröflun, hvort sem er um að ræða byggingarsamvinnufélag, byggingar einstaklinga eða byggingarfyrirtæki einhvers konar. Kaupandi leggur fram fé í stofnsjóð, oftast með meira en ⅙ hluta, og að því leyti er það ekkert frábrugðið því, sem þarna er gert ráð fyrir.

Hins vegar er talað um í þessari gr., að hann þurfi að vera búinn að leggja fram þetta fé í 3 ár. Nú má vel vera, að það skipti alveg sköpum og ráði úrslitum um það, hvort viðkomandi aðili fái þá helmingi hærra lán úr Byggingarsjóði ríkisins heldur en aðrir, hvort hann er búinn að greiða fé í svokallaðan stofnsjóð í 3 ár þar á undan eða ekki. Ég vil leyfa mér að efast um, að margir geri þetta í sjálfu sér, og sá grunur læðist að mér, að til þess að njóta góðs af þessu ákvæði sé hægt að fara ýmsar leiðir við að fullyrða og leggja fram gögn um það, að viðkomandi aðilar hafi greitt s. l. 3 ár. Það er t. d. hægt að gera þannig, að viðkomandi aðili leggur fram þessa ákveðnu upphæð í einu, og síðan er það staðfest af viðkomandi félagi og viðkomandi aðilum, að þetta fé hafi verið greitt inn á svo og svo löngum tíma. Nú er ég ekki að væna neinn sérstaklega um óheiðarleika. En við vitum, að það er ýmislegt gert til þess að fá lánsfé úr byggingarsjóðnum sem allra fyrst, og það má vel halda því fram að það sé ekki neitt verið að fara fram hjá lögunum eða starfa óheiðarlega, þó að lagt sé fram í einum áfanga það fé, sem ella hefði komið inn á þremur árum. Ég get ekki séð, að þessi tímabinding ráði úrslitum um það, að viðkomandi aðili eigi rétt á því að fá svo geysilega miklu hærra lán heldur en aðrir. Hann er eins og aðrir byggjendur að leggja fram fé í stofnsjóð fyrir þann aðila, sem á að byggja, og hvort sem það heitir byggingarsamvinnufélag eða eitthvað annað, þá á að gilda það sama um alla aðila, sem standa í húsbyggingum.

Ég fer fram á það og geri ráð fyrir því, að það verði gert, að þetta mál verði skoðað af fullri góðvild og fullri sanngirni í n., þannig að það sé fulltryggt, jafnvel þó að það heiti byggingarsamvinnufélög, sem hér er verið að ræða um, að þá njóti þau ekki sérstakra forréttinda og sérstakra hlunninda umfram þá aðila, sem þau keppa við í húsabyggingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 25, n. 291). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur athugað frv. til l. um dvalarheimili aldraðra, sem er 25. mál á þessu þingi. Athugaði n. frv. á nokkrum fundum og fór yfir umsagnir, sem henni höfðu borizt í sambandi við þetta frv. Umsagnirnar voru allar að meginefni jákvæðar, en þó var í sumum þeirra að finna nokkrar aths. við frv. og tillögugerð um viðbætur við það. N. sá sér hins vegar ekki fært sem ein heild á þessu stigi að taka upp aðra breytingu við frv. en þá, sem er að finna á þskj. 291 og lýtur einasta að breytingu á gildistökutíma frv., þar sem sá tími er liðinn, sem var ráðgert, að frv. tæki gildi á.

Um efni sjálfs frv. er ekki mikið að segja. Nýmælið í því er aðallega að finna í 7. og 8. gr. Í 7. gr. er að finna það nýmæli, að ríkissjóður skuli greiða að ⅓ hluta kostnað við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar í dvalarheimili, sem sveitarfélag ræðst í að byggja. Einnig er í gr. heimildarákvæði um, að styrkja megi byggingu dvalarheimilis fyrir aldrað fólk, þótt sveitarfélag standi ekki að byggingu þess. Í 8. gr. er og það nýmæli, að daggjaldanefnd samkv. l. um almannatryggingar ákveði upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ég held, að ekki sé ástæða til þess að fara fleiri orðum um frv. Heilbr.- og trn. mælir einróma með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem ég var hér að lýsa, á þskj. 291, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., ef fram koma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 291 (ný 11. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur gengið í gegnum Ed. og fengið þar skjóta og góða meðferð. Frv. er um breyt. á l. um meðferð opinberra mála og er aðallega í því fólgið, að það hefur að geyma nokkrar lagfæringar á núgildandi ákvæðum, einkum þeim ákvæðum, þar sem vísað er til verðlags.

Lög um meðferð opinberra mála eru að stofni til frá árinu 1951, þegar sett voru í fyrsta sinn heildarlög um meðferð opinberra mála. Þau lög hafa að mestu staðið óbreytt að stofni til síðan, ef frá eru skildar breytingar, sem leiddi af stofnun sjálfstæðs embættis saksóknara ríkisins á árinu 1961. Á þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og miklar verðlagsbreytingar orðið, svo sem alkunna er. Af þeim sökum eru ýmis ákvæði l., sem vísa til verðlags, orðin úrelt. Ef miðað er við verðlagsbreytingar frá 1. júlí 1951 til þessa dags, hefur vísitala framfærslukostnaðar 5.4-faldazt vísitala vöru og

þjónustu 7.8-faldazt, vísitala byggingarkostnaðar 9.6-faldazt og lágmarkstímakaup hjá Dagsbrún 10.6-faldazt.

Á árinu 1966 var breytt ákvæði 112. gr l. um sektarvald lögreglumanna og lögreglustjórum veitt sektaheimild með sérstökum hætti. Frá þeim tíma hefur vísitala framfærslukostnaðar og vísitala vöru og þjónustu tvöfaldazt, vísitala byggingarkostnaðar 24-faldazt og lágmarkskaup Dagsbrúnar nær þrefaldazt.

Þegar þessar tölur eru virtar, er tímabært að leggja til hækkun á þeim ákvæðum l., sem vísa til verðlags.

Í 13. gr. frv. er lagt til, að heimild lögreglustjóra til að ljúka málum með sektargerð verði hækkuð úr 5 þús. kr. í 10 þús. kr. Er þar um að ræða sömu fjárhæð og tollyfirvöld hafa þegar til að ljúka málum með sektargerð. Sektargerðir þessar hafa gefið mjög góða raun að því leyti til, að þær hafa létt verulega álagi af dómstólum. Við lögreglustjóraembætttið í Reykjavík voru á síðasta ári afgreidd með þessum hætti 4668 sektargerðarbréf vegna almennra umferðarlagabrota og að auki 13300 bréf vegna stöðumælamála, þar sem aðili hafði ekki greitt aukaleigugjald. Tilgangurinn með sektarheimild þessari var annars vegar að opna möguleika til að afgreiða mál á einfaldan hátt, án þess þó að réttur sakbornings sé á nokkurn hátt skertur, enda getur hann eftir sem áður ætíð óskað eftir því, að málið verði borið undir dómara. Hins vegar er það svo, eins og áður er sagt, að þetta léttir miklu álagi af dómstólum, og ríður á miklu, að þau mál, sem þangað fara, fái skjóta meðferð og þeir, sem að óþörfu ómaka dómstólana, fái hæfilega viðbótarrefsingu.

Eins og áður er sagt er lagt til, að sektarheimild lögreglustjóra verði hækkuð í 10 þús. kr., og virðist, að vel mætti koma til athugunar hjá n., sem hugar að frv., að hækka þessa heimild enn þá frekar, Þó hefur það ekki verið gert í hv. Ed.

Náskyld heimild lögreglustjóra er heimild lögreglumanna til að ljúka málum með sektarboði. Er sú heimild nú miðuð við 1000 kr., en lagt til, að hún verði hækkuð í 3000 kr. Notkun þessarar heimildar hefur frekar farið minnkandi eftir tilkomu sektarheimildar lögreglustjóra.

Loks er að því er varðar 112. gr. l. lögð til hækkun á fjárhæð, sem staðið hefur óbreytt frá 1951, þar sem er heimild fyrir dómara til að ákveða með bókun eignaupptöku, þegar sökunautur finnst ekki eða er ókunnur. Er lagt til, að verðmætisviðmiðun hækki úr 3 þús. kr. í 30 þús. kr. Svipuðu máli gegnir um breytingu á 113. gr. l., sbr. 14. gr. frv., þar sem lagt er til að hækka sektarfjárhæð, sem er skilyrði fyrir því, að dómari höfði mál af sjálfsdáðun á hendur sökunaut, sem hefur ekki komið fyrir dóm. Er þar um að ræða sömu hækkun. Það mun reyndar vera fátítt, að þessari heimild sé beitt.

Til að framkvæma ýmsar gerðir við rannsókn mála, svo sem hald á munum, leit og handtöku er það skilyrði m. a., að brot geti varðað a. m. k. 20 þús. kr. sekt. Í 5.—9. gr. frv. er lagt til, að þessi fjárhæð, sem staðið hefur óbreytt frá 1951, sé fimmfölduð. Verður ekki álitið, að rétti sakborninga sé hallað með þessari breytingu. Miklu frekar er hætta á, að þröngir refsirammar í ýmsum sérlögum geti takmarkað beitingu ákvæðisins eftir breytingu, en tímabært er orðið að endurskoða slík sektarákvæði í ljósi verðlagsbreytinga, sem og hið almenna sektarákvæði hegningarlaganna. Hefur svokölluð hegningarlaganefnd haft þetta atriði til athugunar.

Um breyt. í 10. gr. frv. gildir það sama, þar sem er um að ræða fimmföldun.

Í 20. gr. frv. er lagt til, að tilgreind lágmarkssekt og lágmarksfjárhæð á upptækum verðmætum, 5 þús. kr. í báðum tilvikum, þar sem saksóknara er skylt að áfrýja dómi eftir kröfu ákærða, verði tífölduð. Eftir sem áður er saksóknara heimilt að áfrýja dómi, þótt þessu atriði sé ekki fullnægt, svo mundi saksóknara ætíð vera skylt að áfrýja, ef sérstakar ástæður eru til þess, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 175. gr. laganna.

Í 17., 18., 19., 23. og 25. gr. frv. er lagt til, að ákvæði um lágmark og hámark réttarfarssekta verði felld niður. Hér er um að ræða lágar fjárhæðir, sem rétt hefði verið að hækka. Hins vegar þykir eðlilegra að fella þessi ákvæði niður, þannig að dómstólar hafi frjálst mat við ákvörðun þessara sekta. Er þessi breyting í samræmi við breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, sem gerð var á árinu 1963.

Í 22. gr. frv. er loks lagt til, að tekin verði upp heimild fyrir saksóknara til að fela fulltrúa sínum sókn mála fyrir hæstarétti. Samkv. 187. gr. l. flytur saksóknari nú sjálfur öll mál fyrir hæstarétti. Fjöldi mála fyrir hæstarétti hefur aukizt nokkuð á undanförnum árum, svo og umsvif saksóknaraembættisins sjálfs. Þykir ekki ástæða til að binda þetta atriði lengur við saksóknara einan, enda starfa fyrir embættið fulltrúar, sem eru vel hæfir til þessa. Hins vegar þykir rétt að tryggja í löggjöf hæfni þeirra, sem til þessa veljast. Er því lagt til, að fulltrúi, sem falið verður slíkt starf fyrir hæstarétti, uppfylli sömu skilyrði og þarf til skipunar í embætti saksóknara, enda ber fulltrúi þá allar skyldur saksóknara.

Ég held, að frv. þetta þurfi ekki frekari skýringa við. Það má vissulega segja, að þar sé um að ræða minni háttar breytingar á l. um meðferð opinberra mála, þó að breyt. séu allmargar og ekki í sjálfu sér svo þægilegt að átta sig á þeim með því að sjá þetta frv. eitt út af fyrir sig, heldur kostar það samanburð við lögin. Og það er ekki hægt að segja, að þetta frv. lýsi neinni allsherjarendurskoðun á l. um meðferð opinberra mála. Fyrir nokkru var skipuð n. til þess að vinna að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar yfirleitt. Hennar bíða mörg verkefni og eitt er á sviði opinberra réttarfarsins. En sú endurskoðun tekur eðlilega talsvert langan tíma, og sú endurskoðun ætti ekki að þurfa að standa í vegi fyrir afgreiðslu þessa lagafrv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Ítala, frv. (þskj. 284). — 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég flyt hér mál, frv. til l. um ítölu. Ég flutti þetta frv. í fyrra, og þá var það sent til umsagnar til Búnaðarfélagsins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og landgræðslustjóra. Það dróst nokkuð, að umsagnir kæmu, og málið var ekki afgreitt frá landbn. Nd. Umsagnirnar voru þannig, að Búnaðarfélag Íslands mælti með frv. Það gerði smáaths. við tvo liði í 6. gr., sem ég álít, að skipti ekki neinu máli, en mælti að öðru leyti með frv. Rannsóknastofnun landbúnaðarins tók ekki afstöðu til frv., og landgræðslustjóri hafði ekkert við frv. að athuga, en furðaði sig á því, að hann ætti ekki að vera aðalmúr við leiðbeiningarstarfsemi um beitarþol afrétta. Þegar ég samdi frv., vakti fyrir mér, að það yrði sérstakur maður, annar en landgræðslustjóri. Ég áleit, að hann hefði svo mikið að gera, að hann gæti tæpast annazt það starf.

Þetta frv. er ofurlítið breytt frá fyrra frv. að því leyti, að ég legg til, að landbrh. skipi til þriggja ára í senn eftir till. Búnaðarfélags Íslands gróðurverndarfulltrúa, sem hafi sérþekkingu á gróðurfari og beitarþoli afrétta og heimalanda. Það má deila um, hvaða nafn á að gefa þessum fulltrúa, hvort á að kalla hann gróðuverndarfulltrúa eða eftirlitsmann með beitarþoli afrétta eða eitthvað slíkt. Ég geri það ekki að neinu aðalatriði. Mér fannst þetta vera viðunanlegt nafn.

Ef n., sem fær þetta frv. til umsagnar, leggur til, að því sé eitthvað breytt, þá er það ekkert atriði út af fyrir sig. En ástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú, að ég álít, að afréttir, a. m. k. á mestum hluta landsins, séu ofbeittar. Þetta er náttúrlega misjafnt. Í góðum sumrum, eins og s. l. sumar var, þegar mikil spretta var á hálendinu, var ekki um ofbeit að ræða. En í bók, sem Ingvi Þorsteinsson hefur skrifað, og hann hefur kannað þetta mál betur en nokkur annar, telur hann, að afréttir á mestum hluta landsins séu yfirleitt ofbeittar. Og það er ekki nema í tveimur sýslum, sem hann telur, að mætti vera meiri búpeningur á afréttum heldur en er, og það eru Múlasýslurnar. Ég hef átt tal um þetta við hann, og hann hefur t. d. sagt mér, að það sé áreiðanlegt, að Auðkúluheiði, þar sem ég á upprekstur, sé ofbeitt sem nemur allri hrossaeigninni.

Ítölulög hafa lengi verið í gildi, en þau hafa hvergi verið framkvæmd, og það hygg ég, að sé m. a. vegna þess, að þau eru þannig úr garði gerð, að það er mjög erfitt að koma þeim í framkvæmd. Sýslurnar eiga að hafa frumkvæðið, en þær hafa annaðhvort ekkert gert í því eða ekki komið sér saman um málin. Það er nú þannig í sýslunum, að aðstaðan er ákaflega misjöfn. Í sumum hlutum sýslanna kæra þær sig ekki um að koma á ítölu eða það er ekki hægt. Þar sem er fjalllendi og ekki er girt milli afréttar og heimalanda, þar er raunar ekki til neins að tala um ítölu. Þar sem aftur er girt á milli afréttar og heimalanda, á að vera hægt að koma ítölu við. Það er þannig, að þegar ógirt er milli afréttar og heimalanda, fer búpeningurinn sjálfur til afréttanna, og svo kemur hann heim síðari hluta sumars, þannig að þar er í raun og veru ekki hægt ao koma ítölu við.

Nú geri ég ekki ráð fyrir, — það má vera, að það verði gert, — en ég geri ekki ráð fyrir, að a. m. k. í náinni framtíð verði ítölu beitt gagnvart sauðfé. En gagnvart hrossum get ég vel búizt við, að á vissum stöðum sé nauðsynlegt að fara að hafa ítölu. Mér er vel ljóst, að þetta snertir ekki nærri því allar sýslur á landiu. Múlasýslurnar þurfa þess t. d. ekki með, og hér á Suðurlandi reka Rangvellingar mjög lítið af hrossum a. m. k. á afrétt og ekki nema takmarkað fé, að ég ætla. Árnesingar hafa girt af Hvítárnesið eða Biskupstungnaafrétt fyrir sitt stóð, og afréttir þeirra Sunnlendinga eru alls ekki fyrir hross. Það er í Húnavatnssýslum, Skagafirði og Mýra- og Borgarfjarðarsýslum e. t. v. að einhverju leyti, sem ítala kemur til greina.

Nú er það svo, að farið er að selja hross til annarra landa. Það getur haft þau áhrif, að einstakir bændur fari að fjölga mjög hrossum. Nú gefur auga leið, að það er ekki hagkvæmt fyrir heildina, ef einstakir menn eiga kannske 100—200 hross og afréttir eru ofsetnar þannig. Í öðrum löndum, a. m. k. í Vestur-Evrópu, þar sem sauðfé er, — og það er þannig í Ástralíu líka, þar sem eru stór fjárbú, — þar eru heimalöndin afgirt. Þeir hafa ekki afréttir svipað og við. Nú er sjálfsagt fyrir okkur að nota afréttirnar. En ég hygg, að það reki að því, að heimalönd verði yfirleitt afgirt og að þau verði meira og minna hólfuð í sundur. Ég kynntist þessu í Nýja-Sjálandi, hvernig þeir höguðu beitinni þar. Þar girtu þeir tiltölulega lítið hólf fyrir féð. Ég spurði þá, hvers vegna þeir gerðu þetta. Þeir sögðu, að þetta væri betra, féð rásaði minna, þá fitnaði það meira, og í öðru lagi hefðu þeir vald á beitinni þannig, að þeir friðuðu alveg sum hólfin og gætu þá hleypt skepnunum á víxl í hólfin. Ég hygg, að það reki að því hér líka, — því að búin eru að stækka, þar sem byggðin á annað borð gisnar ekki allt of mikið, og jafnvel hvort sem er, — að í þeim byggðarlögum, sem byggð helzt í, sem við vonum, að verði að mestu, muni búin stækka. Það er ákaflega mikill munur á fjárfjölda eða skepnufjölda nú og áður var, og þó að slægi ofurlítið á þessa skepnufjölgun nú í hörðu árunum, er mjög hröð fjölgun líklega yfirleitt á landinu núna, þannig að ég hygg, að það reki að því, að bændur fari að girða lönd sín meira og minna í sundur. Það getur líka komið til greina með afréttirnar að girða viss svæði, þar sem hross væru t. d., í staðinn fyrir að láta þau vera óhindruð hvar sem er.

Upphaflega átti það drjúgan þátt í því, að ég flutti þetta frv., að oddvitarnir heima í mínu héraði töldu, að þeir gætu ekki komið á ítölu samkv. þeim lögum, sem voru um þetta efni. Þetta frv. er sérstaklega frábrugðið þeim lögum, sem í gildi eru, að því leyti, að það er sérstakur maður, sem getur a. m. k. haft frumkvæði og á að hafa leiðbeiningarstarfsemi í því efni, hvort afréttir séu ofbeittar eða ekki. Og eins eiga bændur samkv. þessu frv. að geta haft frumkvæðið sjálfir og leitað þá til þessa gróðurverndarfulltrúa til að fá umsögn um, hvort þörf sé á ítölu eða ekki.

Í öðru lagi er það í þessu frv., að það á að vera starfandi ítölunefnd, og ég álít, að það sé nauðsynlegt, að hún sé starfandi í hverju upprekstrarfélagi, því að það getur verið breytilegt og þarf náttúrlega að endurskoða þær reglur öðru verju, hve einstaklingur má hafa margt á afrétt, og eins á reynslan að skera úr um það, hvaða beitarþol afréttirnar hafa. Það getur því orðið breyting frá því, sem upphaflega er ákveðið, að hver bóndi megi reka á afrétt. Ef reynslan sýnir, að óhætt sé að reka meira eða ástæða sé til þess að fækka í afrétt, þá er nauðsynlegt að hafa ítölunefnd starfandi.

Í gildandi lögum eru ekki nein viðurlög önnur en þau, að ef lögin eru brotin, þá liggur þar við refsing, og það mundi kosta málaferli að koma nokkrum viðurlögum við. En málaferli eru dýr og tekur mörg ár að reka málin. Í því frv., sem ég flyt hér, er gert ráð fyrir, að ákvæðin verði þannig, að fjallskilin verði hærri og fari hækkandi, er um endurtekin brot er að ræða. Og þetta frv. miðar að því að gera sem auðveldast að framkvæma þetta.

Þeir aðilar, sem fengu frv. til umsagnar í fyrra, höfðu ekkert út á það að setja. Það komu tvær smáaths. frá Búnaðarfélaginu. Finnst mér dálítið hart að afgreiða ekki frv., sem enginn getur sett eiginlega neitt út á, er allt að því fullkomið samkv. því.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. verði sent aftur til umsagnar Búnaðarfélaginu t. d. Nú er Búnaðarþing að byrja að starfa, og það væri afar æskilegt, að Búnaðarfélagið fengi frv. til umsagnar núna, meðan Búnaðarþing er, þannig að Búnaðarþing gæti fjallað um málið. Ég álít nauðsylegt að endurbæta ítölulögin frá því, sem þau eru nú. Og það væri ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að Búnaðarþing fjallaði um það mál, og ef það getur gert þetta frv. betra en það er frá minni hendi, þá hef ég ekkert við því að segja, er ánægður með það.

Það er sjálfsagt að nota afréttirnar til fulls. En það má ekki ofbeita þær, við vitum það ósköp vel. Þegar mikill hrossagrúi gengur á afréttunum, bíta þau grösin, sem kjarnbezt eru, og taka þau frá fénu, þannig að við megum búast við að fá rýrara fé. Og þá er ekki nema um tvennt að ræða: að takmarka fénaðinn og þá fyrst og fremst stóðið, takmarka tölu þess, eða þá að hafa það í sérstökum girðingum. Nú er mér sagt, að á bændafundi norður í Húnavatnssýslu hafi verið samþykkt að hætta að reka hross á afrétt í sýslunni. Þetta var á almennum fundi, þannig að sú samþykkt hefur ekki gildi, nema sveitarstjórnirnar taki ákvörðun um það mál. Af því sjáið þið, að ekki er að öllu leyti ástæðulaust að fara að athuga um það að stilla þessu eitthvað í hóf.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að ég sé að rekja einstakar gr. frv. Þeir, sem hafa áhuga á þessu máli, sem e. t. v. eru ekki margir, því að þetta frv. snertir ekki nema litinn hluta af þm. persónulega, geta lesið frv., og náttúrlega geta allir komið með brtt., ef þeim sýnist svo. En ég vænti þess, hvað sem því líður, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég hef ekkert við það að athuga, að einhverjar breytingar komi fram, ef þær eru ekki til að spilla neitt fyrir þeirri gagnsemi, sem ætti að verða af þessu lagafrv., ef það verður að lögum. En ég álít, að það sé nauðsyn að gera einhverjar breytingar á ítölulögunum.

Svo legg ég til, að þessu frv. verði vísað til landbn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála, að hér er hreyft mjög þýðingarmiklu máli og á athyglisverðan hátt. Í sambandi við það langar mig til að rifja það upp, að fyrir rúmu ári skipaði hæstv. landbrh. 7 manna mþn. til þess að vinna að landgræðslu- og landnýtingaráætlun fyrir landið og þá helzt þannig, að hægt væri að hafa drög að henni tilbúin fyrir hátíðarárið 1974, og þá með það í huga, að á því ári væri hægt að taka ákvarðanir í þessu máli, sem gætu valdið verulegum straumhvörfum til bóta.

Þessi n. tók upp samstarf við samtök bænda, samtök áhugamanna um landgræðslumál, og einnig beitti hún sér fyrir því, að fram færi úttekt á þessum málum í öllum héruðum landsins, sem gerð væri sameiginlega af búnaðarsamtökum héraðanna og gróðurverndarnefndum í héruðunum, og lagði nefndin áherzlu á, að sú úttekt yrði gerð sameiginlega af þessum aðilum, en ekki sitt í hvoru lagi. N. hefur sem sé unnið frá því sjónarmiði, að það sé ekki hægt að skilja í sundur landgræslu og gróðurnýtingu, þetta verði að fara saman, því aðeins verði góður árangur af landgræðslu, að skynsamleg gróðurnýting eigi sér einnig stað.

Það er skemmst frá því að segja, að málaleitun n. um, að þetta væri skoðað heima fyrir í héruðunum, hefur verið tekið með afbrigðum vel, enda sýnilegt, að það, sem þar var farið fram á, var eins og talað út úr hjarta þeirra manna, sem um þessi mál fjalla í héruðunum. Hefur n. fengið mjög athyglisverðar skýrslur um þessi efni úr nálega öllum héruðum landsins, og hafa þær verið að koma fram undir þetta, og er nú tekið til að vinna úr þeim og enn fremur þeim álitsgerðum, sem lágu fyrir frá heildarsamtökum landbúnaðarins og samtökum áhugamanna í þessu efni, og þeim álitsgerðum, sem lágu fyrir frá þeim sérfræðingum, sem sérstaklega höfðu skoðað þessi mál, svo sem álitsgerð Ingva Þorsteinssonar.

Þessi mþn. um landgræðslu og landnýtingu hefur skipt sér niður í undirnefndir nú eins og stendur til þess að vinna að ýmsum þáttum þessa máls, og við höfum starfandi í henni undirnefnd, sem vinnur að því að skoða sérstaklega gróðurnýtingarhliðina eða kannske réttara sagt hina félagslegu hlið þessara mála, þ. á. m. meginstefnuna í gróðurnýtingunni eða meginstefnuna varðandi beitarafnot af landinu. Þ. á. m. hefur sú undirnefnd til skoðunar þau lög, sem gilda um þessi efni, lög um ítölu og um fjallskila- og afréttamálefni og önnur lög, sem snerta sérstaklega þennan þátt. Í þessari undirnefnd eru Jónas Jónsson aðstoðarmaður landbrh., Pálmi Jónsson alþm. og Þorvaldur Jónsson.

Þannig er unnið á vegum þessarar n. núna í vetur, og ég taldi rétt að segja hér frá þessu. Ég vil skjóta því fram, að mér sýnist það vera skynsamlegt og eðlilegt, að þetta frv. yrði sent til þessarar landgræðslu- og landnýtingarnefndar

til skoðunar, og gæti það þá fengið athugun í þessari undirnefnd, sem einmitt vinnur að því með öðru fleiru að skoða þessa löggjöf.

Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um, að það verður að taka upp nýja stefnu í gróðurverndar- og beitarmálum. Ég er alveg sammála flm. um, að lögin um ítölu hafa nálega ekkert verið notuð. Það verður að breyta talsvert stefnunni í beitarmálum, og það kemur fram úr nálega öllum byggðarlögum landsins, að menn eru ákveðnir í að breyta til í þessu, hólfa landið meira niður og nota það skipulegar en áður til beitar, hafa góða gát á afréttunum og nota þær á ýmsum svæðum öðruvísi en gert hefur verið og varlegar. Hafa ýmsar samþykktir verið gerðar í þessa átt, sem hv. flm. minntist á í sumar, en aðrar, sem ekki komu fram í hans máli. Það gengur allt í þessa átt, að endurskoða stefnuna í beitarmálunum, og þá hafa menn rekið sig á það, að lög um ítölu eru alveg ófullnægjandi og þarf að endurbæta þau. Ég þori ekki að segja um, hvort það á að gera það nákvæmlega á þennan hátt, sem hv. flm. stingur upp á. Þetta er sem sé í skoðun á vegum n., sem ég gat um. Ég stóð upp til að segja frá þeirri vinnu, sem þar hefur verið unnin í þessu efni, og að þar liggur fyrir mikið af ágætum upplýsingum, sem verið er að vinna úr, og að þar er starfandi undirnefnd, sem með öðru fleiru hefur þessi efni til skoðunar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Nýting landsins til beitar hefur verið mjög á dagskrá nú undanfarin missiri. Það frv., sem hér er flutt, fjallar um einn þáttinn í lagasetningu, sem myndar ramma um þetta atriði, og þá sérstaklega, hvernig takmarka skuli fjölda búpenings á ákveðnu landssvæði, ef það er talið æskilegt. Ég skal ekki tala hér nema örfá orð um þetta efni. Eins og fram kom hjá hv. flm., var frv. mjög svipaðs efnis flutt af honum á síðasta Alþ., og lét ég þá í ljós þær aths., sem ég taldi ástæðu til í sambandi við það.

Frv. þetta er að mínu mati rétt að skoða með jákvæðum huga, sem og allar þær till. og allar ábendingar, sem fram koma um það, hvernig betur megi takast að hafa vald á því, hve margt beitarpenings gengur á ákveðnu landssvæði. Ég vil þó geta þess, að sú meginbreyting, sem felst í þessu frv. frá gildandi lögum, þ. e. um ákvörðun um ítölu og það, hvernig hún skuli framkvæmd, er að mínu mati ekki til bóta við fyrstu yfirsýn. Hins vegar eru önnur atriði frv. verulega til bóta, og á ég þar t. d. við ákvæði um viðurlög, ef ítala er brotin, og ýmis fleiri atriði.

Ef litið er á það, hvernig uppbygging gildandi laga er um ítölu, þ. e. þess kafla l. um afréttamálefni o. fl., sem fjalla um þessi efni, þá er það í megindráttum þannig, að sveitarstjórn, sýslunefnd eða gróðurverndarnefnd getur haft frumkvæði að því, að ítala sé gerð, einnig um það bil ¼ hluti af bændum í tilteknu sveitarfélagi eða ákveðnum hluta sveitarfélags, ef afmarkað er. Þannig er það í höndum heimaaðilanna sjálfra að hafa frumkvæði í þessu efni, og ég hygg, að svo muni best fara, að það verði áfram.

Það kom fram hér hjá hv. 1. þm. Austf., að þessi mál hafa nú verið mjög rædd að frumkvæði þeirrar n., sem hann nefndi og hann er formaður fyrir. Og hygg ég, að óhætt sé að segja, að n. sem heild og einstakir nm. hafi orðið varir þess mjög mikla áhuga, sem ríkir hjá bændum um allt land í þessum efnum, og að þeir eru reiðubúnir að hafa sjálfir frumkvæði að því að sinna gróðurverndarmálum á þann hátt, að landið sé nýtt til beitar svo sem hagkvæmt er, fyrst og fremst fyrir landio sjálft, og fer það þá auðvitað saman við þeirra eigin hag. Þess vegna er það álit bænda um land allt, að þarna þurfi úrbætur að gera.

Ef einhver af þeim heimaaðilum, sem ég nefndi, óskar eftir því, að ítala sé gerð, þá er boðað til sveitarfundar um málið. Sé það samþykkt, gengur málið sína leið og ítalan er ákveðin. Verði það fellt á sveitarfundi, getur sá aðili, sem ítölu hefur krafizt, skotið málinu til gróðurverndarnefndar sýslunnar eða sýslunefndar, ef gróðurverndarnefnd er ekki til, en þær munu nú hafa verið settar á stofn í öllum héruðum landsins. Gróðurverndarnefnd tekur síðan um það ákvörðun, hvort ítala skuli gerð eða ekki, að fenginni umsögn landgræðslustjóra. Nú veljast yfirleitt þeir menn í gróðurverndarnefndir héraðanna, sem gerkunnugastir eru þessum málum, og yfirleitt eru það menn, sem hafa áhuga á því, að jákvæðar aðgerðir séu gerðar til verndar landinu, þannig að það sé ekki ofnýtt. Það eru þess vegna þessir menn, sem bezt vita, hvort ástæða er til að beita ítölu eða ekki, og taka sínar ákvarðanir, eins og gert er ráð fyrir í l., í samræmi við ábendingar landgræðslustjóra eða fulltrúa hans.

Í frv. er þessu öfugt farið. Þar er gert ráð fyrir að stofna embætti nýs gróðurverndarfulltrúa, sem landbrh. skipar til þriggja ára í senn. Þessi gróðurverndarfulltrúi á að hafa frumkvæði um það, að ítala sé gerð, og framhald málsins er að mínu mati óþarflega flókið miðað við það, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi efni hygg ég, að ástæða sé til að skoða nánar við meðferð þessa máls. Í landnýtingarnefndinni, sem hv. 1. þm. Austf. er formaður fyrir, höfum við m. a. rætt það, hvort ástæða væri til þess, að Búnaðarfélag Íslands fengi til þess sérstakan mann að gegna ráðunautarstörfum í beitarmálefnum. Um það hefur engin ákvörðun verið tekin í n., hvort hún leggur till. fram um slíkt. En hvort sem það verður eða ekki, þá er líklegt, að Búnaðarfélagið gefi þessu meiri gaum hér eftir en hingað til.

Í grg. frv. segir, að ítala hafi hvergi verið gerð og það sé bersýnilega af þeim sökum, að annaðhvort sé ekki áhugi fyrir ítölu eða l. séu svo slæm, að það hafi ekki verið talið fært. Þetta er nú ekki að fullu rétt. Í einstökum upprekstrarfélögum hefur ítala verið reynd, og þar sem hún hefur verið reynd, hygg ég, að hún hafi verið talin gefast vel. (**Gripið fram í:** Hvar hefur hún verið reynd?) hún hefur verið framkvæmd t. d. í Rangárþingi.

Um viðurlög gegn brotum á ítölu er það að segja, að sú leið, sem flm. velur í frv., er að mínu mati mjög til bóta. Hins vegar er það svo, að ítala hefur sums staðar ekki verið reynd, þar sem hún hefur verið talin æskileg, vegna þess

að menn hafa óttazt, að ekki væri unnt að koma í veg fyrir, að ákvæðin yrðu bortin. Og það er ákaflega erfitt að fylgjast með því, hvort ákvæðin séu haldin eða ekki. Við vitum, að afréttarpeningur fer sjálfkrafa til afréttar og hann fer sjálfkrafa heim, þegar líða tekur á sumar, enda þótt girðingar séu sæmilegar. Af þessum sökum er ákaflega erfitt að átta sig á því, hvort ákvæðin séu haldin eða ekki. En ég hygg þó, að þrátt fyrir þá annmarka mætti með góðum árangri koma við ítölu víðar en reynt hefur verið.

Eitt í þessu frv. álít ég líka til bóta og þar á ég við, að talað er um að mynda ákveðin beitarhólf fyrir hrossin. Á sumum landssvæðum virðist hrossabeit ekki verða til þess að ofbjóða landinu, en gangi þau vítt og breitt um afréttina, eru önnur svæði, sem þau leggjast sérstaklega á og eru viðkvæm fyrir nagi hrossanna, og er ábyggilegt, að þau eiga þar stóran þátt í því, að landið gengur úr sér. Ef þannig væri að verki staðið að koma upp ákveðnum hólfum, þar sem bezt hagar til hrossabeitar, væri einnig með því móti hægt að veita þeim bændum, sem t. d. eiga einungis hross og kýr, en ekkert sauðfé, nokkurn rétt til þess að hafa sinn afréttarpening á afmörkuðum svæðum. Í því væri nokkur sanngirni, miðað við það, að ef ætti að banna alla beit hrossa á afréttarlönd, þá er ekki hægt að líta fram hjá því, að þessir menn eru sviptir réttindum, sem þeir hafa átt og þeirra jörðum fylgja.

Eg sé nú ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Frv. fer til þeirrar n., sem ég á sæti í, og ég hef ekki haft tíma til þess að kynna mér nægilega, hvað það er mikið breytt frá frv. flm. á síðasta ári. En ég endurtek, að ýmislegt í þessu frv. þykir mér ljóst, að sé til bóta, og ég mundi fella mig mjög við það, að þau ákvæði, sem samstaða reyndist um, að væru til hins betra, væru felld að þeirri uppbyggingu, sem kaflinn um ítölu í l. um afréttamálefni o. fl. felur í sér, og frv. yrði á þessu þingi afgreitt með þeim hætti.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu að svara. Ég held, að hv. 5. þm. Norðurl. v. sé eitthvað pínulítið afbrýðisamur, honum finnist, að hafi verið gengið fram hjá gróðurverndarnefnd. En það er fjarri því. Ef einhver hefði samið svona gott frv., hefði ég verið manna fyrstur til að rétta upp höndina með því. En það er einfaldlega það, að þessi blessuð ítölulög eru svo lélega samin, að það er ómögulegt að notast við þau. Ég ætla bara að biðja ykkur að lesa þau, og lesið þið svo frv., sem ég flyt, og athugið, hvort er auðveldara að koma á ítölu samkv. þeim lögum, sem eru í gildi núna, eða frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. var að tala um, að frv. væri eigi til bóta um framkvæmd ítölu. En það er einmitt höfuðatriðið, að það gerir það svo auðvelt sem mögulegt er. Lesið þið bara hin lögin. Það er nefnilega gersamlega ómögulegt að koma með brtt. við lögin, þar er svo mikill hrærigrautur. Lögin um fjallskilamálin eru öll illa samin, enda sennilega aðallega samin af mönnum, sem lítið hafa fengizt við fjallskilamál. En það er gersamlega ómögulegt að semja frv. um ítölu eða fjallskilamál vel fyrir aðra en mann, sem er þaulvanur að fást við þetta rétta- og gangnastúss. Annars veit ég ekki, hverjir sömdu það frv. En lesið bara kaflann um ítölu, sjáið þá grautargerð. Það er fáránlegt að taka það, sem til bóta er, úr frv. og fella inn í þá grautargerð. Það er nefnilega ómögulegt að koma með brtt. við þau lög. Það þarf að semja þau alveg um. Gróðurverndarfulltrúinn á að geta haft frumkvæði, en bændurnir alveg jafnt, og það er allt í höndum bændanna. Ef þeir telja þess ekki þörf, er ekkert framkvæmt. En gróðurverndarfulltrúinn á að vera ráðunautur. Það er það, sem aðallega er jákvætt við frv. hjá mér, að það er auðvelt að koma ítölu í framkvæmd. Það geta báðir aðilarnir haft frumkvæðið, en þó verður ekkert framkvæmt, nema meiri hluti bændanna vilji það. Lesið bara lögin, sem fyrir eru, og frv. og sjáið muninn. Það er alveg rangt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að heimaaðilar sjálfir eigi ekki eða geti ekki haft frumkvæðið. Þeir geta það alveg jafnt og gróðurverndarfulltrúinn. Það er bara sagt, að gróðurverndarfulltrúinn eigi að vera til leiðbeiningar og geti bent bændunum á, að það sé þörf á ítölu.

Viðvíkjandi því, að það sé einhver sérstakur ráðunautur, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. minntist á, þá tel ég það óþarft, það er ekki fullt starf fyrir mann. Ég held, að Ingvi Þorsteinsson sé búinn að kynna sér þetta nokkurn veginn, og ég er ekki að segja, að hann eigi að vera gróðurverndarfulltrúi. Ég hafði hann í huga í fyrra, þegar ég var að tala um að það ætti að vera sérfræðingur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. En ég breytti því, af því að mér fannst eins og þar væri einhver fyrirstaða, einhver smárígur, svo að ég breytti því og legg til, að maðurinn sé skipaður eftir till. Búnaðarfélagsins á þriggja ára fresti. Það getur ýmislegt komið til greina, þannig að það sé hentugt að skipta um mann. Ég held, að það sé fullt eins hagkvæmt.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. var að tala um, að ítala hefði verið framkvæmd í Rangárþingi. Það er í grg. Páls sáluga, fyrrv. sandgræðslustjóra, hann tekur þar fram, að þetta sé rétt hjá mér, ítala hafi hvergi verið framkvæmd, og það hefur engin ítala verið framkvæmd í Rangárvallasýslu. En þeir komu sér saman um það í einum eða tveimur hreppum að reka ekki nema ákveðna tölu á afrétt, án þess að ítala væri formlega framkvæmd, þannig að það var bara samkomulag, en ekki að ítölulögin væru framkvæmd, enda eru þau gagnslaus eins og þau eru. Það eru engin viðurlög, og ýmis fleiri atriði, sem ég talaði um áðan, sem valda því, að þau eru annaðhvort óframkvæmanleg eða gagnslaus. Þó að ítala væri samþykkt þá, eru engin viðrulög og ekkert eftirlit.

Við búum víst nóg af nefndum og kostnaði. Þó að Ingvi Þorsteinsson hafi verið að ferðast um heiðarnar og kynna sér þetta, hefur hann haft ýmis önnur störf og er duglegur maður.

Hvort maðurinn er starfsmaður hjá Búnaðarfélagi Íslands eða rannsóknastofnuninni, það skiptir út af fyrir sig ekki máli, bara að það sé hæfur maður. En að öðru leyti virtist mér hv. 5. þm Norðurl. v. vera mér sammála í flestum atriðum, svo að ég þarf ekki að deila við hann um það, nema þessi smávegis afbrýðisemi út af því, að ég sé að ganga fram hjá gróðurverndarnefnd. Auðvitað hafa þeir sínar till. og geta starfað áfram alveg jafnt, þó að þetta frv. komi fram. En ég vil taka vara fyrir því að vera ekki að hnoða brtt. við þessa itöluklausu, sem fyrir er, því að hún er svo dæmalaus, að það er ómögulegt að notast við hana, bæði margorð og hálfgert bull.

Ég held, að það hafi ekki verið neitt sérstakt fleira, sem ég þurfti að tala um. Við vorum sammála um öll aðalatriði. Hitt er svo annað, ef Pálmi Jónsson eða einhver góður maður getur gert þetta frv., sem ég flyt núna, betra en það er, þá skal ég fallast á það og taka því með þökkum. En ég held, að það verði afar erfitt að gera það og líklegt, að það verði frekar til ills, ef einhver færi að breyta einhverju í því. En hvað um það, ef það kemur í ljós, að það er til bóta, þá er það ágætt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosning sjö manna og jafnmargra til vara í stjórn Viðlagasjóðs, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, allra til eins árs frá gildistöku nefndra laga.

Við kosningu aðalmanna og varamanna kom fram einn listi, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:

Helgi Bergs bankastjóri,
Guðlaugur Gíslason alþm.,
Garðar Sigurðsson alþm.,
Vilhjálmur Jónsson forstjóri,
Gísli Gíslason bæjarfulltrúi,
Tómas Þorvaldsson útgerðarmaður,
Bergur Sigurbjörnsson framkvstj.

Varamenn:

Sigurður Markússon framkvstj.,
Jóhann Friðfinnsson kaupmaður,
Guðmunda Gunnarsdóttir frú,
Ólafur Jensson verkfræðingur,
Björn Guðmundsson útgerðarmaður,
Helgi G. Þórðarson verkfræðingur,
Halldór S. Magnússon viðskiptafræðingur.

Forseti (EystJ): Ég vil taka það fram, að eins og allir sjá, þá eru þessir listar bornir fram af öllum flokkum þingsins, og flokkarnir hafa fulltrúa á listunum í hlutfalli við styrkleika sinn. Samkv. venju, sem áður mun hafa þekkzt í sambandi við slíkar kosningar, vil ég láta það í ljós og vænti, að enginn mæli á móti því, að varamenn skuli kallaðir inn til þess að sitja fyrir aðalmennina í sömu hlutföllum og flokkafulltrúar eru kjörnir á aðallistanum. Ef enginn mælir á móti því, verður sá háttur á hafður, og fyrir því munu æðimörg fordæmi.

Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og breyt. á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu, þáltill. (þskj. 295) — Fyrri umr.

Forseti (EystJ): Ég vil benda á, að það sýnist fara vel á því, að 3. mál á dagskránni sé einnig rætt í leiðinni, og verður síður en svo við því amazt af hálfu forseta, að sá háttur verði á hafður.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að Alþ. heimili ríkisstj. að fullgilda samninga þá um viðskipti milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands og Kola- og stálbandalags Evrópu, sem undirritaðir voru 22. júlí á s. l. ári. Með þessari þáltill. hefur verið útbýtt hér á Alþ. samningum þessum og itarlegri grg. um gang samningaviðræðnanna og skýringum á öllum helztu ákvæðum þessara samninga. Nauðsynlegt er, að samþykki Alþ. komi til varðandi fullgildingu þessara samninga, þar sem í þeim eru skuldbindandi ákvæði um lækkun og afnám tolla á ýmsum innflutt-um vörum frá löndum Efnahagsbandalagsins.

Meginatriðin í samningunum við Efnahagsbandalagið eru þessi:

1. Innfluttar iðnaðarvörur frá löndum Efnahagsbandalagsins skulu njóta sömu tollfríðinda hér á landi og áður hafði verið samið fyrir vörur frá EFTA-löndum.

2. Sams konar tollfríðindi fær Ísland í löndum Efnahagsbandalagsins fyrir hliðstæðar íslenzkar iðnaðarvörur, sem fluttar eru út til landa bandalagsins.

3. Ísland fær auk þess viss tollfríðindi fyrir tilteknar íslenzkar sjávarafurðir, sem fluttar eru út til bandalagslandanna, en þó eru þau skilyrði varðandi þessi réttindi, að bandalagið getur frestað framkvæmd á þeim, telji það, að ekki hafi fengizt viðunandi lausn á þeim efnahagslegu erfiðleikum, sem hljótast af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Eins og kunnugt er, voru innflutningstollar hér á landi lækkaðir um 30% samkv. EFTA-samningunum á þeim iðnaðarvörum, sem sá samningur náði til. Þeir tollar lækka síðan samkv. áætlun og falla niður í ársbyrjun 1980. Sami háttur verður nú hafður á um hliðstæðar vörur frá Efnahagsbandalagslöndunum, þ. e. a. s. fyrst er um að ræða 30% tollalækkun og síðan fylgja vörur frá þessum löndum sömu tollalækkunaráætluninni og samið hafði verið um við EFTA-löndin. Lækkun innflutningstolla á íslenzkum iðnaðarvörum í Efnahagsbandalagslöndunum fer hins vegar fram í 5 áföngum á rúmum 4 árum. Í grg. þeirri, sem fylgir með þáltill., er skýrt

allítarlega frá gangi samningaviðræðnanna. Þær hófust 24. nóv. 1970, þegar þáv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, gerði ráðherraráði bandalagsins grein fyrir grundvallarsjónarmiðum íslenzku ríkisstj. til væntanlegra samninga Íslands við bandalagið. Samningaviðræðunum lauk svo 22. júlí á s. l. ári í Brüssel með undirskrift samninganna af beggja hálfu.

Eins og greinilega kemur fram í grg. þeirri, sem fylgir með þáltill., voru það einkum tvö atriði, sem erfiðleikum ollu í samningagerðinni. Hið fyrra var að fá bandalagið til að viðurkenna, að nauðsynlegt væri af Íslands hálfu að fá tollfríðindi fyrir sjávarafurðir, ef nokkurt teljandi gagn ætti að verða af samningunum fyrir Ísland. Í þeim efnum bentu samningamenn okkar ítrekað á það, að óhugsandi væri að ná nokkru jafnræði í samningagerðinni, ef tollréttindin ættu einvörðungu að ná til iðnaðarvara á báðar hliðar. Útflutningur iðnaðarvara frá Íslandi til bandalagsins er lítill, en hins vegar er útflutningur bandalagslandanna mikill á iðnaðarvörum hingað til Íslands. Þessa staðreynd viðurkenndu samningamenn bandalagsins tiltölulegt fljótlega í viðræðunum, en það tók þó langan tíma að fá ráðamenn bandalagsins til að viðurkenna þessa staðreynd á raunhæfan hátt við samningagerð. Að því kom þó að lokum, að mikilvægur árangur náðist á þessu sviði.

Annað meginvandamálið, sem við var að glíma í samingagerðinni, var krafa bandalagsins um að binda saman fiskveiðiréttindi bandalagslandanna hér á Íslandsmiðum og almenn viðskiptaréttindi á milli samningsaðila. Lengst af var það bein krafa bandalagsins, að ekki yrðu skert fiskveiðiréttindi bandalagslandanna við Ísland frá því, sem þau voru fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. sept. 1972, ef tollfríðindi ætti að veita fyrir íslenzkar sjávarafurðir í löndum bandalagsins. Þessum kröfum bandalagsins tókst þó að fá breytt í verulegum atriðum, þó að því miður tækist ekki að hnekkja þeim kröfum að fullu. Eins og gengið var frá samningunum að lokum, getur bandalagið ákveðið, að Ísland njóti ekki þeirra tollfríðinda fyrir útfluttar sjávarafurðir, sem ráðgerð eru í samningunum, telji bandalagið, að lönd þess hafi ekki fengið viðunandi lausn á efnahagserfiðleikum sínum vegna ráðstafana Íslands í fiskveiðiréttarmálum. Þessi fyrirvari bandalagsins er auðvitað mjög andstæður hagsmunum okkar, þar sem meginhluti okkar útflutnings til bandalagsins er sjávarafurðir. Við undirskrift samningsins í Brüssel 22. júlí s. l. var það skýrt tekið fram af Íslands hálfu, að ef þessi fyrirvari yrði látinn koma til framkvæmda, væri framtíð samningsins í hættu.

Ég skal nú með nokkrum orðum gera grein fyrir gildi samninganna fyrir Ísland. Þau ákvæði samninganna, sem eru föst og alveg fullákveðin, eru um lækkun tolla og afnám tolla í bandalagslöndunum á iðnaðarvörum frá Íslandi. Þessi tollalækkun nær til eftirfarandi iðnaðarvara: Þar er um að ræða kísilgúr, en á honum er nú mjög lítill tollur eða aðeins 0.5%, en hann á að falla niður samkv. samningnum. Þá er kasein, en tollur á því er 10%, loðskinn sútuð, tollur á þeim er 4.5%, og loðskinnavörur, tollar á þeim eru 7—9.5%, pappaöskjur, tollur á þeim er 15%, fiskilínur, en á þeim er 13% tollur, fiskinet, á þeim er 13.5% tollur, ullarpeysur, á þeim er tollur, sem nemur 10.5—18%, ullarteppi, á þeim er 14% tollur, ál en á því er 7% tollur, og vélar til matvælaiðnaðar, en á þeim er 5% tollur. Tollur af þessum iðnaðarvarningi á að falla niður samkv. samningunum á þeim ákvörðunardögum, sem þar eru settir.

Sé litið á útflutning okkar á þessum iðnaðarvörum til Efnahagsbandalagslandanna á árunum 1970 og 1971, en sérstakar töflur eru birtar yfir þennan útflutning í grg., sem fylgir till., þá kemur í ljós, að útflutningur þessara vara frá Íslandi á þessum árum var ekki mikill. Árið 1970 nam útflutningur þessara vara til bandalagslandanna 107.1 millj. kr., en árið 1971 100.3 millj. kr., en þá er ekki andvirði kísilgúrs eða áls þar talið með. Á þessum árum var flutt út héðan ál til bandalagslandanna: árið 1970 fyrir 1349.8 millj. kr. og árið 1971 fyrir 851.5 millj. kr., og kísilgúr var fluttur út árið 1970 fyrir 104.1 millj. og árið 1971 fyrir 115.7 millj. kr. En eins og ég sagði áður, er tollur á kísilgúr mjög lítill, svo að þar er ekki um stóran ávinning að ræða. Hins vegar er tollurinn á áli 7%, og munar auðvitað tiltölulega mest um það í þessum samningum, þar sem sá útflutningur er langsamlega mestur inn á bandalagssvæðið.

Það verður því að segja eins og það er, að hagnaður okkar samkv. þessum samningum af útfluttum iðnaðarvörum, almennum iðnaðarvörum, til bandalagslandanna, er ekki ýkjamikill, eins og þessi útflutningur hefur verið. En hér er þó um þýðingarmikil réttindi að ræða, — réttindi, sem vissulega geta þýtt miklu meira fyrir okkur á komandi árum, því að afnám tollanna getur að sjálfsögðu lyft undir aukinn útflutning þessara vara, og svo geta einnig komið til nýjar útflutningsvörur, og vitum við um, að í mörgum tilfellum hefur einmitt ýmislegt bent til þess, að um útflutning á slíkum vörum gæti orðið að ræða, ef innflutningstollurinn í bandalagslöndunum yrði afnuminn.

Eins og nú standa sakir, fer meginhlutinn af okkar útfluttu iðnaðarvörum á Bandaríkjamarkað og Rússlandsmarkað, og það eru þýðingarmestu markaðir fyrir okkar iðnaðarvörur, eins og sakir standa.

En það er rétt að undirstrika það, að þótt við höfum ekki beinan hagnað af niðurfellingu þessara tolla, svo að verulegum fjárhæðum nemi, eins og sakir standa, þá er hér um mikilvæg réttindi að ræða, sem skapa okkur nýja möguleika, sem e. t. v. gætu orðið okkur á komandi árum þýðingarmikil réttindi og gætu lyft hér undir vissa iðnaðarframleiðslu til útflutnings.

Útflutningur okkar á sjávarafurðum til bandalagslandanna hefur hins vegar verið miklum mun meiri, og í sjálfu sér eru þau réttindi, sem samið var um í þessum samningum varðandi útflutning á sjávarafurðum, miklu þýðingarmeiri fyrir okkar utanríkisverzlun, eins og nú standa sakir. Þær sjávarafurðir, sem mundu njóta tollfríðinda samkv. samningnum, eru aðallega þessar: Hvalkjöt, en á því er nú 10% inn-

flutningstollur í löndum bandalagsins, fryst fiskflök, en tollur á þeim er 15%, lifur, hrogn og svil, ný, fryst eða kæld, en á þessum vörum er 10% innflutningstollur, en lifur, hrogn og svil, söltuð, þurrkuð eða reykt, á þeim er 11% innflutningstollur. Á öllum þessum vörum mundi tollurinn falla niður að fullu, þegar samningarnir eru að fullu komnir til framkvæmda. Þá er um að ræða rækjur, nýjar, frystar, saltaðar eða í saltlegi eða soðnar í vatni með skel, tollur á þeim er nú 12%. Þá er lýsi, en tollur á því er allt frá því að vera enginn upp í 6%, hann mundi falla niður að öllu, hert feiti og olíur úr fiski og sjávarspendýrum, sá tollur er nú 17—20%, kaviar og kaviareftirlíkingar, tollur á slíkum vörum er 30%, krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin, á þeim er tollurinn nú 16—20%, og fiskimjöl, þar er tollurinn 2%. Tollur á þessum vörum, sem allar eru þýðingarmiklar útflutningsvörur okkar og við flytjum í talsverðum mæli til bandalagslandanna, mundi samkv. samningnum falla niður að öllu, þegar samningurinn er að fullu kominn til framkvæmda. Þá er einnig gert ráð fyrir verulegri lækkun á tollum í bandalaginu á ýmsum öðrum fisktegundum, eins og ísfiski, og einnig um verulega lækkun á tollum að ræða á niðurlögðum og niðursoðnum sjávarafurðum.

Útflutningur okkar til bandalagslandanna á þessum sjávarafurðum var árið 1970 1875.4 millj. kr. og árið 1971 1486.9 millj. kr. Hér er því um mjög þýðingarmikil réttindi að ræða fyrir okkur, eins og sakir standa, og gæti þó auðveldlega veitt okkur enn þá meiri réttindi í framtíðinni, ef útflutningur okkar þróaðist á þá lund, sem vel gæti verið, eftir að tollbreytingin hefði átt sér stað.

Sá galli er á, eins og ég vék að áður, varðandi þessi réttindi, sem gert er ráð fyrir okkur til handa í þessum samningum, að við eigum ekki neina fullvissu á, að við verðum þeirra aðnjótandi, vegna þess að af hálfu bandalagsins er tekið fram í samningnum sjálfum, að það geti frestað framkvæmd á þessum réttindakafla samningsins, ef það telur, að lönd bandalagsins hafi ekki fengið viðhlítandi lausn varðandi fiskveiðiréttindi sín og ráðstafanir Íslands í sambandi við útfærslu á okkar fiskveiðilandhelgi. Það er því vissulega mikilvægt atriði fyrir okkur Íslendinga að reyna eins og tök eru á að halda þannig á málinu, að þessi ákvæði í samningunum komi til framkvæmda, að fyrirvaranum verði ekki beitt, við ekki svipt þeim rétti, sem þarna er um að ræða, því að fari svo, þá er ekki um það að villast, eins og málin standa nú, að þá mundi mjög halla á okkur í þessari samningagerð, þar sem lönd bandalagsins fengju þá tollalækkanir hér á landi fyrir fjölmargar innfluttar iðnaðarvörur hingað, á sama tíma sem við fengjum að vísu lækkun á innflutningstollum í bandalagslöndunum fyrir okkar iðnaðarvörur, en þær eru bara tiltölulega fáar og eru seldar þangað fyrir tiltölulega litlar fjárhæðir, eins og sakir standa.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram, að til þess hefur aldrei getað komið og mun aldrei geta komið, að við Íslendingar léðum máls á því að slá af í landhelgismálinu frá mótaðri stefnu okkar til þess að láta undan bandalagslöndunum og til þess á þann hátt að ná okkur í þessi viðskiptalegu réttindi, sem samningurinn annars gerir ráð fyrir. Það höfum við í allri samningagerðinni gert viðsemjendum okkar fyllilega ljóst, að til slíks gæti aldrei komið.

Áfram verður að sjálfsögðu af okkar hálfu unnið að því að reyna að tryggja það, eins og hugsanlegt er, að þau réttindi, sem samningurinn gerir ráð fyrir okkur til handa fyrir okkar útfluttu sjávarafurðir, verði framkvæmd, en að bandalagslöndin falli í reynd frá sínum fyrirvara.

Það hefur nokkuð borið á því að undanförnu, að einstakir aðilar hér á landi væru órólegir yfir því, að við Íslendingar skyldum ekki þegar hafa staðfest þennan samning, eins og hann liggur fyrir. Ástæðurnar til þess frests eru þær, að það er enn þá unnið að því að reyna að koma í veg fyrir, að þessum fyrirvara verði beitt gegn okkur, því að eins og ég hef sagt, væri samningurinn í rauninni ósanngjarn gagnvart okkur og ekki á neinum jafnréttisgrundvelli, ef fella ætti út í framkvæmd þennan hluta samningsins og eftir ættu að standa aðeins ákvæðin um almennan iðnaðarvarning.

Ef við fullgildum þennan samning fyrir næstu mánaðamót, geta ákvæði hans tekið gildi 1. apríl n. k., en við höfum fullan rétt til þess, ef okkur þykir ástæða til, að draga þessa fullgildingu fram eftir árinu, fram í nóvembermánuð. Það er mín skoðun, að í þeim efnum verðum við að fara fyrst og fremst eftir okkar heildarhagsmunum í þessu máli og flana ekki að neinu, því að hér er vissulega um mikið að tefla fyrir okkar útflutningshagsmuni, og það er í rauninni ekkert, sem rekur okkur til þess á viðkvæmu stigi landhelgismálsins að staðfesta þennan samning vegna iðnaðarvaranna einna saman. En það er nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi fulla heimild frá Alþingi til þess að fullgilda samninginn, og að sjálfsögðu verður hann fullgiltur svo fljótt sem við teljum, að sé okkur Íslendingum hagstætt að gera það.

Það hefur stundum verið á það bent, að með bátttöku Breta og Dana í EBE, en þeir voru áður með okkur í EFTA, breyttist viðskiptaaðstaða okkar gagnvart þessum löndum, ef við staðfestum ekki þann samning, sem hér er um að ræða. Við höldum fullum friverzlunarréttindum hjá þessum löndum til 1. apríl n. k. og mundum eflaust geta fengið slík réttindi framlengd hjá þeim, — eða allar líkur benda til þess, að við gætum það, eins og Finnar og Norðmenn hafa þegar tryggt sér í sérsamningum við Dani og Breta, en þeir hafa tryggt sér að fullu friverzlunarréttindi út allt þetta ár, þó að þeir verði ekki búnir að semja við EBE. Á það hefur ekki reynt hjá okkur enn þá að leita eftir friverzlunarsamningum út árið við Dani og Breta. Það stafar af þeirri óvissu, sem verið hefur um það, hvort rétt væri eins og sakir standa að fullgilda þennan samning strax eða hvort rétt væri að doka enn við, á meðan leitazt er við að tryggja, að fyrirvara bandalagsins varðandi sjávarafurðir okkar verði ekki beitt.

Í þessari þáltill. er einnig gert ráð fyrir því að heimila ríkisstj. að samþykkja þær breytingar á EFTA-samningnum, sem beinlínis leiðir af brottför Bretlands og Danmerkur úr samtökunum. Þar er aðeins um formsatriði að ræða, í rauninni engin sérstök efnisatriði. En það þykir rétt að leita eftir formlegu samþykki Alþingis til þess að mega breyta þeim samningi til samræmis við þessar breyttu aðstæður.

Sá samningur, sem hér liggur einnig fyrir við Kola- og stálbandalag Evrópu, er nánast formsatriði, og sé ég ekki ástæðu til að fara neitt frekar út í hann. Hann liggur hér fyrir. En það varð ekki komizt hjá því að gera einnig þann samning um leið og samið var við EBE um þessi mál.

Ég hef nú gert grein fyrir þessari till. í aðalatriðum, en vísa alveg sérstaklega til ítarlegrar grg., sem hér fylgir með og hefur verið lögð á borð þm. um málið. Hér er vissulega um þýðingarmikið mál fyrir okkur Íslendinga að ræða. Við þurfum að tryggja okkur sem frjálsasta viðskiptaaðstöðu við lönd hins nýja og stækkaða EBE. Við eigum mikil viðskipti við þessi lönd og hljótum eðli málsins samkvæmt að eiga áfram mikil viðskipti við þau. En viðskiptasamningur af þeirri tegund, sem hér er um að ræða, verður að byggjast á gagnkvæmum réttindum samningsaðila. Það er augljóst, eins og fram hefur verið tekið, bæði af fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. og öllum þeim, sem með þetta mál hafa haft að gera, frá því er samningaviðræður fyrst hófust, að það er ekki um það að ræða, að hægt sé að ná jafnræðisaðstöðu á milli samningsaðila, ef semja á einvörðungu um tollréttindi fyrir almennar iðnaðarvörur. Eins og framleiðslu okkar Íslendinga er háttað og útflutningi, er slíku ekki hægt að koma við. Krafa okkar um það, að við fáum að njóta nokkurra tollfríðinda fyrir ýmsar okkar sjávarafurðir, var því alveg augljós strax frá upphafi. Það var fagnaðarefni, þegar fallizt var á það af okkar viðsemjendum, þetta sjónarmið. Hins vegar skyggði heldur á þessa samningagerð, þegar það kom upp, að forustumenn bandalagsins vildu hafa rétt til að láta þessi réttindi ekki taka gildi, nema þeir teldu, að þannig hefði tekizt til um fiskveiðiréttarmál þeirra landa hér við Íslandsstrendur, að þeir væru sæmilega ánægðir. Það er rétt að hafa það í huga, að eftir að við höfum fullgilt samninginn og hann tekið gildi, hefur bandalagið einhliða rétt til að beita þessum fyrirvara og svipta okkur þessum réttindum, sem samningurinn annars gerði ráð fyrir, og við eigum þar ekki margra kosta völ. Því skiptir höfuðmáli, að við gerum það, sem í okkar valdi stendur, til þess að koma fyrir fram í veg fyrir, að þessum fyrirvara verði beitt.

Ég skal svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð að þessu sinni. Mér sýnist rétt, að málinu verði vísað til hv. utanrmn. til íhugunar, en vil vænta þess, að afgreiðsla málsins þaðan geti orðið fljótlega, svo að það liggi opið fyrir, að hægt verði að fullgilda þessa samninga fyrir næstu mánaðamót, sé það að athuguðu máli talið hentugt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hinn 22. júlí 1972 gerði ríkisstj. Íslands samning við EBE um viðskipti milli landanna. Samningurinn tekur hins vegar ekki gildi, fyrr en hann hefur verið fullgiltur á Alþingi. Við því mun almennt hafa verið búizt, að ríkisstj. legði fram till. um fullgildingu þessa samnings, þegar Alþ. kom saman á s. l. hausti. Þegar hún gerði það ekki og í ljós virtist komið, að hún hygðist ekki gera það að sinni, bar ég hinn 21. nóv. s. l. fram fsp. til hæstv. utanrrh. um, hvenær ríkisstj. hygðist leita heimildar Alþ. til að fullgilda samninginn. Ég var einn þeirra, sem áttu erfitt með að trúa því, að ríkisstj. gerði mjög mikilvægan viðskiptasamning við EBE, en hygðist síðan ekki láta hann taka gildi. Hæstv. utanrrh. svaraði því til, að ríkisstj. hefði enga ákvörðun tekið um málið.

Það hafði hins vegar spurzt, að ágreiningur væri innan ríkisstj. um það, hvort samninginn ætti að fullgilda, vegna fyrirvara, sem gerður hefði verið af hálfu beggja samningsaðila í sambandi við landbelgisdeiluna. Fyrirvari eða bókun EBE var á þá lund, að það áskildi sér rétt til að láta tollfríðindi fyrir sjávarafurðir ekki taka gildi, nema náðst hefðu samningar um fiskveiðiréttindi, sem talin væri viðunandi lausn fyrir aðildarríki EBE. Á sama hátt áskildi Ísland sér rétt til að taka ákvörðun um afhendingu fullgildingarskjala sinna með hliðsjón af því, hvort þessum fyrirvara EBE yrði beitt. Um það hefur hins vegar ekki verið nokkur ágreiningur og getur ekki verið, að samningurinn getur tekið gildi þrátt fyrir þessi ákvæði. Hann mundi fá gildi um tollfríðindi fyrir iðnaðarvörur og einnig tryggja áframhaldandi fríverzlun fyrir íslenzkar iðnaðarvörur í Bretlandi og Danmörku.

Ég benti á það í umr. í nóv. s. l., að ef einhver væri þeirrar skoðunar, að samningurinn gæti ekki tekið gildi vegna fyrirvaranna varðandi landhelgisdeiluna, væri það á algerum misskilningi byggt. Þeir fyrirvarar tækju einvörðungu til viðskipta með sjávarafurðir. Samningurinn mundi taka gildi varðandi viðskipti með iðnaðarvörur, er hann væri fullgildur.

Ég vona, að fsp. mín í haust og tillöguflutningur minn nú, er Alþ. kom saman aftur að loknu jólaleyfi, um, að Alþ. feli hæstv. ríkisstj. að fullgilda samninginn, eigi þátt í því, að ríkissstj. hefur nú tekið málið til meðferðar og flutt um það till. Á því verður þó að vekja athygli, að sá munur er á till. hæstv. ríkisstj. og till. minni, að í till. minni er gert ráð fyrir því, að Alþ. feli ríkisstj. að fullgilda samninginn, en í till. hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir heimild til að fullgilda samninginn.

Ég vona, að hér sé ekki um raunverulegan efnismun að ræða. Engu að síður veldur orðalag hæstv. ríkisstj. því, að beina verður þeirri ákveðnu fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort hún muni ekki nota heimild Alþ. til að fullgilda samninginn fyrir 1. marz, ef Alþingi samþykkir till. hæstv. ríkisstj. Ég vek athygli á því, að til þess að ákvæði samningsins um tollalækkanir á iðnaðarvörum geti komið til framkvæmda 1. apríl n. k., verður samningurinn að hafa verið fullgiltur fyrir 1. marz.

Ummæli hæstv. viðskrh. um mál þetta í framsögurræðu hans hér áðan benda hins vegar eindregið til þess, að ríkisstj. hafi ekki enn tekið fullnaðarákvörðun í málinu. Það kom greinilega

fram að mínum dómi í ræðu hæstv. viðskrh., að hann er því andvígur, að samningurinn verði fullgiltur fyrir 1. marz n. k. Orð hans voru að vísu því miður að mínum dómi ekki nægilega skýr. Ef hér er um rangtúlkun á ummælum hans að ræða, er sjálfsagt, að það verði leiðrétt. Engu að síður ber brýna nauðsyn til þess, að þeirri ákveðnu og skýru spurningu sé beint til hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., sem þá svaraði fyrir ríkisstj. í heild, hvort endanleg ákvörðun hafi verið tekin um það í hæstv. ríkisstj., að samningurinn verði fullgiltur fyrir 1. marz, ef Alþ. samþykkir till. hæstv. ríkisstj. um þetta efni. Það er nauðsynlegt, að úr því fáist skorið, hvort ummæli hæstv. viðskrh. hér áðan eru mælt fyrir hönd ríkisstj. sem heildar, hvort þau eru mælt fyrir hönd allra þm., sem ríkisstj. styðja, eða hvort hér er um að ræða einkaskoðun hæstv. ráðh. og hans flokks og þá e. t. v. einhverra annarra einstakra þm. í stjórnarflokkunum. Ég óska þess mjög eindregið, að annað hvort hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. taki skýrt til orða um það, hver er fyrirætlun ríkisstj. um þetta efni, ef till. hennar um heimild til að fullgilda samninginn yrði samþykkt.

Hæstv. ríkisstj. hefur því miður verið mjög svifasein í þessu máli. Ástæðan getur varla verið önnur en sú, að innan hennar hafi verið skiptar skoðanir um málið eða ríkisstj. í heild, hafi til skamms tíma verið andvíg því, að samningurinn gengi í gildi, að því er snertir iðnaðarvörur, þó að hún hafi undirritað hann á s. l. sumri.

Segja má, að engum þyrfti að koma á óvart, að ágreiningur hafi verið innan hæstv. ríkisstj. um þetta mál, þegar afstaða núv. stjórnarflokka til inngöngu Íslands í Friverzlunarsamtök Evrópu, EFTA, er höfð í huga. Nú mun varla nokkrum Íslendingi blandast hugur um, að með inngöngu Íslands í EFTA var stigið hagkvæmt, rétt og mikilvægt spor í utanríkisviðskiptamálum og þar með efnahagsmálum Íslendinga. Aðildin að EFTA hefur þegar tryggt Íslendingum miklar hagsbætur, og á þó sú grundvallarstefna í utanríkisviðskiptamálum, sem þá var mörkuð, eftir að færa Íslendingum margfalt meiri hagsbætur á ókomnum árum. Á það má og minna, að hinn mikilvægi samningur við Efnahagsbandalagið, sem gerður hefur verið og er Íslendingum mjög hagkvæmur, hefði verið óhugsandi, ef Ísland hefði ekki gerzt aðili að EFTA á sínum tíma. En brátt fyrir augljóst hagræði af aðild Íslands að EFTA reyndist samt aðeins einn af núv. stjórnarflokkum fylgjandi aðildinni, þ. e. a. s. SF. Alþb. var aðildinni algerlega andvígt, taldi hana ekki aðeins hafa litla þýðingu fyrir utanríkisviðskipti Íslendinga, heldur um ranga grundvallarstefnu í utanríkisviðskiptamálum að ræða, sem að sumu leyti jafngilti skerðingu á íslenzku sjálfstæði. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn báv. og næststærsti flokkur landsins reyndist ekki hafa skoðun á málinu og sat hjá við atkvgr. um aðildina, þótt hér væri tvímælalaust um eitt mikilvægasta mál að ræða, sem Alþ. hefur fjallað um á síðari árum.

Ef eitthvað hefði verið til í því, sem Alþb. sagði um EFTA-aðildina á sínum tíma og tekið var undir af hálfu þess hluta Framsfl., sem fékk því ráðið, að hann sat hjá við atkvgr., hefði mátt búast við því, að þessi öfl beittu sér fyrir úrsögn úr Friverzlunarsamtökunum, þegar þau voru komin til valda. Sem betur fer voru engir tilburðir hafðir uppi í þá átt. Þvert á móti var haldið áfram á þeirri braut, sem áður hafði verið mörkuð, að gerður var samningur við hið stækkaða Efnahagsbandalag, og er hann í helztu grundvallaratriðum alveg eins og EFTA-samningurinn, sem gerður hafði verið áður og var fyrirmynd að hinum nýja samningi. En líklega hefur hinna afturhaldssömu, annarlegu sjónarmiða, sem réðu afstöðunni til EFTA-aðildarinnar á sínum tíma, haldið áfram að gæta eitthvað innan stuðningsflokka núv. ríkisstj. og þar hafi verið skýringin á því, hversu mikið hún hefur hikað í málinu og hversu sein hún hefur orðið til aðgerða. Allt þetta er þó aukaatriði, ef það reynist rétt, sem ég sannarlega vona, að ríkisstj. hafi ákveðið að fullgilda umræddan samning við Efnahagsbandalagið fyrir 1. marz n. k.

Því til rökstuðnings, að sjálfsagt sé að fullgilda samninginn, þannig að hann komi til framkvæmda að því er snertir iðnaðarvöru 1. apríl n. k., skal ég geta nokkurra meginatriða.

Enn er útflutningur iðnaðarvöru aðeins lítill hluti heildarútflutningsins. Þó getur varla verið um það ágreiningur, að áframhaldandi uppbygging útflutningsiðnaðar hefur grundvallarþýðingu fyrir þróun iðnaðar á Íslandi og þá um leið fyrir þjóðarbúskapinn í heild. En tómt mál er að tala um eflingu íslenzks útflutningsiðnaðar, nema tollfrjáls markaður skapist til útflutnings í löndum hins nýja Efnahagsbandalags, sem er stærsti markaður Evrópu. Það er beinlínis skilyrði fyrir aukningu íslenzks útflutningsiðnaðar, að hann hafi möguleika á því að selja vöru sína á tollfrjálsum markaði Efnahagsbandalagsins. Slík skilyrði mundu skapast, ef samningurinn væri fullgiltur nú. Þótt ákvæði samningsins um tollalækkanir á sjávarafurðum geti ekki komið til framkvæmda, fyrr en lausn hefur fengizt á landhelgismálinu, er engu að síður mjög mikilvægt fyrir Ísland að hafa ákvæði í samningi um þessi efni. Samningurinn tekur til um 70% heildarútflutningsverðmæta okkar til hins stækkaða Efnahagsbandalags. Eftir aðlögunartímabil 1. júní 1977 hafa íslenzkir útflytjendur skilyrði til þess að flytja tollfrjálst og án hindrana meginið af framleiðslu landsins til hins stækkaða Efnahagsbandalags og EFTA-landanna. Það ber að hafa í huga, að þessi samningur tekur til enn stærra hlutfalls af útflutningi okkar en EFTA-samningurinn og þessi friðindi ná út til stærri markaðar en EFTA-svæðisins. Um 20% af útflutningi Íslands til hins stækkaða bandalags yrðu algerlega tollfrjáls. Til viðbótar þessu kæmu síðar nýir útflutningsmöguleikar, þar sem um tollfrjálsan útflutning væri að ræða.

Gert er ráð fyrir því, að Efnahagsbandalagið afnemi tolla frá Íslandi í fimm áföngum frá 1. apríl 1973 til 1. júlí 1977, nema að því er varðar ál, þar verður tollur ekki felldur niður fyrr en 1. jan. 1980. Gert er ráð fyrir, að tollalækkun á ísfiski nemi um 75%, þ. e. a. s. á þorski, ýsu og ufsa úr 15% í 3.7% og karfa úr 8% í 2%. Enn fremur eru ákvæði um lækkun tolla á heilfrystum fiski um 75%. Tollur á kaviar, niðursoðnum hrognum, rækjum og humri verður afnuminn að

fullu, en lækkaður á niðursoðinni og niðurlagðri síld úr 20% í 10%.

Á móti þessum tollalækkunum eiga Íslendingar að fella niður verndartolla á innflutningi frá bandalagslöndunum á sömu vörum og samkv. sams konar tímaáætlun og er í gildi gagnvart EFTA-löndunum. Ástæða er ekki til þess að ætla, að íslenzkum iðnaði stafi meiri hætta af samkeppni frá Efnahagsbandalagslöndunum en frá EFTA-löndunum. En reynslan hefur þegar sýnt, að sá ótti, sem ýmsir báru í brjósti varðandi samkeppnishæfni íslenzks iðnaðar við iðnaðarvörur frá EFTA-löndunum, var ástæðulaus. Fyrsta tollalækkunin, 30%, yrði 1. apríl 1973, hliðstæð þeirri, sem gerð var gagnvart innflutningi frá EFTA-löndunum 1. marz 1970. Síðan eiga þessir tollar að lækka um 10% árlega frá 1. jan. 1974 og verða þannig að fullu felldir niður 1. jan. 1980. Fjáröflunartollum þarf ekki að breyta, en þeir eru innheimtir af um það bil 70—75% af heildarinnflutningnum.

Þá er þess og að geta, að þessi samningur tekur ekki til landbúnaðarafurða. Þess vegna er ekki um að ræða neinar skuldbindingar um að leyfa innflutning á landbúnaðarafurðum, sem við framleiðum sjálfir. Ekki tókst að fá viðskiptafríðindi fyrir íslenzkt kindakjöt í hinu stækkaða Efnahagsbandalagi, eins og tókst að því er snertir Norðurlöndin í EFTA-samningunum. En þar eð Norðmenn hafa ekki gerzt aðilar að Efnahagsbandalaginu, verða þó ekki breytingar á útflutningsskilyrðum okkar á kindakjöti til Noregs.

Um samninginn í heild er það að segja, að hann er ekki aðeins mjög hagstæður fyrir helztu atvinnugreinar okkar, heldur varðveitir hann viðskiptatengsl okkar við þær þjóðir, sem við höfum átt meginviðskipti við um langan aldur. Hann styrkir almenn tengsl okkar við Vestur-Evrópu. En það hefur grundvallarþýðingu, ekki aðeins frá viðskiptasjónarmiði, heldur einnig frá menningar- og stjórnmálasjónarmiði, að koma í veg fyrir, að Ísland einangrist frá Evrópu. Það hefur grundvallarþýðingu í utanríkisviðskiptamálum og utanríkismálum yfir höfuð að tala, að náin og góð samvinna haldist við Evrópuríki á öllum sviðum.

Ég vil að síðustu ítreka þá fsp. mína til hæstv. ríkisstj. í heild, til hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., hvort hún hafi þegar tekið ákvörðun um að fullgilda þennan samning fyrir 1. marz n. k., ef Alþingi samþykkir till. hennar, og fá þar með úr því skorið, hvort hæstv. viðskrh. — hafi ég skilið orð hans rétt áðan — hafi talað fyrir hönd allrar ríkisstj. og þar með fyrir hönd allra stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. á Alþ. Undir því mun afstaða okkar Alþfl.-manna til till. hæstv. ríkisstj. verða komin.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég fagna því, að þessi till. til þál., sem hér liggur fyrir, er fram komin, en harma það hins vegar, hversu hún er síðbúin. Ég get hins vegar afdráttarlaust lýst því yfir fyrir hönd þm. Sjálfstfl., að við teljum mikilvægt að afgreiða þessa þáltill. svo fljótt sem verða má og einnig að fá úr því skorið, annaðhvort með afdráttarlausum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. eða með atkvgr. hér í þinginu, að samningurinn verði fullgiltur fyrir næstu mánaðamót. Því miður var hæstv. viðskrh., sem talaði fyrir þessari till., mjög hikandi og loðinn í þessu tilliti, og það hlýtur að vekja hugboð um það, að eitthvað liggi á bak við þann mikla seinagang, sem verið hefur á að leggja þetta mál fyrir þingið. Ráðh. var að gera því skóna, að okkur lægi ekki nokkurn skapaðan hlut á og það mætti alveg eins dragast fram í nóv., — ég veit ekki, hvað hann hefur fyrir sér í því, hvaða tímamörk, — og það ætti ekki að fullgilda þennan samning fyrr en væri hagkvæmt að gera það. En hver á að meta það: hæstv. viðskrh. eða ríkisstj. í heild eða hæstv. utanrrh.? Það er altalað, að hæstv. utanrrh. sé einráðinn í því, að vilji hans sé að staðfesta samninginn og það við fyrsta tækifæri. Allt þetta verður að upplýsa í þessu máli. Það er hins vegar líka altalað, að ríkisstj. hafi ekki í heild tekið afstöðu til þess, hvenær eigi að fullgilda hann, en til þess ber henni skylda. Fyrst hún er ekki búin að gera það nú, hefur hún enga afsökun í að draga það og verður að gera það, áður en meðferð þessa máls lýkur hér í þinginu.

Það er alger fyrirsláttur, sem enga þýðingu hefur, að segja sem svo: Við viljum ekki fullgilda þennan samning, fyrr en séð er, að fyrirvaranum varðandi landhelgismálið verði ekki beitt. — Ef við fullgildum samninginn, þá er það rétt, að þjóðirnar í Efnahagsbandalaginu hafa einhliða rétt til að beita fyrirvaranum. En beita þær honum, þegar við erum búnir að fullgilda hann? Það hefur engu hernaðarlega þýðingu í þessu máli, ef svo má að orði komast, að reyna að tryggja það fyrir fram, að honum verði ekki beitt. Við skulum bara láta á það reyna, hvort honum verður beitt. Og verði honum beitt, þá er að halda áfram að vinna að því að losna við, að honum sé beitt í framkvæmd. Þetta er eðlilegur gangur málsins.

Þetta minnir að vísu á það, að margir hefðu álitið, fyrst hér var um jafnþýðingarmikið mál að ræða eins og hæstv. viðskrh. vildi í öðru orðinu láta að liggja, að það hefði þurft að ganga dálítið röggsamlegar fram í því að tryggja, að fyrirvaranum yrði ekki beitt, heldur en hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Það er á almannavitorði, að innan ríkisstj. er sífelldur ágreiningur um aðgerðir í landhelgismálinu, um hugsanlega samningsgerð og bráðabirgðasamkomulag við Þjóðverja og Breta. Og margt er mjög furðulegt, sem þar hefur komið upp og á eftir að skýrast betur. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki gengið fram fyrir skjöldu til þess að ræða á opinberum vettvangi ýmislegt í meðferð þess máls, sem full ástæða væri til. Ég hef í fórum mínum, í skjalatösku, ýmiss konar gögn, sem varpa vissulega vafasömu ljósi á það, hvernig að þessum málum hefur verið staðið, þó að það hafi ekki enn verið gert að opinberu umtalsefni. Og ég vona, að það þurfi ekki til þess að koma. Ég hef alltaf sett traust mitt á það, og ég veit, að það hefur verið vilji hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh., að okkur tækist að ná bráðabirgðasamkomulagi í þessari deilu við Breta og Þjóðverja, í trausti þess, fullu

trausti þess, að okkar verði sigurinn að fullu að lokum í þessu máli og tíminn vinni fyrir okkur, en þar sem við höfum margra hagsmuna að gæta annarra en að selja fisk og veiða fisk, þá sé einnig þýðingarmikið að geta náð einhverju bráðabirgðasamkomulagi, þar til fullur sigur er unninn í því mikla máli.

Það er sem sé óhjákvæmilegt, að það liggi fyrir hér, áður en þetta mál er afgreitt, hvað verður um notkun heimildarinnar. Ef ekki fást fullar yfirlýsingar um, að hún verði notuð fyrir næstu mánaðamót af hæstv. ríkisstj., þá er rétt, að Alþ. skeri úr um það og taki afstöðu til þess með brtt., sem þá yrði flutt við þessa þáltill., um að fela ríkisstj. að fullgilda samninginn fyrir tiltekin tímamörk. En það er óþarft, ef hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir, að hún muni gera það.

Málsmeðferðin er harla einkennileg. Það, sem alvarlegast er, er hinn mikli dráttur. Hitt er meira broslegt að leggja fram þáltill. og segja svo í grg. í lokin, að samningurinn ásamt grg. um hann verði lagður fyrir Alþ. síðar. Ég minnist ekki þess, að þáltill. í jafnþýðingarmiklum málum og þessum hafi verið lagðar fram og sagt, að grg. verði lögð fram síðar, og þó er ríkisstj. búin að hafa þetta mál til meðferðar frá því að samningurinn var undirritaður 22. júlí á s. l. sumri. Hæstv. utanrrh. undirritaði samninginn. Formlega séð er auðvitað miklu eðlilegra, að hann fylgi samningnum úr hlaði fyrir hönd ríkisstj. Það er hann, hæstv. utanrrh., sem á fyrir hönd ríkisstj. að fullgilda samninginn. En ég skal ekki fara frekari orðum um það og segi eins og ég sagði áðan, að veigamesta atriðið er auðvitað drátturinn í þessu máli, sem er lítt skiljanlegur.

En þegar við höfum þetta mál hér til meðferðar, er rétt að rifja upp fyrir okkur ýmislegt, sem er undanfari þessa máls og er í raun og veru grundvöllur þeirrar aðstöðu, sem við höfum haft til að ná jafnhagstæðum samningi við Efnahagsbandalagið og raun ber vitni. Það má segja, að þetta sé í raun og veru nýr EFTA-samningur við lönd Efnahagsbandalagsins, því að efni samningsins grundvallast á efni og eðli EFTA-samkomulagsins og EFTA-bandalagsins. Það er vissulega gleðilegt, að þeir menn, sem eyddu miklum tíma Alþingis í að hölsótast yfir EFTA-samkomulaginu og aðild okkar að því, skuli nú hafa vitkazt það mikið, að þeir vilji leggja til, að við gerum hliðstæða samninga við lönd Efnahagsbandalagsins, aðeins í öðru formi, að við gerum nú samninga við bandalag kapitalismans, sem á sér ekkert föðurland, eins og fulltrúar kommúnista og Alþb. hafa komizt að orði, — og skyldu þeir þó ekkert vera að fárast yfir því, þó að einhver aðili eigi sér ekkert föðurland. Er ekki Internationalen þeirra föðurland? Það kemur líka greinilega fram í grg. hæstv. ríkisstj., hversu gersamlega Fríverzlunarbandalagsaðild okkar og samkomulagið um hana er grundvöllur þess, sem hér er verið að gera. En áður en ég vík að því, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að í grg. ríkisstj. er vitnað í ræðu dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem var viðskrh. í tíð fyrrv. ríkisstj., og vakin athygli á aðalatriðunum, sem báv. hæstv. utanrrh. lagði áherzlu á og ríkisstj. í heild, því að um það var enginn ágreiningur innan fyrrv. ríkisstj., að það væri brýnt hagsmunamál Íslendinga, að lausn væri fundin á þeim vanda, sem stækkun Efnahagsbandalagsins hefði í för með sér, og í öðru lagi, að Ísland óskaði eftir því, að slíkt samkomulag við Efnahagsbandalagið hvíldi á hinum sömu almennu skilmálum og samið var um við inngöngu þess í EFTA, þannig að þeir mundu einnig gilda fyrir hið stækkaða Efnahagsbandalag. En auk þess væri nauðsynlegt, að fríverzlunin næði til allra sjávarafurða, en ekki aðeins til þeirra, sem féllu undir EFTA-samninginn. Ég fagna því, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert þessi stefnusjónarmið fyrrv. ríkisstj. að sínum einkunnarorðum við undirbúning þessarar samningsgerðar.

Þá skulum við athuga nokkru nánar tengsl þessa máls við EFTA-samkomulagið, til þess að við getum skilið í raun og veru, hvað er eðli og inntak þessa samkomulags, líkt og aðild okkar að EFTA-samningnum. Það skiptir að vísu miklu máli, en er ekki aðalatriðið í þessu sambandi né heldur var það í sambandi við inngönguna í EFTA, hvað menn geta tölulega tíundað, að tollar lækki, eins og ástandið er á þeim tíma, sem þeir eru að tala um það, heldur er það sú framtíð, sem í því felst að eiga aðgang að stórum mörkuðum í Evrópu og geta haldið áfram að auka viðskipti okkar. Það var sagt hér, þegar við vorum að tala um EFTA-aðildina: Að eiga stóran markað skiptir engu máli, það þarf að komast inn á markaðinn. — En það kemst enginn inn á þann markað, sem ekki er til. Fyrsta skilyrðið er, að markaðurinn sé opinn, og þá reynir fyrst á okkur, hvort við höfum aðstöðu, hæfileika og getu til þess að komast inn á markaðinn. Það var gert í Fríverzlunarbandalaginu, og nú er verið að víkka út þessa markaði.

Þó að hæstv. viðskrh. geti tíundað það hér, að tollar á iðnaðarvörum skipti ekki miklu máli, eins og nú standa sakir, þá er það framtíðin, sem skiptir máli. Til hvers er verið að tala um iðnbyltingu af hálfu hæstv. iðnrh., sem boðar, að hann sé með einhverja iðnaðaráætlun á milli bandanna s. l. haust, á þeim tíma, sem engin iðnaðaráætlun var til. Það voru slitur af áætlun á ensku máli í iðnrn. Fólk, sem hafði áhuga á þessu, þrýngdi upp í stjórnarráð, iðnrn., og bað um að fá eintak af þessari áætlun. Nei, það er engin áætlun til, er svarið hjá afgreiðslufólkinu þar. Það var verið að vinna að iðnaðaráætlun í framhaldi af iðnþróunaráætlun, sem fyrrv. ríkisstj. lét vinna að, og að miklu leyti byggt á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem þar voru lögð fram. Vissir erlendir aðilar, sem ég hafði hlutazt til um fyrir hönd fyrrv. ríkisstj., að kæmu hingað til lands til þess að vinna að slíkri iðnaðaráætlun, héldu áfram verkinu, eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Það var ekki horfið frá því að gera þessa iðnþróunaráætlun, og þeirra sjónarmið voru komin fram í ýmsum eintökum á erlendu máli, á slitróttan hátt þó. Hvort þessi áætlun er núna að verða til, veit ég ekki, en það var ákaflega einkennilegt að vera að belgja sig upp með auglýsingar um hana, áður en hún var til. Ef hún er til í höndum sérfræðinganna, hefur þá ríkisstj. fjallað um þessa iðnþróunaráætlun og hef-

ur hún fallizt á áætlanir sérfræðinganna, fallizt á þær ráðagerðir, sem þeir eru með? Er einhver stefnumótun orðin til hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum? Það er auðvitað mikilvægt og ánægjulegt, að haldið sé áfram þeirri iðnþróunaráætlun, sem lagður var grundvöllur að í tíð fyrrv. ríkisstj., og ég er samþykktur því. Auðvitað er með slíkri iðnþróunaráætlun verið að styrkja áform okkar og ásetning um að efla iðnað á Íslandi og ekki sízt útflutningsiðnað. Einn veigamesti þáttur áætlunarinnar snýst um útflutningsiðnað, og það er á því sviði, sem möguleikarnir opnuðust við aðildina að Fríverzlunarbandalaginu og eru opnaðir í enn ríkara mæli við þá samningsgerð, sem hér liggur fyrir, þegar hún hefur verið fullgilt og þegar hún kemur til framkvæmda. Og hún kemur til framkvæmda varðandi iðnvarninginn, þó að hún frestist í framkvæmd varðandi sjávarafurðirnar.

Þegar við vorum hér að ræða um EFTA-aðildina, var hún talin einskis virði, eins og ég sagði áðan. Þá var talið einkis virði að eiga aðgang að stærri mörkuðum, og ýmislegt annað þurfti að gera, m. a. að semja iðnþróunaráætlun, sem þá var vitað, að ríkisstj. var að vinna að. Því var meira að segja haldið fram af talsmönnum Alþb. hér í þinginu, að EFTA væri staðnað, væri stöðnuð stofnun, staðnað bandalag og þýðingarlaust að fara í það, það væri í dauðateygjunum, og við hefðum bölvun af því að tengja okkur við það. Og það kom fram í nál. hjá framsóknarmönnum, að það væri bara til ills fyrir okkur að tengja okkur við EFTA, sem væri að gefa upp andann, og mundi torvelda okkur að öðru leyti samninga við Efnahagsbandalagið eða lönd Efnahagsbandalagsins, í hvaða formi sem það yrði. Allt hefur þetta reynzt misskilningur og glámskyggni hjá þessum hv. þm., en hefur sjálfsagt verið gert af góðum hug.

Það segir í grg. hæstv. ríkisstj., sem ég vona, að megi teljast orð hæstv. ríkisstj. og hún beri ábyrgð á, en þetta séu ekki bara orð embættismanna, sem ég veit að hafa samið grg. fyrir ríkisstj., en ríkisstj. verður að gangast við barninu og bera ábyrgð á því, — þar segir m. a.: „Var það eflaust styrkur fyrir Ísland að vera í flokki með öðrum EFTA-löndum", þegar til þessarar samningagerðar kom. Það er staðfesting á því, sem við sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn — stuðningsmenn fyrrv. ríkisstj. — héldum eindregið fram, þegar við vorum að fjalla um þessi fríverzlunarmál eða Efnhagsbandalagsmál í einu eða öðru formi á sínum tíma. „Efnahagsbandalagið," segir einnig, „féllst einnig á, að íslenzkir verndartollar yrðu afnumdir eftir sömu áætlun og samið var um við EFTA" — skyldi nú ekki hafa verið betra að vera búinn að gera þessa samninga við EFTA? — „þ. e. a. s. á tímabilinu til 1. jan. 1980 og að sömu innflutningshöft og EFTA hafði viðurkennt, þ. e. a. s. á benzíni, olíum og burstum, gætu gilt eftir 1. jan. 1975." Það liggur í augum uppi, að ef við hefðum ekki gengið í Fríverzlunarbandalagið, EFTA, mundi það að sjálfsögðu ekki hafa verið að kenna neinni handvömm hjá núv. ríksistj., að það lægi ekki fyrir samkomulag við Efnahagsbandalagið. Það er miklu líklegra, að hvorki þessi ríkisstj. né önnur hefði náð neinu viðunandi samkomulagi við Efnahagsbandalagið undir þeim kringumstæðum, þó að fullur vilji hefði verið fyrir hendi. Enn fremur segir í grg.: „Það kom í ljós, að enginn verulegur ágreiningur var um flest almenn ákvæði samningsins, svo sem varðandi reglur um uppruna, samkeppni og undanþágur, enda voru þau svipuð gildandi reglum í EFTA." Það ber allt að sama brunni. „Þá var einnig samkomulag um niðurfellingu verndartolla og hafta eftir sams konar reglum og giltu í samningi Íslands við EFTA."

Ég fagna því vissulega, að þeim mönnum, sem stóðu í þessum ræðustól og fluttu langar ræður á móti aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu, hefur vissulega snúizt hugur, því að það var alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það er úrsagnarákvæði úr EFTA. Ef hv. þm. Alþb. taka nokkurt mark á öllum þeim töluðu orðum, sem hér eru skrifuð í ræðum þessara hv. þm., ef þeir sjálfir taka nokkurt mark á þeim núna eða þegar þeir fóru í ríkisstj., þá hefðu þeir auðvitað sagt Ísland úr Fríverzlunarbandalaginu, úr EFTA. Það þurfti ekki nema 12 mánuði til þess. Í stað þess koma þeir nú og vilja gera breytingu á samningnum og eru í raun og veru að staðfesta með því, að allt hafi verið meira og minna tóm vitleysa, sem þeir voru að segja hér á sínum tíma, enda hefur ekkert af þeim hrakspám komið í ljós, sem þessir menn báru sér í munni. Við áttum að vera leppar útlendinga og ekki hafa áhuga á neinu nema erlendum aðilum og erlendum atvinnurekstri hér. Og það átti að vera eitt aðalatriðið í sambandi við Fríverzlunarbandalagið að fá erlend fyrirtæki til þess að setjast hér að. Það var þó vitað, að ríkisstj. ber fram á sama tíma tvö frv., bæði um iðju og iðnað og um verzlunaratvinnu, sem girtu fyrir það, að nokkur erlend fyrirtæki gætu fengið leyfi til atvinnurekstrar hér á landi í einu formi eða öðru nema með samþykki íslenzkra stjórnvalda, og ekkert fyrirtæki hefur, svo að mér sé kunnugt, verið stofnsett hér á þennan hátt, eftir að við gengum í Fríverzlunarbandalagið.

Því er spáð, að atvinnuleysi mundi magnast hér í landi við inngönguna í EFTA. Því var spáð, að iðngreinar mundu lokast og fjöldi verndaðra iðngreina mundi leggja upp laupana. Ég held, að ekkert af þessu hafi gerzt. Þvert á móti vitum við, að atvinnuleysi fór þverrandi og hvarf með öllu, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, og uppgangur iðnaðarins hefur aldrei verið meiri en á árunum 1969—1971, framleiðsluaukning og magnaukning meiri en nokkru sinni áður og meiri en í nokkurri annarri atvinnugrein, frá 10% og upp í 15% framleiðsluaukning og magnaukning tilsvarandi á þessu tímabili. Þetta er mesta uppgangstímabil íslenzks iðnaðar á Íslandi. En hér liggja spádómarnir fyrir í nál. frá fulltrúa Alþb. á sínum tíma, og í þessum ræðum eru sömu spádómar: Iðnfyrirtækin lokast, leggjast niður, það verður stórkostlegt atvinnuleysi í iðnaði, þar sem 4000 manns hafa atvinnu. En það er gott, þegar menn átta sig á hlutunum og læra eitt-

hvað af reynslunni og skilja, hversu mikla vitleysu menn hafa farið með.

Í öðru lagi segir í þessu nál. og einnig í ræðum þessara ágætu manna: „Aðild að stórum markaði tryggir enga iðnvæðingu.“ Það er þó líklega það fyrsta að hafa möguleika á stórum markaði til þess, ef mönnum tekst vel til, að þeir geti orðið samkeppnisfærir á honum og náð tilteknum hluta undir sig.

Þegar fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir inngöngu Íslands í EFTA, var alltaf til þess vitnað, að eðlilegt væri, að leið Íslands til viðtækara og nánara efnahagssamstarfs í Evrópu lægi um EFTA. Sömuleiðis var iðulega bent á, að þrátt fyrir það, að tiltölulega mikill hluti heildarútflutnings okkar færi til Bandaríkjanna og Rússlands, kæmi meiri hluti innflutningsins frá löndum í Vestur-Evrópu og Íslendingar væru Evrópuþjóð í menningarlegu og sögulegu tilliti. Það er rétt, að Ísland var síðbúið til fríverzlunarsamstarfs, og þar kom bæði til fæð landsmanna og sú staðreynd, að iðnaðinum óx seint fiskur um hrygg. Norðurlöndin sýndu fyllsta skilning við inngöngu okkar í Fríverzlunarbandalagið með stofnun norræna iðnþróunarsjóðsins fyrir Ísland, sem gegnir vissulega mjög mikilvægu hlutverki í uppbyggingu iðnaðarins og er einn sá ávinningur, sem við höfðum af því að gerast aðilar í Fríverzlunarbandalaginu.

Eftir að við eignuðumst þennan stærri markað, hefur orðið mikill uppgangur í iðnaði, eins og ég sagði áðan. Sumt hefur að vísu farið á aðra markaði. En þó að það hafi farið utan Fríverzlunarbandalagsins, var það fyrir þá upporvun til útflutnings, sem menn fengu í sambandi við inngöngu okkar í EFTA, og það hefur líka komið í ljós, að meginhlutinn er á þá sveifina. Útflutningur iðnaðarvara áttfaldaðist rúmlega frá 1968—1971, ef við teljum ál, kísilgúr og niðursoðnar sjávarafurði með, sem sjálfsagt er, en þar fyrir utan hygg ég, að sé upp undir fjórföldun á útflutningnum, sem miðað er við almennt. Það er athyglisvert, að árið 1968 fóru 47% útfluttra iðnaðarvara til Sovétríkjanna, 28% til Bandaríkjanna, en 18% til EFET-landa og 7% til Efnahagsbandalagslanda. Árið 1971 var hlutur EFTA-landanna hins vegar orðinn 55% og 33% án áls, en var 18% 1968, og 19% fóru 1971 til Efnahagsbandalagslandanna í staðinn fyrir 7% 1968, 12% til Sovétríkjanna í staðinn fyrir 47%, 9% til Bandaríkjanna í staðinn fyrir 28% og 9% til annarra landa. Þannig fóru 74% af útfluttri iðnaðarvöru til EFTA- og Efnahagsbandalagslandanna 1971 í staðinn fyrir 25% árið 1968. Svo segja menn, að þetta hafi ekki neina þýðingu haft, að stærri markaðir hafi enga þýðingu.

Það kom dálítið upp nú hjá hæstv. viðskrh. það sama og þegar við vorum að ræða um aðildina að Fríverzlunarbandalaginu. Þessi rótgróna vantrú á íslenzkum iðnaði og þróun hans. Þar á hann nú við eigin flokksbróður, hæstv. iðnrh., sem virðist hafa dálítið aðra skoðun á þeim málum. Ef ég man rétt, birtist í Þjóðviljanum, þegar var verið að segja frá þessari iðnþróunaráætlun, sem ekki var til, að það mundi eiga sér stað iðnbylting á grundvelli þessarar iðnþróunaráætlunar, sem ekki var til, á næstu árum og 1980 mundi útflutningur iðnaðarvara vera orðinn 60% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar og sjávarútvegurinn vera orðinn litli bróðir í þeim leik. Það getur vel verið, að sérfræðingarnir frá Sameinuðu þjóðunum hafi þessa skoðun, og það er mikil bjartsýni í garð iðnaðarins.

Í iðnþróunaráformum fyrrv. ríkisstjórnar, sem unnið var að af dr. Guðmundi Magnússyni prófessor og voru afhent þm. í maí 1971, þar er einnig dálítil spá í þessum efnum af sérfræðingsins hálfu um, hvers vænta mætti í þessu sambandi, og hún er nokkuð fróðleg. Það er spá um vöruútflutningsverðmæti og hlutdeild iðnaðarins og hinna ýmsu atvinnugreina 1971—1974 og svo 1980. Þar er gert ráð fyrir því, að árið 1973, sem við nú stöndum á, verði sjávarafurðir fluttar út fyrir 69%, ál og önnur orkufrek framleiðsla 22%, annar iðnaður 6% og landbúnaður 3%. Og árið 1974 eru tvær spár. Önnur er með því, að við séum búnir að koma hér upp álsteypu, og hin, að það verði ekki búið að koma upp þessari álsteypu. Án álsteypu er sjávarútvegur enn áætlaður með 69%, ál og önnur orkufrek framleiðsla 21%, annar iðnaður 7% og landbúnaður 3%. En ef álsteypa hefði verið komin upp, sem við stefndum að og mér skilst, að hæst. iðnrh. hafi líka áhuga á, að komið verði upp hér, þá eru sjávarvörurnar 67% af útflutningnum og ál og önnur orkufrek framleiðsla 23%, annar iðnaður 7% og landbúnaður 3%. En ef við hlaupum svo fram til ársins 1980, þá var spá dr. Guðmundar Magnússonar á þá leið, að þá mundu sjávarafurðir nema 56% af útflutningnum, ál og önnur orkufrek framleiðsla 32%, annar iðnaður 10% og landbúnaður 2%.

Nú get ég ekki fullyrt neitt um það, hvort muni verða líklegra, spá þessa sérfræðings eða spá hinna sérfræðinganna, sem mér skilst, að sé á þá lund, að útflutningsiðnaðurinn verði kominn yfir 60% alls útflutningsverðmætisins á árinu 1980. En þessi spá er m. a. byggð á því, að Sigölduvirkjun verði lokið árið 1975 og virkjun við Hrauneyjarfoss árið 1979, ásamt því, að orkan verði notuð til tiltekinnar framleiðslu með tiltekinni tímasetningu. Og þá fæst þessi niðurstaða um spádóminn 1980 í þessum iðnþróunaráformum frá tíð fyrrv. ríkisstj. Þá er gert ráð fyrir 50 þús. tonna málmbræðslu fyrir málmblendi, að hún sé komin hér upp og farin að framleiða til útflutnings, 70 þús. tonna álveri, þ. e. a. s. álverið sé búið að stækka, eins og það er nú þegar búið að gera í Straumsvík, 10 þús. tonna álsteypa sé komin upp og sjóefnaiðja með 250 þús. tonna saltverksmiðju, 24 þús. tonna magnesíumverksmiðju o. fl.

Ég held, að hvort sem einn eða annar af sérfræðingum og stjórnmálamönnum eða öðrum aðilum fjallar um þessi mál, þá þurfi mönnum ekki að blandast hugur um það, að iðnaðurinn á mikla framtíð fyrir sér. Hvort þróunin verður eins ör og þeir bjartsýnustu gera sér vonir um, skal ég alveg láta liggja á milli hluta. En hitt er staðreynd, að atvinnuöryggi okkar Íslendinga liggur í engu frekar en hinar bjart-

sýnustu spár um iðnþróun í landinu rætist. Þó að sjávarútvegur eflist hér og aflabrögð séu góð, er tæknin orðin svo mikil, að þess er ekki að vænta, að hann geti tekið við neinu sem verulegu nemur af auknu vinnuafli. Alveg sama má segja um landbúnaðinn. Það hefur verið þannig um landbúnað á undanförnum árum, að um leið og framleiðslan hefur stórkostlega aukizt, framleiðslumagnið og framleiðsluverðmætið, hefur fólkinu fækkað, sem við þetta hefur unnið, vegna hinnar öru tækniþróunar. En það er í iðnaðinum og þjónustustarfseminni í sambandi við hann og sem af honum leiðir, sem fyrst og fremst skapast miklir möguleikar fyrir það vinnuafl, sem kemur inn á markaðinn í framtíðinni, að það verði fullnýtt, en þurfi ekki að sitja auðum höndum.

En það var talið og ekki sízt af hæstv. viðskrh., að iðnaðurinn væri lítils megnugur og lítils virði og mundi verða það. Hann taldi, að kannske mundu ekki ske nein ósköp, eins og hann sagði, þó að við gengjum í EFTA, en bjóst þó við því, að afleiðingarnar yrðu þær, að á næstu árum yrði nokkur samdráttur í innlendum iðnaði og yrði þrengra um það að fá atvinnu, kjör vinnandi fólks versnuðu á margan hátt, og hann bjóst við, að það yrði miklu torsóttara fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu að sækja fram til hækkaðs kaupgjalds o. s. frv. Og svo einkennist öll þessi langa ræða hæstv. viðskrh. þá um Fríverzlunarsamtökin í Evrópu eða Fríverzlunarbandalagið af vantrú á, að þetta geti leitt til nokkurs góðs, og sérstaklega á vantrú á nokkurri uppbyggingu iðnaðarins. Það er m. a. lögð áherzla á að vekja athygli á því, að útflutningsframleiðslan sé fyrst og fremst hjá sjávarútveginum og hann sé grundvöllur og undirstaða alls, og ef einhvers sé af iðnaðinum að vænta, þá sé það fyrst og fremst vegna þess, að ríkisstj. þáv. hugsi ekki um annað en draga erlent fjármagn til landsins, og það yrði þá aðallega iðnþróun, sem yrði í höndum útlendinga, og okkur Íslendingum til bölvunar í alla staði.

Þá sagði hæstv. viðskrh., með leyfi hæstv. forseta, m. a.: „Við vitum, að allur okkar heimaiðnaður, sem hefur aðallega byggzt upp á okkar innanlandsmarkaði, er fjárvana framleiðsla, sem stendur ekki að neinu leyti á sambærilegu stigi við það, sem iðnaðurinn er yfirleitt einnig í tiltölulega litlum fyrirtækjum í iðnþróuðum löndum. Og það er einmitt vegna þessa, sem við vitum, að ef við opnum íslenzka markaðinn fyrir innflutningi frá hinum iðnþróuðu löndum, þá eru allar líkur, sem benda til þess, að iðnaður okkar láti í minni pokann í slíkri samkeppni.“ Allt var þetta dauðadæmt fyrir fram, að láta sér detta í hug, að iðnaðurinn gæti nokkuð blómgazt hér á landi við þátttöku okkar í Fríverzlunarbandalaginu.

Það voru ýmsar aðgerðir framkvæmdar af hálfu fyrrv. ríkisstj. í sambandi við inngönguna í Fríverzlunarbandalagið, sem einnig liggja til grundvallar því, að samningur sá, sem hér liggur fyrir, geti orðið okkur að nokkru gagni. Það voru sett lög um útflutningslánasjóð og um útflutningsábyrgðir, til þess að íslenzkur iðnaður gæti veitt kreditlán, exportlán með iðnvarningi sínum til útlanda, á svipaðan hátt og við höfum á ýmsum sviðum fengið lán hjá erlendum iðnaðarfyrirtækjum, sem flutt hafa iðnvarninginn til Íslands. Það var sett löggjöf um útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem nú hefur starfað í 2—3 ár. Vissulega hefur allt þetta stuðlað að verulegri aukningu iðnaðarins í landinu — útflutningsiðnaðarins — á undanförnum árum og það á mörgum sviðum.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh., einkum hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., hafa nú snúið við blaðinu. Og þá gleður það mig að minna á nokkur ummæli frá hæstv. viðskrh., þegar við vorum að ræða um aðildina að Fríverzlunarbandalaginu, en þar segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum gera okkur það ljóst, að sú stefna, sem mörkuð er í EFTA-samningnum, er í mjög nánu samræmi við þá viðreisnarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að burðast við að reyna að framkvæma hér á Íslandi undanfarin 10 ár. Með aðild að EFTA er verið að taka ákvörðun m. a. um ýmis mjög stórfelld deilumál, sem flokka hér á Alþ. hefur greint mjög á um. Og það er enginn vafi á því, að þessi festing viðreisnarstefnunnar er einn megintilgangur hæstv. ríkisstj.“

Nú er þessi hæstv. ráðh. að hnykkja á, ekki með því að segja upp EFTA-samningnum, heldur með því að leggja fram till. um lagfæringu á honum, sem leiðir af þeirri samningsgerð, sem hér er um að ræða, og dettur ekki í hug að segja upp þessum samningi, sem þeir þá sögðu, að væri í raun og veru til staðfestingar á viðreisnarstefnunni, — viðreisnarstefnu fyrrv. hæstv. ríkisstj. Og sami hæstv. ráðh. vitnaði einmitt í orð Ólafs Björnssonar prófessors á sínum tíma, þar sem hann segir, að hann hafi sagt berum orðum, — og það er hann að vitna í til þess að árétta skoðun sína á EFTA, að með aðild að EFTA skuldbindum við okkur til þess að framkvæma áfram þá viðreisnarstefnu, sem upp var tekin 1960. Hann segir, að með aðild að EFTA fáum við ekki lengur að taka upp félagslega stefnu, ekki skipulega stjórn á efnahagsmálum okkar, ekki sérstaka aðstoð við íslenzkar atvinnugreinar, sem lenda í örðugleikum og við viljum ekki án vera. Enn fremur segir sami hæstv. ráðh. þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvaða ríkisstj. sem settist að völdum á Íslandi yrði að mati hv. þm. Ólafs Björnssonar að fylgja viðreisnarstefnunni, reglum siðmenningarþjóða í viðskiptum,“ — það er nú ekkert verra, — „eins og hann orðar það á meðan við erum í EFTA. Og það er einmitt þess vegna, sem svona mikið liggur á. Hæstv. ríkisstj. vill skuldbinda okkur með milliríkjasamningi til þess að halda við meginatriðum viðreisnarstefnunnar.“

Með sama hætti mætti nú segja, að hæstv. viðskrh. væri að skuldbinda okkur með gerð þessa samnings, sem grundvallast á EFTA-samkomulaginu og er til orðin vegna þess og með því að leggja til breytingar á EFTA-samningnum án þess að segja honum upp, að skuldbinda sig og aðra hæstv. ráðh. og hv. stjórnarstuðningsmenn til að halda við meginatriðum viðreisnarstefnunnar. Þessu vil ég fagna.

Þá kem ég að einu atriði, sem var verulega mikil fordæming á, þegar við áttum að gerast aðilar að Fríverzlunarbandalaginu og yfirleitt að tengjast nokkrum efnahagsbandalögum Evrópu, hvort sem það væri EFTA eða Efnahagsbandalagið, og það er þetta, sem kemur fram hjá hæstv. iðnrh., sem þá var talsmaður Alþb. í þingmannahópi. „Á því er ekki nokkur vafi, að gengislækkunarskriðan, sem gengið hefur yfir Ísland, hefur haft ákaflega háskaleg áhrif. Hún hefur haft ákaflega háskaleg áhrif. Hún hefur haft ákaflega háskaleg áhrif á atvinnuvegi okkar, hún hefur haft ákaflega háskaleg áhrif á viðhorf og skoðanir landsmanna og trú landsmanna á því, að hægt væri að halda hér uppi sjálfstæðu þjóðfélagi. Ég held, að ein meginnauðsyn okkar hefði verið sú að reyna að tryggja einhverja þá samstöðu í þjóðfélaginu, sem gæti komið í veg fyrir slíka gengislækkanaskriðu."

Var ekki samstaðan fengin við myndun vinstri stjórnarinnar á sumrinu 1971, einmitt samstaðan til að koma í veg fyrir gengislækkunarskriðuna? Var ekki þá verið að lýsa því yfir fyrir og eftir kosningar, að nú skyldi komið í veg fyrir gengislækkunarskriðuna, og yfirlýsingar gefnar um það í stjórnarsáttmálanum? En það er ekki nema einn af þeim mörgu stóru bitum, sem þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa þurft að kingja, eftir að þeir sjálfir tóku sæti í ráðherrastólum. Og hvað er nú á seyði? Verður nú þriðja gengisfellingin hjá hæstv. ríkisstj. Fyrsta gengisfelling hæstv. ríkisstj. var í des. 1971. Þá lækkaði Bandaríkjadollar gagnvart gulli um 8% eða um það bil. Bæði hæstv. viðskrh. og seðlabankastjóri, dr. Jóhannes Nordal, voru búnir að láta orð að því liggja á opinberum vettvangi, í samtökum viðskiptalífsins hér, að eftir því að dæma, að dollarinn yrði felldur, þá virtist eðlilegt að fara bil beggja um það, hvað krónan lækkaði, m. ö. o.: við værum svo háðir viðskiptum með Bandaríkjadollar, að við mættum ekki búast við öðru en það hefði áhrif á gengisskráningu ísl. kr. Og ég er sammála að því leyti. En þá lá það fyrir, að gjaldeyrisöflun okkar er um 60% í dollurum og 40% í öðrum gjaldeyri, aðallega Evrópugjaldeyri. Samkv. því hefði íslenzka krónan átt að falla um ⅔ af því, sem Bandaríkjadollar féll, ef við hefðum farið bil beggja. Í staðinn var það gert 100%, lækkað eins og dollarinn, sem leiddi aftur til þess, að varningur, sem við flytjum inn í verulegum meiri hluta einmitt frá Evrópulöndum gegn Evrópugjaldeyri, varð hér dýrari í verði og jók á dýrtíðina innanlands.

Það verður ekki séð, að þetta hafi verið skynsamleg ráðstöfun, að fylgja þessu í einu og öllu. Og það er raunverulega undarlegt, að það skuli í árslok 1971 þurfa að fylgja dollarnum að fullu í gengislækkun, þegar ekki er liðið nema hálft annað ár frá því, að fyrrv. ríkisstj. lagði til og var með tillögugerð um gengishækkun á Íslandi vegna þess, hve efnahagsástandið var gott í þjóðfélaginu og hafði blómgazt mikið eftir áfallaárin 1967 og 1968. Þá finnst núv. hæstv. ríkisstj., eftir að hún er búinn að sitja hálft ár að völdum, að hún þurfi að fella gengi krónunnar nákvæmlega jafnmikið og Bandaríkjadollar, þegar hann fellur. En við skulum athuga það, að þó að við seljum þau gjaldeyrisverðmæti, sem við sköpum sjálfir, í einu eða öðru formi um 60% í dollurum, þá er salan á erlendum gjaldeyri ekki nema 26%, þ. e. a. s. þeir, sem kaupa gjaldeyri í bönkunum til þess að kaupa erlenda vöru, kaupa 26% í dollurum, það eru 74% í Evrópugjaldeyri. Og ef við ætlum stöðugt að lækka krónuna með dollarnum 100%, þá hækka þessar vörur stórkostlega í verði hér. Hvað hefur krónan fallið mikið gagnvart Evrópugjaldeyri í tíð núv. hæstv. ríkisstj? Ætli það sé ekki eitthvað um 30%? Þá hef ég í huga líka þær tegundir af Evrópugjaldeyri, sem hafa hækkað á heimsmarkaðinum. Það væri ástæða til þess að athuga þetta nánar.

Ég vék að þessu núna líka af því, að ég geri ekki ráð fyrir, að það gagni fyrir mig að spyrja hæstv. ríkisstj. um það nú, hvað hún hyggist fyrir í sambandi við lækkun á gengi Bandaríkjadollars. En ég vil vara hæstv. ríkisstj. við því að haga því með sama hætti og síðast, fyrir jólin 1971, og dylja almenning gjörsamlega þess, hvað um er að vera. Það er látið heita svo sem sjálfsagður hlutur, ef Bandaríkjadollarinn falli, að þá falli íslenzka krónan jafnt. Þessu verður hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir. Er ekki hagkvæmara að fara bil beggja, eins og spáð var í af fyrirsvarsmönnum stjórnarinnar fyrir gengislækkunina 1971, og verður ekki að taka mið af því, hvað er líklegt, að innflutningur vara hækki mikið og valdi okkur miklum erfiðleikum, og meta þá erfiðleika við það að vera einhvers staðar á milli þess, sem dollarinn hefur fallið, í hlutfalli við það, sem við seljum í dollurum, og í hlutfalli við það, sem við kaupum í dollurum.

Því miður stendur útvegurinn, sem er stærsti útflutningsframleiðandinn, ekki svo vel að vígi nú, að menn geti búizt við því, að hann geti tekið dollarafallinu, án þess að einhver breyting verði á genginu. Hann gat gert það að okkar dómi 1970, þó að gengið hefði verið hækkað. En hann getur það því miður ekki núna, að því er ég hygg, og hefur þá margt komið til og flest fyrir tilverknað núv. valdhafa, a. m. k. það, sem hefur hallazt á hjá útveginum. Það hefur veiðzt vel, og miðin hafa verið sótt. En ríkisstj. hefur verið með alls konar ráðagerðir og brugg á bak við tjöldin og aðgerðir, sem hafa verið höfuðorsök þeirrar verðbólgu, sem skapazt hefur í landinu og skapar þessum atvinnuvegi eins og öðrum erfiðleika, þann tíma, sem hún hefur setið að völdum.

Svo var eitt, sem okkur hafði láðst, þegar við vorum að berjast hér fyrir aðildinni að EFTA eða Fríverzlunarbandalaginu, sem er að vissu leyti hliðstætt þessum samningi, sem ég í upphafi sagði, að væri eins konar EFTA-samningur við lönd Efnahagsbandalagsins, og það var að hafa samráð við almannasamtökin. Við vorum mikið gagnrýndir fyrir að hafa ekki haft samráð við almannasamtökin í landinu. Nú hefur líklega verið haft samráð við almannasamtökin í landinu, ég efast ekki um það. Og það væri gaman að heyra, hvort þau væru nú orðin allt í einu hlynnt því, að við gerðum þennan eins konar EFTA-samning við lönd Efnahags-

bandalagsins, þar sem því var fjálglega lýst hér yfir, að þau hefðu verið mjög andvíg því, almannasamtökin, að við gengjum í EFTA. Þá lýsti núv. hæstv. iðnrh. því yfir, með leyfi hæstv. forseta, að hæstv. ríkisstj. hefði „ekki haft neitt samráð við almannasamtök í landinu. Hún hefur haft samráð við kaupsýslumenn og atvinnurekendur, en hún hefur ekki haft samráð við hagsmunasamtök almennings. Málið hefur verið tekið til umr. í ýmsum verkalýðsfélögum, og þau hafa öll tekið afstöðu á móti aðild. Sömuleiðis hefur Stéttarsamband bænda fjallað um þetta mál og tekið afstöðu á móti. Og ég tel, að það eigi að vera mönnum ærið umhugsunarefni, að þau almannasamtök, sem hafa fjallað um þetta mál, rætt það og markað stefnu í því, hafa öll tekið afstöðu á móti. Það er aðeins nokkur hluti atvinnurekenda, sem er með, og þá fyrst og fremst stóratvinnurekendur, út frá þeirri alkunnu staðreynd, að fjármagnið á sér ekkert föðurland."

Nú hljótum við að fá upplýsingar um það, hver afstaða almannasamtakanna er til þeirrar samningagerðar, sem hér liggur fyrir. Og ég býst við því, að okkur gefist tækifæri til þess á morgun að fá að heyra afstöðu almannasamtakanna til annars frv. ríkisstj., um lögbindingu eða ákveðna úttekningu á kaupgreiðsluvísitölunni. Við skulum ekki leiða það inn í umr. núna, en sjálfsagt fáum við að vita, hvert viðhorf almannasamtakanna er til þess. Það hefur hins vegar kvisazt, að helztu fyrirsvarsmenn almannasamtakanna og Alþýðusambandisins hafi ekki haft hugmynd um þetta, fyrr en þeir sáu frv. á borðinu hjá sér í sölum Alþ. Það verður til umr. hjá okkur á morgun.

Það er ótalmargt, sem ástæða væri til að ræða á þessum vettvangi einmitt í sambandi við þetta mál, því að réttur skilningur á þeim hlutum er grundvallarundirstaða undir mati manna á því, hvort á að gera svona viðskiptasamninga og framkvæma svona viðskiptasamninga á fríverzlunargrundvelli, eins og hér er lagt til. Auðvitað hafa hæstv. ráðh., sem voru á móti aðildinni að EFTA, áttað sig á villu síns vegar og snúið við og skilja nú betur en áður, og um það hef ég áður sagt, að því fagna ég. En varðandi erfiðleika fólksins, iðnverkafólksins og launamanna almennt, sem leiða átti af aðildinni að EFTA, og hið mikla atvinnuleysi, þá fengum við þm. þær upplýsingar um það hér í þinginu frá Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeildinni, að einmitt á árunum 1970 og 1971, áður en efnahagsvitsmuna núv. hæstv. ríkisstj. fór að gæta í efnahagslífinu, hefði kaupmáttur atvinnutekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna — á þessum tveimur árum — aukizt um 27.6%. Þegar ríkisstj. tók við völdum, lofaði hún kaupmáttaraukningu á tveimur árum um 20%, en þarna er kaupmáttaraukningin á tveimur árum 27.6%. En það versta er, að hæstv. ríkisstj. á eftir að standa við þetta loforð um kaupmáttaraukninguna. Eftir því sem ég bezt veit, eru ekki neinar ráðagerðir um nokkra kaupmáttaraukningu á þessu ári, og ef hún hefur verið orðin — við skulum segja um 15% á s. l. ári og dregur úr henni í staðinn fyrir að hún aukist á þessu ári, þá er, eins og ég sagði, eftir að efna fyrirheitin. En einmitt vegna þessarar samningsgerðar m. a. og vegna aukinna tengsla við lönd fríverzlunarinnar í Vestur-Evrópu og annars staðar í Evrópu, Norðurlöndin líka, voru viðskiptakjör okkar mjög hagstæð og áttu sinn þátt í því, að hægt var að auka kaupmátt launa verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, um 27.6% á tveimur árum, þegar þjóðartekjurnar á mann jukust ekki nema um 22%, þannig að þeir fengu verulegan hlut af kökunni. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að hafa kaffihlé kl. 4. Mundi vera heppilegt fyrir hv. þm. að hafa greinaskil núna eða —?) Er ekki bezt, að ég haldi svolítið áfram, svona 10 mínútur eða korter, svo að ég geti lokið ræðunni, því að ef ég byrja aftur eftir kaffihléið, gæti það orðið miklu lengra. (**Forseti:** Ef það er tryggt, að hv. þm. tali ekki lengur en korter, þá —) Við skulum gera ráð fyrir því.

Ég held, að ég hafi nægjanlega dregið fram í dagsljósið, hversu mikla þýðingu það hefur haft fyrir okkur Íslendinga að einangrast ekki í viðskiptalífi okkar frá Evrópuþjóðunum, þar sem rætur okkar standa svo djúpt á margan hátt, og þess vegna, eins og ég sagði í upphafi, fögnum við sjálfstæðismenn því, að þessi till. til þál. er flutt hér, og styðjum að því af mætti, að hún nái fram að ganga. Þá er aðalatriðið í því máli, að við drögum ekki lengur að gera gangskör að því að fullgilda þetta samkomulag. Og ég ítreka þá ósk, að ríkisstj. lýsi því yfir eindregið, að hún muni nota heimildina, sem felst í þessum samningi, hún vilji nota heimildina og vilji nota heimildina strax fyrir mánaðarmótin. Ég tel mig hafa ástæðu til þess að ætla, að í sölum Alþingis kunni að vera verulegur meiri hl. fyrir því, að með það sé ekki beðið, og enda þótt það hafi verið svo á sínum tíma, að Framsfl. hafi viljað fresta inngöngunni í Fríverzlunarbandalagið, þá held ég, að viðhorfin hafi í augum flestra þeirra, sem ég þekki úr þeirra hópi, skýrzt þannig, að þeir hafi þá rangmetið aðstöðu okkar og skilji nú, hversu þýðingarmikið það samkomulag var og hversu þýðingarmikið er að grundvalla nýjan samning og fullgilda nýjan samning á sams konar grundvelli, eins og lýst hefur verið og segja má, að þetta samkomulag sé að eðli sínu grundvallað á innihaldi og efni fyrra samkomulagsins.

Ég vil sérstaklega, áður en ég lýk máli mínu, leggja áherzlu á, að það fáist skýrari viðhorf en fram komu hjá hæstv. viðskrh. í máli hans, hvað hann hyggst fyrir í þessu máli, og það dragist ekki úr þessu fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir, hvort hentugt sé að fullgilda þennan samning núna, eins og efni standa til og eins og hann liggur fyrir. Við höfum hvorki heyrt nú né höfum heyrt annars staðar, t. d. í stjórnmálablöðum, ágreining um það, að vel hafi verið unnið að gerð þessa samnings í beinu framhaldi af þeim grundvelli, sem lagður var í tíð fyrrv. ríkisstj., og samningurinn sé okkur mikils virði. Hins vegar leiðir það ef eðli málsins, að framtíðin sker að verulegu leyti úr um það, að hve miklu leyti hann verður okkur mikilvægur á sviði iðnaðarins.

Það kemur, eins og ég sagði, til vegna þess, að við getum ekki sér fyrir endann á því á þessari stundu, hversu miklir iðnþróunarmöguleikar okkar Íslendinga eru og hversu mikla möguleika við höfum til þess að afla nýrra útflutningsmarkaða. En það reynir fyrst og fremst á það, þegar þessir markaðir eru ekki lokaðir fyrir okkur eða hindraðir af háum tollmúrum, sem gera okkur erfiðari samkeppnina við aðra aðila og á vissan hátt útiloka okkur algerlega frá hagnýtingu þessara markaða.

Ég skal svo ekki á þessu stigi málsins hafa orð mín fleiri. Mér þætti vænt um, að það skýrðust ýmis þau viðhorf til þessara mála, sem ég hef vakið athygli á. Og ég tel nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir því, einmitt þegar jafnmikilvægt mál er á ferðinni, hvernig málin hafa þróazt að undanförnu, hvernig deilur hafa staðið um aðild okkar að viðskiptasamböndum í einu eða öðru formi.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því, að ef það er skoðun þeirra manna, sem nú standa að þessum samningi, að meginhluti allra þeirra mörgu orða, sem þeir höfðu, og fordæminga á EFTA-aðild á sínum tíma hafi verið misskilningur og vitleysa, þá höfum við vissulega náð miklum árangri og þá hafa þessir hæstv. ráðh., sem verstir voru viðmóts í sambandi við EFTA-málið, — og þar á ég að sjálfsögðu ekki við hæstv. samgrh., sem fylgdi málinu og hans flokkur, — þá hafa þeir lært nokkuð á því að vera þó ekki nema þennan tíma í ríkisstj. Verður að ætla, að á því tímabili hafi þeir tamið sér fremur en meðan þeir voru í stjórnarandstöðu að líta á málin frá ábyrgum sjónarmiðum.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Samningur Íslands og Efnahagsbandalagsins, þáltill. (þskj. 266). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 13. febr., að loknum 43. fundi.

Notkun svartolíu í togaraflota, fsp. (þskj. 161). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tæpt hálft ár hefur togarinn Narfi gert tilraunir með brennslu svartolíu. Hafa þessar tilraunir verið styrktar af opinberum aðilum, og er þetta í annað sinn, sem slíkar tilraunir hafa verið gerðar á togaranum Narfa.

Brennsla svartolíu í dísilvélum er í sjálfu sér ekkert nýmæli hér á landi. Nokkur íslenzk flutningaskip hafa notað svartolíu um árabil með ágætum árangri, en notkun svartolíu í fiskiskipum með miklu minni vélar er sem sagt á frumstigi hér á landi og nánast óþekkt erlendis. Reikna má með, að sá mikli skuttogarafloti, sem nú er að koma til landsins, muni nota gasolíu fyrir 300-400 millj. kr. árlega, og þegar haft er í huga, að verð svartolíu er aðeins 60% af verði gasolíu, er augljóst, að hér er um að ræða gífurleg verðmæti, sem kynni að vera unnt að spara, ef notkun svartolíu reynist tæknilega skynsamleg og fær leið.

Nú er málið að sjálfsögðu ekki svo einfalt, að reikna megi til nettóhagnaðar verðmuninn á svartolíu og gasolíu. Brennslu svartolíu fylgir vafalaust einhver aukakostnaður og talsverð fyrirhöfn, og til eru þeir, sem halda því jafnvel fram, að svartolían hafi í för með sér slíkt slit á vélum, að notkun hennar sé alls ekki fjárhagslega hagkvæm, þegar til lengdar lætur, og feli í sér of mikla áhættu. Ég er að sjálfsögðu ekki í hópi deiluaðila í þessu máli og hef enga fastmótaða sannfæringu um það, hvað rétt kann að vera í þessu efni, til þess skortir mig þekkingu. En mér virðist þó ljóst, að brýna nauðsyn beri til að fá úr því skorið, hvort það sé rétt, að spara megi kannske allt að 100 millj. kr. árlega með notkun svartolíu í íslenzkum togurum. Tilraunin, sem undanfarið hefur farið fram í togaranum Narfa, var fyrst um sinn miðuð við s. l. áramót, og virðist mér einsýnt, að henni beri að halda áfram. Jafnframt hlýtur að vera til athugunar, að sérstökum aðila, t. d. nefnd skipuð tæknilega sérmenntuðum mönnum, verði falið að tryggja framhald þessara rannsókna á vísindalegum grundvelli, þannig að senn fáist sem áreiðanlegust niðurstaða í þessu efni. Ef niðurstaðan yrði jákvæð, yrði jafnframt verkefni þessarar n. að gera till. um ýmsar nauðsynlegar ráðstafanir, sem sjálfsagt er að gera, ef stefnt verður að almennri notkun svartolíu á togaraflotanum.

Herra forseti. Þetta eru þau meginsjónarmið, sem búa að baki spurningu minni til hæstv. sjútvrh., þegar ég spyr, hvort þetta mikilvæga mál hafi verið kannað til hlítar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þessari spurningu er hægt að svara í mjög stuttu máli á þann veg, að þessi rannsókn hefur ekki enn verið gerð til hlítar, því miður. Það er búin að standa yfir alllangan tíma athugun á þessu máli, og nokkrar tilraunir hafa verið gerðar, en ekki er hægt að segja, að málið hafi enn fengið athugun, sem verður að telja fullnægjandi, til þess að hægt sé að þrýsta verulega á þá, sem ráða rekstri togaraflotans í landinu, að taka upp notkun á þessari olíutegund. En það er mjög margt, sem bendir til þess, að við ættum að geta notfært okkur þessa brennsluaðferð á jafnstórar vélar og þær, sem nú eru notaðar í okkar togaraflota. En það er margt, sem gripur hér inn í, ýmiss konar vantrú og tregða og kannske of lítil þekking þeirra, sem helzt eiga hlut að máli.

Athuganir á þessu máli hafa staðið yfir, eins og ég sagði, í alllangan tíma. Það var strax á

árinu 1968, sem nokkuð var hafizt handa í þessum efnum, og síðan hafa athuganir meira og minna farið fram á hverju ári. Það hefur sérstaklega verið Ólafur Eiríksson tæknifræðingur, sem hefur haft áhuga á því að koma fram þessum breytingum í rekstri okkar stærri skipa. Hann hefur kynnt sér þessi mál meira en flestir aðrir, bæði fylgzt með rannsóknum hérlendis og kynnt sér málið erlendis frá. En sem sagt, þær rannsóknir, sem fram hafa farið, hafa ekki enn leitt til þess, að fært þyki að knýja verulega á þá aðila, sem ráða rekstri togaraflotans, að taka upp notkun á þessari olíu. En rannsóknum þessum verður haldið áfram, og ég tek undir það með fyrirspyrjanda, að það væri auðvitað æskilegast að velja til þessara rannsókna tæknimenntaða menn, sem gætu lagt alveg ótvíræðan dóm á það, hvort rétt væri að ráðast í að taka almennt upp notkun á þessari olíutegund á okkar stærri fiskiskipum.

Það var til þess ætlazt af mér, þegar ég kom inn í þetta mál, að undir forustu Fiskifélagsins, sem að eðlilegum hætti á að láta sig mál eins og þetta varða, yrði á vegum þess framkvæmd allítarleg rannsókn, þar sem t. d. Ólafur Eiríksson tæknifræðingur og Gunnnar Bjarnason fyrrv. skólastjóri Vélskólans, sem einnig hefur sýnt mikinn áhuga á þessu máli og er kunnáttumaður í þessum efnum, þeir gætu framkvæmt á vegum Fiskifélagsins nægilega ítarlega rannsókn varðandi málið, sem síðar mætti byggja á. Því miður hefur þetta ekki tekizt enn. En reynt verður að vinna að framhaldsrannsóknum til þess að fá lyktir í þessu máli.

Eins og ég sagði, hafa komið fram ýmsar efasemdir og tregða, og af hálfu Fiskifélagsins hefur verið bent á margvislega agnúa, sem séu á því að taka upp þessa breytingu. Ég ætla þó, að hægt verði að fá endanlega úr því skorið innan tíðar, hvort þetta er tiltækilegt og hvort hægt verður að spara verulega fjármuni við rekstur hinna stærri fiskiskipa. En á því leikur lítill vafi, því að ef ekki koma fram neinir verulegir gallar við að taka upp notkun á þessari olíu í vélunum, gæti hér verið um mikinn sparnað að ræða.

Sem sagt, svar mitt er, að það hefur ekki farið fram fullnaðarathugun á málinu, en rannsókn verður haldið áfram.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans. Hv. þm. gerðu þá skyssu hér í fyrra að skammta sjálfum sér einar litlar tvær mínútur í fsp.-tíma, og tíminn leyfir því nánast engar frekari aths. En ég vil leggja á það áherzlu, að tilraunum þessum verði haldið áfram og opinberir aðilar veiti stuðning sinn til þess. Ég álít, að í fyrsta lagi þurfi að ljúka þessari tilraun um borð í Narfa og einnig sé nauðsynlegt að gera sams konar tilraun í öðru skipi, sem væri með aðra gerð vélar. Jafnframt vil ég leggja á það áherzlu, að komið verði á fót sérstakri n. til að vinna að þessum málum, sérstaklega ef niðurstaða bendir í þá átt, að þetta sé hyggilegt frá fjárhagslegu sjónarmiði. Slík n. hefði vafalaust margvísleg verkefni að vinna að, bæði hvað snertir skipulagningu á dreifingu olíunnar, hvað snertir hugsanlegt námskeið fyrir vélstjóra til að sérmennta þá til að annast vélar, sem nota slíka olíu, til þess að hafa eftirlit með innfluttri olíu, m. a. sýrustigi hennar, og til þess að hafa almennt eftirlit með framkvæmd þessa máls. Ég tel sem sagt ótvírætt, að slík n. hefði fjöldamörg mikilvæg verkefni að vinna að og því sé mjög nauðsynlegt og eðlilegt, að henni sé komið á fót.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér inn í þessar umr. til þess að benda á það, að hér er um stórmál að ræða. Það hefur verið gerð könnun á notkun svartolíu í ákveðnu fiskiskipi, í Narfa, nú um nokkurra mánaða skeið, og reynsla hefur verið með ágætum. Það hefur sýnt, að þarna er um mikinn sparnað að ræða, og nýlega hefur verið gerð könnun á því, að þessi svartolía hefur ekki valdið sliti á vélum skipsins. Mér sýnist satt að segja, að hér sé um það að ræða að vinna fyrst og fremst bug á vissum tregðuöflum, sem vegna e. t. v. hagsmuna standa gegn þessari nýjung. Ég vil ekki vera með dylgjur í eina eða aðra átt, en það segir sig sjálft, að alltaf, þegar um nýjungar er að ræða, eru menn tregir að bregðast vel við. Ef reynist unnt að spara togaraflotanum í rekstrarkostnað e. t. v. 100 millj. kr. á ári, er það ekki svo lítil upphæð, og ég vil því eindregið taka undir það, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að nauðsynlegt sé að halda þessum rannsóknum áfram og fá til þess rétta aðila, sem eru utan við þrengstu hagsmunahópana. Jafnvel þó að árangurinn yrði neikvæður, má einskis láta ófreistað til að komast að niðurstöðum um hið rétta í þessu máli. Hér er um stórmerkilegt mál að ræða, og ég treysti því, að hæstv. sjútvrh. leiði þetta mál til lykta á þann hátt að fá fagmenn til að kanna, hvort svartolía geti í raun og veru sparað togaraflotanum og þjóðarbúinu 100 millj. kr. á ári eða svo.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 299). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir smábreytingu á nýsettum lögum um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu. Með frv. er farið fram á, að bætt verði við lögin ákvæði um að stofna sérstakan flutningasjóð í sambandi við loðnulöndunina, og er þar gert ráð fyrir því, að kaupendur loðnu greiði í þennan sérstaka flutningasjóð 15 aura á hvert kg af landaðri loðnu til viðbótar því lágmarksverði, er Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur þegar ákveðið og tilkynnt. Síðan er gert ráð fyrir því, að loðnulöndunarnefndin, sú n., sem á að hafa með höndum stjórn á loðnulöndun, stjórni þessum flutningasjóði og setji reglur um greiðslur úr sjóðnum.

Lagt er til að gera þessa breytingu á lögunum, eins og fram kemur í grg. frv., samkvæmt sérstakri ósk frá yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarút-

vegsins eða þeim aðilum, sem stóðu að því að koma sér saman um verð á loðnu á yfirstandandi vertíð, en þegar þessi verðákvörðun var tekin í síðara skiptið, varð algjört samkomulag í yfirnefndinni á milli seljenda og kaupenda um verðið og um þann grundvöll, sem hér er lagt til, að lögfestur verði varðandi loðnuflutningasjóð. Hér er því nánast um samkomulagsatriði á milli þeirra aðila að ræða, sem hér eiga hlut að máli, og þykir rétt að lögfesta þetta samkomulag af ýmsum ástæðum. Málið skýrir sig sjálft, og ég sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 276, 121, 298). — 3. umr.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Við 2. umræðu þessa máls hér í hv. deild komu fram óskir um, að sjútvn. athugaði þetta mál nokkru nánar, áður en 3. umr. færi fram. Bæði var það svo, að hv. 5. þm. Vestf. hafði borið fram brtt., sem hann tók aftur til 3. umr., og einnig hafði 2. þm. Vesturl., sem sæti á í sjútvn., en var fjarstaddur vegna veikinda, þegar málið var afgreitt úr nefnd, óskað eftir því, að málið yrði rætt frekar.

Sjútvn. tók þetta mál á ný til athugunar á fundi sínum s. l. mánudag, og varð nefndin sammála um að flytja brtt. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 298. Í brtt. felast tvær meginbreytingar frá frv., eins og það liggur hér fyrir eftir 2. umr. Í fyrsta lagi er með þessari brtt. ákveðið sagt, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skuli starfrækja rannsóknastofur utan Reykjavíkur eftir nánari ákvörðun ráðherra og að fengnum till. aðila fiskiðnaðarins, en í frv. segir, að stefnt skuli að því o. s. frv. Þá er einnig lagt til í brtt. n. að fella burt að binda staðsetningu slíkra rannsóknastofa við fjórðungana. Nefndin taldi fjórðungana ekki æskileg svæðismörk í þessu efni. Eðlilegra hefði verið að binda þetta við kjördæmin, ef um þrengri svæðismörk væri að ræða. En eðlilegast telur sjútvn., að svæðismörkin séu ekki nánar tilgreind, en að segja aðeins í lögunum: utan Reykjavíkur. Koma þá að sjálfsögðu til þau rök, að þeir, sem njóta eiga þjónustunnar, velji þá staði, sem að mestu gagni koma í þessu efni. Nefndin gat ekki fallizt á að tiltaka ákveðna staði og allra sízt einn stað, enda kom það fram í umsögnum, er fyrir lágu, bæði frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og LÍÚ, að alls ekki væri rétt að staðbinda aðsetur slíkra rannsóknastofa í lögum. Hin meginbreytingin í þessari brtt. er varðandi stofnkostnaðinn. Frv. gerir ráð fyrir, að leita skuli samstarfs við fiskiðnað og fleiri aðila um stofnsetningu og starfrækslu slíkrar rannsóknastofu. Í brtt. n. er þetta skýrar ákveðið, þar sem helmingur stofnkostnaðar skal greiðast af þeim, er þjónustunnar njóta. Eins og kunnugt er, hefur ein rannsóknastofa verið sett á stofn utan Reykjavíkur, líkt og hér er gert ráð fyrir. Vestmanneyingar komu á fót rannsóknastofu og greiddu sjálfir allan stofnkostnaðinn. Enda þótt rannsóknastofan í Vestmannaeyjum verði sennilega á ýmsan hátt fyrirmynd annarra slíkra, er síðar verða settar á stofn, taldi sjútvn. ekki fært að ganga lengra í þessu efni en brtt. gerir ráð fyrir, þ. e. að heimaaðilar greiði helming stofnkostnaðar. Hins vegar mun sá samningur, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði við Vestmanneyinga um reksturinn, vafalítið verða fyrirmynd annarra, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur með þeim samningi skuldbundið sig til að hafa einn sérfræðing og aðstoðarmann að staðaldri í Vestmannaeyjum og greiða laun þeirra en þó má sú greiðsla ekki fara fram úr fjárveitingu Alþ. til þessa verkefnis, en allur annar kostnaður verður greiddur af tekjum af seldri þjónustu og framlögum fiskiðnaðarins. Þessi rannsóknastofa er því nánast útibú frá aðalstöðvunum hér í Reykjavík.

Ég hef hér að nokkru gert grein fyrir þeim breytingum, sem felast í till. sjútvn. Telur n., að með þeim breyt. sé stefnt mjög í rétta átt. Þörfin fyrir rannsóknastofur utan Reykjavíkur hefur aukizt ár frá ári, m. a. vegna aukinna krafna frá viðskiptaþjóðum okkar. Einnig er augljóst, að ein rannsóknastofa staðsett í Reykjavík kemur alls ekki að fullum notum fyrir byggðarlög víðs vegar um landið, og kemur þar margt til, sem ekki verður rakið hér.

Þá þarf og að sníða fyrirkomulag slíkra stofnana eftir aðstæðum á hverjum stað.

Eins og ég gat um í upphafi, stendur sjútvn. óskipt að þessari tillögu. Einn nm., Oddur Ólafsson, var þó ekki á fundinum, en hann hafði áður tjáð sig efnislega sammála því, sem brtt. gerir ráð fyrir. Ég vil þó aðeins, áður en ég lýk máli mínu, beina þeim tilmælum til hv. 5. þm. Vestf., að hann dragi brtt. sína til baka. Efnislega er enginn ágreiningur, og þær breytingar, sem sjútvn. gerir, ganga að nokkru leyti í átt til brtt. hans. Það má svo bæta því við, að vafalítið yrði Ísafjörður fyrir valinu á Vestfjörðum af mörgum augljósum ástæðum, sem ekki er þörf að rekja frekar hér, þegar slík rannsóknastofa yrði sett á stofn á Vestfjörðum. Hefur komið fram, að fiskvinnslustöðvar á Vestfjörðum hafa áhuga á að veita hliðstæða aðstoð og Vestmanneyingar hafa gert.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls beindi ég þeirri ósk til sjútvn., að hún tæki málið til frekari athugunar í tilefni af brtt., sem ég hafði borið fram á þskj. 121. Hv. 4. þm. Vestf., formaður sjútvn., hefur greint hér frá niðurstöðum athugana sjútvn. á málinu, sem liggja fyrir í brtt. á þskj. 298. Ég skal ekki fjölyrða um þá till. Ég vil aðeins taka fram, að mér þykir þar mikil bót gerð á frumvarpsgreininni, og þar er, eins og hv. 4. þm. Vesf. tók fram, kveðið miklu nánar á um þessi efni. Í staðinn fyrir, að í frvgr. var talað um, að stefnt skyldi að því að koma upp rannsóknastofum utan Reykjavíkur eða úti á landsbyggðinni, er nú tekið skýrt fram, að starfræktar skuli rannsóknastofur utan Reykjavíkur. Enn fremur er

mikið til bóta, að tekið er fram í till. sjútvn., hve mikill stofnkostnaðurinn á að vera, sem ríkið greiðir. Um þetta var fullkomin óvissa samkv. frvgr. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Vestf. segir, að till. sjútvn. gengur í átt til þess, sem ég hef haldið fram í þessu máli, en að vísu hefur sjútvn. ekki mælt með samþykkt minnar brtt. Ég fyrir mitt leyti hefði talið, að það hefði vel mátt fara saman að gera það og breyta frvgr. á þann veg að öðru leyti, sem n. gerir till. um.

Ég skal ekki orðlengja hér eða fara að endurtaka þau rök, sem ég hef flutt við fyrri umr. um þetta mál. En með tilliti til þess, að það var ég, sem óskaði eftir, að sjútvn. tæki málið til frekari athugunar, og með tilliti til þess, að till. sjútvn. gengur verulega í þá átt til þess, sem mér þykir betra, og í þriðja lagi með tilliti til þess, að það hefur náðst samstaða í sjútvn. um málið, þá dreg ég till. mína til baka.

ATKVGR.

Brtt. 121 tekin aftur.

Brtt. 298 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég tel, að ekki verði komizt hjá því að vekja athygli þings og þjóðar á því, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki lengur vera þeim vanda vaxin, sem sérhver ríkistj. hlýtur að eiga við að glíma. Ríkisstj. er augljóslega sjálfri sér svo sundurþykk í veigamiklum atriðum og stuðningur hennar á Alþ. er augljóslega orðinn svo hæpinn, að segja má, að í raun og réttri sé landið stjórnlaust að verulegu leyti. Ég skal finna þessum orðum mínum stað, greina frá því, hvers vegna ég vek athygli á jafnalvarlegu ástandi í stjórnmálum og stjórnarháttum landsins og ég tel nú eiga sér stað.

Í fyrradag er útbýtt hér í hv. Nd. stjfrv. frá ríkisstj., sem gerir ráð fyrir tveim breytingum á vísitölugrundvellinum, þeirri viðmiðun, sem kaupgjald í landinu allt á að breytast eftir. Öllum er kunnugt, hvað í þessu felst. Meiningin er sú að láta vísitölu 1. marz n. k. og þar með kaupgjald hækka um það bil 2.8% minna en ella hefði átt sér stað, um 2.8% minna en það á að hækka samkv. þeim samningum milli vinnuveitenda og launþega, sem í gildi eru og ríkisstj. átti á sínum tíma aðild að, að gerðir væru, og fagnaði mjög. Nú hefur hins vegar gerzt samkv. blaðafrásögn í morgun, að einn helzti stuðningsmaður ríkisstj. og einn sá valdamesti, hv. þm. Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, lýsir því yfir, að hann muni greiða atkv. gegn þessu frv. Hann skýrir jafnframt frá því, að ekkert samráð hafi verið haft við stjórn Alþýðusambands Íslands um flutning þessa máls. En eitt af stefnuskráratriðum núv. ríkisstj. hefur einmitt verið, það hefur verið margyfirlýst og ítrekuð stefna, að hafa samráð við launþegasamtök varðandi allar aðgerðir á því sviði, sem snerta kjarasamninga, og raunar um allar aðgerðir, sem hafa mikilvægar efnahagsafleiðingar.

Þetta frv. snertir að sjálfsögðu grundvöll gildandi kjarasamninga, því að í því felst, að með lögum sé því breytt, hvernig kaupgjald skuli reiknað út. Í kjarasamningunum er miðað við þann vísitölugrundvöll, sem nú er í gildi, en breyta á með þessum lögum, þannig að lagasetningu skv. frv. er augljóslega breyting á gildandi kjarasamningum. Samt lýsir hv. þm., forseti Alþýðusambands Íslands, yfir, að ekkert samráð hafi verið haft við hann eða stjórn Alþýðusambands Íslands um málið, hann sé frv. andvígur og muni greiða atkv. gegn því. Það er talið, að hið sama eigi við um annan þm. SF, þann þm. utan ráðherrahópsins, sem á sæti í þessari hv. d. Ef það er rétt, sem ég skal ekkert fullyrða um, fyrir því hef ég engar öruggar heimildir, — ef það er rétt, sem mér þætti ekki ósennilegt, þá er alveg augljóst, að þetta stjfrv. hefur ekki meirihluta fylgi á Alþ. Ef stjórnin gerði samþykkt þess að fráfararatriði, þá væri stjórnin þar með fallin, þá væri meirihlutastuðningur hennar hér á hinu háa Alþ. úr sögunni.

Það er einsdæmi, að ríkisstj. flytji stjfrv., án þess að það hafi verið lagt fyrir þá þingflokka, sem hana styðja. En af yfirlýsingu Björns Jónssonar, forseta ASÍ, í morgun virðist mega ráða, að ekkert samráð hafi verið haft við þingflokk hans, þ. e. a. s. þingflokk SF, um flutning þessa máls, og þá eflaust ekki heldur við þingflokk hæstv. forseta d. Slíkt er auðvitað algert einsdæmi.

En þetta er ekki einasta ástæðan til þess, að ég vek athygli á því alvarlega ástandi, sem ég tel ríkja í stjórnmálum og stjórnarháttum landsins. Í gær fóru hér fram umr. um eitt stærsta mál, sem fyrir þetta Alþ. hefur verið lagt, þ. e. till. um staðfestingu samnings um aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Hér er um að ræða stærsta viðskiptasamning, sem Íslendingar hafa gert í gervallri viðskiptasögu sinni. Þennan samning gerði ríkisstj. á s. l. sumri í Brüssel. Hann tekur ekki gildi, fyrr en Alþ. hefur staðfest hann, hefur fullgilt hann. Það er vitað, að innan ríkisstj. og þá væntanlega einnig stuðningsflokka ríkisstj., hefur verið ágreiningur um það, hvort staðfesta eigi samninginn eða ekki, vegna þeirra bókana, sem báðir samningsaðilar gerðu í tilefni af landhelgisdeilunni. Ég hef flutt till. um, að Alþ. feli ríkisstj. að fullgilda þennan samning, og það er skoðun flokks míns, að það eigi ríkisstj. að gera fyrir 1. marz n. k., til þess að hann geti tekið gildi að því er snertir viðskipti með iðnaðarvörur og ýmsar sjávarafurðir þegar 1. apríl n. k. Það mundi vera til tvímælalauss hagnaðar fyrir íslenzkan iðnað og fyrir íslenzkan sjávarútveg, þótt viss tollfríðindi hans kæmu ekki til framkvæmda vegna landhelgisdeilunnar. Frsm. fyrir till. ríkisstj. um að heimila ríkisstj. að fullgilda samninginn var hæstv. viðskrh. Hann talaði gegn því, að samningurinn yrði fullgiltur fyrir 1. marz n. k., öðruvísi a. m. k. urðu orð hans ekki skilin. Ég skildi þau og túlkaði þau þannig í ræðu, sem ég flutti á eftir ræðu hans í gær, og óskaði eftir því, að ef hér væri um

misskilning að ræða, vegna þess að ráðh. tók ekki mjög ljóst til orða frekar en fyrri daginn, að hann leiðrétti túlkun mína, ef ég hefði misskilið hann. En hann gerði það ekki, og hlýt ég að taka það sem staðfestingu á því, að hann sé andvígur því, að samningurinn sé fullgiltur fyrir 1. marz n. k. og taki gildi 1. apríl.

Í tilefni af þessu beindi ég þeirri ákveðnu fsp. til annaðhvort hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., hvort hæstv. viðskrh. talaði hér í nafni ríkisstj. eða ekki og hvort ríkisstj. mundi vilja gefa yfirlýsingu um það, hvað hún hygðist gera í málinu fyrir 1. marz. Hæstv. forsrh. var því miður ekki staddur á fundi Sþ., þegar ég flutti ræðu mína. Hæstv. utanrrh. var hins vegar staddur í d. og heyrði mál mitt, en kaus að svara ekki neinu. Af þessu taldi ég mig ekki geta dregið aðra ályktun en þá, að ríkisstj. hefði enn ekki tekið afstöðu til málsins, hún væri sundruð í afstöðu sinni, sumir ráðh. væru með staðfestingu á samningnum, aðrir, eins og hæstv. viðskrh., væru henni andvigir. M. ö. o.: líka í þessu stærsta utanríkisviðskiptamáli, sem Alþ. hefur fjallað um árum saman, máli, sem er enn stærra en aðildin að EFTA á sínum tíma, er ríkisstj. sundruð. Ráðh. virðast hafa hver sína skoðun á málinu og ekki vera búnir að koma sér saman um, hver niðurstaðan eigi að vera, og hið sama gildir þá væntanlega einnig um stuðningsflokka ríkisstj.

Þetta er annað dæmið um svo augljósa sundrung innan ríkisstj. og innan þess liðs, sem ber ábyrgð á henni hér á hinu háa Alþ., að það hlýtur að teljast hið allra alvarlegasta ástand. Frekari dæmi skal ég nefna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að því miður hafa nokkrar deilur orðið milli blaða og stjórnmálamanna um samstöðu Alþ. í viðlagasjóðsmálinu, þ. e. a. s. um þá aðstoð, sem Vestmanneyingum á að veita með stofnun Viðlagasjóðs. Menn hafa sagt forsögu málsins með mjög ólíkum hætti. Það er saga, sem væri ástæða til að rekja miklu nánar og mun verða gert síðar. Ég sé ekki ástæðu til að gera það ítarlega nú, en vil þó nefna eitt mikilvægt atriði í þessu sambandi, sem er enn eitt dæmi um það, hvernig stjórnin og stuðningsflokkar hennar eru sjálfum sér sundurþykk. Einn hæstv. ráðh., hæstv. iðnrh., átti viðtal við blað sitt, Þjóðviljann, fyrir meira en viku og ræddi þar um þær frumtill. um málið, sem embættismenn hefðu gert, og átti hann þar við fyrsta frv., sem lagt var fram á ráðherrafundi, þar sem við formaður Sjálfstfl., Jóhann Hafstein, vorum staddir. Þetta frv. kallaði ráðh. frv. embættismanna, sem væri ríkisstj. algerlega óviðkomandi, enda hefði ríkisstj. síðar samið annað frv. úr þessu frv. embættismannanna. Þessi saga er síðan ekki aðeins endursögð, heldur margítrekuð og undirstrikuð í aðalmálgagni hæstv. ríkisstj., blaði hæstv. forsrh., Tímanum, s. l. sunnudag í heillar síðu helgargrein. Þar er í ítarlegu máli talað annars vegar um frv. embættismannanna, hugmyndir embættismannanna, og hins vegar um síðari till. ríkisstj. í málinu. Hér er hallað réttu máli. Af hálfu hæstv. iðnrh. er áreiðanlega vísvitandi hallað réttu máli. Hann var á ráðherrafundinum, sem við Jóhann Hafstein vorum á, og veit vel, hvað þar gerðist, og einnig um aðdraganda þess ráðherrafundar. Ég get auðvitað ekki fullyrt, að blaðamaður við Tímann, þótt ritstjóri sé, viti allan sannleikann í málinu. En hann hefði átt að afla sér réttra upplýsinga, áður en hann skrifaði, eins og hann skrifaði s. l. sunnudag. Sannleikurinn er sá, að þrem dögum áður en þessi ráðherrafundur á laugardagsmorgni var haldinn, hafði forsrh. gert boð fyrir okkur formann Sjálfstfl. og kynnt okkur, hvað ríkisstj. hefði á prjónunum varðandi hinn mikla vanda, sem upp væri kominn vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum. Þau atriði, sem hann sagði, að ríkisstj. væri að hugleiða og hefði beðið embættismenn, — ég endurtek: hefði beðið embættismenn um að færa í frv.-form, voru í aðalatriðum þessi, — þau voru 8, en ég nefni 5 aðalatriðin:

1. Að fresta þeirri 6—7% kauphækkun, sem taka átti gildi 1. marz n. k.
2. Skerðing á vísitölunni, þ. e. a. s. binding kaupgjaldsvísitölunnar við ákveðin vísitölustig án tillits til þess, hvernig þessi vísitala ætti að vera samkv. framfærsluvísitölu.
3. Bann gegn kauphækkunum til loka núv. samningstímabils.
4. Hækkun á söluskatti, án þess að kaupgjald hækkaði á móti.
5. Frestun á opinberum framkvæmdum.

Þetta voru aðalatriðin í því, sem hæstv. forsrh. tjáði okkur formanni Sjálfstfl. á tveim fundum með honum einum, þar sem við vorum eingöngu þrir, sem hann tjáði okkur á tveim fundum í þessari viku, að væru hugmyndir ríkisstj. og tveir embættismenn, þeir Jóhannes Nordal og Jón Sigurðsson, hefðu verið beðnir um að færa í frv.-form. Það var þetta frv., sem barst inn á ráðherrafundinn, sem við Jóhann Hafstein sátum umræddan laugardagsmorgun. Það er án efa rétt, að ráðh. sáu frv. þá fyrst, enda var samningunni ekki lokið fyrir þann morgun, svo að við sáum frv. jafnsnemma og þeir. En við Jóhann Hafstein vissum jafnvel um innihald frv. og ráðh. sjálfir, því að innihaldið hafði áður verið rætt á ráðherrafundum. Mér kemur ekki til hugar, að hæstv. forsrh. hefði skýrt okkur frá þessum efnisatriðum nema að undangengnum umr. á væntanlega fleiri en einum ráðherrafundi. Það eru því augljóslega bein ósannindi, þegar einn af ráðh. kennir þetta frv. við embættismennina og kallar það þeirra hugmyndir. Það eru bein ósannindi, þegar einn af ritstjórum Tímans skrifar heillar síðu grein s. l. sunnudag og heldur áfram að kenna þetta frv. við embættismennina og segir ríkisstj. enga ábyrgð hafa borið á innihaldi þess. Hitt er svo rétt, að ríkisstj. breytti þessu frv. í ýmsum atriðum og endanlegt samkomulag var byggt á allt öðrum grundvelli en efnisinnihaldi þessara tveggja frv., sem ríkisstj. lét embættismennina semja. Þess má geta, að þeir sömdu líka seinna frv., svo að með nákvæmlega sama rétti hefði mátt kenna það við embættismennina. Þeir sömdu bæði frv. eftir beinum fyrirmælum hæstv. forsrh., auðvitað gefnum í nafni allrar ríkisstj. Mér dettur ekki í hug, að hann hegði sér öðruvísi en þannig að hafa félaga sína í ríkisstj. á bak við sig, þegar hann gefur embættismönn-

unum fyrirmæli um jafnmikilvæg atriði og þau að festa í frv.-form lagafyrirmæli um ákveðnar efnahagsráðstafanir.

Ástæðan til þess, að hvorugt þessara frv., ekki seinna frv. heldur, var lagt fram, var ekki fyrst og fremst ágreiningur við stjórnarandstöðuna, eins og látið hefur verið að liggja, án þess þó að fullyrða það beinlínis. Ástæðan til þess, að frv. var ekki sýnt mánudaginn eftir, var sú, að um helgina kom í ljós, að það hafði verið vanrækt, þótt full samstaða væri innan ríkisstj., að hafa samráð við alla stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. Það hafði verið vanrækt að hafa nokkurt samband við stjórn Alþýðusambandsins, og var meira að segja lýst yfir, að ekki væri meiningin að gera það. Það hafði verið vanrækt að hafa samstarf við forseta Alþýðusambandsins. Það hafði verið vanrækt að hafa full samráð við þingflokk hans, þingflokk SF, og þá kom í ljós hið sama, sem ég var að geta um í upphafi máls míns, að hefði komið í ljós um frv. um vísitöluskerðinguna nú, að hálfur þingflokkur SF, þ. e. a. s. þeir tveir þm. hans, sem eru ekki ráðh., voru frv. — seinna frv. líka — algerlega andvígir. M. ö. o.: það frv. hafði ekki þingmeirihl. að baki sér frekar en frv., sem ég gerði að umtalsefni í upphafi máls míns.

Ríkisstj. gat auðvitað ekki reiknað með því, að stjórnarandstaðan samþykkti með henni frv., sem tveir af helztu stuðningsmönnum hennar, hvor í sinni d., væru algerlega andvígir, og þá var vitað um, að stjórn Alþýðusambandsins var algerlega andvíg. Það var vegna þessa ágreinings, sem frv. var ekki sýnt á mánudeginum, eins og upphaflega hafði verið tilætlunin, en breytt um stefnu í þá átt, að mínu viti mjög hyggilega og skynsamlega, að kjósa 7 manna n. til þess að semja nýtt frv. um aðstoðina við Vestmannaeyjar. Það tókst samstarf um kosningu beirrar n. og samstarf í n. undir mjög ánægjulegri og farsælli forustu hv. 1. bm. Austf., Eysteins Jónssonar. Ég veit, að allur þingheimur og þjóðin hefur fagnað því, að samkomulag skyldi nást í þeirri n. Það var ekki vandalaust. Allir urðu að slá nokkuð af því, sem þeir töldu réttast, en formaður n. leiddi þá samninga af hyggindum og festu og samkomulag náðist. Það varð ágreiningur í n., sem ég skal ekki víkja að nú til þess að blanda honum ekki inn í þetta mál. Það er þessu máli, sem ég hér er að tala um, í raun og veru algerlega óviðkomandi. En sú saga verður líklega að segjast öll, þó að síðar verði.

Hér hef ég nefnt þrjú dæmi: vísitölufrv., sem er lagt fram í dag, Efnahagsbandalagsmálið, sem augljóslega er ekki samstaða um innan ríkisstj. sjálfrar, þótt stórmál sé, og svo Viðlagasjóðsmálið, sem sannleikurinn hefur ekki verið sagður um fram að þessu jafnumbúðalaus og ég hef sagt hann hér. Ágreiningur í stjórnarflokkunum hefur verið slíkur, að meiri hl. stjórnarinnar á þinginu hefur raunverulega verið brostinn. Þessi þrjú dæmi sýna, að eðlilegur og traustur samstarfsgrundvöllur þessara stjórnarflokka er í raun og veru brostinn.

Þetta er þeim mun alvarlegra, — og nú kem ég að niðurstöðu máls míns, — þetta er þeim mun alvarlegra vegna þess, að nú dynja yfir Ísland efnahagserfiðleikar utan að, sem eru mjög alvarlegir og hljóta að setja þjóðina í mikinn vanda og verða henni til mikillar byrði. Við eigum ekki aðeins við að etja náttúruöflin, svo óskapleg, svo hörmuleg sem sú viðureign þó er, og orðlengi ég ekki um það. Það hefur einnig gerzt, að okkar stærsta viðskiptaþjóð, Bandaríkin, hefur fellt gengi sitt um 10%. Það rýrir verðmæti þeirrar vöru, sem við flytjum til Bandaríkjanna, og þar er um að ræða hvorki meira né minna en 31% af heildarútflutningi okkar. Það rýrir verðgildi þeirrar vöru, hvernig sem á málinu verður tekið, um 10%. 31% af heildarútflutningi okkar rýrna um 10% í verðmæti vegna þessara ráðstafana. Hér er auðvitað um stóráfall að ræða. Það má mæta þessu áfalli með ýmsum hætti. Ef því yrði mætt þannig, að dollarinn yrði látinn lækka úr tæpum 100 kr. í tæpar 90 kr., þá yrðu þeir, sem flytja á Ameríkumarkað, að bera þetta áfall. Við flytjum hins vegar ekki nema um 7—8% af innflutningi okkar inn frá Bandaríkjunum, svo að lækkun vöruverðs hér vegna lækkaðs innflutningsverðs frá Bandaríkjunum mundi verða tiltölulega mjög lítil. Í þessu er fólgið tjón okkar. Það verður 10% lækkun á næstum ⅓ af okkar útflutningi, það verður 10% lækkun á 1/12—13 af okkar innflutningi. Þetta er tjón, tjón í raunverulegum verðmætum, sem með einhverjum hætti verður að bera. Verði það borið þannig, að dollarinn verði látinn lækka og gengi annarrar myntar látið haldast óbreytt, þá bera tjónið þeir útflytjendur, sem flytja vörur á Bandaríkjamarkað. Verði við því brugðizt eins og síðast, þegar slíkir atburðir gerðust, að krónan fylgi dollarnum, þá hækka allar aðrar myntir í verði um ca. 10%. Útflutningur til þeirra landa hækkar um 10%, og innflutningur frá þeim hækkar líka um 10%. En um öll önnur lönd en Bandaríkin, ef við tökum þau sem heild, gildir öfugt, ef að líkum lætur. Við flytjum miklu meira inn þaðan heldur en út þangað, þannig að sú hækkun, sem útflytjendur fengju á sínar vörur, sem við flytjum til annarra markaða en á Bandaríkjamarkað, koma á hlutfallslega miklu minni hluta í útflutningsverzluninni heldur en sú hækkun, sem verður á þeim vörum, sem við flytjum inn þaðan. Verði þessi kostur tekinn, að láta krónuna fylgja dollarnum, þá á sér stað gífurleg verðhækkun á öllum vörum, sem við flytjum inn frá öðrum löndum en Bandaríkjunum, þá kemur tjón þjóðarheildarinnar fram í því formi. Þá hækkar verðlag og framfærslukostnaður hér innanlands og þá væntanlega einnig kaupgjald að óbreyttum samningum stéttarfélaga. Hér er um mikinn viðbótarvanda að ræða, viðbótarvanda við þann, sem hæstv. ríkisstj. skapar sjálf, og þann gífurlega vanda, sem náttúruhamfarirnar í Eyjum hafa fært þjóðinni, hér er um enn nýjan vanda að ræða, og þá er ástandið á stjórnarheimilinu þannig, þá er ástandið í æðstu stjórn landsins þannig, að við völd situr stjórn, sem er sjálfri sér sundurþykk og í raun

og veru veit ekki, hvort hún hefur meirihlutafylgi hér á Alþ. eða ekki. Það er þetta alvarlega ástand, sem ég hef talið mér skylt að vekja sérstaka athygli á.

Ég mun hafa látið svo um mælt, — og þetta skulu vera síðustu orð mín, — ég mun hafa látið svo um mælt í umr. um efnahagsmál í des. s. l., að þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. þá að lokum eftir miklar deilur og mikla sundrung sameinaðist um, bæru þess vott, að dauðastríð ríkisstj. væri hafið. Ég minnti á þau fleygu orð Steins Steinarr, að það vinni „ekki neinn sitt dauðastríð". Auðvitað er ríkisstj. nú að tapa dauðastríði sínu. En undir lokin ættu hún að leiða hugann að hagsmunum alþjóðar og játa ósigur sinn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég met mjög mikils þær áhyggjur, sem hv. 7. þm. Reykv. hefur af velferð núv. stjórnar. Mér skilst af máli hans, að hann telji orðna þörf á því, að núv. ríkisstj. fái sér sáttasemjara.

Það voru nokkuð mörg atriði, sem hann vék að, aðallega þrjú atriði þó, að vísu í nokkuð löngu máli, og ég skal aðeins drepa á þau.

Í fyrsta lagi er það út af því, sem hann sagði í sambandi við vísitölufrv. Þá vil ég segja það, að stjórnin mun ekki gera samþykkt þess frv. að neinu skilyrði fyrir áframhaldandi setu sinni. Örlög þess munu sem sagt ekki út af fyrir sig hafa áhrif á það, hvort núv. stjórn situr áfram eða ekki. Að þessu mun ég víkja nánar hér á eftir, þegar ég mæli fyrir frv.

Annað atriði, sem hann vék að, var spurningin um fullgildingu á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið. Ég gat því miður ekki verið við umr. hér í gær um það mál og veit þess vegna ekki, hvað þar hefur komið fram. En með þeirri till., sem ríkissti. hefur lagt fyrir hv. Alþ., óskar hún eftir heimild til þess að staðfesta samninginn. Ég geng út frá því sem gefnu, að sú heimild verði notuð. Ég mun leggja það til.

Viðvíkjandi þriðja meginatriðinu, sem hann minntist á og var reyndar nokkuð langorður um, forsögu laganna um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey, get ég sagt það strax, að ég tel ekki réttmætt að eigna emmættismönnum þeim, sem þar er um að tefla, Jóhannesi Nordal og Jóni Sigurðssyni, þau frumdrög að frv., sem hann minntist á. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að eftir að niðurstaða hefur fengizt á Alþ. um það mál og á þann veg, að fullt samkomulag náðist, þá hefði verið skemmtilegast fyrir alla aðila, að menn hættu öllu pexi um forsögu málsins. En að gefnu þessu tilefni hjá hv. 7. þm. Reykv. og vegna skrifa, sem hafa farið fram um það mál, tel ég þó rétt að rifja þá forsögu upp í örfáum orðum.

Það er rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði um afskipti mín af því, að ég hefði kvatt formenn stjórnarandstöðuflokkana á minn fund. Það gerði ég strax fyrsta daginn, eftir að þessi ósköp urðu kunn, og þá gerði ég grein fyrir þeim meginhugmyndum, sem höfðu komið fram um það, hvernig ætti að snúast við þeim vanda. Ég skal ekki endurtaka það, sem hann sagði, það var að vísu ekki nákvæmt, það sem hann sagði, að ég hefði sagt, að það ætti að binda vísitölu, en hitt er rétt, að það var gert ráð fyrir því að lögfesta hana í ákveðnum stigum.

Frumdrögin urðu til með þeim hætti, eins og eðlilegt má teljast og allir ættu að vita, sem verið hafa í stjórn, hvernig slík frumdrög verða til. Ríkisstj. kom sér saman um að fá tilgreinda embættismenn til að forma frv. um efnið. Hún kvaddi þá á sinn fund, og þar voru settar fram þær hugmyndir, sem ríkisstj. hafði um þetta efni. Á grundvelli þeirra hugmynda, sem þar komu fram, og í nánara samráði við mig síðar gerðu þeir þessi frumdrög, og auðvitað var orðun þeirra á þessum frumdrögum. Enn fremur komu þar fram viss atriði, sem ekki hafði verið sérstaklega fjallað um á ríkisstjórnarfundi, en þessir embættismenn töldu rökréttar afleiðingar af öðrum atriðum sem í frv.-drögunum voru. Síðan voru svo formenn stjórnarandstöðuflokkanna kvaddir á ríkisstjórnarfund, þar sem þessir embættismenn voru líka og þá voru þessi frumdrög lögð fram. Einstakir ráðh. höfðu ekki séð þau áður og sáu þau þar með jafn snemma og formenn stjórnarandstöðuflokkanna. Það kom fram á þessum fundi, og ég held, að það hafi einmitt komið réttilega fram í viðtali, sem hv. 1. þm. Reykv. átti við Morgunblaðið, að það hefði komið fram þar, að menn litu á þetta sem alger frumdrög, og einstakir ráðherrar lýstu því yfir, að þeir þyrftu að athuga einstök atriði. Við skildumst allir á þessum fundi, jafnt ráh. sem form. stjórnarandstöðuflokkanna, þannig, að við mundum fara með þessi frumdrög í okkar flokka, hver um sig, og þar mundu þau verða rædd. Formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og reyndar þm. öllum voru afhent þessi frumdrög sem trúnaðarmál, þetta var á laugardag, og þá héldu þingflokkarnir allir fundi. Eftir þá fundi átti ég viðtal bæði við form. Alþfl. og form. Sjálfstfl. Auðvitað hafði það líka verið svo, að á fundum stjórnarflokkanna höfðu komið fram ýmsar ábendingar varðandi þessi frumdrög. Formaður þingflokks Alþfl. sagði mér frá viðhorfi þingflokksins og setti fram vissar efnislegar ábendingar. Sama máli gegndi um formann Sjálfstfl., og hann hefur skýrt frá því áður í þingræðu, hverjar þær ábendingar voru. Þær voru síður um efnisatriði en ábendingar Alþfl., en lutu öllu meir að formsatriðum og aðferðinni, sem ætti að hafa við undirbúning frv. Þessar aths. og ábendingar skrifaði ég allar hjá mér og skýrði frá þeim á ríkisstjórnarfundi, þar sem auðvitað voru teknar til athugunar þær ábendingar, sem fram höfðu komið, líka frá stjórnarflokkunum. Eftir þann ríkisstjórnarfund, sem þessir embættismenn sátu líka á, var ákveðið að semja nýtt frv. um þetta, og það var gert.

Mér þótti hins vegar leiðinlegt, þó að það sé ekki ástæða til að vera að fárast yfir því, að það skyldi vera farið í blöðum að segja frá einstökum atriðum úr þessum frumdrögum,

sem gátu ekki gefið rétta mynd af þeim, þegar þau voru tekin úr samhengi.

En þrátt fyrir það, að talið væri rétt að halda áfram að vinna að gerð frv., var niðurstaðan sú að athuguðu máli og sumpart vegna ábendinga, sem höfðu komið fram frá Sjálfstfl., einkanlega um það, að það væri eðlilegra, að þetta væri þingmannafrv., og það væri eðlilegra, að það væri ekki fjallað um málið á þingi, fyrr en að það hefði verið fullreynt, hvort samkomulag gæti náðst um það, að ég flytti á ríkisstjórnarfundi þá þáltill., sem var síðan lögð fram hér og samþykkt.

Þetta er sannleikurinn um forsögu þessa máls, og ég held, að það hafi verið vel ráðið, að þessi háttur var á hafður. Og hann bar árangur, þann árangur, sem Alþ. er til sóma, að það var fullt samkomulag um málið. Þm.-nefndin, sem fékk málið til meðferðar, fékk afhent það frv., sem ríkisstj. hafði endanlega látið ganga frá og embættismennirnir höfðu orðað og samið eftir forsögn ríkisstj. Enn fremur voru þeir embættismenn til reiðu fyrir þm.-nefndina, eftir því sem hún þurfti á að halda, og allar þær upplýsingar, gögn og skýrslur, sem þeir höfðu dregið saman. Mér er óhætt að segja, að þetta frv. hafi komið þm.-nefndinni að góðu gagni, vegna þess að ég held, að í raun og veru sé í þmfrv. óbreytt tekið upp það, sem í frv. frá stjórninni stóð, að undanskilinni einni greininni, þ. e. a. s. greininni um fjáröflunina, sem ágreiningur var um.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. Ég teldi heppilegast, að menn spöruðu sér umr. um forsögu þessa máls, en fögnuðu heldur málalyktun.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hefur komið hér fram að þessu sinni eins og oft áður utan dagskrár og telur sig nú færa líkur fyrir því með því að nefna hér 3 dæmi, að ríkisstj. eigi ekki lengur tilverurétt, því að hún njóti ekki lengur meirihlutafylgis hér á Alþingi. Það fyrsta, sem þm. nefnir í þessum efnum, er, að það sé ljóst, að það sé ekki full samstaða innan stjórnarflokkanna um það frv., sem er nú á dagskrá og á að ræða hér í dag, um útreikning á kaupgreiðsluvísitölu, þó að það komi mjög greinilega fram í þessu frv., í grg. þess, að ríkisstj. telur af þeim ástæðum, sem þar eru greindar, fyllilega réttmætt að fá úr því skorið hér á Alþ., hvort meiri hl. á Alþingi er fyrir þessum breytingum eða ekki.

Það er vitað mál, að það hafa farið fram miklar umr. um það að undanförnu, hvort ætti að gera breytingar á útreikningi vísitölunnar með tilliti til þeirra tveggja liða, sem hér eru gerðar till. um: Annars vegar um það, hvort tiltekin hækkun á vísitölunni eigi að eiga sér stað vegna hækkunar á áfengi og tóbaki. Hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, ætti ekki að vera alveg ókunnugt um, að það hafi verið uppi sjónarmið um það, að slíkar hækkanir væru ekki reiknaðar með í vísitölu. Það kom fyllilega til mála að fá úr því skorið, og verður það mál auðvitað rætt hér nánar síðar. Þetta mál hafði verið lagt fyrir ráðstefnu Alþýðusambands Íslands og hún hafði gert ákveðnar samþykktir varðandi málið. Ráðstefnan skaut sér undan því að segja nokkuð ákveðið, en taldi sig ekki hafa heimild til að gera fasta ályktun í málinu. Undir hitt atriðið, sem í þessu frv. er, þ. e. a. s. breytingu á vísitölunni vegna breytinga á þjónustukostnaði við tannlækningar, var á þessari ráðstefnu tekið mjög jákvætt. Ég sé því ekki annað en að það, sem hv. 7. þm. Reykv. segir um þetta fyrsta dæmi, sé gersamlega út í hött. Þetta dæmi sannar ekkert um það, að ríkisstj. hafi ekki í mikilvægum málum þann meiri hl., sem hún hefur stuðzt við á Alþ. Það getur fyllilega komið fyrir, bæði innan stjórnarflokkanna og utan, að afstaða um liði eins og þá, sem greinir í þessu frv., sé misjöfn. Sé ég ekki annað en hér sé um hreinan flumbruskap að ræða hjá hv. þm., þegar hann geysist hér upp í stólinn til að tala um þetta atriði.

Hann þurfti sýnilega að tala um fleira. Annað atriðið, sem hann nefndi, var viðvikjandi máli, sem var á dagskrá í gær, varðandi þá till. ríkisstj., þar sem hún óskaði eftir heimild til að fullgilda tiltekinn viðskiptasamning við Efnahagsbandalag Evrópu. Þær umr., sem hér áttu sér stað, fóru fram á þann hátt, sem oft hefur gerzt hér áður, að fluttar voru nokkrar ræður, sumar mjög langar og með afburðum leiðinlegar og alveg furðulegt, að þær skuli vera fluttar hér. Það varð til þess, að það voru nærri allir farnir héðan úr salnum. (Gripið fram í.) Ég veit það ekki. Ég býst við því, að hv. þm., sem gripur fram í, kannist vel við það, hver hafi flutt leiðinlega ræðu. En það fór svo, að þegar komið var hér alllangt fram á kaffitíma, voru eftir örfáir menn í salnum, og þá fór svo með okkur, sem höfðum hugsað okkur að taka til máls, að við sáum ekki ástæðu til þess að fara að biðja um orðið og tala hér, eins og á stóð, og rétt að geyma okkur frekari umr. um málið, þangað til það kæmi hér fyrir aftur, eftir að það hefði verið athugað í n. En hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason leyfir sér að túlka ummæli mín, sem hann getur hæglega lesið í þingtíðindum, og fullyrða, að ég hafi talað hér gegn því, að þessi samningur yrði staðfestur fyrir 1. marz. Ég skora á hv. þm. að reyna að finna eina setningu í ræðu minni í þessa átt. (**Gripið fram í:** Þær eru margar.) Ég skora líka á hv. formann Sjálfstfl. að koma með þá setningu, því að það kom mér að sjálfsögðu aldrei til hugar. Ég sagði hins vegar, að það þyrfti að staðfesta þennan samning fyrir 1. marz, ef hann ætti að taka gildi frá 1. apríl eða mánuði síðar. En ég taldi, að það, sem skipti mestu máli varðandi þennan samning, væri að tryggja okkur í framkvæmd þau réttindi, sem samningurinn fjallar um varðandi sjávarútvegsvörur, og að þessu væri unnið. Ég taldi, að það skipti ekki höfuðmáli, að við fengjum réttindi samkvæmt samningnum miðað við staðfestingu á fyrsta degi, þegar heimilt er að staðfesta hann, það skipti ekki höfuðmáli og bæri að taka tillit til þess, sem heildarhagsmunir okkar segðu til um. En það var auðvitað alveg glöggt á ræðum þeim, sem hér voru fluttar bæði af hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, og 1. þm. Reykv.,

Jóhanni Hafstein, að þeim var í rauninni alveg sama um það, hvað liði þeim réttindum, sem við erum að tefla um varðandi útflutning á sjávarafurðum. Aðalatriðið var að fá samninginn staðfestan og það hið skjótasta, þó að við misstum af öllum þeim miklu réttindum, sem þar væri um að ræða. Það var höfuðatriðið að fá samninginn staðfestan alveg strax, þó að á það væri bent af mér, að það, sem varðar iðnaðarvörur, skiptir vitanlega sáralitlu máli, eins og málin standa nú. Á máli mínu var það alveg ljóst, að það leikur enginn vafi á því, að þessi samningur verði staðfestur. Spurningin var aðeins um það, hvenær við ættum að staðfesta hann, og þar yrði það að ráða, hvað hagsmunir okkar segðu um það. (Gripið fram í.) Ég sagði þá og ég segi það enn: Það fer alveg eftir því, hvað átt er við, hvað hagsmunir segja. Ég met það svo mikils að fá réttindi fyrir sjávarútvegsvörurnar, að ég hika ekki við að draga það að staðfesta samninginn fram yfir þann dag, ef ég get tryggt, að við fáum réttindi fyrir sjávarafurðirnar, sem eru miklu stærri hluti samningsins. (GÞG: Annaðhvort já eða nei, en ekki bæði já já og nei nei.) Ég hélt að hv. þm. fengi nægan tíma hér utan dagskrár, þó að hann væri ekki að kalla út í sal til mín, meðan ég er að tala.

Það er sem sagt fullkomlega órétt, sem hv. þm. hefur verið að halda hér fram, að ég hafi mælt gegn því, að þessi samningur yrði staðfestur. Það er líka rangt hjá honum og hugarburður einn, að það sé einhver ágreiningur í ríkisstj. um staðfestingu á þessum samningi. Það eru slúðursögur hans og einskis annars. Innan ríkisstj. er enginn ágreiningur um að staðfesta þennan samning, hefur ekki verið og er ekki. Hér hefur eingöngu verið um að ræða baráttu ríkisstj. fyrir því að reyna að tryggja, að Íslendingar fái notið allra þeirra réttinda, sem samningurinn býður. Það er það, sem skiptir máli. Af því er allt það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði um þetta efni, eintómt rugl. Það á engan rétt á sér, að það sé einhver ágreiningur í ríkisstj. út af þessu máli og af því sé nú kominn tími til fyrir hann að setjast í stjórnarstól. Þetta er algerlega rangt.

Þriðja atriðið, sem hv. þm. nefndi, var þegar hann byrjaði á því að segja, að hann ætlaði ekki að ræða um það, hvernig aðdragandi Vestmannaeyjamálsins hefði verið, og flutti svo langa ræðu og sagði margar slúðursögur um, hvernig það mál allt hefði borið að. En þar fór hann með sannleikann eins og æðioft áður, þar sneri hann réttu máli algerlega við. Hann leyfði sér að halda því fram, að það frv., sem á sínum tíma var birt í Morgunblaðinu og hann vitnaði hér til, hafi verið frv. ríkissti. Ég ætla að fullyrða það, að hv. 7. þm. Reykv. fullyrði þetta hér frammi fyrir Alþ. gegn betri vitund, af því að hann veit betur. Hann var staddur á þeim ríkisstjórnarfundi ásamt formanni Sjálfstfl., þar sem þessi frumdrög voru lögð fram. Og hann veit mætavel, að á þeim fundi sagði ég og fleiri af ráðh., að það væri í fyrsta skipti, sem ég sæi þessar till. ýmsar, sem þarna væru á borðinu, og ég gerði manna mest aths. við mörg atriði í þessum frumdrögum og sagði, að ég teldi óhjákvæmilegt að breyta þeim. Þetta veit hv. 7. þm. Reykv. mætavel. Hann getur ekki borið á móti þessu. En þrátt fyrir þetta, þó að það yrði síðan samkomulag um að fara með þessi frumdrög, sem þarna birtust okkur, í þingflokkana til þess að ræða þar þessar hugmyndir, þá leyfir hann sér að haga málflutningi sínum þannig nú, að þetta hafi verið frv. ríkisstj. (Gripið fram í: Hverra frv. var það?) Þetta var vinnuplagg, sem tilteknir sérfræðingar komu með. Þessi hv. þm., sem gripur hér fram í, rauf auðvitað eins og fyrri daginn allan trúnað. Form. Sjálfstfl. hafði fengið þessi vinnuplögg sem trúnaðarmál, en daginn eftir birtist trúnaðarmálið í Morgunblaðinu, af því að ritstjóri Morgunblaðsins, sem nú á hér sæti, tók trúnaðarmálið og birti það undireins, en laug auðvitað til um efni þess. En það var í samræmi við önnur vinnubrögð þessa hv. þm. og ritstjóra í sambandi við þetta mál, og verður kannske komið að því síðar. En með þetta vinnuplagg var farið í flokkana alla, og flokkarnir gerðu, eins og við höfðum gert á þessum sameiginlega fundi, sínar aths. Við í Alþb. gerðum till. um margar breytingar, sem voru teknar til greina flestar á þeim tíma, sem ríkisstj. vann að gerð sins frv., og Alþfl. gerði líka sínar aths., eins og hæstv. forsrh. hefur skýrt hér frá. En hann gerði meira. Formaður Alþfl. tilkynnti, að Alþfl. væri sammála meginatriði í þessum drögum, sem þarna lágu fyrir að frv., sem var frestun á kauphækkuninni. Hann tilkynnti, að hann væri sammála þessum lið. Og ég veitti því alveg sérstaka athygli, að í kannske ekki ýkja nákvæmum fundargerðum ríkisstj. kom skýrt fram, að frá þessu hefði verið skýrt sem afstöðu Alþfl. En auðvitað var það svo, að þegar Alþfl. frétti síðar um, að það gætu verið aðilar innan ríkisstj., sem væru ekki ásáttir með þessa till., þá tilkynnti þessi sami formaður Alþfl., að Alþfl. ætlaði að snúast í málinu og hlaupa frá fyrri afstöðu sinni og reyna að fella ríkisstj., af því að nú gæti sá möguleiki komið upp.

Auðvitað veit hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, mætavel, að það eina frv., sem ríkisstj. hafði komið sér saman um í sambandi við Vestmannaeyjamálið, var það frv., sem lagt var fram á vinnuborði þeirrar n., sem Alþ. kaus síðar í málinu. Það var það eina frv., sem ríkisstj. stóð að. Hitt var eins og hvert annað vinnuplagg, þar sem embættismennirnir höfðu m. a. sett fram ýmsar hugmyndir sínar. En ríkisstj. hafði ekki rætt nema mjög lauslega ýmsar hugmyndir um það, hvað í því frv. ætti að vera.

Ég tel því, að það komi greinilega í ljós, þegar þessi mál eru rædd nánar, að allir þessir þrír liðir, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hefur verið að ræða hér um, eru alveg út í hött og sanna ekkert um það, sem hann vildi færa hér fram sem sannanir fyrir því, að ríkisstj. hefði ekki lengur meiri hl. hér á Alþ.

Ég skal ekki hér, utan dagskrár, fara lengra út í að ræða þessa liði. Þeir verða eflaust ræddir hér ítarlega síðar. Það kemur eflaust að því, að það mál verði rakið fyrir þjóðinni allri, hvernig ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa staðið að framkvæmdum í sambandi m. a. við Vestmannaeyjamálið, hvaða sögur þeir hafa verið að bera út, bæði um ríkisstj. og aðra ráðamenn í landinu, á

sama tíma sem þeir hafa verið önnum kafnir við að bjarga því, sem hægt var að bjarga. Og það verður aflaust kveðinn upp yfir þeim dómur á sínum tíma. En mér þótti full ástæða til þess að láta þetta þó koma fram af minni hálfu, fyrst sérstakt tilefni er gefið til þess hér utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur, sem hér hafa upphafizt utan dagskrár, nema það sem ég blandaðist litið inn í þær, vegna þess að ég leyfði mér að grípa fram í ræðu hæstv. viðskrh. áðan, þar sem ég sagði, að það væru margar setningar í ræðu hans frá því í gær, sem með engu móti yrðu eftir venjulegri málvenju skildar öðruvísi en þannig, að skoðun hans væri sú, að það lægi ekkert á að fullgilda viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. (Gripið fram í.) Hæstv. forsrh. sagði áðan, að samningurinn yrði fullgiltur. Það er ekki það, sem spurningin er um. Spurningin er: Verður hann fullgiltur fyrir mánaðamótin? Og ég vænti þess, að hæstv. forsrh. svari þeirri spurningu. Það þýðir líklega ekki að beina slíkri spurningu til hæstv. viðskrh., enda veit ég ekki til þess, að hann eigi að fullgilda þennan samning. En Lúðvík sterki kom hér upp í stólinn og sagði: Ég hika ekki við að draga að fullgilda samninginn. — Er það viðskrh. eða er það utanrrh., sem á að fullgilda samninginn? Við mættum kannske fá úr þessu skorið? En hæstv. viðskrh. segist ekki hika við að draga að fullgilda samninginn og fullgilda hann, þegar honum sýnist. Þetta er alveg í samræmi við það, sem fram kom í gær. Hann var að tala um, að það væri mjög auðvelt fyrir okkur að draga fullgildinguna fram í nóv. Ég vissi ekki, hvað hæstv. ráðh. átti þá við. Það geta verið einhver ákvæði í samningnum eða viðræðum, sem fram hafa farið á milli manna, sem að samningsgerðinni stóðu. En þetta var eitt af því, sem gaf tilefni til þess að ráða af ræðu hæstv. ráðh. þá, að hann vildi ekki fullgilda samninginn fyrir mánaðamótin. Nú hefur hæstv. forsrh. sagt aðspurður, að samningurinn verði að sjálfsögðu fullgiltur, en þá er bara eftir að svara þeirri spurningu: Verður hann fullgiltur fyrir mánaðamótin næstu? Það er það, sem við viljum fá úr skorið undir meðferð þess máls. Eins og hæstv. forsrh. svaraði þessu um fullgildinguna áðan almennt þá vænti ég, að hann geti svarað því jafnhiklaust nú, hvort samningurinn verður fullgiltur fyrir mánaðamótin, eins og nauðsynlegt er, til þess að veigamikil ákvæði hans komist strax til framkvæmda, jafnvel þó að önnur ákvæði frestuðust eitthvað, sem við vitum þó ekkert um. Nú er að sjá, hvor er sterkari í ríkisstj., hæstv forsrh. eða hæstv. viðskrh.

Um kaupgreiðsluvísitöluna, sem hér hefur verið deilt nokkuð um, ætla ég að ræða undir þeim dagskrárlið á fundinum hér á eftir, þegar hann kemur á dagskrá.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að upplýsa það fyrir þingheimi, að við höfum gert ráð fyrir því í samkomulagi við stjórnarflokkana eða hæstv. forsrh., að vantrauststill. sú, sem við sjálfstæðismenn bárum fram fyrir jólin á hæstv. ríkisstj., og till. um þingrof og kosningar kæmi ekki til umr. fyrir en eftir jólafríið, ef ég má kalla það svo, vegna þess að það lá mikið á að afgreiða fjárl. á síðustu dögunum fyrir jól. Um þetta varð samkomulag. Hins vegar var það svo, að þegar þingið kom saman, hafði það gerzt á þriðjudegi í þeirri viku, sem þingið kom saman á fimmtudegi, að jarðeldar voru uppi á Heimaey, og hæstv. forsrh. kvaddi okkur til samráðs við sig eða viðræðna við sig, mig og formann Alþfl., á þriðjudegi 23. jan., og þá hreyfði ég því að fyrra bragði við hæstv. forsrh., að ég teldi eðlilegt og rétt, eins og á stæði, að láta ákvörðun um það, hvenær vantraustið yrði tekið á dagskrá, bíða, meðan við sæjum, hvernig rættist úr þeim hamförum, sem þá voru hafnar, og meðan við værum að afgreiða þau mál, sem voru okkar helzta viðfangsefni á næstunni, eins og öllum er kunnugt. Nú stendur þannig á, að við þm. erum að fara á Norðurlandaráðsfund á morgun, sumir þegar farnir, og það tekur vikutíma, komum aftur um miðja næstu viku, og þá tel ég rétt, að það yrði ákveðið upp úr því, hvenær vantrauststill. kæmi á dagskrá. Annað skal ég ekki um það segja. En ég tel rétt, að það fari ekki á milli mála, að þannig standa málin varðandi það, að vantraustið hefur ekki verið tekið á dagskrá og hvenær ég tel eðlilegt að taka það á dagskrá. Það þarf svo ekki að fjölyrða um, að hafi verið ástæða til að flytja vantraustið fyrir jól, þá er miklu ríkari ástæða til þess nú. En það er annað mál, og við geymum það til síðari umr.

Þar sem nokkrar umr. hafa orðið um það, hversu föst eða völt hæstv. ríkisstj. sé í sessi, þá mætti ég kannske góðlátlega spyrja hæstv. forsrh., hvort nokkuð sé til í því, sem fer nú fjöllunum hærra í bænum, að hæstv. forsrh. hafi haft í huga sunnudaginn 28. jan. að rjúfa jafnvel þing og efna til kosninga og e. t. v. talfært það einnig við forseta Íslands? Það gæti verið nokkur upplýsing í því, ef hæstv. forsrh. treystir sér til þess að staðfesta eða hrekja þessar sögusagnir. En ástæðan fyrir því mun hafa verið sú, að verulegur ágreiningur væri innan ríkisstj.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svarið við þessari síðustu fsp. hv. þm. er nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að ráði úr þessu. Það verður nægt tilefni til þess að ræða efni þeirra atriða, sem hér er um að ræða, við önnur tækifæri. En nokkur orð kemst ég ekki hjá að segja að gefnu tilefni.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans í tilefni af ræðu minni. Ég vek athygli á því, að hæstv. forsrh. sagði umbúðalaust og þannig, að ekki varð misskilið, að hann og þá væntanlega hans flokkur, stærsti flokkur ríkisstj., vill, að samningurinn við Efnahagsbandalagið verði staðfestur fyrir 1. marz n. k. Það hefur hæstv. viðskrh. aldrei sagt. Það er einmitt það, sem við erum að biðja hann um að segja skýrt og svara með jái eða neii. Vill hann staðfesta þennan samning fyrir 1. marz, eða vill hann það ekki? Ég hef beðið um já eða nei. Ég fékk hvorugt. Það vona ég, að allir hv. þm. hafi

heyrt glöggt. Hann er að snúa út úr málinu með því að segja: auðvitað vilji hann staðfesta samninginn, en hann vilji fyrst láta Efnahagsbandalagið falla frá sínum fyrirvörum. Það er enginn vandi að svara svona. Auðvitað vildu allir helzt, að Efnahafsbandalagið félli frá fyrirvörum sínum. Spurningin var ekki um það. Við erum allir hjartanlega sammála um það. Spurningin er hins vegar um hitt: Eigum við að staðfesta samninginn vegna iðnaðarins og vegna mikilvægra hagsmuna sjávarútvegsins, þótt Efnahagsbandalagið falli ekki frá fyrirvörum sínum. Það er mergurinn málsins. Það er sú spurning, sem á að svara með jái eða neii. Það hefur hæstv. forsrh. gert, og það met ég mjög mikils, að hann skuli hafa gert. Það er okkur, sem höfum haft áhyggjur af þessu máli, til mikils léttis að heyra það, að hann hefur skýra og ákveðna skoðun á málinu. En það hefur hæstv. viðskrh. ekki. Hann segir hvorki já né nei. Hann þarf ekki annað en segja annaðhvort, þá vitum við, hvar við höfum hann. En það er í þessu máli eins og fleirum, að hvorki ég né aðrir vitum, hvar við höfum hann.

Ég vil einnig þakka hæstv. forsrh. fyrir ummæli hans um aðdragandann að frv., sem ríkisstj. samdi eða lét semja, þeim tveim frv. Hann staðfesti í einu og öllu, — á því vil ég vekja athygli, — hann staðfesti í einu og öllu frásögn mína af málinu og leiðrétti þar með ummæli hæstv. iðnrh. og ummæli ritstjóra Tímans á sunnudegi. Ég vek athygli á því, að hæstv. forsrh. staðfesti, að það væri rétt, sem ég sagði, að fyrsta frv., fyrra frv., sem sérfræðingarnir sömdu, var samið samkv. fyrirmælum hans og þá auðvitað að afloknum umr. á ríkisstjórnarfundi eða fundum. Það kom skýrt fram, að það var eftir fyrirmælum hans, eftir umboði frá honum, sem sérfræðingarnir sömdu frv., og því auðvitað algerlega óeðlilegt og rangt að kenna það við sérfræðingana. Þetta var frv. samið út frá stjórnmálasjónarmiðum og samkv. stjórnmálafyrirmælum. Þess vegna er furðulegt, að hæstv. viðskrh. skuli enn, nú rétt áðan, halda því fram, að þetta frv. hafi verið ríkisstj. óviðkomandi. Þetta er óvenjuleg ósvífni í garð hæstv. forsrh., sem var nýbúinn að segja það hér á undan honum, að frv. hafi verið samið samkv. sínum fyrirmælum og í samráði við sig. Ég öfunda ekki hæstv. forsrh. að búa í slíkri sambúð.

Í tilefni af ræðu hæstv. viðskrh. vil ég aðeins segja örfá orð. Hann gekk í ummælum sínum um vísitölufrv. fram hjá ummælum Björns Jónssonar, forseta Alþýðusambandsins, við dagblað í morgun, hann nefndi það ekki. Þau voru megintilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs. Það er í þeim, sem kemur fram, á hversu veikum grunni hæstv. ríkisstj. stendur. Þau eru sönnun þess, að það eru að gerast hlutir, sem engin fordæmi eiga sér, að ríkisstj. leggur fram stjfrv. án samráðs við stuðningsflokka sína. Að vísu kemur í ljós, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að gera það að fráfararatriði. Það er út af fyrir sig gott að hafa fengið yfirlýsingu um það. En hitt stendur ómótmælt, að ríkisstj. hafi ekki haft samráð við Alþýðusambandið og að málið hafi ekki verið lagt fyrir þingflokk eins af stuðningsflokkum ríkisstj. Það kom fram í ummælum Björns Jónssonar í morgun. (**Gripið fram í:** Það féll stjfrv. hjá fyrrv. stjórn.) Það var undir allt öðrum kringumstæðum og átti ekkert skylt við þetta. (**Gripið fram í:** Það er ekki satt.) Það hafði legið fyrir varðandi það frv., því hafði verið lýst yfir í ríkisstj. áður, að það væri ágreiningur í öðrum stjórnarflokkanna um málið, og meira að segja voru tilgreindir ákveðnir menn, sem mundu greiða atkv. á móti frv. Því hafði verið lýst yfir, og það vissi öll ríkisstj. og allir stjórnarflokkarnir, að málavextir voru þannig. Engu að síður var ákveðið að leggja frv. fram, vegna þess að vitneskja þótti liggja fyrir um það, að annar stjórnarandstöðuflokkurinn eða hluti hans mundi greiða frv. atkv. Hafði verið lýst yfir á fundi í félagi framsóknarmanna hér í Reykjavík, þar sem frv. hafði verið rætt, ákveðnum stuðningi við frv., og við höfðum nákvæmar fregnir af því. Það er ekkert leyndarmál, ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli nú. Við höfðum þær fregnir, að í Framsfl. væri mjög skiptar skoðanir um málið og langlíklegast væri, að helmingur hans mundi standa með frv. og hinn helmingurinn á móti. Þess vegna var frv. lagt fram til að láta á það reyna. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að Framsfl. snerist allur gegn frv., og þar með féll það. Það kom ekkert á óvart, að það skyldi falla, fyrst svona var. (**Gripið fram í:** Verður ekki Alþfl. með þessu frv.?) Ég mun gera grein fyrir því á eftir, hver afstaða Alþfl. er, ég skal ekki blanda þeim umr. inn í þetta mál. En ég skal leiða í ljós röksemdir okkar í því máli við umr. um frv. á eftir.

Ég endurtek, að það er furðulegt, að einn af ráðh. ríkisstj. skuli enn halda fast við þá skoðun, að fyrra frv. hafi ekki verið frv. ríkisstj. heldur frv. embættismanna, eftir orð hæstv. forsrh. Og ég kemst ekki hjá að segja, að það hlýtur að vakna sú spurning smám saman meðal embættismanna, hvort þeir geti unnið fyrir ráðh. í þeirri ríkisstj., sem hegðar sér með þeim hætti, sem hér á sér stað.

En nú skal ég, fyrst hæstv. viðskrh. byrjar efnisumr. um málið allt, þá skal ég nú, — ég er hér með seinna frv. með mér, — vitna í nokkrar gr., sem eru sameiginlegar í frv. báðum, sem voru auðvitað hvort tveggja frv. ríkisstj., þó að hæstv. viðskrh. vilji kalla fyrra frumvarpið frv. embættismanna og seinna frv. sitt. Hann afneitar þó ekki seinna frv. Því getur hann ekki afneitað.

Í 10. gr. þess er ákvæði um, að frestað skuli kaupgjaldshækkuninni 1. marz um 6—7%. Ákvæðið um þá frestun er í 10. gr. Þar er líka ákvæði um það, að kaup skuli lækka á þeim vinnustöðum og hjá þeim verkalýðsfélögum, sem voru þegar búin að fá í sína samninga ákvæðið um hækkunina, sem átti að koma til framkvæmda 1. marz. Þetta verður þó hæstv. viðskrh. að játa, að sé sitt frv., úr sínu frv.

Í 12. gr. er ákvæði um það, að allar kaupháekkanir skuli bannaðar til septemberloka. Þar er bann gegn kauphækkunum til septemberloka. Þetta var stefna hæstv. viðskrh.

Í 13. gr. er ákvæði um að binda kaupgjaldsvísitöluna, alveg óháð því, hver framfærsluvísitala eða hver rétt kaupgreiðsluvísitala yrði.

Og í 8. gr. er ákvæði um 2% hækkun á söluskatti, sem ekki skuli verða bættur með kauphækkun vegna skerðingar vísitölunnar.

Þessi atriði eru sameiginleg í frv. báðum, og ekki þýðir fyrir nokkurn ráðh. að afneita þessu. Þessi atriði fengu þingflokkarnir allir lögð fyrir sig fyrir umrædda helgi. Það var hið eina rétta, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, það er rétt, að við í Alþfl. sögðum, að á það eitt gætum við fallizt í þessu frv. að fresta kauphækkuninni 1. marz, ef ekkert annað yrði að gert. Við neituðum m. ö. o. algerlega að blanda saman Vestmannaeyjavandanum annars vegar og almennum efnahagsvandamálum þjóðarinnar hins vegar. Efnahagsvanda Vestmanneyinga hefði mátt leysa með kaupfrestuninni einni saman, hún átti að gefa 2050 millj. kr. En öll hin atriðin, skerðingu á vísitölunni, söluskattshækkun án kauphækkunar, bann gegn kauphækkunum, allt þetta töldum við vera af almennum efnahagsvandamálum þjóðarinnar og frv. með þessum ákvæðum mundum við aldrei samþykkja. Þess vegna værum við andvígir frv., eins og okkur barst það, frv. í heild. Við gerðum auðvitað ráð fyrir samráði við stjórn Alþýðusambandsins. Ef hún vildi fresta kauphækkuninni og láta við það eitt sitja, þá skyldum við fyrir okkar leyti sýna þá ábyrgðartilfinningu að vera því meðmæltir. Þetta veit ég, að hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og ábyggilega líka hæstv. viðskrh. vita, að er nákvæmlega sannleikanum samkv.

En þessum hugmyndum okkar var hafnað. Þeim var hafnað annars vegar af þingflokki SF, sem vildi með engu móti fallast á kaupfrestunina, og af hinum stjórnarflokkunum, sem vildu halda fast við vísitöluskerðinguna, kaupgjaldsbannið og söluskattshækkunina án kauppuppbóta, því að þessi atriði voru í frv., sem 7 manna n. fékk lagt fyrir sig. Það var enn stefna ríkisstj. að fresta kauphækkunum, að hækka söluskatt án kauppuppbóta, að skerða vísitöluna og að banna kauphækkanir, — þetta er enn stefna hæstv. ríkisstj. umræddan mánudag, þegar 7 manna n. var kosin. Hún vissi þá, að þetta mundi Alþfl. sem heild aldrei samþykkja. Frá því var ég búinn að skýra hæstv. forsrh., bæði á laugardeginum og ítreka það aftur á sunnudaginn, svo að hér fer hæstv. sjútvrh. eins rangt með efni máls og hægt er að fara.

Það var ekki minn vilji að draga efnisatriðin með jafnitarlegum hætti og þetta inn í þessar umr. En hæstv. viðskrh. gaf tilefni til þess. Um vísitölumálið ræði ég auðvitað ekki núna, heldur mun gera það, þegar það kemur á dagskrá á eftir.

En síðustu orð mín í þessum umr. skulu vera þau, að ég tel það jákvæða hafa fengizt út úr þeim, að hæstv. forsrh., stjórnarformaðurinn, hefur lýst yfir, að hann vilji staðfesta Efnahagsbandalagssamninginn fyrir 1. marz, og ég endurtek ánægju mína yfir þessari yfirlýsingu. Ég tel líka það jákvætt hafa fengizt út úr þessum umr., að hæstv. forsrh. hefur staðfest, að bæði frv. voru auðvitað frv. ríkisstj., samin samkv. pólitískri ákvörðun, þótt það raunar skipti ekki svo miklu máli, því að sömu aðalatriðin voru í þeim báðum. Ég hef gert málið að umtalsefni einungis vegna þess, að það er óviðunandi fyrir embættismenn að búa við það, að þeim séu kenndar skoðanir, sem þeir eiga ekki, að þegar þeir vinna dyggilega störf fyrir ríkisstj., þá skuli þeim eignaðar pólitískar skoðanir, pólitískar ákvarðanir eða pólitísk ákvörðunaratriði, sem þeir eru að framkvæma eftir ósk sinna yfirmanna.

Það þriðja hefur svo komið fram í þessari umr., sem að vísu ekki er eins ánægjulegt, en allir fyrir fram vissu, að hæstv. viðskrh. á ákaflega erfitt með að segja satt.

Jóhann Hafstein: Ég ætla að biðja hæstv. forsrh. að fara ekki úr salnum, því að ég ætla þá að bíða, þangað til hann kemur aftur, því að ég þarf að beina einni fsp. til hans.

Herra forseti. Það er kannske óþarfi, að ég sé að tefja þingstörfin með því að koma hér upp í ræðustólinn aftur, en ég vildi aðeins, að við hefðum alveg á hreinu það, sem hér hefur verið rætt um. Hv. 7. þm. Reykv. sagði og tvítók það í sinni ræðu núna, að hæstv. forsrh. hefði sagt, að hann vildi fullgilda samninginn fyrir 1. marz. Nú bið ég afsökunar á því, ef það er rangt hjá mér og það hafi farið fram hjá mér, að það kæmi fram í svari forsrh., að hann vildi fullgilda samninginn við Efnahagsbandalagið fyrir 1. marz, og þess vegna spurði ég sérstaklega um það, hvort það væri afstaða hæstv. forsrh. að vilja fullgilda samninginn fyrir 1. marz þrátt fyrir þann fyrirvara, sem væri í honum. Ef þetta er rangt hjá mér, þá bið ég afsökunar á því, en að öðru leyti vil ég biðja hæstv. forsrh. að taka af vafa um þetta.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel, að samningurinn muni verða fullgiltur innan þeirra tímatakmarka, sem gert er ráð fyrir í honum.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta svar hæstv. forsrh. er alls ekki nægjanlegt. Ef við ætlum að njóta tollfríðindanna, sem samninguriinn býður, 1. apríl, þarf að löggilda samninginn fyrir 1. marz. Það er rétt, sem hæstv. viðskrh. sagði hér í gær, við töpum ekki réttinum til þess að geta lögfest samninginn, þótt við drögum það fram í nóv. í haust. En það eru síðustu forvöð. En íslenzkur útflutningsiðnaður nýtur ekki þeirra réttinda, sem honum eru boðin, frá 1. apríl, ef löggildingunni verður frestað fram í nóv. Og það er þetta, sem er spurt um nú: Ætlar ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að útflutningsatvinnuvegirnir geti notið þeirra réttinda, sem þessi ágæti samningur býður, frá 1. apríl, eða ætlar ríkisstj. að loka augunum og stuðla að því, að útflutningsatvinnuvegirnir tapi þeim hagnaði, sem boðinn er? Það er rétt, að það er fyrirvari í samningnum um sjávarafurðir, þó ekki allar sjávarafurðir. Efnahagsbandalagið hefur áskilið sér rétt til þess að fresta tollívilnunum á sjávarafurðum, á meðan ekki

hefur fengizt sæmileg lausn á landhelgisdeilunni frá sjónarmiði þess. Hins vegar er ekki víst, að Efnahagsbandalagsríkin noti þennan fyrirvara, þótt hann sé fyrir hendi. Það gæti alveg eins farið svo, að við fengjum strax tollivilnun á sjávarafurðum þrátt fyrir fyrirvarann.

Það er ekki nóg, þótt hæstv. forsrh. lýsi því hér yfir, að ríkisstj. muni á tilskildum tíma löggilda samninginn. Það er í rauninni ekkert svar. Það er ekki heldur fullnægjandi svar, þótt hæstv. forsrh. segi: Það er skoðun mín, að það eigi að lögfesta samninginn fyrir 1. marz, — ef ekki er samkomulag um það í ríkisstj. og vilji annarra ráðh., sem vilja fresta löggildingunni, verður ráðandi. Það er þetta, sem spurt er um: Ætlar ríkisstj. að koma sér saman um að lögfesta samninginn fyrir 1. marz, eða ætlar hæstv. forsrh. að láta í minni pokann og láta aðra ráðh., sem eru áhrifameiri, ráða því, að löggildingunni verði frestað til 1. nóv. Íslenzkur iðnaður og íslenzkir hagsmunir geta vissulega liðið fyrir það, ef löggildingunni verður frestað fram á haust.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki orða bundizt vegna þeirrar framkomu hæstv. forsrh. að færast undan að svara með þeim hætti, sem hann hefur nú gert. Ég var áheyrandi að því hér í fyrrahaust, að hann lék sama leikinn. Það var upp kominn mjög alvarlegur ágreiningur í hæstv. ríkisstj. varðandi varnarmálin. Einn ráðh. sagði já, þegar annar sagði nei. Við þekkjum allir þennan ágreining. Þá lék hæstv. forsrh. þennan sama leik, hann hvorki sagði já né nei, og það varð að ganga á hann á þingfundum fram eftir öllum vetri, þar til hann loksins tók af skarið og fylgdi utanrrh. sínum gegn skoðunum kommúnista í ríkisstj.

Þessar umr. hér voru hafnar með því að ræða ýmiss konar ágreining í ríkisstj. Hv. 7. þm. Reykv. vék að nokkrum atriðum. Við vitum, að þau eru ótal mörg fleiri, þ. á m. varðandi varnarmálin, sem ég vék að áðan. Kommúnistar halda því fram, að málefnasamninginn beri að skýra svo, að varnarliðið eigi að fara af landi brott undir öllum kringumstæðum. Utanrrh. og svo síðar forsrh. einnig standa við þá yfirlýsingu, að það mál hafi ekki verið útkljáð og verði fyrst ákveðið, þegar endurskoðun málsins hefur farið fram. Við munum eftir flugbrautarmálinu sællar minningar. Kommúnistar gleyptu það, gerðu bókun, lýstu yfir, að utanríkisstefna Íslendinga gæti ekki verið sjálfstæð eftir þá ákvörðun. Það var vissulega mjög mikill ágreiningur í ríkisstj. og er enn. Og í sjálfum málefnasamningnum er lýst yfir, að það sé grundvallarágreiningur um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Við þekkjum það líka öll.

Og hvað svo með landhelgismálið? Nú gerist það fyrir fáum dögum, að hæstv. utanrrh. kemur í fjölmiðla og lýsir yfir, að hann sé furðu lostinn yfir því, að Alþjóðadómstóllinn skuli telja sig hafa lögsögu í landhelgismálinu. Nokkrum dögum síðar kemur hæstv. forsrh. í þetta ræðupúlt hér og segir, að enginn heilvita maður hefði getað farið í neinar grafgötur um, að dómurinn mundi falla á þann veg, sem hann gerði. Hvað er hér á ferðinni? Talast þeir ekki við, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.? Á maður að skilja það svo, að hæstv. utanrrh. ráðgist ekki við forsrh. um mikilvægustu þætti utanríkismála og það sjálfs landhelgismálsins? Og þó er hæstv. forsrh., eins og alþjóð veit, prófessor í lögum. Þessi vinnubrögð eru orðin með þeim hætti, að þjóðin öll stendur agndofa. Það er sama, hvenær þessi ríkisstj. á um tvo kosti að velja, ef annar er réttur og hinn rangur, þá velur hún þann ranga. Það er engin furða, þótt hv. 7. þm. Reykv. veki máls á þessu hér á Alþ.

Og í þessum umr. kemur fram grundvallarágreiningur á milli tveggja ráðh. Hæstv forsrh. er drengskaparmaður, það vitum við öll. Hann segir hér orðrétt: Ég tel ekki réttmætt að eigna embættismönnum frv., þ. e. fyrsta frv., sem samið var, og hann bætir við, að í ríkisstj. hafi verið ræddar þær hugmyndir, sem embættismennirnir áttu að vinna eftir, og segir orðrétt: Á grundvelli þeirra hugmynda og í nánara samráði við mig var frv. samið. — En hæstv. sjútvrh. kemur hér enn einu sinni og segir, að þetta hafi verið vinnuplagg embættismannanna. Þó að forsrh. sé búinn að lýsa því hér yfir, að hann taki á sig alla ábyrgð á framlagningu þessa frv. og efni þess og hún sé á ábyrgð ríkisstj., þá kemur þessi hæstv. ráðh. hér upp í pontuna og heldur fram sama ósannindavaðlinum sem hann er alþekkur að. Og hann margtekur fram: Enginn ágreiningur í ríkisstj., slúðursögur. — Svo segir hann, að Morgunblaðið hafi farið með rangt mál, er það birti efni þessa frv., og bætir við: Þar var um trúnaðarbrot að ræða. — Ég get sagt þessum hæstv. ráðh. það, að Morgunblaðið vissi fullvel um efni frv., löngu áður en formaður Sjálfstfl. fékk það í hendur, og við fengum engar upplýsingar frá honum. Við höfum getað fylgzt með gerðum þessarar ríkisstj. frá þeirra eigin mönnum. Heilindin eru nú ekki meiri en svo. Við gátum í des. frá degi til dags skýrt frá öllu, sem gerðist í stjórnarherbúðunum. Það var aðeins einn dag, á sunnudegi, að við gátum ekki skýrt frá því, sem gerðist síðdegis daginn áður í ríkisstj., af því að blaðið fór svo snemma í prentun. Og trúnaðarbrot var þetta ekki. En svo segir þessi hæstv. ráðh.: Þjóðviljinn birti hitt frv. Var það þá ekki trúnaðarbrot?

Ég skal ekki tefja þessar umr., en mér ofbýður svo — og það ofbýður svo öllum landslýð — framferði þessarar ríkisstj., að það er vissulega tími til þess kominn, að hún fari að gera hreint fyrir sínum dyrum. Sérstaklega væri ástæða til þess fyrir forsrh. að fara að átta sig á stöðu sinni og reyna að skera úr málum og láta þjóðina vita, hvar menn standa, en ekki að segja alltaf já já og nei nei.

Kaupgreiðsluvísitala, frv. (þskj. 297). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það þarf í sjálfu sér ekki langra skýringa við. Efni þess er ljóst og auðskilið, og ég hef ekki miklu við að bæta þær skýringar, sem í aths. fylgja. Frv. er aðeins tvær efnisgr. Í 1. gr. segir:

„Við ákvörðun kauplagsnefndar á kaupgreiðslu-

vísitölu frá 1. marz 1973 og eftirleiðis skal n. hverju sinni færa vísitöluna niður um eitt stig vegna aukinnar opinberrar tannlæknaþjónustu."

Eins og í aths. segir, hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir því, að aukin verði opinber tannlæknaþjónusta. Till. hennar um það efni verða lagðar fyrir Alþ. innan skamms, og það er ráðgert að verja úr ríkissjóði 100 millj. kr. á ársgrundvelli í þessu skyni. Með hliðsjón af því og með tilliti til þess, að opinber framlög til tannlæknaþjónustu í þágu almennings hafa verið aukin á seinni árum, án þess að það hafi komið fram í framfærsluvísitölu og þar með kaupgreiðsluvísitölu, er talið sanngjarnt, að kaupgreiðsluvísitalan verði framvegis færð niður um eitt stig.

Það má e. t. v. segja, að þessa ákvæðis ætti í sjálfu sér ekki að vera þörf, vegna þess að þegar greiðslurnar væru auknar svo til tannlækninga, ætti það með eðlilegum hætti að koma fram við útreikning á vísitölunni af hálfu kauplagsnefndar. En eins og kom fram í því, sem ég las, er það svo, að greiðslur vegna tannlækninga af opinberri hálfu hafa verið auknar að undanförnu mjög verulega, að ég held, án þess að það hafi komið fram í vísitölu, og þess vegna þykir varlegra að hafa þennan hátt á, þannig að þetta sé alveg á hreinu.

Eg held, að það verði ekki sagt, að á neinn sé hallað með þessu. Ég býst ekki við, að þetta sé út af fyrir sig stórt atriði fyrir ríkissjóð, þótt nokkuð gangi upp það dæmi. Um það, hvernig þetta hefur verið hugsað og hvaða efni er gert ráð fyrir, að verði í þessu frv., sem væntanlega verður lagt fram, þegar hæstv. trmrh. er mættur, þá getur að sjálfsögðu sú n., sem fær frv. til meðferðar, fengið allar þær upplýsingar, sem eru fyrir hendi um þetta atriði, hjá hlutaðeigandi rn.

Aðalefni þessa frv. er að sjálfsögðu í 2. gr, en þar er lagt til, að verðhækkun sú, sem varð á áfengi og tóbaki í des. s. l., verði ekki látin koma fram í kaupgreiðsluvísitölu á tímabilinu 1. marz til 30. nóv. 1973. Verðhækkun þessi var, eins og í grg. segir, 30% á áfengi og 23% á tóbaki. Eins og útreikningum kaupgreiðsluvísitölu er háttað, þá segir hagstofan, að þetta muni valda um 1.8 kaupgreiðsluvísitölustigum frá 1. marz 1973, þ. e. a. s. 0.9 sigum vegna hækkunar áfengis og 0.9 stigum vegna hækkunar tóbaksverðs. En það var áætlað á sínum tíma, að verðhækkun á þessum liðum mundi færa ríkissjóði um 420 millj. kr. tekjuauka á þessu ári. Það gefur auga leið, að ef þetta fer út í verðlagið, þessi 1.8 stig, þá mundu þau hlaða upp á sig eins og endranær, þegar um er að ræða hækkun á vísitölu.

Þegar litið er til þess, að hér er um að ræða verðhækkun á munaðarvörum og ástæða til hennar er sú að standa undir útgjöldum vegna niðurgreiðslna á lífsnauðsynjum almennings, getur ekki talizt óeðlilegt að taka þessar verðhækkanir út úr vísitölunni og láta þessar verðbreytingar ekki hafa áhrif í þá átt að hækka kaupgjald í landinu. Ég hygg, að það sé almennur skilningur fyrir því, að verðhækkanir af þessu tagi eigi ekki að leiða til hækkunar á verðlagsuppbót, og ég hygg, að það sé alveg laukrétt, sem segir í grg., að skilningur á þessu hafi farið vaxandi.

Má segja, að það sé skaði, að ekki skuli hafa komizt í framkvæmd það, sem hér hefur oft verið talað um, að láta fara fram þjóðaratkvgr. um einstök mál. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, hver yrðu úrslit þjóðaratkvgr. um atriði eins og þetta, ef fólkið í landinu væri með þjóðaratkvgr. spurt um, hvort það vildi láta þessa verðhækkun á tóbaki og áfengi koma fram í vísitölu, með þeim afleiðingum, sem það hlyti að hafa.

Það er svo, eins og segir í aths. með frv., að þegar rætt var um efnahagsaðgerðir fyrir áramótin og þegar var gerð grein fyrir ýmsum fyrirætlunum til lausnar á aðsteðjandi efnahagsvanda, sem ríkisstj. lagði í síðasta mánuði fyrir kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands, þá var lagt til, að umrædd verðhækkun áfengis og tóbaks yrði ekki látin koma fram í kaupgreiðsluvísitölu. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt að segja með sanni, að ekki hafi verið haft samráð við Alþýðusambandið eða kjaramálaráðstefnu þess um þetta og fleiri atriði. Hitt er annað mál, að kjaramálaráðstefnan svaraði því til um þetta atriði, að hún teldi sig ekki hafa umboð til þess að taka afstöðu til málsins. En jafnvel þó að hún hefði tekið alveg af skarið og tekið jákvætt undir þetta, þá hefði allt að einu þurft lagasetningu til þess að taka þetta út úr kaupgreiðsluvísitölunni, því að annars hefði kauplagsnefnd verið skylt að taka tillit til þessarar verðhækkunar. Út af fyrir sig er það ósköp skiljanlegt, að ég geri ekki neina aths. við það, að kjaramálaráðstefna Alþýðusambandsins teldi sig ekki hafa umboð til þess að svara ákveðið um þetta. En eftir því sem ég þekki þá menn, sem þar sitja, verð ég að ætla, að þá hefði ekki skort einurð til að láta það alveg ákveðið uppi, ef þeir væru eindregið á móti þessu.

Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að það skipti nokkru, hvað gert verður í þessu máli. Það er öllum ljóst, að það hefur lengi verið þörf að spyrna fótum við og hindra frekari víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags. En þó að ekki séu höfð mörg orð um það, þá hlýtur öllum hv. alþm. að vera ljóst, að vegna þeirra óviðráðanlegu atburða, sem hér hafa gerzt að undanförnu, hlýtur að vera miklu meiri þörf á því en nokkru sinni áður að reyna að hafa hemil á þeirri verðbólguþróun, sem hér hefur allt of lengi átt sér stað. Ríkisstj. telur rétt og eðlilegt, að þetta mál sé látið koma til meðferðar Alþ. og þannig sé fengið fram skýrt og afdráttarlaust á Alþ., hvort meiri hl. Alþ. er með því að hafa þennan hátt á eða ekki. Hér er aðeins um frestun að ræða á þessu atriði, vegna þess að eins og allir vita er það svo, að vísitalan er háð kjarasamningum, hvort sem menn telja það skynsamlegt kerfi eða ekki, það er annað mál. En með tilliti til þess er þetta bundið við þann tíma, þegar almennir kjarasamningar renna út í haust, og þessu ákvæði er aðeins ætlað að gilda til 30. nóv. En það fer þá að óbreyttum lögum eftir því, hver niðurstaðan verður í þeim kjarasamningum, sem þá eiga að fara fram, hvort hækkun þessi

á áfengi og tóbaki kemur fram í kaupgreiðsluvísitölu 1. des. eða ekki.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um réttmæti þessarar till. Ég verð að segja það, að mér virðist ekki nokkur skynsemi í því að láta hækkun á áfengi og tóbaki hafa almenn áhrif á kaupgjald og verðlag í landinu og leiða til aukinnar verðbólgu. Og ég hygg, að sú verði raunin á, að með slíku vísitölukerfi, ef það á að gilda hér áfram, reynist flestum erfitt að halda uppi skynsamlegri fjármálastjórn hér á landi.

Ég ætla ekki í sambandi við þetta frv. að fara að ræða um efnahagsmál almennt. Ég fyrir mitt leyti held, að það væri heppilegra að taka upp slíkar umr., ef mönnum sýnist svo, eftir að frv. hefur verið athugað í n. og menn hafa þar eftir umhugsun mótað afstöðu sína til þess. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta frv. út af fyrir sig skipti neinum sköpum í verðbólguþróun hér á landi. En samþykkt þess er viðleitni í þá átt að spyrna við fæti, viðleitni í þá átt að halda svolítið aftur af verðbólguþróuninni, aftur af hinu sjálfvirka vísitölukerfi. Hér er sem sagt um að ræða mjög einfalda spurningu, sem lögð er fyrir hv. alþm. Og hún er sú, hvort þeir vilji láta kaupgreiðsluvísitöluna hækka um 1.8 stig vegna hækkunar á áfengi og tóbaki, sem framkvæmd var til þess að halda vöruverði niðri, með þeim afleiðingum, sem slíkt mundi hafa fyrir framleiðslukostnað í landinu, fyrir ríkissjóð og fyrir verðbólguþróunina yfirleitt. Það gerist, þessar afleiðingar koma fram, nema Alþ. segi nei, nema löggjafinn skerist í leikinn á þann hátt, sem hér er ráðgert.

Okkur er öllum eflaust ljóst, eins og kom fram áðan hjá hv. 7. þm. Reykv. í þeim umr., sem hér fóru fram, að kringumstæðurnar eru á marga lund alvarlegar nú, bæði inn á við og út á við. Það ætti að vera okkur hvatning til þess að snúa bökum saman, eftir því sem kostur er. Og við ættum samkv. okkar skynsemi að geta fallizt á, hvað þjóðinni væri fyrir beztu.

Eins og aðstæðurnar eru, þótti rétt að leggja þetta mál fyrir Alþ. til úrskurðar og fá fram alveg svart á hvítu, hvort það er meiri hl. hér á Alþ. fyrir því að gera þessa breytingu eða ekki, hvaða alþm. það eru, sem ekki vilja fallast á þessa breytingu undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu sætta sig við þá ákvörðun, sem Alþ. eða meiri hl. þess tekur í þessu máli. Eigi gagn að verða að frv., þarf það að hljóta afgreiðslu fyrir 1. marz. Eigi að síður, þó að það sé að vísu rétt, að þm. fara nokkuð frá nú næstu vikuna, ætti að gefast nægilegt svigrúm til að athuga þetta einfalda frv. fyrir þann tíma, og held ég, að ekki eigi að vera ofætlun hv. alþm. að gera upp hug sinn í því efni, hvort þeir vilja freista þess að halda svolítið aftur af verðbólguþróuninni, víxlhækkun kaupgjalds og verðlags, með þeim hætti, sem lagt er til í þessu frv.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh- og viðskn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þetta frv. kom á borð okkar þm. s. l. mánudag, og það háttar svo til, eins og fram hefur komið, að þm. eru nú að fara nokkrir á Norðurlandaráðsfund, forustumenn flokka og ráðh. og fleiri þm. Ég mæltist til þess samdægurs við hæstv. forsrh., að málið kæmi ekki á dagskrá í dag af þessum sökum, og það ætti ekki að skipta máli um afgreiðslu þess. Við höfum ekki haft aðstöðu til að ræða það í þingflokki Sjálfstfl., og auk þess eru nokkuð margir þm. veðurtepptir úti á landi og þ. á m. einn þm. í Sjálfstfl., sem á sæti í stjórn Alþýðusambands Íslands. Þetta er að vísu 1. umr. um málið, og venjulega er það svo, að það skiptir ekki miklu, þótt 1. umr. fari fram. Menn tjá sig þá að jafnaði ekki um málin, en láta þau ganga til nefndar, nema þeir, sem mæla fyrir þeim, — aðrir tjá sig ekki um málin, fyrr en n. hafa athugað þau. Hins vegar er það þingvenja, sem eflaust mun haldast áfram, að þegar stórmál eru á ferðinni, vilji menn gjarnan tjá sig strax í upphafi um mál, sem þannig eru vaxin. Og hér er um stórmál að ræða að vísu, af ástæðum, sem ég skal koma nánar að.

Frv. er tvíþætt, og ég skal í fyrsta lagi víkja að 1. gr. og tjá skoðun mína á henni, að ég tel hana mjög óviðeigandi, eins og aðstæður eru. Ég tel óviðeigandi að fela kauplagsnefnd að ákveða, að tiltekin þjónusta í landinu skuli verða þess valdandi, að vísitalan færist niður um eitt stig. Við vitum ekkert um, hver þessi þjónusta er. Ríkisstj. er að boða, að hún ætli að koma á einhverri tannlæknaþjónustu. Tannlæknaþjónusta hefur verið undanfarin ár, eftir að lögbundin var sú vísitala, sem nú er, af hálfu nokkurra sveitarfélaga, m. a. Reykjavíkur, ég veit ekki, hverra annarra, ég hef ekki haft tíma til að kanna það mál nánar. Upphaflega mun ríkissjóður, eftir að til þessarar þjónustu var stofnað, að börn í barnaskólum og nú víst á öllum skyldunámsaldrinum fá ókeypis tannlæknaþjónustu, hafa greitt á móti sveitarfélögum til helminga, en neitað hins vegar eða horfið frá því síðari árin, þannig að hlutur ríkissjóðs hefur þá verið minni. Nú á að auka hlut ríkissjóðs. En hvernig á að framkvæma þessa tannlæknaþjónustu, hvaða áhrif hún hefur á vísitöluna, það á ekki að bíða og sjá hvað setur um það og reikna það út eins og allar aðrar greinar vísitölunnar af kauplagsnefnd. Nei, henni er fyrirskipað hér með lögum: þetta er 1%.

Þetta er algerlega óviðunandi, því að kaupgreiðsluvísitalan er ekkert smámál. Hún mælir kaup allra launþega í landinu. Það verður ekki farið silkihönskum um það mál. Þess er krafizt af þm. og ríkisstj., að haldið sé með gát á þessum málum og hefur ævinlega verið gert, eins og dæmin sanna. Ég tel þess vegna, að sá eðlilegi háttur hefði verið, að ríkisstj. legði fram sínar till. og sín fjárframlög, — úr fjárvana ríkissjóði á það víst að vera, því að það er búið að segja okkur undanfarið, að hann sé algerlega botnlaus og miklu meira en það, — að hún sýni, hvar á að taka þessa peninga, sem á að láta í tannlæknaþjónustuna, með hverjum hætti það á að vera, og þegar það liggur fyrir, þá reiknar kauplagsnefndin samkv. lögum, hvaða áhrif þetta hefur á vísitöluna.

Svo er önnur spurningin. Hún er, að þessi þjón-

usta kemur, eftir að vísitölugrundvöllurinn er lagður, sem unnið er eftir. Það má til sanns vegar færa, að þess vegna væri kannske rétt að láta þetta koma inn í vísitöluna. En hér eru hlunnindi, sem fólk er búið að fá og búið að fella sig við að verulegu leyti, nema það, sem við bætist úr ríkissjóði. Og þá á allt í einu að svipta það fólk, sem tekur laun, áhrifum af þessum hlunnindum. Ég gæti vel trúað því, þó að ég hafi ekki haft aðstöðu til þess að kanna það, að það séu mörg önnur tilvik í þjóðfélaginu, sem er svipað ástatt um, annaðhvort þannig, að þau hafi verið tekin upp til hagsbóta fyrir almenning í landinu, eftir að vísitölugrundvöllurinn var lagður, eða þá á hinn veginn, að sumt hafi komið fram, sem ekki er reiknað í vísitölunni, en er til óhagræðis fyrir almenning, að var ekki í vísitölugrundvellinum, þegar hann var lagður. Ég tel þess vegna efnislega séð mjög ábótavant þessari gr. og ef eigi að keyra hana gegnum þingið, þá þurfi hún vissulega lagfæringar við. Skal ég svo ekki segja meira um það.

Þá kem ég að hinni gr. Hún er um það, að við útreikning kauplagsnefndar á kaupgreiðsluvísitölunni fyrir marz—maí, júní—ágúst, sept.—nóv. skuli eigi taka tillit til þeirrar vísitöluhækkunar, sem leiðir af verðhækkun áfengis og tóbaks hinn 20. des. 1972. Um þetta vil ég segja það, og það gildir einnig um fyrra atriðið, að ég er engan veginn mótfallinn því, að vísitölugrundvöllurinn sé endurskoðaður og við reynum að skapa okkur betri og heilbrigðari grundvöll en fyrir hendi er í dag. En það á ekki að vera með þetta kák í sambandi við þessi mál, að taka einn og einn lið út úr vísitölunni, því að allt er þetta ein heild, sem er mjög viðkvæm viðureignar. Það stendur fyrir dyrum endurskoðun á vísitölugrundvellinum, og þess vegna væri að sjálfsögðu eðlilegt, að þessi mál eins og mörg önnur féllu inn í þá almennu endurskoðun á vísitölugrundvellinum, sem fyrir dyrum stendur. Þetta er þess vegna bráðræði. Það er eins og það hvíli örlög yfir þessari ríkisstj. að hrapa að málum í einhverju ráðleysi. Jafnvel þó að efnislega kunni hún að hafa ýmislegt til síns máls í sambandi við eitthvert mál, þá vantar alltaf heildarsýnina yfir málið. Það vantar heildarsýnina yfir efnahagsmálin. Það er lækkað gengi krónunnar fyrir áramótin. Þegar Seðlabankinn gefur út tilkynningu sína um gengisfellinguna, segir hann, að það ríki fullkomin óvissa um það, hvaða áhrif gengisfellingin hafi, af því að það séu svo margir aðrir liðir snertandi efnahagsmálin, sem er gengið alveg fram hjá að taka afstöðu til. Það er allt í þoku eftir gengisfellinguna. Svo eru gerðar ráðstafanir milli jóla og nýárs, einhvers konar nýjar uppbætur fyrir útveginn. Hann á að sleppa við söluskatt, og ef hann leggur í eigin sjóði, þá ætlar ríkið að leggja jafnmikið á móti. Það munu sennilega vera einar 160 millj. kr. þarna, sem ríkið hefur tekið á sig, án þess að Alþ. hafi nokkuð um það fjallað. Menn furða sig á því, ef svona aðgerðir eru gerðar, hvað verði um útflutningsiðnaðinn. Hann var auðvitað látinn sitja hjá. Hér var eitt stökk, sem einn ráðh. gerði, að mér er sagt meðan fjmrh. var ekki í bænum, og skuldbatt ríkisstj. gagnvart útvegsmönnum. Þarna eru sennilega um 160 millj. kr. Í sambandi við erfiðleika í Vestmannaeyjum var talað um 160 millj. kr. líka úr ríkissjóði að lokum, eftir að margsinnis hafði verið talað um, að ríkissjóður væri alls ekki aflögufær. Dæmið er aldrei gert upp í heild. Það er það, sem við þurfum að fá hér í þinginu. Við þurfum að fá mynd af dæminu í efnahagsmálum í heild hjá ríkisstj., og ef hún kann ekki að setja upp það dæmi, á hún ekki að vera að burðast við að reyna að stjórna.

Hæstv. forsrh. lagði mjög mikla áherzlu á, að ef þjóðaratkvgr. færi fram um, hvort ætti að reikna áfengi og tóbak í kaupgreiðsluvísitölunni, þá mundi þjóðin eflaust vera á móti því. Og hann vildi láta reyna á það, hverjir alþm. vildu láta reikna áfengi og tóbak í vísitölunni, þjóðin mundi áreiðanlega fylgjast með því og dæma þá menn. Nú spyr ég: Hvenær vitkaðist hæstv. forsrh.? Hvað gerði hæstv. forsrh. í júlí 1971? Þá var áfengi og tóbak ekki reiknað með í vísitölunni, hafði verið tekið út úr vísitölunni með sérstökum hætti, sem ég skal koma nánar að, með verðstöðvunarlögum fyrrv. ríkisstj. haustið 1970. Það, sem núv. ríkisstj., hæstv. forsrh. lá mest á að gera, var að taka þetta aftur inn í vísitöluna. Nú segir hæstv. ráðh.: Það er ekki nokkur skynsemi í því að láta hækkun á áfengi og tóbaki hafa áhrif á vísitöluna. — Þess vegna spurði ég: Hvenær vitkaðist hæstv. forsrh.? Það var nefnilega veizlugleði í júlímánuði 1971, og þá hældu menn sér yfir því, að nú væri búið að leiðrétta ranglæti fyrrv. ríkisstj., nú væri verið að taka áfengi og tóbak inn í vísitöluna, svo að það hafi áhrif á kaupgreiðslur. Auðvitað hækkaði fjmrh. áfengi og tóbak nokkru seinna til þess að fá tekjur. En þá átti hann að borga meira eða a. m. k. álíka mikið út í launum og greiðslum, — ætlaði sér fyrst að fá tekjur af hækkun áfengis og tóbaks og missti það svo allt út úr hinum vasanum, af því að hann var búinn að taka áfengi og tóbak inn í kaupgreiðsluvísitöluna.

Það er í sjálfu sér ágætt, þegar hæstv. ríkisstj. vitnar til aðgerða fyrrv. ríkisstj. og telur þær sér til framdráttar, eins og gert er í grg. þessa frv., að verð á áfengi og tóbaki hafi verið tekið út úr, við reikning kaupgreiðsluvísitölunnar 1970. En þá stóð bara allt öðruvísi á, og það er í skemmstu máli þetta: Þá lagði ríkisstj. fyrir Alþ. áætlun um aðgerðir í verðstöðvunarlöggjöf sinni, og það hvildi á þremur atriðum aðallega: að skattleggja atvinnurekendurna, að fresta greiðslu vísitölustiga hjá launþegunum og afla ríkissjóði tekna, m. a. af áfengi og tóbaki, til þess að geta greitt niður verð á neyzluvörum almennings. Þá var rökstuðningur ríkisstj. fyrir þessu heildarkerfi níu mánaða ráðgerð verðstöðvun, og þó kom skerðingin á vísitölunni ekki til greina fyrr en í febrúar, þannig að hún hefði ekki orðið nema um 6 mánaða skeið. Það var grundvöllurinn undir þessu kerfi, þessu tímasetta kerfi, að raunverulegar tekjur launamanna mundu verða hærri, meiri kaupmáttaraukning mundi eiga sér stað með þessum hætti en ef víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags væru látn-

ar halda áfram. Þetta var tíundað fyrir fulltrúum verkalýðssamtakanna, Alþýðusambandi Íslands, á sumrinu 1970 og á haustmánuðum, og þessar staðhæfingar ríkisstj. stóðust. Það liggur nú fyrir í útreikningum frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, að kaupmáttaraukning launafólksins á árunum 1970 og 1971 er rúmlega 27.3%, á þessum tveimur árum. Þessar ráðagerðir stóðust allar, og áætlanirnar voru byggðar á þeim grundvelli, sem ríkisstj. sjálf hafði treyst, að mundi standast, enda var það svo. Í raun og veru var kaupmáttaraukningin sennilega um 18% á eins árs tímabili, frá maí—júní 1970 til maí—júní 1971. En á tveggja ára tímabilinu 1970—1971 er kaupmáttaraukning verkamanna, sjómanna, iðnverkafólks og almennra launþega rúmlega 27%, á þessum tveimur árum. Nú er verið að gera því skóna af ríkisstj., sem tók verðhækkanir á áfengi og tóbaki inn í vísitöluna, að kippa þeim út úr vísitölunni, miklu meiri en áður var, helmingi meiri áhrif eiga þær hækkanir að hafa á vísitöluna, og það er ekki vitað, að neitt samráð hafi verið haft um framlagningu þessa frv. við fulltrúa launþegasamtakanna í landinu. Frv. kemur fulltrúum þessara aðila algerlega á óvart.

Ég tel þess vegna, að það þurfi mjög vendilega að athuga þetta frv. í þeirri n., sem fær það til meðferðar, og fyrst og fremst held ég, að sé nauðsynlegt að skoða afgreiðslu þessa máls í því ljósi, að þetta er, eins og nú standa sakir, skerðing á gildandi kjarasamningum, en í ráði er heildarendurskoðun á vísitölukerfinu, áður en nýir kjarasamningar verða gerðir á næsta hausti, og hafa hliðsjón af þessari aðstöðu í þjóðfélaginu. Hæstv. forsrh. bjóst við, að allri þjóðinni fyndist þetta sanngjarnt og það mælti engin skynsemi með öðru en lögfesta það, sem hér er lagt til. Samt sem áður þykir það ekki ástæða til að fullvissa sig um það, þegar ríkisstj. leggur fram svona mál, sem snertir mælinn á kaupgreiðslur í landinu, hvort hún hafi stuðning eigin stjórnarflokka. Það er eins og hæstv. ríkisstj. sé alls varnað. Nei, það þykir engin ástæða til þess. Hún ætlar að láta reyna á það, eins og stendur í frv., hún ætlar að fá úr því skorið, hvort meiri hl. er fyrir framgangi þess eða ekki. Það er raunalegt að sjá svona setningar í stjfrv. í jafnveigamiklu máli og hér er um að ræða, hvernig sem menn vilja að öðru leyti taka á málinu, og stríðir í raun og veru gegn öllum okkar venjum í sambandi við stjórnarhætti í þingræðisþjóðfélagi.

Þegar verið er að tala um, að það mæli öll skynsemi með því að samþykkja þetta, þá hef ég bent á, að skynsemin var ekki fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. í júlímánuði 1971, og í blöðum fyrrv. stjórnarandstæðinga er ýmislegt, sem er gaman að rifja upp núna, því að í okt. 1970 segir í forustugrein í Þjóðviljanum, að ríkisstj. ætli að fara í kringum vandamál efnahagsmálanna með því að ákveða, að auknar álögur í því skyni að greiða niður verðlag skuli ekki hafa nein áhrif á vísitöluna. Það átti sem sé að falsa vísitölugrundvöllinn, eins og hér er verið að gera, ef maður vill viðhafa það orðbragð. Sú ráðstöfun ríkisstj. að hækka verð á áfengi og tóbaki til þess að greiða niður verð á mjólk og rjóma er hugsuð á hliðstæðum forsendum, að falsa vísitöluna.

Nú lagði hæstv. forsrh. áherzlu á, að hér væri um munaðarvörur að ræða og verið væri að afla fátækum ríkissjóði tekna, sem ættu að fara til þess að greiða niður nauðsynjavörur almennings. Það hefði verið betra að skilja ekki ríkissjóðinn eftir allslausan fyrir jólin við afgreiðslu fjárl., með 500 millj. kr. greiðsluhalla, eins og ríkisstj. gerði. Til þess að vega upp þennan greiðsluhalla, til þess að hafa eitthvað í niðurgreiðslurnar á nauðsynjavörunum, leitaði ríkisstj. sér heimilda til að skera niður framkvæmdir og fresta framkvæmdum um allt að 500 millj. kr. eða rúmlega það. Hún hefur gert ráð fyrir að skera niður um 15%, sem gætu verið 500—600 millj. kr. Ríkisstj. segist vera að nota þessar heimildir núna vegna hallans, af því að það var enginn eyrir upp í þetta. En það er búið að jafna hallann, og á að vera hægt að greiða niður nauðsynjavörurnar, þegar búið er að skera niður um 15%. En það er eitthvað meira, sem vantar á, því að þetta gefur aukalega 420 millj. kr. Það þarf ekki endilega að vera að eyrnamerkja þetta við niðurgreiðslur á nauðsynjavörunum, því að það var í fjárl. gert ráð fyrir því. Þó vantaði fyrir því! En það var veitt heimild til þess að skera niður framkvæmdir. Við skulum ekki vera að fegra þetta mál með því, að þessi áfengis- og tóbakspeningar eigi endilega að fara til þess að greiða niður smjörið, mjólkina og rjómann.

Í sömu forustugrein, sem ég las upp úr áðan, — hún var í Þjóðviljanum, það er líklega rétt að eyrnamerkja þetta betur, ég held, að það hafi verið 10. okt. 1970, — segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er að sjálfsögðu um að ræða algert brot á kjarasamningunum frá því í vor. Vísitöluákvæðin voru meginatriðin í þeim samningum, og forsenda þeirra ákvæða var sú, að vísitölugrundvöllurinn héldist óskertur á samningstímabilinu.“ Það stendur víst alveg eins á núna. Í sama leiðara segir einnig: „Í öðru lagi er grundvöllur vísitölunnar falsaður með því að taka út úr honum hækkun á áfengi og tóbaki.“ Allt var þetta fölsun á vísitölunni, svik við verkalýðinn og brot á kjarasamningum. Það segir enn fremur — með leyfi hæstv. forseta — í sama leiðara: „Hér er um að ræða algert brot á kjarasamningum, árás, sem verkalýðshreyfingin lítur mjög alvarlegum augum.“

Þetta var sagt þá, og nú þykir ekki einu sinni ástæða til þess að láta fyrirsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar vita af því, að þetta frv. eigi að leggja fram í þinginu. Það kemur þeim alveg á óvart. Þeir rekast á þetta á borðinu sínu án þess að hafa nokkra minnstu hugmynd um, frv. um breytingu á útreikningi kaupgreiðsluvísitölu. Formaður Dagsbrúnar, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, sagði líka um þetta leyti, 8. nóv. 1970, í Þjóðviljanum: „Að mínum dómi er þessi röskun á vísitölugrundvellinum mjög alvarlegt mál, því að það er með löggjöf verið að raska sjálfri undirstöðunni, sem samningar hvíldu á.“

Hæstv. núv. viðskrh. sagði mörg fögur orð líka hér á Alþ., og m. a. var haft eftir honum

í Þjóðviljanum: „Ótrúlegt væri, að það gæti viðgengizt, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur féllust á tiltekinn vísitölugrundvöll, sem miða skuli við framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu, og rétt á eftir kæmi hún svo með till. um að svíkja þennan grundvöll og breyta honum einhliða.“ Það er gert með þessu frv., því að tilteknar hækkanir, sem samkv. vísitölugrundvellinum ættu að reiknast með, eru teknar út. Þetta er verið að gera hér líka.

Þá sagði blað Framsfl., Tíminn, í 5 dálka fyrirsögn 10. nóv. 1970: „Framsfl. tekur ekki þátt í því að eyðileggja nýgerða kjarasamninga.“ Nei, hann tekur ekki þátt í því.

En það er svo mikið, sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eru búnir að éta ofan í sig, síðan þeir tóku við völdum, þó að þeir séu ekki búnir að sitja lengi, að það er ekki mikið, þó að einn bitinn bætist við, þó að hann sé dálítið stór. Nú á að gleypa það, sem áður var fordæmt í fari fyrrv. ríkisstj., og taka út það, sem var tekið inn í vísitöluna aftur í fögnuði þess að hafa nýtekið við stjórnartaumunum í júlímánuði 1971. Og nú eru þessir sömu menn búnir að átta sig á því, að það er engin skynsemi í því, sem þeir gerðu í veizlugleðinni. Þessi ríkisstj. og stuðningsmenn hennar eru líka búnir að éta ofan í sig frestun á tilteknum stigum kaupgreiðsluvísitölunnar. Þeir eru líka búnir að éta ofan í sig yfir höfuð verðstöðvun. Þeir framlengdu verðstöðvunina, sem þeir fordæmdu 1971, og síðan settu þeir á nýja verðstöðvun á sumrinu 1972. Þetta eru þeir búnir að éta ofan í sig. Þeir eru búnir að éta ofan í sig það, að þeir ætli aldrei að grípa til gengislækkunar, það sé ein höfuðstefna ríkisstj. að lækka ekki gengi krónunnar. Það er búið að éta það ofan í sig. Það er reyndar búið að gera það í tvígang, fyrir jólin 1971 og svo gengislækkun núna fyrir jólin. Og nú stöndum við frammi fyrir þeim vanda, að ríkisstj. er sennilega neydd til þess að lækka gengið. En hvað mikið verður það lækkað? Verður notað tækifærið til þess að lækka jafnt dollar, eða verður farið bil beggja, eins og talað var um 1971, þó að það væri ekki efnt þá?

Það er á miklu fleiri sviðum, sem við getum gripið niður, þar sem allt það, sem áður var fordæmt, þykir nú gott. Þessu á að sjálfsögðu að hrósa hjá þessum ágætu mönnum, því að það er kannski það bezta í fari þeirra, þegar þeir fara að einhverju leyti að dæmi fyrrv. ríkisstj. En það er ekki nóg, eins og hér er gert, að vitna til þess, að áfengi og tóbak hafi ekki verið láta hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu í tíð fyrrv. stjórnar með verðstöðvunarlögunum, vegna þess að þar er allt öðruvísi að málunum staðið. Það er sett fram í heildarskipulagi ákveðinna aðgerða í efnahagsmálunum, sem duga, en óvissan eykst ekki við einstakt kák, eins og ríkisstj. nú er að gera og gerði fyrir jólin. Þetta er hennar höfuðmein og hennar veikleiki, að geta aldrei haft yfirsýn yfir efnahagsmálin og skapað neitt traust hjá almenningi í landinu á því, sem hún er að gera. Þetta er allt saman fálm og fum og einstakir þættir. Öll þjóðin veit, að það voru þrjár stefnur uppi í ríkisstj. um lausn á efnahagsmálunum fyrir jólin og ofan á varð svo gengislækkunin með þeim hætti, sem ég lýsti áðan, að Seðlabankinn gaf þá yfirlýsingu, að í raun og veru væri óvissan alveg jafnmikil í þjóðfélaginu, því að það væri ekki hægt að ráða neitt í, hvar yrði um efnahagsvandann, vegna þess að það vantaði vitneskju um það, hvaða aðgerðir aðrar ríkisstj. ætlaði að gera. Hún er byrjuð á nokkrum aðgerðum um áramótin, og svo er þetta núna. En hvað kemur næst, ef þetta nær þá nokkru sinni fram að ganga?

Ég skal ekki hafa orð mín fleiri um þetta frv., en mér finnst það lýsa ákaflega miklu ráðleysi og fálmi hjá hæstv. ríkisstj. Það er einkennilegt af hennar hálfu að leggja slikt frv. fram án þess að láta fulltrúa verkalýðssamtakanna fá nokkra vitneskju um það og alveg sér í lagi eftir það, sem þeir voru búnir að segja um þessar hugmyndir ríkisstj. á ráðstefnu Alþýðusambandsins, sem haldin var í jan.

Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé mjög eðlilegt að endurskoða vísitölugrundvöllinn, og ég veit ekki betur en það sé að því stefnt. Það er eðlilegt, að það sé gert í sambandi við það, að kjarasamningar renna út á næsta hausti og nýir kjarasamningar taka þá við. En það er mjög hæpið að mínum dómi að fikta þannig við kaupgreiðsluvísitöluna, án þess að um neina heildarlausn á efnahagsvandanum sé að ræða. Það er vitað, að auk þess sem þessi hækkun er helmingi meiri en sú hækkun, sem tekin var út úr vísitölunni 1970, var þá gert ráð fyrir og það stóðst, að fólkið fengi kjarabætur, að kaupmáttur fólksins mundi aukast. Það er vitað í dag og boðað af hæstv. ríkisstj. og sérfræðingum hennar, að það verði engin kaupmáttaraukning hjá launþegunum á þessu ári. Það er það síðasta, sem liggur fyrir. Þess vegna er ekki með nokkru móti hægt að verja þessar aðgerðir með svipuðum hætti og gert var með aðgerðum fyrrv. ríkisstj.

Þetta mál verður að sjálfsögðu athugað nánar í n., og mun þá Sjálfstfl. taka endanlega afstöðu til þess, hvaða hátt hann vill hafa á afgreiðslu þess. Eins og ég sagði áðan, höfum við ekki rætt málið í þingflokknum, ekki haft aðstöðu til þess, og þess vegna bað ég um frestun á því nú. Ég tel frv. meingallað, tel alveg víst, að Sjálfstfl. muni gera verulegar aths. við framgang málsins. E. t. v. reynir ekki fyllilega á það, að Sjálfstfl. þurfi að skýra þetta mál af sinni hálfu nánar, en hann mun ekki fara leynt með það, og hæstv. forsrh. skal fá það algerlega umbúðalaust, þó að við eigum erfitt með að draga svör upp úr ráðh. umbúðalaust. En það er sýnt þegar á því, sem fram hefur komið í þinginu, að þetta frv. nær ekki fram að ganga í þeirri mynd, sem það er nú. Það nær ekki fram að ganga vegna þess, hversu það er borið fram í miklu ráðleysi og flaustri og meingallað, þó að hugsun geti verið á bak við það, ef hún væri öðruvísi fram sett og í tengslum við aðrar efnahagsaðgerðir. Því vil ég ráðleggja hæstv. forsrh. það, og það geri ég með góðum hug í hans garð, að hann taki þetta frv. til baka og hafi ekki meiri umsvif um það.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður við 1. umr. þessa máls, m. a. af því, að ég á sæti í þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, en aðallega þó af því, að þingflokkur Alþfl. hefur ekki enn fengið tækifæri eða aðstöðu til þess að fjalla um málið. Það var tilætlunin að gera það síðdegis í dag, sem er venjulegur þingflokksfundadagur.

Vegna þeirra umr., sem farið hafa fram, vil ég þó láta þess getið, að við því má búast, að 1. gr. frv. sæti verulegum andmælum vegna þess, hve þar er um algert nýmæli að ræða í lagasetningu um breytingar á vísitölu. Það hafa oft verið sett lög um breytingar á vísitölu, sem að sjálfsögðu breyta þá kjarasamningum. En þessi 1. gr. er með alveg sérstökum hætti. Þar er ákveðið, að tiltekin aðgerð, tiltekin stjórnarráðstöfun, aukin tannlæknaþjónusta, sem ég fagna mjög og Alþfl. hefur einmitt beitt sér sérstaklega fyrir á undanförnum árum, skuli metin af Alþ. til eins vísitölustigs. Hið rétta og eðlilega í þessum efnum er auðvitað, að sú aukna þjónusta, sem væntanlega verður látin í té og ég endurtek, að við Alþfl.-menn fögnum mjög, verði metin eins og önnur þjónustu, sem hið opinbera lætur í té, þ. e. a. s. af kauplagsnefndinni sjálfri. Það er hin eðlilega málsmeðferð. Þessi málsmeðferð hlýtur að teljast óeðlileg.

Þá tel ég líka rétt, að það komi fram strax af minni hálfu, að ég fyrir mitt leyti viðurkenni fúslega nauðsyn þess að endurskoða vísitölugrundvöllinn. Ég hef ekki farið dult með það mörg undanfarin ár, að full ástæða er til þess, að vísitölugrundvöllurinn sé endurskoðaður. Grundvöllur núverandi vísitölu er gallaður um margt, og á því eru augljósir ágallar að láta allt kaupgjald í landinu breytast með breytingum á vísitölugrundvellinum, eins og hann er nú. En ég legg enn á það ríka áherzlu, eins og ég hef gert á undanförnum árum, þegar þetta mál hefur verið rætt, að höfð sé náin samvinna við launþegasamtök um þessa endurskoðun.

Eitt af því, sem sannarlega kemur til greina að endurskoða, er einmitt það, að reikna skuli með breytingum á áfengi og tóbaki í vísitölugrundvellinum. Það hefur augljósa ókosti, jafnvel ranglæti í för með sér, að það sé gert. En breytingu á því án fulls samráðs við launþegasamtökin tel ég ekki koma til greina, tel hana vera óeðlilega. Launþegasamtökin hafa nú samninga um þann vísitölugrundvöll, sem er, og því eðlilegt, að höfð séu full samráð við þau um sérhverja breytingu, sem á þessum vísitölugrundvelli verður gerð.

Í n., sem frv. fær til meðferðar og ég á sæti í, mun ég leitast við að kanna tvennt: Í fyrsta lagi, hver sé afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessara tveggja meginatriða frv. Ummæli hv. þm. Björns Jónssonar, forseta Alþýðusambandsins, sem hann viðhafði í morgun um, að hann mundi greiða atkv. gegn frv., hljóta að vera vísbending um, að frv. sé flutt, ekki aðeins án samráðs við stjórn Alþýðusambandsins, heldur beinlínis gegn ráði þess. Tel ég rétt, að n. kanni, hvað satt er í þessu og fái um það óyggjandi upplýsingar. Þá hefur einnig verið talið af sumum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, að ríkisstj. hafi lofað verkalýðshreyfingunni að breyta ekki kaupgjaldssamningum með lögum. Því er haldið fram af ýmsum verkalýðsforingjum, að þeir hafi beinlínis loforð ríkisstj. fyrir því að breyta gildandi kaupgjaldssamningum ekki með lögum og að móti þessu hafi forustumenn verkalýðshreyfingarinnar lýst því yfir, að þeir væru reiðubúnir til viðræna um breytingar á vísitölugrundvellinum í næstu samningum, og gefið jákvæðar yfirlýsingar í þá átt. N., sem um málið fjallar, þarf að kanna þetta til hlítar. Það þarf að liggja alveg ljóst fyrir hinu háa Alþ., þegar það endanlega tekur afstöðu til málsins, hvernig þessum málavöxtum er háttað. Ég vona, að enginn verði hissa á því, — það verða síðustu orð mín við þessa 1. umr. málsins, — að ef þetta er rétt, ef það er rétt, að ríkisstj. hafi lofað forustu launþegasamtakanna því að breyta ekki kaupgjaldsamningum með lögum, þá þarf engum að koma á óvart, þó að ég a. m. k. í minum flokki muni ekki mæla með því, að ríkisstj. verði hjálpað til þess að bregðast loforði sínu við verkalýðshreyfinguna.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að fara út í almennar umr. í sambandi við þetta mál, þó að ýmislegt, sem fram hefur komið hér á hv. Alþ. í dag, hafi gefið tilefni til þess.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að heildarskipulag í efnahagsmálum hefði verið einkenni viðreisnarstjórnarinnar og væri það öðruvísi en nú, vil ég segja það, að ef hann bara kynnti sér árið 1968 þar um, þá mundi hann sannfærast um annað. Ég hefði getað lesið upp fyrir honum aðgerðir næstum því mánaðarlega það ár og mundi finna frá fleiri árum aðgerðir í efnahagsmálum hjá þeirri ágætu stjórn, viðreisnarstjórninnni, sem núv. stjórn hefur þó ekki farið inn á, svo að fordæmi eru nú til um ýmsar breytingar hér að lútandi. Ég vildi líka vona, að þegar núv. stjórn færi inn á þau mál, sem fyrrv. ríkisstj. taldi réttmæt, þá standi ekki á þeim, sem hana studdu, til stuðnings við málin. Kannske er þetta tilraun til að fá úr því skorið, hvort svo er eða ekki.

Það er rétt, að um það fara fram umr. og að því verður unnið að taka vísitölukerfið til heildarendurskoðunar á þessu ári. Og það er miðað við það, að sú heildarendurskoðun geti átt sér stað, áður en næstu kjarasamningar verða gerðir. Þess vegna er þetta frv. miðað við það eitt, að þangað til sú endurskoðun hafi farið fram, verði gerðar þær ráðstafanir, sem hér eru til umr.

Í sambandi við það, hvort haft hefur verið samráð við alþýðusamtökin um þetta mál, vil ég vitna til þess, sem hér hefur komið fram áður, að á þeirri ráðstefnu, sem Alþýðusambandið boðaði til 12. jan. s. l., voru þessi tvö atriði m. a. lögð fyrir þá ráðstefnu. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp það úr

ályktuninni, sem þessi mál varðar sérstaklega. Í fyrsta lagi, varðandi bætta þjónustu tryggingakerfisins, segir svo:

„Ráðstefnan lýsir fylgi sínu við þær hugmyndir, að tannlæknaþjónusta verði að meira eða minna leyti greidd af sjúkrasamlögum, og telur, að í slíkri ráðstöfun felist veruleg hagsbót, sérstaklega fyrir láglaunafólk og barnmargar fjölskyldur."

Það, sem stefnt er að með 1. gr. þessa frv., er að fara inn á þetta atriði, sem þarna er lagt til. Og það er skemmst frá því að segja, að með breytingu á skólakostnaðarlögunum, sem mig minnir, að hafi verið gerð 1968, var horfið frá því, að ríkissjóður greiddi hálfan kostnað við tannviðgerðir í barnaskólum. Áður hafði það verið þannig, að í þeim sveitarfélögum, sem höfðu staðið að því að taka þátt í kostnaði við tannviðgerðir í barnaskólum, var að hálfu leyti greitt af sveitarfélaginu og að hálfu leyti af ríkissjóði. Þessu var hins vegar breytt með breytingu á skólakostnaðarl. Þetta var einn af þeim þáttum, sem þá voru færðir til sveitarfélaganna. Með þeirri breytingu, sem nú er stefnt að með þessu frv., ef það verður að lögum, er gert ráð fyrir að taka einmitt þetta upp á nýjan leik. Og fleiri atriði eru í því máli, sem hafa ekki enn fengið fullnaðarafgreiðslu.

Um hinn þáttinn í málinu, um áfengi og tóbak, má að sjálfsögðu deila. Það er alveg rétt, sem komið hefur fram hér í umr. og hefur komið fram í umr. áður, að þetta er þáttur í vísitölukerfinu, og að því leyti er þetta breyting. Hins vegar er nú leitað eftir því, hvort vilji er fyrir því á Alþ. að breyta þessu núna eða hvort Alþ. fellst á að vinna að lausn þess máls í sambandi við kjarasamninga eða breytingu á vísitölukerfinu. Það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., að þessi breyting, sem lögð er til í þessu frv., gefi ríkissjóði 420 millj. kr. Það eru tekjurnar af hækkun á áfengi og tóbaki, sem gert er ráð fyrir, að gefi þessar tekjur. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að þetta snerti ekki ríkissjóð að öðru leyti en því, sem hann verður að greiða þessi stig í kaupgjaldi. En auðvitað verður þetta látið ganga út í verðlagið, en ekki mætt með auknum niðurgreiðslum, það er alveg ljóst. Hér er ekki um það að ræða, heldur bara um það, hvort þessi tekjuöflun á að ganga inn í vísitöluna eða ekki þessa mánuði, meðan samningar fara fram um heildarendurskoðun á vísitölunni. Ef það verður niðurstaða Alþ., að það skuli gerast, þá gerist það, þá gengur þetta út í verðlagið, en verður ekki mætt með niðurgreiðslu. Það er ljóst, og þarf ekki um það að ræða. Ef það hins vegar verður ofan á, að þessari greiðslu verði frestað, meðan þetta mál fer til frekari athugunar, þá gerist það. Þetta var eitt af þeim atriðum, sem ríkisstj. lagði fyrir ráðstefnu Alþýðusambandsins 12. jan., og um það sagði ráðstefnan þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi niðurfellingu vísitölustiga vegna hækkunar verðs á áfengi og tóbaki, telur ráðstefnan vera um mál að ræða, sem íhuga beri og endurskoða við gerð kjarasamninga, sem fram eiga að fara síðar á árinu, en telur sig skorta umboð til að fallast á eða mæla með lagasetningu, sem fæli í sér beina niðurfellingu á umsömdum greiðslum verðlagsbóta á samningstímanum."

Þetta var sú ályktun, sem ráðstefna Alþýðusambandsins gerði þar um, og ég skil hana ekki á þann veg, að hún hafi talið, að það væri neitt ódæði að leggja málið fyrir Alþ., þó að hún teldi sig hvorki hafa umboð til að samþykkja það né mæla með því. En það verður svo að sýna sig í meðförum hér á hv. Alþ., hvort þetta nær fram að ganga eða ekki. En það vona ég, að verði þó alltaf árangur af þessu máli hér á hv. Alþ., að gengið verði með fullkominni festu í að endurskoða vísitölukerfið frá því, sem nú er.

Það er nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að tekjuöflun ríkissjóðs er með þeim hætti, að beinu skattarnir eru eina tekjuöflunin, sem hægt er að ná til, án þess að það fari út í verðlagið. Meðan svo er, verður ekki, hvorki fyrir núv. fjmrh. né aðra, hægt að móta ákveðna stefnu í tekjuöflun ríkissjóðs, vegna þessa ákvæðis. Vona ég, að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu, og reyndar hefur það komið fram í þessum umr., að menn virðast hafa vilja til þess, og ég vona, að sá vilji sýni sig í verki. Það verður svo að vera á valdi þeirra, hvort þeir gefa þann frest, sem hér er um að ræða, í þessu máli, meðan þá er í athugun, eða ekki. Það er í raun og veru það, sem ríkisstj. er að leita eftir hér á hv. Alþ., og til þess sem sagt að auka umr. um þessi mál og ganga í það af fullum krafti, að þessi endurskoðun fari fram.

Ég skal svo ekki tímans vegna fara út í fleiri atriði nú.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er vissulega lærdómsríkt að hafa orðið bæði sjónar- og heyrnarvottur að þeirri breyttu hlutverkaskipan, sem mér virðist hafa orðið hér á hv. Alþ., að því er varðar efnisatriði þess máls, sem hér liggur fyrir. Ég átti satt að segja ekki von á því, að ég þyrfti hér að standa upp til þess að tjá andstöðu mína við efni frv. eins og þess, sem hér liggur fyrir og flutt er af hæstv. ríkisstj. Og mér er það raunar litt skiljanlegt hvort tveggja, annars vegar, hvernig hæstv. núv. ríkisstj. getur staðið að flutningi slíks frv. með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt, og hins vegar, hvernig hv. stjórnarandstæðingar núv. gætu verið andvígir málsmeðferð sem þessari, eins og það liggur fyrir, einnig með tilliti til þess, sem á undan er gengið af þeirra hálfu.

Það er að mínum dómi alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að árásir viðreisnarstjórnarinnar sálugu á gerða kaup- og kjarasamninga verkalýðshreyfingarinnar á valdatíma þeirrar ríkisstj. voru miskunnarlaust gagnrýndar og fordæmdar, ekki bara af verkalýðshreyfingunni sjálfri, heldur og þeim flokkum, sem nú standa að hæstv. ríkisstj. Og ég tel fullkomna ástæðu til þess enn að gagnrýna slík vinnu-

brögð, ekki sízt af ríkisstj., sem hingað til hefur verið talin stjórn hinna vinnandi stétta.

Eitt af fyrstu verkum hæstv. núv. ríkisstj. var líka, eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði, að breyta því, sem viðreisnarstjórnin gerði með verðstöðvunarlögunum frá 1970, og skila aftur heim kaupgjaldsvísitölustigum, sem þá voru tekin. Ég man ekki betur en öll blöð stjórnarflokkanna teldu þetta sjálfsagt og ætti skilyrðislaust að gerast. Það kemur mér því mjög á óvart, að flutt skuli vera hér á hv. Alþ. það frv., sem hér er nú til umr., og það í nafni hæstv. ríkisstj., enda held ég, að stjórnarsáttmálinn, eins og frá honum var gengið, gefi tilefni til að ætla allt annað en að slíkt ætti sér stað. Það er tekið fram í þeim sáttmála, að skilyrðislaust eigi að leiðrétta kaupgjaldsvísitöluna um 1.3 vísitölustig, sem felld voru niður með áðurnefndum verðstöðvunarlögum, einnig, að flýtt var að taka inn í kaupgjaldsvísitöluna þau tvö stig, sem ekki áttu að koma til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1971, og ég hygg, að hvoru tveggja þessara atriða hafi verkalýðshreyfingin ekki hvað sízt fagnað.

Það var sagt hér áðan, að ég held af hæstv. viðskrh., — ég sé, að hann er ekki hér, — að ráðstefna ASÍ hefði skotið sér undan því að taka ákvörðun varðandi vísitölumálið, eins og það hér liggur nú fyrir. Þetta er að mínum dómi alls ekki rétt. Ráðstefna Alþýðusambands Íslands taldi, að mál þetta bæri að íhuga mjög gaumgæfilega og endurskoða við gerð nýrra kjarasamninga á hausti komanda. Og ég hygg, að menn séu almennt á því, að það þurfi leiðréttingar við á vísitölukerfinu í heild. En verkalýðshreyfingin mun ábyggilega nú eins og fyrr snúast andvíg gegn því, að gerðum kjarasamningum sé breytt með lagaboði frá Alþ., hvort sem þar situr vinstri eða hægri stjórn eða á hvaða tíma sem það er. Ég tek því álíktun Alþýðusambandsráðstefnunnar sem svo, að hún hafi ótvírætt snúizt gegn því, að breyting á kaupgjaldsvísitölunni yrði gerð á annan hátt eða öðruvísi en það yrði gert í endurskoðun á kjarasamningum. Það er líka skoðun mín, að öll kjaraskerðing á launum þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu og þeirra, sem verst standa að vígi, sé gersamlega óréttlætanleg. Þurfi að gera ráðstafanir í þessum efnum, verða þær að bitna á öðrum hópum en þeim, sem lægst eru launaðir og verst eru settir.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er tvíþætt. Það er í fyrsta lagi varðandi 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir að taka eitt stig af kaupgjaldsvísitölunni vegna fyrirhugaðra aðgerða í þá átt, að ríkissjóður taki meiri þátt í greiðslu til tannlækna en verið hefur. Ég hygg, að menn greini ekki á um það, að æskilegt væri, að frekar væri gert í þessa átt. En ég held, að menn geti greint á um það, hvaða aðferð beri að nota í þessu sem öðru. Ég hefði talið miklu eðlilegra, að þegar búið væri að ákveða, með hvaða hætti þátttaka ríkissjóðs væri í þessu efni, þá væri það lagt í hendur kauplagsnefndar að taka tillit til og vega og meta, hversu mikill þáttur þetta væri í kaupgreiðsluvísitölunni, heldur en segja ákveðið og skilyrðislaust: Svona mikið skal hún lækka, — þótt ekki sé það séð enn, hvernig þessar aðgerðir verða fram settar.

Varðandi 2. gr., um niðurfellingu á vísitölustigum vegna hækkana á verðlagi áfengis og tóbaks, þá held ég, að menn geti einnig greint á um það, hvort það sé æskilegt, að áfengi og tóbak séu inni í kaupgreiðsluvísitölunni. En ég segi enn sem áður, hvað sem menn segja um það, þá var það mat núv. stjórnarflokka, þegar þetta var gert á árinu 1970, að kippa þessu út, að það væri óréttmætt. Og það var fyrsta verk hæstv. núv. ríkisstj. að setja þetta aftur inn og þar með lýsa þeim vilja sínum, að hún teldi, að svona ætti þetta að vera, þar til málið væri endanlega leyst á öðrum grundvelli, þ. e. a. s. með samningum við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur. Og ég tel, að málið standi enn þannig. Verkalýðshreyfingin mun að minni hyggju snúast öndverð gegn slíkri breytingu eins og þessari. En ég held, þó að ég vilji ekkert um það fullyrða, að menn séu almennt á því, að það þurfi að endurskoða vísitölugrundvöllinn í heild, en það eigi að gerast við samningaborð og gegnum kjarasamninga.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, en vil að síðustu lýsa því yfir, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. eins og það liggur nú fyrir, þegar það kemur til atkvgr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það voru atriði varðandi 1. gr. þessa frv., sem ég vildi gera að umræðuefni og reyna að fá upplýst.

„Þáttur hins opinbera í tannlækningum hefur verið aukinn, að ég held, að undanförnu," sagði hæstv. forsrh. hér áðan. Það má segja, að það vanti ekki sannfæringarkraftinn, þegar verið er að mæla fyrir stjfrv. Mig langar til að fá upplýst, að hvaða leyti þáttur hins opinbera hafi verið aukinn í tannlæknaþjónustu að undanförnu. Hafi hæstv. ráðh. átt við framlög úr ríkissjóði, þá leyfi ég mér að fullyrða, að þar hafi ekki verið um aukin framlög að ræða á undanförnum árum. Þvert á móti er hlutur ríkisins hlutfallslega minni en áður var og hefur verið það nú um nokkur ár. Ríkið hefur þverskallazt við að fara að lögum varðandi endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna tannlækninga skólabarna. Það eru fjölmörg sveitarfélög, sem halda uppi þessari þjónustu. Þau hafa tekið hana upp, vissulega af nauðsyn, og þau hafa talið með vísun til laga um skólakostnað, að þau ættu kröfu á helmingsendurgreiðslu úr ríkissjóði. Hæstv. fjmrh. talaði hér áðan um, að það hefði verið gerð breyting á skólakostnaðarl., að hann hélt 1967, í þessu efni. Því miður hef ég ekki lögin við hendina, en ég man ekki til, að nokkur breyting hafi verið gerð á l., sem heimili ríkissjóði að greiða annað en helming þessa kostnaðar. Það er til reglugerð um rekstrarkostnað skóla, nr. 26 frá 1971, og í 11. gr. hennar segir:

„Tanneftirlit og tannviðgerðir skyldunámsnemenda teljast til heilbrigðisþjónustu, sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti sveitarfélögum." Þetta styðst við skólakostnaðarl., en

svo er bætt við: „Þó ekki umfram það, að framlag ríkissjóðs sé 500 kr. á ári á hvern nemanda í skyldunámi" o. s. frv.

Ég hefði viljað beina þeirri fsp. annaðhvort til hæstv. fjmrh. eða hæstv. menntmrh., hvort þeir telji, annar hvor eða báðir, — mér er sama, hvor svarar, — að þessi reglugerð styðjist við lög. Ég leyfi mér að draga það í efa. En fróðlegt væri að heyra, hvað hæstv. ráðh. segja um þetta.

Það væri einnig fróðlegt að vita, hvernig á að verja þessum 100 millj. kr., sem í grg. segir, að ráðgert sé að verja úr ríkissjóði í því skyni að auka tannlæknaþjónustu hins opinbera. Það var ekki orð um það í framsögu fyrir þessu frv. Á að greiða sveitarfélögunum það, sem sveitarstjórnirnar telja vera skuldir ríkissjóðs allt frá árinu 1969? Núv. ríkisstj. hefur í orði lýst því yfir, að hún beri hag sveitarfélaganna mjög fyrir brjósti, og því skyldi maður ætla, að nú yrði bætt úr því óréttlæti, sem ríkt hefur. Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að gert væri ráð fyrir að taka upp að nýju þessa helmingsgreiðslu ríkissjóðs, og þeirri yfirlýsingu fagna ég að sjálfsögðu. Hluti af þessum 100 millj. fer væntanlega til þess.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en mér þætti gott að fá svör við þessum spurningum.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér heyrðist, að hv. síðasti ræðumaður vildi véfengja það, að opinber framlög til tannlækninga hefðu verið aukin. (**ÓE:** Hlutfallslega.) Nú hlutfallslega, það kom ekki fram, — hefðu verið aukin, sagði þm. Ég skal ekki vera með neinar fullyrðingar í því, en ég vil bara lesa það upp, sem segir í þessari grg.:

„Opinber framlög til tannlæknaþjóustu í þágu almennings hafa verið aukin á seinni árum. án þess að það hafi komið fram í framfærslu-vísitölu."

Ég vil taka það fram, að þessi grg. er samin af embættismanni, sem ég veit, að fer ekki með annað en það, sem fullir stafir eru fyrir. Og ég hygg, að það séu um 50 millj., sem nú er varið til þessa, og það er gert ráð fyrir því og segir þarna, að það séu 100 millj., sem eigi að koma fram í ríkissjóði.

Ég lét þess getið í framsögu minni, að sú n., sem fengi málið til meðferðar, gæti að sjálfsögðu fengið allar upplýsingar um það, hvernig hugsuð hefur verið skipting á þessu framlagi. Hér er um að ræða framlög til almennrar tannlæknaþjónustu. En ég býst við því, að þetta ákvæði um að miða þarna við ákveðna tölu sé meðfram komið inn vegna þess, að þeir, sem eiga að reikna þetta út, telji sig eiga í nokkrum vanda, vegna þess að tannlæknaþjónusta er nokkuð margbreytileg. Sumir láta fegra tennur sinar með því að láta setja gull í þær og því um líkt, og það mun ekki vera meiningin, að það komi undir það að vera kallað almenn tannlæknaþjónusta. En ég vil aðeins endurtaka, að það er ekki ætlunin að halda neinum upplýsingum um þetta leyndum, heldur fær n. að sjálfsögðu aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru. Og eins og ég sagði líka í framsöguræðu minni, geri ég ráð fyrir því, að frv. um þetta efni verði lagt fram, þegar hæstv. trmrh. hefur tekið sæti hér á þingi aftur.

Ég ætla ekki að fara út í þær umr., sem hér hafa farið fram. Það gefst tækifæri til þess væntanlega við 2. umr., og þá er ýmislegt af því, sem sagt var í þessum umr., sem ástæða getur verið til að gera aths. við.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 11. landsk. þm. vil ég segja það, að það er ekki gert ráð fyrir því að fara að greiða aftur í tímann vegna þeirra ákvæða, sem í þessu frv. eru. Ég hygg mig muna það rétt, að reglugerðin um framkvæmd á lögum um kostnað við skóla hafi verið gefin út af fyrrv. menntmrh. og einnig hafi framkvæmdin verið ákvörðuð af honum á sínum tíma. Mér er ekki kunnugt um, a. m. k. hef ég ekki haft afskipti af því, að úr þessu hafi verið dregið á einn eða annan hátt, svo að það hámark, sem hv. þm. talaði um, mun vera tengt þeirri reglugerð, og það er það, sem kæmi til athugunar, ef þetta frv. nær fram að ganga að þessu leyti. Ef það nær ekki fram að ganga, hef ég ekki hugsað mér, að á árinu 1973 yrði gerð breyting í sambandi við tannlækningagreiðslur. Ég hef talið, að það væri tengsl á milli þessa tvenns. Ef frv. nær ekki fram að ganga, hef ég ekki hugsað mér, að neinar breytingar yrðu á þessu. Það yrði þá að bíða seinni tíma.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en mig langar til að segja örfá orð í sambandi við þetta frv.

Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni fyrir mig, sem á frv. í gangi í þinginu varðandi tannlækningar, að nú skuli koma tvímælalaust fram vilji ríkisstj. til að taka tannlæknaþjónustu upp í þessu þjóðfélagi, væntanlega á svipaðan hátt og þjónusta er við aðra sjúkdóma. En það, að þetta skuli bera að með þessum hætti, þykir mér miður. Hér er verið að binda saman hluti, sem að mínu mati átti ekki að binda saman á þann hátt, sem hér er gert. Það er a. m. k. nauðsynlegt að fá fullkomna vitneskju um það, í hvaða formi þessi tannlæknaþjónusta á að vera. Ég hafði lagt til áður, að hún næði til fullkominnar tannlæknaþjónustu við ungt fólk að 20 ára aldri. Getur vel verið, að þetta verði miklu meira en þar er um rætt, þegar þetta kemur allt fram. Í annan stað liggur ekkert fyrir um það, hvenær þessi tannlæknaþjónusta á að taka gildi. Hins vegar liggur ljóst fyrir eftir frv., að það á að byrja að láta borga fyrir hana með lækkun vísitölunnar strax 1. marz. Mér finnst þess vegna, að það sé eiginlega verið að biðja um að skrifa upp á eitthvert blað, sem enginn veit í dag, hvað á að standa á. Af þeirri sök einni og þó ekki kæmi annað til, eins mikinn áhuga og ég hef á aukinni tannlæknaþjónustu, þá get ég ekki með neinum hætti fellt mig við þessi vinnubrögð.

Út af síðari gr., sem er kannske aðalatriði frv., þá get ég vel fallizt á, að það gæti verið

réttlætismál, að hækkun á áfengi og tóbaki væri ekki inni í vísitölunni. En ætli það séu ekki ýmis fleiri atriði inni í grundvelli vísitölunnar, sem þyrfti þá líka að endurskoða? Mér finnst aðalatriði málsins það, að með þessu frv. sé ætlað með lögum að lækka vísitölu, sem er grundvöllur undir kjarasamningum, og ég er sannfærður um það, að verkalýðshreyfingin getur ekki fellt sig við slík vinnubrögð. Ég er líka sannfærður um það, þó að það hafi ekki verið rætt í þingflokki Alþfl., að Alþfl. geti ekki sætt sig við þau vinnubrögð.

Ég fagna þeirri hugmynd, sem liggur á bak við stóraukna tannlæknaþjónustu, en ég mótmæli þeirri aðferð, sem er notuð til að koma þessu máli í höfn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 45. fundur.

Fimmtudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Fjáraukalög, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 289 er frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1970. Þetta frv. er samið af fjmrn. eftir till. yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir það ár. Ríkisreikningur fyrir árið 1970 hefur ekki komið til umr. hér á hv. Alþ. að þessu sinni, en verið á dagskrá nú í þessari viku, en þar sem sá þm., sem er í hópi yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins, hefur verið fjarverandi vegna veðurs, hef ég óskað eftir því, að sú umr. yrði dregin. En eins og kemur fram í aths., er um að ræða till. yfirskoðunarmanna um, að heimildar verði leitað fyrir öllum umframgreiðslum á árinu 1970, og fjallar þetta frv. þar um. Það skýrir sig sjálft, og þarf ekki frekari framsögu fyrir því að hafa.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, þáltill. (þskj. 265). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari till. felst það, að Alþ. feli hæstv. ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um lífeyrissjóð allra landsmanna. Það hefur verið og er stefna Alþfl., að allir landsmenn skuli vera í lífeyrissjóði. Þegar þeir Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson fóru með félagsmál í ríkisstj., höfðu þeir forgöngu um, að itarlegar athuganir væru gerðar á þessu máli, og var Haraldi Guðmundssyni, fyrrum forstjóra Tryggingarstofnunar ríkisins, falin sérstök könnun þess. Samdi hann vandlega álitsgerð um málið, og var þar að því stefnt, að lífeyrismál Íslendinga kæmust í svipað horf og á sér stað á Norðurlöndum, þar sem skipan þessara mála má teljast komin í einna bezt horf.

Áður en unnt reyndist að ganga frá fullbúnu frv. um nýskipan lífeyrismálanna, en hér er um mjög flókið og vandasamt efni að ræða, tóku lífeyrismálin í heild hins vegar nokkuð aðra stefnu hér á landi en Alþfl. hafði gert ráð fyrir og fylgt hafði verið annars staðar. Stofnun lífeyrissjóða fyrir þá, sem ekki nutu slíkra réttinda, varð að þætti í kjarasamningum launþegasamtaka og vinnuveitanda, og var þar að sjálfsögðu um miklar hagsbætur að ræða. Í kjölfar víðtækra kjarasamninga 1969 var komið á fót nýjum lífeyrissjóðum fyrir mikinn fjölda manna. Áður en hinum nýju sjóðum var komið á fót, munu um 25—35 þús. manns hafa átt aðild að lífeyrissjóði, en nú má ætla, að tala félaga í lífeyrissjóðum sé komin upp í 50—60 þús. manns. Fjöldi vinnandi manna í landinu mun nú um 83 þús., svo að enn eiga margir ekki aðild að lífeyrissjóði.

Það á að vera megintilgangur þeirrar löggjafar, sem hér er lagt til, að undirbúin verði, að tryggja þeim, sem nú eiga ekki aðild að lífeyrissjóði, þau réttindi, sem slíkri aðild fylgja. Einnig hefur komið í ljós, að það er galli á núverandi kerfi, hversu lífeyrissjóðirnir eru margir og að réttindi þau, sem þeir veita, skuli ekki vera samræmd, og ólíkar reglur gilda um starfsemi þeirra að öðru leyti og þá fyrst og fremst um ráðstöfun þeirra á fé sínu. Í því sambandi má t. d. nefna, að sumir sjóðir eru verðtryggðir af atvinnurekendum, en aðrir ekki. Verðtryggðir sjóðir eiga tæplega helming af heildareign allra sjóðanna, en hinn helmingurinn er ekki verðtryggður. Er hér um að ræða eitt meginvandamálið í sambandi við framtíð lífeyrissjóðanna og réttindi félaga þeirra.

Sem dæmi um það, að hér er um víðtækt og mikið fjárhagsmál að ræða, má geta þess, að eignir lífeyrissjóðanna munu í árslok 1971 hafa numið 4760 millj. kr. Fimm stærstu lífeyrissjóðirnir, sem allir eru gamlar og grónar stofnanir, eiga tæplega 57% þessarar eignar. Iðgjaldatekjur nýjustu sjóðanna, sem stofnaðir voru í kjölfar kjarasamninganna 1969, voru um 180 millj. kr. á árinu 1971. Á því ári, árinu 1971, var ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til eignaaukningar um 1140 millj. kr. Sparnaður þeirra það ár nam 913 millj. kr., og svarar það til tæplega 6% af heildarsparnaði þjóðarinnar. Sést á þessu, að hér er um mjög mikilvæg fjárhagsatriði að ræða, sem skipta miklu máli í íslenzku efnahagslífi. Stór hluti fjármagns sjóðanna er bundinn í útlánum, eða um 3560 millj. kr. af 4760 millj. kr. heildareign. Verðtryggðu lífeyrissjóðirnir eiga um 2050 millj. kr., en 2710 millj. kr. eru í sjóðum, sem eru ekki verðtryggðir.

Þessi till. gerir ekki ráð fyrir því, að þeir lífeyrissjóðir, sem nú starfa, verði lagðir niður eða væntanleg löggjöf breyti starfsreglum þeirra. Til þess er ekki ætlazt, að ný löggjöf breyti réttindum þeirra, sem nú eiga aðild að lífeyrissjóði, eða rýri að nokkru leyti vald þeirra stjórna,

sem stjórna þeim lífeyrissjóðum, sem nú starfa. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að allir lífeyrissjóðir, sem nú starfa, verði aðilar að allsherjar lífeyrissjóðnum, lífeyrissjóði allra landsmanna, og skuli honum stjórnað af sérstöku fulltrúaráði og sérstakri stjórn. Í fulltrúaráðinu skulu eiga sæti fulltrúar þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að lífeyrissjóði allra landsmanna, en í stjórn hans fulltrúar kjörnir af fulltrúaráði, forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins og fulltrúi fjmrh., sem vera skal formaður stjórnarinnar.

Ég gat þess áðan, að meginhlutverk lífeyrissjóðs allra landsmanna skuli vera að vinna að því, að þeir, sem nú njóta ekki lífeyrisréttinda, öðlist þau. Annað meginverkefni hins nýja allsherjar lífeyrissjóðs á síðan að vera að samræma störf þeirra lífeyrissjóða, sem nú starfa, bæði að því er varðar réttindi þau, sem þeir veita, og ráðstöfun á fjármagni þeirra. Í þriðja lagi skal vera verkefni lífeyrissjóðs allra landsmanna að stuðla að því, að rekstur lífeyrissjóðanna verði sem hagkvæmastur.

Rétt er að vekja athygli á nokkuð sérstæðu vandamáli í sambandi við lífeyrismál, en það eru hugsanleg lífeyrisréttindi húsmæðra, sem starfa á heimilum. Konur, bæði giftar konur og ógiftar, eiga nú að sjálfsögðu aðild að ýmsum lífeyrissjóðum. T. d. eiga verkakonur aðild að lífeyrissjóði Dagsbrúnar og verkakvennafélagsins Framsóknar, og fjölmargar konur, bæði giftar og ógiftar, eiga að sjálfsögðu aðild að lífeyrissjóði verzlunarmanna. En húsmæður, sem starfa á heimilum, hafa engin sjálfstæð lífeyrisréttindi og engin skilyrði til þess að öðlast þau, að frátöldum ekkjulífeyri úr sjóðum þeim, sem eiginmenn þeirra eru aðilar að, og ekkjulífeyri úr almannatryggingakerfinu. Þessi skipan mála stendur í sambandi við reglur þær, sem gilda um sameiginlega skattgreiðslu og útsvarsgreiðslu af tekjum og eignum hjóna. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að reglum þessum ætti að breyta og að gift kona, sem starfar á heimili, eigi að verða sjálfstæður skattþegn með þeim hætti, að henni sé reiknaður til tekna hluti af tekjum eiginmannsins sem endurgjald fyrir heimilisstörfin, en skattstigum þá að sjálfsögðu breytt til samræmis við það.

Fyrir hönd þingflokks Alþfl. flutti ég brtt. varðandi þetta efni, þegar skattal. voru til meðferðar á síðasta Alþ. Í tilefni af flutningi þessarar till. og umr. um hana lýsti hæstv. fjmrh. yfir, að þessi hugmynd skyldi verða athuguð rækilega í sambandi við þá framhaldsendurskoðun skattal., sem ákveðin var og nú stendur yfir. En hér er um mjög flókið og vandmeðfarið mál að ræða. Vegna þessarar yfirlýsingar varð samkomulag um, að till. skyldi dregin til baka, og treysti ég því að sjálfsögðu, að hugmyndin fái nauðsynlega sérfræðilega athugun. Ef gildandi reglum um skattgreiðslur hjóna yrði breytt á þann veg, að gift kona, sem starfar á heimili, verði sjálfstæður skattþegn, yrði það eðlileg afleiðing af því, að hún gæti eignazt sjálfstæða aðild að lífeyrissjóði. Meginvandamálið í því sambandi er, hvaða aðili ætti að greiða í slíkan lífeyrissjóð á móti eiginkonunni, eins og atvinnurekandinn greiðir nú mótframlag vegna greiðslu starfsmanns sins og opinberir sjóðir vegna framlags opinberra starfsmanna. Þetta vandamál yrði með einhverjum hætti að leysa á vegum almannatryggingakerfisins, því að ekki væri eðlilegt, að eiginmaðurinn væri sá aðili, sem mótframlagið greiddi.

Við þm. Alþfl. teljum, að löggjöf sú, sem þessi till. fjallar um, sé stórmál fyrir íslenzka launþega og þá um leið fyrir landsmenn alla. Það spor verður að stíga til fulls, að allir landsmenn eigi aðild að lífeyrissjóði, þ. e. a. s. þeir landsmenn, sem nú eru ekki í lífeyrissjóði, öðlist slíka aðild. Vegna þess, hve lífeyrissjóðirnir hafa yfir miklu fjármagni að ráða, teljum við nauðsynlegt, að stefna þeirra og störf séu samræmd til þess að tryggja sem skynsamlegasta nýtingu þeirrar fjármagnsmyndunar, sem um er að ræða, frá sjónarmiði heildarinnar, án þess að skerða sjálfstæði sjóðanna eða draga nokkuð úr þeim réttindum, sem þeir hafa þegar áunnið sér. Hins vegar er æskilegt, að hafizt verði handa um samræmingu á réttindum þeim, sem sjóðirnir veita félögum sínum. Samræmd heildarstefna í þessum málum, bæði að því er snertir réttindi sjóðsfélaganna og ráðstöfun á því mikla fjármagni, sem hér er um að ræða og eykst með ári hverju, hlýtur að teljast mjög mikilvæg frá þjóðhagslegu sjónarmiði og um leið frá sjónarmiði launþeganna sjálfra. Af þessum sökum vonum við þm. Alþfl., að mál þetta, sem við teljum hið mikilvægasta, hljóti góðar undirtektir og till. verði samþ., þannig að stefna verði mótuð í þessu mikilvæga máli.

Að svo mæltu legg ég til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í sambandi við báltill. þá, sem hér er til umr., á þskj. 265, vil ég geta þess, að ég tel, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Ég tel mig muna það rétt, að eitt að þeim fyrstu málum, sem ég tók þátt í að flytja á hv. Alþ., þegar ég var til þess kjörinn að sitja hér, var einmitt till. til þál. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Þetta mál hefur nú verið alllengi til meðferðar, og hafa verið gerðar ýmsar athuganir, eins og hv. 7. þm. Reykv. greindi frá, en ljóst er, að málinu hafa ekki verið gerð þau skil, sem nauðsyn ber til. Það er enginn vafi á því, að það ber nauðsyn til að fá heildarskipulag á lífeyrissjóði allra landsmanna, í fyrsta lagi vegna þeirra, sem njóta ekki lífeyrisréttinda, en þeim fer að sjálfsögðu alltaf fækkandi, vegna þess að lífeyrissjóðum hefur fjölgað, og svo hins, hve geysilegur mismunur er í sambandi við eftirlaunagreiðslur úr sjóðunum. Það er enginn vafi á því, að í okkar kerfi nú er langmesti launamismunur í sambandi við greiðslu úr lífeyrissjóðnum, vegna þess að sumir menn geta tekið greiðslur úr mörgum lífeyrissjóðum samtímis og fengið hærri launagreiðslur þar en þeir höfðu, meðan þeir voru að starfi áður.

Ég er því fylgismaður þess, að þetta mál verði athugað mjög gaumgæfilega. Ég hef látið vinna nokkuð í fjmrn. að endurskoðun á því og tel, að það eigi að reyna að ná samstarfi við hina ýmsu lífeyrissjóði um heildarskipulag á þessum málum. Tel ég rétt, að þetta komi fram, og skal

geta þess, að það var áður búið að vinna nokkuð að þessu máli, og frv. þar að lútandi var sent til þeirrar n., sem vinnur að endurskoðun tryggingamálanna. En auk þess hefur verið nokkuð að þessu máli unnið innan fjmrn. á s. l. ári og er nú gert, og það er nauðsynlegt að koma á þessi mál betra heildarskipulagi en nú er.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er síður en svo til að andmæla þessari till., að ég tek hér til máls, því að mál þetta var til rækilegrar athugunar í tíð fyrrv. ríkisstj., eins og hv. 1. flm. till. gat um, og var þá gerð á því ítarleg athugun. Ég tel hins vegar rétt að segja um það nokkur orð, vegna þess að það féll þá í minn hlut sem fjmrh. að fara með málefni lífeyrissjóða, og það voru ýmis atriði í sambandi við þessar hugmyndir, sem þá komu sérstaklega á dagskrá. Sumt af því nefndi hv. 7. þm. Reykv. En ég vil örlítið skýra frá því, hvernig þeim málum þokaði áfram og hvernig á því stóð, að ekki varð á því stigi úr framkvæmd á hugmyndinni um lífeyrissjóð allra landsmanna.

Þegar hugmyndin um lífeyrissjóð allra landsmanna var sett fram, vantaði mjög mikið á það, að launþegar, hvað þá aðrir, nytu lífeyrissjóðsréttinda hér á landi, og á þeim grundvelli var þessi hugmynd um lífeyrissjóð allra landsmanna byggð. Síðan þróaðist það svo, eins og hv. 1. flm. till. raunar gat um, að málið tók allt aðra stefnu en gert hafði verið ráð fyrir af ástæðum, sem ríkisvaldinu voru ekki viðráðanlegar, og raunar hafði það enga löngun til að beita sér gegn þeirri þróun. En það var þegar samkomulag varð um að koma á fót lífeyrissjóðum allra verkalýðsfélaga. Sum þeirra höfðu að vísu haft lífeyrissjóði áður, en samkomulag varð um það við kjarasamninga, að settir skyldu á laggirnar sérsjóðir fyrir öll verkalýðsfélög. Þegar svo var komið, voru í rauninni allir þeir, sem almennt voru kallaðir launþegar, komnir innan kerfis lífeyrissjóða.

En þá var komið að því vandamáli, hvernig ætti að meðhöndla allan þann hóp manna, sem ekki voru launþegar í raunverulegum skilningi þess orðs, eins og það áður hafði verið skilið, þ. e. a. s. höfðu ekki einhvern vinnuveitanda, sem gat greitt mótframlag til sjóðsins, en þannig hefur lífeyrissjóðskerfið alltaf verið byggt upp. Þá kom næst stór hópur af þeim þjóðfélagsborgurum, sem þannig var ástatt um, en það voru bændur, sem voru í rauninni sjálfstæðir atvinnurekendur, þar sem ekki var neinn vinnuveitandi til þess að greiða mótframlag. Þótti rétt að stíga það skref fyrst í þessu máli að lögfesta lífeyrissjóð fyrir bændur, sem var fyrsti starfshópurinn í þjóðfélaginu, sem hafði þá sérstöðu að hafa engan eðlilegan vinnuveitanda í hinum venjulega skilningi þess orðs til þess að greiða mótframlag til sjóðsins. Var niðurstaðan sú, að þessum málum var skipað með sérstökum hætti, sem í rauninni markaði nokkuð stefnuna varðandi meðferð þessara mála í framtíðinni í sambandi við þá fjölmörgu starfshópa aðra, sem þannig stóð á um, að þeir höfðu ekki sjálfstæðan vinnuveitanda. Það var í rauninni viðurkennd sú staðreynd, að það væri eðlilegt, að neytandi framleiðslu landbúnaðarins væri að segja má vinnuveitandi bóndans, þannig að mótframlagið á þessum sviðum kæmi að vissu leyti fram í afurðaverði, sem borið væri uppi af neytendum. Það var hins vegar mikið vandamál, bæði með lífeyrissjóð bænda og lífeyrissjóð stéttarfélaga, eins og menn vita, að þróa þessa sjóði á eðlilegan hátt til að byrja með. Þess vegna þurfti að grípa til sérstakra ráðstafana, sem ég skal ekki fara hér út í að rekja, en öllum hv. þm. er kunnugt um, að gera þessum sjóðum kleift að byrja strax að starfa, að vísu ekki nema að takmörkuðu leyti. En ég held, að eins og málum var háttað, hafi verið eðlilegt að þreifa sig áfram með þessum hætti.

Þegar svo var komið, að bæði verkamenn almennt og bændur voru búnir að eignast sína lífeyrissjóði, sem áttu auðvitað fyrir sér að þróast, og þegar sú stefna hafði í rauninni verið viðurkennd, að það væri hægt að hugsa sér mótframlagsgreiðslu til lífeyrissjóðs með öðrum hætti en beinu framlagi sérstaks vinnuveitanda, var í rauninni stefnan mörkuð um það, sem gæti orðið varðandi aðra starfshópa, því að það er auðvitað svo, að það eru fjölmargir starfshópar í þjóðfélaginu, sem hafa ekki þá aðstöðu, sem hér er um að ræða. Það eru í fyrsta lagi allir vinnuveitendur, sem eru fjölmargir í ýmsum greinum, og það eru sjálfstæðir atvinnurekendur, sem þó mega teljast launþegar, t. d. iðnaðarmenn margvíslegir, bifreiðastjórar og margir aðrir fjölmennir starfshópar, sem gátu ekki fallið undir hið gamla kerfi. Hér varð að finna mótgreiðanda, ef svo mátti segja. Átti t. d. í sambandi við bifreiðastjóra, sem höfðu mikinn áhuga á að stofna lífeyrissjóð, að viðurkenna í þeirra töxtum, að notandi bifreiða væri raunverulega mótframlagsaðili til lífeyrissjóðsins? Ég tel, að það sé rétt að viðurkenna þá reglu. Hins vegar er þetta með ýmsum hætti eftir því, hvaða starfshóp er um að ræða og hvort svo að lokum verður um að ræða alveg sjálfstæða vinnuveitendur. Það eru líka til hópar í þjóðfélaginu, sem greiða að fullu til lífeyrissjóðs, án þess að það sé nokkur framlagsaðili á móti. Má þar t. d. nefna læknа og fleiri starfshópa raunar, sem þannig er ástatt um, læknar greiða sjálfir mjög hátt framlag til lífeyrissjóðs síns.

Þegar málum hafði þokað á þann hátt, að lífeyrissjóður bænda var kominn til sögunnar, og ljóst var, að hann yrði að lögum, var ákveðið af hálfu fjmrn. að hefja athugun á því, hvernig mætti leysa til bráðabirgða lífeyrissjóðsmál þeirra starfshópa, sem eftir væru. Það var hafin sérstök athugun á því, hvað þetta væru stórir hópar og að hvaða leyti væri hægt að sameina þá, þannig að þessir sjóðir yrðu ekki allt of margir. Það skal játað, að þegar ég lét af starfi sem fjmrh., var þessari athugun ekki lokið, en sú stefna hafði verið mörkuð, að það væri rétt að byrja á því að reyna að mynda lífeyrissjóði fyrir allar starfsgreinar þjóðfélagsins og síðan yrði unnið að því að samræma þessa sjóði og steypa þeim saman og mynda þeim sameiginlegt kerfi, því að það er vitanlega alveg rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að aðstaða lífeyrisþega, þ. e. a. s. hinna ýmsu aðila að líf-

eyrissjóðum, er geysilega misjöfn. Aftur á móti ber þess að gæta og verður að hafa í huga, að þeim starfshópum, sem eiga nú sterka lífeyrissjóði, er það mjög um geð, að þessum lífeyrissjóðum verði steypt í einhvern heildarsjóð, sem geti leitt til þess, að réttindi þeirra minnki. Hér er því um mikið vandamál að ræða, og þarf að taka á því með mikilli varfærni.

Það er ekki einfalt mál að búa til lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, enda benti hv. 1. flm. till. raunar á, að hér væri um flókið vandamál að ræða. Eins og hann sagði, tók málið í rauninni nýja stefnu, eftir að athugun hafði verið gerð á myndun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, þar sem ýmsir annmarkar voru vissulega dregnir fram og bent á, hvað þyrfti að íhuga. Þá tók málið nýja stefnu, bæði varðandi verkamenn almennt og bændur, sem voru að sjálfsögðu stærstu starfshópar í þjóðfélaginu. Þeir hófu að mynda eigin lífeyrissjóði, og af opinberri hálfu var veitt viss fyrirgreiðsla til þess, að þessir aðilar gætu unnið sér smám saman full lífeyrisréttindi. Síðan var í þriðja lagi hafizt handa um að kanna, hvaða hópar væru eftir og hvernig mætti finna þeim eðlilegan farveg til að mynda sína sérsjóði til að byrja með. Vitanlega var alltaf haft í huga, að að lokum hlyti þetta að leiða til þess fyrir forgöngu ríkisvaldsins og að sjálfsögðu í samráði við hina einstöku lífeyrissjóði, að lögð væri áherzla á að finna einhvert form til þess að steypa þessum kerfum öllum saman, þannig að menn geti notið sem jafnastra réttinda, við hvaða störf sem þeir vinna, hvort sem þeir eru í rauninni vinnuveitendur eða launþegar. Það er að sjálfsögðu fjöldi vinnuveitenda, sem hafa ekki síður þörf á að tryggja sig en launþegar, en hafa engan mótaðila, til að leggja í sína sjóði, eins og ég nefndi dæmi um áðan. Þetta þarf allt að samræma.

Ég held, að málið sé á því stigi nú, að það þurfi fyrst og fremst að finna form fyrir að taka þá starfshópa, sem eftir eru, og finna þeim ákveðið form, mynda þeirra sjálfstæðu lífeyrissjóði, sem eðlilegt er, að þeir hafi sjálfir forgöngu um með aðstoð þess aðila, fjmrn., sem fer með málefni lífeyrissjóða. Sjóðirnir hafa langflestir myndað með sér allsherjarsamtök og er eðlilegt, að síðan verði haft samráð um að finna form fyrir því, hvernig megi mynda heildarlöggjöf til að steypa þessu í eitt samræmt kerfi. Þá hlýtur auðvitað einnig að koma til athugunar, að hve miklu leyti samræma þurfi lífeyrissjóðakerfið og almannatryggingakerfið, því að þegar allir eru orðnir í lífeyrissjóði og njóta þar fullra réttinda, gegnir nokkuð öðru máli um hinar almennu lífeyrissjóðsgreiðslur almannatrygginga. Það þarf einnig að taka til athugunar.

Ég er hv. flm. algerlega sammála um, að það beri að íhuga rækilega, t. d. varðandi húsmæður, hvort þær eigi ekki að vera sjálfstæðir aðilar að lífeyrissjóði. Það er rétt, að það snertir einnig skattamál hjóna, og ég fell ekki frá þeirri skoðun minni, að ég álít, að hjón eigi að vera sérsköttuð, með þeim afleiðingum að sjálfsögðu, sem það hefur. Þá hverfur einnig sá vandi, sem alltaf er til staðar og lífeyrissjóðakerfið hefur hingað til verið byggt upp á, hvernig fara eigi með lífeyrisréttindi ekkna, og þá er í rauninni hver einstaklingur orðinn aðili að lífeyrissjóði með fullum réttindum.

Það er eitt grundvallarvandamál, sem hér er við að glíma, og ég er ákaflega hræddur um, að það verði erfitt, og það er verðtrygging sjóðanna. Það er engum efa bundið varðandi þá sjóði, sem eru verðtryggðir, og það eru fyrst og fremst og raunar eingöngu lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, að verðtryggingin þar hefur átt stórkostlegan þátt í því að gera störf hjá ríkinu eftirsóknarverð, jafnvel þótt ekki hafi verið gengizt fyrir launum og hægt að fá hærri laun annars staðar en hjá ríkinu. Hér hefur ríkið orðið að hlaupa undir bagga með stórkostlegum fjárgreiðslum á ári hverju til þess að bæta lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna þessi miklu útgjöld, því að það mundi enginn lífeyrissjóður standa undir því með venjulegum hætti að inna af hendi verðtryggðar lífeyrissjóðsgreiðslur. Hvort ríkið ætlar að taka það á sig eða með hverjum hætti það á að gerast, það verður að finna fyrir því eitthvert form, hver á að leggja fram þær miklu fjárupphæðir, sem af því leiðir, að lífeyrissjóðir yrðu verðtryggðir. Ég álít brýna nauðsyn, að þetta verði gert með alla lífeyrissjóði, en hér er hvað mesta vandamálið við að fást í þessu efni.

Það er alveg hárrétt hjá hv. flm., að það er að verða öngþveitismál, hvað lífeyrissjóðirnir eru að þróast sem mikið fjármálavald í landinu. Hér er í rauninni að rísa upp fjöldi sjálfstæðra lánastofnana. Það er verið að tala um það í landinu, að það þurfi að fækka lánastofnunum og samræma það kerfi. En sannleikurinn er sá, að við stöndum hér andspænis því að hafa tugi sjálfstæðra bankastofnana allt að því, því að sumir þessir lífeyrissjóðir eru orðnir svo stórir, að þeir lána út ekki aðeins til íbúðabygginga, heldur til margra annarra hluta, alveg utan við allt lánakerfi hinna almennu stofnsjóða, sem eru á vegum ríkisins, og þeir eru ekki háðir að neinu leyti þeirri efnahagsstefnu, sem hverju sinni er talið nauðsynlegt að fylgja, t. d. af hálfu bankakerfisins, og ríkisstj. á hverjum tíma reynir að hafa áhrif á. Þetta er mjög nauðsynlegt að færa í eðlilegt horf, og það er rétt, sem hv. frsm. kom inn á, að lífeyrissjóðirnir mundu innan fárra ára verða slíkt geysilegt fjármálavald í landinu, að það verður í rauninni illmögulegt að hafa tök á stefnu í útlánamálum, ekki hvað sízt í sambandi við fjárfestingu, ef ekki tekst með einhverjum hætti að setja reglur um starfsemi lífeyrissjóða á þessu sviði. Með þessu er ég alls ekki að tala um að taka valdið af lífeyrissjóðunum. Ég álít, að það beri a. m. k. í lengstu lög að leggja á það áherzlu að ná við þá samstarfi og fá frjálst samkomulag þeirra um, að sett verði almenn lög um það, hvernig ráðstafa beri fé lífeyrissjóða. Slíkt kerfi er til í öðrum löndum, t. d. í Svíþjóð, þar sem lífeyrissjóðir eru hvað þróaðastir og eru orðnir geysilega sterkt fjármálavald þar í landi, og það er engum efa bundið, að það er orðið fullkomlega tímabært að gera það einnig hér. Það tókst eitt ár fyrir nokkru að ná samstarfi við lífeyris-

sjóðina með frjálsum viðræðum við þá um að leggja fram um 100 millj. kr. til íbúðalánakerfisins, og það var gert með frjálsu samkomulagi, þá var þetta mikið rætt við stjórn lífeyrissjóðasambandsins, að ekki yrði hjá því komizt að reyna að forma einhverja löggjöf í þessu efni, og ég held, að lífeyrissjóðirnir almennt hafi á þessu skilning og séu reiðubúnir til samvinnu um það efni. Ég hygg hins vegar, að það verði miklum erfiðleikum bundið og raunar óvinnandi vegur að ætla að fara að beita þar valdboði án þess að hafa samráð við þá mörgu og sterku aðila, sem eiga þessa sjóði. Hér er vissulega um mikið vandamál að ræða.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég get efnislega tekið undir allt það, sem hér hefur verið sagt, bæði af 1. flm. till. og hæstv. fjmrh., og tel, að málið hafi í rauninni þróazt með eðlilegum hætti, að vísu á annan veg en upphaflega var gert ráð fyrir, þegar hugmyndinni um lífeyrissjóð allra landsmanna var hreyft. En af því að það þróaðist með öðrum hætti, var eðlilegt, að þeirri hugmynd væri skotið á frest og stefnt að því heldur að leita leiða til að mynda sérsjóði fyrir alla landsmenn, sem vissulega er komið langt á leið, að verði. Það þarf að kanna til hlítar, hvernig allir þeir, sem enn eru ekki aðilar að lífeyrissjóðum, geti orðið það með einum eða öðrum hætti, annaðhvort að starfandi lífeyrissjóðum eða með myndun nýrra lífeyrissjóða. Eftir að þessu takmarki er náð, sem ég álít, að sé ekki nema tímaspursmál, hvenær verði, og er í rauninni mjög auðvelt að þoka áleiðis, ætti að setjast á rökstóla af hálfu ríkisvalds eða undir leiðsögn þess og í samstarfi við stjórnir lífeyrissjóðanna og samband þeirra um að finna úrræði til að samræma lífeyrissjóðakerfið, þannig að í fyrsta lagi geti allir notið þar fullra og eðlilegra réttinda og þau réttindi verði samræmd, þannig að ekki verði sú stórfellda mismunun á lífeyrissjóðunum eftir mismunandi getu þeirra, sem nú er til staðar. En ég legg á það áherzlu að lokum, að menn skilji það, að hér er um mjög mikið vandamál að ræða, og ég er ákaflega hræddur um, að það verði miklum vanda bundið og verði harla erfitt að finna fjármögnunarleiðir til að sjá svo um, að allir geti notið þeirra réttinda, sem þeir hafa í lífeyrissjóði, sem nú njóta þar mestra réttinda, þ. e. a. s. þeir, sem búa við hina verðtryggðu lífeyrissjóði.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hugmyndin um einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn er orðin nokkuð gömul. Henni skýtur ekki upp fyrst nú og er enginn augnabliksbóla. Lífsneistinn í þessari hugmynd er áreiðanlega mjög sterkur, og þó að menn hafi kannske á vissu tímabili ímyndað sér, að með þróun margra lífeyrissjóða mundi ekki verða þörf fyrir sameiginlegan lífeyrissjóð, þá er samt sem áður niðurstaðan allt önnur. Menn telja, að eftir sem áður, þrátt fyrir tilkomu allra hinna mörgu lífeyrissjóða, beri að stefna að því að steypa þeim með einhverjum hætti saman í samstarfandi heild, og þá heild fella menn undir hugmyndina um lífeyrissjóð, sem rúmi alla landsmenn.

Ég er fyllilega samþykkur því, að það sé þörf á að taka málið nú til rækilegrar skoðunar og þróun lífeyrissjóðsmálanna í landinu sé nú komin á það stig, að það sé fyllilega tímabært að færa þessi mál í einn sameiginlegan farveg með löggjöf. En ekki geng ég þess dulinn fremur en þeir, sem hafa talað á undan mér, að það verður mikið vandaverk, ef það á að framkvæma.

Hv. frsm. vék að því, að Haraldi Guðmundssyni, fyrrv. forstjóra Tryggingastofnunarinnar, hefði verið falin könnun á þessu máli, og vissulega er það rétt. Hann fór til útlanda og kynnti sér þessi mál á því þróunarstigi, sem þau voru þá á Norðurlöndum, og skilaði um þau myndarlegri og merkilegri skýrslu, enda var hann mjög kunnugur öllum þessum málum sem forstjóri almannatryggingannna í landinu. Það var einmitt þegar þessi skýrsla var út komin, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. skipaði mþn. í þetta mál undir forsæti þáv. forstjóra tryggingannna, Sverris Þorbjarnarsonar, og ég átti sæti í þeirri n. Þessi n. studdist í fyrsta lagi við niðurstöður Haralds Guðmundssonar og till. hans og aflaði sér einnig vitneskju um lífeyrissjóðsmál í nágrannalöndum okkar, eins og þau mál stóðu þá. En þá mátti segja, að í sumum nágrannalanda okkar væru þessi mál í mótun, en ekki fullmótuð.

Svo var það einmitt meðan þessi n. sat að störfum, að verkalýðsfélögin í landinu öðluðust rétt til myndunar lífeyrissjóða og lífeyrissjóðafjöldinn í landinu nálega tvöfaldaðist, og það fólk í landinu, sem lífeyrissjóðsréttinda naut, tvöfaldaðist einnig fyllilega að tölu til. Þegar málin stóðu svona og með margvíslega breyttum viðhorfum þar af leiðandi, skrifaði n. þáv. ríkisstj. og spurðist fyrir um, hvað nú skyldi gera, hvaða stefnu nú skyldi taka í málinu, því að nú væru viðhorf að mörgu leyti breytt. Mér er ekki vel kunnugt um, hvaða svör bárust frá ríkisstj., en svo mikið er víst, að n. hætti þar með störfum. Hún fékk ekki, svo að ég viti til, fyrirmæli um, á hvern veg skyldi haldið áfram starfinu til þess að móta þetta mál til fullrar tillögugerðar. Ég heyrði núna af ræðu hæstv. fyrrv. fjmrh., Magnúsar Jónssonar, að málið hafði verið í áframhaldandi athugun hjá ríkisstj., og hún komst að þeirri niðurstöðu, að það væri á mótunarstigi, væri sibreytilegt og væri bezt að sjá betur, hver þróunin yrði, áður en fast væri tekið á málinu með till. Þá var í uppsiglingu enn í viðbót við þetta lífeyrissjóðakerfi lífeyrissjóður bænda, sem nú er kominn á laggir, en hins vegar er mér ekki nægilega vel kunnugt um, hvernig hefur starfað í reynd, hvernig hefur gefizt sá þáttur í lífeyrissjóðakerfi, sem er nokkuð sérstakur, eins og skýrt var frá áðan.

Að því er viðvíkur þessari till., sé ég, að ætlunin með henni er að venda málinu í þann farveg, að allir þeir lífeyrissjóðir, sem nú starfa í landinu, eigi að lúta einni og sömu stjórn, og það álít ég, að sé rétt spor, með hvaða hætti sem það verður stigið. Mér þætti ekki ólíklegt meira að segja, þótt ekki yrði sett um það löggjöf, að lífeyrissjóðirnir finni nú þegar eða fljótlega þörf fyrir að samhæfa

störf sín með því að mynda eitt bandalag lífeyrissjóða, og að því hefur þróunin vissulega stefnt að því er snertir nokkra þeirra. En í vegi fyrir þessu stendur að nokkru leyti mjög ólík aðstaða þeirra á ýmsan hátt. En ég mundi vænta þess, að lögbundin sameiginleg stjórn yfir lífeyrissjóðina gæti einhverju áorkað í þá átt að samhæfa störf þeirra og aðstöðu. Fulltrúaráð, þar sem sætu fulltrúar allra lífeyrissjóða í landinu, yrði geysifjölmenn sveit, en henni er samkv. till. ætlað að kjósa síðan fámennari stjórn yfir sjóðakerfið. Það orkar að sjálfsögðu mjög tvímælis, hvernig ætti að skipa þessum málum, og er vafalaust ekki hugsað öðruvísi en sem ábendingar, það sem er sagt í inngangi þáltill. En ég held, að í niðurlagi hennar, þegar kemur að því að ræða um hlutverk sameiginlegs lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, þá sé þar gripið á a. m. k. mjög þýðingarmiklum atriðum, þar sem tilgangurinn sé, að þeir, sem nú njóta ekki lífeyrisréttinda, öðlist þau, þannig að slík réttindi nái til allra landsmanna, og að samræma störf lífeyrissjóðanna, bæði að því er varðar réttindi þau, sem þeir veita, og ráðstöfun á fjármagni þeirra. Ekki hvað sízt mundi vera brýn nauðsyn fyrir þjóðfélagið að hafa einhverja hönd í bagga um ráðstöfun á því gífurlega fjármagni, sem sjóðirnir nú þegar og þá alveg sérstaklega innan fárra ára koma til með að ráða yfir. Ég held, að það sé sannst mála, að fjármálum á Íslandi og efnahagsmálum verði ekki tryggð stjórn að fullu, án þess að einnig sé tekið tillit til þess, að þetta nauðsynlega fjármagn leiki ekki lausum hala og fari kannske þvert á þá stefnu, sem ríkjandi er hverju sinni í efnahagsmálum og fjármálum, en þetta verði því að samhæfa stefnu ríkisvaldsins, þannig að þar vinni ekki hver höndin gegn annarri eða fari sitt í hverja áttina, heldur verði þar samstaða á milli. Enn fremur á með þessari samræmingu að stuðla að því, að rekstur lífeyrissjóðanna verði sem hagkvæmastur, og má vel vera, að það væri hægt að draga eitthvað úr fjármagnskostnaði við stjórn sjóðanna, þó að það sé að vísu staðreynd, að mjög margir af þessum sjóðum fá innta af hendi ókeypis sem sjálfboðavinnu, einkanlega smærri sjóðirnir, þá vinnu, sem fram er lögð í sambandi við rekstur þeirra og stjórn, svo að ég veit ekki, hversu haldgott það yrði að draga úr kostnaði með því að steypa þeim öllum saman, því að vissulega er það rauði þráðurinn í þessari till., að sjóðirnir eigi eftir sem áður að halda sem allra mest sjálfstæði sínu.

Ég tek fyllilega undir það, að nauðsyn beri til að haga málum þannig, að allir landsmenn njóti réttinda í lífeyrissjóðum og stefna og störf sjóðanna séu samræmd og einnig samræmd fjármála- og efnahagsmálastefna ríkisvaldsins á hverjum tíma. En svo sagði tillögumaður: „án þess að skerða sjálfstæði sjóðanna," og þetta held ég, að sé setning, sem geti farið vel í þáltill., en yrði erfiðara að móta í löggjöf. Ég er afskaplega hræddur um, að þetta sé ekki framkvæmanlegt, svo að sannleikurinn sé sagður á þessu stigi. Ég er afskaplega hræddur um, að það verði ekki hægt að framkvæma sameiningu og samhæfingu allra lífeyrissjóða í landinu án þess að skerða sjálfstæði þeirra að einhverju leyti, og þar er vafalaust viðkvæmi punkturinn í þessu máli, sem hæstv. fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, drap hér líka á áðan.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessa till. Ég held, að hún séu orð í tíma töluð og að málið sé stórt og mikið og setja þurfi löggjöf um þetta og mjög í þeim anda, sem þessi till. stefnir að. Og ég lýsi yfir stuðningi mínum við jákvæða afgreiðslu hennar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það má tala langt og mikið mál um tryggingamálin, ef út í það er farið, en ég mun ekki gera það að þessu sinni. Sumir ræðumennirnir hafa komið inn á það, að tryggingakerfi okkar sé eitthvað skylt tryggingakerfi nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum og það sé háþróað kerfi. Ég vil ekki bera á móti því, að það sé það. En hinu vil ég mótmæla, að við höfum svipað eða hliðstætt tryggingakerfi og þeir. Og ég held, að forseti Sþ. eða einhver af framámönnum hér í þingsalnum ætti að fá tryggingalöggjöfina frá Norðurlöndum, Noregi, Danmörku og Svíþjóð, og þá gætu þm. lesið þetta sjálfir, þyrftu ekki að vera að vitna í eitthvað, sem þeir vissu ekki, hvað væri.

Ég hef ekki verið mikill fylgismaður þessara lífeyrissjóða. Mér hefur alltaf verið ljóst, að það er féfletting á fólkinu og mun verða algert vandræðamál og eftir því meira sem lengur líður. Þess vegna fór ég að kynna mér þessa löggjöf á Norðurlöndum. Þeir hafa einfalt kerfi, en hitt er satt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að það eru miklir lífeyrissjóðir til í Svíþjóð. Þeir eru bara annars eðlis, eins og t. d. hjá verkfræðingunum hér. Þeir tryggja sig af frjálsum vilja, borga allt tillagið sjálfir, en eru ekkert að jagast við atvinnurekendur að borga tryggingu. Það eru frjálsir sjóðir, og ég hef ekkert á móti þeim. En annars er tryggingakerfið einfalt hjá nágrannaþjóðum okkar, og ég get í stórum dráttum sagt ykkur í örfáum orðum, hvernig það er.

Í Noregi er það þannig, að atvinnurekandinn borgar 8.8%, launþeginn 4%. Þetta er talið þannig í lögunum. En auðvitað er þetta sama og kaup, sem atvinnurekandinn borgar. Hann gæti alveg eins borgað hærra. Atvinnurekendur tryggja sig með 7% af nettótekjum sínum. Þetta er ósköp einfalt. Ríkið leggur sáralítið fram og sveitarfélögin. Hliðstætt er það í Svíþjóð. Þeir borga raunar hærri tryggingar. En í Danmörku er það svipað og gamla kerfið okkar, og ég hygg, að þeir hafi haft dönsku lögin, þegar þeir sömdu upphaflega tryggingalöggjöfina hérna. Þar borga ríki og sveitarfélög mikinn meiri hluta.

En svo er hér út af vinnudeilum fundið upp allt annað kerfi, viðbótarkerfi, eins og hæstv. félmrh. lýsti yfir einu sinni úr þess-

um stól, að það hefði orðið til af því, að atvinnurekendur hefðu fengizt til þess að leggja fram í lífeyrissjóði, en ekki að hækka kaupið. Vitanlega var það vitleysa hjá atvinnurekendum að gera það. En ég skal ekki segja, fyrir hvaða áhrifum þeir hafa orðið þar. Og þá myndast þetta dæmalausa kerfi, að það á að taka 10% af kaupi nær allra landsmanna og safna því í sjóði þangað til 1985, þá á að fara að borga úr þeim. En núna er það ríkið, sem borgar framlagið á móti atvinnuleysistryggingum og stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég held, að bankastjórar Búnaðarbankans séu farnir að renna hýru auga til þessara væntanlegu sjóða, af því að þeir halda, að þeir fái þá inn í bankann, jafnvel þó að eigi að taka þetta framlag smám saman af bankanum, sem hefur verið lagt á neytendur og bændur sem tillag til stofnlánadeildarinnar undanfarin ár. Ég hafði aldrei neinn áhuga á að afnema það og enn minni áhuga á þessum lífeyrissjóðum.

Nú skulum við athuga réttlætið í þessum blessuðum lífeyrissjóðum. Ég er búinn að láta reikna þetta allt saman út. Opinberir starfsmenn borga í 30-35 ár og fá 70%, 2/3 af launum sínum. Launþegum er sagt að borga frá 16 ára aldri og allt uppp í 67 ár, 51 ár, en fá það endurgreitt, ef fellur niður vinna t. d. hjá verkamönnum í 6 mánuði, sem þýðir það, að þeir, sem eru í skóla, fá það endurgreitt, en fá það þannig, að þeir fá bara þessi 4%, sem þeir hafa borgað, en ekki 6%, sem vinnuveitandinn hefur borgað, það hirðir sjóðurinn. Þetta hefur verið leikið líka í lífeyrissjóði sjómanna. Ég kalla þetta réttan og sléttan þjófnað. Atvinnurekandinn er búinn að borga þetta sem beint eða óbeint kaup, svo hirðir sjóðurinn það. Þetta kom í ljós hjá dreng, sem ég á og vann í sumar. Það var tekin af honum þessi prósenta, hann fær þetta endurgreitt í vor, en bara 4%, hitt er hirt. Þetta er nú réttlætið.

En svo skulum við athuga upphæðirnar. Ég er búinn að láta reikna það út. Við skulum segja, að launþeginn hafi 330 þús. kr. í árslaun. 33 þús. kr. er þá framlagið í lífeyrissjóð árlega. Eftir 30 ár eru þetta 6.5 millj. með 10% vöxtum og vaxtavöxtum. Eftir 40 ár er það orðið 16.3 millj., það nærri þrefaldast. Og á fimmta áratugnum fjór- eða fimmfaldast það, þannig að óbreyttur verkamaður borgar allt að því 6-7 sinnum meira en opinber starfsmaður, sem tryggir sig í 30 ár. Svo á hann að fá 2/3 af árslaunum, ef þetta blessað kerfi kemst í ganginn, en það á embættismaðurinn líka að fá. En það er bara tryggt hjá ríkisstarfsmönnum, verðtryggt. Og nú þarf ríkissjóður að borga nærri 200 millj. til þess að verðtryggja þessar greiðslur. Auk þess þarf hann að borga framlag nú til þessara gömlu bænda, sem er svo dregið frá ellistyrknum að mestu eða öllu leyti, þannig að þetta er orðið dálítið skrýtið kerfi og alveg furðulegt, að þeir, sem þykjast vera að berjast fyrir kjarabótum hjá hinum almenna verkamanni, skuli koma á svona endemiskerfi. Það er meira en það, að launþegar þurfi að borga 6—7 sinnum hærri upphæð en opinberi starfsmaðurinn, heldur er allt óverðtryggt hjá þeim. Og ef gengur eins hratt hjá núv. eins og hjá fyrrv. ríkisstj. að minnka krónuna, þá býst ég við, að það tapist mest þannig af þessum sjóðum. Svo er nú það.

Ég sá, að fyrrv. ráðh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur haft plagg, sem ég hef líka á borðinu hjá mér, frá Seðlabankanum um þessa blessaða lífeyrissjóði, og það eru í því niðurstöður frá árinu 1970. Ég hef talað við þennan mann í Seðlabankanum og síðast í gær, sem hefur með þessi mál að gera, og eiginlega vita þeir ekki, hvað sjóðirnir eru margir, þeir halda, að þeir séu 90, og enn síður að þeir viti, hver upphæðin er orðin í þeim. En hann telur að að það hafi verið 7 lögboðnir lífeyrissjóðir, áður en þessir stéttarsjóðir komu. Það eru lífeyrissjóðir yfirsetukvenna og opinberra starfsmanna o. s. frv., en séu 27 í gegnum þetta nýja kerfi, sanngjarna kerfi, en hann vissi það ekki fyrir víst, og sennilegt, að iðgjöldin hafi verið allt að 2 milljarðar s. l. ár. Nú er það komið í fullan gang, nú er það 10%, þannig að vegna kauphækkana og hækkunar iðgjalda hjá bændunum munu iðgjöld verða mikið á þriðja milljarð, sem allir þessir sjóðir eiga að fá á næsta ári. Þegar bændasjóðurinn er kominn í fullan gang og þetta er allt saman komið í gott horf, verður þetta sennilega 3 milljarðar. Og ef krónan minnkar mikið úr þessu og launin hækka hliðstætt, þá auðvitað hækkar það í krónutölu.

Nú sjá allir menn, ef þetta kerfi heldur áfram, — við skulum segja, að ekkert sé borgað fyrr en 1985, eins og gert er ráð fyrir, — hversu óhemju mikið fjármagn þetta verður með vöxtum og vaxtavöxtum. Og svo á að lána þetta til einstaklinganna. Það verður þannig, að þessir blessaðir lífeyrissjóðir eiga eftir nokkra áratugi meginið af eignum landsmanna. Þetta verður hálfu öflugra auðvald en kaþólska kirkjan var á sínum tíma. Og svo eiga einstaklingarnir að borga vexti af sínu eigin fé. Þetta þekkist hvergi í nokkru þjóðfélagi í veröldinni nema Íslandi, svona vitlaust kerfi.

Þeir eru að tala um, að þeir hafi tekið viðvíkjandi bændasjóðnum allt það bezta, sem þekkist hjá nágrannaþjóðum okkar. Bændur hafa enga lífeyrissjóði lögboðna nema í Finnlandi. Þar er miklu gáfulegra kerfi. Þar borgar einstaklingurinn 2%, en það er lagt á eftir landverði, en ríkið leggur jafnmikið fram á móti. Þeir borga þetta í peningum, en hér er vaðið í reikninga manna og tekið úr þeim og reynt að telja bændum trú um, að neytendur eigi að borga 6% á móti 4%, sem þeir eiga að borga, sem er ekkert nema vitleysa, því að það eru takmörk fyrir því, hvað varan selst, og ríkið verður því að borga þeim mun meira í niðurgreiðslur, ef bændur eiga að fá það sama fyrir afurðirnar. Annaðhvort hlýtur ríkið að borga það eða bændurnir. Neytendur kaupa minna, ef afurðir hækka, og einnig hækkar vísitalan eftir okkar kerfi, þannig að ríkið fær óbeint að borga.

Nei, þetta er orðið furðulegt kerfi. Og ég legg til, að þið fáið lögin um þetta trygginga-

kerfi hjá nágrannaþjóðum okkar og lesið sjálfir, en látið ekki vera að segja ykkur eitthvað, sem er ekki nokkur fótur fyrir. Auðvitað dáizt þið að, hve menn geta talað fallega um mál, eins og fyrrv. fjmrh. hér áðan, án þess að vera búinn að kynna sér þetta. Það gerir það, að maðurinn er eðlisgreindur og afburðavel máli farinn. Kynnið ykkur bara málið. Ég fékk lögin, og þið hljótið að geta fengið þau líka hjá sendiráðunum.

Ég vil stofna einn lífeyrissjóð fyrir alla og ég get t. d. fallizt á það, sem nágrannaþjóðir okkar halda fram, að takmarkið eigi að vera, að menn fengju svo sem ⅔ af starfslaunum í ellilífeyri. Og ég vil láta ganga eitt yfir alla landsmenn með tryggingar á sjóðnum. Það jaðrar við að vera svolítið vit í stöku setningu í þessari álýktun hjá krötunum, en annars er hún tóm vitleysa. Þeir hafa ekki kynnt sér málið og það er að setja hattinn á vitleysuna að fara að stofna eitthvert yfirráð yfir allri vitleysunni, sem ekki á þó að hafa eiginlega neitt vald. Ég las þennan pistil Haralds Guðmundssonar. Álykt-unin var sú, að við værum orðnir svo efnaðir, að við gætum komið okkur upp sérstökum lífeyrissjóði. En hvað eru almannatryggingarnar annað en lífeyrissjóður, og er ekki langeðlilegast að hafa þetta kerfi einfalt? Hvað er unnið við að hafa það tvöfalt? Svo er okkar kerfi svo dæmalaust, að menn geta fengið jafnvel þreföld eða fjórföld eftirlaun, ef þetta tvöfalda eða þrefalda kerfi á að halda áfram. Svo eru sumir menn giftir, og konurnar vinna úti, og það er ákaflega mikið um þetta nú, þá verða þær að borga í lífeyrissjóðinn og bóndinn líka. Þegar bæði eru á launum, þá þurfa þau bæði að greiða iðgjald til 67 ára aldurs, og bæði eiga að fá lífeyri, þ. e. a. s. ef þau eru ekki dauð, þá verður þetta miklu meira en venjuleg vinnulaun. Í viðbót við það eiga þau að fá frá almannatryggingunum, þannig að það geta orðið hálf önnur laun eða meira, eftir að þau eru orðin 67 ára og þurfa í raun og veru á afar litlu að halda, búin að ala upp börnin. Hverjir eiga að borga þetta? Auðvitað fólkið, sem vinnur.

Ég hef ekkert á móti því, að við höfum tryggingar, hvort sem það er fyrir opinbera starfsmenn eða aðra, eins háar og eðlilegt er. En það er alger firra að ætla að fara að borga fólki eftir 67 ára aldur miklu hærri laun en það hafði, meðan það þurfti að koma upp heimilum og ala upp börn sín. Og það hefur ekkert þjóðfélag efni á því að taka 10% af kaupi allra vinnandi manna og leggja það í sjóð í áratugi. Það raskar efnahagskerfinu. Enda er sannleikurinn sá, að það verða illdeilur út úr þessu öllu. Ríkisvaldið getur ekki komizt af án þess að hafa peninga, og þeir, sem ráða yfir sjóðunum, vilja ráða yfir þeim áfram, því að peningar skapa vald. Utan um alla þessa sjóði myndast stjórnir, þær fá þóknun. Í þessum nýju sjóðum eru framkvæmdastjórar farnir að hafa 60 þús. kr. laun á mánuði, sumir þeirra. Þeir þurfa eitthvað að gera við peningana og fara að kaupa verðbréf og húseignir til að verðtryggja þá. Bankarnir byggja hallir fyrir eigið fé, skulum við ætla, til þess að varasjóðir þeirra minnki ekki í verðgildi.

Þetta er alveg furðulegt kerfi. Utan við hið einfalda kerfi geta allir tryggt sig, sem vilja. Við því er ekkert að segja. Það er frjáls trygging, og það er ekki nema eðlilegt, að stéttir eða einstaklingar ráði yfir slíku fjármagni. En það er allt annars eðlis, og ég yrði aldrei svo heimskur að fara að tryggja mig þannig, enda hafa þeir sagt mér, sem hafa frjálsa lífeyrissjóði, þeir segjast vita, að þetta sé tapað fé, því að alltaf er verið að verðfella peningana. En það er eini ljósi punkturinn hjá þeim, þeir þykjast geta fengið nokkrar krónur að láni, ef þeir þurfa að byggja. Enda er yfirlýst af mönnum, sem hafa vit á þessu lífeyrissjóðakerfi, að þetta er óstarfhæft kerfi, þegar alltaf er verið að verðfella peningana.

Norðmenn hafa það nú þannig, að ríkið leggur hér um bil ekkert fram. Nú er um þriðjungur af ríkisútgjöldunum, sem fer til tryggingamála. Ef við gætum breytt yfir í norska og sænska kerfið, þá væri hægt að spara sennilega um 5 milljarða. Þá hefði ekki þurft að fella krónuna um 10% fyrir jólin, til þess að ríkið fengi nægilega peninga.

Það kemur einhvern tíma stjórn á eftir þessari stjórn, og ég held, að stjórnarandstaðan ætti alveg eins að hafa áhuga á því, að eitthvað sé gert af viti í tryggingamálum, eins og þeir, sem eru í stjórn nú. Sannleikurinn er sá, að t. d. tekjuskatturinn er farinn að ganga langt úr hófi. Það er ekkert vit í því að hafa tekjuskattinn svona háan. Persónufrádrátturinn þarf að vera meiri en hann var t. d. s. l. ár, því að það er ekki dregið frá fyrir nauðþurftum fólks. Þetta þýðir það, að þeir, sem eru í háum tekjum, fara að draga úr vinnu sinni, þeir kæra sig ekkert um að borga 55 kr. af hverjum 100 fyrir að vinna á nóttunni, sem er eðlilegt.

Ég held, að það væri þörf á því, að þm. færu sjálfir að kynna sér, hvernig þetta sé í þeim löndum, sem við álítum, að standi framarlega í tryggingamálum, og fari svo að reyna að breyta tryggingalöggjöfinni þannig, að það yrði eitthvað vit í henni. Það er n. starfandi í þessu, en hún hefur engin fyrirmæli fengið af viti og veit ekkert, hvað hún á að gera.

Nei, það er meira en þetta sé óviturlegt kerfi. Það er ranglátt líka. Og ég held, að ég sé nú kominn áleiðis með bændur að sýna þeim fram á, hvað þetta sé fáránlegt, því að það sagði mér starfsmaður í Búnaðarbankanum, sem fór í göngur að gamni sínu í Norður-Þingeyjarsýslu, — sá maður vinnur í Búnaðarbankanum, sem hefur með þessi mál að gera nú, upplýsingastarfsemina og annað, — og hann sagði, að þeir hefðu alltaf verið að skamma sig fyrir lífeyrissjóðina.

Svo þarf endilega að fara að sýna launþegunum fram á, hve herfilega er með þá farið, m. a. þegar þessir aumingja drengir eru að vinna að sumrinu og borga 4%, og þá er hirt það, sem atvinnurekandinn borgar og hann borgar auðvitað af því, að þessi vinna var framkvæmd hjá honum, og er ekkert annað en óbeint kaup.

Þá má minna á atvinnureksturinn. Þetta er einhver versti liðurinn fyrir atvinnurekendur. Ég hef fengið það upp hjá iðnaðarmönnunum, ef þeir borguðu 100 kr. í kaup, þá þurftu þeir að borga í 18 skatta 40 kr. af hverjum 100 kr., sem

þeir borguðu í laun, og þ. á m. var lífeyrisgjaldið. Það hefur hækkað um 2½% síðan, og þá er það um 42½ króna núna fyrir utan útsvar og gjöld til ríkisins. Hvað haldið þið, að væri hægt að borga miklu hærra kaup, ef einhverju af þessum sköttum væri sleppt?

Við verðum sennilega að breyta alveg kerfinu og fara yfir í norska kerfið. Það væri eina ráðið til þess að sameina þetta í einfalt kerfi, og þá þurfa atvinnurekendur að borga — við skulum segja hliðstætt og Norðmenn — 8.8%, og þá væri hægt að lækka við þá launaskatt eða eitthvað annað í staðinn, svo að það mundi ekki auka útgjöld þeirra. En þá ætti aftur að vera hægt að lækka aðra skatta.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira. En ég held, að þm. ættu að fá lög um tryggingamálin hjá nágrannaþjóðum okkar, en ekki alltaf að vera að vitna í eitthvað, sem ekki er til hjá þessum nágrannaþjóðum okkar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Ég er alveg sammála honum um það, að bæði þm. og aðrir ættu að kynna sér þessi mál, sem um er að ræða, lífeyrissjóði almennt og tryggingamálin, skattamálin og fjáröflun til ríkisins og hinna ýmsu sjóða. Ég er alveg sammála hv. þm., að tekjuskatturinn er allt of hár. Og ég er alveg undrandi á því, að hann, svona áhrifamikill stjórnarstuðningsmaður, skuli ekki hafa komið í veg fyrir þá miklu hækkun, sem orðið hefur á tekjuskattinum síðustu árin.

Í fjárl. 1971 er tekjuskatturinn 1342 millj. kr., en í fjárl. þessa árs 4600 millj. kr. Þetta lætur þessi hv. þm. gerast með stuðningi sínum við hæstv. ríkisstj. Það verður að segja og viðurkenna, að það er rétt, að þetta er skattpíning. Og það er ekkert undrunarefni, þótt hv. þm. komi hér upp í ræðustólinn með aðfinnslur við mörgu, sem gerist í stjórnarkerfinu.

Hv. þm. talaði um, að einn starfsmaður í Búnaðarbankanum hefði sagt sér, að bændur væru alltaf að skammast út af lífeyrissjóði bænda. Það er dálítið einkennilegt. Ég held, að bændur séu mjög þakklátir fyrir lífeyrissjóðinn, sem var lögfestur 1970. Í hverri einustu sveit á Íslandi eru bændur farnir að njóta þessara laga, — hverri einustu sveit. En því er nú verr, að bændur eru ekki almennt eins efnaðir og hv. 3. þm. Norðurl. v. Það eru flestir þannig settir fjárhagslega, að þá munar um að fá lífeyrissjóðsbætur, eins og aldraðir bændur eru nú þegar farnir að fá. En bóndinn á Löngumýri er svo efnaður, að þetta eru aurar í hans augum og munar ekkert um það. En því er nú verr, að fjöldi bænda er ekki eins vel stæður efnalega og hann. Bændur eru þakklátir fyrir það, að þessi sjóður var stofnaður. Stjórn Stéttarsambands bænda, Stéttarsambandið, Búnaðarfélagið og þeir, sem vinna fyrir bændur, vita, hvers virði það er fyrir bændur að hafa lífeyrissjóð.

Sú till., sem nú er verið að ræða um, fjallar um það að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Ég er samþykkur því. Mér finnst, að um leið og við köllum Ísland velferðarþjóðfélag, þá eigum við að koma í veg fyrir, að fólk þurfi að kvíða ellinni, að það þurfi, ef því hefur ekki auðnazt að safna fé, að kvíða fyrir örbirgð í ellinni. Íslenzka þjóðfélagið á að vera upp úr þessu vaxið, og þess vegna þurfa allir Íslendingar að vera aðilar að lífeyrissjóði, öflugum lífeyrissjóði. En það er svo rétt, sem hér hefur verið sagt, að það er ýmsum vanköntum bundið að koma þessari löggjöf á, þannig að hún sé réttlát og eðlileg í framkvæmd.

Um lífeyrissjóð bænda er það að segja, að hann er byggður upp í meginatriðum eins og aðrir lífeyrissjóðir. Bændur greiða í sjóðinn 4% af tekjum sínum, aðrir greiða á móti 6%. Þannig er það launþeganna, þeir greiða sjálfir 4%, en vinnuveitandinn 6%. Til viðbótar hefur lífeyrissjóður bænda það fram yfir aðra lífeyrissjóði, sem hafa verið stofnaðir, að hann er strax gerður virkur. Hann er gerður virkur strax með því móti, að ríkissjóður greiðir til ársins 1985, á meðan sjóðurinn er að safna fjármagni, 62.5% af þeim bótum, sem sjóðurinn greiðir út, en stofnlánadeild landbúnaðarins 37.5%. Þetta eru hlunnindi, sem lífeyrissjóður bænda fær og getur veitt tryggingahöfum langt umfram það, sem aðrir sjóðir geta gert.

Ég hef komizt að því, að bændur eru þakklátir fyrir, að það tókst að koma þessum lögum á og ekki sízt þessu ákvæði. Og ég verð að segja það, að það er í hverjum hreppi einn eða fleiri, sem eru farnir að njóta þessara laga. Og þannig verður það á næstu árum. Ég hef séð fyrir mér marga aldraða menn með krepptar hendur og bogna í baki, sem hafa verið þakklátir fyrir að fá þá tugi þús., sem þeir fá á ári úr þessum sjóði, en þeir hefðu ekki fengið annars. En þótt einstöku menn séu svo vel stæðir fjárhagslega, að þeir þurfi þessa ekki með, þá verðum við að gæta þess, að allur fjöldinn er þannig settur, að hann þarf á þessu að halda.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira. Bóndinn á Löngumýri, hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég met mikils, varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, vegna þess að hann segir, að bændur skammist út af þessari löggjöf. Ég veit ekki, hvaða bændur hann hefur talað við, sem finna að þessu og löggjöfinni. Ég tek ekki mark á því, þótt hv. þm. hafi sannfært einhverja menn hér í Reykjavík um, að það sé ósanngjarnt, að bændur greiði 4% af launum sínum í sjóðinn. Ég held, að bændur geri sér fulla grein fyrir því, að þeir geta ekki fengið réttindin nema leggja eitthvað fram og kaupa sér réttindi, eins og aðrir verða að gera, sem í lífeyrissjóði eru.

Hv. þm. talaði um, að krónan væri alltaf að minnka. Þetta er alveg rétt, og þetta hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. látið gerast. Hann hefur stutt hæstv. ríkisstj., þótt hún hafi fellt krónuna. En það er rétt að vera sanngjarn, þegar rætt er um þetta, og segja, að sumt af þessu hafi verið ósjálfrátt og ekki á valdi ríkisstj. En mig undrar ekki, að maður eins og hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hefur gott skyn á fjármálum, sé gramur, þegar hann hugsar til þess, að íslenzka krónan hefur fallið á valdatímabili þessarar ríkisstj. um 30% miðað við Evrópu-

gjaldeyri, annan en sterlingspund. Krónan hefur fallið um 16—17% miðað við sterlingspund, af því að það hefur fallið líka á þessum tíma. Og íslenzka krónan hefur fallið miðað við dollar um 12%. En þegar ég segi 30%, þá miða ég við það, að krónan verði látin fylgja dollarnum og verði lækkuð um ca. 10%.

Dýrtíðin hefur vaxið. En ég held, að það sé á móti lögmáli hagfræðinnar að halda því fram, að það sé verðbólguaukandi að safna sjóðum. Ég held, að það ætti að geta verið einn þáttur í því að draga úr verðbólgu að mynda sjóði og greiða í lífeyrissjóði þúsundir milljóna, eins og hv. þm. orðaði það. Og víst er, að oft hefur verið gripið til þess ráðs að binda fé og festa fé til þess að draga úr verðbólgu. Iðgjöldin, sem eru greidd í lífeyrissjóðina, eru vissulega til þess að draga frá og minnka kaupgetu manna og hindra verðbólgumyndun, nema þetta fé verði allt lánað út og sett út í kerfið. En það var ekki ætlun mín að fara að ræða þessi atriði, þótt ég stæði hér upp af gefnu tilefni. Það verður gert síðar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Sunnl. var að tala hér áðan um þessar krepptu hendur á bændunum og hvað þeir væru hrifnir að fá þessa aura. En það er nú skemmtilegast við þetta allt saman, að þetta er dregið frá ellilífeyrinum. Ef menn hafa einhverjar aðrar tekjur, fá þeir ekki nema 87 þús. kr. í ellilífeyri, en ef þeir hafa engar aðrar tekjur, fá þeir eitthvað um 130 þús. **(Gripið fram í.)** Þetta er í lögunum, og það eru öll hlunnindin. Þetta er ámóta upphæð og þeir fá úr þessum lífeyrissjóði nú. Þeir fá það úr stofnlánadeild landbúnaðarins, sem alltaf vantar peninga, og svo úr ríkissjóðnum sem líka vantar peninga. En ég sé ekki annað en það væri alveg sama fyrir ríkissjóðinn að borga þeim bara 130 þús. kr. beint í gegnum tryggingarnar eins og að fara þessar krókaleiðir. Annars held ég, að bændur, sem hafa búið þangað til þeir eru 67 ára, séu yfirleitt allvel stæðir, annars væru þeir flosnaðir upp áður, og þá væru það drengir þeirra, sem ættu kannske erfiðara með að borga þeim eignirnar, ef þeir tækju við, en það eru þeir, sem verða að borga til lífeyrissjóðanna, en gömlu mennirnir, sem hafa nóga peninga, gera það ekki. En hvað um það, ég er eins og ég lýsti yfir, ekkert á móti lífeyri. Við getum kallað þetta lífeyri, ellilífeyrinn, sem landsmenn fá yfirleitt. Það þarf að gerbreyta kerfinu, það á að vera einfalt og allir að búa við svipuð kjör. Ég álít ekki, að allir eigi að fá jafnmargar krónur í ellilífeyri. T. d. eiga gamlir embættismenn og þm. að fá hærra, af því að yfirleitt eru þeir ekki orðnir til neins nýtir, þegar þeir eru 67 ára. En aftur bændur, sem vanir eru við vinnu, eru færir um að vinna allt til áttræðisaldurs.

Þá kom hv. 1. þm. Sunnl. að sköttunum, og það er alveg satt, tekjuskattur hefur hækkað. Það var tekið meira af tekjuskattinum til ríkissjóðs, en minna í útsvör til sveitarfélaganna. En heildarskatturinn er ósköp svipaður og hann var í ráðherratíð þessa hv. þm., ósköp svipaður. Sannarlega vil ég vinna að því að lækka þennan tekjuskatt. En einn maður getur ekki ráðið öllu í þessu virðulega þingi, eins og þið vitið. Það hefur hv. 1. þm. Sunnl. vafalaust orðið að reyna einhvern tíma. Og þá verða menn að beygja sig fyrir meiri hl. Það er þingræðið. Þau ósköp fylgja því. En auk þess hafa tekjur fólks aukizt ákaflega mikið, og það er ánægjulegt, enda voru tekjurnar takmarkaðar árin 1967 og 1968. En ég held, að skattstiginn hafi út af fyrir sig ekki breytzt neitt sem nemur, ef útsvar og tekjuskattur eru tekin sameiginlega. En hvað um það, skatturinn er of hár, persónufrádrátturinn ætti að vera miklu hærri. Það má ekki leggja tekjuskatt á nauðþurftir. Það er fyrir sig að hafa skattinn allháan á þeim, sem hafa miklar tekjur. En þetta er mál út af fyrir sig. En það, að tekjuskatturinn er áætlaður á fimmta milljarð og verður sennilega meira, sýnir, hvað einstaklingarnir hafa nú miklar tekjur hjá þessari blessaðri stjórn, enda má segja, að hún hafi viljað vera góð við alla og jafnvel reynt að gera meira fyrir fólkið en efnahagurinn hefur leyft. En það kemur ekki beinlínis þessu máli við.

En viðvíkjandi bændum, þá er verið að reyna að telja þeim trú um, að neytendur borgi iðgjöldin að ⅔. Það er náttúrlega tóm vitleysa. Það hlýtur að lenda á ríkinu fyrr eða síðar, annaðhvort í gegnum vísitöluna eða á annan hátt. Það eru tekin 4% af brúttótekjum bænda. Nú fljúga tekjur þeirra upp, margir með 1.5 millj., og það þýðir 60 þús. kr. á ári. Það eru 16 millj. í 40 ár, ef iðgjaldið er 33 þús., ég er búinn að láta reikna það út með vöxtum og vaxtavöxtum, og þegar það fer upp í 66 þús., eru það 32 millj., sem þeir eiga að borga á 40 árum. Þeir mega borða allvel í ellinni, fyrir utan það, að þá eru margir af þeim dauðir, því að meðalaldurinn er 71 ár. Það gefur auga leið, hvort einhver er ekki dauður 67 ára.

Þetta er alveg fáránlegt, og þeir, sem stóðu að þessu, vissu ekki, hvað þeir voru að gera. Þetta er ég búinn að sýna bændum fram á, en það gengur misjafnlega vel að láta þá skilja það, því að menn eru mismunandi miklir stærðfræðingar, og ég veit ekki, hvað þeir eru miklir stærðfræðingar austur í Rangárvallasýslu. En í Norður-Þingeyjarsýslu eru þeir greindir og eru búnir að skilja þetta. En það er ekki nóg með þetta. Ef menn eru með stórt bú, eiga þeir að borga 50% meira. Þeir eiga líka að fá hærri lífeyri eftir 67 ára aldur. En þótt bændur séu allvel stæðir, þá éta þeir ekkert meira en hinir, og þetta er óþarfarausn, og væri bezt að lofa þeim að eiga þessi 50%.

Svona löggjöf þekkist hvergi í heiminum nema á Íslandi, og það er von, að Ingólfur Jónsson vilji reyna að verja þessa vitleysu. En sannleikurinn er sá, að hann fleygði þessu fram án þess að reyna neitt að kynna sér þessi lög í nágrannalöndum okkar og ekki heldur að reyna að skilja þetta. Ég er alltaf að reyna að sýna honum fram á, hvað þetta er vitlaust, en hann ber bara höfðinu við steininn og segir, að þetta sé ágætt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íbúðarlán úr byggingarsjóði ríkisins, þáltill. (þskj. 135). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 135 ber ég fram till. til þál. um hækkun íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins. Þar er gert ráð fyrir, að Alþ. skori á félmrh. að hlutast til um, að húsnæðismálastjórn breyti hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr 600 þús. kr. í 900 þús. kr. til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Samkv. gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins frá 1970 var gert ráð fyrir, að upphæð íbúðarlána úr Byggingarsjóði ríkisins væri 600 þús. kr. En jafnframt var húsnæðismálastjórn heimilað, að fengnu samþykki félmrh., að breyta þessari upphæð til samræmis við breytingar á byggingarvísitölunni. Þetta ákvæði var nýmæli í löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Áður var ákvæðin upphæð íbúðarlánanna, og þeirri upphæð var ekki hægt að breyta nema með breytingu á lögum. Samkv. gildandi lögum er hægt að breyta upphæð lánanna, án þess að lögunum sé breytt. Þessi þáltill. mín fjallar um það að ýta við réttum stjórnvöldum til þess að breyta upphæð lánanna.

Það er ekki að ástæðulausu, að þessi þáltill. er borin fram. Í maí s. l. voru tvö ár liðin frá því, að löggjöfin um húsnæðismálastofnunina var sett, og maður skyldi halda, að þá strax hefði verið farið að hyggja að því að gera breytingu í þessu efni. Auðvitað hafði það mikla þýðingu fyrir allan þann fjölda, sem stendur í byggingu íbúða. En það bólaði ekki á neinum aðgerðum af hálfu stjórnvalda í þessu efni. Því var það, að ég flutti till. þá til þál., sem hér er til umr. Það var ekki að ástæðulausu, að það var gert, vegna þess að frá því í maí 1970, þegar húsnæðislöggjöfin var sett, höfðu orðið stórkostlegar breytingar á byggingarvísitölunni til hækkunar. Í maí 1970 var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig. Tveim árum síðar, í maí s. l., var þessi vísitala orðin 603 stig og hafði því hækkað um 37.4%. Enn hækkaði byggingarvísitalan 1. júlí s. l. í 683 stig og var þá orðin 55.6% hærri en í maí 1970. Og loks er þess að geta, að vísitala byggingarkostnaðar er nú orðin 689 stig, og er þar um að ræða 56.9% hækkun síðan lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru sett í maí 1970.

Með þessar staðreyndir í huga, held ég, að það sé ekki ofmælt, sem ég hef þegar sagt, að það var full ástæða til þess að bera fram þessa þáltill. og ýta við stjórnvöldum í þessu efni. Það verður líka að segjast, að þetta hefur þegar borið nokkurn árangur, því að eftir að þessi þáltill. var borin fram, fara viðkomandi stjórnvöld að huga að þessu máli. Og hæstv. félmrh. tók á sig þá rögg í síðasta mánuði að samþykkja hækkun á byggingarlánunum. Þetta er góðra gjalda vert, og það er kannske ekki alltaf, sem þáltill. hafa svo skjót áhrif sem í þessu tilfelli. Hins vegar er hér sá galli á gjöf Njarðar, að hækkun lánanna er einungis upp í 800 þús. kr. á íbúð, úr 600 í 800 þús., en ekki í 900 þús., eins og þáltill. gerir ráð fyrir. Það er því svo, að í þessu máli hefur hæstv. félmrh. dregið fæturna, og það, sem gert er, er of lítið og kemur of seint. Þetta er ekki gott til afspurnar. En það er þó góðra gjalda vert, það sem gert hefur verið. En með því að ekki hefur lengra verið gengið í þessu máli af hálfu húsnæðismálastjórnar og hv. félmrh., er till. sú, er hér liggur fyrir, í fullu gildi enn þá og verður það, þar til búið er að hækka lánin upp í 900 þús. kr., eins og till. gerir ráð fyrir. Ég vona því, að þessi till. fái jákvæðar undirtektir og skjóta afgreiðslu, svo að hægt sé að fullkomna það verk, sem nú er einungis hálfnað, að hækka íbúðarlánin frá því, sem þau voru ákveðin árið 1970.

Ég gæti flutt hér langt mál um nauðsyn þess, að þessi till. verði samþykkt hið bráðasta og efni hennar framkvæmt þannig, að hámark íbúðarlána verði ákveðið 900 þús. En ég ætla ekki að þreyta hv. þingheim á því að fara að telja hér öll þau veigamiklu rök, sem eru fyrir því að efla og styrkja útlánastarfsemi til húsbygginga í landinu. Ég hygg, að öllum sé ljós þessi nauðsyn og raunar hæstv. félmrh. Ég vildi mega treysta því, að honum væri þessi nauðsyn ljós, og ég hef ekki ástæðu til annars, vegna þess að hann hefur talað þannig um þessi mál áður. Ég vildi treysta honum til þess að standa hér upp og lýsa yfir fylgi og stuðningi við svo sjálfsagt mál sem hér er um að ræða.

Með tilliti til þessa sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till. mína í bráð og legg til, að henni verði vísað til hv. allshn.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um að breyta hámarki íbúðarlána Byggingarsjóðs ríkisins úr 600 þús. kr. í 900 þús. kr. Hv. flm. komst ekki hjá því að geta þess í framsögunni, að það er búið að breyta þessari tölu úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr., svo að lánin frá síðustu áramótum eru miðuð við 800 þús. kr. upphæð til hvers byggjanda. Þetta er gert samkv. heimild í húsnæðismálalögunum um að breyta þessari upphæð, þessari lögfestu upphæð, á tveggja ára fresti. Þegar tvö ár voru liðin, var þetta tekið til afgreiðslu hjá húsnæðismálastjórn, og menn voru sammála um, að eðlilegast væri, að breytingin á lánsupphæðinni yrði gerð um áramótin. Bæði er þá minnst um byggingar og ber minnst á mörkunum hjá þeim, sem fengu lægri upphæðirnar, og aftur hinum, sem næst byrjuðu að byggja og fá hærri upphæðirnar. Er þetta ákveðið með samráði húsnæðismálastjórnar.

Varðandi ákvæði um, að þetta skuli aðeins breytast á tveggja ára fresti, þá hef ég ritað þeirri þn., sem fjallar nú um frv. til l. um breyt. á húsnæðismálalöggjöfinni, og óskað þess, að hún beri fram breytingu við þessa grein húsnæðismálalaganna og heimili, að breytingar á lánsupphæð megi gera á ársfresti, en ekki tveggja, því að með áframhaldandi sömu verðbólguþróun og verið hefur er þetta stökk orðið svo mikið, að það skapast lítt viðunandi misrétti milli þeirra, sem búa við lægri upphæðina í lok tímabils, og hinna, sem fá hina hærri upphæð í byrjun næsta tímabils. Ég hygg því, að Alþ. fái það til meðferðar

fljótlega, að það verði gerð breyting á þessu heimildarákvæði, að breytingarnar megi gera árlega, en ekki aðeins á tveggja ára fresti, eins og nú er í lögunum.

Ég skil ósköp vel, að hv. frsm. sé ekki ánægður með, að það skyldi verið búið að breyta þessu, áður en þáltill. hans fékk gildi. Hann var í sporum mannsins, sem missti glæpinn, og slíkir menn eru alls ekki betur settir en hverjir aðrir. Hins hefði ég vænzt af honum sem gömlum húsnæðismálastjórnarmanni, að þegar hann vildi gera mögulegt að færa lánshæðina upp í 900 þús., sem alls ekki mundi af veita, þá hefði hann hnýtt aftan í till. sína einni setningu eða svo um það, hvernig þess fjár, sem til þess þyrfti, skyldi aflað, því að það er vissulega Alþingis og þá ekki síður hans en annarra að leggja til eitthvað um fjáröflunina. Ég vil feginsamlega taka á móti því, að séð yrði fyrir því fé, sem gerði mögulegt að hækka upphæðina úr 800 þús., eins og nú er búið að ákveða, upp í 900 þús. eða þótt það væri upp í milljón.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það eru nokkrar aths., sem ég finn mig tilknúinn að gera við ræðu hæstv. félmrh. Hann upplýsti nú, að hann hefði eða ætlaði að skrifa viðkomandi þn. um að gera brtt. við frv. um breytingar á húsnæðislöggjöfinni, sem liggur nú fyrir þinginu, um það, að heimilt væri að breyta upphæð íbúðarlánanna árlega. Það er ágætt, að hæstv. ráðh. hefur komizt í skilning um nauðsyn þessa. Ég held, að þetta sé rétt stefna. En hvort það er vegna þess, að þessi þáltill. kom fram, eða ekki, þá er allt gott, sem miðar í rétta átt hjá hæstv. félmrh.

Hæstv. félmrh. sagði, að ég hefði verið óánægður með, að það skyldi verið búið að taka ákvörðun um hækkun íbúðarlánanna. Hér snýr hann hlutunum algerlega við. Ég lýsti einmitt ánægju minni yfir því, sem gert hefði verið. Ég lýsti því yfir, að það væri ekki neitt nema gott um það að segja. Ég held, að þetta séu harla fátækleg rök í málinu, enda var ræða hæstv. félmrh. ekki þess eðlis, að hann virtist taka svo þýðingarmikið mál sem hér er um að ræða alvarlegum tökum. Um það báru ekki sízt vott síðustu orðin, sem hann lét falla í ræðu sinni og gefa mér tilefni til nokkurra frekari hugleiðinga um þessi mál.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði farið betur á því, ef í þáltill. minni hefði verið ein setning um það, hvar ætti að taka fjármagnið. Það er hægt að líta á það mál frá ýmsum sjónarmiðum. Ég geri ráð fyrir því, að það sé eðlilegt að setja inn í slíka þáltill. till. um nýja tekjustofna fyrir veðlánakerfið til íbúðarhúsabygginga. Auðvitað hugleiddi ég þetta mál. En það virðist vera komið í ljós, að ég hef tekið of mikið mark á orðum hæstv. félmrh., og mátti ég kannske vita, að það væri ekki mjög mikið mark á þeim orðum hans takandi. En hæstv. félmrh. hefur sí og æ, þegar húsnæðismálin hefur borið á góma, síðan hann kom í þetta embætti sitt, verið að lofa því, að tekjustofnar veðlánakerfisins yrðu auknir og styrktir. Og hæstv. félmrh. tók margoft fram, að hann væri að vinna að þessu, — hann tók það margoft fram í umr., sem urðu hér í Sþ. fyrir ári um till. til þál. um aðstoð við leiguhúsnæði sveitarfélaga. Þessi ráðh. lagði mikla áherzlu á þetta sama efni í umr. um frv. um breyt. á húsnæðislöggjöfinni, sem hann lagði fram undir þinglok á síðasta þingi. Bæði ég og aðrir inntu hæstv. félmrh. eftir því, hvað liði aðgerðum hans til að efla og styrkja tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins. Hvað sagði hæstv. ráðh.? Hann lét drýgindalega og sagði: Hafið engar áhyggjur af þessu, ég er að vinna að því. — Og í umr hér á Alþ. í maí s. l. sagði þessi hæstv. ráðh., þegar hann var að svara mér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held, að það verði bezt að láta mig hafa áhyggjurnar af því og að hv. þm. bogni ekkert í baki undan þeim áhyggjum. Ég hugsa, að það verði ekki hann, sem útvegi það fé."

Svo mörg eru þau orð, sem hæstv. félmrh. sagði. Hvað á maður að halda? Ef hæstv. ráðh. er á annað borð tekinn alvarlega, hvað á þá að halda? Eftir að hæstv. ráðh. hefur sagt þetta með þessum orðum og marglýst yfir í þinginu að efni til, hvað hann ætli að gera í þessu efni, þá ætlar hann að gera það að einhverri ádeilu á mig, að ég skuli ekki hnýta aftan í þáltill. mína till. um tekjuöflun fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Þetta tel ég hámark ósvífni og ábyrgðarleysis. Það væri ekkert við þessu að segja, ef það varðaði einungis þennan hæstv. ráðh. En þetta varðar eitt af mestu framfaramálum, nauðsynjamálum og hagsmunamálum fyrir þjóðfélagið í heild.

En þó að hæstv. félmrh. talaði ekki af meiri ábyrgðartilfinningu um þessi mál en raun bar vitni um, viðurkenni ég, að það er nokkur framför hjá hæstv. ráðh. að leggja til, að það verði hægt að ákveða árlega upphæð húsnæðislánanna. En það breytir ekki því, að það er fullkomin ástæða og rök fyrir því að hækka nú þegar á þessu ári lánin upp í 900 þús. kr., eins og till. mín gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðh. færði engin efnisrök gegn till. minni. Hann gaf þessar upplýsingar um tilmæli sín til þn. um að breyta löggjöfinni í afsökunarskyni. En það er ekki full afsökun og engin afsökun í þessu máli. Till. mín fjallar um það, að nú þegar verði lánin hækkuð upp í 900 þús., og ef hugmynd hæstv. ráðh. um, að hægt sé að breyta þessu árlega, verður samþ. og verður að lögum, þá getum við haldið áfram og hækkað lánin á næsta ári úr 900 þús. Og eins og nú stefnir í efnahags- og dýrtíðarmálum, þykir mér ekki ólíklegt, að það sé full þörf á slíku.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. vitnaði hér, ég held lauslega eða eftir minni, í ummæli, sem ég hefði haft á s. l. ári um fjárhagsmálefni húsnæðismálakerfisins, og var tilvitnunin þess efnis, að ég hefði ráðlagt honum að kikna ekki undan áhyggjum af þessu tilefni, heldur mundi ég verða að rísa undir þeim áhyggjum sjálfur. Það voru hafðar þá uppi mjög miklar hrakspár um það, að Húsnæðismálastofnun ríkis-

ins mundi ekki rísa undir þeim skuldbindingum, sem á henni hvíldu að lögum, á árinu 1972. Það var talað um 300 millj., 500 millj., sem mundi vanta inn í kerfið, til þess að stofnunin gæti staðið við þær skuldbindingar, sem hún ætti að standa undir, veita þeim lán, sem lög heimila, að lán séu veitt samkv. umsóknum. Hvernig fór þetta? Hrakspárnar sprungu allar saman. Húsnæðismálastofnuninni auðnaðist að standa við allar sínar lagalegu skuldbindingar á árinu 1972. Að vísu voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að afla fjár út yfir það fé, sem kerfið sjálft ákveður. Það tókust samningar við lífeyrissjóðina í landinu um að leggja fram á annað hundrað millj. kr. í lánsformi til húsnæðismálanna, og það var það, sem bjargaði. Þetta var gert, og um áramót þurfti jafnvel minni aðstoð frá Seðlabankanum til þess að komast síðasta spölinn heldur en þurft hefur á undanförnum árum. Byggjendur í landinu fengu það, sem þeir áttu rétt á að lögum, og er þannig ekki um neitt að kvarta varðandi þær skyldur, sem á mér hvíldu og þessari stofnun að því er þetta snertir. Ég held, að það væri þess vegna hyggilegast fyrir hv. þm. að hætta nú við stóryrðaflauminn, slá botni í og láta það vera varðandi árið, sem liðið er, því að þar tala staðreyndirnar á móti honum.

Hitt er víst, að ef á að hækka lánin úr 600 þús. kr. í 900 þús. frá síðustu áramótum, finnst mér allt útlit fyrir, að afla þurfi viðbótarfjár, og það held ég, að þessi hv. þm. hljóti að skilja. Ef hann hefur ábyrgðartilfinningu í þessum efnum, sem ég veit ekkert um, ætti hann að bera fram till. um það, annaðhvort í sambandi við þessa till. eða þá nýja, að afla fjár til húsnæðismálakerfisins, svo að unnt sé á árinu 1973 að standa við 900 þús. kr. lánsupphæð til hvers byggjanda í landinu. Fyrr hefur hann ekki sýnt ábyrgðartilfinningu og ætti ekki að tala um skort á ábyrgðartilfinningu hjá öðrum fyrr en að þessu fullnægðu.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér finnst hlutur hæstv. félmrh. farinn að verða heldur slakur í þessu máli. Ég veit ekki hvar þetta endar, ef hann ætlar að halda margar ræður með sama áframhaldi. Það fyrsta, sem hæstv. ráðh. sagði, var að ég hefði vitnað lauslega og eftir minni í ummæli hans. Nei, ég vitnaði ekki lauslega og ekki eftir minni. Þau ummæli, sem ég hafði eftir ráðh. áðan, eru hér skrifuð fyrir framan mig, og þau voru viðhöfð í Sþ. 16. maí 1972. Ég hef hér enn fremur önnur ummæli hæstv. ráðh., en nokkur orð fyrst.

Hvert var aðalefni ræðu hæstv. félmrh.? Það var, að það hefði verið haldið uppi hrakspám á s. l. ári um getu veðlánakerfisins, og hann eignaði mér þetta, — ég tók það þannig, — eða stjórnarandstæðingum. Hverjir voru það, sem komu með upplýsingar inn á Alþ. á s. l. ári um, að það væri svo hörmulega komið fyrir veðlánakerfinu, að það vantaði um ⅛ þess fjármagns, sem þyrfti, til þess að það gæti gengt hlutverki sínu, þ. e. a. s. vantaði um 500 millj.? Hver var það, sem kom með þetta, ég segi: fyrstur manna inn á Alþ.? Það var hæstv. félmrh. Og ég vitna nú ekki frekar en áðan í ummæli hans eftir minni. Nei, það er líklega betra að gera það ekki, ef það er verið að væna mann um að fara ekki með réttar tilvitnanir. 24. febr. 1972, fyrir svo að segja ári, segir hæstv. ráðh. hér í Sþ., með leyfi hæstv. forseta, „að niðurstaðan sé sú, að til þess að fullnægja skyldum Byggingarsjóðs ríkisins gagnvart byggjendum á árinu 1972 með slíku sniði og áður, þ. e. a. s. að afgreiða lögmæltar umsóknir fram til 1. nóv., skulum við segja, þá muni vanta til þess 520 millj. kr., sem þurfi að útvega sem nýtt fjármagn til stofnunarinnar, sem annars hefur sem fastar tekjur milli 900 og 1000 millj. kr. sem eigið ráðstöfunarfé. En það hrekkur ekki til og þarf þarna um að bæta um allt að því þriðjung.“ Þannig hljóða orð hæstv. félmrh. nákvæmlega.

Hæstv. félmrh. lagði auðvitað út af þessu. Hvað var það, sem hann lagði út af þessu? Það var það, að fyrrv. ríkisstj. hefði skilið við veðlánakerfi íbúðarhúsabygginga í rúst. Auðvitað var það svo, ef þetta var rétt, sem hæstv. félmrh. sagðist vera að upplýsa. Þá var húsnæðismálakerfið gersamlega ófært um að fullnægja sínum verkefnum. Og þetta skrifaði hæstv. ráðh. á reikning fyrrv. ríkisstj. Ég átti mörg og mikil orðaskipti við hæstv. ráðh. á síðasta þingi, bæði í þessum umr., sem ég er nú að vitna í, og í öðrum umr., bæði hér í Sþ. og í Ed. Ég hélt því ekki fram, að viðskilnaður viðreisnarstjórnarinnar í þessum málum hefði verið með þessum hætti. Ég hélt því aldrei fram. Ég gerði ráð fyrir, að miðað við óbreytt lán mundu nægja nokkurn veginn þeir tekjustofnar, sem settir voru í löggjöfina 1970. Það var mín skoðun. En ef átti að taka mark á ummælum hæstv. félmrh., þegar hann segist vera önnum kafinn við að útvega nýtt fé, þá hefði mátt ætla, að það væri óhætt að bera fram þáltill. um hækkun íbúðalána til samræmis við hækkun á byggingarvísitölu án þess að grípa fram fyrir hendurnar á ráðh. til þess að benda á, hvar fé skyldi taka. Og ég vil enn fremur taka það fram, að undir meginhluta þessarar hækkunar úr 600 upp í 900 þús. er hægt að standa með óbreyttum tekjustofnum, vegna þess að með aukinni veltu í þjóðfélaginu gefa þeir hærri upphæðir. Það sést á þessum hringsnúningi hæstv. félmrh., að það er ekkert að marka það, sem hann segir um svo þýðingarmikil mál sem þessi. Hann segir á síðasta þingi, að allt sé í kaldakoli í húsnæðismálunum, en núna er hann að hæla sér yfir því, eins og hann orðaði það í ræðu sinni hér á undan, að húsnæðismálastjórn hafi staðið við allar skuldbindingar sínar 1972. Þetta gerði húsnæðismálastjórn að óbreyttum tekjustofnum. Hvers konar málflutningur er þetta? (**Félmrh.:** Var það nú alveg?) Var það nú alveg? Ráðh. þarf ekki að óttast það, ég kem að lífeyrissjóðunum.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að vegna þess að veðlánakerfið hefði staðið sig svona vel árið 1972, hefðu hrakspárnar sprungið á mér. Nei,

þetta er ekki hægt, hæstv. félmrh. Ég held, að hrakspárnar hafi ekki verið mínar. Ég held, að þær hafi sprungið í föðurhúsunum. Ég held það, að það sé enginn vafi á því. Allt, sem hæstv. félmrh. er búinn að segja um það, að hann ætli að efla tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins og veðlánakerfisins, er skrum og markleysa fram til þessa. Og ég nota þessi orð: skrum og markleysa, því að alþm. hafa leyfi til þess að ætla, að það sé eitthvað komið út úr starfi hæstv. félmrh. í þessu efni, frá því að núv. ríkisstj. var mynduð, en síðan hefur hann verið að tala um þessi mál og lofa. Það hefur ekkert komið.

En hæstv. félmrh. ætlar, að það komi honum að haldi, hálmstráið, sem hann var að nefna, lífeyrissjóðir. Ég segi: hálmstraið, eins og hann er búinn að leika það mál. En á því máli hefði mátt halda að sjálfsögðu með allt öðrum hætti. Hæstv. ráðh. lofaði eða sagði í umr. á síðasta þingi, að hann ætlaði að útvega Byggingarsjóði ríkisins frá lífeyrissjóðunum 200—250 millj. á s. l. ári. Auðvitað stóðst það ekki frekar en annað, sem hæstv. ráðh. hefur verið að segja og bera hér á borð. En hann hefur komið því til leiðar, að lífeyrissjóðirnir létu á árinu 1972 120 millj., og það mun vera von til þess, að það geti komið 40—60 millj. í viðbót, en þó ekkert víst, og alls ekki meira, eins og málin standa nú. Og hvað um þetta? Björgulegt fyrir veðlánakerfið? Hvernig eru þeir samningar, sem hér hafa verið gerðir um þessa hungurlús, þegar miðað er við, að veðlánakerfið þurfi 1500 millj., eins og hæstv. ráðh. gekk út frá í umr. um þessi mál á síðasta þingi. Það er samið um það, að lífeyrissjóðirnir láni þetta til 10 ára með 5% vöxtum, en féð á að lána til 25 ára með 4% vöxtum. Nú heldur hæstv. ráðh., að þetta geti bjargað honum, svo að hann missi ekki andlitið í þessu máli, að hann hafi gert eitthvert afrek í sambandi við lífeyrissjóðina, sem hafi mikla þýðingu fyrir veðlánakerfið. Sannleikurinn er sá, að það er furðulegt, að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa önnur ráð en að gera slíka samninga, sem er ekki öðru líkara en séu nauðungarsamningar frá sjónarmiði Byggingarsjóðs ríkisins og veðlánakerfisins. Hér er þessi hæstv. ráðh. að fara inn á nýja braut, — algerlega nýja braut, sem aldrei hefur verið farin áður, ekki einu sinni af þessum hæstv. félmrh., þegar hann var áður ráðh., og var þó helzt að vænta þess, — það er verið að taka lán fyrir hönd byggingarsjóðsins og verja þeim til útlána með miklu lakari og óhagstæðari kjörum. Ef verður haldið áfram á þessari leið hæstv. félmrh., er geinilegt, að verið er að grafa undan þeim þýðingarmikla sjóði, sem Byggingarsjóður ríkisins er. Það er greinilegt, að það getur farið á sama veg og fór fyrr á árum fyrir stofnlánasjóðum landbúnaðarins, þegar gripið var til áþekkra og hliðstæðra ráðstafana til að krafla sig fram úr málunum í bráð.

Nei, hæstv. félmrh. vex ekki af þessum aðgerðum. Og það er sama, þó að hann hafi minnt mig á að koma að þessum þætti málanna.

Ég hef gert ráð fyrir því og það er kannske yfirsjón mín, að það mætti taka eitthvert mark á því, sem hæstv. félmrh. hefur sagt um þessi mál, að það mætti gera ráð fyrir því, að það kæmi eitthvað, það fæddist einhver hugmynd, það kæmi fram einhver till. um það að efla tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins. Og það er lífsspursmál, að eitthvað gerist í þessum málum. Þegar ég gerði þáltill., sem hér liggur fyrir, eins og ég vék aðeins að áðan, gerði ég ráð fyrir, að í meginatriðum væri hægt að standa undir henni, undir hækkuninni, með óbreyttum tekjustofnum, ég segi: að meginhluta. En við þurfum að gera meira. Við þurfum að efla og bæta kerfið, þannig að lánin hækki ekki einungis í hlutfalli við byggingarvísitölu, þau hækki meira en byggingarvísitalan, til þess að við getum haldið áfram á þeirri braut að gera meira fyrir húsbyggjendur, að útlánakerfið veiti hlutfallslega hærri lán, það sé hægt að standa undir hærra hlutfalli af byggingarkostnaðinum með lánsfé úr Byggingarsjóði ríkisins en áður. Þetta er það markmið, sem þarf að vinna að, og þetta er það, sem hefur verið unnið að á undanförnum árum, frá því að hæstv. félmrh. lét af embætti, sællar minningar, þegar vinstri stjórnin lét af völdum 1958, og þar til hæstv. félmrh. tekur nú aftur við þessum málum. Hvers vegna þarf þetta svo að vera, að alltaf þegar þessi maður fær æðstu stjórn í húsnæðismálunum, þá skuli þurfa að verða stöðvun? Hvers vegna getum við ekki haldið áfram að efla kerfið, eins og við höfum gert? Og ef við ætlum að gera myndarlegt átak í því efni, hefðum við þurft að hækka lánin verulega meira en upp í 900 þús. En ég er ekki að gera meiri kröfur til hæstv. ráðh. en það sé nokkurn veginn reynt að halda í horfinu. Það sýnist honum fjarstæða. Hvað haldið þið þá, að hæstv. ráðh. finnist um að stíga eitt skref áfram í þessum málum, eins og hefur verið gert?

Til upplýsinga um það, hvað hefur verið gert í þessum efnum, má t. d. rifja það upp, að þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum 1959, var vísitala byggingarkostnaðar 132 stig. En þegar stjórnin lét af völdum, var vísitalan 535 stig eða hafði hækkað um 305.3%. Þetta eru staðreyndir. Þetta er um vísitöluna. En tökum svo lánin, hina hliðina. Þegar viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1959, var hámarksupphæð íbúðarlána 100 þús. kr. En þegar stjórnin lét af völdum, var upphæð lánanna 600 þús. kr. Lánin höfðu hækkað um 500%, sexfaldazt, á sama tíma sem byggingarvísitalan hækkaði einungis um 305.3%. Sjá allir, hvað hefur áunnizt á þessu tímabili, og það hefur áunnizt í þessu efni vegna þess, að það var stefnan að bæta ástand þessara mála. Það var ekki misst sjónar á því markmiði að hækka íbúðarlánin hlutfallslega meira en sem nam hækkun byggingarvísitölunnar. Þegar húsnæðislöggjöfin var sett 1970, voru tekjustofnarnir miðaðir við það, og stöðugt á viðreisnartímabilinu, þegar breytingar voru gerðar í þeim efnum, var miðað við það, að þetta væri hægt að gera. Og það var hægt.

Heldur nú hæstv. félmrh., að viðreisnarstjórnin hafi gert svo vel í þessu efni, að það þurfi ekki að halda áfram, gera enn þá betur? Ég er ekki sammála hæstv. félmrh., ef hann er þeirrar skoðunar. Viðreisnarstjórnin gerði ekki nógu mikið. Hún gerði, að ég ætla, mjög virðingarverða og heiðarlega tilraun til þess að bæta ástand þessara mála og gerði það með árangri. En við erum

ekki komnir á leiðarenda í þessu efni, hæstv. félmrh. Þó að viðreisnarstjórnin hafi gert vel, er enn verk að vinna. Og sannleikurinn er sá, og það er alvörumál, að við búum við alls kostar ófullnægjandi ástand í þessu efni, þó að það hafi verið að batna. Og það þolir engan samanburð við þau lönd, sem eru sambærileg eða ættu að vera í þessu efni, eins og t. d. Norðurlöndin og aðrar nálægar þjóðir, þar sem það er algeng regla og hið almenna, að lánað sé 80—90% af byggingarkostnaði eða jafnvel meira. Hvað skyldi vera lánað mikið hér hjá okkur? Það er allt of lítið. Það mætti orða það svo, að það væru um 40% af byggingarkostnaði, þegar miðað væri við tveggja, þriggja herbergja íbúð, að sjálfsögðu miklu minna, þegar um stærri íbúðir er að ræða, og kemur það ekki sízt niður á barnmörgum fjölskyldum. Nei, við þurfum að hækka íbúðarlánin mikið, og við megum ekki slaka á í því efni.

Við þurfum að hækka upphæð lánanna. Við þurfum að gera meira. Við þurfum líka að lengja lánstímann. Í því efni var að vísu nokkur framþróun í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Þegar viðreisnarstjórnin tekur við völdum 1959, eru látin tvenns konar, svokölluð A-lán og svokölluð B-lán, sem voru vísitölulán. A-lánin voru til 25 ára, B-lánin til 15 ára. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var skref stigið fram á við, að allt lánið er til 25 ára. Auðvitað þurfum við að halda áfram á þessari braut, veita lánin til lengri tíma.

Þá er þriðja atriðið, sem varðar lánskjörin og er að sjálfsögðu ekki þýðingarminnst. Það eru vextirnir, fjármagnskostnaðurinn fyrir þá, sem eru að byggja. Það mál er stórt, og við þurfum á næstu árum, ef vel á að vera, að taka þau mál til gagngerðar athugunar. En ég skal ekki lengja mál mitt með því að fara út í það veigamikla atriði. (**Forseti:** Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þm., hve langt hann eigi eftir af ræðunni). Ég er um það bil að ljúka henni hæstv. forseti.

Ég held, að ég hafi með því, sem ég hef sagt, sýnt fram á, að það var rík ástæða til þess að bera fram þá þáltill., sem hér er til umr. Ég tel, að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða, að það sé naumast hugsanlegt, að það sé meiri hl. fyrir því á hv. Alþ. að fella svo mikið nauðsynjamál og augljóst sem hér er um að ræða og viðkomandi stjórnvöld hafa viðurkennt að nokkru leyti. Í þessum umr. hefur svo komið fram, að hæstv. félmrh. hefur gert sig að fullkomnu viðundri á því, sem hann hefur mælt í þessum umr. og þegar tekið er mið af því, sem hann sagði um sama efni á síðasta þingi. Þá var það ádeiluefni þessa hæstv. ráðh., að allt væri í kaldakoli í húsnæðismálunum eftir viðskilnað viðreisnarstjórnarinnar, veðlánakerfið væri í rúst. Nú í þessum umr. hælir hann sér af því, að veðlánakerfið hafi getað staðið við allar skuldbindingar sínar 1972. Þetta sýnir, að í þessum efnum byggjum við á tryggum grunni, sem viðreisnarstjórnin lagði, en viðfangsefnið er að byggja ofan á, og till. mín miðar í þá átt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér er nú til umr. þáltill. um að breyta lánsupphæð úr 600 þús. í 900 þús. og búið að upplýsa, að þegar sé búið að framkvæma hækkun úr 600 í 800 þús. Þá hefði ég vænzt þess, að hv. tillögumaður hefði sagt sem svo: Ég er ekki ánægður með þessar 800 þús., ég tel mína tölu vera lágmark, og þar með hefði ræðuhöldum hans verið lokið, því að þetta var í raun og veru það, sem eðlilegt var, að hér færi fram. En hann hefur nú sýnt það, að hann er listamaður á vissan hátt, svo að hún sótti á mig, vísan hans Stephans G. Stephanssonar, mér liggur á hjarta að koma henni á framfæri, þetta er ferskeytla, hún er svona:

List er það líka og vinna
lítið að tæta í minna,
alltaf í þynnra að þynna
þynkuna allra hinna.

Í þessu er hv. þm. listamaður.

En varðandi það, að ég hafi nefnt, að það vantaði um 500 millj í húsnæðismálakerfið, til þess að öruggt væri, að það stæði við skuldbindingar sínar í upphafi árs, þá hef ég áreiðanlega haft þá tölu frá húsnæðimálastjórn. Og þar sem reynslan var skárri en þetta, hefur hún verið of svartsýn að þessu leyti, það þurfti ekki að útvega eins mikið fé og hún gerði ráð fyrir í upphafi árs, og er ekkert við því að segja. En þessi hv. þm. og ýmsir fleiri voru alltaf að klifa á því, að það yrði að útvega a. m. k. þessa upphæð og ekki minni. Ég lét fylgjast með þróun málsins fram eftir árinu og kanna, hvernig stæði, og fór síðan í fjárútvegun, sem nægði til þess að stofnunin gat staðið við allar sínar skuldbindingar. Mér virðist, að að árinu 1972 liðnu með þessari niðurstöðu sé hvorki við mig né aðra að sakast um útkomuna.

Meira þarf ég ekki að segja um þetta mál, annað en það, að ég vil til endurgjalds fyrir öll gifuryrðin í minn garð minna á það, að fyrir nokkuð mörgum áratugum hér á Alþ., þegar Jón Þorláksson var formaður íhaldsins, kom ungur þm. í þingsalina, flugmælskur andskoti og andríkur þar eftir, og hann var ekki í flokki Jóns Þorlákssonar þá, þótt hann yrði það síðar. Þá sagði Jón Þorláksson um ræðumennsku þessa manns: „Allt, sem fram kemur af munni þessa manns, er eins og vatn, en þó ekki alveg eins og vatn, heldur eins og slepja.“ Og nú vona ég, að ekki verði hellt yfir okkur meiru af slepju.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, hófst verkfall undirmanna á togaraflotanum 22. jan. s. l. eða fyrir rúmum 4 vikum. Enn fremur er ósamið um kaup og kjör yfirmanna á togurunum. Verkfallið stendur enn og tekur nú til 21 togara: 5 skuttogara, 6 nýrri disiltogara 12-14 ára gamalla og 10 enn eldri síðutogara. Standa málin nú svo, að enginn togari er að veiðum. Þegar litið er til þess, að fob.-verð togaraaflans nam 1400 millj. kr. árið 1971 og 1300 millj kr. árið 1972 eða 10% af útflutningsverðmæti sjávarafurða á síðasta ári, þá er ástæða til að vekja máls á því tjóni, sem þjóðarbúið verður fyrir af langvarandi verkfalli. Þá er og von á enn nýjum skuttogurum til landsins, sem hingað eru keyptir fyrir hundruð millj. kr. til annars en að binda þá við bryggju.

Æskilegast væri vitaskuld, að skilyrði væru slík í efnahagsmálum, að aðilar vinnumarkaðarins, vinnuveitendur og launþegar, leystu ágreiningsmál sín á milli og þess vegna væri það ekki í verkahring hæstv. sjútvrh. eða ríkisstj. að skerast í leikinn. En hvað sem því líður, er ljóst, að hæstv. sjútvrh. og núv. stjórnarliðar á þingi velflestir hafa í stjórnarandstöðu gert þá kröfu til ríkisstj., að hún ýmist kæmi í veg fyrir verkföll eða stuðlaði að lausn beirra.

Nú eru tvær vikur liðnar, síðan síðasti sáttafundur var haldinn með togaraeigendum og undirmönnum á togurum, og þar sem verkfallið hefur staðið í nær mánuð, eins og áður segir, og ætla verður erlendan gjaldeyrismissi þjóðarbúsins orðinn 100 millj. kr. vegna verkfallsins, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh.:

1. Hvað hefur hæstv. ráðh. og ríkisstj. gert til þess að stuðla að lausn þessa verkfalls?

2. Hvað hyggst hæstv. ráðh. og ríkisstj. gera til þess að skapa grundvöll fyrir því, að togararnir geti aftur hafið veiðar?

Blað hæstv. sjútvrh., Þjóðviljinn, lætur að vísu í ljós í leiðurum sínum s. l. laugardag og aftur nú í dag, að verkfallið sé til komið vegna mannvonzku togaraeigenda, eða eins og blaðið segir: „þeir" — þ. e. togaraeigendur — „ætlast til þess, að verkfallið komi ríkisstj. illa, og þeir gera ráð fyrir því, að öllu sé borgið, þó að togararnir stöðvist." Ég ætla ekki hæstv. sjútvrh. að vera sömu skoðunar og blað hans, en væri svo og verkfallið tilefnislaust að áliti ráðh., er enn frekari ástæða til að fá skýr svör við þeim spurningum, sem ég hef hér á undan lýst.

Sannleikurinn er sá, að rekstrarvandamál íslenzka togaraflotans eru alvarleg. Í fyrsta lagi er togaraflotanum nauðsynlegt að geta boðið togarasjómönnum góð kjör, sem sambærileg séu við það, sem annars staðar standa mönnum nú til boða á sjó og landi. Í öðru lagi verður að horfast í augu við það, að afli togaraflotans íslenzka hefur minnkað um jafnvel meira en 30% á s. l. ári miðað við árið 1970, og er þá átt við veiði á togtíma. Halli togaraflotans árið 1971 er talinn 30 millj. kr. Árið 1972 er hallinn talinn um 70 millj. kr., og er þá búið að taka tillit til 37 millj. kr. bóta úr aflatryggingasjóði og 40 millj. kr. framlags beint úr ríkissjóði. Heildarhalli togaraflotans er því á s. l. ári um 150 millj. kr., og það sem verra er, að rekstraráætlanir telja hallann jafnvel verða álíka háan á þessu ári.

Herra forseti. Þegar verkfall yfirmanna á togurum hafði staðið í tæpar tvær vikur í ársbyrjun 1971 eða fyrir tveimur árum, birtist í blaði hæstv. sjútvrh. eftirfarandi:

„Það er skylda ríkisstj. og þá fyrst og fremst sjútvrh. að beita sér fyrir því, að deilumálin við sjómenn verði leyst án tafar."

Með tilvísun til þess, að togaraverkfallið hefur nú staðið í nær mánuð, vænti ég, að hæstv. sjútvrh. skorist ekki undan því að svara spurningum minum, og um leið væri fróðlegt að vita, hvort hæstv. sjútvrh. er sammála málgagni sínu, að það sé skylda ríkisstj. og þá fyrst og fremst sjútvrh. að beita sér fyrir því, að deilumálin við sjómenn verði leyst án tafar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er spurt um það, hvað hafi verið gert til þess að stuðla að því, að verkfall á togurunum, sem nú stendur, verði leyst eða takist að leysa það. Ég hafði á sínum tíma náið samstarf við báða samningsaðila, togaraeigendur annars vegar og samtök sjómanna hins vegar, og átti nokkra fundi með þessum aðilum ásamt með sáttasemjara ríkisins, áður en verkfallið skall á. Þá hafði þokazt allverulega áleiðis á milli þessara aðila í samningaviðræðum, þannig að það var mitt mat, að raunverulega bæri hér orðið mjög lítið á milli. Þýðingarmestu atriðin, sem um hafði verið deilt, voru leyst, en hins vegar virtist vera ágreiningur aðallega um fastakaupið eða þann lið í samningunum, sem snertir fastakaup sjómanna, og þar var um tiltölulega litinn ágreining að ræða að minu mati. En samkomulag tókst ekki og verkfall skall á. Það er ekki auðvelt að gefa skýringu á því, hvernig á því stendur, að ekki skuli hafa tekizt samkomulag á milli þessara aðila, þ. e. a. s. undirmanna á togaraflotanum og togaraeigenda. Hins vegar hafa yfirmenn síðan gert sínar kröfur, en þeir hafa ekki enn þá lýst yfir verkfalli, svo að binding togaranna stafar ekki af kröfum þeirra. Varðandi kröfur þeirra og sjónarmið togaraeigenda mun bera meira á milli heldur en í sambandi við laun undirmanna.

Það er ljóst, að togaraeigendur telja, að það verði að koma til allverulegur beinn styrkur frá ríkinu til stuðnings togaraútgerðinni umfram það, sem önnur útgerð í landinu nýtur. Þeir hafa hins vegar ekki sett fram neinar beinar kröfur til ríkisstj. um það, hvað þeir fari fram á. Ríkisstj. hefur hins vegar hlutazt til um að skipa briggja manna n. embættismanna, sem rannsakaði sérstaklega afkomu togaranna, eins og nú er ástatt. Í þessari n. er einn aðili frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, einn tilnefndur af Fiskifélaginu og sá þriðji af sjútvrn. Þessi n. hefur unnið undanfarna daga að því að rannsaka öll gögn í málinu og mun nú vera komin að því að skila áliti sínu

um það, hvernig hún lítur á rekstrarstöðu togaranna.

Það hefur verið sjónarmið mitt, að nauðsynlegt væri að fá samkomulag um launakjör á togurunum, áður en endanlega yrði tekin ákvörðun um, hvert framlag ríkissjóðs yrði sérstaklega til togararekstrarins. Það verður að teljast mjög óheppilegt að ákveða fyrst rekstrarstyrk til atvinnugreinar og síðan semji hún á eftir við þá, sem gera kröfur á útgerðina. Á s. l. ári veitti ríkissjóður togaraútgerðinni beina styrki, sem námu 45 millj. kr., en auk þess fékk togaraútgerðin um 36 millj. kr. í sérstakar bætur úr aflatryggingasjóði. Til viðbótar við þetta má nefna það, að ríkið tók á sig sérstakar greiðslur til vátryggingasjóðs fiskiskipa í því skyni, að hægt væri að halda uppi karfaverði umfram það, sem talið var mögulegt að halda uppi með öðrum hætti, og talið var, að bein útgjöld af þessum ástæðum næmu í kringum 14 millj. kr. á ári. Þessi sérstöku framlög til togaraútgerðarinnar á s. l. ári voru veitt fyrst og fremst til stuðnings gömlu togurunum, sem enn eru í rekstri og talið var, að þyrftu á sérstakri aðstoð að halda. Nýir skuttogarar, sem voru að bætast í flotann á árinu, urðu ekki aðnjótandi þessara sérstöku bóta. En í þeim kjarasamningum, sem nú er rætt um, er að sjálfsögðu jöfnum höndum samið um launakjör á hinum nýju skuttogurum og á gömlu skipunum.

Það hefur legið skýrt fyrir, að ríkisstj. væri tilbúin að ræða við forsvarsmenn togaraútgerðarinnar í landinu um sérstakan rekstrarstyrk á yfirstandandi ári, eins og á s. l. ári, þegar fyrir lægju samningar um launakjör og annan rekstrargrundvöll togaranna. Ég tel því, að af hálfu ríkisstj. hafi verið stuðlað að því að leysa þessa deilu, eftir því sem tök eru á á þessu stigi málsins, en lausn hefur ekki fundizt enn. Það er auðvitað alltaf álitamál, hvenær ríkisvaldið á að skerast í leikinn, m. a. með beinni íhlutun löggjafarvaldsins. En þegar álitsgerð þeirrar n., sem unnið hefur að sérstakri athugun á rekstrarafkomu togaranna, liggur fyrir, þá koma væntanlega fram formlegar kröfur togaraeigenda um það, eftir hvaða stuðningi þeir óska, en slíkar kröfur hafa ekki komið fram til þessa.

Rætt hefur verið við sáttasemjara ríkisins um það, hvort hann teldi væntanlegt til þess að leysa þessa deilu, að skipuð yrði sérstök sáttanefnd í deilunni. Hann hefur talið, að það væri ekki líklegt, eins og sakir standa, að það mundi verða til þess að flýta fyrir lausn á deilunni.

Ég býst því við, að nú næstu daga verði úr því skorið, hvort samningsaðilar sjálfir geta fundið lausnarleið út úr deilunni eða hvort hér verða að koma til bein afskipti ríkisvaldsins til að leysa þessa deilu. En ég undirstrika það enn sem mína skoðun, að áður en ákveðið er framlag ríkisins til rekstrar togaraútgerðar í landinu, þurfa samningar um launakjör að takast. Ég er sammála hv. 2. þm. Reykv., sem lagði hér fram sína fsp., um, að það þarf að semja við sjómennina á togurunum um góð kjör. Það þarf að gefa þeim kost á hliðstæðum launakjörum og öðrum sjómönnum í landinu, og það er sú viðmiðun, sem er eðlileg af hálfu togaraeigenda í þessum samningum, að reyna að ná samningum við samtök togarasjómanna um hliðstæðar launagreiðslur til þeirra og samið hefur verið um í annarri útgerð í landinu til annarra sjómanna. Komi það svo í ljós, eftir að slíkir samningar hafa verið gerðir, að óhjákvæmilegt sé að veita togaraútgerðinni eða hluta hennar eftir atvikum sérstakan fjárhagsstuðning umfram aðra útgerð í landinu, þá verður vitanlega að gera það til þess að tryggja þennan þýðingarmikla rekstur.

Ég vil benda á, að þetta verkfall, sem vissulega er alvarlegt, nær aðeins til hinna stærri togara, það nær ekki til minni togaranna í landinu. Það er því ekki rétt, sem sagt hefur verið, að jafnóðum og hin nýju skip sigla til landsins, sem sum hver eru að koma nú, þá lendi þau í verkfalli. Hér er aðeins um að ræða skip, sem eru yfir 500 brúttórúmlestir að stærð. En þó að verkfallið nái aðeins til þeirra skipa, er hér um svo þýðingarmikinn lið í okkar atvinnurekstri að ræða, að það ber vitanlega að leggja áherzlu á að leysa þessa deilu sem allra fyrst. Og ég teldi fyrir mitt leyti eðlilegast, að samningar tækjust á milli togaraeigenda og sjómannasamtakanna um launakjör sjómanna, þar sem fyrir liggur, að ekki ber raunverulega orðið mikið á milli þessara aðila. Ég held, að ef þannig hefði verið staðið að málinu, hefði verið líklegt, að unnt hefði verið að leysa á eftir aðra þætti málsins, sem upp hefðu komið.

Svar mitt við því, sem hér var gagngert spurt um, er þetta: Ég hef fyrir hönd ríkisstj. haft afskipti af þessum samningum og leitazt við að stuðla að lausn. Lausnin hefur enn ekki fundizt. Nú næstu daga, þegar fyrir liggur álitsgerð þeirrar þriggja manna n., sem ég hef skýrt hér frá, hlýtur að verða tekin afstaða til þess, hvort ríkisvaldið verður að skerast í að leysa þessa deilu eða samningsaðilar finna leið út úr vandanum á þeim grundvelli, sem þá liggur fyrir hjá þessari sérstöku athugunarnefnd.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það fer vart á milli mála, að tæplega mánaðarverkfall íslenzka togaraflotans hefði verið mun meira í hinu pólitíska sviðsljósi, ef ekki hefðu gerzt önnur tíðindi, sem dregið hafa athygli þjóðarinnar jafnvel frá slíkum atburði sem þessum. Hins vegar hefur nóg yfir okkur gengið, þó að það bætist nú ekki við, að mörg hundruð millj. kr. tap verði af verkfalli þessu, en hér hefur verið bent á, að búast megi við eftir reynslu rúmlega 100 millj. kr. tapi á mánuði, sem gæti þá orðið meira við tilkomu nýrra skipa á næstunni.

Það er ekki óeðlilegt, eftir að þetta verkfall hefur staðið í tæpan mánuð og það liggur fyrir, að ekki hefur verið talað við samningamenn undirmanna í rúmlega 2 vikur, að minnt sé á, hvernig hæstv. sjútvrh., flokksbræður hans og skoðanabræður brugðust við, þegar slíkan vanda bar að höndum og þeir sátu á stjórnarandstöðubekkjum. Ólíku er saman að jafna orðum þeirra og ákafa þá eða hinum hæga og ábyrga embættismanni, sem tíundaði hér áðan allt, sem hann hefði gert til að reyna að fyrirbyggja þetta verkfall, sem ég skal í sjálfu sér á engan hátt vanmeta eða vanþakka.

Það er grundvallarstaðreynd í þessu máli, að undirmenn á togurum hafa haft lægst laun allra hópa af íslenzkum sjómönnum undanfarin missiri og að svo getur ekki verið í framtíðinni, þegar við erum að eignast nýjan og fullkomnari togaraflota, sem við bindum við miklar vonir. Það liggur líka fyrir, að þróun hefur verið togaraflotanum óhagstæð, ekki aðeins hvað snertir heildaraflamagn, heldur líka hvað snertir samsetningu aflans. Einhvern veginn hefur ávallt farið svo þrátt fyrir nokkra viðleitni til leiðréttingar, að sá fiskur, sem togararnir hafa mest veitt af, hefur fengið aðeins brot af þeim prósentuhækkunum í verði, sem bátafiskurinn hefur fengið. Afkoma togaranna hefur því verið slæm, um það þarf ekki að ræða, og þeir hafa fengið ýmiss konar aðstoð.

Mér skilst, að nú þegar hafi tekizt að semja um fjölda manna á togurunum. Ef það er rétt, eins og heimildarmenn mínir segja, er það í sjálfu sér mikið skref, af því að samningar um stærð áhafnar hafa verið allviðkvæmt mál um langt árabil. En það hefur ekki tekizt að semja um kjör þessara manna. Hæstv. ráðh. hefur nú skipað n. til að athuga málið, og hann hefur tekið þá ákveðnu afstöðu, að það skuli ekki ákveða neina aðstoð við þessi skip, fyrr en samið hefur verið. Ég vil benda á, að nauðsynlegt kunni að vera að gera sér grein fyrir því, hvort vitneskja um væntanlega aðstoð gæti ekki einmitt orðið til þess að leysa deiluna, en alger óvissa um, hve aðstoðin verður aukin mikið, geti frekar orðið til þess að draga deiluna á langinn. Um þetta kunna að verða skiptar skoðanir, en ég tel, að það sé lífsnauðsyn að velja þá leiðina, sem fyrr bindur enda á verkfallið, jafnvel þó að aðilar þurfi að fá tiltölulega fljótlega einhverjar, ef ekki endanlegar hugmyndir um, hvers konar viðbótaraðstoð togararnir geta átt von á.

Ég vil að lokum segja, að mér finnst þaðærið mikil tíðindi að heyra frá munni núv. sjútvrh., að það sé aðeins álitamál, hvenær ríkið, — þar mun hann eiga fyrst og fremst við löggjafarvaldið, — á að grípa inn í vinnudeilu og leysa hana, — það er aðeins „álitamál", þegar þessir menn sitja sjálfir í ráðherrastólum, en það var kallað ýmsum öðrum nöfnum, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu og einstöku sinnum þurfti út úr neyð að grípa til slíkrar lausnar. Það er því athyglisvert að heyra, hvernig mennirnir breytast eftir því, hvar þeir sitja.

Hitt vil ég að lokum taka undir með hæstv. ráðh., að það er lífsnauðsyn að binda endi á þessa deilu og alveg óhjákvæmilegt, að endirinn verði þannig, að sjómenn á togurunum fái algerlega sambærileg kjör við það, sem aðrir íslenzkir sjómenn hafa, því að öðruvísi verður útilokað fyrir okkur að manna og hagnýta þau nýju tæki, sem við erum að kaupa fyrir nokkur þús. millj. um þetta leyti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans við fsp. mínum. Það kom fram í svörum hæstv. ráðh., að hann hafði haft samband við deiluaðila og hann hafði skipað n. til þess að kanna málin. En það kom líka fram í svörum hæstv. ráðh., að núna eftir mánaðarverkfall hefur sú n. ekki skilað grg. um málið, og í raun og veru taldi hæstv. ráðh., ef mig misminnir ekki um orð hans eða hef misskilið hann, að það væri ekki eðlilegt, að málin lægju skýr fyrir, fyrr en þessi n. hefði skilað áliti. Ég verð að gagnrýna þennan seinagang á meðferð málsins af hálfu sjútvrh. og af hálfu þeirrar n., sem hann hefur skipað.

Hæstv. ráðh. taldi, að togaraeigendur þyrftu að gera kröfur til ríkisstj. og ríkissjóðs, fyrr væri ekki hægt að gera sér grein fyrir því, hvernig ætti að leysa þessi mál. Og hann tók alveg sérstaklega fram, að fyrst þyrftu samningar að eiga sér stað og síðan yrði að ákveða framlag ríkisins til þess að skapa togurunum rekstrargrundvöll. Ég verð að taka undir með hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, þegar ég dreg í efa, að þetta sé sú rétta leið til lausnar þessari deilu, að fyrst séu samningar gerðir og síðan sé tryggður rekstrargrundvöllur eða sköpuð skilyrði fyrir rekstri togaranna. Ég held, að togaraeigendur séu þess ekki umkomnir að semja um eitt eða neitt, fyrr en þeir hafa von um, að rekstrargrundvöllur sé til staðar fyrir togarana, og þess vegna beri a. m. k. að leggja áherzlu á það af hálfu sjútvrh., að þetta haldist í hendur, að það haldist í hendur að skapa togurunum rekstrarskilyrði og koma á samningum við bæði undirmenn og yfirmenn á togaraflotanum.

Það voru ekki út af fyrir sig fréttir, að ríkisstj. væri tilbúin að ræða við forráðamenn togaraútgerðarinnar um rekstrarskilyrði. En það er ámælisvert, að þetta var því skilyrði bundið, að fyrir lægju samningar um launakjörin. En ástæða er til að vekja athygli á því, að hæstv. sjútvrh. tók ekki undir orð málgagns sins um, að hér væri tilefnislaust verkfall á ferðinni. Hann lagði á það áherzlu og tók undir það, að rekstraröðrugleikar togaraútgerðarinnar væru miklir, eins og stæði, væri rekstrargrundvöllur ekki til staðar fyrir þá, og það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, að hæstv. sjútvrh. hefur þennan skilning. En ég verð til frekari áréttingar því, að seinagangur hefur verið á þessum málum af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj. hingað til, sérstaklega þegar miðað er við fyrri ummæli þeirra, þegar þessir aðilar voru í stjórnarandstöðu, að leyfa mér — með leyfi forseta — að vitna örstutt í skrif Þjóðviljans fyrir tveim árum. Í leiðara í Þjóðviljanum, um það bil mánuði eftir að verkfallið er skollið á, segir á þessa leið:

„En sjómenn hafa ekki gleymt því, að þau tvö ár, sem Alþb. lagði til sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, stöðvaðist fiskfloti Íslendinga aldrei, heldur hélt óslitið áfram framleiðslustörfunum. Kunnugir vita, að það var engin tilviljun, var ekki af því, að vandamál skorti, en þau voru leyst með þeim hætti, að þessi varð árangurinn. Fiskiflotinn gat óskiptur gefið sig að hinum dýrmætu framleiðslustörfum."

Þetta var þá sagt til hnjóðs fyrirrennara núv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinssyni, en ég vek athygli á þessum ummælum núna. Nú hefur mánaðarstöðvun verið á þessum þýðingarmikla hluta íslenzka fiskveiðiflotans.

Hin tilvitnunin, sem ég leyfi mér að vitna í úr leiðaraskrifum Þjóðviljans, er þegar verkfallið hefur staðið í tæpar 2 vikur, og hljóðar svo:

„Ríkisstj. ber nefnilega ábyrgð á því, að tugmilljóna verðmæti fara í súginn á viku hverri í verkfalli yfirmanna á togurum, en um þessar mundir er hver fiskur dýrmætur á erlendum mörkuðum auk vinnsluverðmætanna hér í landi. Og á sama tíma og 70—100 erlendir togarar skarka á landgrunninu umhverfis Ísland, lætur ríkisstj. binda íslenzku togarana í höfn. Slíkt ábyrgðarleysi ætti að vera refsivert."

Vegna þess að þarna var nefnt, að erlendir togarar skörkuðu á landgrunninu umhverfis landið, þá má ítreka það nú, að enn eru erlendir togarar á landgrunninu umhverfis landið, og þótt íslenzkir togarar hafi því miður fiskað minna á síðasta ári og síðustu tveim árum en árin þar á undan og aflinn hafi minnkað um og yfir 30%, á s. l. tveim árum, þá er það svo, að eftir skýrslum um löndun enskra togara sýnist sem afli þeirra hafi minnkað hlutfallslega minna. Samkv. skýrslum, sem fyrir liggja hjá Fiskifélagi Íslands, hefur afli enskra togara af Íslandsmiðum, sem landað er í Englandi, á s. l. ári miðað við 1971 minnkað um 14% fram til 1. sept., eða þar til útfærsla fiskveiðilögsögunnar átti sér stað. Úr þessari aflaminnku hefur dregið, eftir að útfærslan tók gildi, þannig að fram til 1. des. s. l. hefur aflaminnkunin á árinu farið niður í 11%. Togararnir ensku sýnast þess vegna hafa bætt stöðu sína, hlutdeild sína í afla teknum á Íslandsmiðum, eftir að útfærslan átti sér stað 1. sept. s. l. Þetta eru alvarleg tíðindi. Og ef við ætlum nú að friða íslenzk fiskimið með þeim hætti að binda íslenzka togara við bryggju, þá er illa komið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er næsta furðulegt að heyra úr íslenzkum munni því haldið fram, að útfærsla okkar á landhelginni hafi orðið til þess að auka afla Breta. Hitt kannast ég vel við, að tilteknir áróðursmenn í Bretlandi halda því fram, að þetta hafi ekki sakað þá neitt, þó að þeir hljóði svo mikið á milli yfir þeim kjörum, sem þeir búa nú við, að þeir hóti því að gefast upp og sigla heim og hætta með öllu. Allir, sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, vita mætavel, að hér er um hreinar áróðurstölur frá Bretlandi að ræða, sem fá ekki staðizt. Í fyrsta lagi er hér ekki um sambærilegan flota að ræða, og í öðru lagi er það, að menn eru að bera hér saman stutt tímabil, þar sem fiskafli getur auðvitað breyzt eftir veðráttu á milli ára, en raunverulega hefur afli skipanna stórkostlega minnkað. Það hefur líka komið skýrt fram í brezkum blöðum. En hv. þm. hirðir ekki mikið um að skýra frá því, þegar Bretar geta þess, hvað þeir hafi orðið fyrir miklu áfalli vegna útfærslunnar, enda má fara nokkuð nærri um það, þegar þannig hefur farið, að Bretar verða að sætta sig við að fiska á svæði, sem varla nemur ⅙ af heildarmiðunum, að þá hafi það ekki orðið til þess, að þeir fiskuðu miklum mun meira. En hvað um það, það verður að hafa það eins og það er, þó að í okkar hópi finnist einstaka menn, sem taki hér upp hanzkann fyrir Breta í þessum málum.

Hv. 2. þm. Reykv. taldi sig hafa skilið mig þannig, að ég hefði sagt, að það væri ekki við því að búast, að málin lægju nægjanlega skýrt fyrir, til þess að búast mætti við lausn á deilunni, fyrr en n. sú, sem ég gat um, hefði skilað störfum. Þetta hef ég vitanlega aldrei sagt. Ég sagði þvert á móti hitt, að ég teldi, að það væri mjög eðlilegt að semja um launakjör sjómannanna, sem lýst hafa yfir verkfalli, á þeim megingrundvelli, að launakjör þeirra yrðu sambærileg við það, sem launakjör sjómanna eru á öðrum skipum, sem búið er að semja um. Ég hef því talið, að það hefðu átt að vera allar forsendur fyrir því að semja um launin, þar sem það lá þar að auki fyrir, að bað bar raunverulega mjög lítið á milli. En ég þekki líka þær röksemdir, sem koma upp á móti þessu frá hálfu togaraeigenda, og það eru nákvæmlega sömu rökin og koma fram frá hv. 2. þm. Reykv., en hann sagði hér, að útgerðarmenn væru raunverulega ekki þess umkomnir að semja um neitt, á meðan þeir vissu ekki um rekstrarafkomu flotans. Hér er um að ræða mismunandi skoðanir: Er eðlilegt að semja um hliðstæð launakjör fyrir hásetanna á togurunum eins og samið hefur verið um fyrir sjómenn á öðrum fiskiskipum? Er þetta eðlilegt? Eða á hitt að ráða að halda því fram, að afkoma togaranna leyfi ekki svona góð kjör og af því sé ekki hægt að semja um þau? Þessi sjónarmið eru á lofti. Hv. 2. þm. Reykv. talar alveg eins og einn af togaraeigendunum í þessu máli, og er það kannske ekki með öllu óskiljanlegt, því að hann er ekki aldeilis óskyldur stærsta togaraútgerðarfélaginu, sem hér á hlut að máli. Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé hitt sjónarmiðið, sem eigi að ráða, að það eigi að semja um hliðstæð kjör fyrir sjómennina á togurunum eins og fyrir aðra sjómenn, síðan verði að ganga út frá þessari almennu forsendu um launagreiðslur á togurunum, þegar ákveðið er, hvað skuli veita þeim mikinn sérstakan rekstrarstyrk umfram aðra útgerð. Ég teldi ákaflega óhyggilegt að málum staðið að ákveða nú fyrst rekstrarstyrkinn til togaranna og síðan ætti að halda áfram við samningaborðið og þæfa um þær kröfur, sem þar liggja frammi frá ýmsum aðilum. Ég dreg mjög í efa, að það mundi greiða fyrir lausn málsins, eins og málin liggja fyrir nú.

Ég taldi ekki rétt í svari minu áðan og tel ekki rétt að fara á þessu stigi málsins að kveða upp neinn dóm um það, hvort ég áliti afstöðu togaraútgerðarmanna eða togarasjómanna hafa verið réttilegri í samningagerðinni. Ég læt biða að segja álit mitt á því. Hitt hef ég sagt alveg skýrt, að ég álít, að það hefði átt að vera grundvöllur til þess að ná samkomulagi við þá, sem lýst höfðu yfir verkfalli, því að mér sýndist bera orðið svo lítið á milli og kröfur sjómanna vera svo eðlilegar.

Það er vitanlega alveg út í loftið að segja, að í sambandi við þetta verkfall hafi verið um einhvern seinagang að ræða hjá sjútvrh. Sjútvrh. ræður ekki gangi þessa verkfalls. Áður en verkfallið skall á, margræddi ég við aðila og vakti með þeim a. m. k. tvær nætur í röð til þess að reyna að ná samkomulagi. En það var vitanlega ekki á mínu valdi að segja togaraeigendum

fyrir um það að semja og ekki heldur sjómönnum. Ef útgerðarmenn hefðu lagt fram sérstakar kröfur um stuðning sér til handa og þeim hefði ekki verið svarað, þá hefði mátt segja, að staðið hafi á ríkisvaldinu. Hins vegar hefur því verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún væri fús til þess að ræða um sérstakan stuðning við togaraútgerðina, en hún teldi, að áður en sá stuðningur væri ákveðinn, væri eðlilegt, að búið væri að semja um þennan þýðingarmikla kostnaðarlið, sem er laun áhafnar.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, að samkomulag hafði tekizt á milli togaraeigenda og sjómanna um mannafjöldann á skipunum. Það tel ég hafa verið mjög þýðingarmikið atriði í samningunum. Einnig höfðu náðst samningar um önnur mjög mikilvæg atriði, sem samningamálin snerust um. En það hafði ekki orðið fullt samkomulag um fastakaupið, sem átti að greiða, og á því strandaði a. m. k. að forminu til.

Ég efast ekkert um, að hv. 2. þm. Reykv., fyrrum borgarstjóri í Reykjavík, gæti lagt fram mikinn stuðning í að leysa þessa deilu. Hann hefur allmikið að segja í stærsta útgerðarfélaginu, sem hér á hlut að máli. Og ég held, að ef hann stæði í reynd við að telja, að það yrði að tryggja sjómönnum á skipunum sambærileg launakjör við það, sem sjómenn hafa á öðrum fiskiskipum, þá trúi ég því ekki, að það stæði lengi á því að fá samninga við sjómannasamtökin, eins og kröfur þeirra hafa verið settar fram.

Ég get vel tekið undir það, að ég tel það ekki aðeins skaða, heldur tel ég það í sjálfu sér hneyksli, að hinir stærri togarar skuli allir vera bundnir við bryggju aðgerðalausir, eins og nú er ástatt í okkar landi. Ég tel það vera hneyksli. Við þurfum sannarlega á öðru að halda en því að leggja okkar framleiðslutækjum, eins og nú standa sakir. En ef samningar takast ekki eftir venjulegum og réttum leikreglum, er vitanlega komið að því, — hv. 8. landsk. þm. virtist hneykslast á þeim orðum, sem ég hafði um það að segja, — þá er vitanlega komið að því, hvort ríkisvaldið á að skerast í leikinn eða ekki. Ég tel slíkt yfirleitt óæskilegt og samningsaðilar eigi að reyna að gera út um slíkt sjálfir. En mér dettur ekki í hug að neita því, að slíkt ástand geti komið upp, að það verði að grípa til þess. En það á ekki að grípa til slíks, nema það sé talið alveg óhjákvæmilegt.

Ég tel fyrir mitt leyti ekki viðunandi, að þetta verkfall þurfi að standa öllu lengur en það hefur staðið, þar sem ágreiningur milli samningsaðila er ekki meir en raunverulega liggur fyrir. Ég tel, að þeir hafi fengið nægilegan tíma til að gera upp þennan ágreining. En sé hér um að ræða, að verið sé að binda togarana til að knýja fram, að ríkisvaldið segi fyrir fram, hvað eigi að styrkja togarana mikið, þá verða vitanlega þeir aðilar, sem að slíku standa, að koma fram með sínar kröfur, þá verða þær að liggja fyrir.

Ég viðurkenni ekki, að af hálfu ríkisstj. hafi hér verið um neinn seinagang að ræða eða hún eigi neinn þátt í því, að verkfallið hafi staðið svona lengi. En það er sjálfsagt að skoða allar leiðir og kanna, hvað er til ráða í þessum efnum. Það má vel segja, að það sé rétt að reyna að leysa þessi atriði nokkuð jafnhliða, að útgerðarmenn fái vitneskju um, hvað á að styrkja rekstur þeirra mikið umfram annan skiparekstur í landinu, og að samið sé um launakjörin. Ég hef ekki á móti því fyrir mitt leyti, að það sé reynt að hnýta þetta saman og reyna að standa þannig að lausn málsins. En þá er það vitanlega aðilanna, sem hér deila, að segja til um það, hvort þeir óska eftir, að þannig sé að málunum staðið.

Forseti (EystJ): Það eru nú þrír á mælendaskrá, þannig að ég vil biðja menn að stytta mál sitt eins og mögulegt er. Það er ekki hægt að halda áfram endalaust umr. utan dagskrár um mál, þótt það sé mikilsvert.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við óskum hæstv. forseta, enda þótt hér sé vissulega vikið að máli, sem ég að öðru leyti vildi hafa töluvert um að segja. En allt orkar þó tvímælis, þar sem talið verður með réttu, að ég eigi hér vissa aðild að, og því mikið vafamál, hversu kann að henta í viðkvæmu deilumáli, að aðilar ræði það opinberlega.

Hæstv. sjútvrh. gat þess, að skoðun hans væri sú, að samningar ættu að leysast eftir því sem hann nefndi eðlilegum leiðum, með frjálsu samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins, og að þeir ættu sjálfir um þetta að sjá. Nú er ég honum sammála að þessu leyti og hef verið lengi, að ríkisvaldið ætti sem minnst að grípa inn í hina frjálsu samninga vinnumarkaðarins. En ég vil benda á, að þetta er alveg nýtt viðhorf hjá hæstv. sjútvrh. og hans flokki, og á það var bent rækilega áðan af hv. 2. þm. Reykv., að það var ekki liðinn nema hálfur mánuður, þegar hið alvarlega verkfall geisaði hér í ársbyrjun 1971, þegar Þjóðviljinn, málgagn hæstv. sjútvrh., fór um það hinum hörðustu orðum, að ríkisvaldið bæri ábyrgð á því, hvernig þessi mál stæðu, af hverju það tæki ekki til sinna ráða að leysa vandamálið, eins og því bæri heilög skylda til. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þetta var kenning fyrrv. stjórnarandstæðinga alla þá tíð, meðan viðreisnarstjórnin stóð, — það man ég með fullri vissu, — að ríkisvaldið ætti að skerast í leikinn og leggja sitt af mörkum til að leysa vinnudeilur, þegar þær komu upp.

Hæstv. sjútvrh. gat þess, sem rétt er, að jafnvel áður en verkfall skall á hafi verið mjög mjótt á munum um, að samningar tækjust, að aðila hefði ekki skilið mjög á í þrætunni. Þetta er alveg hárrétt. Og það er staðreynd, að vegna kjaranna sjálfra skilur mjög lítið í milli. Þetta játaði og þessu lýsti hæstv. sjútvrh. yfir. Fyrir því er það, að allt, sem segir í stjórnmálaleiðara Þjóðviljans laugardaginn 17. febr., er hreint slúður, vegna þess að þar er fullyrt, að vinnustöðvunin á togaraflotanum sé af því einu saman, að togaraútgerðarmenn, eins og orðað er, snautast ekki til að borga togara-

sjómönnum eins og þeim ber. En nú hefur mjög borið á góma hér í umr. launakjör. Nú ætla ég að taka það fram, að það, sem ég segi um þau hér, má ekki skiljast á þann veg, að ég vilji neitt draga úr því, að þessi hópur manna eigi skilið hin beztu kjör, því að vissulega vinna þeir störf, sem eru ákaflega þýðingarmikil, þau eru ákaflega erfið að öllu jöfnu, og þeir eru langtímum fjarverandi frá heimili sínu, sem allir hljóta að skilja, að hlýtur einnig að verða að gjalda vel fyrir. Þess vegna má ekki skilja orð mín um launakjörin á þann veg, að ég sé að telja eftir þau launakjör, sem hafa gilt, eða álíti, að ekki þurfi að borga þessum mönnum sómasamlega. En ég heyrði ekki betur en hv. 8. landsk. þm. segði, að grundvallarstaðreynd væri, að undirmenn á togurum hafi haft lægst laun af öllum sjómönnum á undanförnum missirum. Að vísu hef ég ekki í höndunum neitt, sem afsannar þetta, en ég leitaði mér upplýsinga um það, að á togaranum Maí frá Hafnarfirði voru laun háseta á s. l. ári 549 748 kr. eða 45 812 á mánuði, netamenn höfðu 578 þús., bátsmaður 623 þús. og skipstjóri 1624 þús. kr. eða 135 330 kr. á mánuði, og mundi jafnvel þm. þykja það sæmileg laun fyrir sig. Á Hallveigu Fróðadóttur var kaup netamannsins 479 þús. kr. eða tæpar 40 þús. kr. á mánuði. Til samanburðar við þetta vil ég láta þess getið, að mánaðarlaun Dagsbrúnarverkamanns í fiskvinnu eftir 2. texta Dagsbrúnar eru 19 943 kr. fyrir utan orlof, en í hinu dæminu var orlof talið með.

Það er fullkomin ástæða til að rifja þetta upp, af því að aðalsannleikspósturinn, sem út er gefinn hér á landi, Nýtt land, skrifar um þetta mál sérstaka grein í blaðinu fimmtudaginn 15. febr., þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til glöggvunar lesendum birtast hér mánaðarlaun á togurum samkv. gildandi samningum miðað við vísitölu 117 stig“ o. s. frv., eins og þar stendur. Og þar segir þetta blað, sem var til þess stofnað að moka út úr fjósinu í íslenzkum stjórnmálum og halda sannleiksfánanum hæst á lofti, að mánaðarlaunin séu fyrir háseta 18 837 kr., netamenn 21 176 kr., bátsmenn og matsvein 24 702 kr. Þeir tala um mánaðarkaup. Síðan segja þeir, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar svo þessir menn fara fram á að fá í laun tæpar 25 þús. kr. á mánuði, er skellt á þá hurðum. Útgerðarmenn þykjast ekki geta rekið skipin með slíkum launagreiðslum.“ Ég bið að heilsa þeim heiðarleika, sem stýrir þessum penna.

En hvernig eru svo ástæðurnar hjá útgerðinni? Ég er fjarri því maður til að dæma um það að svo komnu máli, þar sem ég hef örstutta reynslu af þessu. En ég gerði yfirlit yfir eina af söluferðum skuttogarans Vigra, það var sú söluferðin, sem gaf bezta raun. Hann seldi í Þýzkalandi 7. jan. fyrir 5 476 602 kr. Hagnaður af þessari söluferð, sem stóð í 29 daga alls, án afskrifta og vaxta er 378 755 kr. Vil ég þó geta þess, að þarna er ekki tekinn með í dæmið viðgerðarkostnaður, enda skipið nýtt og mjög erfitt að áætla hann. Hagnaður án afskrifta og vaxta var sem sé 378 þús. kr. Síðan kemur ráðstöfunin samkv. þeim reglum, sem farið er eftir, að tekin eru frá til vaxta og afborgunar af lánum 20% af brúttóverðimæti aflans og þess vegna tekið frá í þessu tilfelli 1 097 484 kr., og þegar svo hagnaðurinn án afskrifanna kemur hinum megin, þá er halli á rekstrarfjárstöðu útgerðarinnar 718 729 kr. Ég vil láta þess getið, að þessi sala, 5 millj. 476 þús. kr., er langtum hærri en meðaltal, sem gerzt hefur á s. l. ári, því að í 92 söluferðum er heildarsöluverðið 364 millj. kr., sem þýðir 3 millj. 959 þús. kr., á hverja söluferð hvers togara, þannig að þetta er langt yfir því. Að sjálfsögðu verður útgerð að geta skilað til vaxta og afskrifta. En það er alveg ljóst, að grundvöllurinn er ekki aðeins hæpinn, heldur liggur sem sé fyrir, að grundvöllur er enginn til rekstrar á þessum skipum, eins og stendur. Að vísu ber þess að geta, að það hefur verið mjög mikið tregfiski um langa hríð, og enn fremur ber þess vitanlega að geta, að þessi skip, — og ber ég þar fyrir mig vana togarasjómenn, — hafa að mörgu leyti mikla yfirburði yfir gömlu skipin. Það sýnir sig, að yfirburðir þeirra eru mjög verulegir, ekki einvörðungu vinnuaðstaðan, sem er gjörbreytt frá því, sem verið hefur, og mætti líka taka tillit til hennar, þegar rætt er um launakjör, heldur allir hæfileikar þessara skipa til að fiska, þótt þess gæti e. t. v. minna í tregfiski, þar sem þeir verða að nota allan tímann, sem þeir mega vera á úthaldinu, áður en þeir þurfa að skila afla sínum í land. Við höfum nýleg dæmi um það, að þessi skip hafa gífurlega möguleika. Geymslan á fiskinum, á hráefninu er framúrskarandi og öll aðstaða til þess að nýta aflann hin bezta og er gerbreytt frá því, sem verið hefur. Vil ég t. d. geta þess, að sala skuttogarans Ögra, sem eftir nýju gengi var 10 millj. og 70 þús. kr., byggðist ekki sízt á því, að töluverður hluti af fiskinum var settur í kassa og allt var nýtt, m. a. ísuð hrogn o. s. frv. Þetta og öll meðferð aflans, sem færi gefst á að meðhöndla með miklu betri hætti en áður hefur verið, gerði það að verkum, að þessi feiknalega sala átti sér stað. En hvort sem manni líkar betur eða verr, þá er grunvöllurinn ekki fyrir hendi.

Nú er auðvitað hárrétt, sem hæstv. sjútvrh. segir, að útgerðarmönnum ber vitanlega skylda til að skila till. um það, í hverju úrbæturnar eiga að vera fólgnar. Ég tel mig ekki hafa aðstöðu til þess að varpa fram neinum sérstökum till. í því efni, enda mundi það e. t. v. verða strax túlkað sem kröfur af minni hálfu, og það vil ég ekki gera á þessum stað. Ég vil aðeins geta þess, að það hlýtur þó að verða að liggja fyrir, en ég er upplýstur um, að engin sérstök velyrði liggi fyrir um það, að þessum atvinnurekstri verði veittur fjárhagsstuðningur á þessu ári, engin fyrirheit. Enda þótt manni hafi löngum skilizt, að þessi atvinnuvegur væri nokkurs konar olnbogabarn, hefur hann þó hér á árum áður notið allverulegs stuðnings. Ég vil líka taka það fram, svo að ekki valdi misskilningi, að við, sem höfum ráðizt í kaup á hinum nýju skipum, höfum fengið mjög góða fyrirgreiðslu, eins hjá hæstv. núv. sjútvrh. og af hálfu fyrri stjórnar, sem að vísu hafði

um það frumkvæði. En ég vil aðeins geta þess, að árið 1966, þegar fjárlög voru 4.7 milljarðar, voru veittir styrkir til togaraútgerðarinnar 60 millj. kr. Á s. l. ári voru veittar, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh., 45 millj. kr. og allir muna, hver upphæð fjárlaga var þá. Árið 1967, þegar fjárlög voru 6 milljarðar og 240 millj., voru einnig veittar 60 millj., og á árunum 1963—1965 voru veittar frá 40—51 millj., þannig að þarna er um verulegan stuðning til þessa atvinnuvegar að tefla. En eins og ég sagði, það er erfitt að gera till. Við höfum fengið frábæra fyrirgreiðslu til að kaupa þessi nýju skip, sem við bindum miklar vonir við. En ég held þó, að enda þótt allur rekstur þurfi og eigi að geta skilað afskriftum og vöxtum, þá verði að sjá einhver ráð til þess, að því verði kannske ekki öllu frestað um sinn, en að verulegu leyti. Það er gersamlega útilokað, að rekstur inn þoli, að ⅙ af bruttóverðmæti aflans sé þegar í stað frystur. Það er mér alveg ljóst, hvernig svo sem að öllu öðru þarf að standa.

Frá því er rekstrargrundvöllur hinna nýju skuttogara var reiknaður út árin 1969 og 1970, þegar allt aðrar ástæður voru og miklu meira fiskirí, hefur mjög hallazt á þennan atvinnurekstur, að ekki sé meira sagt, enda kom það í ljós, að þá vildu helzt allir kaupa togara. Í sambandi við allt verðlag á efni og vörum til atvinnuvegarins, þá hefur það hækkað gífurlega, enda skiptum við í því efni við þau lönd, þar sem breyting á genginu hefur orðið okkur mjög óhagstæð. Að vísu má einnig geta þess, að það hefur komið okkur til góða varðandi sölur á fiski í Þýzkalandi og Bretlandi, meðan það var.

Þetta eru aðeins stærðir, sem ég vildi nefnda í þessu sambandi og mér fyndist, að hæstv. ríkistj. ætti hið fyrsta að ljá máls á, hvort möguleiki er á því að minnka þetta hlutfall, sem tekið er frá til greiðslu vaxta og afborgana. Ég er ekki fjarri því, að að nokkrum árum liðnum, eftir reynslunni af gangi mála í sambandi við okkar fjármál, muni e. t. v. þessi atvinnutæki vera miklu hæfari til þess að standa undir vöxtum og afborgunum og jafnvel geta bætt upp það, sem greinilega hallar nú svo mjög á um.

Ég held, að það sé svo ekki fleira í þessu sambandi, sem ég vil tíunda, en get þó aðeins nefnt, að í þessari söluferð Vigra, sem tók 29 daga, var hásetahluturinn 59 765 kr. Netamaður hafði 62 216 kr. og bátsmaður og matsveinn 65 950 kr., og þetta er eftir gildandi samningum. Það er mín skoðun, að þótt hækki um einhverjar þús. kr. á fastakaupi til skipverja, þá skipti það engu höfuðmáli í sambandi við heildarrekstur inn, — alls engu höfuðmáli. En þegar menn stöðugt hamra á því, að þessir launþegar þurfi vissulega að bera úr býtum til jafns við aðra, þá er þó ástæða til að láta þetta koma fram. Að mínum dómi bera þeir ekki að meðaltali mjög skarðan hlut frá borði. Ég á a. m. k. eftir að sjá launakjör manna á bátaflotanum yfirleitt. Ég er þar ekki að miða við aflahæstu loðnuskipin, sem gripa upp á mánuði 250 þús. kr. í hásetahlut. Ég er aðeins að tala um meðaltal, t. d. á bátaflotanum, á bolfiskveiðiflotanum til að mynda. En þó eru vissar ástæður fyrir því, að þessir menn ættu að bera mikið úr býtum. Koma þar aðallega til hinar geysilega miklu fjarvistir frá heimilum þeirra. En að öðru leyti er með hinni nýju tækni vissulega miklu betri vinnuaðstaða fyrir velflesta þessara skipverja heldur en gerist og gengur á bátaflotanum yfirleitt, þar með talið á nótaveiðiskipum. Vinnudagurinn er langur, en hann er ekki eins langur og á bolfiskveiðiflotanum yfir netavertíð t. d., ekki nálægt því, það vil ég leyfa mér að fullyrða.

Forseti (EystJ): Það eru þrír á mælendaskrá, og mér er mjög nauðugt að skera niður ræðutíma, en vil skírskota til þegnskapar hv. þm. um að vera nú gagnorðir og stuttorðir.

Magnús Jónsson: *Herra forseti.* Ég skil vel, að hæstv. forseta langi til að komast að dagskrá fundarins. Hins vegar er sannleikurinn sá, að ég efast um, að á dagskránni sé nokkurt mál, sem er eins þýðingarmikið vandamál og það mál, sem við erum hér að ræða, a. m. k. svo sem sakir standa nú. Það var að vísu ekki ætlun mín að fara sérstaklega að taka til máls hér, en það voru ýmis atriði í ræðu hæstv. sjútvrh., sem ollu því, að ég réðst í að fara hér upp í stólinn, og ég skal reyna að bregðast ekki áskorun hæstv. forseta um að eyða ekki óþarflega löngum tíma, þó að ég þurfi kannske að nota nokkrar mínútur.

Það, sem ég fyrst og fremst vildi hér segja og láta í ljós undrun mína yfir og raunar harma, er, að hæstv. ráðh. skyldi ráðast að hv. 2. þm. Reykv. með jafnósæmilegum hætti og hann gerði hér áðan. Satt að segja furðar mig, að jafnglöggur maður og þingvanur skuli halda því fram, þegar hv. 2. þm. Reykv. vitnaði í skýrslur Fiskifélags Íslands um afla brezkra togara á Íslandsmiðum, að þá sanni það, að þessi hv. þm. sé hér sérstaklega að ganga erinda Breta. Ég veit ekki til þess, að hæstv. ráðh. gerði nokkra tilraun til að hrekja þessar tölur, og ég veit ekki, hvort Fiskifélag Íslands birtir rangar tölur eða ekki. Ég hygg, að það birti þær tölur, sem það veit sannastar og réttastar. Og þetta nefndi hv. 2. þm. Reykv. aðeins til að benda á alvöru þess, að hér væru erlendir togarar *að moka upp fiski.* Ég held, að það þurfi æðimikla hugvitssemi til þess að geta fundið það út úr orðum hans, að hann væri hér í landhelgismálinu að ganga erinda Breta. Þetta vona ég, að hæstv. ráðh. sjái sjálfur, að hafi verið ómaklega og ódrengilega sagt.

En sannast sagna vekur margt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, undrun manns í sambandi við vinnubrögð í þessari deilu. Það var að vísu svo um margt í fyrri og síðari ræðu hans, að þar var ekki fullt samræmi á milli skoðana hans varðandi hans eigin afstöðu og hvernig hann lítur á það mál, sem hér er við að fást og við getum áreiðanlega öll tekið undir, að er eitt hið alvarlegasta. Skal ég þá alveg láta liggja á milli hluta, hvað fyrr og síðar hefur

verið sagt í þeim efnum af einum og öðrum, en aðeins halda mér að vinnubrögðunum í málinu og hvað eðlilegt hefði verið að gera, hvort hæstv. ráðh. hafi farið rétt að.

Það er vissulega lofsvert, að hann skuli, rétt áður en deilan hófst, hafa haldið marga og stranga fundi, jafnvel nætur og daga, með aðilum til að reyna að ná sáttum, þannig að ekki kæmi til verkfalls. En þegar þessu lýkur, þá satt að segja hverfur hrifning manns af afskiptum hæstv. ráðh. af þessari deilu, og vægast sagt kemur nokkur undrun í staðinn yfir því, sem síðar hefur gerzt. Hæstv. ráðh. segir, og held ég, að allir hv. þm. hafi tekið eftir því, að það hafi borið mjög lítið á milli, þegar þetta verkfall skellur á. Engu að síður skellur á þessi vinnudeila, þó að eitthvað lítið beri á milli, sem hann tíundaði að vísu ekki nánar. Og ekki aðeins skellur hún á, heldur hefur farið svo, að í tvær vikur hefur ekki verið haldinn sáttafundur. Hvað veldur því, ef aðeins er um smávægileg atriði að ræða, að ekki er haldinn sáttafundur um langa tíma? Það hef ég aldrei vitað fyrr, að hafi gerzt í vinnudeilu, nema af því að mikið ber á milli og sáttasemjari telur, að ekki hafi þýðingu að kalla aðila saman til funda. En ég held, að ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, gefi vissar hugmyndir um það, hvar hnúturinn hér er.

Hæstv. ráðh. segist að vísu ekki vilja taka afstöðu með einum eða öðrum aðila í deilunni, en hins vegar gefur hann þó vissar, athyglisverðar yfirlýsingar. Annars vegar ætlast hann til þess, m. a. af hv. 2. þm. Reykv., að hann beiti áhrifum sínum hjá togaraeigendum til að leysa deiluna. Hins vegar segist hann að vísu ekki vilja tala mikið um kröfur sjómanna, en segir þó í seinni ræðu sinni, að það sé sjálfsagt, að þessir menn beri úr býtum það, sem eðlilegt sé, og togaraeigendum beri að semja á þeim grundvelli. Við erum auðvitað ekki að deila um það, og ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að almennt eiga kjarasamningar að gerast með frjálsum samningum vinnuveitenda og launþega. Um það deilum við ekki. En það liggur hins vegar ljóst fyrir og enda kemur fram í orðum hæstv. ráðh., að hér stendur svo sérstaklega á, að vinnuveitendur hafa í þessu tilfelli enga möguleika til að semja um þær kröfur, sem fram eru bornar, nema með því að auka hallarekstur sinn. Það er viðurkennt, að togaraflotinn hafi verið gerður út með styrk á s. l. ári, að vísu ekki mjög miklum styrk úr ríkissjóði, en þó nokkrum. Og undanfarin ár, held ég, að hann hafi alltaf fengið einhvern styrk langflest árin. Og hæstv. sjútvrh. taldi ekki óeðlilegt, að það mundi koma til þess, að þennan styrk yrði að veita í einhverju formi, en vill þó ekki gefa upp neitt um það, hvað verði veitt í styrk.

Það getur vel verið, að það sé álitamál, hvort ríkið eigi að gefa upp í vinnudeilu, hvað það sé reiðubúið að leggja fram til þess að styrkja togaraflotann. En ég spyr í alvöru talað: Eiga togaraeigendur að semja, ef það liggur ljóst fyrir, að það verði halli, — eiga þeir þá að ganga að öllum kröfum í skjóli þess, að ríkið muni að lokum borga reikninginn, þegar hann er lagður fram? Er skynsamlegra að hvetja til þess, að það verði gert, heldur en að hið opinbera, úr því að það telur, að það muni þurfa að koma þarna til, geri það þá strax og reyni að leiða málin, ekki endilega með því að fara að beita úrskurðarvaldi á Alþingi, heldur halda áfram þeim viðræðum, sem hæstv. ráðh. hóf, og láta ekki málin skipast svo, að ekkert gerist í tvær vikur eða lengur og flotinn liggi, þegar þetta liggur ljóst fyrir, og láti það stranda á því einu, að ríkið sé ekki reiðubúið og það sé talið óskynsamlegt að segja mönnum, hvað ríkið sé reiðubúið að ganga þarna til móts? Þetta held ég, að geti ekki gengið og sé engin von til þess, að deilan leysist með því að ætlast til þess fyrst, að togaraeigendur gangi að kröfum þeim, sem fram eru bornar, — ég læt alveg liggja á milli hluta, hversu sanngjarnar þær eru, þær geta vel verið allar sanngjarnar, ég veit ekkert um það, — en vitandi það, að þeir geta ekki greitt þær nema fá peningana einhvers staðar að, en ríkisstj. segir hins vegar: Þið getið komið með óskir ykkar eftir á, þegar þið eruð búnir að semja.

Nú finnst mér að vísu einkennilegt, ef það er rétt, að togaraeigendur hafi ekki sett fram við ríkisstj. neinar hugmyndir um það, hverju þeir þurfi að halda til þess að ná saman endum. Mér skildist á hæstv. ráðh, að engar kröfur hefðu frá þeim borizt. Ég er ekki að vefengja, að hæstv. ráðh. segi það rétt og satt, en það er mjög undarlegt. Ég veit ekki hvort ég hef heldur skilið það rétt, en hæstv. ráðh. leiðréttir það þá, ef það er rangt skilið, að þessi svokallaða athugunarnefnd hafi alls ekki verið sett á laggirnar strax í byrjun deilunnar til þess að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, heldur hafi það ekki komið til fyrr en löngu seinna og þessi n. sé ekki búin að skila niðurstöðum sínum. Ég held, að það hljóti í rauninni að vera réttur skilningur minn á því efni, vegna þess að það þarf enginn mér að segja, að það sé margra daga verk, miðað við þá könnun, sem hefur verið gerð á hag útgerðarinnar árlega, nú síðast um síðustu áramót í sambandi við bátakjarasamningana, að gera sér grein fyrir því, hversu togaraflotinn standi að vígi. Auðvitað verður alltaf að ganga út frá óljósum og óvissum forsendum, eins og er með bátaútgerðina yfir höfuð einnig, um það, hvernig afkoman verði á árinu 1973, en í meginefnum hlýtur að liggja nokkuð ljóst fyrir, að þetta eigi að geta gerzt á örfáum dögum, þannig að það hefði átt að geta verið búið að gera þetta fyrir löngu, hvort sem ríkisstj. hefði viljað birta þau plögg togaraeigendum eða ekki, það er auðvitað hennar mál. En ég vek athygli á því, að hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að hann teldi, að það mundi fara að komast hreyfing á þetta mál, þegar þessari athugun væri lokið. Þess vegna fæ ég ekki annað skilið en út úr þessu hljóti að verða að lesa og sé eðlilegt að lesa, að ef þessi athugun hefði legið fyrr fyrir, þá hefði hreyfing komizt fyrr á málið og líkur til úrlausnar.

Ég sé í rauninni ekki annað en stefnt sé í

algert öngþveiti, ef hæstv. ráðh. ætlar að halda svona á þessu máli og segja: Semjið þið, svo skulum við ræða um það á eftir, hvort ríkið ætlar að styrkja ykkur eða ekki. — Það eru a. m. k. allt önnur vinnubrögð en hæstv. ráðh. hafði núna, þegar bátakjarasamningarnir voru gerðir og fiskverðið var ákveðið. Þá sat hann með samningsaðilum eða var í nánu sambandi við þá til þess að tryggja, að ekki kæmi til öngþveitis. Það var a. m. k. hans mat, að til þess að ná þeim samningum þyrfti viss opinber aðstoð að koma til, og þá var nákvæmlega eins ástatt og nú gildir um togarana. Ég held, að ég hafi ekki misskilið hann, að það liggi ljóst fyrir, að einhver opinber aðstoð þurfi að koma til. Á því allt annað hér við heldur en um almenna kjarasamninga, eins og ég áðan sagði, þar sem byggt er á því, að atvinnurekstrinn geti staðið sjálfur undir þeim kjörum, sem samið er um. En varðandi bátakjarasamningana sat hæstv. ráðh. með samningsaðilum og gaf yfirlýsingar. Ég skal ekki fara út í þá sálma, hvaða heimildir hann hafði til að gefa þær, það er innanríkisstjórnarmál, þar sem hann létti álögum af bátaútgerðinni, til þess að samningar gætu tekizt. Ég er ekkert að lasta hæstv. ráðh. fyrir þetta, en hann viðhafði þarna allt önnur vinnubrögð. Hann hafði forustu um málið. Þegar hann sá, hvað á milli bar, reyndi hann að brúa það bil, en sagði ekki bara: Semjið þið og komið svo og ræðið við mig eftir á, þegar þið eruð búnir að semja, og þá skal ég íhuga, hvað hægt er að gera. — Ég er ekki viss um, að sú stefna sé rétt, og ég held, að sú stefna, sem hefur verið að þessu leyti viðhöfð í togaradeilunni, stefni út í algera ófæru og geti ekki annað gert. Ef það er mat hæstv. ráðh. t. d., að togarasjómenn fái of lítið kaup og það eigi að ganga að einhverjum tilteknum hluta af þeirra kröfum, þá er sjálfsagt að taka það líka inn í athugunina á rekstrarafkomu togaraflotans, sem nú stendur yfir, og ef það er skoðun hans, að það verði veitt ríkisaðstoð til að brúa þetta bil, þá verði það tekið einnig með í dæmið. En ég skil ekki, að hæstv. ráðh. ætlist til þess undir neinum kringumstæðum, að togaraeigendur geri út togaraflotann á næsta ári með sannanlegum stórhalla. Því trúi ég ekki, og ég veit, að hann hefur þann hug til útgerðarinnar, að það getur ekki verið.

Mér sýnist, að allar þær umr., sem hér hafi farið fram, bendi ótvírætt til þess, að ekki hafi verið haldið á þessu máli sem skyldi og hér hafi átt sér stað einhver seinagangur og mistök, sem eru í rauninni lítt skiljanleg, miðað við þá yfirlýsingu hæstv. ráðh. sjálfs, að hann hafi í rauninni verið búinn að leiða málið að verulegu leyti til lykta, þegar verkfallið hófst. Engu að síður stendur það um mánaðarskeið og engir samningafundir haldnir í hálfan mánuð. Þurfum við áreiðanlega ekki að deila um við einn eða neinn, hvorki ég né hæstv. ráðh. né hv. þm., að þetta er hið alvarlegasta mál.

Ég skal svo ekki, herra forseti, eyða fleiri orðum að þessu efni. En mér sýnist, að eins og málum er hér háttað, ætti hæstv. sjútvrh. að grípa í taumana, áður en til ófarnaðar er lengra komið, og halda á málum á þann veg, að það takist að leysa þessa deilu. Ef það eru aðeins smáatriði, sem á milli ber, og stærri atriðin öll hafi verið leyst, eins og hann áðan sagði, þá hlýtur það að verða manni óskiljanlegt, hvernig stendur á því, að þessi stórvirku framleikslutæki liggja bundin í höfn. Ég veit að vísu ekki, hvort hæstv. ráðh. vill nokkuð um það segja hér, en manni verður að spyrja, ekki sízt eftir þau ummæli, sem komu hér fram frá hv. 4. þm. Austf. um afkomuhorfur skuttogara, hvort það sé grundvallarstefna, sem hefur verið mörkuð af hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvrh., að það komi ekki til mála, hvað sem athugun á afkomuhorfum togaraflotans líður, að veita skuttogurum styrk. Ég skal taka undir það með honum, að það væri mjög geigvænlegt, ef skyldi þurfa að grípa til þess með þessi stórvirkustu og nýjustu framleiðslutæki, sem nú eru í stríðum straumum að koma til landsins og menn binda miklar vonir við, að reka þau með styrk. En mér sýndust þær tölur ekki glæsilegar, sem hér voru birtar áðan, og gefur það tilefni til að spyrja hæstv. ráðh. um, hvort það sé fyrir fram útilokað eða hvort ríkisstj. telji, að það komi til álita að veita einnig einhvern styrk til útgerðar þeirra togara, ef sú athugun, sem ríkisstj. sjálf stendur að, skyldi sýna, að ekki væru horfur á, að þeir gætu staðið undir álögum þeirra.

En aðeins að lokum þessi orð til hæstv. ráðh., sem ég vil á engan hátt vera að deila á að öðru leyti: Ég veit, að hann hefur góðan hug á að leysa þetta mál, þó að ég áliti, að það, sem hann upplýsir um vinnubrögðin í því, sýni, að þau hafi ekki verið heppileg. Hér er svo mikið í húfi, að það er mikils um vert, að nú sé rösklega að því gengið að leysa málið og það helzt án þess, að það þurfi að beita löggjafaraðferðum til að knýja fram lausn þess.

Jón Árnason: Herra forseti. Það má segja, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að varið sé nokkrum tíma í umr. um þetta mál. Ég hygg, að allir Íslendingar séu sammála um það, að hér sé um annað mesta vandamál íslenzku þjóðarinnar að ræða, sem við er að glíma á þessum tíma, þegar allur stærri hluti togaraflotans er bundinn við bryggjur og hefur staðið í verkfalli í heilan mánuð. Það er hins vegar leitt til þess að vita, að þróunin í útgerð togaranna skuli hafa verið á undanförnum árum sú sem raun ber vitni. Áður fyrr var það svo, að togararnir gátu komizt af með lægra fiskverð en bátaflotinn. Nú hefur það snúizt við á síðari árum, og togarnir hafa ekki komizt af með það fiskverð, sem verðlagsráð hefur ákveðið hverju sinni, og hafa í síauknum mæli orðið að fá meira og meira framlag úr ríkissjóði og frá öðrum sjóðum. Það er upplýst, að á síðasta ári veitti ríkissjóður 45 millj. kr. beint framlag, úr aflatryggingasjóði voru veittar 36 millj. kr. eða um 2 millj. á hvern togara, og í þriðja lagi var um 14 millj. kr. fjárframlag að ræða, sem var sérstaklega vegna framleiðslu á karfaflökum. Hér er því um 95 millj. kr. að ræða, sem togaraflotinn hefur fengið í beinum fram-

lögum á s. l. ári, og hygg ég, að þrátt fyrir það muni reikningar togaranna að loknu ári sýna, að það hafi verið sízt of mikið til þess að endar næðu saman.

Það má öllum vera augljóst mál, að þegar einhver atvinnurekstur er kominn í slíka aðstöðu sem togaraflotinn er í dag, þá er þeim, sem standa fyrir slíkum atvinnurekstri, mikill vandi á höndum, þegar þeir eru að gera áætlanir um rekstur sinn og semja við sína viðsemjendur. Og það er ekki óeðlilegt, þegar það liggur fyrir, að svo mikið vantar á hjá togaraflotanum, til þess að hann geti staðið við sínar skuldbindingar um kaup til sjómanna og annað, þá hiki þeir við að gera samninga, sem fara langt fram úr því, sem nokkur von er um, að tekjumöguleikar geti verið. Ég tel því, að það sé óhjákvæmilegt, að í sambandi við lausn þessa máls nú verði vinnubrögðin á þann hátt, sem fram kom að lokum í ræðu hæstv. sjútvrh., þar sem hann sagði í ræðu sinni, að hann teldi ekki óeðlilegt, að reynt væri að hnýta saman og gera sér grein fyrir því, hvað ríkissjóður mundi leggja fram, annars vegar, um leið og ákveðið er, að komið sé á móti sjómönnum í kjarasamningunum. Þetta held ég, að sé nauðsynlegt, því að við skulum ekki dvelja lengi við það, að það vanti bara, að útgerðarmenn setji fram kröfur sínar, til þess að málið sé leyst. Það er enginn vafi á, að í þeim umr., sem farið hafa fram á milli hæstv. sjútvrh. og útgerðarmanna togaraflotans, hafa þeir meira og minna rætt um möguleika á, hvers væri að vænta frá því opinbera um fjárhagsstuðning, en ekki sett dæmið þannig fram, að þetta yrðu þeir að fá til þess að geta samið við sjómennina. Og það er ekkert óeðlilegt.

Við skulum gera okkur grein fyrir, í hvaða aðstöðu togaraútgerðin er, þegar hún á að fara að semja um kjör fyrir atvinnureksturinn með fjármunum, sem hún hefur ekki yfir að ráða. Starfsgrundvöllurinn býður ekki upp á nauðsynlegar tekjur til þess að greiða það kaup, sem hann þarf að greiða sjómönnunum, svo að þeir sitji við sama borð og aðrir, sem stunda sjávarútveg hér á landi. Ég ætla ekki að líkja saman við það, sem á sér stað nú þessar vikurnar í sambandi við loðnuaflann, því að þær tekjur eru langt fram úr öllu því, sem við eigum að venjast og þekkjum til. Það má örugglega leita vítt um, ef slíkan samjöfnuð ætti að fá. En ef við byggjum á þeim aðalútgerðarrekstri og tekjumönnum, sem bæði bátarnir og togararnir hafa orðið að byggja afkomu sína á, þá eru það að sjálfsögðu þær aflaskýrslur og aflamöguleiki, sem liggur fyrir, hvað hægt sé að gera sér vonir um, að þessi skip geti aflað á ársgrundvelli.

Ég held, að til þess að hægt væri að beita réttum vinnubrögðum við lausn þessarar deilu, sé nauðsynlegt að hið opinbera hafi gert sér grein fyrir, hver rekstrargrundvöllur togaraflotans er. Það er fyrir fram vitað, að togaraflotinn bjargast ekki á fiskverðinu, því raunverulega fiskverði, sem er, og þess vegna er slíkt ástand komið hjá þessum þætti atvinnurekstrar í okkar landi, og það er ekki síður þess opinbera heldur en útgerðarmannanna að gera sér grein fyrir afkomumöguleikum og horfum þessa atvinnuvegar.

Ég tel, að um svipað leyti og ákveðið var að leggja út í kaup á nýju skuttogurunum hefði ekki verið óhyggilegt, að hið opinbera hefði jafnhliða reynt að gera sér einhverja grein fyrir afkomuhorfum og möguleikum þessa skipaflota, sem í vændum var, að kæmi til landsins, og það þótt ekki væri nema með hliðsjón af þeirri afkomu, sem togaraflotinn á við að búa í landinu. Nú má segja, að það sé hægt að gera sér betri vonir um afkomumöguleika nýju skipanna, vegna þess að þau séu miklu fullkomnari, og það sé hægt að gera ráð fyrir meiri afla hjá þeim en hinum eldri. Þar á móti kemur, að stofnkostnaður eldri togaranna er miklu minni og sá liður rekstrararins að sama skapi líka miklu minni, og eins og fram kom í dæmi hér áðan um einn skuttogarann, sem byrjaður er veiðar, þá er það augljóst mál, að þrátt fyrir mikil aflaverðmæti af mánaðartúr, sem skipið var í, vantaði mörg hundruð þús. kr., til þess að endar næðu saman og það útgerðarfyrirtæki geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar.

Það kann vel að vera, að það sé ekkert óeðlilegt, að þessir erfiðleikar steðji að okkar togaraútgerð. Við vitum vel, að bæði í Þýzkalandi og Bretlandi nýtur togaraútgerðin mikils fjárhagslegs stuðnings, og væri vonlaust fyrir nokkurn að halda slíkum rekstri úti, án þess að slíkt ætti sér stað. Þess vegna má segja, að það sé ekkert óeðlilegt, að eitthvað svipað þurfi að koma til hér hjá okkur. En samt sem áður hefur verið reynt að stefna að því sem mest, að útgerðin gæti staðið undir sér og verðlag á fiski og annað væri við það miðað, að endar næðu saman. Ég vil því að lokum segja það, að ég tel það vera raðlegast og nauðsynlegt, til þess að nokkur árangur fáist um lausn þeirrar deilu, sem hér er um að ræða, að útgerðarmönnum skipanna verði gerð nokkur grein fyrir, hvers sé að vænta af opinberri hálfu til stuðnings, til þess að þeir geti gengið frá samningum við sjómennina, því að það segir sig sjálft, að atvinnurekandi, sem semur um kjör, sem hann er fyrir fram viss um, að hann getur ekki staðið við, og kemst í greiðslubrot við umsemjendur sína innan takmarkaðs tíma, er ekki að gera neinum greiða með slíkum samningum. Þess vegna er nauðsynlegt, að útgerðarmennirnir hafi nokkra hugmynd um, hvers þeir eiga að vænta, þegar þeir ganga frá samningum við sjómennina, og að þeir hafi þá von um að geta staðið við þá samninga, sem þeir gera.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja nokkur orð í tilefni þeirra umr., sem hafa farið hér fram um togaradeiluna. Ég vil þá byrja á því að taka undir orð sjútvrh., þar sem hann segir, að vitaskuld verði togarasjómenn að fá sambærileg laun við aðra íslenzka sjómenn. Ég er hins vegar ekki viss um það, að allir séu sammála þessu, og ég ímynda mér, að íslenzk verkalýðshreyfing, sjómenn sem aðrir, muni þá tíð, þegar fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, hvernig stefna hennar var í launamálum íslenzks verkafólks. Íslenzkur verkalýður er t. d. ekki búinn að gleyma því, þegar fyrrv. ríkisstj. var að bjóða erlendu fjármagni inn í landið, og til þess að

gera allt sem mest aðlaðandi auglýsti hún sérstaklega ódýrt vinnuafl og ódýra orku. Þetta er geymt, en ekki gleymt í hugum íslenzks verkafólks.

Varðandi togaraverkfallið nú langar mig til að minna á, að það er ekkert nýmæli, þegar átök eiga sér stað á vinnumarkaðinum, að atvinnurekendur segi, að þeir geti ekki greitt laun, sem verkafólk fer fram á, og allt stefni í voða, ef gengið verði að slíkum kröfum. Ég held, að það hafi reyndar aldrei gerzt, að atvinnurekendur hafi þegjandi og hljóðalaust tekið á móti þeim kröfum, sem verkafólk, sjómenn sem aðrir, hefur sett fram, þannig að ég er ekkert fyllilega trúaður á þær tölur, sem settar eru fram um geigvænlegan halla togaraútgerðarinnar. Þó er vafalaust rétt, að togaraútgerðin býr við verri kost um þessar mundir en oft áður, og til þess er kannske fyrst og fremst ein veigamikil ástæða, og hún er sú mikla aflaminnkun, sem orðið hefur hjá íslenzkum togurum. En í þessu sambandi vil ég minna á eitt atriði, sem þeim þm. hér í salnum, sem hæst tala um þetta, væri rétt að hugleiða. Það á ekki svo lítinn þátt í aflaminnkun íslenzku togaranna nú, hve fyrrv. ríkisstj. var slök við að vinna að okkar landhelgismáli. Hið alvarlega ástand fiskstofnanna í kringum landið stafar ekki sízt af því, að í heilan áratug unnu þessir hv. þm. ekki neitt við að sjá til þess, að landhelgin yrði færð út. Og við vitum líka, að það væri ekki búið að færa þessa sömu landhelgi út í 50 mílur, ef þeir hefðu setið við stjórnvölinn hér í hv. Alþ. Þeir hafa hins vegar verið knúðir til að fallast á stefnu ríkisstj. í því máli, og er að vel. Þetta skulum við hafa hugfast, þegar þm. eru að tala um það hér, að eftir útfærsluna hafi afli glæðzt eða aflaminnkunin ekki verið eins mikil og áður. Það eiga sjómenn sem útgerðarmenn að þakka núv. ríkisstj.

En ef við göngum út frá því sem réttu, að verulegur halli sé á rekstri togaraútgerðar á Íslandi, og tökum mark á öllum þeim barlómi, sem heyrist um það mál, og einnig ef við ætlum að sameinast um það, að ríkisvaldið greiði umsvifalaust alla þá reikninga, sem útgerðarmenn vísa til ríkisvaldsins, þá kemur mér í hug sem leikmanni, hvort ekki væri skynsamlegra einfaldlega að losa sig við þennan milliliið, úr því að útgerðarmenn treysta sér ekki til þess að reka skipin og ætlast til þess, að ríkisvaldið greiði umyrðalaust þá reikninga, sem þeir setja fram um þennan halla. Er þá ekki eðlilegt, að ríkisvaldið annist þennan rekstur og greiði hallann, þegar hann er, og fái einnig gróðann, þegar hann er, því að ekki munu þessir ágætu herrar greiða neina sérstaka aukaskatta til ríkisins af þeim gróða, sem er í góðærinu á togurunum? Ég held, — og ég hygg, að almenningur taki undir þetta sjónarmið mitt, — að úr því að þeir geta ekki rekið skip sín, þá sé eðlilegast, að samfélagið annist þennan rekstur. Það mætti kannske líka varpa þeirri hugmynd fram, að það væri rétt að láta sjómennina sjálfa annast rekstur togaranna, og það kæmi líka vel til greina. En þegar að því kæmi, þá er ég viss um, að það heyrðist víða hljóð í horni hjá útgerðarmönnum, og það er ekki víst, að halli væri þá eins verulegur og nú er um rætt.

Varðandi enn eitt atriði, sem komið hefur fram í þessum umr. og mig langar til að víkja að, — það eru afskipti ríkisvalds af verkföllum, — þá vil ég segja fyrst, að það er ekki nóg að tala um afskipti ríkisvalds. Afskipti ríkisvalds geta verið á marga vegu, og það þekkir líka íslenzkur verkalýður. Ég held, að þótt við leitum með logandi ljósi í sögu „viðreisnarinnar" og sérstaklega af þeim afskiptum, sem sú stjórn hafði af gangi kjaradeilna, en það var ekki í fá skipti, sem hún taldi sig þurfa að hafa afskipti af þeim, þá voru þau afskipti öll á eina lund. Og hver skyldu þau hafa verið? Jú, það var einatt tekin afstaða með atvinnurekendum. Þetta þekkja sjómenn líka. Þeir þekkja þau lög, sem „viðreisnin" sáluga setti á sjómenn. Það voru aldrei sett lög til að skerða gróða atvinnurekenda. Hann var aldrei nægur fyrir að dómi „viðreisnarinnar". Því vil ég að lokum segja um þetta atriði: Ég get tekið undir þær raddir, sem segja, að vissulega á ríkisvaldið að skipta sér af þessari deilu, eins og nú er komið. En við Alþb.-menn, — og ég held, að fólkið í landinu taki undir það, — krefjumst þess, að þau afskipti séu á þá eina lund, sem sé í hag íslenzkum sjómönnum á þessum skipum.

Að lokum langar mig aðeins til þess að víkja að orðum hv. 4. þm. Austf. Ég ætla ekki að fara að hætta mér út í það að rekja neinar tölur eða annað slíkt, ég er ekki fær í það. En mig langar til að vefengja eitt, sem kom fram í hans ræðu. Þegar hann var að lýsa kjörum íslenzkra togarasjómanna, hafði hann þá eina helztu viðmiðun, að þau nálgist að vera eins og þingmannalaun. Hvernig fór þessi hv. þm. að því að finna þetta út? Jú, hann tók söluferð eins einstaks togara, sem ég hygg, að sé algert einsdæmi eða allt að því í togarasölu hér á landi. Þannig fann hann út kjör íslenzkra togarasjómanna. Ég vil nú segja við þennan hv. þm., að ég held, að hann ætti að skammast sín verulega fyrir málflutning af þessu tagi hér í þingsölum, þótt ekki væri nema vegna þess, að hann hafði eitt sinn rætur í verkalýðshreyfingunni, þó að þær hafi kannske ekki staðið mjög djúpt. Og við hv. 2. þm. Reykv., sem virðist hafa áhyggjur miklar af gangi þessa máls, væntanlega fyrir hönd þeirra togaraeigenda, sem hann styður dyggilega og hefur gert, þá vil ég segja við hann: Ef hann vill vera sanngjarn og stuðla að lausn þessa máls, ber honum ekki einungis að snúa sér til hæstv. sjútvrh. með fsp. hér á Alþ., heldur ber honum að tala um þetta í sínum eigin flokksröðum og fá þá menn, sem hópum saman sitja þar á bekk og eru í útgerð, til þess að fallast á sanngjörn sjónarmið sjómanna.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt leiðréttingu, sem ég ætla að koma hér á framfæri.

Hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, taldi, að ég hefði hugsað mér að standa öðruvísi að lausn þessara samninga en ég hefði gert áður, t. d. varðandi bátakjarasamningana, og sagði, að í þeim efnum hefði ég fyrir hönd ríkisstj. veitt tiltekin loforð um ákveðinn stuðning við bátaútgerðina, til þess að hægt hefði verið að ná samningum um kjörin á bátaflotanum. Þetta er ekki rétt með farið hjá hv. þm. Samningar um launakjör á bátaflotanum voru gerðir fyrir ári. Ég tók þá talsverðan þátt í því að koma á lausn í þeirri deilu. Þá var samið um launakjörin á bátaflotanum. Forsvarsmönnum bátaútgerðarinnar datt þá ekki í hug að setja fram kröfu um það, þegar bátakjarasamningarnir voru gerðir þá til tveggja ára, að fá fyrir fram tryggingu fyrir því, hvað ríkissjóður kæmi til með að greiða þeim mikinn styrk eða hvaða tryggingar þeir ættu að fá frá ríkinu varðandi rekstur bátaflotans. Þannig hefur þetta alltaf verið, þegar um beina kjarasamninga hefur verið að ræða. Það, sem gerðist um síðustu áramót og hv. þm. Magnús Jónsson blandaði hér saman, var það, að verið var að ákveða fiskverð á komandi vetrarvertíð, — fiskverð, sem átti ekki að gilda aðeins fyrir bátaflotann í landinu, heldur einnig fyrir togaraflotann. Og í sambandi við samkomulag, sem þá varð á milli aðila, féllst ríkisstj. á að veita útgerðinni í landinu, — ekki aðeins bátaflotanum, heldur einnig togararekstrinum, — tiltekinn stuðning. Þetta var í sambandi við ákvörðun á fiskverði. En það, sem hér er um að ræða, virðist vera það, að forsvarsmenn togaraflotans í landinu vilji ekki gera almennan kjarasamning um grundvallarlaun sinna sjómanna án þess að fá samning við ríkið um leið um það, hvað ríkið eigi að borga mikið af rekstrarkostnaðinum. Ég tel, að í þessum efnum sé staðið rangt að málinu, og í engu tilfelli í sambandi við rekstraraðstöðu bátanna hefur verið staðið þannig að málunum.

Ég vil svara hér um leið þeirri spurningu, sem hv. þm. beindi til mín, hvort það væri ákveðið af hálfu ríkisstj. að veita skuttogurunum engan stuðning eða engan styrk. Engin slík ákvörðun hefur verið tekin. Þvert á móti gerum við að sjálfsögðu ráð fyrir því, þegar verður ákveðið að veita einhvern stuðning til togaraútgerðarinnar, að sá stuðningur hljóti að ná til skuttogaranna eins og annarra, þegar þar að kemur.

Það má vitanlega ekki tala um afkomu togaraútgerðarinnar í landinu án þess að gera sér grein fyrir því, að afkoman þar er auðvitað mjög mismunandi. Einstök skip í þessum hópi eru gerð út með allmyndarlegum hagnaði. Það sýna þeir reikningar, sem liggja fyrir. Önnur skip aftur eru gerð út með verulegum halla, og það eru sérstaklega viss skip eða skip af ákveðinni tegund, sem eru gerð út með mestum hallarekstri, af því að skipin eru orðin mjög gömul og kostnaðarsöm í rekstri og orðin óhentug. En í þessu tilfelli er verið að reyna að leggja rekstrargrundvöll fyrir skip, sem við höfum ekki haft hér í rekstri áður og búa við allt aðra rekstraraðstöðu en hin eldri skip. Það verða auðvitað uppi mismunandi sjónarmið um það. Einn álítur, að hin nýju skip eigi að hafa eitthvað meiri möguleika til þess að afla. Aðrir halda því hins vegar fram, að þau munu ekki afla meira en gömlu skipin gerðu og verði því að fá alveg samsvarandi styrk. Ég vil segja það um vissar hugmyndir, sem hér komu fram hjá hv. 4. þm. Austf. í sambandi við fyrirgreiðslu við hin nýju skip, að ég er á mjög svipaðri skoðun og hann í þeim efnum og er alveg opinn fyrir því að ræða um stuðning af því tagi í sambandi við rekstur þeirra skipa, þegar þar að kemur. En ég tel nú eins og áður, að það sé mjög óeðlilegt að blanda saman þessu atriði varðandi almenna rekstrarafkomu togaranna og því að leysa kjarasamningamálin, af því að þar ber raunverulega ekki svo mikið á milli. En við skulum vona, að að því komi samt, að aðilar að þessum samningum sjái að sér og reyni að finna lausn á þessum vandamálum, og sjálfsagt er, að aðstoð ríkisins komi til við það að leysa deiluna, eftir því sem kostur er á.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð að vísu af fjarskalitlu tilefni, en það voru orð hv. 3. þm. Reykv., varaþm. Hann sagðist ekki vera trúaður á hina slæmu útkomu í rekstri þessarar atvinnugreinar, eins og forustumenn hennar héldu fram. Ég vísa honum til hæstv. sjútvrh. með það mál. Hann getur borið það undir hann og fengið þar skýr svör um það efni. Hann taldi, að hér væri skelfilegur barlómur á ferðinni. Hæstv. sjútvrh. getur svarað honum þessu líka. Hann áleit, að úr því að svona væri komið, ætti að setja þá af, sem gætu ekki rekið sín skip, og ríkisvaldið ætti sjálft að taka við. Ég vildi gjarnan, að hann kynnti sér álit hæstv. sjútvrh. á slíkri málsmeðferð. Ég er nefnilega ekki viss um, að hann yrði honum sammála í því efni, enda þótt þessi ungi maður tæki fram, að hann áliti, að öll þjóðin væri helzt á öllu því, sem hann hélt hér fram. Hann getur líka spurt hæstv. sjútvrh. að því, hvort eingöngu eigi að hafa það fyrir augum, sem hann sagði, að Alþb. krefðist, að væri hagur sjómannastéttarinnar. Það þarf nefnilega að taka tillit til ýmissa annarra þátta, og heildin verður helzt að ganga fyrir.

Hv. þm. sagði, að ég hefði tekið hér mið af einstæðu dæmi í sambandi við veiðiferð og söluferð togara. Það gerði ég ekki. Þetta var misskilningur, og hann hefur ekki fylgzt nógu vel með. Það var langt í frá, að ég tæki dæmi um þau laun, sem ég nefndi þarna, af hæstu sölu, sem dæmi þekkjast hér um. Því fór alls fjarri. Það var af sölu, sem var helmingi lægri, þannig að rétt væri að fylgjast betur með, áður en menn fullyrða eins og gert var. (Gripið fram í.) Það var ég ekki að segja, og þetta sýnir, að hann hefur ekkert vit á, hvernig þessi laun eru útreiknuð eða hvernig yfirleitt þessi mál standa, því að það er fjarri því, þótt sala hækki um helming, að laun hækki um helming þar af leiðandi.

Hv. þm. gerði að einu aðalerindi sínu hér að skora á hv. 2. þm. Reykv. að beita sér fyrir því, þar sem hann hefði á því tök, að togara-

útgerðarmenn féllust á þær kröfur, sem sjómenn settu fram. Má ég benda á það, að í umr. hefur komið fram, að það ber svo til ekkert þar í milli. Jafnvel áður en verkfallið skall á, lá það fyrir, að endar væru að nást saman. Þetta getur foringi hans, hæstv. sjútvrh., líka upplýst hann um.

Ég vil svo að endingu taka undir það, að allir aðilar beiti sér nú fyrir því heils hugar að reyna að leysa þetta mikla vandamál. Það er vitanlega alveg óþolandi, að þessi mikilvægu atvinnutæki séu bundin við bryggju. Menn greinir að vísu á um leiðir sem fyrrum, en ég tek nú undir það, sem kom fram í einni ræðu hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Vesturl. tók undir, að reynt verði að tengja þetta saman, reynt verði að hnýta enda saman með þeim hætti, að skoðuð verði nauðsyn útgerðarinnar og samhliða, svo sem auðvelt ætti að vera, yrðu kjör sjómannanna tekin inn í dæmið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér finnst, að það hafi komið fram þrjú merkileg efnisatriði í þessum umr.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. sjútvrh. fullyrt, að það sé skoðun hans, að semja beri við togarasjómenn um hliðstæð kjör og aðrir sjómenn hafi. Þetta hefur komið fram mjög skýrt í ræðum hans.

Í öðru lagi hefur hæstv. ráðh. talað um, að það hljóti að koma til skjalanna viðbótarstyrkur frá ríkisvaldinu til rekstrar togaranna. Ef við lítum á þetta tvennt, annars vegar þá skoðun ráðh., hver kauphækkunin hljóti að verða, og hins vegar þá skoðun hans, að koma muni til nýs viðbótarstyrks, finnst mér þetta jaðra við loforð af hans hálfu um það, við hvað styrkurinn muni miðast, a. m. k. þessa kauphækkun sjómannanna, hvað sem um aðra liði verður að segja.

Í þriðja lagi hefur mér fundizt þessar umr. bera þess ljósan vott, að hér sé um að ræða deilu á milli ríkisvaldsins og togaraeigenda og það hljóti að verða þeir aðilar, sem leysa hana.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Almenningur í þessu landi stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd, að þrjár gengisfellingar hafa átt sér stað í tíð núv. ríkisstj., sem þó hefur ekki setið lengur að völdum en sem svarar rúmlega einu og hálfu ári, og þrátt fyrir það, að í málefnasamningi stjórnarflokkanna sé tekið fram, að gengisfellingu muni ekki verða beitt til lausnar efnahagsvanda. Ég ætla ekki að fara að ræða sérstaklega þessar gengisfellingar í heild og áhrif þeirra á efnahagslífið og þjóðlífið, heldur langar mig að víkja nokkrum orðum að orsakasamhengi og skyldleika milli annars vegar gengisfellingarinnar í des. s. l. og hins vegar þeirrar gengisfellingar, sem var gerð í s. l. viku, og langar mig í því sambandi að beina tveimur eða þremur spurningum til hæstv. viðskrh. og jafnframt víkja örlítið að verðlagsþróuninni í landinu.

Þingheimi er það vel ljóst — (**Forseti:** Ég vil aðeins vekja athygli hv. fyrirspyrjanda á því, að fundur getur ekki haldið áfram lengur í dag en til kl. 4.30. Hann verður þess vegna að áætla sjálfur, hvaða tíma hann telur hæfilegan fyrir hæstv. viðskrh. til þess að svara sómasamlega því, sem hann ber fram. Það hefur ekki verið venja hér að neita mönnum um að taka til máls utan dagskrár, en það er ætlazt til þess, að þær umr. séu með öðru sniði en venjulegar umr.) Já, þetta skal tekið til greina. — Þingheimi er ljóst, hversu öndverður ég snerist við gengisfellingunni í des., af því að ég taldi, að gengisfellingin stafaði af innlendum orsökum og það vantaði raunverulega forsendur fyrir gengisfellingunni, ekki sízt vegna þess, að aflaverðmæti sjávarútvegsins hafði aukizt á árinu 1972 og veruleg verðhækkun hafði verið allt það ár á útfluttum sjávarafurðum á Bandaríkjamarkaði. Valkostanefndin benti á, að áætlað afurðaverð á Bandaríkjamarkaði á árinu 1973 hefði mestallt komið inn í verðlagið í des. 1972, þannig að allt útlit var á áframhaldandi verðhækkunum, sem stöfuðu vafalaust af skorti á fiski í Bandaríkjunum og einnig öðrum aðstæðum á úthöfum heimsins. Þess vegna kom það mér mjög þægilega á óvart, þegar hæstv. sjútvrh. lét þau orð falla á aðalfundi kaupmannasamtakanna, að því er mér hefur skilizt, að hann hefði ekki staðið að gengisfellingu, heldur valið aðra leið, ef honum hefði verið ljós sú verðhækkun, sem orðið hefur á útfluttum sjávarafurðum til Bandaríkjanna. Ég fagna mjög þessum ummælum, ef þau eru rétt, og ég vil óska eftir því, að sjútvrh. svari því hér, hvort hann hafi fellt þessi orð, því að það kemur alveg heim við skoðun mína á þessum málum, og jafnframt lít ég svo á, að þá komi fram það, sem ég óttaðist, að þessi gengisfelling í des. væri mistök. Ef það er rétt, að gengisfellingin var ástæðulaus í des. um 11%, þá vaknar sú spurning í beinu framhaldi: Var þá ástæða til þess að fylgja dollarnum núna hvað varðar gengisbreytinguna? Og þá vaknar einnig sú spurning, hvort nauðsynlegt hafi verið að fylgja honum að öllu leyti.

Nú er kunnugt, að verðið á þorskblokkinni hefur hækkað um 10% frá áramótum, og það er í sjálfu sér meira virði en nokkur gengisfelling. Ef gengisfellingin hefði ekki verið gerð núna, a. m. k. ekki 10%, þá hefðu viðskiptakjörin batnað. Mestallur innflutningur kemur frá Evrópumarkaðinum, og þetta leiðir til gífurlegra verðhækkana innanlands. Um leið og ríkisstj. er að bæta aðstöðu útflutningsatvinnuveganna, blasir við sá mikli vandi, að verðbólgan virðist leika lausum hala hér í landinu. Og mér virðist fljótlega áætlað, að fram undan séu í íslenzku þjóðfélagi verulegar verðhækkanir og dýrtíð. Og þá er spurning til sjútvrh.: Hefur hann nokkurt hugboð um það, hver verður vöxtur framfærsluvísitölunnar á þessu ári fram til næstu áramóta og þá kaupgjaldsvísitölu um leið? Mér sýnist m. ö. o., að hér þurfi að spyrna við fótum, mynda sér einhverja heildarstefnu í efnahagsmálum og standa betur að þessu en hingað til hefur verið gert.

Ég vona, að hæstv. viðskrh. hafi fengið þessar spurningar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hóf ræðu sína á því, að núv. ríkisstj. hefði fellt gengi íslenzku krónunnar þrisvar sinnum, og það var helzt að heyra á því, sem hann sagði, að hann áliti, að þessar þrjár gengisbreytingar, sem hér er um að ræða, hefðu allar verið gerðar, eins og venjulega hefur verið um gengislækkanir, sem hér hafa verið ákveðnar, til þess að styrkja eða styðja okkar útflutningsatvinnuvegi. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir alla að gera sér fulla grein fyrir því, að hér er ekki um að ræða venjulegar gengislækkanir í þessi þrjú skipti. Það, sem gerðist í gengismálum okkar í des. árið 1971, þegar við skráðum gengi okkar krónu á nýjan leik í hlutfalli við dollar, var allt annars eðlis en þegar um það er að ræða að fella gengi krónunnar, eins og oft hefur verið gert, til stuðnings okkar útflutningsatvinnuvegum. Sú skráning, sem þá var tekin upp á krónunni, var ekki gerð til þess að bæta hag útflutningsatvinnuveganna frá því, sem hann hafði verið fyrir þá nýju skráningu. Sennilega hefur sú skráning farið fram með þeim hætti, að fremur hefur hallað á útflutninginn frá því, sem áður var, en ekki öfugt. Þá fór fram skráning á íslenzku krónunni í hlutfalli við þær staðreyndir, sem þá lágu fyrir um skráningu á öðrum gjaldeyri. Svipað var að gerast nú um miðjan febrúarmánuð, þegar við skráðum á nýjan leik gengi íslenzku krónunnar með hliðsjón af gengi annars gjaldeyris vegna breytingar þar á. Við skulum athuga þetta aðeins nánar, ef ekki liggur ljóst fyrir mönnum, hvernig þetta kemur raunverulega út.

Á það hefur verið bent, að um það bil 63% af gjaldeyristekjum Íslendinga séu í dollurum og eins og sakir standa nú séu um 13% af tekjunum í pundum, sem breytast ekki heldur í verðgildi neitt sem teljandi er. Hér er því um það að ræða, að gjaldeyristekjur, sem nema um 76% af heildargjaldeyristekjunum, breyfast ekki neitt til í íslenzkum krónum. Í íslenzkum krónum verður um nákvæmlega sömu tekjur að ræða fyrir útflutninginn varðandi allt þetta stóra hlutfall. Hins vegar ætti að hafast nokkur ávinningur í íslenzkum krónum af útflutningi að öðru leyti, þ. e. a. s. sem nemur um 24%. En raunverulega er það svo, að í mjög mörgum tilvikum höfum við þegar selt okkar útflutningsvörur yfir á það gjaldeyrissvæði einnig í dollurum. Þetta kemur t. d. mjög skýrt fram núna. Langsamlega stærsti kaupandi okkar að fiskimjöli er Pólland, og sölusamningurinn við Pólland á fiskimjölinu er í dollurum. Við seljum einnig mikið af saltfiski í Portúgal, og við seljum hann einnig í dollurum. Við eigum allmikil viðskipti við Austur-Evrópulöndin, t. d. Rússland, og meginið af okkar samningum við þessar þjóðir er í dollurum, og við fáum ekki breytingu á tekjum af útflutningi inn á þessi svæði varðandi þá samninga, sem þegar hafa verið gerðir.

Þegar dæmið um útflutning okkar er gert upp varðandi hina nýju skráningu á krónunni nú gagnvart dollar, lítur það raunverulega þannig út, að útflytjendur fá ekki fleiri íslenzkar krónur en þeir fengu áður fyrir þann mikla útflutning, sem á sér stað inn á dollarasvæðið, en hins vegar verða útflytjendur að taka á sig verulega hækkun á innfluttum nauðsynjum sínum til þess að framleiða sinn útflutning inn á dollarasvæðið. Bátarnir eru yfirleitt keyptir fyrir Evrópugjaldeyri. Vélar og gjaldeyrir eru keypt fyrir Evrópugjaldeyri. Veiðarfærin eru keypt fyrir annan gjaldeyri, þau kaupum við yfirleitt ekki frá dollarasvæði.

Raunverulega er það svo, að sú gengisskráning, sem fór fram nú í febrúar, er ekki gerð útflutningnum í hag. Við vorum aðeins að verðskrá okkar gjaldeyri í hlutfalli við það, sem aðrir höfðu skráð sinn gjaldeyri. Hér er því ekki um að ræða gengislækkun í venjulegri merkingu orðsins, að það sé verið að færa til fjármuni á milli vissra aðila í okkar þjóðfélagi. (**BGuðn:** En desembergengisfellingin?) Alveg rétt, ég kem að henni núna. En af því að fyrirspyrjandi minntist á þrjár gengislækkanir, mátti ég til með að segja þetta, til þess að það færi ekkert á milli mála, að við a. m. k. værum sammála um, að á þessu tvennu er alger skilsmunur.

Varðandi gengislækkun þá, sem ákveðin var af ríkisstj. í des. á s. l. ári, eða 1972, þá var um venjulega, hreinræktaða gengislækkun af íslenzkri tegund að ræða. Það var verið að ákveða með gengislækkun að lækka verðgildi íslenzku krónunnar gagnvart öllum öðrum gjaldeyri, og þegar slík ákvörðun er tekin, er það gert venjulega hér á landi með þeim röksemdum, að það þurfi að færa fjármuni yfir til útflytjenda frá öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Fyrir áramótin var því haldið fram, að það væri óhjákvæmilegt að veita okkar aðalútflutningsgreinum aukinn stuðning, að útflutningurinn þyldi ekki það innanlandsverðlag, sem hér væri orðið, og það þyrfti að færa fjármuni yfir. Við vitum, að það voru uppi mismunandi sjónarmið á því, hvernig þetta ætti að gerast. Það fór ekkert leynt, að ég var t. d. í hópi þeirra manna, sem töldu eðlilegast að færa yfir fjármuni til útflutningsins með millifærsluleið. Aðrir töldu hins vegar, að miklu hreinlegra væri að staðið og einfaldara að lækka gengi íslenzku króunnar og flytja þannig vissa fjármuni yfir til útflutningsins, en þó að gera það í þetta skipti með þeim hætti, að visitalan væri í fullum gangi og mældi allar þær verðhækkanir, sem yrðu af gengisbreytingunni. Það var auðvitað öllum ljóst, að gengisbreyting af þessu tagi gat ekki komið okkar útflutningsatvinnuvegum að gagni nema tiltölulega stuttan tíma. Þegar verðlagið hafði aftur hækkað vegna gengisbreytingarinnar og hafði komið inn í kaupgjaldsvísitölu að fullu, þá mátti segja, að áhrif gengislækkunarinnar væru að fullu uppétin fyrir okkar útflutningsatvinnuvegi. Ég hygg, að allir, sem stóðu að þessari gengislækkun, hafi gert sér grein fyrir því, að svona færi, að áhrifin af þessari gengislækkun gætu ekki verið langvarandi. Það var hægt að deila um það, hversu langan tíma þetta entist, en enginn dró dul á, að þannig mundi þetta verða.

Nú er það hins vegar svo, að síðan ákvörðun var tekin um þessa gengislækkun í des. s. l., hafa orðið talsvert verulegar hækkanir á okkar helztu útflutningsvörum. Sú verðhækkun kemur til með að standa, eins og hv. þm. sagði hér. Hún er því af allt öðrum toga spunnin. Út-

flutningsframleiðslan kemur til með að búa að þessum verðhækkunum lengur en í nokkra mánuði. Hins vegar er það, að þessar verðhækkanir, sem hér hefur verið minnzt á, eru ekki svo almennar, að þær nái yfir allan okkar útflutning.

Ég var á þeirri skoðun í des. s. l., að við þyrftum að færa fjármuni yfir til útflutningsatvinnuveganna, og ég held, að málin hafi staðið þannig, að það hafi verið óhjákvæmilegt að gera það, miðað við þær forsendur, sem þá lágu fyrir. En ég held, að af hinum jákvæðu áhrifum fyrir okkar útflutning af þeirri gengisbreytingu standi ekki mikið eftir, þegar fer að líða dálítið fram á árið. Ég álít hins vegar, að þær verðhækkanir, sem þegar hafa komið fram á okkar útflutningsvörum, og þær verðhækkanir, sem ég geri mér vonir um, að eigi eftir að koma fram, — því að það er margt, sem bendir til þess, að við getum átt von á hækkandi verði fyrir okkar útflutningsafurðir, — ég held fyrir mitt leyti, og það er það, sem ég var að segja á fundi kaupmannasamtakanna, að ef þær verðhækkanir, sem nú eru komnar fram, hefðu legið fyrir í des., þá hefðu verið meiri líkur til þess, að menn hefðu valið aðra leið en þá, sem valin var, því að auðvitað vissu allir, að sú leið, sem valin var, hlaut að leiða af sér verðhækkanir, og verðhækkanirnar hafa verið að koma fram.

Það er ekkert nýtt hjá okkur, að menn séu á mismunandi skoðunum um leiðir, einn vilji frekar þessa leið og annar einhverja aðra, og það er ekki það, sem skiptir hér höfuðmáli. Hitt er alveg ljóst, að ef við hefðum nú valið þann kostinn að fella ekki okkar gjaldeyri til samræmis við fall dollarans, þá hefðum við verið að leggja nýja bagga á okkar útflutning. Við hefðum ekki náð því marki, sem hv. þm. sagði, að ef við hefðum ekki fylgt dollarnum, þá hefðum við notið betri viðskiptakjara. Viðskiptakjör þjóðarinnar hefðu orðið nákvæmlega þau sömu. Við hefðum fengið aðeins minna fyrir útflutninginn, en líka þurft að borga minna í krónum fyrir okkar innflutning. En í hinu tilfellinu þurfum við að borga aðeins meira fyrir innflutninginn, en fá þá líka aðeins meira fyrir útflutninginn.

Það er rétt, að ef við hefðum metið stöðuna þannig, að okkar útflutningur hefði nú getað tekið á sig verulega aukna bagga, þá hefðum við ekki átt að fella krónuna alveg til jafns við dollarinn. En vegna þess að við töldum, að hagur útflutningsframleiðslu okkar væri ekki þannig, að hún gæti tekið á sig nýja bagga, þá töldum við rétt að skrá gengi krónunnar raunverulega miðað við ytri aðstæður. Við vorum ekki að framkvæma gengislækkun af þeirri venjulegu gerð, sem hér hefur verið iðkuð, þ. e. a. s. til þess að færa fjármuni á milli aðila hér útflutningnum í hag.

Hv. þm. spurði einnig, hvort fyrir lægi vitneskja um það, hvað liði framfærsluvísitölunni eða kaupgjaldsvísitölunni á komandi mánuðum. Jú, það liggja fyrir allmargir spádómar um það. Þeir hafa oft verið settir fram, og það er ekki ýkjamikið á þeim spádómum að græða að mínum dómi. (Forseti: Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort hann treysti sér til að ljúka ræðu sinni á þessum fundi. Fundurinn verður að enda um hálffimm. Ég á eftir að taka eitt mál fyrir, þannig að umr. utan dagskrár geta ekki staðið nema svo sem tvær mínútur enn, og verð ég þá að biðja hæstv. ráðh. að fresta ræðu sinni þangað til í upphafi næsta fundar og hafa þá framhaldsumr.) Nei, ég skal ljúka máli mínu alveg strax. Ég sem sagt svara þessari spurningu þannig, að ég get ekki gefið upplýsingar um það á þessari stundu, hver framfærsluvísitalan muni verða á komandi mánuðum, því að það er augljóst, að um næstu mánaðamót mun kaupgjaldsvísitalan hækka um 6—7%, og það er greinilegt, að allmiklar hækkanir eiga eftir að ganga hér yfir á næstu mánuðum, en hversu miklu það nemur í vísitölu, því get ég ekki svarað.

Ég held svo, að ég hafi svarað í aðalatriðum því, sem hv. þm. spurði um. Vegna þeirrar hagstæðu þróunar, sem orðið hefur í verði okkar útflutningsafurða, finnst mér, að meiri líkur hefðu verið til þess, að önnur leið hefði verið valin, en það þýðir vitanlega ekki á neinn hátt, að hægt sé að hlaupa yfir það, sem er búið að gera, vegna þess að verðhækkanirnar, sem fylgdu í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, eru þegar komnar fram og komnar út í hið almenna verðlag.

Forseti (EystJ): Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að umr. utan dagskrár, sem eru ekki ráðgerðar í þingsköpun, en hafa ævinlega verið leyfðar, eru ætlaðar fyrir fsp. eða önnur málsatriði, sem þola ekki þá bið, sem venjulegum þingmálum er ætlað. Ég vil biðja hv. þm. að hafa það í huga framvegis við slíkar umr. Þær eru fyrst og fremst ætlaðar til þess. En forsetar vilja greiða fyrir því eins og mögulegt er, að menn geti fengið að gera fsp. utan dagskrár, því að það væri mikill skaði, ef þannig yrði haldið á þeim málum öllum, að það færi að verða tregða á því hjá forsetum að leyfa umr. utan dagskrár. Slíkt má ekki koma fyrir. En þá verður líka að vera góð samvinna á milli forseta og þm. um að gera þær umr. þannig úr garði, að þær geti farið fram á viðeigandi máta, og það ætla ég, að menn hljóti að geta skilið og tekið til greina.

Það verður haldið áfram þessum umr. utan dagskrár í upphafi fundar á fimmtudag.

Þjóðvegakerfi, fsp. (þskj. 300). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 16. maí 1972 var samþ. hér á Alþ. till. til þál. um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum. Þál., sem samþ. var, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins og kostnað við hana miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegal., nr. 98 1970, og þá flokkun vega, sem upp verður tekin í vegáætlun fyrir árin 1972—1975."

Ef ég man rétt, var till. sú, sem hér er um að ræða, flutt af 11 þm., en þál., sem samþ. var, var nokkuð öðruvísi en till., þ. e. a. s. till. var breytt í n. í samræmi við umsögn vegamálastjóra um þetta mál. Þar sem það var gert, var talið, að það ætti að vera nokkurn veginn tryggt, að till. væri framkvæmanleg á þeim tíma, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. á s. l. ári. Nú hef ég ekkert heyrt um framkvæmd þessarar till., en vona, að að henni hafi verið unnið, og fsp., sem ég hef leyft mér að flytja, er svholjóðandi:

„Er lokið framkvæmd þál. 16. maí 1972 um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal., og ef svo er, hver er þá aðalniðurstaða kostnaðaráætlunarinnar?"

Ég geri ráð fyrir því, að þegar búið er að framkvæma þál. eða ef hún hefur þegar verið framkvæmd, verði gefin skýrsla um það til Alþingis, en það, sem ég spyr um, eru aðeins niðurstöður kostnaðaráætlunarinnar.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur bæði lesið þáltill., sem hér er grundvöllur fsp., og fsp. sjálfa, og styttir það mitt mál.

Þessi þál. var send vegamálastjóra 6. júní 1972 með svo hljóðandi bréfi:

„Ráðuneytið sendir yður hér með, herra vegamálastjóri, í myndriti þál. um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal., og er þál. þessi samþykkt á Alþingi 16. maí 1972. Rn. felur yður hér með, eftir því sem unnt er nú, að gera það, sem þál. fjallar um, þ. e. að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins og kostnað við hana miðað við þá gerð vega, sem stefna ber að samkv. 12. og 13. gr. vegal., nr. 98 frá 1970, og þá flokkun vega, sem upp verði tekin í vegáætlun fyrir árin 1972—1975."

Þessu bréfi svaraði vegamálastjórinn 5. júlí 1972 á þennan hátt efnislega:

Í sambandi við tjáð fyrirmæli rn. leyfi ég mér að vekja athygli á því, að í umsögn um ofangreinda till. til þál. til allshn. Sþ., dags. 4. apríl s. l., sem rn. var einnig sent samrit af hinn 6. apríl, var tekið fram, að áætlaður kostnaður við gerð slíkrar yfirlitsáætlunar á yfirstandandi ári væri 2—3 millj. kr., þar sem bæta þyrfti við nokkru tímabundnu starfsliði til þess að koma verkinu í framkvæmd.

Þegar vegáætlun fyrir árin 1972—1975 var til lokameðferðar hjá fjvn. Alþ. í maímánuði s. l., benti ég n. á, að æskilegt væri að veita um 2 millj. kr. í vegáætlun til þess að gera þessa yfirlitsáætlun, en fullvíst var þá talið, að þál. þess efnis yrði samþykkt, eins og raun varð á. Þessi málaleitan fékk þó engar undirtektir í fjvn., og var því engin fjárveiting tekin upp í vegáætlun til þessarar áætlunargerðar.

Þar sem veruleg drög liggja fyrir um þá yfirlitsáætlun um heildaruppbyggingu vegakerfisins, sem ofangreind þál. fjallar um, þá tel ég mjög æskilegt, að slík yfirlitsáætlun verði gerð. Hins vegar tel ég mjög vafasamt, að unnt verði að ljúka því verki á yfirstandandi ári, þ. e. a. s. 1972, þó að fé væri fyrir hendi, þar sem ástand á vinnumarkaðinum er þannig nú, að erfiðleikar yrðu á því að fá til starfa tímabundið starfslið til þess að ljúka þessu verkefni á yfirstandandi ári. Ég tel hins vegar líklegt, að ljúka mætti verkinu síðla ársins 1973, að því tilskildu, að nauðsynlegt fé fáist til þessa, eins og að framan greinir, þ. e. a. s. 2—3 millj. kr.

Með vísun til þess, sem að framan greinir, leyfi ég mér að óska eftir nánari fyrirmælum rn. varðandi gerð þeirrar yfirlitsáætlunar, sem ofangreind þál. fjallar um.

Þessu bréfi vegamálastjórans svaraði ég 11. júlí 1972 með örfáum línum, þ. e. a. s. á þessa leið:

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra vegamálastjóri, dags. 5. þ. m., varðandi þál. um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal. Fellst rn. á rök yðar fyrir því, að ekki verði unnt að ljúka þessari áætlunargerð fyrr en þá seint á árinu 1973, enda ekkert fé til hennar, eins og þér takið réttilega fram."

Svar vegamálastjórans er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með ofangreindu bréfi rn. er fallizt á það sjónarmið, er ég setti fram í bréfi mínu til rn. um ofangreint mál hinn 5. þ. m., að eigi yrði unnt að ljúka gerð slíkrar yfirlitsáætlunar á yfirstandandi ári sökum þess, hve lítill tími er orðinn til stefnu og miklir erfiðleikar á því að fá til starfa tímabundið starfsfólk í slíkt verkefni. Hins vegar benti ég á, að ljúka mætti verki þessu síðla árs 1973, að því tilskildu, að fé yrði veitt til verksins. Þar sem kostnaður við þetta verk er áætlaður um 2 millj. kr. og ekkert fé er veitt til þess, hvorki í nýsamþykktri vegáætlun fyrir næstu 4 ár né í fjárl. yfirstandandi árs, leyfi ég mér að óska eftir ákvörðun rn. um það, hvort fresta skuli að öllu gerð þessarar áætlunar, þar til fé hefur verið veitt til verksins á fjárl. næsta árs, en ljóst er, að fé til verksins mun ekki fáist í vegáætlun fyrr en við endurskoðun hennar í árslok 1973 eða snemma á árinu 1974."

Málið stendur þá í stuttu máli þannig, að þál. hefur ekki verið framkvæmd vegna þess, að engin fjárveiting hefur verið til að framkvæma hana, en upplýst, að kostnaður við verkið muni verða 2—3 millj. kr., og ekkert útlit fyrir, að þál. verði framkvæmd, nema fjárveiting að þeirri upphæð, 2—3 millj. kr., komi til, og gæti framkvæmdin þá fyrst orðið að veruleika á árinu 1974.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið, en hins vegar verð ég að láta í ljós vonbrigði mín út af því, að honum skuli ekki hafa tekizt að framkvæma yfirlýstan vilja Alþingis. Ég vil leyfa mér að benda á, það eru fordæmi fyrir því, að veittar hafi verið fjárupphæðir á fjáraukalögum til þess að framkvæma ályktanir Alþ. slíkar sem þessa. Hér er ekki um mikla fjárupphæð að ræða, en hins vegar verkefni, sem er ákaflega mikils um vert,

að unnið verði. Ég vil nú vænta þess af hæstv. ráðh., að hann gefi vegamálastjóra jákvæð svör við því bréfi, sem hann las upp hér áðan, og að verkið verði framkvæmt á því ári, sem nú er að líða.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 20. febr., að loknum 46. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Verkfræðiþjónusta á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga, frv. (þskj. 317). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt 1. þm. Vestf. frv. til l. um verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Frv. þetta er endurflutt frá síðasta þingi með nokkrum breyt.

1. gr. frv. hljóðar þannig: „Óski landshlutasamtök sveitarfélaga að koma á fót verkfræðiþjónustu í viðkomandi landshluta, sbr. 2. gr., sem þau hyggjast starfrækja á eigin vegum eða í samvinnu við starfandi verkfræðinga eða aðra aðila, skal ríkisvaldið veita aðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar starfsemi, eins og segir í lögum þessum, enda sé viðunandi verkfræðiþjónusta að öðrum kosti ekki fáanleg í þeim landshluta.

2. gr. Verkfræðistofur á vegum landshlutasamtaka skulu hafa í þjónustu sinni verkfræðinga, tæknifræðinga og annað starfslið í því skyni að veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum í landshlutanum þá verkfræðiþjónustu, sem fært þykir, sem og opinberum framkvæmdaaðilum, enda er þeim skylt að leita þjónustu slíkra verkfræðistofa, eins og frekast er unnt, við undirbúning og eftirlit með opinberum framkvæmdum. Enn fremur er heimilt að fela slíkri verkfræðistofu að vinna skipulagsstörf í viðkomandi landshluta í samráði við skipulagsstjórn ríkisins. Opinber framkvæmdaaðili, sem hefur á sínum vegum eigin starfsmann staðsettan í landshluta, skal fá aðstöðu fyrir slíkan starfsmann á verkfræðistofu, sem landshlutasamtök koma á fót samkv. lögum þessum.

3. gr. Fyrir þá verkfræðiþjónustu, sem veitt er, skal greiða samkv. viðurkenndri gjaldskrá fyrir slíka starfsemi.

4. gr. Verði komið á fót verkfræðiþjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila, enda greiði stofnunin þá sem svarar ¾ hlutum af árslaunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. des. 1971, 31. gr.

5. gr. Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir: 1) 500 þús. kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu. 2) Ábyrgist greiðslu á hálfum hluta rekstrarhalla verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur hálfum hluta af launum og kostnaði við einn verkfræðing.

6. gr. Landshlutasamtök, sem hyggjast koma á fót verkfræðiþjónustu samkv. lögum þessum, skulu gera félmrn. grein fyrir fyrirætlun sinni og láta rn. í té áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Rekstraráætlun skal árlega senda félmrn. ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi fyrra árs. Skal rekstrarstyrkur sá, sem um ræðir í 5. gr., 2. lið, greiddur að fengnum slíkum ársreikningi. Félmrn. áætlar árlegan kostnað hins opinbera vegna stofnsetningar og rekstrar verkfræðiþjónustu á vegum landshlutasamtaka og fær á fjárl. hvers árs fjárveitingu í samræmi við það.

7. gr. „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og fram kom hér áður, er þetta frv. endurflutt frá síðasta þingi, þar sem það var ekki endanlega afgreitt. Í Ed. var það samþ. og vísað shlj. til Nd. með breytingum, sem flm. hafa nú tekið inn í frv. óbreyttar. Heilbr.- og félmn. Nd. skilaði shlj. nál., mælti með samþykkt frv. með þeim breyt., er Ed. hafði samþ.

Við flm. væntum þess, að þar sem þetta frv. fékk vandlega skoðun þn. á síðasta þingi, fáist það endanlega samþykkt sem lög á þessu þingi.

Með stöðugt vaxandi verklegum framkvæmdum veldur það sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum dreifbýlisins auknum erfiðleikum, óþægindum og kostnaði að þurfa að leita nánast því allrar verk- og tæknifræðiþjónustu utan síns byggðarlags. Þær eru ekki ófáar ferðirnar, sem fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga þurfa að fara til höfuðborgarinnar til þess að fá gerðan nauðsynlegan undirbúning fyrir ýmiss konar framkvæmdir á vegum slíkra aðila. Verkfræðiþjónusta staðsett í byggðarlaginu eða landshlutanum mundi spara ótalin skref og kostnað. Einnig má ætla, að tæknimenn, sem búsettir eru í viðkomandi landshluta, fái smám saman ómetanlega yfirsýn og þekkingu á hinum ýmsu vandamálum og viðfangsefnum viðkomandi svæðis. Þannig geta þeir að ýmsu leyti veitt betri þjónustu en fáanleg er hjá ókunnum aðilum.

Allt það, sem nú hefur verið talið, og fleira mælir með því, að hið opinbera stuðli á einhvern hátt að því, að verkfræðiþjónustu sé komið á fót í hinum ýmsu landshlutum, þar sem slík þjónusta er ekki fáanleg nú. Þessu hafa og þm. lengi gert sér grein fyrir, enda hafa verið lögð fram á Alþ. allmörg frv. um slíka verkfræðiþjónustu. Í flestum tilvikum hefur verið gert ráð fyrir því, að hið opinbera komi á fót og starfræki slíka þjónustu. Í þessu frv. er hins vegar farin önnur leið. Gert er ráð fyrir, að landshlutasamtök viðkomandi svæðis hafi veg og vanda af stofnsetningu og rekstri verkfræðiþjónustu. Landshlutasamtökum hefur verið komið á fót um allt land, og hafa þau eflzt mjög

verulega upp á síðkastið. Að þessu leyti hefur ástandið því breytzt, og virðist okkur flm. eðlilegra, að þau hafi veg og vanda af slíkri starfsemi, fremur en ríkisvaldið, hvort sem um er að ræða á eigin vegum samtakanna eða í samvinnu við starfandi verkfræðinga eða aðra aðila.

Hins vegar er vafasamt, að slík verkfræðiþjónusta beri sig, a. m. k. fyrst um sinn. Því er nauðsyn, að hið opinbera hlaupi undir bagga við stofnun og rekstur, þegar og þar sem nauðsynlegt reynist. Fyrst og fremst mundi slík verkfræðiþjónusta fá tekjur með greiðslum fyrir hin ýmsu verkefni, sem hún tekur að sér. Tryggja verður, að fyrir þau sé greitt samkv. viðurkenndri gjaldskrá. Sömuleiðis er nauðsyn, að opinberir aðilar *noti slíka þjónustu, eins og þeir frekast* geta. Vissulega getur í einstökum tilfellum verið um svo viðamikil og flókin verkefni að ræða, að verkfræðiþjónusta eða stofa geti ekki sinnt þeim, en í flestum tilvikum ættu verkfræðingar eða tæknifræðingar á viðkomandi landssvæði að geta veitt ómetanlega þjónustu við undirbúning opinberra framkvæmda. Þetta er nauðsynlegt, að opinberir aðilar skilji og noti sér umrædda þjónustu eins og frekast er kostur á.

Vegagerð ríkisins hefur staðsett verkfræðinga á sínum vegum í landshlutum og sýnt þannig virðingarverðan skilning á því máli, sem hreyft er með þessu frv. Það er ómetanlegt fyrir slíkan starfsmann að hafa aðgang að viðtækari verkfræðistarfsemi.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, er samb. hafa verið á Alb., er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins greiði ¾ hluta af launum starfsmanns, enda vinni hann að áætlunargerð fyrir stofnunina. Með þessu ákvæði er stefnt að aukinni tæknibjónustu í dreifbýlinu. Í þessu frv. er gerð tilraun til að efla slíka starfsemi, þannig að um alhliða þjónustu geti orðið að ræða.

Í 2. gr. frv. er breyt. frá fyrra frv., sem er þannig, að heimilt sé að fela slíkri verkfræðistofu að vinna skipulagsstörf í viðkomandi landshluta í samráði við skipulagsstjórn ríkisins. Þetta er sett inn í frv. vegna þeirrar reynslu, sem sveitarfélögin í landinu hafa af þessum þætti, sem verður þýðingarmeiri með hverju ári sem líður og er raunar grundvöllur fyrir eðlilegri uppbyggingu margra sveitarfélaga. En skipulags- og áætlunargerð byggjast fyrst og fremst á samstarfi manna með margs konar menntun og starfsreynslu. Umfang þessarar starfsemi er orðið slíkt, að sveitarfélögum landsins, nema örfáum þeim stærstu, er um megn að standa undir þeirri starfsemi, sem nútíma vinnuaðferðir krefjast. En þó að hér sé um sérhæfð störf menntamanna að ræða, er mikil nauðsyn, að þau séu í sem nánustum tengslum við þá, sem unnið er fyrir. Þessu verður ekki fullnægt með því, að þessi störf fari öll fram í stofnun eða stofnunum í höfuðborginni. Er því eðlilegt að stefna að því, að skipulagsstörf fari sem mest fram á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við íbúa og stofnanir landshlutans, en yfirstjórn þessara mála, eftirlit, samræming og tæknileg aðstoð verði í höndum ríkisins, þ. e. skipulagsstjórnar. Þetta fyrirkomulag getur orðið mjög virkt, og jafnframt því að veita sveitarfélögum betri og fljótvirkari lausn mála getur það fyrirbyggt á frumstigi misskilning og ágreining heimamanna og ríkisins.

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru áreiðanlega heppilegur aðili til lausnar á verkefnum, sem nú eru í höndum ríkisins, og verkefnum, sem nú eru í höndum einstakra sveitarfélaga, og geta e. t. v. leyst sum þeirra mun betur en unnt hefur verið til þessa. Landshlutasamtökin skapa grundvöll fyrir margs konar þýðingarmikla opinbera þjónustustarfsemi úti á landi, sem hingað til hefur einungis verið á boðstólum í Reykjavík. Einnig skapa þau nýtt viðhorf til ýmiss konar opinbers rekstrar og opinberra framkvæmda, þar sem þau gera mögulegt, að starfað sé á mun víðari grundvelli og í stærri stíl úti á landsbyggðinni en unnt hefur verið til þessa. Landshlutasamtökin styrkja vissulega vonir um, að unnt verði að draga úr því mikla bili, sem orðið er á opinberri þjónustu og aðbúnaði af hálfu sveitarfélaga á milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Og síðast, en ekki sízt, munu landshlutasamtökin skapa grundvöll fyrir störf sérmenntaðra manna úti á landi og þannig með söfnun og kerfun upplýsinga ljá röddum landsbyggðarinnar kraft sannfæringar, þekkingar og víðsýni og um leið auka sjálfforræði byggðarlaga.

Herra forseti. Við flm. þessa frv. teljum, að með samþykkt þess verði stigið mikilvægt skref í þessa átt, um sé að ræða brýnt réttlætismál fyrir landsbyggðina. Vil ég vænta þess, að hv. alþm. skilji nauðsyn þess, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað *til félmn.*

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt fjórum öðrum hv. þdm., þ. e. Steingrími Hermannssyni, Jóni Árm. Héðinssyni, *Jóni Árnasyni og* Birni Jónssyni, frv. til l. um breyt. á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Hér er ekki um stóra breyt. að ræða á þeim lögum, en þetta er þó breyting, sem skiptir miklu máli fyrir þann litla hóp, sem breytingin varðar, en það eru sjómenn á opnum vélbátum. Í núgildandi l. um aflatryggingasjóð, 17. gr., eru ákvæði, sem fjalla um greiðslur til útvegsmanna vegna hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum. Þar segir, að á fiskibátum, sem eru 151 brúttósmálest að stærð eða stærri, skuli greiða 120 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann, fyrir minni báta, sem þar eru nánar greindir, skuli greiða 100 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann, en þegar um sé að ræða fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, þá segir, að greiða skuli 85 kr. á úthaldsdag áhafnarmanna. Á árinu 1971 var breyting gerð á þessum l. á þann veg, að

bætt var við, að greiða skyldi hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta einnig, en þeir höfðu áður verið útilokaðir. Ef menn bera saman þessi ákvæði, munu þeir taka eftir því, að þau eru samhljóða að öðru leyti en því, að í öllum fyrrnefndu tilvikunum er miðað við greiðslu fæðispeninga á úthaldsdag og áhafnarmann, en í því eina tilviki, þegar um er að ræða opna vélbáta, þá er miðað við róður og áhafnarmann.

Breytingin, sem fólgin er í frv., sem hér liggur fyrir, er sú ein, að fæðiskostnaður verði einnig á opnum vélbátum miðaður við úthaldsdag, en ekki aðeins hvern róður. Það er að vísu svo, að í þýsna mörgum tilvikum af þessu tagi og kannske flestum, einkum hér sunnanlands og vestan, fellur þetta nokkuð saman á opnum vélbátum, róður og úthaldsdagar, því að róðrar standa ekki það lengi, að þeir teljist taka marga daga. En aftur á móti á Norður- og Austurlandi er þessu öðruvísi varið. Þar er nokkuð algengt, að 5—10 tonna opnir vélbátar fari langa róðra að sumrinu til. Þeir fara t. d. frá Siglufirði og út að Grímsey og liggja þar í nokkra daga, þeir fara að Flatey eða víðar um norðurslóðir, og þá getur hver róður gjarnan tekið 3—4 daga. En sjómennirnir fá aðeins borgaðan einn dag og eru þannig sviptir réttmætum greiðslum.

Rétt er að minna á í þessu sambandi, að sjómenn á opnum vélbátum greiða lögbundin framlög í aflatryggingasjóð eins og aðra sjóði, sem útgerðin greiðir til, og þarna er sem sagt raunverulega verið að taka af þeim fé, sem þeir hafa sjálfir aflað, hver sinni útgerð. Ég tel, að það sé fullkomið réttlætismál að fá á þessu breytingu.

Í fyrra var sams konar frv. flutt af mér og fyrrnefndum hv. þdm. Það var sent hér til n., síðan sent til fiskifélagsins, sem gerði nokkrar athugasemdir við það, sem síðan voru teknar til greina í sjútvn. og frv. afgreitt þannig frá Ed. til Nd. En einhvern veginn vildi svo til í Nd., að þetta litla mál, sem ekki lætur mikið yfir sér, kafnaði í annríki síðustu vikna þar og menn næstum því tóku ekki eftir því, að þetta mál var þar til meðferðar, og það náði sem sagt ekki afgreiðslu þar, þótt ekki væri vitað, að einn eða neinn væri andvígur málinu, og þó að Nd. hefði nokkrar vikur til að afgreiða það. Ég vona, að sagan endurtaki sig ekki á þessu þingi, en málið komist fram, enda á það að liggja nokkuð ljóst fyrir nú, þar sem það var sent í fyrra til umsagnar öllum þeim aðilum, sem það varðar, og þyrfti því ekki að endurtaka það nú.

Ein breyting hefur verið gerð á frv. frá því í fyrra, að gert er ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að loknu eins árs reynslutímabili að binda með reglugerð það fyrirkomulag, sem hér er mælt með, þannig að ekki þurfi að flytja frv. um þetta efni á ári hverju. Í fyrra var gert ráð fyrir því, að reynslutímabilið stæði frá 1. maí til 30. sept. 1972 og að loknu því reynslutímabili yrði málið skoðað að nýju og væntanlega flutt nýtt frv. um málið. En hér er lagt til, að reynslutímabilið verði í sumar frá 1. maí til 30. sept. og að loknu því reynslutímabili og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands sé ráðh. heimilt að ákveða, að fæðiskostnaður verði framvegis greiddur í sambandi við ákvæði þessarar greinar á fyrrnefndu tímabili, hann geti ákveðið það sem sagt með reglugerð.

Mér sýnist, að efni þessa frv. þarfnist ekki frekari skýringa, og legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 59. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um mjög einfalt mál að ræða. Það er um breyt. á l., sem hér voru sett ekki fyrir alllöngu um bráðabirgðabreytingar á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, en eins og menn rekur minni til, voru ákveðnir ýmsir frestir í þeim lögum, og var þar miðað við 22. febr. 1973. Það hefur sýnt sig, að þessir frestir hafa ekki reynzt nægilega langir. Það hefur ekki tekizt að koma högum manna vegna atburðanna í það horf, sem æskilegt má telja. Þess vegna þykir nauðsynlegt að framlengja þessa fresti, sem eru í fyrrnefndum lögum, og fresta réttaráhrifum, sem þar var um að ræða, um einn mánuð til viðbótar, þannig að frestirnir, er í lögunum frá 31. jan. voru settir til 23. febr., verði settir til 23. marz.

Þetta frv. er flutt samkv. ósk stjórnar Viðlagasjóðs, og í því felst, eins og ég sagði, herra forseti, einföld breyting. Það er aðeins um mánaðarframlengingu á þessum frestum að ræða. Það er hins vegar nauðsynlegt, að það gerist nú, að þessi framlenging eigi sér stað.

Ég sé ekki, að efni málsins gefi tilefni til þess, að þetta frv. fari í n., og þess vegna geri ég ekki till. um það, heldur óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. og það gæti svo fengið áframhaldandi meðferð hér í d. á eftir. En ef einhver ósk kemur fram um nefndarmeðferð, er vitaskuld sjálfsagt að verða við því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 60. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 61. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í fréttaskeyti frá fréttaritara Morgunblaðsins hjá Norðurlandaráði, sem birt er á forsíðu Morgunblaðsins, stendur m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur vakið mikla athygli hér, að Ólafur Jóhannesson forsrh. hélt heimleiðis, en var ekki viðstaddur fund ráðsins í dag, þar sem till. var afgreidd."

Í fréttaskeyti, sem fréttaritari Alþýðublaðsins hefur sent því blaði, er svo nokkuð á þessu hert, þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem fyrr segir fór Ólafur Jóhannesson forsrh. frá Osló á þriðjudagsmorgun, nokkrum klukkustundum áður en till. kom til umr. Vakti það athygli margra, að forsrh. skyldi ekki bera fram þakkir fyrir hönd Íslendinga á fundinum."

Ég tel þarna vera um nokkuð einkennilega sendingu að ræða og tel, að í henni felist dulbúið ámæli í minn garð, og þess vegna vil ég strax nota þetta tækifæri til þess að gera á Alþ. grein fyrir skiptum mínum af þessu máli og gefa nokkra skýringu á því, hvers vegna ég var ekki viðstaddur þennan fund í Norðurlandaráði, þar sem till. var endanlega afgreidd.

Þetta mál átti sér nokkurn aðdraganda á þinginu, framlag Norðurlandanna til Íslands vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum. Ég tók þátt í fundum um það mál, fyrst á fundum samstarfsráðh. út af fyrir sig, síðan á fundum forsrh., og mér er óhætt að segja, að t. d. á mánudag mun ég hafa setið eina þrjá fundi um þetta mál með forsrh. hinna Norðurlandanna. Þessi mál bar mjög á góma í ræðum við almennar umr. á fundi Norðurlandaráðsins, og þar létu margir, bæði ráðh. og einstakir þm., mjög vinsamleg orð falla í garð okkar Íslendinga og miklar áskoranir til Norðurlandanna hinna að hlaupa hér drengilega undir bagga. Það væri of langt mál hér að nefna einstaka menn í þessu sambandi. En vitaskuld var það svo, að forsrh. höfðu í raun og veru um þetta endanlega síðasta orðið. Og það er ekkert leyndarmál, að margir höfðu í huga allverulega minni fjárhæð heldur en raunin varð á. En fyrir einmitt þær áskoranir, sem komu fram frá einstökum þm., fyrir velvilja ýmissa embættismanna, sem um þetta fjölluðu, og ég vil líka ætla, að fyrir heilbrigðar viðræður, sem fóru fram á milli okkar forsrh., þá varð raunin sú, sem mönnum er kunnugt um.

Að sjálfsögðu var hlutverk mitt á þessum forsrh.-fundum einungis það að reyna að gera grein fyrir ástandi og horfum í þessu efni og gefa yfirlit, að svo miklu leyti sem það var hægt, yfir ástandið eins og það er nú, en taka jafnframt skýrt fram, að enginn gæti sagt um það, hver framvindan að öðru leyti yrði. Og ég lagði fyrir forsrh. þýðingu á þeim lögum, sem hér voru afgreidd um Viðlagasjóðinn eða um neyðarráðstafanir vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum. Og ég held, að mér sé óhætt að segja, að það hafi haft nokkur áhrif á þá, þegar þeir sáu, hvað Íslendingar voru þegar búnir að leggja á sig af álögum til þess að mæta þessu tjóni, miðað við þær heildarálögur, sem annars eru á þjóðina lagðar. Niðurstaðan af þessu varð svo sú, að kl. 3 á mánudag héldu forsrh. fjórir fund saman um málið. Ég óskaði ekki að vera á þeim fundi, og þeir skildu það, því að vitaskuld var ekki hægt fyrir mig að nefna beinlínis neina ákveðna fjárhæð í þessu sambandi. Á þessum fundi forsrh. á mánudag kl. 3 samþykktu þeir að gera það að till. sinni að veita þegar 100 millj. danskar kr., þar í innifaldar þær 25 millj., sem þegar höfðu verið ákveðnar. Eftir þennan fund var svo sameiginlegur fundur forsrh. og forseta ráðsins og þar var ákveðið, að formenn sendinefndanna skyldu fara með þessa till. í sendinefndirnar, hver í sína sendinefnd. Það gerðist í gærmorgun á fundum kl. 9. Síðan komu saman kl. 10 í gærmorgun forsrh. landanna og forsetar ráðsins, sem eru formenn hver í sinni sendinefnd, og þar gátu þeir skýrt frá því, að till. forsrh. hefði verið samþ. umræðulaust og einróma í öllum sendinefndunum. Þar með var raunveruleg ákvörðun tekin um þetta mál. Á þessum fundi þakkaði ég með nokkrum orðum fyrir þessa afgreiðslu. Auk þess, af því að ég hafði ákveðið brottför mína um 12-leytið og varð að gera það til þess að

komast hingað heim í gærdag, — og þeim var kunnugt um það, sem þar voru, — þá vil ég geta þess vegna þeirra, sem eru óskaplega tortryggnir í garð manns um það, að maður sýni ekki tilhlýðilega kurteisi, að ég kvaddi hvern einstakan forseta ráðsins með handabandi og þakkaði honum fyrir, og þeir voru allir viðstaddir, og sömuleiðis kvaddi ég hina forsrh. með handabandi og þakkaði þeim fyrir. Anker Jörgensen, forsrh. Danmerkur, var þá farinn heim, en honum hafði ég alveg sérstaklega þakkað, áður en hann fór, eins og réttmætt var. Það var síðan ákveðið, að fundur skyldi haldinn í ráðinu kl. 2, þar sem þessi till. yrði lögð fram. Hún er vitaskuld eins og aðrar till., sem ráðið samþykkir, aðeins tilmæli til viðkomandi ríkisstj. En með því að þarna er um að ræða till., sem forsrh. voru búnir að samþykkja og gera að sinni till., þá eru pólitísk skilyrði og pólitískt tryggt, að þetta kemst í framkvæmd, þannig að samþykkt ráðsins var að vísu formsatriði, nauðsynlegt, og efalaust hátíðleg stund. En endanleg úrslit málsins voru að öllu leyti ráðin, áður en ég fór frá Osló.

Þannig hafði staðið á, að ég hafði gert mína ferðaáætlun, áður en ég fór héðan af landinu, og ég hafði satt að segja reynt að haga henni þannig, að ég væri ekki lengur fjarverandi en nauðsynlegt væri. Mér hefur skilizt, að það væri lögð frekar áherzla á það, að menn eyddu ekki of löngum tíma í ferðalög erlendis. Og eins og allir vita, sem nokkuð þekkja til í Norðurlandaráði, þá er algengt, að ráðh. hverfi mjög af þinginu síðari daga þess, vegna þess að þá fara fram atkvgr. á þinginu og aðalstarfsemin liggur í því, að þar fara fram atkvgr., en eins og allir vita líka, sem kunnugir eru starfsháttum Norðurlandaráðs, þá hafa ráðh. þar ekki atkvæðisrétt. Þeir eru því velflestir búnir að ljúka af sínu erindi á þinginu á þessum síðasta tíma þess. Þess vegna er það síður en svo nokkuð óvenjulegt, að forsrh. eða aðrir ráðh. sitji ekki út allan þingtímann. Ég mundi heldur segja, að það væri regla.

Ég vissi auðvitað ekki, þegar ég gerði mína ferðaáætlun og pantaði flugfar, hvaða dag eða hvaða stund þetta mál mundi koma fyrir þingið, og það var raunar ekki ákveðið fyrr en í gærmorgun, á fundinum kl. 10, hvenær þetta mál yrði tekið fyrir á fundi ráðsins. Auðvitað má segja, að ég hefði getað breytt ferðaáætlun minni. En ég verð að segja það alveg hreinskilnislega, að þær fregnir, sem mér bárust út til Osló um ástandið í Vestmannaeyjum og framvinduna þar, ýttu heldur en hitt undir minn heimfararvilja.

Ég vil svo segja það, áður en ég fór, bað ég formann íslenzku sendinefndarinnar, Jón Skaftason, að þakka fyrir, þegar þessi till. hefði verið afgreidd á ráðsfundinum. Ég tel, að það hafi verið alveg rétt og viðeigandi aðferð. Þarna voru íslenzkir ráðh. eftir, og gat vitaskuld komið til mála, að ég hefði beðið annan hvorn þeirra eða falið þeim að flytja fram þakkir. Um það töluðum við. En þar sem þarna var um fund ráðsins að tefla og sá háttur var hafður á, að ráðh. komu þar hvergi nærri, heldur var það forseti þingsins, Kåre Willoch, sem lagði till. fram, þá þótti okkur viðeigandi, að það væri einmitt maður úr hópi þm., sem flytti þarna nokkur þakkarorð. Og þá var auðvitað eðlilegast, að það væri formaður sendinefndarinnar.

Það þykir kannske einhverjum, að það sé óþarfi af mér að rekja þetta svo hér. En ég verð að segja það, að mér þætti mjög leiðinlegt, ef sá misskilningur kæmist á loft og væri breiddur út, að ég hefði sýnt þessu máli eitthvert tómlæti, og þess vegna hef ég kosið að gera þessa grein fyrir því hér strax. Ég skal ekkert ræða um það, hversu fjarvera mín þarna hefur vakið mikla eða almenna athygli. Ég verð að vísu að segja, að ég varð ekki var við, meðan ég var á þinginu, að þessir ágætu fréttaritarar hefðu sambönd eða samtöl við einstaka þm. á Norðurlöndum eða einstaka ráðh., nema þá íslenzku fulltrúana.

En um leið og úr því að ég þurfti að standa upp til þess að gera grein fyrir þessu, þá vil ég ekki láta hjá líða að láta í ljós alveg sérstakt þakklæti mitt til Norðurlandaráðs fyrir afgreiðslu þessa máls og alveg sérstaklega til forsrh. hinna Norðurlandanna, sem sýndu að mínum dómi alveg sérstaka vinsemd og skilning í þessu máli. Þetta er höfðinglegt framlag. En það er undirstrikað: að lýsa því yfir, að þeir ætli að vinna — „samarbeta" — með Íslendingum að lausn vandans, þannig að þetta er á engan hátt neitt endanlegt framlag, sem þarna er um að ræða. En það, sem meira verður, er komið undir sameiginlegu mati og fer undir sameiginlegt mat allra ríkisstj. á Norðurlöndum.

Ég held, að það gæti verið ástæða til fyrir Alþ. að láta síðar í ljós þakklæti sitt fyrir þessi drengilegu viðbrögð frændþjóða okkar á Norðurlöndum. Það er ekki aðeins, að það sé um þessi opinberu framlög að tefla, heldur varð ég mjög var við það, að mjög víða á Norðurlöndum eru byrjuð samtök um frjáls framlög og á sumum stöðunum, eins og t. d. í Gautaborg, Helsingfors og víðar, þegar mjög verulegar fjárhæðir, sem um er að tefla, þannig að við megum sannarlega láta þakklæti okkar í ljós.

Mér þótti rétt og nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan, að láta þessar skýringar koma fram, af því að ég vil ekki á nokkurn hátt liggja undir því ámæli að hafa sýnt þessu máli tómlæti. Hér er vissulega um mikil framlög að tefla, sem hafa stórkostlega þýðingu fyrir okkur Íslendinga og hjálpa okkur mjög mikið til þess að mæta þeim vanda, sem við er að glíma. Hitt skal ég svo játa, að ég var svo barnalegur að halda, að ég mundi ekki í sambandi við þetta mál þurfa hálfpartinn að fara að bera hönd fyrir höfuð mér, en svo lengi lærir sem lifir.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Íslenzku dagblöðin hafa, held ég, öll haft fréttaritara á þingi Norðurlandaráðs. Það er þess vegna eðlilegt, að fréttaritararnir sendi blöðunum fréttir. Þar, sem hæstv. forsrh. vitnaði hér til áðan, var algerlega áreitnislaust sett fram í Morgunblaðinu og ég held Alþýðublaðinu líka. Fréttaritararnir sögðu aðeins, að það hefði vakið athygli, að forsrh. Íslands var farinn af þinginu, þegar till. var afgreidd, og hefur þótt miður heppilegt, að hann

var ekki til staðar til þess að þakka ráðinu, sem samþykkti till. einróma. Þetta er það, sem fréttaritararnir segja. Ég kem ekki hér upp í ræðustólinn núna með neina áreitni til hæstv. forsrh., en ég get ekki að því gert, að mér hefði fundizt eðlilegra, að hann hefði verið þarna staddur og þakkað ráðinu fyrir að samþykkja þessa till.

Þetta Norðurlandaráðsþing markar tímamót, eins og sagt hefur verið. Nú efast enginn lengur um, að norræn samvinna er annað en orðin tóm. Norræn samvinna er staðreynd í verki. Við Íslendingar höfum að vísu oft orðið varir við, að það er gott að vera Íslendingur á Norðurlöndum. En við höfðum ekki búizt við því, að bræðraþelið væri þó eins mikið og fram kom á Norðurlandaráðsfundinum í Osló núna þessa dagana. Þess vegna var það vitanlega vel viðeigandi, að forsrh. hefði sjálfur verið þarna og þakkað fyrir, að þessi till. var samþ. einróma.

Hæstv. forsrh. kvaddi sér hljóðs utan dagskrár vegna þess, sem fréttaritararnir sendu heim og birt var í blöðunum, alveg bein frásögn og engin áreitni til hæstv. ráðh. Ég gæti eigi að síður trúað því, að mörgum finnist, að hann hafi farið einum degi of fljótt heim, af því að svona stóð á, ekki vegna þess, að hann hafi staðið sig illa á fundinum, ekki vegna þess, að hann hafi ekki verið búinn að þakka forsrh. og forsetum þingsins fyrir, og ekki vegna þess, að hann hafi ekki ætlað að gera sitt bezta á allan hátt, heldur aðeins vegna þess, að það voru fundarmennirnir allir, sem tóku þátt í að greiða atkv. með till. Þeim hafði ekki verið þakkað beinlínis, og það var eftir því tekið, að forsrh. var farinn heim.

Ég ætla ekki að segja neitt meira um þetta og hefði áreiðanlega ekki kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða við forsrh. um þetta mál. En að gefnu tilefni fannst mér ástæða til að segja mína persónulegu skoðun, eins og þar stendur, á þessu máli. Ég hygg, að það séu fjöldamargir Íslendingar, sem líta þannig á, enda þótt ekki sé ástæða til að vera með áreitni í garð hæstv. ráðh. út af þessu. Málið er einnig yfir það hafið, að það skuli gert, og hefði ekki verið á þetta minnzt hér í þingsölunum, ef hæstv. forsrh. hefði ekki gert það að fyrra bragði. Hæstv. forsrh. eyddi þó nokkuð mörgum orðum til þess að afsaka þetta. Blöðin hafa ekki skrifað um það í ádeilutón, að hæstv. ráðh. var farinn heim, aðeins sagt það, sem fréttaritararnir símuðu.

Við getum vissulega, Íslendingar, verið þakklátir Norðurlandabúum fyrir þeirra stórkostlega framlag. Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að það hefur verið eftir því tekið, hvað við sjálfir vorum búnir að gera með setningu laga um Viðlagasjóð og framlag okkar í hann. Það er einmitt þess vegna, sem við getum með fullri sjálfsvirðingu tekið við þessu framlagi, sem er fram rétt af bróðurhug til okkar, og það er eins og forsrh. Svía sagði: Nú er aðstoð veitt. Norðurlandaþjóðirnar taka höndum saman og veita aðstoð til Íslands vegna þess, að það þarfnast aðstoðar í dag. Og það er gott til þess að vita að eiga bróður að baki, hvenær sem aðstoðar er þörf annars staðar, því að enginn veit, hvar aðstoðar er þörf næst.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vildi vekja athygli á því, að það, sem sagt var í blöðunum, var ekki sagt í áreitnistón til hæstv. ráðh. Að gefnu tilefni vil ég segja það hér, að mér finnst, að hæstv. ráðh. hefði átt að vera einum degi lengur og þakka fyrir sig, enda þótt forseti ráðsins, Jón Skaftason, hafi gert það með þeim hætti, að ekki sé aðfinnsluvert.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þessum umr. utan dagskrár. Þessar fréttir, sem hæstv. forsrh. drap á, verka á mann eins og fremur ósmekklegt nart, sem ekki á að koma til greina á stórum stundum eins og þeirri, sem ég vil segja, að öll Norðurlönd hafi lifað í sambandi við afgreiðslu þessa mikla máls okkar. Við skulum bara vona, að þetta verði þá ekki meira og það sýni sig, að þetta sé eins og hver önnur yfirsjón, sem mér sýnist, að blaðamönnum hafi orðið á, og það sitji við það, og vonandi verður það þannig.

Ég stóð upp hér fyrst og fremst, fyrst tilefni var til þess, til að færa fram þakkir til hæstv. forsrh. fyrir frábæra framkomu hans í Norðurlandaráði í sambandi við þetta stórfellda mál. Það þarf ekki að tala neina tæpitungu um það, auðvitað hefur oltið mest á honum í þessu, því að um málið hefur verið fjallað fyrst og fremst á vegum forsrh. og forsætisnefndarinnar. Ég vil þakka honum alveg sérstaklega fyrir hans framkomu í þessu og þann stórfellda árangur, sem náðst hefur, sem áreiðanlega er langt fram yfir það, sem nokkur maður bjóst við. Mér finnst, að það eigi ekki að verða umr. um þetta hér, án þess að þetta sjónarmið komi fram, sem ég er alveg sannfærður um, að er skoðun allra hv. þm. og raunar allrar þjóðarinnar. Við bjuggumst við öllu góðu af hálfu Norðurlanda, en við gerðum tæpast ráð fyrir, að afgreiðsla þessa máls yrði jafnstórhöfðingleg og raun hefur á orðið. Og eins og hæstv. forsrh. drap á, er enginn vafi á því, að þar hefur mjög hjálpað til, að á málinu hafði verið tekið hér á hv. Alþ. og af hæstv. ríkisstj. eins og fyrir lá, og einmitt vegna þess, eins og síðasti hv. ræðumaður sagði, getum við með fullri reisn tekið á móti þeirri hjálp, sem þarna er fram rétt. En tæpast hefðum við getað það, hefðum við ekki verið búnir sjálfir að gera þessar fyrstu ráðstafanir.

Ég álít, að hér hafi gerzt stór atburður í sögu Norðurlanda, sem menn muni lengi njóta, ekki bara Íslendingar, heldur einnig aðrir á Norðurlöndum. Ég held, að við höfum allt aðra tilfinningu og sterkari fyrir því, hve mikla þýðingu það hefur að halda saman á Norðurlöndum, eftir það, sem gerzt hefur, og ég held, að það muni einnig vera svo á hinum Norðurlöndunum, — menn sjái, að það er í þessu fólgin veruleg trygging og stórkostlegt öryggi fyrir allar þessar þjóðir að halda saman, þegar á móti blæs.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. — Hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að í þessum fréttum frá blaðamönnum, fréttariturum, hefði ekki verið nein áreitni. Það voru ekki mín orð. Ég sakaði þá ekki um áreitni. En þeir sendu skeyti, sem var

til þess fallið að vekja ákveðnar hugmyndir, og ég taldi það skyldu mína að skýra Alþ. nánar frá þessu og gera grein fyrir því, hvernig ég hefði komið fram í þessu máli, og gera grein fyrir því hvers vegna ég var ekki viðstaddur þennan síðasta fund og hvers vegna ég taldi það eðlilegri hátt, að það væri maður úr þm.-hópi, formaður sendinefndar, sem þakkaði fyrir, heldur en ráðh. Það greiða alls ekki allir þeir, sem sitja í Norðurlandaráði, atkv. Aðeins þingkjörnir fulltrúar greiða atkv. þar, en ekki ráðh. Það, sem fyrir mér vakti, var ekki á neinn hátt að hafa uppi áreitni við einn eða neinn í þessu sambandi, enda væri ekki sæmandi í sambandi við þetta mál að vekja deilur, heldur vildi ég aðeins staðfesta í þingtíðindunum þessi atriði, sem ég sagði, af því að ég tel, að hér sé um svo mikilsvert atriði að ræða, að ég vil ekki láta söguna halda fram, að ég hafi viljað sýna eitthvert tómlæti í sambandi við þetta mál, eins og menn gætu haldið, ef þeir hefðu ekki fengið neitt annað fram um það heldur en það, sem stóð í fréttaskeytum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir, að ég get tekið fyllilega undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan um hlut forsrh. í þessu máli. Ég er dálítið undrandi á hæstv. forsrh. í rauninni að taka alvarlega slik skrif eins og Mogginn og Alþýðublaðið hafa uppi í þessu máli, og það vita allir — (**Forsrh.:** Ég tek alvarlega öll skrif í sambandi við þetta mál.) Meira að segja úr þessum blöðum? Já. En það vita allir, að þeir hafa notað hvert einasta tækifæri og búið sér til tækifæri til þess að þyrla upp pólitísku moldviðri jafnvel í svo alvarlegu máli sem þetta eldgosmál er og notað sér það til að kasta skít í einstaka menn að ástæðulausu og ekki sízt þm. og ráðh. Slik skrif eru að mínu áliti varla svaraverð, enda hefur það lengi verið sómi fyrir mann að vera skammaður eða borin lygum í Morgunblaðinu, svo að ég tali nú ekki um Alþýðublaðið, eins og það er orðið nú. Nóg um þetta.

Ég get ekki látið hjá líða sem þm. úr Vestmannaeyjum að lýsa yfir innilegu þakklæti mínu og íbúa míns byggðarlags fyrir svo stórhöfðinglega gjöf sem frændþjóðir vorar hafa nú innt af hendi. Þarna kemur fram í verki sá bróðurhugur og hjálparvilji, sem gekk vissulega langt fram yfir það, sem flestir gátu ímyndað sér, að orðið gæti.

Ferðamál, frv. (þskj. 286). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um ferðamál er samið af n., sem rn. skipaði 2. febr. 1972 og fól að endurskoða gildandi lög um ferðamál, lög nr. 4 frá 1969. Endurskoðunin skyldi gerð með sérstöku tilliti til endurskipulagningar og uppbyggingar á starfsemi ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Í n. voru þrír menn, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytissjóri, sem var skipaður formaður n., Heimir Hannesson lögfræðingur og Lúðvík Hjálmtýsson framkvæmdastjóri ferðamálaráðs.

Það er tilgangur þessa frv. að koma á skipulegri vinnubrögðum en verið hafa og viðhöfð hafa verið í ferðamálum okkar Íslendinga, bæði varðandi ferðalög landsmanna sjálfra og útlendra manna, sem til landsins koma, og einnig að auka hlutdeild Íslendinga í alþjóðlegum ferðamálum að því marki, sem þjóðhagsleg hagkvæmni og umhverfisverndarsjónarmið leyfa. Þetta er allmikill lagabálkur, 34 greinar og í 6 köflum, og til skýringar á einstökum málsatriðum varðandi frv. eru birt 9 fskj. með margvíslegum upplýsingum.

Það er öllum kunnugt, að ferðalög færast nú mjög í vöxt innan einstakra landa og landa í milli. Þetta er vafalaust vitnisburður um batnandi efnahag hjá miklum hluta mannkyns, en sérstaklega er þetta afleiðing af stórbrotnum framförum í samgöngumálum, ekki hvað sízt að því er varðar samgöngurnar í lofti. Fjármagn, sem bundið er við ferðamál í heiminum, er gífurlegt. Það eru t. d. upplýsingar um það, að bandarískir ferðamenn verji 2335 millj. dollara árið 1971 til ferðalaga eða tæplega 190 milljörðum ísl. kr., og þar af er talið, að 1373 millj. dollara séu í sambandi við ferðalög Ameríkumanna í Evrópu eða yfir 120 milljarðar ísl. kr. Er talið, að ferðamálin aukist að meðaltali um 12% á ári, en meðalútflutningur aukist aðeins um tæp 8%, og gefur þetta sína hugmynd, þegar samanburður er gerður á þessu tvennu. Ferðamál eru því orðinn þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi flestra þróaðra þjóða, og ber því að gefa þessum málaflokki gaum, því að ekki er hann síður í framþróun í landi okkar en annars staðar í heiminum.

Þegar rætt er um ferðamál, er ekki einungis um þær fjárupphæðir að ræða, sem beint ganga í gegnum greipar ferðafólksins og til ýmiss konar aðila í þjóðfélaginu, heldur hefur ferðamennska geysiviðáttumikil gagnverkandi áhrif í þjóðfélögum. Þar þarf ekki að nefna nema auknar tekjur flugfélaga, sem þessi mál skipta mjög, skipafélaga, gisti- og veitingastaða, ferðaskrifstofurnar og þeirra starfsemi og svo bein og óbein áhrif á gjaldeyrisstöðu þjóðfélaganna almennt. Bandarískar skýrslur segja, að það hafi komið í ljós við rannsóknir í Bandaríkjunum, að markfeldisáhrif hvers dollara, sem ferðamaðurinn eyðir, séu sjöföld í efnahagskerfinu. Einnig kemur það til varðandi okkur Íslendinga, að þessi þróun ferðamálanna gerir okkur nokkru léttara að halda uppi allsómasamlegu samgöngukerfi, og á ég ekki hvað sízt við okkar myndarlegu flugfélög, sem mjög eru í þjónustu ferðamálanna.

Það er ekki því að neita, að ýmsir bera beyg í brjósti við sívaxandi ferðamannastraum á Íslandi og hafa um það jafnvel stór orð og eru andvígir því, að nokkuð sé gert til þess að efla ferðamál hér á landi. Ég skal ekki synja alveg fyrir, að það geti verið hætta, sérstaklega fyrir fámenna þjóð, að hleypa óskipulagsbundnum ferðamannastraumi yfir land sitt. En hættan liggur aðallega í því, að þetta gerist óskipulagsbundið. Undir þeim kringumstæðum get ég á það fallizt, að nokkurn varhug beri að gjalda við vexti ferðamálanna. En ef þessum straumi er mætt að fyrirhyggju og skipulögðum vinnubrögðum beitt, álít ég, að hér sé ekkert að óttast, heldur bókstaflega um það að ræða, að mögu-

leikar séu til þess að efla einn merkan þátt íslenzks atvinnulífs, sem við eigum alls ekki að bægja frá okkur.

Þetta frv. byggir nánast á því, að Íslendingar eigi að vera stoltir af því að sýna erlendu ferðafólki hina margbreytilegu náttúru Íslands og gleðjast með erlendum mönnum yfir því að njóta töfra okkar náttúrufegurðar. En allt þetta verður að vera innan þeirra marka, sem eðlileg umhverfisvernd heimtar. Atvinnulíf okkar er einhæft, því neitar enginn, og menn hafa hingað til aðallega fest vonir við það, að auknum fjölda fólks á vinnumarkaði frá ári til árs verði sérstaklega mætt af efldum iðnaði. Menn gera sér ljóst, að okkar gömlu undirstöðuatvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, bæta afköst sín að vísu, en þeir bæta ekki við sig mannafla þrátt fyrir það frá ári til árs, heldur hefur fækkað mannafla í þjónustu þessara atvinnugreina á undanförnum áratugum. Það er þá iðnaðurinn sem tekur við vinnuaflinu. En hér er óneitanlega um atvinnumöguleika að ræða að því er snertir ferðamálin. Ferðamálin geta áreiðanlega á komandi árum, ef vel er á haldið, tekið á móti allmiklum fjölda af því fólki, sem við bætist á vinnumarkaði frá ári til árs.

Það hefur verið sáralítið, sem gert hefur verið af opinberri hálfu til eflingar ferðamála hér á landi. Samt sem áður hefur ferðamennska hér, Íslendinga sjálfra og erlendra manna, aukizt mjög ört meira að segja. Íslenzkar skýrslur sýna, að á árinu 1971 komu hingað um 61 þús. ferðamenn, og voru þá farþegar á skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir, en þeir munu hafa verið um 10 þús. Þá væri um að ræða yfir 70 þús. manns, sem hefðu heimsótt Ísland, ef skemmtiferðaskipin væru meðtalin. Þessi tala sýndi aukningu frá árinu á undan, sem nam 14.8%. Skýrslur eru ekki til enn um heildarniðurstöður ársins 1972, en fram til loka okt. á því ári nam tala erlendra ferðamanna, sem hingað komu, 63 800, og aukningin það ár var 13.4%, miðað við sama tíma árið á undan. Meðalaukningin síðustu ár hefur stundum farið upp í 15%.

Hafði íslenzka þjóðfélagið nokkrar verulegar tekjur af þessum ferðamannastraumi? Jú, gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu námu á árinu 1971 alls 1223 millj. kr., sem eru 9.3% af heildarútflutningsverðmæti Íslendinga það ár, sem mun hafa verið 13 200 millj. kr. Þetta sýnir okkur svart á hvítu, að hér er í raun og veru komin ný atvinnugrein, sem hefur nú þegar verulega þýðingu fyrir efnahagslíf okkar, er komin við hliðina á okkar höfuðatvinnuvegum, sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og verzlun, og alls ekki ómerkilegur vísir nú þegar.

Þegar lög voru sett 1964 um ferðamál, voru ákvæði í því frv. um það, að hver sá, sem ætlaði að stofna ferðaskrifstofu, yrði að leggja fram 200 þús. kr. sem tryggingafé. Þannig var ákvæðið í frv., þegar það var lagt fram. Þessa upphæð taldi Alþ. þá of lága og hækkaði hana upp í 350 þús. kr. En fljótt kom í ljós, að þessi upphæð var allt of lág. Það gerðist einmitt um þessar mundir, að tvær íslenzkar ferðaskrifstofur urðu gjaldþrota, og sást þá, að tryggingafé hrökk ekki til. Var þá gerð breyt. á l., ég hygg á árinu 1968, um það, að tryggingafé ferðaskrifstofu skyldi ekki vera lægra en 1.5 millj. kr. Í þessu frv. er sú upphæð hækkuð enn, og skilyrði fyrir því, að einstaklingur eða samtök geti stofnað ferðaskrifsofu, eru nú 3 millj. kr. ábyrgðarfé. Ég held, að þetta sé nauðsynleg öryggisráðstöfun, þó að mönnum finnist kannske upphæðin nokkuð há, því að íslenzkum ferðamálum er það mikill hnekkir, ef ferðaskrifstofur verða gjaldþrota og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Auk þess þurfa þau að vera undir allöruggu eftirliti samgrn., og er einnig ákvæði um það í þessu frv.

Menn halda kannske, að þetta frv. miði að því að búa til eitthvert nýtt bákn. Það á að vísu að stofna Ferðamálastofnun Íslands, en hún er mótuð upp úr ferðamálaráði, núv. 9 manna ferðamálaráði, og Ferðaskrifstofu ríkisins, og er ekki miðað við, að þarna verði um aukinn mannafla að ræða eða bákniið, sem menn mundu helzt óttast, verði á neinn hátt aukið. Ferðamálastofnun Íslands samkv. þessu frv. kemur nánast í stað Ferðaskrifstofu ríkisins og núv. skrifstofu ferðamálaráðs.

Ferðamálaráð er ólaunuð stofnun. Þeir 9 menn, sem starfa í ferðamálaráði, hafa starfað án launa og innt af hendi mjög gott og merkilegt starf. Eitt af því fyrsta, sem ferðamálaráð gerði, var að athuga og undirbúa áætlunargerð um framtíðarþróun íslenzkra ferðamála. Upp úr þeirri athugun kom það, að prófessor við Verzlunarháskólann danska, Ejler Alkjær að nafni, var ráðinn til að gera áætlun um þróun íslenzkra ferðamála. Þetta gerði hann, og þessi maður hafði góðar forsendur til að geta unnið þetta verk, því að hann hafði áður starfað sem ferðamálasérfræðingur fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Hann upplýsti, þegar hann var að starfa hér, að Sameinuðu þjóðirnar hefðu í einstökum tilvikum styrkt gerð slíkra ferðamálaáætlana. Þessu máli var svo hreyft við Sameinuðu þjóðirnar, og var á það fallizt, að á þeirra vegum yrði prófessor Alkjær sendur hingað til lands og skyldi gera úttekt á íslenzkum ferðamálum og undirbúa slíka áætlunargerð. Þessi för Alkjærs var kostuð að verulegu leyti af þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna.

Prófessor Alkjær skilaði síðan skýrslu til Sameinuðu þjóðanna á árinu 1969, og var þessi skýrsla hans samin í nánu samstarfi við formann ferðamálaráðs. Prófessor Alkjær lætur þær skoðanir í ljós í skýrslu sinni, að Ísland eigi mikla framtíðarmöguleika sem ferðamannaland, en leggur áherzlu á, að eins og nú sé háttað sé ferðamannatímabilið hér á landi allt of stutt og þess vegna beri fyrst og fremst að vinna að því að lengja ferðamannatímann ár hvert. Hann leggur því til, að fyrst verði gerð áætlun um eflingu fjögurra þátta í íslenzkum ferðamálum: athuga möguleika Íslands til alþjóðlegs ráðstefnuhalds, kanna möguleika Íslands til stangveiði í ám og vötnum og sjó, gera athugun á möguleikum Íslands í sambandi við jarðhitann, um uppbyggingu heilsuhæla, og síðast, en ekki sízt hagnýta skíðamöguleika, vetraríþróttamöguleika Íslands í þjónustu ferðamálanna. Lagði prófessor Alkjær til, að áherzla yrði lögð á að kanna og efla þessa fjóra þætti, og er álit flestra, sem um málin hafa hugsað, að með þessu sé stefnt í rétta átt. Pró-

fessor Alkjær lagði til, að gerðar yrðu tvær ferðamálaáætlanir fyrir Ísland, önnur skammtímaáætlun, sem miðaði við tvö ár, en hin 8 ára áætlun, þ. e. a. s. þessar áætlanir áttu að ná yfir næsta áratuginn. Hann taldið líklegt, að Sameinuðu þjóðirnar mundu veita styrk til þess að undirbúa og gera slíka áætlun. Síðan var þeirri hugmynd komið á framfæri við fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, og hafa Sameinuðu þjóðirnar fallizt á að veita Íslandi 140 þús. dollara í því skyni að vinna slíka ferðamálaáætlun. Ollum þeim meginþáttum, sem prófessor Alkjær lagið til, að skyldu felast í slíkri áætlun, hefur verið haldið, þ. e. a. s. að kanna fyrst og fremst notkun heita vatnsins til heilsuhæla, í öðru lagi notkun á vötnum og ám og sjó til sportveiði, í þriðja notkun skíðalanda til vetraríþrótta og loks notkun fundaaðstöðu fyrir minni háttar ráðstefnur og einkum þá í sambandi við vörusýningar.

Þetta eru fjórir meginþættir í þeirri könnun, sem síðan hefur farið fram undir forustu fulltrúa frá Sameinuðu þjóðunum og er nú í gangi og stendur til, að skili lokaskýrslu í næsta mánuði eða ekki seinna en í aprílmánuði.

Af opinberri hálfu hefur ekki verið lagt fram neitt verulegt fé til eflingar ferðamálanna. Ferðamálasjóður er að vísu til, en hann er mjög vanmegnugur að lyfta því Grettistaki, sem hér þarf að lyfta, ekki aðeins um byggingu hótela og gistihúsa, heldur margs konar aðra nauðsynlega fyrirgreiðslu í þágu ferðamála, sem hér þyrfti að koma til. Meiri hlutinn af þeim lánum, sem ferðamálasjóður hefur getað veitt, hefur verið endurlán. Flest lánin hafa verið veitt með gengistryggingu, fengið að láni erlent fé, og gengistrygging hefur orðið að fylgja þessum lánum. Hafi hins vegar féð verið innlent, hafa það verið visitölutryggð lán. Hvor tveggja þessi lán til ferðamálanna hafa verið næsta óhagkvæm þeim, sem hafa þurft að taka þau, einkanlega þegar til þess er horft, að hótelin og gistihúsin hér á landi hafa eins örskamman starfstíma ár hvert og þau hafa. Fjárhagur þeirra er því erfiður og þeim mjög örðugt um að sæta svo óhagstæðum lánskjörum. Fyrst framan af var framlag ríkissjóðs á fjárlögum til ferðamálasjóðs aðeins 1 millj. kr. á ári, en nú tvö síðustu árin hefur ferðamálasjóður fengið frá ríkinu 5 millj. kr. Má af þessu sjá, að geta hans er næsta lítil.

Nýlega hefur komið fram till. um nokkuð varanlega fjáröflun í þennan sjóð. Till. hefur verið könnuð allrækilega og borin undir ýmsa þá aðila, sem málið snertir, og er það almennt álit flestra, að hér sé á ferðinni allsjálfsögð fjáröflunaraðferð. En hún er sú, sem nú skal greina.

Fyrir tæpum áratug reyndist nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um skemmtanaskatt, þar sem sýnt þótti, að skatturinn innheimtist ekki eins og skyldi. Vegna galla á innheimtunni misstu félagsheimilasjóður og þjóðleikhús af tekjum, sem skemmtanaskattslöggjöfin gerði þó ráð fyrir. Með breytingunni var ákveðið að taka upp svokallað rúllugjald í þeim veitinga- og samkomuhúsum, þar sem vínveitingar voru um hönd hafðar. Rúllugjaldið var þá ákveðið 25 kr. og skiptist þannig, að 8 kr. fóru í skemmtanaskatt, 2 kr. skyldu renna í menningarsjóð og 15 kr. skyldu renna til veitingahússins sem fastagjald og vera eins konar þóknun fyrir að annast þessa innheimtu. Þetta gjald hefur síðan staðið óbreytt í heilan aratug. En fjáröflunarleiðin fyrir ferðamálasjóð er í því fólgin, að þetta gjald verði nú hækkað í 100 kr. og skuli skiptast þannig, að skemmtanaskatturinn hækki um helming og verði 16 kr., gjaldið í menningarsjóð hækki einnig um helming og verði 4 kr. og hluti veitingahússins hækki sömuleiðis um helming og verði 30 kr., en í ferðamálasjóð renni 50 kr. eða helmingur gjaldsins. Ég held sjálfur, að það sé engin fjarstæða að hækka þetta gjald nú í 100 kr., þar sem það hefur staðið óbreytt í fullan áratug, og mér finnst ekki óeðlilegt, að af því fé, sem fólk eyðir til skemmtana sinna, komi nokkurt skattgjald til að efla ferðamálasjóðinn. Í raun og veru væri ekki meira að gert með þessari fjáröflun en að gera ferðamálasjóð starfhæfan og geta veitt fleiri þáttum ferðamálanna en aðeins gistihúsa- og hótelbyggingu nokkra lánsmöguleika og þá væntanlega einnig með nokkru hagfelldari kjörum en hann hefur getað veitt lán hingað til.

Ég vék að því áðan, að raddir hefðu heyrzt um það, jafnvel úr hópi alþm., að sú athugun, sem nú fer fram á framtíðarmöguleikum íslenzkrar ferðaþjónustu, beinist að því að laða sem allra flesta erlenda ferðamenn til landsins, eða eins og það hefur jafnvel verið orðað, miðist við að sökkva íslenzku þjóðinni í erlendan ferðamannastraum, svo að jafnvel verði ekki rúm fyrir landsmenn sjálfa í landinu. Þetta hef ég m. a. séð á prenti frá þeim, sem eru hræddir við eflingu íslenzkra ferðamála. Meira að segja hefur verið reiknað langt fram í framtíðina, hvaða ótölulegur grúi komi hingað eftir nokkra áratugi og þjóðin þannig alveg komin í skuggann. Ég held, að við getum ekki séð fram í tímann lengra en fram til 1980 eða 1985 kannske, og þær tölur, sem koma þá út, þó að vöxturinn verði 12—14%, eru ekkert svimháar. En svo mikið er víst, að ef eitthvað er verulega að gert til eflingar íslenzkra ferðamála, þá aukast að sama skapi þær gjaldeyristekjur, sem þjóðin hefur af erlendum ferðamönnum, og þó að ekki sé farið út yfir nein óhófleg mörk, getur það orðið um að ræða gjaldeyristekjur, sem munar þjóðina verulega í þjóðarbúskapnum.

Þær ógnvekjandi tölur, sem nefndar eru í sambandi við vöxt ferðamála hér á landi af þeim, sem eru hræddir við aukningu ferðamála, eru alrangar að minni hyggju og annaðhvort fram settar af þekkingarskorti þeirra eða jafnvel gegn betri vitund.

Athugunin, sem nú fer fram í sambandi við aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum, beinist að því og því einu, hvernig unnt sé að lengja hið árlega ferðamannatímabil hér á landi og tryggja þannig betur fjárhagslegan grundvöll þeirra fyrirtækja og stofnana, sem starfa í þjónustu ferðamálanna. Nú er ferðamannatíminn aðallega hásumarið, nánar tiltekið mánuðirnir júní, júlí og ágúst, og þar með að mestu leyti búið. En þennan tíma mætti lengja með því að efla þá þætti, sem hér hefur verið um rætt. Ráðstefnur eru haldnar á öllum tímum árs og alls ekki einungis bundnar við sumarið, þótt að nokkru

leyti komi þær einnig um sumarmánuðina. Heilsuhælin væru stofnanir, sem væru reknar allt árið í tengslum við jarðhitaaðstöðu okkar. Þar væri um að ræða böð, heit og köld böð, í söltu vatni eða ósöltu. Slík starfsemi hefur orðið ýmsum þjóðum geysilegur tekjuauki. Nefnum t. d. Tékka í þessu sambandi, og fleiri þjóðir hafa sínar heimskunnu heilbrigðisstofnanir í sambandi við jarðhita. Það er álit manna, að Ísland hafi einhver hin beztu skilyrði á þessu sviði. Nokkur skilyrði hljótum við að hafa í sambandi við vetraríþróttir, þó að við getum kannske ekki þar mælt okkur við lönd eins og Noreg eða Sviss, en þó eitthvað þar í áttina.

Við eigum ekki að sýna þessum málum tómlæti. Við munum ekki heldur leggja neitt ofurfjármagn þessum málum til eflingar, en við eigum að sinna þeim, það er sannfæring mín, og við eigum að sinna þessum þáttum, sem Sameinuðu þjóðirnar eru að láta kanna fyrir okkur og með okkur.

Það mun vera álit þeirra erlendu sérfræðinga í ferðamálum, sem á þessi mál hafa litið, að hér sé engu í voða stefnt með 12% árlegri aukningu erlendra ferðamanna. Það telja þeir vera hæfilega þróun þessara mála. Ef þetta tekst fram til ársins 1980, mundi það þýða, að við tækjum hér á móti 150—160 þús. ferðamönnum á ári, og til þess þurfum við, ef við eigum að gera það á myndarlegan hátt, að gera ýmiss konar ráðstafanir, því þýðir ekki að neita. Nú er ferðamannastraumurinn um 60—70 þús. manns. Enn fremur er það álit hinna erlendu ferðamálasérfræðinga, að ef við gerum ekkert til eflingar ferðaþjónustunni, muni verða hér stöðnun á þessu sviði ekki seinna en um 1976, eftir 3—4 ár, og þá mundum við ekki verða færir um að taka á myndarlegan hátt á móti fleiri en um 80 þús. manns.

Ég skal taka það fram, að endanlegar tölur eða niðurstöður af könnun Sameinuðu þjóðanna liggja ekki fyrir, en von er á þeirri skýrslu í næsta eða þar næsta mánuði, í marz eða apríl.

Það er sem sé skoðun mín, að þó að þetta frv. stefni að skipulegri eflingu ferðamála, sé ekki ástæða til að óttast, að með því séum við að hleypa svo stríðum straumi erlendra ferðamanna yfir landið og þjóðina, að neinn háski stafi af.

Þó að mér hafi orðið nokkuð tíðrætt um þetta mál, sem ég tel allmerkilegt mál, og ég tel, að endurskoðunin á gildandi löggjöf hafi verið myndarlega framkvæmd og stefni til bóta á allan hátt, þá vil ég nú nefna í sambandi við hinar einstöku gr. frv. helztu atriðin, sem þar horfa til breytinga.

Í 1. gr. er lýst tilgangi frv. og tekið fram, að við þróun og skipulagningu ferðamála skuli bæði hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Að öðru leyti skýrir gr. sig sjálf.

Í 2. gr. er ákveðið, að samgrn. fari með yfirstjórn ferðamála, svo sem verið hefur og er ákveðið í gildandi löggjöf.

Í 3. gr. frv., sem fjallar um Ferðamálastofnun Íslands, er tekið fram, að hún skuli fara með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgrn. Stofnunin verður til við sameiningu Ferðaskrifstofu ríkisins og starfsliðs ferðamálaráðs, en það er, eins og nú standa sakir, skipað 9 mönnum. Verkaskipting milli þessara tveggja aðila hefur ekki verið nægilega skýr, en hér er reynt að bæta úr því. Einnig er með ákvæðum þessarar gr. verið að stuðla að aukinni hagkvæmni í störfum með þessari sameiningu. Þetta er m. a. gert með fullu samráði við formann ferðamálaráðs, sem var einn af þeim þremur mönnum, sem endurskoðuðu löggjöfina.

Í 4. gr. er lagt til, að Ferðamálastofnun Íslands verði sett sérstök stjórn skipuð 5 mönnum. 3 þessara manna verði skipaðir af samgrh. Gert er ráð fyrir, að einn þeirra sé úr hópi fastra starfsmanna samgrn., tilgangurinn er að tryggja sem nánast samband og samstarf milli rn. og stofnunarinnar, en 2 stjórnarmannanna skulu skipaðir eftir tilnefningu ferðamálaráðs, en um skipun þess er aftur rætt í 9. gr.

5. gr. fjallar um ferðamálastjóra, og segir þar, að í embætti ferðamálastjóra séu samkv. gr. sameinuð störf núv. forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins og framkvstj. ferðamálaráðs, auk nýrra verkefna, sem þessi maður á að hafa. Rétt þykir að taka fram í l., að ferðamálastjóri geti ekki átt sæti í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, enda ekki talið fara vel á því, að framkvæmdastjórinn sé einnig í þeirri stjórn, sem gefur honum fyrirmæli um verkefni. — Þetta er efnið í fyrstu tveimur köflum frv.

Þá er III. kaflinn um ferðamálafélög, ferðamálaþing og ferðamálaráð. Ferðamálafélögin eru orðin allmörg hér á landi og vinna að minni hyggju allmerkilegt starf. Þetta er sjálfboðavinna áhugamanna í hinum einstöku héruðum, og er gert ráð fyrir að lögfesta verksvið þeirra í þessu frv. Síðan gildandi lög um ferðamál voru samin, hafa ferðamálafélög risið mjög víða upp. Þetta eru samtök einstaklinga og sveitarfélaga og ýmissa annarra aðila, sem vilja vinna að bættri aðstöðu fyrir ferðafólk á því svæði, sem heyrir undir hvert þeirra um sig. Tvö elztu ferðamálafélögin eru félagið í Reykjavík og félagið á Akureyri, og hefur hvort um sig innt af hendi, eins og ég áðan sagði, og eins mörg fleiri, mjög merkilegt sjálfboðastarf. Þessi kafli fjallar eingöngu um ferðamálafélögin og samstarf þeirra við ferðamálaráð og Ferðamálastofnun Íslands.

Þá er IV. kaflinn um almennar ferðaskrifstofur. Um ferðaskrifstofurnar er fyrst og fremst fjallað í 11. gr. frv. Hugtakið ferðaskrifstofa er hér skilgreint á sama hátt og í fyrirmynd OEEC að löggjöf um ferðaskrifstofur, að því viðbættu, sem segir í síðustu mgr. varðandi úrskurð í vafatilfellum. Norðmenn fylgja einnig þessari fyrirmynd nákvæmlega í sínum lögum. Sú þjónusta, sem um ræðir í a—d-liðum þessarar gr., á að vera innt af hendi í atvinnuskyni til þess að teljast veitt af ferðaskrifstofu. Það fær sem sé enginn leyfi til þess að nefna rekstur sinn ferðaskrifstofu nema fullnægja ákvæðum þessarar gr., og þarf til þess staðfest leyfi. Ferðaskrifstofan verður að annast upplýsingar í einhverri mynd um innlend eða erlend ferðamál, hvers konar farmiðasölu með skipum, bifreiðum,

flugvélum eða járnbrautum, útvegun herbergja eða húsnæðis til gistingar, langan eða skamman tíma, skipulagningu og sölu hópferða innanlands eða erlendis og móttöku erlendra ferðamanna. Óheimilt er að stunda störf, sem greind eru í þessari lagagr., svo sem nota í nafni eða auglýsingu einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið „ferðaskrifstofa" eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess sérstakt leyfi samgrn.

V. kafli frv. er um ferðamálasjóð. Ferðamálasjóður skal vera eign ríkisins og lúta stjórn samgrh. Þetta er stofnlánasjóður þeirrar starfsgreinar, sem ferðaþjónusta einkum byggist á, og er hlutverk hans að stuðla að þróun íslenzkra ferðamála með lán- og styrkveitingum. Fé hans má ráðstafa á eftirgreindan hátt: 1) Sjóðurinn skal veita einkaaðilum og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum. 2) Sjóðnum er heimilt að veita einkaaðilum og opinberum aðilum gegn fullnægjandi tryggingum lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenzkra ferðamála. 3) Sjóðnum er heimilt að veita Ferðamálastofnun Íslands framlag til að koma upp eða endurbæta hreinlætis- og snyrtiaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum utan alfaraleiða, svo og til annarrar umhverfisverndar, sem nauðsynleg er vegna ferðamanna, sbr. önnur ákvæði þessara laga. Styrkveitingar mega þó aldrei nema hærri fjárhæð en 10% af árlegum tekjum sjóðsins.

Tekjuöflunin til ferðamálasjóðs er hugsuð á þennan hátt: 1) Árlegt framlag úr ríkissjóði, ekki lægra en 10 millj. kr. Það er tvöföldun á þeirri upphæð, sem nú er ætluð sjóðnum. 2) Hluti tekna af aðgöngumiðagjaldi af vínveitingahúsum samkv. lögum. Hér er byggt á tekjustofni, sem ég nefndi áðan, en yrði að flytja sérstakt frv. um til breyt. á skemmtanaskattslögunum. 3) Tekjur af starfsemi sjóðsins. — Ég vil aðeins taka fram, að það mál hefur verið rætt nokkuð við menntmrh., og hann taldi ekki ólíklegt, að hann féllist á og hans rn., að skiptingin á þessu svonefnda rúllugjaldi yrði eitthvað á þá lund, sem ég gerði grein fyrir áðan. Ferðamálasjóðnum er svo heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka allt að 200 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Þetta eru ákvæðin um tekjur ferðamálasjóðs og lánsheimild honum til handa. Mörg ákvæði fleiri eru um ferðamálasjóðinn, en ég tel þýðingarmest að geta um fjárhagslega möguleika hans.

VI. kaflinn er svo um ýmis ákvæði, og eru þar m. a. á ferðinni tvö bráðabirgðaákvæði. Bráðabirgðaákvæði 1 er á þessa leið:

„Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálastofnun Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðaskrifstofu ríkisins og ferðamálaráðs þess, er starfaði samkv. l. nr. 4 1969. Á sama hátt kemur ferðamálasjóður samkv. lögum þessum í stað samnefnds sjóðs samkv. eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum."

Síðara bráðabirgðaákvæðið er á þessa leið:

„Ferðamálaráð samkv. l. nr. 4 frá 1969 skal boða til ferðamálaþings eigi síðar en 30. sept. 1973. Þar til ferðamálaráð er kosið, fer eldra ferðamálaráð með þau mál, sem undir ferðamálaráð eru lögð samkv. lögum þessum."

Þetta frv. fjallar sem sé um endurskipulagningu gildandi laga um ferðamál, ætlar þeim meiri opinber fjárframlög en hingað til hefur verið gert, og skipulagsbreytingin er aðallega sú, að núv. ferðamálaráð og Ferðaskrifstofa ríkisins renna saman í eina stofnun, Ferðamálastofnun Íslands.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og samgn. og læt svo máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 53. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta er ákaflega einfalt mál, sem hér liggur fyrir. Nýlega voru hér afgreidd lög frá Alþ. um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl. Þar voru settir ákveðnir frestir, þannig að ýmsum réttaráhrifum, sem að óbreyttu áttu að koma til framkvæmda á fyrstu dögunum eftir upphaf jarðeldanna á Heimaey, var frestað til 23. febr. Nú hefur sýnt sig, að það hefur ekki tekizt að koma högum manna í það horf, sem þörf er á, og þykir þess vegna nauðsynlegt, eins og nú stendur, að fresta þessum réttaráhrifum um einn mánuð enn. Þetta frv. er sem sagt aðeins um framlengingu á þeim frestum, sem eru í l. um dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, um einn mánuð til viðbótar.

Þetta frv. er flutt samkv. ósk stjórnar Viðlagasjóðs. Frv. hefur gengið í gegnum Ed. og verið afgr. þar shlj. við þrjár umr., og þannig stendur á, að þetta mál þarf að afgreiða nú. Málið er svo einfalt, að ég sé ekki nokkra ástæðu til þess fyrir mitt leyti, að það fari til n., — það fór ekki í n. í Ed. Ég vil þess vegna leggja til, að málinu sé vísað til 2. umr., og fara fram á við hæstv. forseta, að hann afgreiddi frv. við 2. og 3. umr. í beinu framhaldi af þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 54. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 55. fundi.

Dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, frv. (þskj. 322). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 325).

Sameinað þing, 48. fundur.

Fimmtudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs á fundi í fyrradag vegna fsp., er hv. 3. landsk þm., Bjarni Guðnason, gerði þá til viðskrh., bæði vegna ummæla hans og ummæla hæstv. viðskrh. þá.

Ég skal ekki fjölyrða um þá kenningu hæstv. viðskrh. og sjútvrh., að þær þrjár gengisfellingar, sem orðið hafa á valdatíma núv. ríkisstj., séu raunar aðeins ein, þ. e. sú, er gerð var í des. s. l. Það var á ráðh. að skilja, að eðlilegt og sjálfsagt væri að skrá íslenzku krónuna í samræmi við dollarann, á hverju sem gengur. Athyglisvert er raunar, að sósialisti, Alþb.-maður í ráðherrastóli leggur áherzlu á að fylgja dollarnum 100%. Ég vil aðeins taka fram, að þótt við miðum við, að útflutningsatvinnuvegirnir standi jafnt að vígi eftir breytingar á gengisskráningu dollarans og áður, hefði ekki þurft þess vegna að fylgja dollarnum 100%. Fyrsta gengisfallið nam tæpum 8%, þ. e. á síðari hluta árs 1971, en þurfti ekki samkv. þessum mælikvarða, að því er snertir íslenzka útflutningsatvinnuvegi, að vera meira en 5—6% á íslenzku krónunni. Önnur gengisfellingin, frá því í des. s. l., nær 11%, var hreinræktuð íslenzk gengisfelling, eins og hæstv. sjútvrh. komst að orði. Þriðja gengisfellingin, nú í febrúar, var 10%, en þurfti samkv. tilkynningu Seðlabankans að vera 7—8% á íslenzku krónunni, svo að útflutningsatvinnuvegirnir stæðu jafnt að vígi eftir og áður. Hreinræktuð íslenzk gengisfelling, sem skrifast verður eingöngu á reikning núv. ríkisstj., er því a. m. k. um 16% á 1½ ári á sama tíma og helztu útflutningsafurðir okkar hafa stórhækkað í verði, t. d. frystur fiskur um 20—25% og jafnvel meira, loðnu- og þorskmjöl um 100%, og er nú hækkun þess komin í 200%, þótt síðustu hækkunar muni lítið gæta í sölu okkar á þessari vertíð.

Hér skal ekki dregin í efa þörf útflutningsatvinnuvega okkar á þessum ráðstöfunum þrátt fyrir stórhækkað útflutningsverð. En með þessu mati hefur ríkisstj. staðfest, að útflutningurinn þyldi ekki það innanlandsverðlag, sem hér væri orðið, svo að notað sé enn orðalag hæstv. sjútvrh., heldur þurfti 16% hreinræktuð íslenzk gengisfelling til að koma og dugði raunar ekki til, því að til viðbótar voru samþykktar, þegar fiskverð var ákveðið, 160 millj. kr. uppbætur til sjávarútvegsins á kostnað ríkissjóðs.

Engum blöðum er um það að fletta, að hækkun þessa innanlandsverðlags er heimatilbúin vandi ríkisstj. sjálfrar, sem við hana eina er að sakast um, eins og oft hefur verið gerð grein fyrir hér á Alþ. Hér er að vísu um liðinn tíma að ræða og þegar drýgðar syndir. Rétt er hjá hæstv. sjútvrh., að sumt af þessu verður ekki tekið til baka eða bætt. En óhugnanlegast er, að hæstv. ríkisstj. sýnist vera ráðlaus, hrekjast áfram á sömu hrakfallabraut og verið hefur.

Gengisfellingin í des. á s. l. ári átti að vera öllum gengisfellingum betri. Í fyrsta lagi var hún sögð heldur minni en oft áður, sem orkar tvímælis, eins og ég hef áður rakið, og í öðru lagi áttu launþegar að fá bættar allar verðhækkanir, sem yrðu af völdum gengisfellingarinnar, með hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar. Um síðara atriðið sagði hæstv. sjútvrh. — ég held orðrétt — í fyrradag, að vísitalan ætti að vera í fullum gangi og mæla allar þær verðhækkanir, sem yrðu af gengisbreytingunni, og það var auðvitað öllum ljóst, að gengisbreyting af þessu tagi gat ekki komið okkar útflutningsatvinnuvegum að gagni nema tiltölulega stuttan tíma. Enn fremur sagði ráðh.:

„Ég hygg, að allir, sem stóðu að þessari gengislækkun, hafi gert sér grein fyrir því, að þetta færi svona, að áhrifin af þessari gengislækkun gætu ekki verið langvarandi.“

Hér tekur hæstv. sjútvrh. undir gagnrýni stjórnarandstöðunnar á því, hvernig staðið hefur verið að gengisfellingum ríkisstj., og þótt sjútvrh. segi nú öllum hafa verið þetta ljóst í des. s. l., þá reyndu stjórnarsinnar að leyna almenning þessu sem mest þeir máttu, m. a. í umr. hér á Alþ. fyrir jólin, og hrósuðu sér þvert á móti af því, að kaupgreiðsluvísitalan mundi mæla launþegum hækkað kaup. En nú verður þessu ekki leynt lengur, því að hin jákvæðu áhrif fyrir útflutning okkar af þeirri gengisbreytingu standa ekki, þegar liðið er fram á

árið, eins og ráðh. sagði okkur hér í fyrradag. Það er sem sagt komið að skuldadögum. Spurningin er: Hvað tekur þá við? Var ráðh. að boða fjórðu gengisfellinguna — eða réttara sagt röð gengisfellinga, sem koma mundu?

Ef núv. stjórn ræður málum lengur með sama hætti og verið hefur, býst ég við, að slík þróun verði tæpast umflúin. Vitnað hefur verið í þessum umr. af hálfu hv. 3. landsk. þm. í orð hæstv. ráðh. á fundi kaupmannasamtakanna fyrir skömmu. Þar sagði ráðh. einnig:

„Ég viðurkenni það, að þeir tímar geti verið, að það sé óhjákvæmilegt að fella gengið og gera tilfærslur í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni ekki, að gengisfelling sé almennt neitt lausnarorð, og allra sízt meðan þær stéttir í þjóðfélaginu, sem hafa mikil völd, eru ákveðnar að afnema áhrif tilfærslunnar tiltölulega fljótt á eftir. Slíkar gengislækkanir hafa raunverulega lítið annað að segja en að færa okkur bara á nýtt útreikningsborð."

Ég er ekki með öllu ósammála hæstv. ráðh. í þessum orðum hans. En mér sýnist, að með þessum orðum hafi ráðh. einnig verið að boða fjórðu gengisfellingu núv. stjórnar eða áframhaldandi gengislækkanir.

En þessi orð eru einnig forvitnileg á margan annan hátt. Hverjar eru þær stéttir í þjóðfélaginu, sem hafa mikil völd og eru ákveðnar að afnema áhrif nauðsynlegra tilfærslna útflutningsatvinnuvegum í hag? Á ráðh. við samtök launþega, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Verkamannasambandið? Er þá þannig komið því stefnuskrárátriði hæstv. núv. ríkisstj., að hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum?

Herra forseti. Að gefnu tilefni þessara umr. utan dagskrár er þessum aths. og spurningum hér með komið á framfæri.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þegar ég hóf þessar umr. utan dagskrár s. l. þriðjudag, vakti það fyrir mér að fá staðfestingu á því hjá hæstv. viðskrh., að gengisfellingin, tæp 11%, í des. hefði verið í ljósi síðustu atburða mistök, og jafnframt vildi ég vekja athygli á hinni háskalegu verðlagsþróun, sem nú er fram undan í landinu. Ég tel, að í ræðu hæstv. viðskrh. hafi komið berlega fram, að hefði hann haft fyrir sér þá miklu verðhækkun, sem orðið hefur á íslenzkum sjávarafurðum á Bandaríkjamarkaði, þá hefði gengisfelling í des. að hans mati ekki komið til greina. Jafnframt lét hann, að ég hygg, orð falla um það, að hún hefði komið í raun og veru að litlum notum, því að áhrif hennar til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina yrðu uppurin á nokkrum mánuðum. Þar með liggur í raun og veru fyrir opinber viðurkenning um það, að gengisfellingin í des. var, hvernig sem á er litið, sú leið, sem sízt átti að velja til lausnar efnahagsvandanum.

Nú hefur komið fram það, sem ég færði fram gegn desembergengisfellingunni. Hið vaxandi aflaverðmæti sjávarafurða og látlaus verðhækkun á útfluttum sjávarafurðum gerði hana ástæðulausa. Eðlilegar forsendur fyrir gengisfellingunni voru ekki fyrir hendi. Og nú hefur þorskblokkin, sem er meginstofn sjávarafurða á Bandaríkjamarkaði, hækkað um hvorki meira né minna en 10% frá áramótum eða um 53 cent, og ég fæ ekki séð, að það séu neinar sérstakar líkur á því, að verðið hætti að stíga.

Ríkisstj. hefur staðið að þremur gengisfellingum. En enginn getur láð henni þá fyrstu og síðustu, þar til koma ytri orsakir. En hinu er ekki að leyna, að mér kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir, að íslenzka krónan skyldi nú vera látin fylgja dollarnum að öllu leyti í stað þess að fara bil beggja, gjaldmiðla þeirra þjóða í Evrópu annars vegar, sem héldu gengi sínu óbreyttu, og Bandaríkjadollara hins vegar, úr því að gengisfellingin í des. var í raun og veru óþörf og þorskblokkin hefur hækkað um 10% frá áramótum og heldur að öllum líkindum áfram að hækka. Í þessu fæ ég ekki séð rökrænt samhengi hlutanna.

Síðasta gengisfellingin eykur verulega á efnahagsvanda þjóðarinnar, því að nú hækkar gjaldmiðill Evrópuþjóða, að vísu misjafnlega mikið, en frá þessum löndum kemur meginútflutningurinn, og segir þetta til sín í hækkuðu vöruverði innanlands. Úr þessari hækkun hefði mátt draga að einhverju leyti með því að fylgja ekki dollarnum að öllu leyti við gengisbreytinguna nú í síðustu viku.

Þegar litið er á málin í heild, gengisfellinguna í des., gengisfellinguna í s. l. viku og launahækkanir fram undan um næstu mánaðarmót, þar sem laun hækka milli 12 og 13.7%, er ljóst, að fram undan eru einhverjar mestu víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags allt frá stríðslokum. Það má ætla, að framfærsluvísitalan hækki um hvorki meira né minna en 20% frá 1. nóv. 1972 til 1. nóv. 1973, og ég þarf ekki að tíunda fyrir þingheimi þær afleiðingar, sem slík verðlagsþróun hefur fyrir hina margumtöluðu og þýðingarmiklu útflutningsatvinnuvegi og jafnframt fyrir allt efnahagslífið. Ég á t. d. bágt með að sjá, hvernig íslenzkur iðnaður og einkanlega sá hluti hans, sem ekki er fyllilega samkeppnisfær á erlendum mörkuðum, komi til með að standa undir þeim rekstrarkostnaði, sem af þessu leiðir. Og hið sama gildir að sjálfsögðu um aðrar atvinnugreinar. Vil ég t. d. minna á hækkandi rekstrarvörur bænda o. s. frv. Hið ömurlega er, að þegar allar þessar verðhækkanir eru komnar inn í verðlagið, má ætla, að útflutningsatvinnuvegirnir standi það illa að vígi, að gengisfellingaröflin í þjóðfélaginu knýi þá fram enn eina gengisfellingu. Kannske gerist það þá, að verkalýðsforingjar standi fyrir því. Og þannig heldur leikurinn áfram.

Um leið og ég lýsi áhyggjum mínum, þungum áhyggjum, yfir þeirri verðlagsþróun og þeim efnahagsörðugleikum, sem nú blasa við, vil ég taka fram, að þar sem ég hef varðað við þeirri þenslustefnu, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum, bæði með of háum framkvæmdaáætlunum og uppsprengdum fjárl. og síðast, en ekki sízt þeirri dæmalausu gengisfellingu, sem átti sér stað í des., þá vil ég firra mig ábyrgð á þróun

þessara mála, þeirri verðlagsþróun, sem fram undan er. Hins vegar hljóta þeir, sem stóðu að gengisfellingunni í des., að taka á sig þær afleiðingar, sem af henni verða. Í málefnasamningi ríkisstj. segir eitthvað á þá leið, að hún muni leitast við að hamla gegn verðlagsþróuninni, þannig að hún verði ekki meiri en gerist í helztu viðskiptalöndum okkar. Ég hygg, að ekki sé seinna vænna fyrir ríkisstj. að íhuga það ákvæði nánar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég býst við, að mér nægi 5 mínútur. — Ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. sögðu hér áðan í sambandi við verðlagsmálin og útlitið í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hlýtur að vera öllum áhyggjuefni, hvert stefnir í þessum málum. Kaupgjaldið hækkar um næstu mánaðamót um 14.3%, og eins og hv. 3. landsk. þm. sagði hér áðan, er útlit fyrir, að kaupgjaldsvísitalan hækki á árinu um allt að 20% eða meira, og þá sjá allir, hvernig atvinnulíf þjóðarinnar er komið. Kostnaðarverðbólgan gengur laus nú eins og oftast áður, síðan núv. ríkisstj. kom til valda.

Hæstv. ríkisstj. hefur talað mikið um aflabrest og talið, að gengislækkunin í des. og efnahagserfiðleikarnir væru þess vegna. Mér er þó kunnugt um, að sumir hæstv. ráðh. hafa gert sér fulla grein fyrir ástæðunum og hafa séð í gegnum þennan vef. Aðrir hæstv. ráðh. virðast ekki hafa gert sér grein fyrir þessu. Ég heyrði ekki nema lítinn hluta af því, sem hæstv. fjmrh. sagði í gær á beinni línu, en eitt heyrði ég, sem gaf mér tilefni til að fá glöggar heimildir um réttmæti fullyrðinga hæstv. ráðh. Hann sagði, að efnahagsvandinn og gengislækkunin hefðu átt sér stað vegna aflabrests, vegna þess að aflamagnið og aflaverðmætið hefði minnkað um tæp 11% á s. l. ári. Í tilefni af þessu hringdi ég í örugga stofnun, sem gaf mér upplýsingar í morgun. Þar segir, að heildarútflutningur landsmanna hafi verið 1970 12 milljarðar 915 milli., 1971 13 milljarðar 175 millj. og 1972 16 milljarðar 695 millj. Þar af voru sjávarafurðir 1970 10 milljarðar 111 milli., 1971 11 milljarðar 56 millj. og 1972 12 milljarðar 318 millj. Og aflamagnið var 1970 733 þús. lestir, 1971 681 þús. lestir og 1972 739 þús. lestir. Ef hæstv. fjmrh. hefur sagt flest annað álíka satt í áheyrn allra landsmanna í gærkvöld eins og þetta, þá er illa farið.

Ég verð að segja, að það er algerlega þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að segja, að efnahagsörðugleikarnir séu vegna aflabrests eða vegna þess, að aflaverðmætið sé minna, vegna þess að það hefur hvorugt gerzt, að það sé aflabrestur eða að verðlagið sé ekki í lagi. Það vita allir, að það er í hámarki. Erfiðleikarnir eru til komnir af allt öðrum ástæðum. Þeir eru heimatilbúnir. Og nú er svo komið, að flestir eru farnir að gera sér grein fyrir hættunni, sem þjóðfélaginu stafar af þessu. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki traust hjá launþegunum eða stéttasamtökunum. Hún hendir hér í skyndi inn frv., sem hefur ekki stuðning stjórnarflokkanna, káki, sem getur ekki leyst neinn vanda. Úr því að svo er komið, er vitanlega hætta á ferðum, og spurningin er, hversu lengi við getum búið við þetta. Verða ekki atvinnuvegirnir að stöðva rekstur sinn, þegar kemur fram á árið, þegar allt er með tapi og ekkert bólar á lausn togaradeilunnar? Stærsta stjórnarblaðið —(**Forseti:** Þm. hefur talað í 5 mínútur.) Ég skal ekki níðast á því, ég efast ekki um, að hæstv. forseti hefur lög að mæla, þegar hann takmarkar ræðutímann. Ég hef ekki flett upp í þingsköpunum, en ég efast ekkert um það. En ég ætlaði aðeins að segja það, að Tíminn er með ádeilur á ríkisstj. í morgun fyrir það, hversu slælega hefur verið unnið að því að leysa togaradeiluna, og bragð er að, þá barnið finnur. En ég vona, að hæstv. ríkisstj. geri nú eitthvað meira í því að leysa togaradeiluna, þótt kannske megi lítils af henni vænta.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. — Ég ætlaði ekki að halda þessum umr. áfram, þó að augljóst sé, að þá, sem hér taka til máls, langar til þess að hafa hér almennar umr. Það er vitanlega hægt að taka þær upp hér, ef þeir óska eftir. En þegar skýrt er jafnhrapalega rangt frá og hv. 1. þm. Sunnl. gerði hér áðan, er full ástæða til að leiðrétta það.

Hv. þm. talar um, að það hafi í rauninni ekki orðið nein aflaminnkun á s. l. ári, og leikur sér þá með tölur á þann hátt, að hann tekur 100 þús. tonn af loðnu, sem var meiri afli á s. l. ári en árið á undan, og tekur hann með beint inn í myndina. En þó að loðnuaflinn væri 100 þús. tonnum meiri á s. l. ári, fékkst minna verðmæti fyrir loðnuaflann á s. l. ári heldur en árið á undan. Aflarýrnunin kom fram í því, að dýrmætasta tegundin, sem við veiðum, þorskur, hefur minnkað um 30% á tveimur árum og rúmlega 15% á s. l. ári. Menn geta auðvitað haldið áfram að lemja höfðinu við steininn og snúa út úr og falsa tölur á þennan hátt, en það vitanlega breytir engu.

Ein aðalröksemdin hjá togaraeigendum fyrir því, að þeir eigi bágt, er sú, að afli togaranna hafi minnkað svo mikið frá því, sem áður var, sérstaklega hafi minnkað hinar dýrmætari tegundir, sem togararnir veiða.

Það er líka út af fyrir sig að koma hér upp með vandlætingartón um það, að nú sé dýrtíðin að vaxa hér út fyrir öll mörk, og vera nýbúnir að neita um að gera nauðsynlegar og óhjákvæmilegar ráðstafanir í efnahagsmálum í sambandi við stórtjón, sem að höndum bar, og neita að fallast á þá leið að fresta tiltekinni kauphækkun, sem stóð fyrir dyrum, 6—7%, í sjö mánuði, á sama tíma sem vitað var, að launþegasamtökin í landinu höfðu almennt samþykkt þetta, enda var það svo, að forustumenn sumra flokkanna, þeirra sem í andstöðu eru nú, voru búnir að lýsa yfir, að þeir gætu fallizt á þetta. En af hreinu ábyrgðarleysi sneru þeir frá því, sem þeir höfðu áður lýst yfir.

Það er dæmi fyrir sig, að það er Sjálfstfl., sem krefst þess með afstöðu sinni, að þessi

tiltekna kauphækkun skuli koma strax fram, en henni skuli ekki frestað. Hann vildi frekar fara hækkunarleiðina en lækkunarleið, sem var hægt að fara nú. Það var hann, sem knúði það fram m. a., að atvinnurekendur skulu fá að borga næstum tveimur vísitölustigum meira í kaupgjaldi núna út á áfengis- og tóbakshækkun. Það er krafa hans, að svo skuli verða. En hann ætti þá ekki að koma upp á eftir og kvarta fyrir hönd atvinnurekenda, þegar þeir þurfa að borga þetta.

Það er svo til samræmis við allt annað að halda því fram, að um leið og þetta gengur yfir í þjóðfélaginu, hefðum við ekki átt nú að skrá gjaldeyri okkar til samræmis við dollar, við hefðum átt að gera hag útflutningsframleiðslunnar verri en gert var. Það er svona til þess að fylla inn í myndina með samræmi.

Ég skal ekki tefja tímann frekar að þessu sinni. Það er vissulega tilefni til að taka hér upp almennar umr. um þetta, en það er ekki ástæða til þess að gera það utan dagskrár.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil lýsa fullkomnu samþykki við þá skoðun forseta, að það er alger óhæfa af alþm. að hefja hvað eftir annað almennar eldhússumr. utan dagskrár. Þingstörf geta aldrei blessazt með því móti. Verst af öllu er þetta af því, að það er gert af nokkrum hópi þm. eingöngu í auglýsingaskyni, af því að þeir vita, að þeir, sem hefja slíkan leik, eiga nokkuð víst, að þeirra verði getið í fjölmiðlum. Ég mun því ekki taka þátt í almennum efnisumr. um það, sem hér hefur komið fram og margt er mjög athyglisvert, enda liggur fyrir þinginu till. um vantraust á ríkisstj., þar sem slíkar umr. eiga að fara fram. En eitt atriði get ég ekki komizt hjá að nefna og spyrja um.

Hv. 3. landsk. þm. hóf þessar umr. sýnilega í þeim tilgangi að kalla fram ákveðna viðurkenningu frá hæstv. viðskrh. um þróun efnahagsmála undanfarna mánuði og þorfur næstu mánuði. Niðurstaða hv. 3. landsk. nú fyrir skömmu var sú, að hann hefði fengið þau svör, sem hann bjóst við, og ég vona, að ég fari rétt með hans orð, að hann firrti sig ábyrgð á þeirri þróun efnahagsmála, sem er fram undan. Nú vil ég spyrja, hvort þessi yfirlýsing þýði það, að hv. þm. hafi sagt ríkisstj. upp stuðningi, því að hvernig í óskönunum getur ábyrgur alþm. firrt sig allri ábyrgð á þróun efnahagsmála í heild og haldið áfram að styðja þá ríkisstj., sem stýrir efnahagsmálunum? Ég tel, að Alþ. eigi kröfu á að fá að vita, hvað orð hv. þm. þýða, því að ef hann er að segja ríkisstj. upp stuðningi, hefur hún ekki lengur meiri hl. í þessari d., og þá hefur skapazt pólitískt ástand, sem þarf að athuga mjög alvarlega og fljótlega.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hóf mál sitt á því, að menn tækju hér undarlega oft til máls utan dagskrár eingöngu í auglýsingaskyni. Ja, skyldi ekki formaður Alþfl. hafa tekið oftast hér til máls utan dagskrár, og er mjög ánægjulegt að fá þá staðfestingu á því, og ég vona, að hv. 8. landsk. þm. bendi formanni flokks síns á þessa staðreynd.

Í öðru lagi vil ég benda þessum lífsreynda og þingreynda hv. 8. landsk. þm. á, að hann getur varla ætlazt til þess, að ég beri ábyrgð á þeim afleiðingum, sem gengisfellingin í des. veldur þjóðarbúinu, þar sem ég var andvígur þessari gengisfellingu og mótmælti henni. Ég held, að hann sé farinn að rugla þessum hlutum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér fannst fsp. hv. 8. landsk. þm. til hv. 3. landsk. þm. mjög tímabær, og ég get ekki alveg fallizt á skýringu hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar, hér á undan, að hann beri ekki ábyrgð á gengisbreytingunni í des., vegna þess að um leið og hann að vísu lýsti efasemdum sínum um gagnsemi hennar, þá lýsti hann í sömu andránni yfir, að hann mundi auðvitað verja falli ríkisstj., sem bar ábyrgð á þessari gengisbreytingu, sem hann útmálaði alveg réttilega, að hefði ekki náð neinum tilgangi.

Ég kvaddi mér hljóðs öðru sinni aðeins til þess að leiðrétta hæstv. viðskrh. að því leyti, að Sjálfstfl. eða málsvarar hans hafa aldrei neitað því að ræða till. um lausn efnahagsvandans. En þeir hafa neitað því að tengja saman ráðstafanir vegna eldgossins í Heimaey almennum till. um lausn efnahagsvanda, sem á sér aðrar rætur heldur en af eldgosinu stafa. Þetta er meginmunur. Ég vil leggja áherzlu á, að það voru allsendis ósæmileg vinnubrögð af hálfu núv. ríkisstj. að ætla sér að leysa heimatilbúinn eigin vanda vegna þeirra náttúruhamfara og skelfinga, sem Vestmanneyingar hafa þurft að þola.

Endurskoðun á tryggingakerfinu, þáltill. (þskj. 319). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Löggjöf um sjómannastofur, þáltill. (þskj. 321). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, þáltill. (þskj. 265). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfshættir skóla, þáltill. (þskj. 11, n. 296). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur tekið til athugunar þá þáltill., sem hér fara fram framhaldsumr. um Nál. er á þskj. 296, en till. sjálf er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta rannsaka: 1) aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins, 2) vinnuálagið í skólum. Rannsókninni skal hraða svo sem tök eru á, og gera skal Alþ. grein fyrir árangri þegar að rannsókn lokinni."

Þannig eru tvö meginatriði, sem till. vekur sérstaklega athygli á, — atriði, sem sérstök þörf er talin á að gefa verulegan gaum, þegar skólamál ber á góma. Í fyrra lagi vil ég ræða vinnuálagið. Það er talið í ýmsum tilvikum vera meira en góðu hófi gegnir, og eru í grg. fyrir till. nokkur dæmi tekin um það, t. d. eins og það, sem segir í grg., að starfstími, einkum stúlkna í skólum, geti farið yfir 80 klst. á viku eða m. ö. o. tvöfaldur sá vinnutími, sem viðurkenndur er í fjölda starfsgreina hér á landi. Þá má segja það, og það er alkunna, að víða úti um land og eins hér í Reykjavík, þar sem ræðir um heimanaksturs- eða heimangönguskóla, þá fara nemendur margir hverjir mjög langan veg. Þeir fara að heiman frá sér kannske 7—7.30 að morgni og koma í mörgum tilvikum ekki heim fyrr en seinni part dags og jafnvel ekki fyrr en um kvöldmatarleyti, og er þá auðsætt, að mjög skammur tími er til undirbúnings fyrir næsta eða næstu daga.

Svo kemur hitt til, að fjölmiðlar svo sem sjónvarp og útvarp, sjá um það víða að trufla eða útiloka kvöldstarf unglinga og barna, þó að eigi komi til annað eins og t. d. mismunandi aðstaða til náms og annarrar heimavinnu á heimilum. Vissulega má þykja nægilega að verið, þó að ekki komu til undirbúningsvinnu svo síðla sem ég hef getið, nema þá í hreinum undantekningartilfellum. Þá má geta þess, að víða, þar sem mér er kunnugt, er sá háttur orðinn á, að kennsla fellur niður á laugardögum. Fyrir þá sök vex að sjálfsögðu verkefnið hina dagana sem því svarar, því að yfir ákveðið námsefni verður að sjálfsögðu að komast á skólaárinu. Þegar þannig er, virðist eðlilegast að taka til þess ráðs að láta mestan hluta bóknáms og þar með allan undirbúning að næsta degi eða næstu dögum fara fram í kennslustundunum sjálfum, og hefur slík áhending komið oftar en einu sinni fram og m. a. hér á hv. Alþ. ekki alls fyrir löngu. Færi þá fram í sjálfum skólunum allt reglulegt nám, a. m. k. að því er varðar hina yngri nemendur. Hlutverk kennaranna verður að sjálfsögðu að sama skapi mikilsverðara og mun vandasamara en ella, en hins vegar komast kennarar við þetta í betri tengsl, nánari tengsl við nemendurna og munu þá komast að raun um það, að því er varðar hvern einstakan nemenda, ef þeir eru ekki of margir í bekk, hvernig hverjum og einum nemanda tekst að vinna að verkefnunum. En við nánari rannsókn þessara mála munu mörg fleiri dæmi koma til úrlausnar, þannig að leiðréttingar munu í mörgum þessum efnum og fleiri koma til við frekari athugun þessa máls.

Hvað sem öðru líður, er óhætt að fullyrða, að vinnuálag í skólum er tímabært rannsóknarefni og niðurstöður þeirra rannsókna geta orðið til verulegs og jafnvel ómetanlegs gagns um, hvert framhaldið verður hagkvæmast og bezt, bæði fyrir nemendur og kennara.

Það liggja fyrir hjá allshn. umsagnir frá Landssambandi framhaldsskólakennara og Sambandi ísl. barnakennara. Hvor tveggja þessi aðili kveðst fagna þessari þáltill. Landssamband framhaldsskólakennara getur þess m. a., að fyllsta ástæða væri til þess, að jafnhliða færi fram rannsókn á aðstöðu til verklegrar kennslu svo og aðstöðu til mötuneytis fyrir nemendur í skólum. Samband ísl. barnakennara tekur fram m. a. í sinni umsögn, að rannsókn á vinnuaðstöðu nemenda og kennara, hvort tveggja í senn, væri einnig verðugt verkefni. Þessar ábendingar frá aðilum, sem gjörþekkja þessi mál og aðrar hliðar skólamála, virðast mjög eðlilegar og eigi annað sýnna en þessar ábendingar rúmist vel innan ramma þeirrar rannsóknar, sem till. fer fram á.

Annað meginefni þáltill. fjallar um rannsókn á aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins. Vafalaust verður að telja, að aðstaðan, að því er varðar líkamsrækt eða íþróttir, sé misjöfn. Sums staðar mun hún ærið bágborin og jafnvel ekki vera til staðar í sumum skólum. En það segir sig sjálft, að engu að síður verður að leggja áherzlu á stundun íþrótta, herðingu líkamans við skipulega áreynslu en námið sjálft að öðru leyti, og því meira og tímafrekara, sem bóknámið verður og námskröfur hertar, og ég tala ekki um, ef nemendur sækja fast sitt nám og þar að auki kemur svo til langvinn skólaseta, því nauðsynlegri verður þessi þáttur í skólastarfinu. Það er augljóst.

Stjórn Íþróttakennarafélags Íslands hefur sent umsögn um þetta atriði málsins til n., og segir m. a. í þeirri umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Íþróttakennarafélags Íslands leyfir sér að taka fram, að hún er þeirrar skoðunar, að rík ástæða sé til að rannsaka ítarlega aðstöðu til líkamsræktar í skólum landsins. Stjórnin telur, að niðurstöður slíkrar rannsóknar geti m. a. haft veigamikil áhrif á fyrirhugaða endurskoðun á námsskrá fyrir skólaíþróttir og orðið til þess, að athuga verði leiðir til úrbóta. Stjórn Íþróttakennarafélags Íslands vill stuðla að því, að þessi rannsókn verði látin fara fram, og leyfir sér því að styðja þáltill."

Og í þeim tveim umsögnum, sem ég drap á áður, er einmitt vikið að þessum lið till. og þar talin nauðsyn rannsókna í þessu efni.

N. hefur ekki, svo að neinu nemi, borið saman þau skólafrv., sem nýlega hafa komið fram á Alþ., við þáltill., en þykist þó viss um, að þau haggi engan veginn þeirri nauðsyn, sem telja verður á þeirri athugun, sem till. gerir ráð fyrir. Allshn. hefur þannig einróma fallizt á að mæla með samþykkt þáltill.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil leyfa mér að þakka jákvæða afgreiðslu þessa máls hjá hv. allshn. Með henni hefur n. fyrir sitt leyti fallizt á þær hugmyndir mínar, að þessum þáttum beri að veita forgangsathygli, ef svo mætti að

orði komast. Það er nú svo, að þrátt fyrir ákvæði um líkamsrækt í skólum landsins, sem verið hafa lengi í lögum, hefur þróun þeirra þátta í starfsemi skólanna hvergi nærri fylgt eftir aukinni þörf fyrir hreyfingu á námsárunum sjálfum, sem stöðugt verða fleiri og fleiri, þegar á heildina er litið. Og því síður hefur það náðst, sem hlýtur að verða höfuðmarkmið líkamsræktar og hvers konar íþróttaiðkana í skólum, að glæða almennan skilning á því, að í kyrrsetuþjóðfélagi, eins og hið íslenzka þjóðfélag er orðið öðrum þræði, er dagleg hreyfing og líkamsáreynsla jafnmikil nauðsyn þeim, sem vinnur störfin í stólnum sínum, eins og matur og drykkur eru öllu fólki.

Stór hluti af ævistarfi sérhvers Íslendings er nú unninn í skólum. Það er óhætt að segja það, því að auðvitað er það starf eins og annað, sem menn gera á sinni ævi, og eðlilegt verður að telja, að nokkurs samræmis sé gætt um starfshætti og vinnuálag á hinum ýmsu starfssviðum þjóðfélagsins.

Ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á, að það hlýtur að vera eitt höfuðmarkmið allrar fræðslu að búa nemandann undir störfin í því samfélagi, sem bíður hans að námi loknu. Við höfum komið okkur upp eins konar tómstundaþjóðfélagi, að því er tekur til margra starfsgreina. Og sú þróun þjóðfélagsins verður ekki til mikillar gæfu, nema unga fólkið, sem vex upp í þetta nýja samfélag, nái tökum á tómstundum sínum. Skólarnir eiga m. a. að miða störf sín við að hjálpa nemendum sínum til þess arna.

Ég leyfi mér að vona, eftir þessa jákvæðu afgreiðslu n., að þessi ályktun verði samþ. og að vel takist til um framkvæmd hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 329).

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97). — Frh. einnar umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er nú vafalítið búið að segja flest það, sem máli skiptir, um þetta veggjaldsmál. Þó langar mig til að bæta við hér nokkrum orðum, vegna þess að mér finnst ekki hafa komið hér fram nógu skýrt atriði, sem ég tel vera mikilvægt í þessu máli, en það er félagslegur aðstöðumunur í þéttbýli og strjálbýli.

Hér hafa myndazt nokkrir byggðakjarnar á Suðvesturlandi, og þeir valda því, að fjöldi af fólki verður að búa alllangt frá vinnustöðum þess. Reykvíkingar vinna suður í Hafnarfirði og í Keflavík, Hafnfirðingar vinna í Straumsvík og Keflavík o. s. frv. Þetta veldur því, að þessu fólki er nauðsynlegt að aka miklum mun meira á hverju ári en þeim, sem búa á vinnustað sínum eða búa í 1—3 km fjarlægð frá vinnustað, eins og er algengast úti um landið. Þetta veldur því, að kostnaður við akstur yfir árið verður að jafnaði miklu meiri hjá þéttbýlisfólkinu en úti á landsbyggðinni, enda þótt á þeim vegum, sem það ekur, sé dýrara að aka hvern km. Þetta er í raun og veru nokkuð augljóst mál. En þetta er í fyrsta lagi meginástæðan fyrir því, að byrjað er að leggja hraðbrautirnar á þessu svæði, og í öðru lagi er það kannske orsök þess, að að mínu áliti hefur verið tekin upp ný stefna í fjármögnun vega. Fyrir 10 árum var gjald til vegasjóðs af hverjum benzínlítra 1.47 kr., en nú í dag er þetta gjald 9.87 kr. Það er því augljóst, að þeir, sem aka mest, og þeir, sem eru nauðbeygðir til að aka daglega langan veg að og frá vinnustað, gjalda mest til vegasjóðsins. Enginn vafi er því á, að það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þeir, sem búa hér á þéttbýlissvæðunum, eru búnir að greiða til vegasjóðs þá upphæð, sem hefur kostað að leggja þessar hraðbrautir. Og ég tel það hrein öfugmæli, sem kom hér fram hjá hæstv. samgrh. í fyrra, að Suðurnesin skulduðu þjóðinni vegna þess 50 km vegar. Slíkt er algert öfugmæli. Ég tel, að hvorki á því sviði né öðrum skuldi þau nú og hafi jafnan verið fær um að axla sínar byrðar. Sömuleiðis hefur komið fram í þessum umr., að það værum við í þessum landshluta, sem fleyttum rjómann af erfiði annarra. Ég tel þetta einnig ómakleg ummæli. Ég held, að það verði ekki sagt um Reykjaneskjördæmi, að íbúar þess leggi ekki þjóðarbúinu það, sem þeim ber.

Ég sagði áðan, að það hefði verið mörkuð ný stefna á síðustu árum í fjármögnun vega, og tel ég, að þetta hafi komið berlega fram nú fyrir jólin, þegar við fengum hina miklu jólagjöf, 200 millj. kr. aukningu á benzíngjaldi og þungaskatti. Taldi ég nú, að af því leiddi, að þessi till. mundi ekki koma til frekari umr. Því miður varð svo.

Þetta veggjald er ekki eins einfalt mál og léttbært og margir hyggja. Það hefur komið fram hér í umr., að verði það tekið upp aftur, muni það vafalaust verða hækkað um 100%. Mig langar að geta hér um öfá dæmi, hvernig þetta kemur út.

Við vitum, að fjöldi manns á Hafnarfjarðar- og Reykjavíkursvæðinu vinnur suður í Straumsvík. Þessir menn aka alla vinnudaga Reykjanesbrautina án þess að þurfa að greiða veggjald. Ef aftur á móti svo vill til, að maður suður í Vogum eða suður á Vatnsleysuströnd vinnur í Straumsvík, þá verður hann að borga veggjald, sem hefur numið 10—12 þús. kr. á ári og mundi þá nema milli 20 og 30 þús. kr. á ári, eftir að það hefði verið tvöfaldað. Ef veggjald yrði sett við Þingvallavegamót á Vesturlandsveg, sem mér finnst líklegasti staðurinn, þar sem vegir skiptast þar — og ekki mundi veita af að fá alla umferðina um þá inn í kerfið, mundi gjald fyrir vörubíl í Mosfellssveit, sem ekur eins og þeir hafa gert á undanförnum árum, 8—10 ferðir á dag til Reykjavíkur alla daga árið um kring, skipta hundruðum þúsunda. Þessi sami vörubíll mun í ár leggja vegasjóði til um 250 þús. kr. tekjur, og mér sýnist, að það sé ljóst, að hraðbrautarkjör-

dæmin þrjú, sem talað hefur verið um hér, þ. e. a. s. Reykjaneskjördæmi, Reykjavík og Suðurlandskjördæmi, mundi leggja vegasjóði til í ár milli 800 og 900 millj. kr. Þetta munu þau vafalaust gera um langa framtíð árlega vaxandi. Þarfir þeirra fara hins vegar minnkandi fyrir vegafé. Og ég get ekki betur séð en þetta sé ærið veggjald, sem þetta svæði greiðir.

Hefur þá ekkert verið lagt til þjóðveganna úti á landi á því tímabili, sem þessar hraðbrautir hafa verið í byggingu? Sannarlega er það svo. Ég er þá ekki að tala um göng og múla, hliðar eða enni. En mér skilst, að nú þegar séu tilbúnir undir olíumöl 100—2000 km á þjóðvegum úti um landið. Þetta er nærri helmingi meiri km-fjöldi en báðar hraðbrautirnar sem við erum ætíð að ræða um. Kostnaður við að fullgera þetta verk mun hafa verið talinn s. l. sumar um 300 millj. kr., ef miðað er við 200 km. En ef framhald verður á þeirri verðlagsþróun, sem nú er, getur hann vel verið orðinn 400—500 millj. í haust. Hins vegar er það svo, að þgear við lítum á þær geysilegu tekjur, sem vegasjóður fær af hraðbrautarsvæðunum, þá held ég, að það sé ekki að vænta annars en stutt sé í það, að alllangir kaflar á þjóðvegunum verði gerðir varanlegu slitlagi.

Ég vona, að hv. þm. sjái, að aukagjald á hraðbrautir er ósanngjarnt og kemur mjög misjafnt niður, eins og ég hef drepið á. Mér finnst það óþarft, vegna þess að ég tel, að í þéttbýli, þar sem fjöldinn verður að aka að og frá vinnustað, greiði hann með því fyrirkomulagi, sem nú er, sitt veggjald. Hins vegar finnst mér leitt, ef það er rétt, sem ég hef heyrt, að nú eigi að draga úr lántökum til vegasjóðs. Ég held, að það hafi komið ljóst fram einmitt í þessum umr., að lagning varanlegs slitlags á vegi sé mjög arðbær framkvæmd, og ég er sannfærður um, að þau svæði, sem fá varanlegt slitlag, eru fullkomlega fær um að sjá um vexti og afborganir af þeim lánum, sem tekin eru til þeirra framkvæmda. Ég vona því, að hv. þm. sjái, að það er þegar búið að fullsetja á greiðslugetu þeirra, sem þessar hraðbrautir aka, og málin séu í raun og veru ekki svo dökk úti um landsbyggðina, þegar litið er á næstu framtíð.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar þetta mál var á dagskrá 8. þ. m. í þessari hv. d. Þá þegar höfðu margar ræður verið fluttar um málið og ýmis rök tínd til og tíunduð á báða bóga, mörg af þeim skynsamleg. Ég man eftir ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti. Hann tók ekki beina afstöðu til málsins, en lét þess getið, að það hefðu þegar verið flutt mörg skynsamleg rök í málinu, bæði með og á móti, og margar góðar ræður fluttar. Og ekki var ræða hans sízt, því að hún var mjög sanngjörn og ágæt. En það voru aftur sumir aðrir af hv. ræðumönnum, og ég held, að þar hafi aðallega verið um að ræða flm. umræddrar till., sem mér fannst ganga nokkuð langt í málflutningi sínum. Ég man þar eftir ræðum hv. 1. þm. Vestf., 4. þm. Norðurl. e., 6. og 7. landsk. þm. Þessir menn héldu þannig á málum, að mér fannst ganga nokkuð úr hófi fram, þar sem þeir vildu beinlínis gefa í skyn, að þeir, sem væru ekki umsvifalaust með því að leggja veggjald á og hagnýta það til hins ítrasta, væru andstæðingar eða allt að því fjandmenn dreifbýlisins. Ég hygg, að það sem lesa mátti út úr ræðum þeirra, sé ekki ýkjalangt frá þessu. Þess vegna langar mig til, án þess að blanda mér mikið í efnisumr. um þetta mál, að rifja upp fyrir þessum hv. þm. eina kvöldstund hér fyrir síðustu jól.

Þá voru til umr. breytingar á vegal., nr. 23 frá 1970. Ég veit ekki, hvort þessir hv. þm. hafa þá dottað á verðinum sem forsvarsmenn hinna dreifðu byggða eða ekki tekið eftir því, sem þeir voru að gera, og skal ég því rifja það upp fyrir þeim í örfáum orðum. Þeir réttu upp höndina og samþ. að fella niður nokkrar undanþáguheimildir úr vegal., sem gilt hafa mjög lengi. M. a. afnámu þeir með atkv. sínum úr 88. gr. vegal. heimild til að fella niður þungaskatt af skólabifreiðum, sjúkrabifreiðum, slökkvibifreiðum og snjóbifreiðum. Það má vel vera, að það séu skiptar skoðanir um, hvort undanþágur eigi að vera í lögum, en gaman þætti mér þó að sjá þessa hv. þm. semja reglu, sem engin undantekning væri frá. Þarna er um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi eru þessar undanþáguheimildir mjög gamlar í íslenzkri löggjöf. Undanþáguheimildirnar um snjó- og sjúkrabifreiðar o. fl. slíkar eru a. m. k. í lögum um bifreiðaskatt frá 1932, og ég held einnig, a. m. k. efnislega, í l. um bifreiðaskatt frá 1921. Og ákvæði í l., sem hafa kveðið svo á, að búendur geti fengið endurgreiddan þungaskatt af bifreiðum, sem þeir nota aðallega í þágu landbúnaðar, jeppabifreiðum, hafa verið í lögum, frá því að byrjað var að flytja jeppabifreiðar til landsins, og sú heimild er a. m. k. örugglega í lögum frá 1947. Þessir hv. þm. taka þannig þátt í að strika út þessar heimildir, sem eru sumar hálfrar aldar gamlar og aðrar a. m. k. aldarfjórðungs gamlar.

Hefur þetta þá nokkur fjárhagsleg áhrif? Ég vil taka eitt dæmi til að sýna, að þetta skiptir þó nokkru máli peningalega. Ef við tökum t. d. bóndann, sem á venjulega landbúnaðarbifreið, dísilbifreið af landbúnaðargerð, þá þarf hann að greiða af henni skatt og gjöld, áður en hann kemur henni í gegnum aðalskoðun á komandi vori. Að óbreyttum lögum hefði þessi maður þurft að greiða af bifreiðinni 1040 kr., áður en hann fær hana skoðaða. Að þessum lögum breyttum eins og gert var á þessari kvöldstund hér fyrir jólin, eins og ég drap á áðan, þarf þessi sami maður að greiða af sömu bifreið 17540 kr. Þetta er kannske ekki mjög há upphæð á mælikvarða hinna háu talna, sem nú gilda, en þó allveruleg a. m. k. í búreikningi hvers bónda, að maður tali ekki um, að þetta skiptir mjög verulegu máli, einkum úti um land, fyrir rekstur snjóbifreiða og sjúkrabifreiða. Við getum allir verið sammála um, að sá rekstur er margfalt meiri erfiðleikum háður í dreifbýlinu en í þéttbýli.

Þetta vildi ég láta koma hér fram og vona, að menn hafi skilið það. Hitt er svo annað mál,

að ég er ekki alveg viss um, hvað við þm. eigum að ræða þetta mál lengi. Við getum rætt það lengur eða skemur. En það haggar þó ekki þeirri heimild, sem stendur og staðið hefur í lögum. Heimild ráðh. til að ákveða veggjald var innleidd þegar árið 1963. Hún hefur bæði verið notuð og ekki notuð, að segja má, var ekki tekin til hagnýtingar fyrir 1965, og hún hefur ekki verið notuð frá síðustu áramótum.

Þegar gengið var frá vegalögunum á árinu 1963, útbjuggu þáv. þm. þessa heimild í hendur ráðh., sem síðan hefur staðið óhögguð í 95. gr. þeirra. Ég er ekki viss um, hvað við eigum að ganga langt í því að taka fram fyrir hendur ráðh., hvort hann beiti þessari heimild eða beiti henni ekki. Alla vega hefur hún staðið í lögum frá 1963 og stendur enn ráðh. til handargagns, ef hann vill notfæra sér hana.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í umr. 8. febr. s. l., vegna þess að mér þótti ýmislegt í ræðum ýmissa flm. þessarar till. vera þannig, að það yrði að svara því að nokkru. Við yfirlestur á ræðum þeirra á eftir sé ég, að það er reyndar miklu fleira, sem ekki er svaravert, og ég leiði það að sjálfsögðu hjá mér.

Ég fann að því um daginn, að till. sem þessi skyldi flutt, þar sem svo skammt er síðan þetta mál var afgreitt, eða á síðasta þingi. Að þessum orðum mínum hafa ýmsir fundið, þ. á m. tveir flm., hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson og Steingrímur Hermannsson, og hafa reynt að leiða mig, nýliðann, í allan sannleikann um það, að svona málsmeðferð sé mjög algeng hér á hv. Alþ. Af því tilefni, að ég sýndi þessa fáfræði af mér, spurði hv. 1. flm., hvar ég hefði eiginlega verið, áður en ég kom á þing. Ég get kannske sagt honum það í privatsamtali seinna. En ég verð að segja, að sem betur fer var ég ekki hér til að læra þessar kúnstir, sem mér finnst ekki vera til sóma.

Það voru sem sagt nokkur atriði í ræðum hv. flm., sem mig langaði að gera athugasemdir við. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta það, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, að ég hefði í mínu máli talið eðlilegt eða geta komið til greina að innheimta veggjald af göngum gegnum fjöll eða öðrum meiri háttar framkvæmdum. Þetta er ekki alveg rétt eftir mér haft. Ég sagði einmitt, að innheimta á veggjaldi á slíkum stöðum virtist ekki koma til greina, einfaldlega vegna þess, að umferðin er svo lítil. Hins vegar taldi ég, að menn yrðu að vera samkvæmir sjálfum sér, og þar sem flm. leggja talsvert mikla áherzlu á það hagræði, sem fæst af svona vegaframkvæmdum, eins og að leggja slitlag á vegi, þá benti ég á, að hagræði fengist með ýmsum öðrum hætti, þ. á m. með því að leggja göng í gegnum fjöll og fleira þess háttar, og þess vegna kannske eðlilegt að leggja veggjald á þá staði líka. En af öðrum ástæðum er það ekki hægt, þ. e. a. s. innheimtan verður allt of dýr.

Þá hefur talsvert verið talað um þann sparnað, sem notendur veganna hafa af því, að slitlag er lagt á þá. Vissulega er það rétt, að notendur þessara vega spara mikil útgjöld í viðhaldi bíla sinna. En mér finnst hins vegar gleymast þarna meginmálið í þessu, og það er það, sem ég nefndi líka hér í umr. um daginn, að það er ekki nokkur leið að halda malarvegum við, þegar umferðin er orðin eins mikil og hún er á þeim vegum, sem lagðir hafa verið með bundnu slitlagi. Ég held, að menn megi gjarnan líta til hinna félagslegu aðstæðna á þessum þéttbýlu svæðum, sem hv. þm. Oddur Ólafsson kom hér inn á áðan. Hér er umferðin meiri, auðvitað vegna þess, að íbúarnir eru fleiri á tiltölulega afmörkuðu svæði. Það þarf ekki endilega að vera það, að menn aki svo miklu oftar, hver einstaklingur, heldur er það svo, að það eru fleiri, sem nota þessa vegi, og þess vegna kalla þeir á slitlag.

Ég benti á það hér um daginn, að það væri umferðin, sem gæfi tekjur í ríkissjóð, og þar af leiðandi gæfu þeir vegir mest, sem mesta hafa umferðina. Við það sparast viðhald viðkomandi vega, og þess vegna verður meira framkvæmdafé til að leggja í vegina úti á landi.

Ég talaði einnig um, að svona veggjald, sem tekið yrði hér alls staðar í kringum Reykjavík, mundi hafa viðtæk áhrif t. d. á flutningskostnað vegna allra þeirra miklu vöruflutninga, sem eiga sér stað bæði að og frá Reykjavík. Það var gert heldur lítið úr þessu og sagt, að þetta mundi vera alveg öfugt. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér grein fyrir, hve mikið þessir vöruflutningar vega. Mér er kunnugt um, að það fór t. d. fram umferðartalning í síðasta mánuði, og þá kom í ljós, að ¾ hlutar þeirra bifreiða, sem óku þarna um, voru vöruflutningarbílar viðs vegar að af landinu.

Annars virtist mér svo sem ræður hv. flm. gengju mest út á að hnýta í hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh., vegna þess að hann er nú meðmæltur því að fella niður veggjald, og þá er mjög talað um fyrri afstöðu hans í þessu máli. Það er vissulega gott að vera staðfestur í trúnni, en betra held ég að sé að vera maður til að skipta um skoðun, þegar forsendur breytast, en það geta hv. flm. þessarar till. ekki gert. Mér sýnist satt að segja það skína mjög í gegnum málflutning þeirra, að þeir hafi einna mesta nautn af því að vitna í gamlar ræður fyrrv. samgrh. Annars þarf ég ekki að vera að taka upp hanzkann fyrir hann, hann er fullfær um það sjálfur og þar með að bera af sér sakir fyrir skort á óhlutdrægni, eins og það var orðað svo skemmtilega hér um daginn. Mér var kennt, að þetta héti einfaldlega hlutdrægni, en ekki skortur á óhlutdrægni, en það skilst náttúrlega, ef menn leggja sig fram.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti hér mál sitt af miklum skörungsskap og talaði hátt, þegar hann talaði um þetta mál. Efnislega sagði hann eitthvað á þessa leið: Eiga þessir menn að borga sama skatt af bifreiðunum sínum og þeir, sem hafa allt aðra þjónustu? Er það réttlætið, sem hv. þm. eru að berjast fyrir, er það þetta þessi byggðastefna, sem þið eruð að ræða um og stefnið að? Viljið þið viðhalda og auka óréttlætið í þjóðfélaginu? Ég verð að lýsa alveg sérstakri undrun minni á svona málflutningi, og ég skil ekki, hvaða tilgangi hann þjónar. En það vant-

aði dálítið í sannfæringarkraftinn hjá þessum hv. þm., vegna þess að hann sagði í lok ræðu sinnar, að hann væri alls ekki að halda því fram, að þetta væri rétta leiðin, að setja á vegtolla, og það gæti ýmislegt annað komið til greina. Af hverju er það þá ekki athugað áður en menn fara að standa að flutningi þáltill. sem þessari?

Þá talaði hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmason, og hann lýsti undrun sinni á afstöðu þm. Reykn., þótti það furðuleg afstaða, þar sem þeirra umbjóðendur eru búnir að búa við þessa veggjaldsinnheimtu í áraraðir, og þegar nú væri komið að því að innheimta veggjald á öðrum vegum, þá berðust þeir fyrir afnáminu. Við höfum vissulega barizt fyrir afnámi veggjaldsins á Reykjanesbraut, og við breytum að sjálfsögðu ekki þeirri afstöðu okkar, þótt fleiri vegir komi til greina núna. Þótt einhver ákveðinn hópur manna hafi þurft að þola óréttlæti, þá er sá hópur ekkert betur settur, þótt fleiri bætist í hópinn.

Þá sagði hann, að fólkið úti í hinum dreifðu byggðum þurfi nú að borga meira, vegna þess að veggjaldið var afnumið á Reykjanesbraut og ekki tekið upp á Suðurlandsvegi. Það er alveg rétt, að þetta fólk þarf að borga meira nú, en það er einmitt vegna þess, að það var farið að till. þessara sömu manna í fyrra, að það tap, sem vegasjóður varð fyrir vegna afnáms veggjaldsins á Reykjanesbraut, skyldi greitt með hækkuðum benzínsköttum, en ekki úr ríkissjóði, eins og við vildum láta gera.

Ég hef rækilega bent á, hverjar tekjur ríkissjóðs eru af umferðinni, og það eru ekki nema rétt um 50% af tekjum ríkissjóðs af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra, sem fara til vegagerðar í landinu.

Þá sagði hv. 7. landsk., að eina raunverulega réttlætið væri að hækka gjaldið á Reykjanesbraut og setja veggjald á Suðurlandsveg og þetta gjald ætti að vera 100% hærra en það var á Reykjanesbrautinni. Ég er í sjálfu sér ekkert hissa á þessum orðum. Þetta er alveg í samræmi við skoðanir og stefnu stjórnarliða að hækka alla skatta, og virðist svo sem þetta sé kannske hið eina, sem tengir þá orðið saman.

Þetta var það helzta, sem ég vildi svara úr ræðum flm. Það var eitthvað í ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem kom mér dálítið spanskt fyrir sjónir. Ég vissi lengi vel ekkert, á hvora hliðina hann ætlaði að halla sér, en þóttist finna út í lokin, að hann hallaði sér öfugt. Hann nefndi, að hann hefði gjarnan viljað borga 2000—3000 kr. fyrir að losna við hrakninga á heiðarvegum fyrir vestan. Ég dreg það að sjálfsögðu ekki í efa. En ég sé ekki, hvað það á skylt við lagningu slitlags á vegi og greiðslu veggjald þess vegna. Ég held það snjói alveg jafnt á heiðum uppi, þó að komið sé slitlag á vegina.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á það, sem hv. flm. nefndu ekki í ræðum sínum. Mér sýnist, að allur þeirra málflutningur byggist á því, að þeir, sem aka á vegum með bundnu slitlagi, búi við sérstök forréttindi og fyrir það eigi þeir að greiða veggjald. Það er einnig í þeirra málflutningi alið á úlfúð milli dreifbýlis og þéttbýlis. Slíkt er engum til sóma og engum til gagns. Það er sem sagt miðað við það eitt, að slitlag sé komið á veg, en það er horft fram hjá hagræði af ýmsum öðrum framkvæmdum í vegamálum, — framkvæmdum, sem í sjálfu sér gætu réttlætt veggjald, ef umferðin væri svo mikil, að innheimtan svaraði kostnaði. En mér finnst, að menn verði að vera samkvæmir sjálfum sér, og ef veggjald á að leggja á vegna þess, að aukið hagræði fæst af viðkomandi framkvæmd, þá verður auðvitað að leggja veggjald á allar hliðstæðar framkvæmdir og ekki binda sig eingöngu við lagningu slitlags. Því hefur ekki heldur verið á móti mælt, hvað ríkissjóður tekur mikið af umferðinni til sinna þarfa og leggur raunverulega lítið til vegamála.

Eitt af því, sem lögð er áherzla á í grg. með þessari þáltill., er það, hvernig reglur séu erlendis, þar sé mjög algengt að taka veggjald. Ég rakti það í umr. hér um daginn, og því hefur ekki heldur verið mótmælt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta, en vil aðeins í lokin benda á það, að þótt menn bindi sig eingöngu við slitlagið, þá er skammt í það, að ýmsir aðrir vegir en hér í næsta nágrenni Reykjavíkur falli undir þetta kerfi. Ég nefni vegi fyrir vestan. Vegurinn frá Ísafirði og inn á flugvöll hefur þegar yfir 1200 bíla umferð á dag. Auðvitað er orðið tímabært að leggja slitlag á þann veg vegna svona mikillar umferðar, og þá ætti einnig samkv. þessu að taka þar veggjald. Vegurinn villi Hnífsdals og Ísafjarðar hefur orðið 840 bíla umferð. Vegurinn frá Akureyri inn á flugvöll er með 1800 bíla. Allir þessir vegir þurfa auðvitað að fá slitlag. En eftir þeim málflutningi, sem hér hefur verið hafður í frammi, hlýtur einnig að verða að innheimta veggjald af þessum vegum, eða á að koma með einhverja nýja reglu um það, að vegirnir verði að vera svo og svo langir, svo og svo margir km, til þess að veggjald verði innheimt.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil aðeins víkja að örfáum atriðum.

Ég vil þá fyrst segja það, ég tel, að það hafi verið rétt spor, sem hæstv. fyrirrennari minn steig, þegar hann lagði veggjald á Reykjanesbraut. Það gerði hann vegna þess, að fólkið, sem notaði þann veg, kæmi til með að njóta betri vegar en aðrir landsmenn. Þessi vegagerð kostaði mikið fé. Kostnaðarbyrðin lagðist á alla landsmenn að öðru leyti en því, að þeir, sem mest notuðu veginn, tóku að sér að greiða gjald, sem svaraði svo sem helmingi af vöxtum þessa fjár, sem í veginn fór. Og það tel ég, að hafi verið sanngjarnt. Hins vegar er það skoðun mín, að það hafi verið ranglátt, það hafi verið útafkeyrsla af réttri braut hjá hæstv. þáv. ráðh., þegar hann hætti við þetta og ákvað að bera fram till. um að leggja niður gjaldið af Reykjanesbraut, þegar að því kom, að aðrir landsmenn hlutu sams konar veg og þeir, sem Reykjanesbrautar höfðu notið áður. Það fannst mér vera ranglæti gagnvart notendum Reykjanesbrautar að hlaupa þá strax til og leggja gjaldið niður. Þeir hefðu fyrst fengið að sjá það, að þeir sætu við sama borð og aðrir landsmenn, þegar slíkt

skattgjald væri lagt á aðra jafnótt og þeir nytu sams konar vegar. Tel ég, að fyrrv. samgrh. hafi beitt Reyknesinga ranglæti með tillöguflutningi sínum, þegar annar vegur, sem að vísu stefndi á Suðurlandskjördæmi, var innan sjónmáls. En nóg um það.

Ég hlýddi á mál hv. 3. þm. Reykn. áðan. Hann var að rökstyðja, að það væri ranglátt að leggja veggjald á þá, sem nytu þessara vega með varanlegu slitlagi. Hann sagði, að þéttbýli leiddi til þess, að menn sæktu atvinnu um langa vegu, menn úr Reykjavík alla leið suður á Reykjanesskaga, Hafnfirðingar í Straumsvík og um miklu stærra svæði en þeir gætu sótt atvinnu til, ef þessara góðu vega nyti ekki. Mér fannst rökstuðningur hans stuðla að því, að það væri versta böl fyrir þetta fólk, að það fengi þessa góðu vegi og leiðir opnuðust þannig til þess að sækja atvinnu um miklu stærra svið en þeir hefðu getað með nokkru móti, ef góðu veganna hefði ekki notið við. Þetta fannst mér vera öfugmæli. En hann vék svo að því, að það mundi hafa verið öfugmæli, sem ég hefði haldið fram í umr., er málið var hér áður til meðferðar, þar sem ég hefði sagt, að Suðurnesjamenn skulduðu þjóðinni vegna þessa, þrátt fyrir greiðslu þeirra á veggjaldinu. Ég held ég hafi aldrei orðað það á þann veg. En það er skoðun mín og sannfæring, eins og ég hef vikið að nú í upphafi máls míns, að þeir, sem njóta hinna góðu vega á undan öðrum, hafa með greiðslu veggjaldsins tekið að sér að borga nokkurn hluta, aðeins nokkurn hluta af vaxtakostnaði vegna mannvirkjagerðarinnar. En hverjir hafa borgað hinn hlutann, hinn helminginn af vaxtakostnaði þessa fjármagns? Þeir, sem búa við vondu vegina, hafa fengið að borga það gjald í viðbót við þyngsta vegaskattinn, sem greiddur verður, sem eru hinir vondu vegir, að búa við þá, það er þyngsti vegaskatturinn. Kannske menn fari nú að beita rökum sínum í þá átt að segja: Það er ranglátt, að menn borgi veggjald af hinum beztu vegum landsins, — og komist að þeirri niðurstöðu, að það sé miklu réttlátara að leggja skatt á lakari vegina, vondu vegina? Ég held, að augljósara öfugmæli verði ekki hægt að hugsa sér. Þar með sjáum við það í hendi, að það er réttlátasta fjáröflunarleiðin, sem hugsazt getur til vegabóta í landinu, að leggja eitthvert gjald umfram á þá, sem njóta hinna beztu vega. Ég held, að þetta sé nokkuð auðséð.

Einhver vék að því hér í umr., að það hefði ekki mikið gerzt með þessari atkvgr. í fyrrahaust, þegar samþ. var till. um að fella niður veggjald af Reykjanesbraut í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar, heimildin stæði eftir sem áður í lögum fyrir ráðh. að leggja slík gjöld á. Rétt er þetta, að heimildin stendur enn þá í lögum. En þó að till. í fyrra fengi ekki meiri hl. Alþ., var hún afgreidd lögformlega á Alþ., og vilji Alþ. lá fyrir eftir þá atkvgr. um að fella gjaldið niður. Ég taldi mig því ekki geta haldið áfram innheimtu gjaldsins nema með því að virða vilja Alþ. að vettugi, en það taldi ég mér ekki fært. Að þessu var líka vikið áðan af hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni. Þess vegna vil ég taka það fram, að ég tel, að vilji Alþ., þó að samþykktin styddist ekki við meiri hl. þings í fyrra, hafi útilokað það, að ráðh. gæti notað heimildina. En á þeirri stundu, sem það lægi fyrir, að Alþ. vildi, að veggjöld væru lögð á á ný, mundi ég sannarlega nota þá heimild, því að engum er ljósari en mér þörfin fyrir aukið fjármagn til samgöngubóta á Íslandi. Ég mundi nota þá heimild þegar í stað og leggja veggjald ekki aðeins á Reykjanesbraut, heldur á Suðurlandsveg og á Vesturlandsveg, undireins og hann stefnir á Vestfjarðakjördæmi, undireins og sambærileg vegalengd væri þar komin undir varanlegt slitlag. Ég mundi nota allar hliðstæðar heimildir, sem sköpuðust, og ég tel, að enginn réttlátari fjáröflun til vegabóta á Íslandi sé til heldur en leggja ofurlítið aukagjald á þá, sem njóta hinna beztu vega.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér verulega inn í þetta mál. Það eru um það mjög skiptar skoðanir, og sjónarmiðin virðast illsættanleg. Þó langar mig að koma fram með ákveðið viðhorf.

Því er ekki að leyna, að það getur ekki talizt mjög æskilegt að girða af höfuðborgina með innheimtuskýlum, þannig að Reykvíkingar geti ekki komizt til Keflavíkur, til Hveragerðis, upp í Borgarfjörð nema greiða fyrir það ákveðin gjöld við þessi innheimtuskýli. Það má segja, að það sé nokkuð hart, að menn þurfi að greiða fyrir það að komast út úr borginni. Ég vil minna á, hvernig t. d. Kaupmannahafnarbúar mundu sætta sig við það, ef þeir gætu ekki ekið út úr Kaupmannahöfn án þess að greiða fyrir það sérstök gjöld á þeirri forsendu, að malarvegir væru nyrzt á Jótlandi. Svipað væri að girða Oslóborg af með vegskatti á þeim forsendum, að norður í Hálogalandi væru erfiðir vegir. Hvað snertir framkvæmdina, ef við tökum t. d. Austurlandsveg, hvað þyrfti að koma upp mörgum innheimtuskýlum t. d. austur að Hellu? Það þyrftu sjálfsagt að vera ein 3—4 innheimtuskýli, því að við getum ekki látið það henda, að maður geti ekið t. d. frá Selfossi að Hveragerði eftir varanlegu slitlagi, án þess að hann þurfi ekki að greiða gjald á þeim spotta. Og maður, sem ekur frá Hellu að Selfossi, þarf líka að greiða vegtoll fyrir akstur eftir þeim vegi o. s. frv. Það er dálítið hart að horfa á 3—4 eða jafnvel fleiri innheimtuskýli á leiðinni hérna austur fyrir fjall eða austur að Hellu. Kostnaður við þetta er mikill. Það þarf sjálfsagt 4 menn í skýli, og það þarf að reisa þau. Það væri mikill innheimtukostnaður. Yfirleitt vil ég segja það, að þessi skýlastefna, vegtollastefna er mjög hvimleið.

Að hinu leytinu vil ég taka fram, að ég tel, eins og fram hefur komið hjá flm., það vera forréttindi fyrir menn í þéttbýlinu, sem hafa þessa góðu vegi, og það sé ekki nema eðlilegt, að þeir láti eitthvað af hendi rakna til að jafna þann mun, sem er á vegum á landinu. Tel ég miklu eðlilegra að gera það á annan hátt en með þessum hvimleiðu innheimtuskýlum, fyrir utan allan þann kostnað, sem innheimtan sjálf leiðir af sér. Það ætti að sjálfsögðu að gera á þann hátt að hafa sérstakt hraðbrautargjald, sem menn greiddu á því svæði, þar sem menn nytu hraðbrauta, og innheimta það reglulega með hliðstæðum gjöldum af bílum. Það tel ég miklu við-

kunnanlegri og viturlegri aðferð. Þá mætti reikna út lauslega, hvað mundi koma inn með vegtollinum, og síðan dreifa því á allan fjöldann, og það yrði ekki ýkjamikil upphæð. Þetta yrði miklu viðkunnanlegra en girða af höfuðborgina með innheimtuskýlum og valda þannig sífelldum leiða og sífellum deilum. Mér virðist málið standa þannig í þinginu, að þingheimur sé tvíklofinn í þessu efni og reyndar þjóðin að einhverju leyti líka. Ef t. d. kæmi fram till. um, að þeir, sem byggju á hraðbrautarsvæðinu, greiddu eitthvert ákveðið hraðbrautargjald, sem færi í vegasjóð til þess að flýta fyrir vegagerð út um dreifbýlið, þá mundi ég ekki leggjast gegn slíku, en teldi það miklu eðlilegri og betri leið.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, af því að ég viðurkenni fyllilega þau sjónarmið, sem flm. hafa, að því leyti, að þéttbýlið býr við ákveðin forréttindi vegna þessara ágætu vega. Og mér finnst ekki óeðlilegt, að við, sem njótum þeirra forréttinda, látum eitthvað af hendi rakna. En ég get ekki fellt mig við að girða af borgir og bæi hér á Suðurlandi meira og minna með alls konar innheimtuskýlum og innheimtumönnum og öllu, sem því fylgir. Ég tel það mjög fráleitt. En að öðru leyti styð ég algerlega þær hugmyndir, sem liggja að baki málflutningi flm.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Það er engin ástæða til þess að fara að kappræða um einstök atriði. Ég er búinn að setja fram mínar röksemdir í þessu máli áður í tveim ræðum. En það eru þó örfá atriði, sem ég vildi minnast á.

Ég vil fyrst út af ummælum hv. 2. þm. Vestf. um meðferð þessa máls á þinginu fyrir jólin víkja aðeins að því. Hann nefndi nokkrar dagsetningar, þegar málið hefði verið á dagskrá hér í Sþ., og var hneykslaður á því, að við, sem stæðum svona nálægt hæstv. forseta Sþ., skyldum ekki hafa beitt áhrifum okkar til þess að knýja málið fram. Ég vil rifja það upp, að 28. nóv., sem var fyrsti dagurinn, sem hann nefndi, voru hér mjög mörg mál á undan þessu máli, það var mjög neðarlega á dagskránni. 30. nóv. var þetta mál síðast á dagskrá, og allur tíminn fór í að ræða öryggismál Íslands. 5. des. var fsp.-fundur og alls ekki teknar fyrir þáltill., hann stóð til kl. 4. 7. des. var veggjaldinu frestað samkv. beiðni. Og 12. des. fór allur fundartíminn í að ræða afbrot unglinga utan dagskrár, og þær umr. stóðu til kl. 16.30. Þetta er ákaflega algengt, að till. séu oft á dagskrá, áður en þær eru ræddar. Og þar að auki er það nú svo, eftir að kemur fram í des. og fjárlagagerðin er í fullum gangi, að þá er enn erfiðara að koma áfram svona málum, sem allir vita, að verða miklar umr. um.

En ég vildi láta koma fram að gefnu þessu tilefni frá hv. 2. þm. Vestf. kyndugt atriði í sambandi við meðferð þessa máls þá og aftur núna. Tvívegis fyrir jólin kom hv. 1. þm. Sunnl. til mín og bað mig að hlutast til um, að málið yrði ekki tekið fyrir, vegna þess að hann gæti ekki verið viðstaddur. Mér fannst sanngjarnt að verða við því. Þetta var faðir veggjaldsins. Því hafði verið komið fyrir kattarnef, hann tók þátt í því, vafalaust í ógáti, og mér fannst þá sanngjarnt, að hann fengi að vera viðstaddur, þegar þetta afkvæmi hans yrði aftur vakið til lífsins.

En nú bar svo einkennilega við, þegar málið er hér til umr. núna, — ég leit fram einhvern tíma í miðjum umr., — þá situr hv. 1. þm. Sunnl. og drekkur kaffi með hv. 3. þm. Sunnl. Kannske var hugsanlegt, að þeir hefðu getað náð saman í annan tíma. Mér fannst rétt, að þetta kæmi hér fram, úr því að hv. 2. þm. Vestf. fór að minnast á meðferð þessa máls hér fyrr á þinginu.

Ég vil enn fremur taka það fram út af ræðu hv. 2. þm. Vestf., að mér þykir náttúrlega ákaflega leitt, að ég hef óafvitandi orðið valdur að því, að hann skyldi með hjásetu á þinginu 1972 hjálpa til þess að afnema vegaskattinn. Mér þykir þetta mjög leitt, enn leiðara, þar sem mér er alveg ljóst og sjálfsagt öllum, sem hlýddu á hans ræðu, að þessi afstaða hans hefur valdið honum töluverðu hugarangri og bakað honum mjög mikil óþægindi. Þetta harma ég einlæglega.

En eins og ég sagði, ég ætla ekki að fara að deila neitt frekar um einstök atriði þessa máls. Ég vil vekja athygli á því samt, sem ég held, að engum þm. hafi blandazt hugur um, sem hlýddi áðan á ræðu hv. 3. landsk. um hraðbrautargjaldið, sem hann kallaði, sem lagt yrði á bíla á hraðbrautarsvæðunum, að mjög erfitt yrði einnig eftir þeirri leið að fullnægja öllu réttlæti í þessu máli. Margir hafa bent á það, sem auðvitað er rétt, að með töku veggjalda, líkt og hér hefur verið gert, er ekki hægt að fullnægja öllu réttlæti. Það hefur okkur aldrei komið til hugar, að yrði hér frekar en svo víða í gjaldheimtu. En það held ég, að öllum sé ljóst og þurfi ekki að eyða um það mörgum orðum, að það yrði ekki heldur gert á þennan hátt, þó að þetta sé auðvitað sjónarmið út af fyrir sig hjá hv. 3. landsk. þm., sem ég skal ekkert segja um að öðru leyti.

Hv. 3. þm. Reykn. nefndi dæmi þess, að þeir, sem mikið færu um hraðbrautirnar, borguðu þýsna há gjöld með veggjaldi. En þar er því til að svara, að það hefur ekki neinn mótmælt því hér í þessum umr., að það sé svo og svo mikil lækkun á rekstrarkostnaði bíla við að aka vegi með varanlegu slitlagi. Erlendis, t. d. í Englandi, það kom víst fram hér síðast, var talið, að það væri um helmingurinn, sem sparaðist í rekstrarkostnaði á þessum brautum. Hvort sem það er helmingur eða einhver önnur upphæð, eru allir sammála um, að það er mjög mikið. Og ég hef ekki heyrt neinn andmælanda þessarar till. halda því fram, að veggjald, eins og það var, væri nema hluti af þessum hagnaði. Þá er spurningin: Hverjir hagnast þá mest á hraðbrautunum? Það eru þeir, sem oftast aka um þær og borga hæstu veggjöldin. Þeir hagnast mest, af því að þeir borga aldrei með veggjaldinu nema hluta af hagnaðinum við það að fá hraðbrautina, þannig að þrátt fyrir að þetta sé auðvitað tilfinnanlegt, þá fer ekki á

milli mála, að þeir hagnast mest. Og þetta sýnir í raun og veru, að það er ekki hægt að segja, að þetta sé óréttlátur skattur eða íþyngjandi. En höfuðrök okkar fyrir þessari till. er þetta tvennt: annars vegar að taka veggjalds af hraðbrautunum sé eðlileg, því að mönnum sé ekki gert að borga nema hluta af því, sem þeir beinlínis hagnist peningalega, auk þæginda, og svo hins vegar, hversu þarfir vegasjóðsins hafa verið, eru og verða gífurlega miklar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er a. m. k. ekki böl fyrir vegasjóðinn að hafa góða vegi, það er alveg víst, og ef hæstv. samgrh. hefur hlustað á orð mín áðan, þá sagði ég einmitt, að ég liti svo á, að hann hafi tekið upp nýja stefnu og hann hafi fundið leiðina til þess að láta hraðbrautaumferðina greiða vegina. Aðaltekjur vegasjóðs, sem munu vera um 1250 millj. á þessu ári, skilst mér, eru af umferðinni. Ég hef bent á, hve mikill hluti kemur frá hraðbrautaumferðinni. Og eins og ég tók fram áðan, stafar þetta af því, að þetta svæði hér er þannig orðið nú, að það er meira og minna eitt atvinnusvæði. Menn búa í Reykjavík, vinna suður í Grindavík, fiski Reykvíkinga er landað í Grindavík, honum er landað í Sandgerði o. s. frv. Allt þetta hefur í för með sér stóraukna umferð á þessum vegum. Og þegar svo er komið, að menn greiða 9.87 kr. af hverjum benzínlítra, sem þeir nota, og einn vörubíll borgar kannske upp í kvartmilljón á ári til vegasjóðs, þá hafði ég haldið, að það væri komið nóg. Ég gat einnig um það, sem ég tel rétt, að þeir, sem úti á landsbyggðinni búa, hafi í raun og veru allt aðrar aðstæður, þar sem fjöldinn býr ýmist á vinnustað eða mjög nálægt vinnustað. Þar þarf þess vegna minna að nota ökutækin, ekið minna árlega og greitt minna til vegasjóðs, enda þótt greitt sé meira fyrir hverja km.

Ég vildi nú leggja það til, þegar þetta mál kemur í n., að fengnar yrðu rækilegar upplýsingar um, hvernig notkun benzíns og olíu er hagað. Ég held, að það verði nokkuð auðvelt að finna a. m. k. hvað benzín áhrærir, hvernig þeirri notkun er varið, hvar hún er mest og hvað hún er mikil. Væri mjög fróðlegt fyrir okkur þm. að fá það upplýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 126). — Fyrri umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er nú alllangt um liðið síðan till. þessi var lögð fram og hafa þm. af þeim ástæðum haft ærinn tíma til þess að kynna sér innihald hennar, en kann þó að vera, að þetta hafi orsakað, að þeir séu með öllu búnir að gleyma henni. En við hv. 2. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykv. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 126 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til þess að: 1) Hafa sérmenntaða menn á sviði fiskeldis í þjónustu sinni. 2) Láta fara fram tilraunir með eldi fisks í sjó á þeim stöðum við landið, sem eðlilegt er talið. 3) Kynna sér sams konar starfsemi erlendis og hagnýta þá þekkingu við íslenzkar aðstæður."

Á undanförnum árum hefur áhugi á fiskrækt hvers konar farið mjög vaxandi víða um heim. Mikill árangur hefur náðst í ræktun ýmissa vatnafiska, svo sem lax og silungs, og hafa orðið athyglisverðar framfarir í þeim efnum hérlendis. Hin stóraukna laxveiði undanfarin ár á án alls efa rætur að rekja til aukinnar ræktunar. Möguleikar Íslendinga til ræktunar nytjafisks í ám og vötnum eru ákaflega miklir, og ber að leggja áherzlu á hana sem sérstaka búskapargrein. Um fiskeldi í sjó eða söltu vatni gegnir nokkuð öðru máli en um fiskrækt í vatni, að því leyti sem slíkar tilraunir eru miklu nýrri af nálinni og árangur þar af leiðandi í samræmi við það enn sem komið er. Þó hafa nokkrar miklar fiskveiðiþjóðir lagt stóraukna áherzlu á þennan þátt fiskeldis á undanförnum árum og árangur víða mjög athyglisverður. Eru Japanir þar fremstir í flokki, svo Kanadamenn, Norðmenn og Bretar. T. d. að taka er árangur Norðmanna við eldi lax í sjó glæsilegur.

Það liggur í augum uppi, að í þessu efni mega Íslendingar ekki halda að sér höndum. Ekki verður með sanni sagt, að með öllu hafi skort áhuga hérlendis í þessu efni. Á fiskiþingum hafa margsinnis verið gerðar samþykktir um nauðsyn þess að hefjast rösklega handa um framkvæmdir. Á Alþ. flutti Sigurður Bjarnason, núv. sendiherra, till. um þetta efni, og 17. apríl 1968 var svo hljóðandi till. til þál. frá honum samþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á möguleikum vísindalegrar tilraunastarfsemi í fiskrækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Skal hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun."

Ég geri ráð fyrir, að árangur af þessari ályktun Alþ. sé m. a. sá, að á fjárl. undanfarin ár hefur Fiskifélagi Íslands verið veittur fjárhagslegur stuðningur til þess að leggja stund á rannsóknir á sviði fiskeldis í sjó. Að vísu er sá stuðningur langtum of lítill, ef gera á sér vonir um árangur í þessu efni, sem fiskiþjóðin Íslendingar getur verið sæmd af. Þó hefur þessi fjárhagsstuðningur gert Fiskifélagi Íslands kleift að hafa í þjónustu sinni líffræðing, sem stundað hefur rannsóknir og tilraunir á þessu sviði. Þó ber að leggja áherzlu á, að þau ágætu verk, sem hann og Fiskifélagið hafa þegar unnið á þessu sviði, eru meira fyrir áhuga en til fjár. Þessir aðilar hafa nú hafið stórmerka tilraun með eldi lax í sjó, byggða á reynslu Norðmnna í því efni. Um mánaðarmótin júní-júlí í sumar er leið var 5 þús. laxaseiðum sleppt í flotkví við Hvammsey í Hvalfirði. Þar hafa seiðin verið alin á innlendu þurrfóðri. Enn sem komið er er allt útlit fyrir, að tilraun þessi takist vel. Fiskurinn hefur dafnað vel og seiði, sem voru

um 25 grömm á þyngd, þegar þeim var sleppt, eru nú 500—600 grömm að þyngd, og seiðadauði er mjög lítill. Ef allt fer að óskum, má vænta þess, að í nóv. eða svo næsta ár hafi laxinn náð 3—4 kg þunga.

Við flm. þessarar till. ásamt með hv. 1. þm. Reykn. áttum þess kost eigi alls fyrir löngu að skoða framkvæmdir við þessa fiskrækt í Hvalfirði. Ég verð að segja, að það var mjög lærdómsríkt að sjá þessa að því er virtist litlu nót og að sjá fisktorfuna í þessari flotkví, og laxarnir virtust dafna þar ágætavel. Að vísu var sá hængur á, að sjávarhiti var afar lágur og við svo lágt hitastig dregur mjög úr vaxtarhraða fisksins. En hins er að gæta, að seiðadauði var afar lítill, þannig að næstum öll þau seiði, sem sleppt hafði verið í flotkvína, voru á lífi og höfðu dafnað með þeim ágætum, sem ég hér nefndi.

Á það skal lögð áherzla, að hér er um fyrstu tilraun að ræða og alls engin ástæða til þess að láta hugfallast, þótt mistakist að einhverju eða öllu leyti, hvað þá ef hún tekst með þeim hætti, sem allt bendir til, að hún muni gera.

Í sambandi við þetta mál varðar miklu sú staðreynd, að hér á landi búum við enn við hreinan og ómengaðan sjó, og vonandi verður svo um alla framtíð, þar sem vonir standa til, að þjóðir heims taki höndum saman og snúi vörn í sókn gegn hinum ógnarlega vágesti, sem mengun sjávar er. Takist ekki að forðast stórmengun sjávar, þurfum við hvort sem er ekki um að binda.

Sérfróðir menn á sviði fiskeldis í sjó upplýsa, að mjög víða við strendur Íslands séu kjörin fiskræktarsvæði innfjarða. En í þessu efni skortir á um allar rannsóknir. Því þarf þegar í stað að hefjast handa um að kortleggja þá staði umhverfis landið, þar sem möguleikar eru vænlegastir, og hefja rannsóknir og mælingar því til staðfestu. Vakin hefur verið sérstök athygli á stöðum eins og við Hornafjörð og í Lóni austur, við Nípsfjörð í Vopnafirði og firðina, sem liggja suður úr Ísafjarðardjúpi, svo sem Mjóafjörð og Hestfjörð. Þá er Breiðafjörður talinn bjóða mjög fjölbreytta möguleika. Við tilraunir á öðrum löndum hefur komið í ljós, að vexti fiska í sjó má mjög flýta með því að hita sjóinn upp, t. d. í 10 gráður. Við það margfaldast vaxtarhraði fisksins. Líkt má telja, að víða hátti þannig til í landinu, að til þess mætti nota heitt vatn í jörðu.

Þegar sérfræðingar hafa lokið við að kortleggja landið með tilliti til hagkvæmni í fiskrækt og áhugamenn hafa einnig hafið búskap í stórum stíl í þessari grein, er mjög mikilvægt, að Fiskifélagið og menn þess hafi til þess aðstöðu að stunda ítarlega leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi. Mér er fullkunnugt um það, að ýmsir áhugamenn hafa tekið um það ákvörðun að hefjast nú fljótlega handa um tilraunir á þessu sviði. Allt kostar þetta mikið fé, en til mikils er líka að vinna. Á sama tíma og Íslendingar berjast fyrir lífshagsmunum sínum í landhelgismálinu, hygg ég, að það yrði þeim til enn meira hróss, ef þeir hæfust myndarlega handa um fiskrækt í stórum stíl. Eitt með öðru mundi það styrkja málstað okkar. Um leið og við krefjumst réttar okkar til fiskimiðanna við strendur landsins, erum við einir að axla ábyrgð á vexti og viðgangi fiskstofnanna innan lögsögu okkar. Við verðum að vera menn til þess að gæta þess mikla forðabúrs, sem Íslandsmið eru, ella höfum við fyrirgert rétti okkar.

Á sviði fiskeldis blasa við stórkostleg verkefni, sem bíða þess eins, að unnin verði. Okkur ber skylda til að hefjast þegar í stað handa og af því afli, sem um munar. Við þurfum að láta það strax ásannast, Íslendingar, að við kunnum fleira en að drepa fisk.

Forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þegar þessari umr. lýkur, þá verði málinu vísað til hv. fjvn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í till. til þál. um fiskeldi í sjó á þskj. 126, sem hér er til umr., er lagt til að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til að hafa sérfræðinga í fiskeldi, gera tilraunir með fiskeldi í sjó og kynna sér slíka starfsemi erlendis. Í grg. kemur fram, að eldi sjávarfiska sé ekki komið á fjárhagslega arðvænlegan grundvöll, en á hinn bóginn sé eldi vatnafiska, þ. e. a. s. laxfiska, orðið atvinnugrein í Noregi. M. ö. o. er svo að skilja, að eldi laxfiska í sjó sé það, sem stefnt sé að.

Lög nr. 76 frá 1970, um lax- og silungsveiði, fjalla um veiðimál, en þau eru þannig skilgreind í 1. gr. nefndra laga: „Hvers konar mál, sem lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.“ Lögin ná til lax og silungs, hvort sem þessar fisktegundir eru í fersku vatni eða söltu. Verður því ekki annað séð en Fiskifélaginu sé ætlað með þáltill. þessari að fara inn á svið laxveiðilaganna, en í þeim er m. a. kveðið á um stjórn þeirra mála, sem heyra undir landbrh. Þá má benda á, að í þáltill. er gert ráð fyrir starfsemi, sem er nú þegar að langmestu leyti í framkvæmd á vegum veiðimálastofnunarinnar á grundvelli ákvæða laxveiðilaganna. Ef slík starfsemi verður rekin á vegum Fiskifélagsins, mun verða unnið í tveimur stofnunum að sama verkefni, ríkisfé, sem getur komið að miklu gagni, ef veitt væri einum aðila, er deilt á tvo, og árangurinn af starfseminni verður óhjákvæmilega miklum mun minni. Að mínu áliti væri lítil hagræðing í slíku. Sjálfsagt er í sambandi við fiskeldi að skipta því niður í málefni og á stofnanir eftir eðli þeirra. Þannig eru að öðru leytinu vatnafiskar og vatnafiskaeldi og að hinu leytinu sjávarfiskar og sjávarfiskaeldi. Vatnafiskaeldi, sem fara mun fram í náinni framtíð, mun vafalaust verða stundað við ströndina í netkvíum eða í víkum og vogum, þar sem verulegur hluti eða allt eldi fer fram í landhelgi einstakra jarða eða landhelgi þéttbýlisstaða. Er rétt m. a. af þeirri ástæðu að tengja tilraunastarfsemina með vatnafiska í sjó við fiskeldi í fersku vatni, enda er vatnafiskur alinn upp í fersku vatni, þar til hann er tilbúinn að fara í sjó. Svo til sömu tæki og tilsvarandi reynslu og þekkingu þarf til á báðum stöðum. Um eldi sjávarfiska gegnir allt öðru máli.

Þegar efni þáltill. er athugað í einstökum atrið-

um, kemur í ljós, að sú starfsemi, sem þar er rætt um, er nú þegar unnin í veiðimálastofnuninni. Hún hefur á sínum vegum sérhæfða menn, þ. á m. fiskifræðing, sem vinnur að tilraunum með eldi sem aðalverkefni. Laxeldisstöðin í Kollafirði, sem starfað hefur síðan 1961, hefur aðstöðu til tilraunastarfsemi með fiskeldi og þjálfað starfsfólk til að vinna að slíkum tilraunum. Við stöðina hefur fengizt mikil innlend reynsla við fiskeldi, og virðist augljóst, að nota beri þessa reynslu og þekkingu, sem aflazt hefur með tilraunum, við eldi vatnafiska í sjó. Með stækkun á tjörnum laxeldisstöðvarinnar á s. l. sumri eru möguleikar auknir hvað snertir tilraunastarfsemi, m. a. vegna þess að ein tjörnin við flæðarmálið verður með sjóinngöngum. Þá er aðstaða til netkvíaeldis í Kollafirði nokkra metra frá landi. Ráðgert er að nota aðstöðuna á næsta sumri til tilrauna með laxeldi. Mun þá nýtast aðstaða í laxeldisstöðinni og reynsla starfsfólksins þar við tilraunina. Í sambandi við netkví — arnar má geta þess, að slíkar kvíar má einnig nota í stöðuvötnum, og hafa ráðagerðir um tilraunir með netkvíar í stöðuvötnum verið á döfinni undanfarin ár, þótt ekki hafi enn orðið úr vegna fjárskorts.

Starfsmenn veiðimálastofnunarinnar og ráðgefandi verkfræðingur hennar hafa um árabil fylgzt náið með því, sem gerist erlendis í fiskeldismálum, þ. á m. með eldi vatnafiska í sjó. Hafa nefndir aðilar farið til útlanda í kynnisferðir í þessu sambandi og eru því vel kunnugir því, sem verið hefur og er að gerast á umræddu sviði, auk þess sem þeir hafa mikla reynslu og þekkingu á íslenzku umhverfi. Aðstaða til fiskeldis, bæði í fersku vatni og í sjó, hafa verið kannaðar víða um land af sérfræðingum veiðimálastofnunarinnar. Nú hin síðustu ár hafa farið fram skipulegar kannanir á eldisaðstæðum, til þessa aðallega á Norðurlandi og Suðvesturlandi, en ráðgert er að kanna allt landið á næstu árum. Leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi um vatnafiskaeldi hefur verið rekin af veiðimálastofnuninni, og verður hún aukin, eftir því sem stofnuninni vex fiskur um hrygg.

Af því, sem að framan segir, er augljóst, að tilraunum með eldi fiska í sjó er þegar ætlaður staður í lögum. Vatnafiskaeldi, hvort heldur er í fersku vatni eða í sjó, er landbúnaðarmál og fellur undir lög um lax- og silungsveiði. Tilraunir um eldi sjávarfiska og önnur sjávardýr heyra undir Hafrannsóknastofnunina, sbr. 17. gr. l. nr. 64 frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en þar segir í 5. lið, með leyfi forseta: „Rannsóknir á fiskrækt og öllu, sem að því lýtur, áburð í sjó o. s. frv.“ Af þessu verður séð, að ef Alþ. veitir Fiskifélaginu fé til tilrauna með fiskeldi í sjó, er verið að fara aftan að laxveiðilögunum og lagaákvæðum um Hafrannsóknastofnunina. Fé til tilrauna með eldi fiska í sjó ber því að veita nefndum stofnunum, og þær hafa mesta möguleika og þekkingu til að gera slíkar tilraunir, hver á sínu sviði.

Eitt atriði þessarar till. vil ég mjög taka undir. Það er brýnt að auka fjárframlög til slíkra rannsókna. Það er vaxandi áhugi hjá bændum og ýmsum fleirum að fara út í fiskrækt, og ýmsir telja, að þar sé um álitlega búgrein að ræða. En tilraunir á þessu sviði eru enn ekki komnar á það stig, að réttmætt sé fyrir einstaklinga að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir á þessu sviði. En þar sem allt bendir til, að þessi búgrein gæti komið til með að verða arðvænleg, ef rétt er á haldið, þarf að stórauka rannsóknir á þessu sviði og undirbyggja leiðbeiningaþjónustu enn betur en hægt hefur verið að gera fram að þessu, áður en áhugamenn fara út í slíka framleiðslu, a. m. k. að ráði. Ef þannig er farið að, gæti það komið í veg fyrir mistök, sem gætu orðið mörgum einstaklingi dýr og tafið fyrir því, að fiskrækt í sjó og vötnum yrði að atvinnugrein, sem gæfi álitlegan hlut í þjóðarbúið.

Hér á hinu háa Alþ hafa í vaxandi mæli verið bornar fram till., sem fela það í sér að skerða á ýmsan hátt hlut landbúnaðarins. Sú þáltill., sem hér er til umr., er ein þeirra. Þó vil ég ekki ætla að óreyndu, að flm. þessarar till. hafi gert það í þeim tilgangi, heldur af hinu, að þeir hafa ekki kynnt sér málið nægilega og ekki hugsað út í, hvað í raun og veru flest í till. Ég vænti þess, að hv. flm. taki málið á ný til athugunar og komi sjálfir fram með brtt., sem feli í sér, að þeim stofnunum, sem eðli sínu samkv. eiga og eru bezt færar til þess að gera tilraunir á þessu sviði, verði falin þau verkefni, sem till. fjallar um. Hins vegar þarf að knýja á um auknar fjárveitingar í þessu skyni. Það er fyrst og fremst þær, sem á stendur, en ekki á lagalegum grundvelli, þekkingu eða aðstöðu til að gera slíkar rannsóknir.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég mælast til þess við hv. n., sem fær þessa till. til meðferðar, að hún sendi Búnaðarþingi till. til umsagnar, þar sem þingið situr nú að störfum.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að við gerð þessarar till. kom mér sízt í hug, að tillögugerðin yrðu túlkuð á þann veg, að með henni væri verið að draga burst úr nefi landbúnaðar í landinu. Kann að vera, að þeim á veiðimálastofnuninni þyki, að úr þeirra nefi sé burst dregið, og mega þeir gjarnan hafa um það þær skoðanir, sem þeim sýnist. En því fer alls fjarri, að það hafi verið hugmyndin, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. hélt hér fram, að skerða hlut landbúnaðarins, og hér í þingi hefði þess í vaxandi mæli gætt, að fluttar væru till., sem gengju í slíka átt. Ég held, að einhver einkennileg minnimáttarkennd hv. þm. sé hér að verki. Vil ég þó taka fram, að ég er af eðlilegum ástæðum ekki eins kunnugur gangi mála hér í þingi og hann. En allt hans tal hljómaði eins og samið væri inn á Veiðimálaskrifstofu og það er kannske ekki verra fyrir það. En allt átti það nú ekki erindi hingað.

Ég verð að segja, að sá þáttur, sem um er fjallað í tillögunni, er mjög sérstaks eðlis. Þótt tekið sé dæmi um þá möguleika, sem sýnast vera fyrir hendi um ræktun lax í sjó einvörðungu, þegar fiskur er kominn af sem maður getur sagt pokaseiðisstigi, þá er þessi aðferð, sem hér um ræðir, allt önnur en sú, sem veiðimálayfirvöld okkar hafa fengizt við, og hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess, held ég, að

ráðagerðir hafi verið uppi um árabil um framkvæmdir og tilraunir í sambandi við netkvíar, en ekki náð fram að ganga af þeim sökum, að fé hefur skort. Og það er einmitt þar, sem skórinn kreppir, að til þessara mála hefur ekki verið varið nálægt því nægjanlega miklu fé. En eins og ég sagði, þótt hér væru dæmi dregin af eldi lax í sjó, þá eru fjölmargir aðrir þættir, sem koma við sögu, og e. t. v. ótrúlegir möguleikar, sem eru fyrir hendi um ræktun hvers kyns sjávardýra. Við vitum ekki í dag nema að því kunni að draga, að við getum með einhverjum hætti jafnvel ræktað þorskfisk, og verð ég að segja, að ekki verður með neinum sanni sagt, að talizt geti að verið sé að draga burst úr nefi landbúnaðarins, ef í slíka tilraun yrði farið. En þetta er gömul saga og alþekkt, að þegar reynt er að þoka fram nauðsynjamálum, þá þykir einhverjum embættisherranum í þjóðfélaginu að sér vikið og tilraun til þess gerð að skerða sitt valdssvið, og þá er gripið til þess ráðs að reyna með öllum hætti að koma í veg fyrir, að það mál nái fram að ganga. Og hér er á ferðinni ein slík tilraun.

Ég ætla ekki að vanmeta það starf, sem veiðimálastofnunin hefur innt af höndum. Ég er ekki heldur maður til að dæma um það. Það liggur þó alveg ljóst fyrir, að hún hefur legið undir mjög harðri gagnrýni og það fé, sem til hennar hefur verið varið, hefur ekki þótt bera ávöxt sem skyldi, að ekki sé meira sagt. En eins og ég sagði, til þess er ég ekki maður að dæma.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess, að ekki væri enn komið þann veg málum, að ástæða væri til þess, að einstaklingar hæfu slíkar framkvæmdir eins og með ræktun fisks í söltu vatni. Og ég tók eftir því í skýrslu, sem kom frá Veiðimálaskrifstofunni á borð þm. fyrir tveim dögum, að allur hennar tilgangur endaði í síðustu mgr., þar sem á það var vinsamlegast bent, að allar slíkar tilraunir væru háðar leyfi Veiðimálaskrifstofunnar. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess, að málum væri ekki þannig háttað enn, að það væri til þess ástæða, að einstaklingar hæfu aðgerðir í þessu efni. En ég verð að segja, að þá þykir mér stungin tólg, ef veiðimálastofnunin, sem hefur e. t. v. leyfi til þess samkv. lögum, ætlaði að setja fótinn fyrir það, að einstaklingar hæfu slíkar tilraunir. Mér er kunnugt um það, að það er maður hið næsta við mig, sem hyggst nú alveg á næstunni hefja hér á Reykjanesi slíkar tilraunir með eldi fisks í sjó. Og ég gat um það, að reynsla sú, sem Norðmenn hafa fengið af þessu nú á næstliðnum missirum, er mjög glæsileg, svo að ekki sé meira sagt. Ef einstaklingar vilja leggja fé sitt fram til þess arna, má furðu gegna, ef í einhverju ætti að hamla gegn þeirri framtakssemi.

Varðandi það, að verið sé að fara aftan að lögunum í þessu efni, þá kann að vera, að í strangasta skilningi laganna eigi þetta allt að vera undir hatti veiðimálastofnunarinnar. Það kann vel svo að vera. En ef á að hindra framgang þessa mikla stórmáls með því, að hægt sé með lagakrókum að heimfæra það undir einhverja stofnun í landinu, sem á framkvæmdum liggur og hefur ekkert framkvæmt, sem máli skiptir, í sambandi við ræktun á þessu sviði a. m. k., þá læt ég það alveg vera. Þá eru þar ekki hugsjónamenn að verki, sem vilja veg þessa máls mikinn. Ég vil enn fremur benda á, — það kann að hafa komið fram í umr. þá, þegar samþ. var hér 17. apríl 1968 þáltill., að sú tillögugerð bryti í bága við lög, — en allt að einu varð þetta þó að samþykkt Alþingis, að ríkisstj. skyldi láta fara fram athugun á möguleikum vísindalegrar tilraunastarfsemi í fiskrækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi, og samráð skyldi haft við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat þess, að aðstæður hefðu verið kannaðar víða um land í þessum efnum. Það kann að vera. En ég held, að það sé þó allt á algeru frumstigi. Og tilgangur þessarar till. er sá að reyna að hrinda þessu máli fram, svo að um muni.

Veiðimálastofnunin mun hafa starfað a. m. k. með sína laxeldisstöð allt frá árinu 1961. Í ýmsu hefur árangur náðst, en ég held þó, að það sé almannarómur, að árangur hafi ekki náðst neitt nálægt því eins mikill og menn bundu vonir við, og allavega langt frá því, ef miðað er við það fjármagn, sem til starfseminnar hefur runnið. Ég dreg alls ekki í efa, að veiðimálastofnunin hafi á að skipa hæfum mönnum. En hér er um svo stórvaxið verkefni að tefla, að það er fullkomin ástæða til þess, að að málefninu vinni fleiri stofnanir, og að halda því fram, að það sé ekki eðli málsins samkv. að fela þetta verkefni Fiskifélagi Íslands, það fæ ég a. m. k. ekki skilið. En af sjálfu leiðir, að þessar stofnanir mundu vinna saman. Maður mundi a. m. k. ætla um stofanir, sem eru reknar, a. m. k. önnur og hin að nokkru leyti fyrir opinbert fé, að menn, sem þar vinna að málum, beri til þess gæfu að starfa saman að svo mikilvægum verkefnum sem hér um ræðir.

Ég hef ekkert á móti því, öðru nær, að þessari till. verði vísað til Búnaðarþings. En ég vænti þess fastlega, að þar verði ekki litið á þetta sem svo, að hér sé verið að gera einhverja tilraun til þess að skerða hlut landbúnaðarins í landinu. Allt, sem að fiskrækt í vatni lýtur, er vissulega búgrein, og eins má kalla þetta búgrein, fiskrækt í sjó, — að svo miklu leyti sem fiskræktin yrði á afmörkuðum svæðum og undir manna höndum, má enn fremur kalla það búgrein. En ég er reiðubúinn að styðja allar till., sem í þá átt ganga að efla sem mest þá mikilvægu búgrein, sem fiskeldi í vatni er. Við höfum vissulega náð mjög miklum árgangri í fiskrækt í vatni, og hin aukna laxgengd undanfarin ár er talin vera tvímælalaust því að þakka. Þarna á veiðimálastofnunin vissulega hlut að máli. En það eru fleiri, miklu fleiri, sem þar eiga hlut að máli, og sem betur fer hefur þetta ekki verið einokað af veiðimálastofnuninni, þessi tilraunstarfsemi um fiskrækt, því að mér er nær að halda, að þess muni finnast dæmi, að árangur hafi, a. m. k. miðað við fjármagn, náðst betri af öðrum að-

ilum en veiðimálastofnuninni. Þessi skoðun mín verður leiðrétt, ef menn hafa til þess rök. Og það verð ég að segja, að hefði verið illa farið, ef hefði átt að hindra þær merku tilraunir og þær merku framkvæmdir, sem ýmsir einstaklingar hafa gert á þessu sviði. En ég gat ekki betur skilið af máli hv. 4. þm. Norðurl. e. en að hann vildi meina, að allt þyrfti þetta að vera undir hatti veiðimálastofnunarinnar: að þessu væri verið að vinna, það væri óráð, að fleiri aðilar kæmu þarna, menn skyldu fara varlega í sakirnar, en sem þakkarvert er tók hann undir það, að stórauknu fjármagni þyrfti að verja til þessa.

Ég vara við því, ef á að fara að verða skæklatog út af þessu mikilsverða máli milli stofnana, sem að þessu eiga að vinna eðli málsins samkv. Það er alþekkt fyrirbrigði, að embættismannavaldið hér á landi bregður mjög hart við, ef því finnst, að sé verið að draga, eins og ég sagði, burst úr nefi sér, og það vill ógjarnan sleppa því, sem það hefur hönd á fest. Það er allt of mikið um það, að þeir deili og drottni, og minna um það, að þeir, sem raunverulega hafa og eiga að hafa til þess vald að ráða, eins og hið háa Alþ., fari í raun réttri með völdin. Enda þótt til séu lög um afmörkuð verkefni til handa veiðimálastofnun, hlýtur hið háa Alþ. að ráða því sjálft, ef því sýnist svo, að fela öðrum aðilum verkefni á svipuðu sviði. Mér er alveg ljóst, að ef á drepa þetta í dróma með því að vísa til þess einvörðungu, að þetta sé í athugun hjá veiðimálastofnuninni, þá líða ár og dagar, þangað til við sjáum nokkurn árangur, sem máli skiptir. Hér er verið að reyna að gera tilraun til þess að opna augu manna fyrir nauðsyn þess, að stórauknu fjármagni sé til þessa varið. Og ég hefði að óreyndu vænzt þess, að allir hv. þm. mundu undir þetta taka og leggja lið sitt til þess, að svo mætti verða. En þótt mér sé ekki geðfellt að væna hv. 4. þm. Norðurl. e. um það, þá er mér nær að halda, að hann gangi hér erinda forustumanna á veiðimálastofnuninni. Ég skil það vel, það er mannlegt af þeim, að þeir vilji halda þessu í sínum höndum, því að það mætti e. t. v. skilja það sem svo, að það væri nokkurt vantraust á þeirra starf, að svo yrði ekki áfram, því að vissulega er þeim ætlað einnig að starfa að þessu. En ég bendi einnig á, eins og ég hef áður gert að vísu, að þetta er miklu fjölþættara verkefni en veiðimálastofnuninni hefur verið ætlað og framfarirnar í þessum efnum eru svo stórstígar, að það er mál til komið, að við Íslendingar förum að fylgjast náið með þeim.

Hv. þm. gat þess, að veiðimálastofnunin fylgdist með því, sem væri að gerast úti í löndum í þessum efnum. Ég vil þá spyrja: Hvar liggja þær upplýsingar fyrir? A. m. k. fæ ég ekki séð af þeim ritum, sem hingað hefur verið dreift af hálfu veiðimálastofnunarinnar, að þar sé neitt, sem sé hönd á festandi.

Mér berast þær frengir frá mönnum, sem hafa aðeins haft af þessu spurnir í Japan, að þar hafi menn náð mjög langt í þessum efnum, og það varðar miklu fleiri tegundir fisks en nokkurn tíma koma nærri fersku vatni. T. d. má geta þess, að Bretar hafa náð athyglisverðum árangri í ræktun sólkola og sandhverfu og fleiri tegunda.

Nei, það er út í hött að ætla sér að setja fót fyrir þetta mál með því að halda því fram, að það sé verið að skerða hlut landbúnaðarins. Þar er verið að seilast um hurð til lokunar. Og einnig er það út í hött, að það sé verið að ætla einhverjum aðila, sem óeðlilegt mætti kallast, að fjalla um þessi mál, þegar lagt er til, að Fiskifélag Íslands hafi þetta verkefni með höndum. Hvort tveggja er fjarri öllu lagi. Og enda þótt svo mætti kannske segja, að hér væri um verkefni að tefla, sem veiðimálastofnunin ætti að hafa með höndum, og að sumu leyti eðlilegt, að hún yrði efld til þess að vinna það, þá er samt sú reynsla fyrir hendi, að við þurfum fleiri aðila til að takast á við þetta mikilvæga verkefni, og umfram allt þarf að hrinda verulegu átaki í framkvæmd. Við megum ekki láta tímann líða, svo sem verið hefur, án þess að taka rösklega til höndum. Það er undirstöðuatriðið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég átti raunar ekki von á því, að það, sem ég sagði hér áðan, mundi verða túlkað á þann veg, sem hv. 1. flm. þessarar till. gerði í ræðu sinni. En ég sýndi fram á það í ræðu minni áðan, að það væru tvær stofnanir, sem lögum samkv. ættu að sinna þessum verkefnum. Þm. færðist alveg undan því að minnast á aðra þessa stofnun, þ. e. a. s. Hafrannsóknastofnunina. Ég tók það alveg sérstaklega fram, að auðvitað ætti hún að sinna tilraunum í sambandi við sjávardýr, sjávarfiska, enda er það greinilega sagt í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, í 17. gr., eins og ég sagði í minni fyrri ræðu: rannsóknir á fiskrækt og öllu, sem að því lýtur. Í sjálfu sér má segja, að í þeirri ræðu, sem hv. þm. flutti hér áðan, fælist í raun og veru vantraust á báðar þessar stofnanir, sem eiga lögum samkv. að vinna að þessum verkefnum. Og ég harma, að þm. skuli gera það hér í ræðustóli. Sannleikurinn er sá, að það má auðvitað lengi deila um, hver sé árangur á þessu sviði. Það eru í raun og veru byrjunarrannsóknir, sem þessar stofnanir báðar eru að inna af höndum, og ég verð að segja það, að eftir því sem skrifstofustjórinn í norsku veiðimálastofnuninni segir um þessa stofnun og þær rannsóknir, sem hafa verið gerðar á Íslandi, þá telur hann, að Íslendingar séu þar langtum fremri t. d. Norðmönnum, komnir lengra, og öfundar Íslendinga, hvað þeir hafi komizt langt einmitt í ræktun vatnafiska.

Það er mikill misskilningur hjá ræðumanni, að það sé nóg að hafa silungs- og laxaseiði í fersku vatni, þangað til sé komið að pokaseiðisstiginu. Það er mikill misskilningur, ef hann heldur það, eins og mætti ætla af ræðu hans hér áðan. Sannleikurinn er sá, að það er alveg sama verkefnið að rækta lax og silung, hvort sem það er í fersku eða söltu vatni. Og það eru ekki aðrir, sem hafa neina reynslu eða þekkingu á þessu sviði, heldur en þeir menn, sem eru að vinna að þessu verkefni.

Ég tók undir það í ræðu minni áðan, að það þyrfti að auka fjármagnið, og það kemur t. d. í ljós í þeirri grein, sem ég var að vitna hér í, sem er í Alþýðublaðinu 17. jan., það er þýdd grein eftir skrifstofustjórann í norsku veiðimálastofnuninni, sem ég skal lána hv. þm., ef hann vill. (SvH: Ég hef séð hana.) Jæja, það er gott. En það er ekki hægt að heyra það á málflutningi hv. þm., a. m. k. hefur hann lítið með hana gert. En ég hef fylgzt með því, sem hefur verið að gerast í Kollafirði undanfarin ár. Ég efast um, að nokkur hafi komið oftar þar en ég, a. m. k. ekki af þm., því að ég kem þar oft á ári, og þess vegna veit ég, um hvað ég er að tala í þessu sambandi.

Þm. getur ekki borið á móti því, að ræktun á vatnafiski er landbúnaðarmál, og ef er verið að fela þetta öðrum en þeim stofnunum, sem heyra undir landbrn., þá er verið að reyna að seilast í það, og næsta stig, ja, hvað verður það?

Það var ekki hægt að heyra annað á orðum hv. þm. áðan en hann liti svo á, að það hefði verið ákaflega lítið gert á veiðimálastofnuninni. Eigum við ekki að reyna að vinna að því saman, að þær stofnanir, sem samkv. lögum eiga að sinna þessum verkefnum, fái fjármagn til að halda áfram sínum rannsóknum og þeir menn, sem hafa þekkinguna, sýni, hvað þeir komast. Þegar búið er að reyna það, er hægt að fara að tala um að fela öðrum það, sem vita þá kannske ekkert, hvað þeir eru að gera.

Ég vil endurtaka það, að ég vonast til þess, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, sendi það Búnaðarþingi, og ég hefði mikla ánægju af því að vita, hvort búnaðarþm. mundu ekki líta á þetta líkum augum og ég við nána athugun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íbúðarlán úr Byggingarsjóði ríkisins, þáltill. (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég bað um orðið í sambandi við umr. um þessa þáltill., þegar umr. fóru hér fram aðallega milli hv. flm. og hæstv. ráðh., einvörðungu af því, að ég tel mig hafa sérstakan áhuga á húsnæðismálum almennt. Ég taldi alveg sérstaka ástæðu til að taka undir og fagna þeim mikla áhuga, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., flm. þessarar þáltill., í sambandi við hækkun lána til íbúðarhúsabygginga, ekki hvað sízt með tilliti til þess, að hann hafði um áraraðir átt sæti í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar undir viðreisn, þegar húsbyggjendur, úti um landsbyggðina sérstaklega, bjuggu við mikla lánasveltu í kerfinu.

En það, sem kom mér sérstaklega til að biðja um orðið í sambandi við þessa till., var í fyrsta lagi að fagna þeirri ákvörðun ríkisstj. að hækka lánaupphæð í 800 þús. kr., sem vissulega bætir mjög ástandið fyrir húsbyggjendur, þótt ég vilji taka sérstaklega fram, að ég get alveg tekið undir það með hv. flm. þessarar þáltill., að vissulega væri þörf á hærri fjárhæð.

Í öðru lagi vil ég fagna þeim ummælum hæstv. félmrh., sem hann viðhafði við umr. hér, að hann hefði lagt fyrir þn., sem endurskoðar húsnæðismálalöggjöfina, að framvegis verði lánin hækkuð árlega í samræmi við breytingu á byggingarvisitölu. Þetta tel ég vera réttlætismál, sem þurfi að ná fram að ganga sem fyrst. Ég vil í þessu sambandi nota tækifærið til að óska eftir því við hæstv. ráðh., að hann sendi nótu til þessarar opinberu stofnunar um það, að þjónustan við landsbyggðina a. m. k. verði örlítið betri en hún er í dag, þar sem við, sem höfum þurft að leita til hennar utan af landsbyggðinni, verðum að sætta okkur við það, að skrifstofustjóri þessarar stofnunar er ekki til viðtals og framkvæmdastjóri stofnunarinnar aðeins milli kl. 1 og 2 daglega. Á þessu held ég, að þurfi að ráða bót, þó að það sé e. t. v. ekki þingmál.

Í þriðja lagi vil ég nota þetta tækifæri til að undirstrika sérstaklega nauðsyn þess, að endurskoðun húsnæðismálakerfisins verði hraðað, ekki hvað sízt hvað varðar byggingu verkamannabústaða, möguleika sveitarfélaga á byggingu leiguhúsnæðis og möguleika á framkvæmdum úti um landsbyggðina í sama formi og með sama árangri og byggt hefur verið í Breiðholti hér í Reykjavík. Er ekki óeðlilegt að álykta, að sú tækni og reynsla, er fengizt hefur í Breiðholti, ætti rétt á sér úti um land, þar sem þörfin er mest fyrir miklar og skjótvirkar framkvæmdir í íbúðarhúsabyggingum. Mætti t. d. hugsa sér, að Framkvæmdastofnunin tæki að sér að byggja íbúðarhúsnæði á þeim stöðum úti um landið, þar sem þörfin er mest, eftir því kerfi, sem byggt er eftir í Breiðholti.

Á ráðstefnu, er húsnæðismálastjórn boðaði til á s. l. hausti um verkamannabústaðakerfið, kom greinilega í ljós, hversu þetta lánakerfi er vanmáttugt og kemur að litlum notum í flestum sveitarfélögum úti um landið. Þar kom einnig fram mikil gagnrýni á núgildandi húsnæðismálalöggjöf í heild. Töldu margir, að þörf væri á, að stofnunin hefði möguleika í lögum til að afgreiða hærri og meiri lán til byggingar íbúðarhúsa á ýmsum stöðum úti um landsbyggðina, sem mesta húsnæðisþörf hafa og gegna um leið þýðingarmiklu hlutverki í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Ég tel mikla nauðsyn að koma því á framfæri hér, að í þeirri endurskoðun, er nú stendur yfir, verði þessi atriði öll athuguð vandlega. Ég vek athygli hv. alþm. á þeirri miklu og brýnu nauðsyn að gera mögulegt að byggja hraðar upp hina mörgu og þýðingarmiklu útgerðarstaði úti um landið. Víðast hvar er skortur á íbúðarhúsnæði eitt mesta vandamálið. Löggjöfin verður að taka fljótt og raunhæft á í þessu sjálfsagða máli.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um húsnæðismálin almennt. Það kom fram í upphafsorðum hans nokkur misskilningur um verk viðreisnarstjórnarinnar, en ég tel mig ekki hafa tíma til að svara því hér, því að ég mun samkv. þingsköpum aðeins hafa tíma til að gera aths., hef þegar talað þrisvar í þessu máli.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að gera aths.

við ræðu hæstv. félmrh., sem hann flutti hér fyrir viku í lok þeirrar umr., sem þá fór fram um þetta mál. Hæstv. ráðh. kom þá hér upp í ræðustólinn ráðvilltur og rökvilltur og úthellti úr skálum reiði sinnar glórulausum fúkyrðum í minn garð. Það er nokkuð vandaverk nú að ætla að fara að svara þessu viku eftir að þessi ummæli voru viðhöfð. Bæði er það, að ég er nú kannske farinn að gleyma þessum ummælum að einhverju leyti og þó enn frekar aðrir hv. þm. Auk þess hef ég tekið eftir því, að í því hefti þingtíðinda, sem okkur hefur borizt í dag, hefur verið fellt niður eitthvað af þessum fúkyrðum. Það er ekki nema eðlilegt, að þau hafi ekki þótt prenthæf.

Annað mál er það, að það er nokkuð alvarlegt, þegar slíkt hendir menn, hver sem í hlut á, sem henti hæstv. ráðh. hér fyrir viku. Það er alvarlegt, þegar „heiftin hleypir æði og stjórnleysi í tunguna og deyfu fyrir eyrun“, eins og meistari Jón orðaði það. Og það er kannske þeim mun alvarlegra, þegar svo er að sjá, að það séu engin batamerki á þessum veikleika hæstv. félmrh.

Spurningin er: Hvað er hægt að gera? Hvað er hægt að aðhafast, þegar staðið er þannig frammi fyrir slíku fyrirbrigði? Í þessu sambandi kemur mér í hug atburður, sem skeði á Ísafirði fyrir mörgum árum. Haldinn var almennur stjórnmálafundur, og einn af köppum þeim, sem þar áttu að mæta, var Hannibal Valdimarsson. En svo bar við, að hann gat ekki mætt til fundarins, og hafði verið gripið til þess ráðs, að hann talaði inn á segulband, og það var spilað á fundinum. Á fundi þessum var gömul kona. Hún sá ekki Hannibal, en þóttist kenna rödd hans og þótti sem röddin kæmi úr kassa. Varð þá þessari gömlu konu að orði: „Mikið skelfing hefur hann nú verið æstur, fyrst þeir þurftu að loka hann inni í kassa.“

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þessi hv. þm., sem var að ljúka hér máli sínu, var búinn að tala sig dauðan, svo að það var dauðs manns rödd, sem þarna heyrðist. En eftir viku var hann ekki búinn að gleyma því, að ég hafði brugðið á gamanmál nokkurt, þegar hann hafði ausið yfir mig fúkyrðum í a. m. k. hálftíma ræðu, í sambandi við húsnæðismál átti það að vera. Þá brá ég á það ráð, að ég hafði yfir vísu eftir ekki minni mann eða verr rómaðan en Stephan G. Stephansson og önnur ummæli eftir fyrrv. formann Íhaldsflokksins gamla, Jón heitinn Þorláksson. Það voru þessi fúkyrði, sem þessir dánumenn hafa látið sér um munn fara, sem honum svíður svona sárt, að hann tekur til máls dauður til þess að bera af sér sakir, sem í þessum ummælum hafi falizt.

Nóg um það! Ég ætla að tala við lifandi menn, en ekki dauða, og ég get sagt það, að það er vafalaust rétt hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, að það væri full þörf á því að breyta húsnæðismálalöggjöfinni á ýmsan hátt, veita byggjendum meiri aðstoð en þar er gert. Hins vegar skal ég játa það á mig, að ég veit ekki, hvort ég mundi treysta mér til að taka byggingu leiguíbúðarhúsnæðis umfram allt annað og veita þeim þætti byggingarmála lægri vexti, lengri lánstíma eða yfirleitt meiri fyrirgreiðslu en t. d. byggingu verkamannabústaða eða annarra slíkra þátta í byggingarmálunum. En spurningin er í raun og veru um það, hvaða form maður á að láta sitja þarna fyrir. Ég held, að það verði ekki gert nema með auknu fjármagni. Óefað er þörf á því, að slík endurskoðun fari fram á öllum þessum þáttum, en þá út frá því, að veitt verði til þessara mála miklu meira fjármagni. Ég er ekki, held ég, talinn meðal fjandmanna landsbyggðarinnar, en ég trúi því varla, að það sé hægt að segja með réttum rökum, að landsbyggðin sé látin sitja við lakara borð að því er snertir fyrirgreiðslu í húsnæðismálum heldur en þéttbýlið. Ég held, að allar umsóknir utan af landsbyggðinni, sem berast um húsnæðismálalán og eru innan þess ramma, sem lögin marka, hafi fengið afgreiðslu á undanförnum árum. En það er því aðeins veitt lán út á landsbyggðina, að persónulagar umsóknir berist frá þeim, sem hafa fest það áform með sér að byggja yfir sig. Ef einhver aðili vill byggja upp á það að hafa hús á „lager“, þá getur enginn aðili verið þar nærtækari en sveitarfélögin, og þar sitja þau við sama borð og byggingarmeistarar og aðrir þeir, sem eiga rétt á framkvæmdalánum. Spurningin er aðeins um það, hvort menn geta fótað sig á því að láta sveitarfélögin fá þar einhverja aukafyrirgreiðslu um betri kjör heldur en aðra þá, sem fást við að byggja íbúðarhúsnæði. Varðandi það að láta þau sitja við sama borð og byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti, þá var opnaður möguleiki fyrir því í löggjöf, að það gerðist annars staðar líka. Það var aðeins einn staður á landinu, sem notfærði sér þetta, fór af stað með slíka byggingarframkvæmd samkv. sömu ákvæðum laganna og gilda um byggingarframkvæmdirnar í Breiðholtinu. Það var Sauðárkrókur. En það voru sveitarstjórnaryfirvöldin þar, sem hurfu frá þessu ráði, eftir að á því var byrjað, og því var breytt yfir í framkvæmd verkamannabústaða, og þeir verkamannabústaðir eru nú teknir í notkun. Sveitarfélög úti á landi, kaupstaðirnir sérstaklega, sem höfðu bezta aðstöðu til þess, áttu kost á að gera þetta, en þeir notfærðu sér það ekki.

Þessi Breiðholtsframkvæmd er þannig til komin, að það var gífurlegt húsnæðisleysi í Reykjavík, þegar samkomulag var gert um það í sambandi við kjarasamninga, að Reykjavíkurborg og ríkið skyldu byggja þar með sérstökum hætti 1250 íbúðir. Þær áttu að vera staðlaðar, þannig að hægt væri að koma við ítrustu tækni í byggingarframkvæmdum, miðað við að hafa undir 100 íbúðir hverju sinni. Og þetta hefur verið gert. Held ég, að það sé almannarómur, að einmitt þessi stórframkvæmd í byggingarmálum hafi markað tímamót í beitingu mikilvirkrar tækni við byggingu íbúðarhúsnæðis. Vafalaust hafa einhver mistök orðið í upphafi þessa máls, þegar menn fóru að þreifa sig áfram, en nú held ég, að það fari ekki á milli mála, að þau hús, sem þarna voru byggð, séu 1. flokks íbúðarhúsnæði, og árangurinn, sem næst í ár og á liðnu ári, er nálega ein íbúð á virkum degi. Það eru um 200 íbúðir á ári, sem þeir orka að byggja.

Ég held líka, að það fari ekki á milli mála, að þessi framkvæmd hefur haft áhrif á verðmæti íbúðarhúsnæðis í landinu, á byggingarkostnaðinn, og haldi honum niðri. Það hafa ekki orðið gífurlegar hækkanir á byggingarkostnaði hér í höfuðborginni, eftir að áhrifa þessara byggingaaðferða fór að gæta. En þó er sannast sagna, að húsnæðisskortur virðist hvergi vera átakanlegri en í Reykjavík eftir sem áður.

Það voru núna, þegar átti að úthluta 200 íbúðum, að því er skýrsla frá Reykjavíkurborg hermir, um 200 umsóknir um þær 60 íbúðir, sem Reykjavíkurborg átti að fá. Meginhlutinn af því fólki bjó samkv. skýrslu Reykjavíkurborgar við neyðarástand í húsnæðismálum, og gátu borgaryfirvöld Reykjavíkur engan veginn fallizt á, að þetta fólk, sem var umsækjendur um þessar 60 íbúðir, væri betur statt en húsnæðislaust fólk úr Vestmannaeyjum, taldi ranglætisverk, ef það húsnæði yrði frá Reykvíkingum tekið. Sama var að segja um úthlutunarnefnd þeirra 90 íbúða, sem verkalýðsfélögin áttu ráð á. Sú nefnd skilaði líka umsögn um húsnæðisástand þess fólks, sem hafði sótt um þær, og sagði að í flokki þeirra, sem væru verst staddir í húsnæðismálum og hefðu sótt um þær íbúðir, væru 178 fjölskyldur, rétt við tvöfalda töluna, sem þeir áttu að úthluta. Og þeir töldu, að þetta fólk byggi allt við sárustu neyð í húsnæðismálum. Ef þessar skýrslur eru réttar, sem ég treysti mér ekki til að vefengja, þá held ég, að það sé leitun á því sjávarþorpi eða þeim kaupstað á Íslandi, þar sem húsnæðisneyðin sé meiri og ástandið verra en hér, þrátt fyrir það, sem hefur verið gert sérstaklega í húsnæðismálum Reykjavíkur. Ég hef horfzt í augu við þetta nú fyrir nokkrum dögum, svona eru skýrslurnar um þetta. Ég held því, að fólk úti á landsbyggðinni megi ekki ímynda sér, að það sé búið að gera of vel við Reykvíkinga í húsnæðismálum þrátt fyrir þetta átak, sem þarna var gert umfram allt annað, og að landsbyggðin sitji við verri kost. Það hefur verið, eftir því sem ég bezt veit, fullnægt öllum þeim umsóknum, sem borizt hafa og lagaákvæðum fullnægja, en samt er svona ástand sem við horfumst í augu við. Og svo þetta, að kaupstöðunum var gefinn kostur á að byggja með sama hætti og í Breiðholtinu, en enginn kaupstaður leitaðist við að notfæra sér það nema Sauðárkrókskaupstaður, sem svo hætti við það í framkvæmd og sneri því yfir í verkamannabústaði.

Sannast sagna er það svo að öðru leyti, og **það hef ég rætt sérstaklega við tæknimenn framkvæmdanefndar byggingaáætlunarinnar, að það er ekki hægt að koma þeirri tækni við, sem er notuð við Breiðholtsframkvæmdirnar, nema þar sem hægt er að taka undir í einu minnst 50 íbúðir. Og það eru ekki margir kaupstaðir á landinu, sem gætu tekið slíka áfanga til framkvæmda.** Þessi framkvæmd byggist á sérstakri tækni, stórvirkri tækni, og hefur sannarlega skilað árangri, einkanlega eftir því sem á leið verkefnið og þá ekki hvað sízt nú og væntanlega í þeim næsta áfanga, lokaáfanganum, sem eftir er. Þessu er ekki auðvelt að koma við nema þá í allra stærstu kaupstöðunum. En enginn þeirra hefur óskað að fara inn á þetta.

Ég vil ekki taka á nokkurn hátt neikvætt undir það, að húnæðismálalöggjöfin, sem þó er ekki mjög gömul, verði endurskoðu. Einn af höfundum hennar er hér sitjandi hjá okkur og var að tala hér á undan mér, og hún kann að vera meingölluð, en hún er þó ekki með öllu ómöguleg, því vil ég ekki halda fram. En ég held, að ekki sé rétt, að misréttis gæti í framkvæmd hennar. Ég trúi því varla, að svo þurfi að vera, að hún veiti vonda þjónustu úti um landið, sízt af öllu að því er varðar verkamannabústaðina. Fyrrv. félmrh., **Eggert G. Þorsteinsson, er sérstaklega ráðinn hjá Húnsnæðismálastofnuninni til þess** að sjá **um málefni verkamannbústaðanna, og ég trúi því ekki, að hann sé ekki til viðtals fyrir landsbyggðina alveg eins og fólk í þéttbýlinu og veiti þá þjónustu, sem honum ber samkv. því starfi, sem hann gegnir.**

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég er mjög ánægður með þær umr., sem hér hafa farið fram. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning hjá hæstv. ráðh. Ég minntist ekki á þjónustuna í sambandi við verkamannabústaðina hjá stofnuninni, heldur var ég aðeins að benda á, að það væri æskilegt, að þeir, sem ráða þessari stofnun, væru daglega til viðtals.

Ég kom hér aðeins inn á það, sem ég tel vandamál fyrir landsbyggðina. Það er á tvennan hátt aðallega. Það er í fyrsta lagi það í sambandi við verkamannabústaðalöggjöfina, sem við erum allir sammála um, að sé mjög merk löggjöf og raunverulega sá þáttur húsnæðismálakerfisins, sem helzt getur komið til góða fyrir efnaminna fólkið, sem er víða um landið, að sá galli er á þessari löggjöf, sem margoft er búið að tala um, að minni staðirnir með fáa íbúa geta ekki notað sér löggjöfina til þess að byggja hratt fyrir þetta fólk. Þetta er aðalgallinn á þessari löggjöf. Og þetta er einmitt það, sem var helzt til umr. á þeirri ráðstefnu, sem húsnæðismálastjórn efndi til á s. l. hausti og ég minntist hér á áðan, að það þyrfti að finna flöt á því, hvernig þetta mætti koma að gagni fyrir minni sveitarfélögin, sem þurfa að byggja hratt yfir það fólk, sem nauðsynlega þarf að notfæra sér þessa löggjöf. Þarna erum við þá í brennipunkti, sem þarf að finna flöt á. Það hefur verið talað um, að Húsnæðismálastofnunin gæti veitt framkvæmdalán í þessu skyni, en því miður hefur það ekki komið að þeim notum, sem við, sem sækjum fastast á þetta, hefðum kosið. Ég get sagt frá því hér, að mitt sveitarfélag, sem rúmlega þúsund manns er búsett í, býr við gífurlegan húsnæðisskort og fjöldi af fólki, fjölskyldum, bíður eftir byggingum á vegum húsnæðismálakerfisins hvað varðar verkamannabústaði. En við höfum ekki talið okkur hafa efni á því að leggja fram frá sveitarfélaginu það fjármagn, sem nægja mundi til að ljúka við nægjanlega margar byggingar á 1—2 árum til þess að leysa úr mestu þörfinni. Þó höfum við lagt fram tæplega 1 millj. kr. í byggingarsjóð á síðasta ári. Ég held þess vegna, að það sé ekki alveg út í bláinn, **það sem kom fram hjá forustumönnum framkvæmdanefndar**

byggingaáætlunar í Breiðholti einmitt á þessari ráðstefnu, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að kanna til hlítar, hvort ekki væri hægt á vegum þeirrar stofnunar að færa kerfið út á vissa staði á landinu, sem gætu tekið við slíkum byggingaráfanga eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, t. d. 50 íbúðum. Ég efast ekki um, að á Hellissandi, í Ólafsvík og í Grundarfirði og jafnvel Stykkishólmi væri hægt að taka við slíku kerfi og byggja á 1—2 árum 50—100 íbúðir. Þörfin er fyrir það. Ég held nefnilega, að það þurfi í þessu máli að nota sér þá þekkingu og þá tækni, sem vissulega hefur fengizt við Breiðholtsframkvæmdir, og ég tel það miður farið í þessu máli, ef ekki er hægt að finna einhvern neista út úr þeirri reynslu, sem þar hefur komið fram, sem gæti komið að gagni almennt við uppbyggingu húsnæðis um landið. Ég vil þess vegna vænta þess, að einmitt í sambandi við svona opnar umr. um þessi mál verði fyrir atbeina hæstv. ráðh. reynt að finna á því flöt að leysa þetta verkefni fyrir okkur, þessa mörgu, sem þurfum að berjast fyrir því að byggja upp þessa þýðingarmiklu staði.

Ég get endað mál mitt með því, að við gátum ekki tekið á móti 5 fjölskyldum frá Vestmannaeyjakaupstað, sem vildu flytja til okkar með 100 lesta bát og hefja útgerð frá þeim útgerðarbæ, sem ég er frá, vegna þess að við gátum ekki einu sinni komið skipstjóranum inn, það er svo þröngt um hjá okkur. Við þurfum einnig hvað varðar sveitarfélagið að sjá um húsnæði fyrir 7 kennara. Við gátum ekki útvegað nema eina íbúð. Þannig er nú ástandið hjá okkur. Og það er ekki að ástæðulitlu, að ég hef áhuga á því, að hægt væri að finna varanlega lausn, sem geri þessum minni sveitarfélögum kleift að notfæra sér fjármagn til að leysa þessi mál á ekki þýðingarminni stöðum en um er að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsheimili, þáltill. (þskj. 204). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 204 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. varðandi félagsheimili ásamt hv. 2. og 5. þm. Norðurl. v. Till. er þess efnis, að, Alþ. ályktí að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að inna af hendi hið fyrsta lögboðnar greiðslur til félagsheimila.

Víða um land hafa á undanförnum árum verið byggð myndarleg félagsheimili. Þau hafa fengið byggingarstyrk samkv. sérstökum lögum, áður l. frá 1947, nú l. nr. 107 frá 1970. Samkv. 1. gr. l. er með félagsheimilum átt við samkomuhús, sem hvers konar menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

Í félagsheimilasjóð rennur hluti af skemmtanaskatti, eftir því sem nánar segir í lögum um skemmtanaskatt. Til þess að hefja byggingu félagsheimilis, sem notið fær styrks að lögum, þarf leyfi menntmrh. Það leyfi er háð ýmsum skilyrðum. Bygging svo stórra og vandaðra húsa er mikið átak og kostar ærið fé. Þeir, sem ráðast í slíkt fyrirtæki, þurfa venjulega á öllu að halda til að koma verkinu áfram. Hámarksaðstoð samkv. lögum er 40% af byggingarkostnaði. Hefur svo verið allt frá 1947. Áðurnefndur tekjustofn hefur jafnan reynzt of lítill. Hefur því myndazt langur hali af ógreiddum ríkisframlögum ár frá ári. Þetta er að sjálfsögðu mjög þagalegt fyrir þá, sem í þessum framkvæmdum standa og treysta á fyrirheit löggjafar- og framkvæmdavalds í þessum efnum. Það eru yfirleitt ekki fjársterkir aðilar, sem byggja félagsheimili, oftast nær fátæk sveitarfélög og eignalaus félög af öðru tagi, sem leggja út í slíkar framkvæmdir af ríkri nauðsyn til þess að skapa skilyrði fyrir félags- og menningarlíf á ákveðnu byggðasvæði.

Samkv. breytingu þeirri, er gerð var á l. um félagsheimili á árinu 1970, skal verja 10% af árlegu ráðstöfunarfé félagsheimilasjóðs til menningarsjóða félagsheimila. Þessa fjár njóta ekki nema fullbyggð félagsheimili og það á óbeinan hátt, þannig að umrædd lagabreyting hefur í raun og veru einungis rýrt tekjur félagsheimilasjóðs um 10% árlega. Það er því enn lengra í land, að sjóðurinn geti staðið við sitt að þessu leyti, en áður var.

Á prentuðu fskj. með till. þessari er yfirlit um hag og horfur félagsheimilasjóðs. Af því sést, að mikið vantar á, að skuldbindingum hins opinbera sé fullnægt eða verði lokið innan hæfilegs tíma. Þó að menntmrh. veiti engin ný leyfi til byggingar félagsheimila, líða enn mörg ár, þar til unnt verður að standa að fullu við þær skuldbindingar, sem þegar er til stofnað.

Till. þessi er flutt, eins og segir í grg., til að vekja athygli á þessu máli og leita úrræða til að hraða umræddum greiðslum og létta því fólki róðurinn, sem vinnur að því að byggja upp aðstöðu til félags- og menningarlífs í byggðum landsins. Ég leyfi mér að vænta þess, að till. verði tekin til skjótrar og itarlegrar athugunar í viðkomandi þn.

Það vill svo til, að einmitt þessa dagana er Búnaðarþing að störfum, og ég sé í dagblaðinu Tímanum, að mál sama efnis hefur verið þar á dagskrá og till. samþ. í þessu efni, sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, af því að hún gengur mjög svo í sömu átt, með leyfi hæstv. forsetia. — Þessi till. mun hafa verið samþ. nú fyrri hluta vinkunnar:

„Búnaðarþing beinir þeirri áskorun til Alþ. og menntmrh., að tekjur félagsheimilasjóðs verði auknar, svo að hann geti innt af hendi lögboðnar greiðslur til byggingar félagsheimila jafnharðan og byggingarkostnaður liggur fyrir. Ef ekki finnast nýir tekjustofnar til eflingar félagsheimilasjóði, vill Búnaðarþing benda á þann möguleika, að frestað verði til ársloka 1976 að láta 10% skemmtanaskatts renna til menningarsjóðs félagsheimila, heldur fái félagsheimilasjóður hann óskiptan þennan tíma."

Ég leyfi mér svo að leggja til, að málinu verði frestað að þessari umr. lokinni og vísað til hv. allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir flest af því, sem hér hefur verið sagt um vanda þeirra félagsheimila, sem eru í byggingu. Óhæfileg vanskil félagsheimilasjóðs hafa oft og tíðum valdið heimaaðilum og þá alveg sérstaklega sveitarfélögunum miklum vandræðum og leitt um leið af sér óþarfan kostnaðarauka fyrir þau. Mig langar til að vekja athygli við þetta tækifæri á öðrum vanda, sem ég hef reyndar gert áður, þ. e. a. s. rekstrarörðugleikum ýmissa félagsheimila, sem t. d. við eystra höfum orðið áþreifanlega varir við. Ég flutti að vísu um þetta á síðasta þingi þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj. að finna leiðir til úrbóta. Ég hafði þá einnig í huga, hvernig létta mætti einhverjum hluta söluskattsinnheimtunnar af félagsheimilunum, því að það er býsna þungbær skattur og mikil spurning um réttmæti hans í öllum tilfellum af ýmissi þeirri starfsemi, sem í félagsheimilunum er rekin. Að vísu var ekki gerð um þetta bein till. hjá mér þá, en ég minnti á það í framsögu, að þetta væri ein leið til þess að tryggja betur en gert hefur verið rekstrarmöguleika og rekstrarafkomu ýmissa félagsheimila, sem eiga við örðugleika að stríða.

Það er sérstök nauðsyn á því víða úti á landsbyggðinni að tryggja þennan rekstrargrundvöll, alveg sérstaklega vegna þess, að þar þurfa félagsheimilin, held ég, að hlynna og hlúa að hvers kyns menningar- og félagsstarfsemi, og ég veit, að hvers konar örðugleikar í þessum efnum koma niður á þessum hluta starfseminnar, en aðrir hlutar starfseminnar, sem eru ábatavænlegri, eru oft látnir sitja fyrir. Ég vildi aðeins við þetta tækifæri minna á þennan vanda. Hann er áreiðanlega nákvæmlega eins til staðar nú og hann var þá, og ég hlýt að ætla það, að það sé nokkur skylda opinberra aðila að sjá til þess, að félagsheimilin kafni ekki undir nafni, heldur megi sem bezt rækja sitt upphaflega hlutverk.

Mig langar aðeins til að koma þeirri ósk á framfæri, vegna þess að þessi till. fékk þá afgreiðslu á þinginu í fyrra, að henni var vísað til ríkisstj. með ósk um jákvæða athugun á málinu, — þeirri ósk til viðkomandi ráðh., að þessi jákvæða athugun mætti fara fram. Ég er að vísu ekki alveg nógu viss um, hvað þessi afgreiðsla þýddi, en ég hef góða trú á hverju því máli, sem vísað er til hæstv. núv. ríkisstj., og geri ráð fyrir því, að þegar einmitt fróm ósk um góða athugun á málinu fylgir með, þá muni því verða sinnt. — Ég vildi sem sagt aðeins koma þessu að, því að verði þetta ekki gert, tel ég mér ekki annað fært en að flytja þáltill. um þetta, þó að í öðru formi verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulag innflutningsverzlunar, þáltill. (þskj. 307). — Fyrri umr.

Flm. (Sigurður Magnússon): Herra forseti. Á þskj. 307 höfum við Jónas Árnason flutt þáltill., er gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. skipi n. til að kanna skipulag innflutningsverzlunar og skyldur innflytjenda við vörukaupendur, og vil ég fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Það vekur furðu, á sama tíma og miklar umr. eru um einföldun og skipulagningu ýmissa atvinnugreina, einkum í iðnaði og í útflutningsatvinnugreinum, hve hljótt hefur verið um innflutningsverzlunina og fyrirkomulag hennar. Þetta skýtur nokkuð skökku við, því að ef það er ástæða til að samstilla krafta og koma á hagkvæmni í rekstri í framleiðslu- og útflutningsgreinum, þá er engu að síður ástæða til þess í innflutningsverzluninni. Hvort tveggja hefur að endingu hliðstæð áhrif á útkomu þjóðarbúsins. Ein skýring finnst mér nærtækust um þessa þögn í innflutningsverzluninni, og hún er sú staðreynd, að erfitt er um nokkrar umbætur á sviði atvinnumála, eins og háttað er til hér á landi, nema með nokkurri þátttöku þeirra, sem ráðin hafa í hinum einstöku atvinnugreinum, og ég hygg, að íslenzkir atvinnurekendur í iðnaði og þeir, er fást við útflutningsverzlun, sjái, að margar þær umbætur, sem rætt er um, séu þeim sjálfum hagsbætur engu síður en samfélagsheildinni. Þetta verður hins vegar ekki sagt um innflytjendur og heildsala. Þeir vita, að þær breytingar, sem almenningur kallar á í innflutningsverzluninni, eru spónn úr þeirra aski. Umbætur, sem kalla á sparnað og einföldun, eru þeim því ekki að skapi.

Kjörnir fulltrúar fólksins í landinu, eins og alþm., geta þó ekki látið slík sjónarmið fárra koma í veg fyrir breytingar, sem auka hag fjöldans. Og þeir þm., sem hæst og mest tala um sparnað ríkisútgjalda, sem ætluð eru til félagslegra eða annarra samfélagslegra framkvæmda, ættu að beina sjónum sínum að þeirri ofboðslegu óþarfaeyðslu, sem almenningur jafnt og fyrirtæki og framkvæmdaaðilar þurfa að leggja í vegna þess óskapnaðar, sem íslenzk innflutningsverzlun er. En hve stór þáttur er innflutningsverzlunin í íslenzkum þjóðarbúskap? Litum aðeins á tölur í því sambandi.

Gerð hefur verið spá um innflutning til landsins á þessu ári. Á verðlagi þessa árs er gert ráð fyrir, að hann nemi samtals um 23.5 milljörðum kr. Ef frá er dreginn innflutningur skipa og flugvéla, innflutningur vegna Búrfells og Sigöldu, vegna álversins og varnarliðsins, þá er spáð, að almennur vöruinnflutningur nemi tæpum 19 milljörðum. Ekki má gera ráð fyrir, að allur þessi vöruinnflutningur fari út í viðskiptalífið eða til endursölu innanlands, þar sem fullvíst má telja, að ýmis fyrirtæki og aðilar á vegum ríkis og sveitarfélaga flytji inn vörur beint til eigin þarfa. Engar tölur hef ég um þessa skiptingu. Þær liggja ekki á lausu, ekki frekar en svo margt annað, er snertir innflutningsverzlunina. En ef ég áætla, að um það bil 4 milljarðar af verðmæti hins almenna vöruinnflutnings komi til landsins beinlínis á vegum ýmissa opinberra aðila, þá standa eftir, miðað við áætlaðan vöruinnflutning þessa árs, um 15 milljarðar, sem falla í hlut hinna venjulegu heildsölufyrirtækja. Sé gert ráð fyrir því, að heildsöluálagning á þetta innflutningsverðmæti nemi að meðaltali um 15-20%, má gera ráð fyrir, að þjóðin borgi á yfirstandandi ári í heildsöluskatt 2000-3000

millj. kr. Séu þessar tölur eitthvað nærri lagi, þarf enginn að undrast þá útþenslu, sem orðið hefur hin síðari ár í flestum greinum innflutningsverzlunar, né þær viðskiptahallir úr gleri og eðalmálmi, sem risið hafa eins og gorkúlur á haug hvarvetna í Reykjavík. Slík peningamusteri bera gleggstan vott um þá auðsöfnun, sem einstakir innflytjendur hafa stundað í skjóli eftirlitsleysis og með stuðningi valdamanna.

Á sama tíma eiga ýmsar greinar framleiðsluatvinnuveganna við veruleg fjárhagsvandamál að stríða, eftir því sem sagt er, en vitaskuld er innflutningsbákn þetta þeim byrði ekki síður en öllum almenningi. En hver er þá fjöldi þeirra fyrirtækja, sem fást við innflutningsverzlun? Til að fá þeirri spurningu svarað, hef ég farið í fyrirtækjaskrá þá, er Hagstofa Íslands lét gefa út árið 1969. Það verður þó að viðurkenna, að ekki er auðhlaupið að fá í henni nákvæmar tölur yfir þessa aðila vegna þess, hvernig skráningu þeirra er háttað. Þó er ljóst samkv. henni, að 552 heildsölu- eða umboðsfyrirtæki eru skráð 1969, sem áreiðanlega má ætla, að öll fáist meira og minna við innflutning. Inn í þessa tölu vantar marga aðila, svo sem ýmsa þá, sem fást við innflutning á benzíni og brennsluolíum, byggingarefni, bílum og bílavarahlutum, en þessir aðilar eru undir sérstakri upptalningu í skránni og skipta vafalaust nokkrum tugum. En það er ekki einungis hinn mikli fjöldi heildsölufyrirtækja, sem vekur athygli, heldur ekki síður staðsetning þeirra, en af þeim 552 aðilum, sem fyrr var að vikið, eru 505 með aðsetur í Reykjavík og allur þorri þeirra skráður sem einkafyrirtæki eða hlutafélög, einungis 13 sem samvinnufélög. Við þessa upptalningu má svo bæta þeim fyrirtækjum, sem stofnuð hafa verið og skráð, eftir að fyrirtækjaskrá-in var gefin út 1969, en ég hef fengið þær upplýsingar hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík, að það eitt hafi gefið út um það bil 99 heildsöluleyfi frá árinu 1970. Af þessum tölum má sjá, að fyrirtæki, sem fást við innflutningsverzlun, skipta hundruðum, og má með nokkurri nákvæmni ætla, að þau séu um það bil 700 talsins. Engar upplýsingar hef ég hins vegar fengið um stærð þeirra og umsvif né um það fjármagn, sem liggur í þessari umsýslu allri.

Úr því að ég minnist á fjármagn, er rétt að minna á, að það væri verðugt rannsóknarefni að komast að því, hver hlutur erlendra umboðsaðila er í íslenzkri innflutningsverzlun og hvaða áhrif slíkt erlent fjármagnsstreymi hefur á verðlags- og efnahagsþróun innanlands. Á sama hátt væri gaman að fá vitneskju um það huldufé, sem sagt er, að innflutningsaðilar fái á reikninga sína erlendis og aldrei kemur fram í bókhaldi þeirra. En þetta er kapítuli út af fyrir sig, sem ég fer ekki frekar inn á að þessu sinni.

En víkjum þá að skyldum innflytjenda við vörukaupendur. Þáltill. gerir ráð fyrir því, að nefnd geri till. um breytingar í því efni. Mér er ekki kunnugt um, að í íslenzkum lögum sé að finna nein sérstök ákvæði um skyldur innflytjenda af þessu tagi, svo sem eðlilegt væri. Í lögum um verzlunaratvinnu frá 19. apríl 1968 er hins vegar að finna nokkur skilyrði fyrir veitingu verzlunarleyfa, en með orðunum „verzlun" í þeim lögum er m. a. átt við heildverzlun. Skilyrði þau, sem þarna er að finna, eru í 4. gr. nefndra laga, og fjalla þau um ríkisfang og aðsetur, fjárráð og menntun. Að auki eru svo heimildarákvæði um að setja frekari ákvæði í reglugerð, en því ákvæði hefur aldrei verið beitt, þar sem engin reglugerð hefur verið sett um lög þessi. Í þessum lögum er því ekki að finna nein ákvæði um ábyrgðarskyldur innflytjenda á vörum, sem þeir flytja inn til landsins, né að þeir séu skyldugir til að tryggja nauðsynlega varahluta- og viðhaldsþjónustu. Nú kunna einhverjir að segja, að slíkt sé óþarft, hinir erlendur framleiðendur eða umboðsaðilar séu innflytjendum nægilegt aðhald í þessu efni. En svo er ekki. Reynslan er ólygnust, og hver kannast ekki við fjölmörg dæmi um misbresti á slíkri þjónustu? Hver kannast ekki við, að heimilistæki standi ónothæf dögum eða vikum saman vegna skorts á nauðsynlegu viðhaldi eða varahlutaþjónustu — eða bifreiðar og önnur flutningatæki? Sama máli gegnir um hinar ýmsu vélar og tæki, jafnt á heimilum sem í atvinnurekstrinum. Mörg dæmi eru jafnvel um, að fólk stendur uppi með ónýt tæki af þessum sökum og hefur engan lagalegan rétt til að krefjast bóta. Á skrifstofu Neytendasamtakanna hefur mér verið tjáð, að verulegur hluti af þeim kvörtunum, sem þeim berast árlega, sé einmitt þessa efnis, og að dómi flestra, er við neytendamál fást, er talið brýnt, að löggjafinn taki hér í taumana til að vernda sjálfsagðan rétt almennings.

Að lokum vil ég koma fram með nokkrar ábendingar um breytingar á skipulagi innflutningsverzlunarinnar til að gera hana hagkvæmari og ódýrari. Slíkar breytingar þurfa fyrst og fremst að beinast að því að fækka alls kyns milliliðum og kostnaði, sem af þeim hlýzt. Þannig þarf að auka verulega frá því, sem nú er, þátt opinberra og ýmissa hálfopinberra aðila í innflutningsverzluninni. Eðlilegt er, að slíkir stórir framkvæmdaaðilar annist veruleg innkaup sjálfir á efni og tækjum til eigin þarfa. Athuga þarf möguleika á útboðum í sérstök vöruinnkaup, en til grundvallar slíkum útboðum þurfa að liggja rannsóknir um áætlaða ársnevzlu tiltekinna vörutegunda. Vitaskuld yrðu slík tilboð einkum í þeim vöruflokkum, þar sem um verulegar fjárhæðir væri að ræða og tiltölulega auðvelt væri að spá um neyzlu, svo sem á alls kyns byggingarefni, vélum og tækjum úr járni, svo að eitthvað sé nefnt. Slík útboð á vöruflutningi mundu verka lækkandi á vöruverð, bæði vegna þeirrar hörðu samkeppni, sem upp kæmi, og vegna þess hagkvæmis, sem væri í stórum vörupöntunum. Lækka þarf heildsöluálagningu í því skyni að fækka heildsölufyrirtækjum, en stærri markaður á hvern innflutningsaðila kæmi þá á móti lækkun álagningar. Fylgjast þarf betur með fjárfestingarmálum innflutningsaðila og tryggja, að óhóflegt fjármagn liggi ekki í þessari atvinnugrein. Varðandi skyldur innflytjenda við vörukaupendur þarf að setja fastar reglur um ábyrgð og skyldur þeirra á

þeim vörum, sem þeir flytja inn til landsins, en ítrekuð brot á slíkum reglum gætu varðað svipti verzlunarréttinda.

Margt fleira mætti segja um innflutningsverzlunina, en ég læt þetta nægja að sinni, en vona, að þessari þáltill. um könnun þessara mála, — því að það er einungis farið fram á könnun á þessu stigi málsins, — verði vel tekið hér í þingsölum. Og mér kæmi satt að segja á óvart, ef nokkrir þm. væru hér inni, sem vildu leggja stein í götu þessa þarfa máls.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Mánudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. febr. 1973.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks Sjálfstfl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Ragnhildar Helgadóttur, 12. þm. Reykv., sem ekki getur sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sjúkleika, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hennar, Birgir Kjaran hagfræðingur, taki á meðan sæti hennar á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Gils Guðmundsson,
forseti Nd."

Birgir Kjaran hefur áður setið þing á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfs.

Umræður utan dagskrár.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár vegna útvarpsfréttar núna í hádeginu, þar sem frá því var greint, að fiskibátar á miðunum út af Hvalbak hefðu orðið fyrir miklum ágangi brezkra togara og þeir hefðu það jafnvel við orð, að þeir yrðu að flýja miðin af þeim sökum. Í þessari frétt var það einnig staðhæft, að brezkir togarar væru að veiðum innan 12 mílna markanna, og sömuleiðis fylgdi þessari frétt það, að engin varðskip hefðu sézt á þessum slóðum, svo að dögum skipti.

Ég vil engan dóm leggja á þessa frétt út af fyrir sig, en ég vil benda á það, að ef satt reynist, þá er hér um býsna alvarlegt mál að ræða, og reyndar er fréttin sem slík alvarleg, hvort sem hún er sönn eður ei. Það er ekki aðeins, að þetta sé alvarlegt mál fyrir þá menn, sem þarna eiga hlut að máli, okkar fiskimenn, heldur er þetta um leið alvarlegt mál varðandi okkar landhelgismál sjálft.

Ég vil aðeins mega beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. dómsmrh., að hann láti kanna rækilega þetta mál, hvað hæft kunni í því að vera, og það hlýtur um leið að vera sjálfsögð krafa, að ef einhver fótur reynist fyrir þessum fréttum, verði þegar í stað reynt að bæta úr, svo sem kostur er, þannig að slíkt ófremdarástand, sem þannig er frá greint, að sé á miðunum, haldist ekki lengur.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki þá útvarpsfrétt, sem hv. þm. nefndi, en ég dreg ekki í efa, að hann skýri rétt frá því, hvar þar hefur verið sagt. Hins vegar verð ég að segja, að mér finnst þessi frétt með nokkrum ólíkindum, m. a. ef það er staðhæft, að togarar séu að veiðum innan 12 mílna. Fyrir nokkrum dögum var mér sýnt afrit af skeyti, sem þm. Austf. hafði verið sent, þar sem kvartað var yfir ágangi togara. Ég lét þegar á eftir athuga það, og ég vil vona, að það hafi verið gert, að varðskip hafi verið þar nálægt. En til mín eða til dómsmrn. hafa ekki, svo að mér sé kunnugt um, borizt neinar kvartanir út af þessu. En það er alveg sjálfsagt að láta athuga þetta nánar.

Ég vil taka það fram, sem öllum hv. alþm. er kunnugt, að varðskipin voru um langan tíma mjög bundin við björgunarstarf í Vestmannaeyjum og í framhaldi af því voru þau bundin við leit að björgunarbátum af Sjöstjörnunni, þannig að það er ekki nema síðustu 2—3 daga, sem varðskipin hafa verið til reiðu varðandi þetta aðalstarf sitt, að verja landhelgina. Ég veit, að öllum hv. þm. er ljóst, að það var undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru, ekki annað hægt en láta varðskipin sinna þessum verkefnum, sem þau fengust við um tíma. En ég skal sem sagt láta kanna þetta.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er sannarlega ekki ófyrirsynju, að vakið er máls á landhelgisgæzlunni og ástandinu að því er varðar landhelgisbaráttu okkar Íslendinga í dag. Ég vil þó taka það fram, að ég fellst alveg á það, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að allir hljóta að viðurkenna, að varðskipin hafa haft ærnum verkefnum að sinna, því miður, öðrum en að gæta landhelginnar. Hinu er ekki að leyna, að mér virðist ef þetta heldur áfram eins og hefur verið, að þá kunni að stefna í óefni.

Hv. þm. hafa kannske tekið eftir því, að togaraeigendasambandið brezka segist hafa gert leynilega áætlun varðandi veiðar hér á Íslandsmiðum. Mér er að sjálfsögðu ekki kunnugt um, hvernig ætlunin er að framkvæma þessa áætlun í einstökum atriðum. En hitt get ég fullyrt, hvert takmark hennar er. Takmark hennar er að veiða hér á Íslandsmiðum sem allra fyrst 170 þús. tonn. Brezku togaraeigendurnir gera sér vonir um að geta verið búnir að þessu í júnímánuði, og þá miða þeir við 1. sept. s. l. Hugsum okkur, að þeir verði búnir að veiða 170 þús. tonn í lok júnímánaðar, þá hafa þeir veitt á 10 mánuðum það, sem hinir aldurhnignu spekingar í Haag sögðu, að hæfilegt væri, að þeir veiddu hérna á ári. Þetta er skýringin á því, hve fast þeir sækja sjóinn hér í kringum land okkar í dag, hvernig þeir ganga fram í því að drepa t. d. smáfiskinn. Þeir eru staðráðnir í því að hirða allt, sem þeir geta, af miðum okkar til þess að koma sér upp í þennan tonnafjölda. Úlfunum hefur verið hleypt lausum á lífsbjörg okkar Íslendinga. Og þegar að því kæmi í júní, að þeir væru búnir að veiða þessi 170 þús. tonn með þessum vinnubrögðum, þá er ætlunin að segja við umheiminn: Þetta er það, sem Haagdómstóllinn sagði, að hæfilegt væri, að við veiddum. Nú höfum við veitt það, og við erum löghlýðnir menn og okkar floti fer á önnur mið þangað til 1. sept. — Jafnframt ætla þeir að staðhæfa það, eftir að þeir eru búnir að koma sér upp í 170 þús. tonn með því að drepa smáfiskinn hér við Íslandsstrendur,

að þetta sé líka sönnun þess, að nóg sé af fiski á Íslandsmiðum.

Í þessu er fólgin hættan fyrir okkur í dag. Þeir munu einskis svífast, þessir menn, til þess að ná þessu marki. Og til þess að aftra því, að þeir nái þessu marki er aðeins eitt ráð, og það er að efla landhelgisgæzluna. Ég er sannfærður um það og hef reyndar fyrir því orð manna, sem gerst mega um þetta vita, að með því áframhaldi, sem var á þessum málum, áður en gosið hófst í Vestmannaeyjum, væri hægt að takmarka afla Breta svo mjög, að hann væri kannske ekki nema eitthvað 25—30% af því, sem hann væri við eðlilegar aðstæður, og það með því eingöngu að beita þeim aðferðum, sem þá var beitt, þ. e. a. s. klippingum. En hins vænti ég jafnframt, að ef það dugir ekki, þá sýnum við það, að við getum tekið togara og fært þá til hafnar, og þá eigum við ekki að skila þeim aftur. Við eigum að skila einu, það er skipshöfninni, en halda hinu.

Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og breyt. á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu, þáltill. (þskj. 295, n. 331). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Utanrn. hefur haft til athugunar till. til þál. um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og við Kola- og stálbandalag Evrópu og enn fremur um samþykkt á breytingum á stofnsamningi Fríverzlunarsamtaka Evrópu. N. mælir með því, að þessi þáltill. verði samþ.

Áður en n. tók endanlega afstöðu til till., hafði utanrrh. skýrt henni frá því, að ríkisstj. mundi fullgilda samningana, strax og Alþ. hefði veitt heimild til þess. Sennilegt er því, verði heimildin veitt í dag, að gengið verði frá fullgildingunni á morgun. Ríkisstj. mun jafnhliða skýra forráðamönnum Efnahagsbandalagsins frá því, að Ísland fullgildi samninginn við Efnahagsbandalagið í trausti þess, að öll viðskiptaleg réttindi, sem samningurinn gerir ráð fyrir, komi að fullu til framkvæmda við fullgildingu hans. En þetta er þó ekki sett fram sem skilyrði. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við það, að Efnahagsbandalagið noti ekki þann fyrirvara, að tollalækkun á sjávarvörum sé háð því, að samkomulag hafi náðst í landhelgisdeilunni. Ég vil láta það koma skýrt fram sem skoðun mína og ég hygg allra þm., að það mundi mjög torvelda samkomulag við Breta og Vestur-Þjóðverja í landhelgisdeilunni, ef Efnahagsbandalagið gripi til þess að beita þessum fyrirvara. Þess vegna verður að vona í lengstu lög, að bandalagið geri ekki slíkan óvinafagnað.

Hæstv. viðskrh. gerði ítarlega grein fyrir efni þessara samninga við fyrri umr. málsins. Ég tel því óþarft að rekja efni þeirra, heldur vísa til ræðu ráðh. um þetta efni.

Mér finnst rétt að rifja það upp, áður en ég lýk máli mínu, að víða annars staðar hefur afstaða til Efnahagsbandalagsins orðið meira deilumál en nokkurt annað mál. Það er því ástæða til að fagna því, að hér mun þetta mál verða afgreitt með samstöðu alls þingheims. Vonandi tekst okkur að halda svo á öðrum utanríkismálum í framtíðinni, því að fátt er mikilvægara fyrir smáþjóð en að geta staðið sameinuð út á við.

Ég leyfi mér svo að leggja til í nafni n., að þáltill. verði samþ.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju yfir, að full samstaða náðist í utanrmn. um að mæla með samþykkt till. þessarar til þál. um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Það er sérstök ástæða til þess að leggja áherzlu á, að þessi samstaða náðist á þeim grundvelli, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni nota þessa heimild þegar í stað, þ. e. fyrir 1. marz n. k. Hér er um fullgildingu að ræða á einum mikilvægasta og víðtækasta viðskiptasamningi, sem Íslendingar hafa nokkru sinni gert. Standa vonir til, að þessi samningur ráði miklu um og hafi jákvæð áhrif á efnahagsþróun okkar í framtíðinni.

Enginn vafi er á því, að vel hefur verið haldið á málum af hálfu samningamanna okkar, og er sérstök ástæða til þess að færa þeim beztu þakkir fyrir mikið starf, sem borið hefur góðan árangur.

Um leið og lögð er þannig áherzla á hinar jákvæðu hliðar þessa máls á þessum tímamótum, því að tímamót eru hér á ferðinni í sögu okkar, þá verður ekki hjá því komizt að rifja upp nokkur atriði, sem athygli hafa vakið við meðferð málsins.

Engum blöðum þarf um það að fletta, að nauðsynlegur undanfari þessara samninga við Efnahagsbandalagið var aðild okkar að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, EFTA. Þegar aðildin að EFTA var hér til umr. á Alþ., bæði 1968-1969 og svo 1969-1970, þegar nún var samþ., þá flutti Framsfl. frávísunartill. og sat síðan hjá, þegar atkv. voru greidd um aðild að EFTA. Alþb. greiddi atkv. á móti aðild, og var helzt að skilja á málflutningi þess, að við værum að afsala okkur hluta sjálfsforræðis með aðildinni að EFTA. Aðildin væri til þess fallin og til þess gerð að opna dyrnar að Efnahagsbandalaginu, sem fékk síður en svo góða einkunn hjá þeim Alþb.-mönnum.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, mátti því jafnvel búast við því, að Ísland gengi úr Fríverzlunarsamtökum Evrópu og héldi alla vega ekki áfram samningaviðræðum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði hafið við Efnahagsbandalagið. En sem betur fer hefur ríkisstj. ekki sagt okkur úr EFTA og enn fremur haldið áfram samningaumleitunum við Efnahagsbandalagið með þeim árangri, að samningur var undirritaður 22. júlí s. l.

Ekki fer lengur á milli mála, að stefnumörkun fyrrv. ríkisstj. var rétt, aðild okkar að EFTA hefur skapað skilyrði fyrir vexti í útflutningi íslenzkra iðnaðarvara, sem ella hefðu ekki verið fyrir hendi, og án aðildar að EFTA hefðum við ekki náð eins víðtækum viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið og nú liggur fyrir og allir flokkar virðast sammála að gera.

Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu er undirritaður 22. júlí s. l. Eðlilegast hefði því verið, að till. til þál. um heimild til fullgildingar á samningnum hefði legið fyrir Alþ., þegar það kom saman s. l. haust, en engir tilburðir voru uppi hafðir af hálfu ríkisstj. í þá átt. Því fremur áttu slík vinnubrögð við af hálfu hæstv. ríkisstj., að gert var ráð fyrir því, að samningurinn tæki í raun gildi 1. jan. s. l., en þrátt fyrir fsp. í n. þingsins og í Sþ. fékkst hæstv. ríkisstj. ekki til að taka afstöðu til málsins fyrir áramót. Það var ekki fyrr en eftir að hv. 7. þm. Reykv. flutti till. til þál. um að fela ríkisstj. að fullgilda samninginn, að ríkisstj. mannaði sig upp í að flytja þá till., sem hér er til afgreiðslu. Í fyrri umr. um hana í Sþ., aðeins fyrir tæpum tveim vikum, gekk maður undir manns hönd að fá fram stefnu ríkisstj., hvort samningurinn yrði fullgiltur fyrir 1. marz eða ekki, en án árangurs. Það var ekki fyrr en á fundi utanrmn. s. l. föstudag, að ákvörðun ríkisstj. lá fyrir, og þurfti þá að hafa hraðan á, til þess að fullgilding gæti farið fram fyrir 1. marz.

Því er þetta rifjað upp nú, að ljóst er, að í 7 mánuði, frá 22. júlí til 23. febr., gat ríkisstj. ekki tekið afstöðu til málsins, væntanlega vegna innbyrðis ósamkomulags. Talið er, að Alþb.-ráðh. vildu ekki fullgilda samninginn, en Framsóknarráðh. og ráðh. SF vildu fullgilda hann. Er því sama uppi á teningnum við afgreiðslu þessa máls og ýmissa annarra, því að ákvarðanir eru annaðhvort ekki teknar eða þá aðeins teknar á síðustu stundu.

Það er út af fyrir sig ánægjulegt til þess að vita, að Alþb.-ráðh. réðu ekki ferðinni í þessu máli eins og í flestum málum, sem núv. ríkisstj. hefur með höndum. Ætti það raunar að auka kjark annarra hæstv. ráðh. til að fylgja fremur sannfæringu sinni en skoðunum ráðh. Alþb.

Þótt fullgilding samnings okkar við Efnahagsbandalagið sé eðlileg og sjálfsögð og hafi væntanlega jákvæð áhrif á þróun efnahagsmála okkar, leggur hún okkur einnig skyldur á herðar eða réttara sagt ætti að opna augu okkar fyrir nauðsyn þess að skapa atvinnuvegunum þau skilyrði, að þeir geti notfært sér hinn aukna markað, sem nú er fyrir framleiðslu þeirra.

Hér á ég við, að gagnslítið er að opna með viðskiptasamningi markað 250 millj. manna, nema við séum samkeppnisfærir á þeim markaði. Kostnaðarverðlag okkar innanlands verður að vera í einhverju samræmi við það, sem gerist í viðskiptalöndum okkar. Samkeppnisaðstaða okkar unga íslenzka iðnaðar, útflutningsiðnaðar, var talin mjög góð, t. d. 1970 og 1971, en fór versnandi á síðasta ári. Með þeirri óðaverðbólgu, sem er fyrirsjáanleg, er því miður ekki útlit fyrir, að iðnaðurinn geti sem skyldi þrátt fyrir lækkaða tolla nýtt þá markaði, sem samningurinn við Efnahagsbandalagið á að veita betri aðgang að en áður.

Eins og kunugt er, var launaskatti létt af fiskveiðum, og ríkisvaldið skuldbatt sig til að greiða jafnháa upphæð til útgerðarinnar að auki við ákvörðun fiskverðs um áramót. Iðnaðurinn hefur talið sig þurfa einnig á slíkum uppbótum að halda og má þá nærri geta, hvort hann er viðbúinn að taka á sig þær kostnaðarhækkanir, sem nú eru að skella yfir.

Það er og nauðsynlegt að minna á, að fyrrv. ríkisstj. gekkst fyrir skattalagabreytingum, til þess að atvinnufyrirtækin hér á landi byggju við sambærilega skattalöggjöf og atvinnufyrirtæki í öðrum EFTA-löndum, þegar við gengjum í EFTA. Núv. ríkisstj. hefur að vissu marki afnumið eða dregið úr þessum hagkvæmu skattabreytingum.

Ástæða er til að taka til ítarlegrar rannsóknar alla samkeppnisaðstöðu atvinnuvega okkar, bæði útflutningsatvinnuvega, iðnaðar og sjávarútvegs, svo og þeirra atvinnuvega, sem selja vörur og þjónustu á heimsmarkaði, en þeir munu mæta aukinni samkeppni frá innflutningi eftir fullgildingu þessa viðskiptasamnings. Slíkt ætti í raun og til frambúðar að hafa þau áhrif, að viðskiptakjör landsmanna allra fari batnandi. En slík ítarleg rannsókn á samkeppnisaðstöðu atvinnuvega okkar þolir enga bið, einkum og sér í lagi vegna þess, að öll þróun undanfarin missiri bendir til þess, að sú samkeppnisaðstaða hafi versnað.

Eins og kunnugt er, er einn megintilgangur Efnahagsbandalagsins og þeirra viðskiptasamninga, sem það gerir við EFTA-löndin, að stuðla að örum hagvexti, fullri atvinnu og hagkvæmri verkaskiptingu landa og þjóða á milli með því m. a. að fella tollmúra. Við væntum þess, að Efnahagsbandalagsríkin muni ekki nota þá fyrirvara að láta ekki tollalækkanir á sjávarafurðum okkar ganga í gildi, eftir að við höfum fullgilt samninginn. Um það skal ég hins vegar ekki spá. Alla vega njóta iðnaðarvörur okkar tollalækkana þegar í stað, og verði bið á því, að sjávarafurðir okkar fylgi með, verður hún væntanlega stutt og heizt engin.

Samkv. samningnum er gert ráð fyrir því í 30. gr., að sameiginleg nefnd, samstarfsnefnd Íslands og Efnahagsbandalagsins, starfi að framkvæmd hans og úrlausn ýmissa mála, sem af framkvæmdinni rísa. Í þeirri samstarfsnefnd ber að leggja áherzlu á, að eðlileg verkaskipting ríki milli Íslands og Efnahagsbandalagsríkjanna.

Nú er vitað, að bæði Bretland og Vestur-Þýzkaland veita fiskveiðiatvinnuvegum sínum slíka styrki, að jafna má áhrifum þeirra við áhrif verndartolla. Ef fiskveiðar þessara landa nytu ekki þessara styrkja, væru þær ekki samkeppnisfærar við íslenzkan sjávarútveg. Þá mundu Íslendingar eðli málsins samkv. hafa það hlutverk í þeirri efnahagssamvinnu, sem öllum er fyrir beztu, að veiða og vinna fisk fyrir þennan stóra markað. Íslendingar ættu að geta unnið að því í framhaldi af fullgildingu þessa viðskiptasamnings að fá þjóðir Efnahagsbandalagsins til þess að fella niður eða draga úr þeim styrkjum og uppbótum, sem jafna má til verndartolla, að svo miklu leyti sem þannig er unnið á móti eðlilegri verkaskiptingu þjóða á milli.

Herra forseti. Þar sem tilgangur þessa viðskiptasamnings er, eins og áður segir, að stuðla að örum hagvexti og bættum lífskjörum, kann svo að vera, að ýmsir yppti e. t. v. öxlum og telji hér aðeins dæmi um tilgangslaust lífsgæðakapphlaup að ræða, eins og nú á dögum er stundum komizt að orði. Full atvinna og eðlileg verkaskipting á raunar að fylgja í kjölfarið, og sést þegar af því, að tilgangslaus er þessi samningur

ekki. En samhliða treystir samningurinn og eflir þau menningarlegu, sögulegu og stjórnmálalegu tengsl, sem við höfum átt og viljum gjarnan eiga við Evrópuþjóðir. Ekki er því ofsagt, að við stöndum á mikilvægum tímamótum við fullgildingu þessa samnings. En við verðum að búa í haginn og leggja okkur fram, ef við eigum að hafa af honum gagn, eins og efni standa til. Það verða stjórnvöld, atvinnuvegir, atvinufyrirtæki og landsmenn allir að gera sér ljóst.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Sérstök ástæða er til að fagna því, að alger samstaða náðist í utanrmn. um afgreiðslu till. um heimild til fullgildingar á samningum Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, Kola- og stálbandalag Evrópu og loks um samþykkt á breytingum á stofnsamningi Fríverzlunarsamtakanna.

Stofnun og þróun Efnahagsbandalags Evrópu er án efa einn mesti sögulegi viðburður okkar tíma, enda þótt hann hafi teygt sig yfir nokkurt árabil. Með þessu Efnahagsbandalagi er gerð grundvallarbreyting á málefnum vestanverðrar Evrópu, og hefur farið svo, að mörgum ríkjum hefur reynzt erið erfitt að gera upp við sig, hvert viðhorf þeirra á að vera gagnvart bandalaginu, hvort þau eigi að gerast aðilar að því, tengjast því á annan hátt eða hafna því með öllu. Í nágrannalöndum okkar hafa þessi mál orðið með mestu deilumálum og hafa velt bæði ríkisstj. og ráðamönnum. Þarf því engan að undra, þótt mál þetta væri erfitt viðfangs fyrir okkur Íslendinga, enda hafa verið uppi um það deilur.

S. l. áratug hafði þáv. ríkisstj. forustu um að móta stefnu í þessum málum. Í stórum dráttum var hún á þá lund, að Ísland gæti ekki gerzt aðili að Efnahagsbandalaginu, en hins vegar væri lífsnauðsyn að ná einhvers konar tengslum við bandalagið, þannig að við gætum rekið við það eðlileg viðskipti og fylgzt með þeirri hagþróun, sem leiðir af starfsemi bandalagsins. Með því, sem hér gerist í dag, er í raun og veru haldið áfram þessari stefnu, og ég vil lýsa þeirri von minni, að hún verði íslenzku þjóðinni til blessunar.

Það hvílir, eins og hæstv. utanrrh. mun hafa sagt í Brüssel, nokkur skuggi yfir samningi okkar við Efnahagsbandalagið, þar sem eru deilurnar um landhelgismálin. Við erum allir sammála um að gera landhelgina ekki að verzlunarvöru og getum því einnig, vona ég, sameinazt um þá ósk, að Efnahagsbandalagið láti ekki kné fylgja kviði og noti sér ekki til hins ítrasta þá fyrirvara, sem í samningunum eru.

Ég vil minna á, að fyrr á þessu þingi flutti formaður Alþfl., hv. 7. þm. Reykv., þáltill., þar sem Alþ. var ætlað að fela ríkisstj. að fullgilda þá samninga, sem hér um ræðir. Þessi till. er efnislega hin sama og sú, sem í dag er afgreidd, og að skoðun flm. og Alþfl. hefur hún fengið fullkomlega jákvæða afgreiðslu með samþykkt á þeirri till. ríkisstj., sem nú er til umr. Tel ég það ánægjulegan árangur og þakkaverðan.

Ég ítreka, að einhugur um þetta mál er óvenjulegur og mikils virði, og ég vænti, að samstaðan innan utanrmn. reynist einnig vera í þinginu öllu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að þakka hv. utanrmn. fyrir ágætt samstarf að afgreiðslu þessarar till. og fyrir það, hversu fljótt og vel nm. brugðust við að leggja til við hv. Alþ. að samþykkja till. Hefur verið bent á það hér, að samstaðan um þetta mál sé mikil og óvenjuleg, og sízt skal ég úr því draga. Ég vona, að afgreiðsla till. og staðfesting samninganna verði okkur til gæfu, og ég vil skýra frá því, að strax og utanrmn. varð sammála um afstöðu til till., gerði ég þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hægt verði að skiptast á fullgildingarskjölum fyrir 1. marz, þannig að Íslendingar munu engum rétti tapa, þó að till. sé nokkuð seint á ferðinni.

Eins og hv. frsm. n. gerði grein fyrir, ákveður ríkisstj. þessa fullgildingu í trausti þess, að skilmálar Efnahagsbandalagssamningsins komi til framkvæmda, jafnskjótt og þeir samkv. samningnum sjálfum geta gert það. Höfum við þar auðvitað fyrst og fremst í huga, að Efnahagsbandalagið noti ekki fyrirvara um frestun á eða bann við gildistöku ákvæða um fríverzlun eða tollalækkanir á sjávarafurðum. Ég skal ekki fremur en aðrir spá um það, hvernig bandalagið afgreiðir það mál. Ég vil leyfa mér að vona fyrir hönd okkar allra og með hliðsjón af þeim samskiptum, sem við eigum eftir að eiga við Efnahagsbandalagið og ríki þess, að til þess komi ekki, að fyrirvarinn verði notaður. En erindi mitt hingað var einungis að þakka utanrmn. fyrir góða og jákvæða afgreiðslu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 50:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till samþ. með 51:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 334).

Efri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 26. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282, n. 330). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur tekið þetta mál til athugunar og afgreiðslu. Eins og fram kom við 1. umr. um frv., hafði erindi um þetta mál verið sent dóms- og kirkjumrn., og rn. og er því meðmælt, að sú heimild verði lögfest, sem frv. kveður á um, enda er frv. flutt í samráði við hæstv. dóms- og kirkjumrh. Ekki liggur fyrir skrifleg umsögn landnámsstjóra, en í viðtali hefur hann tekið fram, að hann telji eðlilega þá ráðstöfun, sem hér er farið fram á, og hann geti fyrir sitt leyti mælt með samþykkt frv. N. var ásátt

um að leggja til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir. En þess skal getið, að tveir nm. voru ekki á fundi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs, frv. (þskj. 313). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með stóraukinni þekkingu og tækni á öllum sviðum sjávarútvegsins hefur sóknin aukizt svo mjög í flesta stofna fiska og sjávardýra, að jafnvel er talið, að flestum þessara stofna sé nokkur hætta búin af þessari miklu sókn. Af þessum ástæðum hefur orðið að grípa til ýmiss konar ráðstafana til verndunar stofnum sjávardýra. Við fiskveiðar eru ákveðin svæði, einkum uppeldis- og hrygningarstöðvar, friðuð um lengri eða skemmri tíma. Á þeim sviðum hefur hins vegar ekki þótt rétt eða fært að grípa til neinna annarra takmarkana á aflamagni. Við veiðar á rækju, hörpudiski og humar hafa þess konar aðgerðir ekki reynzt nægilegar. Við þessar veiðar hefur orðið að grípa til beinna takmarkana á aflamagni, en það hefur m. a. verið gert með takmörkun á veiðitíma og einnig með því að takmarka fjölda báta og með beinni takmörkun á hámarksafla, sem leyfður er á hverju svæði. Við þessar ákvarðanir hefur jafnframt orðið að taka tillit til byggðarsjónarmiða, t. d. þannig að heimila aðeins veiðar fyrir báta frá nærliggjandi byggðarlögum.

Ljóst er, að samræma ætti byggingu vinnslustöðva á landi því aflamagni, sem gera má ráð fyrir á viðkomandi svæðum. Á þessu hefur hins vegar orðið töluverður misbrestur. Höfum við í landi okkar fjölmörg dæmi um slíkt og þá jafnframt dæmi um alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulíf í viðkomandi byggðarlögum. Það er skoðun mín, að úr þessu beri að bæta. Því hef ég á þskj. 313 leyft mér að leggja fram frv. til l. um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs. Í 1. gr. frv. kemur hins vegar fram, að aðeins er átt við vinnslustöðvar á þeim sviðum, sem háð eru beinum aflatakmörkunum, sem sjútvrn. ákveður, m. ö. o. aðeins við rækju-, humar- og skelfisksvinnslu, eins og nú er ástatt. Það er að vísu rétt, að einnig er nauðsynlegt að samræma byggingu frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva. Hins vegar er þar yfirleitt um svo fjárfrekar framkvæmdir að ræða, að auðvelt ætti að vera að ná slíkri samræmingu með aðstoð lánastofnana, ekki sízt ef tryggt er, að lánastofnanir fylgi þeim áætlunum, þeim byggðaáætlunum og atvinnuvegaáætlunum, sem Framkvæmdastofnun ríkisins vinnur að, og þeim er raunar gert skylt að fylgja samkv. lögum um þá stofnun. Um vinnslustöðvar fyrir rækju, humar og skelfisk gildir nokkuð öðru máli. Slíkum stöðvum má koma á fót með tiltölulega litlu fjármagni, jafnvel með því að fá stórvirkar vélar með lánskjörum, enda er víða svo komið, að gæta verður á þessum sviðum fyllstu varúðar, ef ekki er jafnvel þegar í óefni komið.

T. d. má nefna vinnslu á hörpudiski. Slík vinnsla er að hefjast með stórvirkum vélum. Ein þess háttar vél, amerísk, er komin í Stykkishólm, önnur, smíðuð hér á landi, á Bildudal og sú þriðja, einnig smíðuð hérlendis, á Langeyri við Ísafjarðardjúp. Þessar vélar og það, sem í kringum þær er, kostar margar millj. kr. Þær þurfa jafnvel nokkur þús. tonn af hörpudiski til þess að vera arðbærar. Ljóst er hins vegar, að hörpudisksmiðin eru mjög takmörkuð og þegar allnálægt flestum gengið, a. m. k. á ofangreindum svæðum. Það er sannfæring mín, að mjög vafasamt sé að setja fleiri slíkar vélar á þessi svæði, a. m. k. án ítarlegrar könnunar. Þetta kom raunar mjög berlega fram í blaðaskrifum um þá vél, sem sett var upp í Stykkishólmi, og vöknuðu ýmsar spurningar um, hvort gætt hefði verið nauðsynlegrar samræmingar á afkastagetu miðanna og vélarinnar.

Rækjuveiðar hafa verið stundaðar af miklu kappi á undanförnum árum, einkum við Vestfirði og á Húnaflóa. Hefur sóknin t. d. á Ísafjarðardjúpi og í Arnarfirði stóraukizt á undanförnum árum. Hefur komið í ljós, að gengið hefur verið mjög nálægt stofnunum. Því hefur reynzt nauðsynlegt að takmarka þessar veiðar í vaxandi mæli. Vonandi ber það tilætlaðan árangur. Til þess benda raunar veiðarnar á Ísafjarðardjúpi nú í vetur.

Vinnslustöðvar hafa risið upp eins og gorkúlur og til þeirra verið keyptar eða leigðar stórvirkar rækjupillunarvélar. Við Ísafjarðardjúp eru starfræktar a. m. k. 7 rækjupillunarvélar og 2 við Arnarfjörð. Hver þessara véla þarf u. þ. b. 700— 800 tonn af rækju á ári, til þess að rekstur þeirra sé sæmilega tryggður. Hygg ég, að það sé meira en bæði Ísafjarðardjúpið og Arnarfjörðurinn þola með góðu móti, enda er staðreyndin sú, að afkoma rækjuvinnslustöðvanna hefur yfirleitt verið fremur bágborin síðari árin.

Á Húnaflóa voru rækjuveiðar lengi vel aðeins stundaðar frá Hólmavík og Drangsnesi. Hefur rækjuveiðin algerlega haldið uppi atvinnulífi á þessum stöðum mörg undanfarin ár. Á Hólmavík og Drangsnesi voru samtals tvær litlar vélar og ein stór. S. l. haust bættist við eins stór rækjupillunarvél á Skagaströnd. Um svipað leyti ákvað sjútvrn., að hámark rækjuaflans á Húnaflóasvæðinu skyldi vera 1200 tonn á þessari vertíð. Var þá þegar ljóst, að um algert lágmark var að ræða fyrir þann vélakost, sem til staðar var. Um s. l. áramót kom hins vegar upp ný rækjuvinnslustöð á Hvammstanga með stórri vél. Afleiðingin er sú, að á Húnaflóasvæðinu er nú hafið skefjalaust kapphlaup um þá rækju, sem veiða má. Ef svo heldur fram sem nú horfir, getur aðeins farið á þann veg, að byggðarlögin og þeir, sem reka þessar vinnslustöðvar, bera stórtjón af og atvinnuleysi verður, a. m. k. á Hólmavík og Drangsnesi, þar sem segja má, eins og fyrr segir, að allt atvinnulíf sé á rækjuveiðunum byggt. Eflaust verður þrýst á að fá aflahámarkið aukið.

Þá er jafnframt ekki ólíklegt, að rækjustofnunum sé búinn nokkur voði og geti farið á sömu leið og varð á Ísafjarðardjúpi.

Þarna er um mjög alvarlegt mál að ræða fyrir viðkomandi byggðarlög og ljóst, að stjórnvöld þurfa að grípa í taumana án tafar, þótt raunar megi segja, að það sé þegar orðið nokkuð seint. Komið gat til greina að fela fiskveiðasjóði að tryggja þá samræmingu, sem um ræðir í umræddu frv., milli veiða og vinnslu. Við nánari athugun þótti mér hins vegar eðlilegra, að þeir, sem vilja reisa vinnslustöð á viðkomandi sviði og svæði, leiti sjálfir heimildar hjá sjútvrn., sem ákveður aflamagnið, eins og fyrr er greint frá. Þetta þótti mér eðlilegra, m. a. með tilliti til þess, sem áður segir, að sumar slíkar stöðvar má jafnvel reisa, án þess að lánastofnanir séu til kvaddar.

Ég vil að lokum taka það fram, að mér er viðamikið leyfakerfi ógeðfellt. Ég vil leitast við að leggja sem minnstar kvaðir á heilbrigt framtak einstaklingsins. Á sumum sviðum verður hins vegar ekki hjá því komizt. Við umræddar veiðar er þegar komið á leyfakerfi og aðrar takmarkanir. Ég vona, að af því, sem ég hef rakið, verði hv. þm. ljóst, að í þessu tilfelli er skaðlegast að stíga ekki skrefið til fulls.

Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ef ég man rétt, eru liðlega 2 ár síðan við ræddum hliðstætt mál hér í Ed. Var það flutt af varaþm. í Reykjaneskjördæmi, sem sat hér á þingi. Þá sáum við fram á, að svipuð þróun mundi gerast á Suðurnesjum og hv. flm. hefur talað um að væri að gerast og jafnvel hefði gerzt nokkuð á Vestfjörðum. Sjútvn. fékk þessa þáltill. til meðferðar og mælti einróma með henni, þ. e. a. s. að höfð yrði gát á allri uppbyggingu og athugað gaumgæfilega, áður en menn færu í slíka fjárfestingu, sem hefði svo mikla afkastagetu, að það væri langt umfram hugsanlegt veiðimagn, eins og flm. ræddi hér skilmerkilega áðan. Deildin samþ. síðan þessa ályktun, og hún var send ríkisstj. Síðan hefur það gerzt, að við höfum fengið stofnun mikla í landinu, sem á að skipuleggja ýmsa hluti, og ef ég man rétt, er flm. frv. stjórnaraðili í þessari stofnun. Hefur Framkvæmdastofnun ríkisins ekki fengið þetta vandamál til meðferðar, sem frv. fjallar um? Er hún á miklu stærra sviði? Eða hvað hefur hún skipt sér af slíkri uppbyggingu, sem frv. gerir ráð fyrir? Hefur ekki borizt til hennar þessi ályktun, sem var gerð hér í hv. deild fyrir u. þ. b. tveimur árum? Ályktunin er í anda þessa frv., og vildi ég þess vegna vita um afdrif hennar, áður en ég færi að taka afstöðu til frv. sjálfs. Ef stofnunin gegnir því hlutverki, sem sagt var hér á sínum tíma, þá á hún að hafa hemil á þessu, sem þarna er sagt alveg réttilega frá, að hefur átt sér stað.

Ég vildi aðeins fá þessar upplýsingar á þessu stigi málsins og vita, hvernig málunum hefur reitt af í tímans rás, s. l. 2 ár, því að ef ekkert hefur verið gert í þessu, þá sé ég varla, að svona lög mundu bæta úr. Þá er eitthvað annað, sem þrýstir á, jafnvel að það komi upp hagsmunapólitík á viðkomandi svæðum, og það er hlaupið til manna, sem bjarga þessu við, leitað fyrirgreiðslu hjá okkur á Alþ. o. s. frv. Ég sem sagt vildi nota tækifærið til að spyrja flm. um þetta, sem ég drap á, ef hann hefur tök á að svara því með svona stuttum fyrirvara.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mun að vísu ekki geta veitt fullnægjandi svör við spurningum hv. þm., en þó vil ég segja það, að mér var ekki kunnugt um þessa ályktun, sem héðan mun hafa farið fyrir tveimur árum, enda sat ég þá ekki á þingi. Ég hef ekki orðið var við þessa ályktun hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Má vel vera, að hún hafi borizt þangað, en hún hefur a. m. k. ekki verið sýnd stjórn stofnunarinnar og þá að öllum líkindum ekki verið tekin til meðferðar, því að ég minnist þess ekki og tel mig raunar geta fullyrt, að hún hafi ekki verið á skrá þeirra mörgu verkefna, sem stofnunin samþykkti fyrir sína áætlunardeild. Ég vil hins vegar segja það, að áður en ég lagði fram þetta frv., ræddi ég efni þess ítarlega við nokkra aðila, m. a. tvo meðlimi í stjórn fiskveiðasjóðs og einn starfsmann sjútvrn. Ég var í upphafi með aðrar leiðir í huga um þetta, því að ég er sannfærður um, að þarna verður að grípa í taumana, ef ekki á að hljótast af vandræðaástand víða um land. En við athugun á málinu kom það í ljós, sem mönnum ætti raunar að vera ljóst, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að ýmsar þessar stöðvar til vinnslu, einkum á rækju, má setja á fót í raun og veru án þess, að nokkur lánastofnun þurfi að koma þar að. Það var þetta, sem fulltrúar fiskveiðasjóðs bentu mér á, þegar ég ræddi um það við þá, hvort ekki mætti tryggja þetta með lánveitingum frá sjóðnum. Þessar vélar má fá með lánskjörum erlendis frá, og það er ekki neinn möguleiki nú, eftir því sem ég bezt þekki, til að stöðva slík lán á vélum. Mér er ekki kunnugt um, að Framkvæmdastofnunin geti í raun og veru gert það. Þótt hún gerði áætlun um eðlilega uppbyggingu slíkra vinnslustöðva, er það að sjálfsögðu ekki bindandi fyrir einstaklinga, heldur aðeins fyrir lánastofnanir. Því varð niðurstaðan, að þetta yrði ekki með góðu móti tryggt nema með slíkum lögum. Og þá töldu þessir aðilar eðlilegast, að sjútvrn., sem getur tekið til sín ákvörðunarvald um leyfisveitingar við þennan sjávarútveg, veiti einnig leyfi til vinnslustöðva og gæti þess þá jafnframt, að þar fáist samræming á. Um það atriði, sem hv. þm. minntist á, að slíkt gæti leitt til alls konar fyrirgreiðslu af hálfu þm., hygg ég, að seint verði hjá því komizt. En mér finnst þó, að með lagasetningu sem þessari og með því að þetta sé í höndum sjútvrn. verði þó einna helzt tryggt, að vel verði á þessum málum haldið.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er alltaf mikið vafamál, hvað hið opinbera á að skipta

sér mikið af framkvæmdum á sviði atvinnumála og framleiðslu. Hingað til hefur það ekki verið þannig, að þurft hafi að sækja um til opinberra aðila, hvort megi vinna afla eða koma upp vinnslustöðvum við ákveðnar greinar í sjávarútvegi. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, að hér verði farið inn á nýja braut og til þess að koma á fót vissum vinnslustöðvum þurfi opinbert leyfi. Nú er það svo um ýmislegt, sem fram kemur í grg. með þessu frv., að þar er um tegundir sjávarafurða að ræða, sem samrýmast alls konar annarri framleiðslu í sjávarútvegi, eins og t. d. humarframleiðsla. Það þarf ekki að setja á stofn nýja vinnslustöð til þess að bæta humar við þorsk eða ýsu í frystingu eða vinnslu. Sama má segja um rækjuna. Það þurfa að koma til viðbótar vélar, en annað ekki. Vinnslustöðin að öðru leyti er þá fyrir hendi. Hefði mátt ætla, að eftir að var búið að setja á stofn Framkvæmdastofnun ríkisins, sem átti að hafa heildaryfirlit yfir fjárfestingu í landinu, væri minni ástæða til að flytja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. En því miður hefur það verið svo um starfsemi þessarar stofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hún hefur stundum afgreitt mál frá sér á þann hátt, að það væri kannske full þörf á að hafa lög eins og þau, sem frv. gerir ráð fyrir. Nefni ég í því sambandi lánveitingar, sem stofnunin samþykkti á sínum tíma til eins staðar á Norðurlandi, til tveggja aðila á litlum stað, en fyrir fram var vitað, að var útilokað, að tvö fyrirtæki þar gætu staðið undir eðlilegum rekstri. Því miður hefur þetta átt sér stað, og slíkt getur vitanlega endurtekið sig. Framkvæmdastofnunin hafði vitanlega aðstöðu í þessu tilfelli til að skipa málunum þannig, sem þó endanlega varð, en það var ekki Framkvæmdastofnuninni að þakka, því að þessir menn komu sér saman um að stofnsetja eitt fyrirtæki á þessum stað. En það var ekki við afgreiðslu málsins frá Framkvæmdastofnuninni tilskilið eða bent á það eða reynt að vinna að því, að aðilarnir tækju höndum saman um að byggja upp eitt slíkt fyrirtæki á staðnum.

Ég tel, að það komi margt til greina, sem þarf að athuga sérstaklega, áður en þetta frv. verður afgreitt. Ég á sæti í þeirri n., sem fær væntanlega frv. til meðferðar, og sé því ekki ástæðu á þessu stigi málsins til að orðlengja frekar um það.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins koma hér og lýsa því yfir, að ég tel, að þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., eigi fullan rétt á sér, eins og kemur fram í þeirri grg., sem lögð hefur verið fram með frv., sérstaklega hvað varðar þær veiðar, sem háðar eru aflatakmörkunum.

Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í umr. um málið, en það, sem kom mér til að standa hér upp, eru einmitt þær umr. og sú reynsla, sem þegar liggur fyrir í sambandi við skelfisksveiðar á Breiðafirði. Þetta mál hefur verið mjög mikið rætt vestra, og er hv. þm. eflaust kunnugt um þann ágreining, sem þar hefur komið fram, bæði í sambandi við veiðitíma, veiðimagn og veiðiaðferðir, og þá ekki hvað sízt í sambandi við þá vinnslu, sem fram hefur farið við Breiðafjörð á þessum skelfiski og raunar víðar. Ég tel, að það sé þess vegna mjög tímabært, að einhver aðili komi upp hér á landi, sem geti haft hemil á því, að þarna sé hvorki verið að ofveiða fisktegund né fjárfesta í vinnslu umfram það, sem heilbrigð skynsemi ætti að segja til um. Ég tel þess vegna, að það sé nauðsyn, að hér verði settar á hömlur, sem komi að gagni.

En þetta vekur hjá mér löngun til að ræða annað atriði í sambandi við okkar fiskiðnað og fiskveiðar, það er skort á yfirstjórn þessara mála, þegar mikið liggur við. Mér dettur í hug að nefna hér t. d. netaveiðar, þorskanetaveiðar. Sjómenn okkar, a. m. k. við Breiðafjörð, hafa oftar en einu sinni talað um nauðsyn þess, að settar séu ákveðnar tímatakmarkanir í sambandi við þessar veiðar, og staðreyndin er sú, að þorskanetaveiðar hafa verið framkvæmdar nú undanfarið á þann hátt, að bátar hefja veiðar með þorskanetum gjarnan nú orðið í byrjun jan., sem þýðir það, að þeir aðilar, sem vilja stunda línuveiðar, sem eru eðlilegri veiðar á þessu tímabili, jan.—febr., verða að hætta þessum veiðum af þeirri einföldu ástæðu, að þessi veiðarfæri, lína og þorskanet, fara ekki vel saman á sömu miðum. Ég tel, að þetta sé dæmi, sem sýnir, að þarna erum við að framkvæma hlut, sem vill verða oftast eða a. m. k. oftar til tjóns fyrir viðkomandi aðila í staðinn fyrir, ef væri hægt, að ná samkomulagi og setja reglur um, að netaveiðar ættu helzt ekki að hefjast fyrr en 1. marz eða alls ekki fyrr en 15. febr. Þá fengju útgerðarmenn tryggingu fyrir því, ef þeir hefja línuveiðar t. d. í okt., að þá fengju þeir línutímabil alveg til febrúarloka, en allir eru sammála um, að línuútgerð sé hagkvæmust á þessu tímabili.

Ég vildi aðeins varpa þessu hér fram vegna þess, að ég tel, að það sé tímabært, þegar sú staðreynd liggur fyrir, að við þurfum að hagnýta betur okkar veiðisvæði og þær fisktegundir, sem við veiðum, bæði hvað snertir veiðarnar sjálfar og eins í sambandi við úrvinnsluna, að við gefum því gaum í alvöru, að þarna þarf að setja vissar takmarkanir. En mér virðist eftir þeirri reynslu, sem ég tel mig hafa kynnzt í þessum málum, að það skorti mjög á, að sá aðili, sem helzt ætti þarna um að fjalla, þ. e. a. s. sjútvrn. með öllum þeim stofnunum, sem heyra undir það, taki rétt og skynsamlega á málum hvað þetta varðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Mánudaginn 26. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ítala, frv. (þskj. 284). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 280). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hér í hv. d. komu til umr. 27. jan. 1971 tvö frv. um fræðslumál, annað, sem fjallaði um grunnskóla, en hitt um skólakerfi. Fór fram 1. umr. um bæði þessi mál, en hvorugt náði lengra áleiðis á því þingi. Eðli málsins samkv. vil ég leyfa mér að ræða bæði málin saman eins og gert var í hið fyrra skipti.

Við umr. 1971 kom fram, bæði hjá þáv. menntmrh., hv. 7. þm. Reykv., og öðrum, sem til máls tóku, að ekki væri þá fyrir mestu að hraða afgreiðslu frv., heldur að þau fengju sem vandaðasta meðferð og gaumgæfilegasta athugun.

S. l. vor tók til starfa 5 manna n., sem falið var að endurskoða frv. um grunnskóla og skólakerfi með það fyrir augum, að þau gætu komið fyrir þetta þing með þeim breytingum, sem ráðlegar þættu. Formaður þessarar n., eins og hinnar fyrri, sem frv. samdi í öndverðu, var skipaður Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri. Með honum tóku sæti í n. Andri Ísaksson deildarstjóri, sem einnig sat í hinni fyrri n., Ingólfur A. Þorkelsson kennari, Kristján Ingólfsson kennari, Páll Líndal borgarlögmaður og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Með n. starfaði Indriði H. Þorláksson fulltrúi.

Ég tel í engu ofmælt, að sú athugun, sem ræðumenn hér í hv. d. fyrir tveim árum töldu nauðsynlegt, að frv. sættu, hafi í rauninni staðið yfir allar götur síðan. Varla hefur svo mánuður liðið þessi tvö ár, að ekki væri erindum, sem þau vörðuðu. beint til menntmrn. eða fjallað um einhver atriði þeirra á opinberum vettvangi. Álitsgerðir og aths. komu þó í tveimur meginhrinum. Sú fyrri hófst jafnskjótt og frv. höfðu verið kynnt í ársbyrjun 1971. Langt fram eftir því ári fjölluðu samtök og stofnanir um þau á fundum og gerðu samþykktir um nýmælin, sem í þeim fólust, margar hverjar hinar ítarlegustu. Eftir svo að n., sem falin var endurskoðun frv., tók til starfa, lýsti hún enn eftir till. og ábendingum, og urðu undirtektir töluverðar. Endurskoðunarnefndin hefur unnið mikið starf við úrvinnslu álitsgerða og samþykkta, sem borizt hafa. Niðurstaðan af starfi hennar kemur fram í fjölmörgum breytingum á frv. frá fyrri gerð, og taka þær bæði til stefnumótunar og framkvæmdaratriða. Annað er svo óbreytt, og eru þar á meðal mörg höfuðatriði. Er það eðlilegt, því að við umr. í jan. 1971 tóku ræðumenn allra flokka frv. vel, en töldu þau þarfnast gaumgæfilegrar athugunar og skoðunar. Vona ég, að menn geti verið mér sammála um, að sú skoðun hafi nú átt sér stað, hverjum augum sem menn kunna að líta á einstakar niðurstöður.

Hámarki hefur kynning á þessum þýðingarmiklu frv. náð allra síðustu vikur af hálfu nm., sem að endurskoðuninni unnu. Mun ég víkja nánar síðar að því atriði, en vil láta koma fram nú þegar, að við fundarhöld víða um land hefur þess hvergi orðið vart, að breytingarnar frá fyrri gerð þyki horfa til verri vegar. Þvert á móti er mér óhætt að segja, að þeim hefur verið vel tekið hvarvetna. Þetta er ekki sagt hér til að stærast af, heldur til að benda á, að affarasælt geti reynzt að gefa sér rúman tíma við lagasmíð, þegar við á, þannig að almenningi veitist færi á að tjá sig um málefnin, einkum þegar fjallað er um viðfangsefni eins og fræðslumál, sem í rauninni varða hvert mannsbarn í landinu.

Eins og áður var fram tekið, voru tveir menn hinir sömu í báðum n., þeirri, sem samdi frv. í öndverðu, og hinni, sem fékk þau til endurskoðunar. Munurinn var, að síðari n. hafði úr að moða aragrúa aths. og till. Breytingarnar á frv., stórar og smáar, skipta alls hundruðum, en um þær allar, að einum tveim undanskildum, svo og um allt það, sem óbreytt stendur, náðist full samstaða allra nm. Ég vil tjá þakkir öllum, sem starfað hafa í báðum n., sér í lagi Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, sem hafði á hendi formennsku fyrir báðum. Ég get um það borið, hversu mikla alúð menn lögð við starfið í endurskoðunarnefndinni og spöruðu enga fyrirhöfn til að gera málin sem bezt úr garði í hendur Alþ.

Frv. þessi eiga, ef að lögum verða, að leysa af hólmi l. nr. 22 frá 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, lög nr. 34 frá 1946, um fræðslu barna, og lög nr. 48 frá 1946, um gagnfræðanám. Fræðslulögin frá 1946 voru umdeild á sínum tíma, en nú mun leitun á manni, sem vefengir, að þau hafi verið mikið framfaraspor frá því, sem áður var. Mest munaði um, að nemendum úti á landsbyggðinni greiddist leiðin til framhaldsnáms. En hinu er ekki að leyna, að enn í dag skortir á, að fræðslul. frá 1946 séu komin til framkvæmda í sumum byggðarlögum, rúmum aldarfjórðungi eftir að þau voru sett. Þar að auki hefur fræðsluþörfin breytzt á þessu tímabili. Þegar fræðslul. voru sett í lok heimsstyrjaldarinnar síðari, var einkum um það hugsað að greiða unglingum leiðina til framhaldsnáms í menntaskóla. Síðan hefur það tvennt gerzt, að þessi einhliða áherzla á menntaskólanám hefur valdið vaxandi misræmi í framhaldsskólakerfinu og aðrir framhaldsskólar hafa flestir þyngt verulega inntökuskilyrðin.

Síðara atriðið er óhjákvæmilegur fylgifiskur örrar tækniþróunar og vaxandi sérhæfingar. Skólar, sem veita hvers konar starfsmenntun, þurfa að verja vaxandi tíma til fræðslu um sérgreinar sínar og gera því harðnandi kröfur til almennrar undirbúningsmenntunar nýnema. Af þessu hlýzt, að 8 ára skyldunámið, sem upp var tekið í kjölfar fræðslul. frá 1946, veitir eitt sér dvínandi möguleika, þverrandi aðgang að framhaldsnámi. Bitnar þetta harðast á þeim byggðarlögum, sem vegna strjálbýlis eiga

erfiðast með að sjá uppvaxandi kynslóð fyrir fræðslu, sem brúar bilið milli skyldunáms og þeirra námsáfanga, sem veita réttindi til inngöngu í sérskóla. Ástandið í þessum efnum má glögglega marka af töflum þeim um dreifingu aldursflokka mismunandi byggðarlaga um skólakerfið, sem birtar eru í fskj. II með frv. um grunnskóla. Ég ætla ekki að rekja tölur, sem þar blasa við. Misræmið, misréttið milli skilyrðanna til framhaldsnáms, sem bjóðast í þéttbýli annars vegar og strjálbýli hins vegar, er svo áberandi, að óþarfi er að undirstrika það frekar. En í mínum augum er einna geigvænlegastur munurinn, sem er á niðurstöðum í töflum II og III á bls. 110. Í þeirri fyrri er gerð grein fyrir skólasókn barna fæddra 1953, sundurliðaðri eftir búsetu í þéttbýli og strjálbýli, á árabilinu 1967—1972 og miðað við búsetuna eins og hún var 1967, þegar skólaganga umfram skyldunám hófst hjá þessum ungmennum. Í síðari töflunni er sami hópur skólanema greindur á nákvæmlega sama hátt nema að því einu leyti, að tekið er tillit til breytinga á búsetu ár frá ári. Við þetta kemur í ljós, að síðari taflan ber því vott, að jafnt og þétt, eftir því sem á tímabilið líður, lækkar hlutdeild strjálbýlisins í þessum nemendahópi, en hlutdeild þéttbýlissvæðanna eykst að sama skapi. Í þessum mismun felast áhrifin, sem mismunandi fræðsluskilyrði í strjábýli og þéttbýli hafa á búsetuna í landinu. Fjölskyldur flytjast burt af landsbyggðinni til þéttbýlissvæðanna í því skyni að afla börnum sínum aðstöðu til þess að njóta framhaldsmenntunar. Slík þróun er óhjákvæmileg í þjóðfélagi eins og hið íslenzka er orðið, þegar svo er búið í haginn, að búseta getur ráðið úrslitum um það, hvort uppvaxandi kynslóð á kost á framhaldsnámi eða ekki.

Þjóðfélagið er komið á það stig tækni og verkaskiptingar, að sérmenntunar af einhverju tagi er krafizt til flestra starfa og allra þeirra, sem eftirsóknarverðust þykja. Skyldunámið eitt sér veitir ekki aðgang að framhaldsskólamenntun. Þetta verður óhjákvæmilega til að ýta undir flutning fólks frá byggðarlögum, sem geta ekki boðið skólagöngu fram yfir skyldunám, til staða, þar sem aðgangur að frekara námi er greiður. Mest rekur þetta misræmi á eftir þeim fjölskyldum að færa sig um set úr strjálbýli í þéttbýli, sem ríkasta áherzlu leggja á að tryggja börnum sínum fyllsta aðgang að framhaldsmenntun.

Ég held, að það sé óþarfi, að ég útmáli frekar fyrir hv. d., hvað hér er að gerast. Upp er komið í landinu alvarlegt misrétti. Aðgangi að skólagöngu, eftir að skyldunámi lýkur, er svo misskipt, að þetta atriði eitt út af fyrir sig veldur mælanlegri röskun á búsetu strjálbýlinu í óhag. Sé ekkert að gert, hlýtur þessi röskun að ágerast, því að fyrirsjáanlegt er, að kröfur til sérmenntunar eiga enn eftir að aukast.

Ráðið við þessum vanda er aðeins eitt: að rétta hlut strjálbýlisins, að leitast við að tryggja, að enginn þurfi vegna búsetu þar að fara á mis við að afla sér réttinda til að leggja stund á framhaldsnám. Til þess að svo megi verða, þarf að stiga til fulls skrefið, sem stigið var til hálfs með fræðslul. frá 1946, gera skólakerfið samfellt, svo að þar taki hvert þrepið við af öðru, enginn þurfi að komast þar í þrot, vegna þess að heimabyggð hans hafi ekki aðgang að skóla, sem veiti honum réttindi til frekara náms. Meginmarkmið frv. um skólakerfi og um grunnskóla er að koma því til leiðar, að öll uppvaxandi kynslóð í landinu, án tillits til búsetu, komi úr almennu undirbúningsnámi með jöfn réttindi til framhaldsnáms. Að sjálfsögðu er vandi að ná þessu marki við íslenzka staðhætti, en sá vandi er ekki óleysanlegur, ef vilji er fyrir hendi.

Ráðið til að brúa bilið, sem nú ríkir víða um land milli undirstöðumenntunar, sem kostur er á í heimahögum, og framhaldsmenntunar, er að auka við skyldunámið að því marki, sem þorri hvers aldursflokks verður nú þegar aðnjótandi á þeim stöðum, þar sem aðgangur er greiðastur að skólum. Með því að fækka námsstigum á jafnframt að vera unnt að gera námið markvissara og samfelldara. Ásamt nokkurri lengingu skólaársins á þetta að hrökkva til, að 9 ára nám skili nemendum með hliðstæðan undirbúning undir frekari skólagöngu og nú fæst með 10 ára námi. Þetta þýðir, að eftir skyldunám í grunnskóla á nemandi að vera fær um að hefja nám í menntaskóla eða sérskólum, sem gera svipaðar undirbúningskröfur. Með þessu móti styttist námsferill þeirra, sem framhaldsnám stunda eftir grunnskóla, um eitt ár, miðað við það, sem verið hefur.

Verði þessi frv. að l., leiðir svo af því, að nauðsyn ber til, að fram fari endurskoðun löggjafar um framhaldsskólastigið í heild. Að sjálfsögðu er ekki ráð fyrir því gert, að hver og einn, sem aflar sér réttinda til framhaldsnáms, hefji það þegar að grunnskóla loknum, ekki frekar en nú tíðkast. En reynslan hefur nógsamlega sýnt, að fjöldi fólks, sem hefur aflað sér atvinnu strax að skyldunámi afstöðnu, kemst í þá aðstöðu fyrr eða síðar á ævinni að vilja gjarnan afla sér framhaldsmenntunar án þess að þurfa að auka við almenna undirbúningsmenntun sína. Eins og nú háttar, er þetta miklum örðugleikum bundið.

Lenging skyldunáms hrekkur að sjálfsögðu ekki ein til þess að jafna, eins og kostur er, menntunaraðstöðuna í þéttbýli og strjálbýli. Búa þarf svo um hnútana, að skólar strjálbýlisins séu það vel liðaðir og búnir kennslutækjum, að þar sé veitt hliðstæð fræðsla við þá, sem kostur er á að láta í té í fjölmenni. Þessu verður ekki komið í kring í efri aldursflokkum grunnskóla nema með því að sameina nemendur af allstórum svæðum í strjálbýlinu í skóla, sem ná æskilegri stærð, til þess að nýting bygginga, búnaðar og kennaraliðs fullnægi eðlilegum kröfum. Hins vegar geta yngri aldursflokkar sótt smærri skóla, sem færri byggðarlög standa að. Enginn skyldi ganga þess dulinn, að mikið vandaverk er að koma á skólaskipun, sem í senn fullnægir óhjákvæmilegum hagkvæmniskröfum, margbreytilegum staðháttum og eðlilegum óskum heimafólks í hverju byggðarlagi um, að skólasetur sé ekki í meiri fjarlægð en þörf gerist. Að þessu öllu miða þær till., sem gerðar hafa verið undanfarin ár í menntmrn. um skóla-

skipan víða um land. Þær eru samdar sem umræðugrundvöllur og eru nú á ýmsum stigum athugunar milli rn. og heimamanna í hverju héraði um sig.

Það er eðlileg ósk foreldra, að sem minnst sé gert að því að vista börn, einkum hin yngri, í heimavistarskólum fjarri heimilum. Bæði þess vegna og af kostnaðarástæðum er í grunnskólafrv. mörkuð sú stefna, að heimanakstur nemenda sé viðhafður, eins og aðstæður frekast leyfa, en heimavistum haldið í óhjákvæmilegu lágmarki.

Eitt nýmælið í síðari gerð frv. um grunnskóla fjallar um stofnun útibúa fyrir yngri aldursflokka nemenda frá hinum stærri skólum. Þykir það fyrirkomulag vænlegt til þess, að tengsl megi takast sem fyrst milli nemenda og þess skóla, sem þeir munu sækja síðar á námsbrautinni.

Þó að gert sé ráð fyrir lengingu skólaárs, er svigrúm í því efni mun meira í hinu nýja frv. Þar er einnig þýðingarmikið nýmæli, sem miklar vonir eru við bundnar, um heimild til að færa verulegan hluta kennslutíma frá vetri til sumars í yngri aldursflokkum grunnskólans. Kemur vissulega til álita, hvort sama heimild á ekki að ná lengra upp eftir aldursflokkum. Hún yrði þá einkum notuð þar, sem miklu varðar fyrir heimilin og reyndar einnig fyrir nemendur, að nemendur geti verið heima við á tilteknum annatímum ársins, þótt þau tímabil teljist eðlilegur skólatími, þar sem öðruvísi háttar.

Þrátt fyrir að velmegun ríki í landinu, geta ýmsar ástæður ráðið því, að til séu heimili svo illa á vegi stödd, að þeim sé um megn að kosta börn til skyldunáms að heiman frá sér. Þar sem sannanlega er svo ástatt, hefur hingað til verið ráð fyrir gert, að sveitarfélag greiddi skólakostnaðinn, en hlyti endurgreiðslu af hálfu úr ríkissjóði. Reynslan sýnir, að fólk veigrar sér við að þiggja aðstoð, sem það telur vera sveitarstyrk, og verður það jafnvel til þess, að börn fara á mis við skólagöngu. Er kveðið á í frv. um skólakerfi, að ríkissjóður beri einn slíkan kostnað, þegar sannanleg þörf er fyrir hendi. Í sama frv. er það nýmæli, að séu fleiri systkin en tvö samtímis við skyldunám í heimavistarskóla, skuli fæðiskostnaður fyrir þau, sem umfram eru tvö, greiddur úr ríkissjóði. Þetta ákvæði er einnig byggt á fenginni reynslu til að afstýra því, að börn missi hreinlega af skólagöngu. Reiknað hefur verið út, að árlegur kostnaður af þessu ákvæði geti numið 6 millj. kr.

Veigamikið atriði frv. um grunnskóla er valddreifing til héraðanna með stofnun 8 fræðsluskrifstofa, einnar í hverju kjördæmi, þar sem fræðsluráð ásamt fræðslustjórum fara hvert á sínum stað með vald í ýmsum þeim málum, sem hingað til hefur verið skipað af menntamrn. Gert er ráð fyrir, að landshlutasamtök kjósi fræðsluráðin, og í heild er landshlutasamtökunum ætlað verulegt hlutverk í stjórn skólamála eftir þessu frv. Er því brýnt fyrir framkvæmd frv. um skólakerfi og um grunnskóla, að setningu löggjafar til bakhjarls starfsemi landshlutasamtakanna verði hraðað.

Allt það, sem nú hefur verið talið, og margt annað, sem ódrepið er á, miðar að því að jafna metin í fræðslumálum eins og framast er kostur, svo að í því efni sitji allir landsmenn við sama borð, hvað sem búsetu líður. Enn er þó ótalið eitt höfuðatriðið, sem hnígur í sömu átt, sem sé gjörbreyting útreiknings skólakostnaðar. Það hefur hingað til verið byggt á stærð, sem kölluð er „reiknaðar stundir" og gripið hefur yfir allan launakostnað við skólahald. Hefur útkoman reynzt mun hagstæðari stærri skólum en þeim smærri. Í grunnskólakerfinu nýja er horfið með öllu frá þessari reikningsreglu og kostnaður sundurgreindur í kennslustundir og annað skólastarf. Með þessu móti á að tryggja, að hver skóli hljóti frá ríki og sveitarfélagi það fé, sem hrekkur til þess, að honum sé unnt að framfylgja settri námsskrá. Á þessi nýja regla að fyrirbyggja, að hagur smærri skólanna sé fyrir borð borinn.

Stofnun hinna stóru fræðsluumdæma verður grundvöllur að sérfræðilegri þjónustu við skólana um land allt, í líkingu við þá þjónustu, sem hingað til hefur nær einvörðungu verið veitt í mesta þéttbýlinu. Á þetta jafnt við um sérkennslu, námsráðgjöf og þjónustu sérmenntaðra manna í sálarfræði og félagsráðgjöf. Einkum er námsráðgjöfin þýðingarmikil samfara lengingu skólaskyldunnar. Áríðandi er, að nemendur eldri deilda grunnskólans eigi kost á leiðbeiningum færra manna um tilhögun náms, er valgreinar koma til sögunnar, og þar með leiðsögn um kosti á framhaldsnámi eða starfi.

Vissulega bakar nýja grunnskólafrv. sveitarfélögunum, ekki síður en ríkinu, aukin útgjöld, en það færir þeim líka ný verkefni og þar með aukið valdsvið í fræðslumálum. Samsvarandi aukning tekjustofna verður svo eðlilega að fylgja. Ástæða er til að vekja sérstaklega athygli á einu atriði, sem varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga út af skólamálum. Sá háttur hefur hingað til viðgengizt, að ríkið endurgreiði sveitarfélögum sinn hluta af rekstrarkostnaði skóla, annan en launakostnað, eftir árið. Nýja grunnskólafrv. kveður á um gerð áætlunar um rekstrarkostnað skóla fyrir skólaárið fyrir fram. Þegar hún hefur hlotið samþykki sveitarstjórnar, sem í hlut á, og rn., skal skólakostnaður greiddur jafnóðum með mánaðargreiðslum.

Rekstrarkostnaðarauki, sem áætlað er að leiði af samþykkt grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi, nemur samtals 289 millj. kr., þegar bæði eru að fullu komin til framkvæmda. Þar af er hlutur ríkis áætlaður 229 millj., en sveitarfélaga 61 millj. Þar sem kveðið er á um, að framkvæmd ákvæða laganna eigi sér stað á 10 ára bili, dreifist kostnaðaraukningin á þann tíma, en þó alls ekki jafnt. Mest er hún fyrstu 6 árin, fer þá hæst í 44 1/2 millj. á einu ári, en verður 2-4 millj. síðari 4 ár 10 ára tímans.

Ekki er svo að skilja, að öll ákvæði frv. horfi til aukins kostnaðar. Til að mynda er þar ákvæði, sem á að sporna við tilhneigingu til að fækka nemendum í bekkjardeildum úr hófi fram. Haldið er fast við meðaltalið rúmar 2 tylftir í bekk. Í fámennum bekkjardeildum fylgir kostnaðarauki í kennslulaunum og húsnæðiskostnaði, sem nemur 4-5% við hvern nemanda, sem þar fækkar. Árlegur kostnaðarauki af slíkri fækkun gæti numið tugum milljóna í stærstu skóla-

hverfum, og engar sannanir liggja fyrir um það, að fækkunin skili sér í bættum námsárangri þeirra, sem eftir eru í bekkjardeildum.

Skv. fjárlögum ársins í ár er veitt til rekstrar og stofnkostnaðar í þágu fræðslumála, allt frá skyldunámi til Háskóla Íslands, og stuðnings við námsmenn fjárhæð, sem nemur 3 600 millj. kr. Þetta eru 16.8% af heildarútgjöldum fjárlaga. Hér er vissulega um að ræða mikla fjárhæð, sem áríðandi er, að vel sé varið. Ekki eru tök á að færa árangur skólastarfsins til bókar í krónum og aurum, en á því starfi veltur þó menntun og þroski þjóðarinnar, hvernig henni tekst að nýta auðlindir landsins og hverju lífi verður lifað á Íslandi um ókomin ár. Hér ríður á miklu, að grundvallarlöggjöf um skólakerfið sé sem bezt úr garði gerð, að hún skapi skilyrði til, að skólarnir megi koma sérhverjum nemanda til þess þroska, sem hæfileikar hans standa til.

Þótt miklu varði, að öllum landsmönnum séu sköpuð sem jöfnust menntunarskilyrði, er ekki síður þýðingarmikið, að lagasetningin veiti ákjósanleg starfsskilyrði við skólana til þess að rækja sjálft fræðslustarfið. Við lengingu skólaskyldunnar ríður á, enn meira en áður, að leitast við að tryggja alhliða árangur skólastarfsins með réttri stefnumörkun um námsmarkmið og starfshætti. Þar að auki er það liðin tíð, að almenn fræðsla geti tekið mið af því að veita nemandanum í eitt skipti fyrir öll undirstöðuvitneskju í nokkrum helztu þekkingargreinum. Það færist æ meira í vöxt, að menn verða að vera við því búnir að auka við þekkingu sína og færni á fleiri skeiðum ævinnar en aðeins yngri árum. Auk vitneskju um undirstöðuatriði í ýmsum greinum þekkingar þarf því almannaskóli nútímans að miðla nemendum sínum verkkunnáttu við að afla sér að staðaldri þekkingar á eigin spýtur, ásamt ratvisi á þau mið, sem bezt duga, þegar óstudd eigin viðleitni hrekkur ekki lengur til að fullnægja þekkingarþörf. Það er liðin tíð, að skóli geti skilað viðunandi árangri með því að tilreiða fyrir nemendur útmælda þekkingarskammta, sem hver og einn veitir viðtöku og gerir sér af þau not, sem sérhverjum er eiginlegt. Skóli, sem annast æsku þjóðarinnar níu viðkvæm þroskaár, verður skýlaust að stefna að því að hlúa að hverjum einstaklingi og veita honum, eins og aðstæður frekast leyfa, þroskaskilyrði við sitt hæfi.

Í 2. gr. frv. um grunnskóla er markmið skólans orðað svo:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið. — Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. — Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra“.

Þessi grein er stefnumarkandi og byggist á þrem meginatriðum. Hið fyrsta er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Annað er að efla skilning nemenda á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum. Og hið þriðja er að binda ekki starf skólans við fræðsluna eina, heldur stuðla í æ ríkara mæli að alhliða þroska hvers og eins nemanda. Skólinn undirbýr nemendurna undir að starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Af því leiðir að þróun þess hlýtur að hafa áhrif á starfshætti skólans. Samskipti nemenda í námi og starfi þurfa að mótast í lýðræðislegu samstarfi. Skólinn getur ekki rækt hlutverk sitt, svo að vel sé, nema hann sé sífellt vakandi fyrir breyttum þjóðfélagsháttum.

Síðan gildandi fræðslulög voru sett 1946, hefur framvindan í heiminum verið mjög ör og íslenzkt þjóðfélag tekið stakkaskiptum. Það eru breyttir þjóðfélagshættir, sem valda því, að ekki er lengur unnt að búa sig undir ævistarf í eitt skipti fyrir öll. Þessi þróun kallar því á bætta menntun þegnanna og sífellda endurmenntun, ekki sízt vegna þess, að vísindalegar rannsóknir draga nýja þekkingu svo ört fram í dagsljósið, að viðtekin þekking úreldist ört. Þróunin virðist sífellt ætla að verða örari. Þess vegna þarf skólinn að gera nemandann færan um að tileinka sér nýja þekkingu, bregðast við nýjum aðstæðum.

Af augljósum ástæðum hlýtur það m. a. að vera hlutverk skólans að varðveita menningararf íslenzku þjóðarinnar, tungu, bókmenntir og sögu, svo og sérkenni íslenzks samfélags. Varðveizla þessara menningarverðmæta er skylda þjóðarinnar. Þau hafa framar öllu öðru skapað okkur virðingu og viðurkenningu annarra þjóða og aukið heilbrigðan þjóðarmetnað. En jafnframt ber að forðast þröngsýn þjóðernissjónarmið og minnast þess, að íslenzk menning á sér víða rætur. Hún er ekki og hefur aldrei verið einangrað fyrirbæri. Við höfum lært margt af öðrum þjóðum, og það munum við halda áfram að gera.

Heill og þroski mannsins er takmark í sjálfu sér. Starf skólans er því ekki bundið við það eitt að veita þekkingu, heldur skal það í æ ríkara mæli stuðla að alhliða þroska hvers nemanda. Með „alhliða“ er átt við vitrænan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska.

Skólinn verður að leggja mikla áherzlu á að venja nemendur við hlutlægni og gagnrýnið, en jákvætt hugarfar, svo að þeir geti tekið málefnalega afstöðu. Sérstaklega ber að varast að innræta nemendum ákveðnar skoðanir, t. d. í stjórnmálum. Það merkir þó ekki, að skólinn eigi að leiða hjá sér umræður og fræðslu um ágreiningsmál, heldur ber honum að kynna þau og veita nemendum tækifæri til að fjalla um þau á óhlutdrægan hátt.

Í þessari grein er lögð áherzla á, að efla beri skilning nemenda á mannlegum kjörum og umhverfi. Hér er bæði átt við félagslegt umhverfi og náttúru landsins, sem er í sífelldri hættu vegna mengunar, gróðureyðingar og ofveiði. Það

er því æskilegt, að skólinn veki nemendur til skilnings á skynsamlegri náttúruvernd.

Í gr. er lögð áherzla á skyldur einstaklinganna við samfélagið. Mönnum hættir til að gleyma því, að réttindi og skyldur eiga jafnan að haldast í hendur. Með orðinu „samfélag" er átt við hvort tveggja í senn, íslenzkt samfélag og mannlegt samfélag yfirleitt.

Gert er ráð fyrir því, að grunnskólinn taki fullt tillit til þess, að nemendur eru misjafnlega bráðþroska, með ákvæði á þá leið, að nemendum séu heimiluð námslok á skyldustigi með þeim réttindum til framhaldsnáms, sem þeim fylgja, einu ári eða fleirum fyrr en aldur segir til um.

Í samræmi við breytta starfshætti í samfelldum grunnskóla er gert ráð fyrir, að mjög verði dregið úr prófum. Bæði fer til þeirra mikill tími frá reglulegu námi og framkvæmd prófa með núverandi hætti kostar mikið fé, sem einsætt þykir, að verja mætti að verulegu leyti til brýnni þarfa skólastarfsins. Má þar sérstaklega benda á eflingu skólabókasafna, sem eru ómissandi undirstaða undir því skólastarfi, sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað í grunnskólanum. Í gildandi löggjöf er ekki lögð nægilega mikil áherzla á eflingu skólabókasafna. Hins vegar má öllum vera ljóst, að með gerbreyttum kennsluháttum, sem miða að því fyrst og fremst að kenna nemendum sjálfum að afla sér þekkingar, hlýtur bókasafn að verða eitt helzta starfstæki skólans. Vegna þess skorts á bókasafni, húsnæði og bókakosti, sem margir skólar landsins búa við nú, verður kostnaðarsamt og tekur sinn tíma að bæta hér úr. Gert er ráð fyrir, að víða í smærri byggðarlögum hafi hreppsbókasafn og skólabókasafn samvinnu eða verði sameinuð og verði þá í flestum tilfellum í skólahúsinu. Við gerð skólahúsa þarf að taka fullt tillit til þessa mikilsverða þáttar, sem skólabókasöfn þurfi að vera í skólastarfinu. Efling skólabókasafna verður meðal brýnustu verkefna, þegar lögin koma til framkvæmda og jafnframt kostnaðarsamt. Í sumum skólum hefur þó nú þegar verið komið upp góðri aðstöðu fyrir bókasafn.

Í 43. gr. frv. um grunnskóla, sem fjallar um námsefni í skólanum, segir svo:

„Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda".

Þessi mikilvægu ákvæði fela í sér mörkun grundvallarstefnu um jafnrétti nemenda í grunnskóla og aðlögun skólastarfsins að þörfum einstaklingsins. Í grunnskóla skal veita drengjum og stúlkum sem jöfnust tækifæri til náms, þannig t. d. að í gerð aðalnámsskrár og kennslunni sjálfri sé öðru hvoru kyninu ekki bægt frá áhugaverðum og mikilsverðum námssviðum, t. d. í handiðum eða heimilisrækt.

Þessi kafli, einkum niðurlag hans, miðar m. a. að því, að námsaðgreining verði eitt af grundvallaratriðunum í starfi grunnskóla. Annars vegar felur þetta í sér þá almennu kvöð, að skólinn skuli jafnan leitast við eftir föngum að laga uppeldisstarf sitt að þörfum hvers einstaklings — að sönnu er þungbær kvöð í framkvæmd, en jafnframt ófrávíkjanlegt stefnumark skv. markmiðsgr. frv. Hins vegar miða þessi ákvæði umræddu kafla að því, að nám á unglingastigi grunnskóla, einkum í 8. og 9. bekk, skuli, eftir því sem kostur er, greinast í samræmi við mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemandans. Hér verður um að ræða valfrelsi námsgreina, svo og mismunandi áherzlu og misþunga námsskrá í ýmsum skyldunámsgreinum. Meðal slíkra námsgreina verða að líkindum stærðfræði og raungreinar svo og vissir móðurmálsþættir. Er að því stefnt, að allir grunnskólar geti boðið fram a. m. k. tvær meginlínur eða deildir skv. þessu í 8. og 9. bekk og helzt að einhverju leyti einnig í 7. bekk. En slíkt kerfi þarf að vera eftir föngum frjálst og sveigjanlegt, eigi ekki að koma til talsverð hætta á misrétti í nýju gervi.

Í stað þess að drepa hér í örfáum orðum á, sem allra flest nýmæli, sem í frv. felast, hef ég kosið að fjalla að mestu um tvö meginatriði þeirra, annars vegar jöfnun námsaðstöðu, hvað sem búsetu líður, hins vegar áherzluna á þroska hvers einstaklings, eftir því sem hæfileikar hans til hugar og handa segja til. Við má svo bæta þriðja meginatriðinu. Í grunnskólafrv. er sú stefna mörkuð, að *námsstarf nemenda fari fram* sem mest innan veggja skólans, hann sé ekki yfirheyrslustofnun, þar sem nemendum er hlýtt yfir lexíur, sem þeir hafa áður tileinkað sér í heimahúsum. Þetta eru óhjákvæmilegir starfshættir, ekki sízt á þeim stöðum, þar sem nemendur eru fluttir á milli heimilis og skóla með tímafrekum heimanakstri. Þar að auki tekur það engu tali, að börnum og unglingum sé ætlaður mun lengri vinnudagur í skóla og heimanámi samanlagt en talin er hæfa fullfíða fólki. Ljóst er, að kostnaðarsamt verður að uppfylla þessar kröfur, en þó má benda á, að í skólabyggingum, sem nú eru nýrisnar og eru að rísa úti um land, er þegar gert ráð fyrir húsrými með starfsaðstöðu fyrir nemendur þann tíma, sem þeir þurfa að bíða heimanaksturs.

Annars er það að segja um aukinn stofnkostnað skóla, sem af grunnskólafrv. leiðir, að um hann verður ekkert fullyrt að svo stöddu. Eins og ég gat um, eru till. um skólaskipan víðast hvar á landinu nú til meðferðar, en endanleg nákvæm áætlunargerð getur ekki farið fram, fyrr en lagagrundvöllur hefur verið lagður.

Frv. um skólakerfi og grunnskóla lágu fyrir frá hendi n., sem annaðist endurskoðun þeirra, um miðjan des. Í stað þess að leggja þau formlega fram á síðustu þingdögum fyrir jól var sá kostur tekinn að senda þau öllum alþm. til kynningar. Jafnframt var þeim dreift meðal forstöðumanna menntastofnana og forustumanna stéttarsamtaka og landssamtaka, skólanefndarmanna og sveitarstjórnarmanna. Eftir áramótin var svo efnt til almennra funda á vegum menntmrn. í ýmsum landshlutum, þar sem nm. í grunnskólanefnd gerðu grein fyrir frv. og heimamönnum á hverjum stað gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hafa nú verið haldnir 15 slíkir fundir í öllum landshlutum, og enn eru tveir eftir af þeim, sem ráðgerðir voru í upphafi. Þar að auki hafa svo nm. í grunnskólanefnd komið á 7 fundi og ráðstefnur einstakra

félagssamtaka til að fjalla um frv., og fleiri slíkir fundir eru fram undan.

Óhætt er að segja, að á fundunum kom í ljós mikill áhugi á þessu afdrifaríka máli og ánægja með fundarhöldin, þótt sitt sýndist að sjálfsögðu hverjum, að því er stefnumörkun og einstök ákvæði varðar. Ég vænti þess eindregið, að þessi rækilega kynning verði til þess að létta störf þn., sem fá frv. til meðferðar. Ósk mín er, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Sú rækilega athugun og kynning, sem í upphafi var talin nauðsynleg, hefur nú átt sér stað. Því vænti ég þess, að hv. alþm. geti tekið undir það, að tími ákvörðunar hins háa Alþ. í þessum málum sé nú runnin upp.

Að svo mæltu vil ég, herra forseti, leggja til, að báðum frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að þessari umr. lokinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa fylgi mínu og míns flokks við meginatriði þessara frv., við þá meginstefnu í skóla- og menntamálum, sem í þeim er mörkuð. Það þarf kannske engum að koma á óvart, þó að ég lýsi fylgi mínu við meginatriði frv. þegar við 1. umr. málsins, vegna þess, eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. og er raunar tekið fram í grg. frv. beggja, að þau voru upphaflega samin, meðan ég veitti menntmrn. forstöðu.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan minna á það, að eitt fyrsta verk mitt, eftir að ég hafði tekið við forstöðu menntmrn. 1956, var að skipa n., sem skyldi hafa það hlutverk að kanna, hvort tímabært væri orðið að endurskoða gildandi löggjöf um fræðsluskyldu, sem sett hafði verið 10 árum áður og var þar með orðin áratugs gömul. Þessi n., sem skipuð var hinum sérfróðustu mönnum á sviði skólamála, bæði embættismönnum og fulltrúum úr kennarastétt, skilaði ítarlegu áliti og komst þá að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki orðið tímabært að endurskoða grundvallaratriði fræðslulöggjafarinnar frá 1946, þó að hún væri þá orðin 10 ára gömul. Með hliðsjón af þessu beindi menntmrn. athygli sinni fyrst og fremst að því að vinna að endurskipulagi á innra starfi skólanna með því að setja nýja námsskrá, og var hún sett fyrir allt skyldunámið árið 1961. Í því fólust miklar endurbætur, sem ég vona, að allar hafi reynzt vera til bóta á hinu innra starfi skólanna, þó að grundvellinum undir skipulagi skólakerfisins væri ekki breytt. Jafnframt var athyglinni beint að því að endurskoða löggjöf um einstaka skóla, og á rúmum áratug var endurskoðuð löggjöf um alla skóla, sem búa við sérstaka löggjöf. Auk þess var lögð á það mikil áherzla að stuðla að margs konar breytingum á skólastarfinu sjálfu. Auk nýrrar lagasetningar um einstaka skóla var t. d. komið á fót sérstakri skólarannsóknadeild í menntmrn., sem ég hika ekki við að fullyrða, að sé eitt stærsta framfarasporið, sem stigið hefur verið á undanförnum árum, að því er varðar raunhæft skólastarf, og hefur komið ótrúlega miklu góðu til leiðar og auðveldað þá umfangsmiklu lagasetningu, sem orðið hefur á undanförnum 10—15 árum um einstaka skóla og skólastarfið í einstökum atriðum.

Engu að síður var ljóst, þegar tók að líða á s. l. áratug, að slíkar breytingar voru að gerast í þjóðlífinu, að nauðsynlegt yrði að taka sjálft skólakerfið, grundvöll skólastarfsins og skipulag skólamálanna til endurskoðunar, og var það gert nokkru eftir miðbik s. l. áratugs. Árangur þess starfs voru frv. þau, sem hæstv. menntmrh. gat um, að ég hefði lagt fram fyrir hönd fyrrv. ríkisstj. á þinginu 1970—1971, frv. um grunnskóla og frv. um skólakerfi. Að baki þeirra frv. lá margra ára starf. Fyrst voru gerð frumdrög að nýju skiplagi á skólakerfinu í rn. sjálfu, þ. e. a. s. af embættismönnum þess. Þegar þau lágu fyrir, var skipuð n. hinna sérfróðustu skólamanna til þess að ganga frá frv. í endanlegri gerð, og hika ég ekki við að fullyrða, að fá frv., sem lögð hafa verið fram á Alþ. á síðari árum, hafi verið betur undirbúin en skólafrv., sem lögð voru fram á þinginu 1970—1971. Það var ekki aðeins, að þau höfðu fengið mjög vandlega embættislegan undirbúning og verið unnin í nánu samráði við alla þá embættismenn, sem hlut áttu að máli, og samtök skólamanna, heldur voru þau einnig rædd á mjög stórri ráðstefnu, sem haldin var um málið á Hótel Sögu, áður en endanlega var gengið frá frv. Þar komu fram ýmsar mjög nytsamlegar ábendingar, sem tekið var tillit til við endanlega gerð frv.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram í ræðu sinni, voru frv. síðan lögð fram á þinginu 1970—1971. Þau hlutu mjög góðar undirtektir, óvenjulega góðar, að ég tel, miðað við það, hversu róttækar breytingar hér var um að ræða, gagngera breytingu á einu mikilvægasta sviði sérhvers þjóðlífs, sem skólastarfið hlýtur að teljast. Að vísu heyrðist einstaka afturhaldssöm rödd í þessum efnum, en þó hygg ég, að fullyrða megi, að í ræðum manna hafi komið fram sú yfirgnæfandi skoðun, að í frv. væri stefnt í rétta átt, þau horfðu til bóta og framfara í skólamálum.

Það var ekki von til þess, að þinginu ynnist tími til að afgreiða jafnmikilvæg mál og hér var um að ræða á einu þingi, þ. e. sama þingi og þau voru lögð fram, enda ætlaðist ég á þeim tíma ekki til þess, að það yrði gert. Hins vegar vann menntmn. Nd., sem fékk málin til meðferðar, mjög ítarlegt og merkilegt starf að athugun á frv. En eins og ég tók fram, varð fullt samkomulag um, að málið skyldi ekki afgreitt á því þingi, heldur næsta sumar notað til ítarlegrar kynningar á málinu fyrir næsta þing.

Sú kynning fór fram. Frv. var sent til allra skóla á landinu og þeirra aðila yfir höfuð að tala, sem málið var talið skipta verulega. Ég man ekki betur en milli 300 og 400 eintök af frv. hafi verið send til aðila úti um allt land. Ég bjóst því við því, að málið mundi verða lagt fyrir aftur þegar í upphafi síðasta þings, þ. e. a. s. haustið 1971. Það gerðist ekki. Ég er auðvitað ekki að segja, að frv., eins og þau upphaflega voru lögð fram, hafi verið alfullkomin. En ég tel, og það er mjög eindregin skoðun mín, að rétta aðferðin til að hrinda

málinu fram hefði verið sú að leggja málið fyrir Alþ. að nýju strax haustið 1971 og fá það menntmn. Nd. til meðferðar. Hún var orðin málinu þaulkunnug, og það er ekki vafi á því, að þá hefði verið hægt að ljúka afgreiðslu málsins á því þingi. Ég skal endurtaka, að ég er ekki að staðhæfa, að með þeim breytingarhugmyndum, sem uppi voru í hv. menntmn., mér var vel kunnugt um og ég var samþykkur fyrir mitt leyti, hefði frv. komizt í alfullkomið eða endanlegt form. Frv. eins og þessi komast aldrei í endanlegt eða alfullkomið form. Frv. um skólamál þurfa í raun og veru að vera í stöðugri endurskoðun. En ég hygg, að rétta aðferðin hefði verið sú að leggja málið fyrir þingið haustið 1971 og afgreiða það á því þingi, fara síðan að framkvæma löggjöfina, láta hana sýna sig í reynd í 2—3—4 ár og taka hana síðan aftur til meðferðar í ljósi þeirrar reynslu, sem þá hefði fengizt. En þetta gerðist ekki, frv. kom ekki til meðferðar á síðasta þingi, og þann drátt, sem af þeim sökum hefur orðið á málinu, harma ég mjög. Hann hefur í raun og veru tafið bráðnauðsynlega framþróun í íslenzkum skólamálum í 1—2 ár.

Ég varð líka fyrir vonbrigðum varðandi það, að frv. skyldu ekki lögð fyrir í upphafi þessa þings. Hefði það verið gert, er ég ekki í nokkrum vafa um, að tekizt hefði að afgreiða málin á þessu þingi, og vitna ég þar enn sérstaklega í þá miklu þekkingu og þá miklu vinnu, sem hv. menntmn. Nd. var búin að leggja í athugun á málinu á þinginu 1970—1971. En frv. komu ekki til kasta Alþ. fyrr en nú í febrúarlok, eftir að þau hafa verið til framhaldsathugunar í menntmrn. og í sérstakri n. í langan tíma. Þrátt fyrir þetta vona ég hins vegar, að það takist að afgreiða málin nú á þessu þingi, þó að játa verði, að tíminn er orðinn mjög naumur. Ef það tekst ekki, — ég er sammála hæstv. menntmrh. um, að mjög nauðsynlegt er, að það takist, — er öll töf málsins orðin stórskaðleg.

Síðustu orð mín skulu vera þau, að Alþfl. mun ekki aðeins styðja meginatriði málsins. Af hálfu fulltrúa Alþfl. mun eflaust ýmsum hugmyndum verða hreyft í sambandi við meðferð þeirra í n., eins og eðlilegt er, en ég endurtek, að við munum ekki aðeins styðja meginatriði málsins, heldur einnig stuðla að því, að hægt verði að afgreiða frv. sem fyrst.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar þessi mál voru hér til meðferðar fyrir tveimur árum, hygg ég, í nokkuð öðrum búningi að vísu en þau eru nú, sagði ég um þau nokkur orð og lýsti yfir stuðningi við þá meginstefnu frv. að lengja skólaskyldu um eitt ár og ýmis fleiri atriði, sem í frv. voru. Ég lét jafnframt í ljós, að mér sýndist þurfa að skoða mjög gaumgæfilega mörg þau ákvæði frv., sem lytu að framkvæmd þessarar meginstefnu, einkum í dreifbýlinu, og sér í lagi þyrfti að skoða, hvaða breytingar þyrftu að verða á frv. til þess að það reyndist framkvæmanlegt að koma lengri skólaskyldu á í reynd alls staðar á landinu. Enn fremur benti ég á nokkur önnur atriði, sem þyrfti líka að taka sérstaklega til skoðunar, einkum það að ætla nemendum ekki lengri vinnutíma en fullorðnu fólki, og þau nýju viðhorf, sem uppi væru í því tilliti í þjóðfélaginu og breytt væru frá því, sem áður var, t. d. möguleika manna til heimanáms og annað því líkt. Setti ég fram sem meginsjónarmið í því sambandi, að námið væri vinna og yrði að koma því þannig fyrir, að unga fólkið gæti lokið náminu á eðlilegum vinnutíma á hverjum degi. Það yrði að vera meginstefnan, ef vel ætti að fara, en eins og þetta væri nú, væru þessi mál stödd í hinu versta öngþveiti að þessu leyti til og ástandið beinlínis hættulegt.

Nú eru þessi frv. komin hér fram á nýjan leik, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði þá um einn meginþátt þeirra, þ. e. a. s. lengingu skólaskyldunnar, að ég er henni meðmæltur. Ég lít á það sem réttarbót fyrir börn og unglinga, að skólaskyldunni sé breytt á þessa lund, eins og nú er komið málum. Sérstaklega lít ég á þetta sem réttarbót fyrir börn og unglinga dreifbýlisins.

Mér sýnist við nú vera stödd á þeim tímamótum, að það sé aðeins um tvennt að ræða í sambandi við menntun barnanna og unglinganna, sér í lagi í strjálbýlinu: annað hvort að beygja sig fyrir því, að þau verði að læra minna en önnur börn, — það sé önnur leiðin, — eða manna sig upp og drífa inn í löggjöfina og inn í ríkiskerfið þann stuðning, sem nægir til þess, að þessi börn geti haft skilyrði til sams konar menntunar og þau, sem í þéttbýlinu búa. Síðari leiðina vil ég hiklaust fara.

Ég vil ekki beygja mig fyrir því, að það þurfi að vera svo um aldur og ævi, að strjálbýlisbörn og unglingar hafi mun lakari aðstöðu en þéttbýlisbörnin til að afla sér menntunar. En um það er ekkert að villast, að enginn maður býr við jafnrétti í þjóðfélaginu, eins og nú er komið, nema sá, sem hefur aðgang að skólum og aðgang að uppfræðslu, eins og almennt gerist.

Mér skilst það liggi fyrir, að á þéttbýlissvæðum í landinu sé skólasókn í 3. bekk, sem nú er kallaður, í miðskóla um 90% allra barna í vissum árgöngum, en aftur á móti víða í strálbýlum landshlutum fari sóknin niður í 70%. Þetta er áreiðanlega ekki vegna þess, að börn í strjálbýli séu ekki jafn námfús og börn í þéttbýli, og því síður að það sé eðlilegt, ef allt væri fullkomlega með felldu, að þau geti ekki sótt nám til jafns við hin. Hér er um aðstöðumun að ræða alveg tvímælalaust. Það eru kostnaðaratriði og önnur aðstaða, sem koma þarna til greina, og eins og ég sagði áðan, vil ég ganga í þetta mál þannig, að þjóðfélagið taki hreinlega að sér að leysa kostnaðarhlið þessara mála. Það verður að taka á sig að leysa kostnaðarhlið þessara mála, þannig að þau atriði þurfi ekki að standa í vegi fyrir því, að dreifbýlisbörn geti stundað nám til jafns við hin. Þetta hygg ég, að sé aðalatriðið, að kljúfa þann kostnað, sem því er samfara, að skólaskylda geti komizt í framkvæmd alls staðar á landinu, einnig ýmis tilhögunaratriði, svo sem að haga náminu þannig, að dreifbýlisbörnin geti komið því við að stunda það, og fleiri þess konar atriði.

Mér er sérstök ánægja að lýsa þeirri skoðun minni, að mér sýnist, að einmitt þessi frv. í hinni nýju mynd, sem nú er á þau komin, gangi mjög langt til móts við þetta sjónarmið. Það hafa verið sett inn í þessi frv. mörg ákvæði, sem einmitt miða að þessu, en mér fannst það galli á frv., eins og þau voru lögð fram fyrst, að þó að í þeim væri stefnuyfirlýsing um það, að allir skyldu njóta jafnréttis í þessu, þá vantaði útfærsluna á því, hvernig því yrði komið í framkvæmd.

Nú eru í þessum frv. mörg ákvæði, sem lúta að þessu, bæði varðandi tilhögun námsins í dreifbýlinu, að gera þægilegra en áður að koma því í framkvæmd, og eins varðandi greiðslu skólakostnaðar fyrir smærri skólahéruðin, og svo er komið hér inn raunhæft ákvæði um það í 9. gr., að þegar um er að ræða vandkvæði vegna fjárskorts, þá skuli ríkið hlaupa undir bagga til þess að greiða sjálfan kostnaðinn fyrir nemandann eða heimili hans.

Nú má vel vera, að þessi ákvæði þurfi að verða enn skýrari og fleiri og eitthvað öðruvísi en gert er ráð fyrir í þessum frv. Það vil ég ekki fara út í nú. Ég vil ekki fara að eyða tíma manna hér við 1. umr. þessa máls við að rekja það, hver þessi ákvæði eru, sem bætt hefur verið inn í. Hæstv. ráðh. gat í sinni framsöguræðu um ýmis kjaraákvæði og raunar mörg af þeim ákvæðum, sem þarna koma til, bæði varðandi árlegan námstíma, greiðslu á kostnaði við skóla o. s. frv. Þetta þarf að sjálfsögðu að skoða nánar í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og ganga í að bæta úr því, sem bæta þarf. Meginstefnu frv. er ég samþykkur, sem sé þeirri að lengja, eins og nú er komið málum, skyldunámið um eitt ár og þjóðfélagið leggi fram þá fjármuni, sem þarf, til þess að hægt sé að koma þessu sómasamlega í framkvæmd um allt landið og jafna aðstöðumuninn. Þegar þannig er gengið frá þessu, tel ég hér vera um stórfellda réttarbót að ræða, ekki sízt fyrir börn og unglinga dreifbýlisins.

Þýðingarmikið mál er að gera námsbrautina einfaldari og auðrataðri en hún er nú. Það er mikill liður í þessu nýja kerfi, eins og það er hugsað. Nú eru ótal vegamót og erfitt að átta sig á þeim, en í frv. er gert ráð fyrir því, að vegamótin verði við lok skyldunámsins og því komi brautir í ýmsar áttir í framhaldsnámi. Þegar menn komi á þessi vegamót, fari þeir inn á þá braut, sem þeir vilji eða hafi aðstöðu til, og þar verði ekkert bil á milli. Menn geti gengið leiðina áfram í stað þess, að nú er þetta allt saman ákaflega mikil flækja og raunar erfitt fyrir unga fólkið að átta sig á því, hvernig það á að rata inn í næsta skóla. En nú á þetta að verða tiltölulega einfalt.

Það kemur svo til athugunar og verður að gera sér ljóst, að það skortir mikið á, að þessar framhaldsnámsbrautir séu allar nægilega vel tilbúnar, — það vitum við, — og í það verður að ganga í beinu framhaldi af þessu máli að endurskoða framhaldsskólakerfið. Þar eru áreiðanlega margir veikir punktar í. Það þarf t. d. að stórefla tækniskólana, tækninámsbrautirnar og verknámsskólana. Við þurfum líka viðskiptaskóla eða verzlunarskóla fleiri en við höfum núna, og þannig mætti lengi telja. En það verður ekki allt gert sama daginn.

Maður verður að vonast eftir því, að það verði gengið hart fram í því að endurskoða framhaldsnámskerfið og kannske ekki sízt í að efla þá framhaldsskóla, sem búið er að koma upp á tæknilegum sviðum, en á því er mikill misbrestur. Sumir af þeim skólum í tæknilegum efnum, sem upp hefur verið komið, búa við mikla sveltu og mikil vandkvæði, og skal ég ekki lýsa því hér, en þar á verður að gerast veruleg breyting. Það er ágætt og nauðsynlegt að hlynna að háskólanum og hefur verið gert með miklum krafti, en manni finnst að ýmsir tækniskólar og verklegir skólar hafi orðið mjög útundan.

Vegna þeirra, sem kvíða auknungu skyldunámsins, vil ég segja, að sérstök ástæða er til að leggja áherzlu á, að ráðgert er, að það verði námsgreinaval tvö síðustu árin í skyldunáminu. Ég held, að ef þarna væri skynsamlega að farið, mætti greiða mjög mikið fyrir verklegu námi og fyrir atvinnulífinu með því að hafa þessa greiningu skynsamlega á þessum tveimur efstu stigum skyldunámsins, búa til eins konar námsbrautir innan skyldunámsins, sem gætu létt mönnum mikið að fara í framhaldsskóla á verklegum sviðum. Það er enginn vafi á því, að einn veikasti hlekkurinn í okkar menntakerfi er einmitt þessi, að við höfum of fáar námsbrautir, sem leiða menn alveg beina leið inn í atvinnulífið, á þá staði, þar sem vantar fólk. Það eru ákaflega fáar atvinnugreinar, sem hægt er að stunda án þess að hafa einhverja skólaþekkingu. Hvers vegna þá ekki að drífa sig í að lengja skyldunámið um eitt ár og setja inn á skyldunámsstigið eitthvað af því hagnýta námi, sem menn þurfa að eiga kost á, sem sé að raða praktiskt námsefni í skólana? Ég tel því, að nú eigi að lengja skyldunámið um eitt ár og koma því praktiskt fyrir og reiða ótæpilega fram úr opinberum sjóðum þann kostnað, sem þarf til þess, að dreifbýlisfólkið geti notfært sér þessa menntun, en beygja sig alls ekki fyrir þeirri hugsun, að þar þurfi að vera annars flokks fólk, að því er skólanám varðar. Menn ættu að leggja orku sína í að finna leiðir til að greiða fyrir þessu fólki og gefa því kost á námi til jafns við aðra. Ef mönnum finnst þessum frv. áfátt í því tilliti, sem vel má vera, að sé, þá þarf að bæta þau. Það má vel vera, þótt þessi frv. séu betri en þau, sem áður voru lögð hér fram fyrir tveimur árum um þetta efni, þá skorti enn nokkuð á og kannske verulega.

Mér finnst til bóta að dreifa stjórnkerfi skólanna og færa það út um land.

Ég fagna alveg sérstaklega 25. gr. í þessu frv. um grunnskóla. Ákvæði hennar eru frá mínu sjónarmiði séð yfirlýsing um alveg nýja stefnu í skólamálum. Þar er viðurkennt, að námið er vinna, og það á að gera skólana að vinnustöðum. Það á að vera stefnan. Það er auðvitað engin glóra í því, að nemendur eigi t. d. að vinna svo að segja hvert einasta kvöld heima hjá sér, allan daginn fyrst og síðan á kvöldin, en fullorðna fólkið eigi að vinna einungis á daginn o. s. frv.

Í þessu efni þarf að innleiða alveg ný viðhorf. Ég held, að það sé kannske fáum ljósara en mér, að þó að þessi frv. verði samþ., þá kemst ekki allt í það horf, sem ráðgert er í frv., á morgun eða hinn daginn, enda gert ráð fyrir því, ef ég skil þetta rétt, að það sé allt að 10 ára aðlögunartími til þess að koma stefnu frv. í framkvæmd, og ég efast ekkert um, að það þarf mörg ár til þess. En ég held, að menn komizt heldur aldrei að því marki, sem þarna er sett, nema menn setji sér það og setji það í lög og reyni síðan að vinna að því ár frá ári að koma lögunum í framkvæmd.

Ég skal svo ekki tefja meira tímann. Ég vil gjarnan eiga þátt í því að leggja fram vinnu í menntmn. til þess að fást við þessi frv., og skal ekki standa á mér við það. Að sjálfsögðu er mikil vinna við þetta að eiga, eins og allir hv. þm. skilja. Auðvitað væri mjög æskilegt, að það reyndist hægt að gera þessi frv. að lögum á þessu þingi.

Ég vil að lokum segja, að ég álít, að það sé mjög til fyrirmyndar að mörgu leyti, hvernig unnið hefur verið að undirbúningi þessa máls, og síðasti spretturinn, sem tekinn hefur verið, sé mjög athyglisverður og þakkarverður, t. d. öll sú mikla kynning, sem höfð hefur verið á þessu máli út um allt land. Þetta er dálítið óvenjulegt og mjög ánægjulegt og að mörgu leyti til mikillar fyrirmyndar. Það er búið að fá umsögn mjög margra um þetta mál, óvenjulega margra, og það hefur stórkostlega þýðingu fyrir málið.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að taka undir þau orð, sem standa í grg. frv. til l. um grunnskóla, en þar segir, að vafasamt sé, „að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna."

Sú fræðslulöggjöf, sem við höfum búið við, er nú orðin rúmlega aldarfjórðungs gömul, og eðlilegt er og tímabært, að hún sé tekin til rækilegrar endurskoðunar, eins og reyndar gert hefur verið nú um nokkurt skeið. Enginn vafi er þó á því, að lögin frá 1946 voru og eru að flestu leyti merk löggjöf, sem hefur þjónað okkur vel. Það hafa jafnvel heyrzt raddir nú í síðustu umræðum um þessi mál, að sú löggjöf hefti á engan hátt eðlilega þróun í fræðslumálum og að innan þeirrar löggjafar eða með breytingum á henni megi koma í framkvæmd flestum þeim nýmælum, sem þetta frv. felur í sér, þ. e. a. s. grunnskólafrv. Um það skal ég ekki dæma, en hitt skal undirstrikað, að endurskoðun, ítarleg úttekt á fræðslulöggjöfinni var fyrir löngu orðin aðkallandi með hliðsjón af nýjum viðhorfum og þjóðfélagsaðstæðum ekki sízt á þessum vettvangi. Hvort sú úttekt krefst nýrrar löggjafar eða jafnvel róttækrar byltingar, er annað mál, sem verður að koma í ljós og kemur væntanlega í ljós við athugun þessa frv. og þessara frv. beggja. Ég nefni orðin „róttæk bylting", en mér til nokkurra vonbrigða kom fram í blaðavitali í síðustu viku við einn ágætan nm., sem vann að undirbúningi þessa frv., að hann líti svo á, að þetta frv. fæli í sér mjög róttæka byltingu. Nú þarf að vísu ekki að taka fram, að ég er ekki mjög mikill byltingarmaður og allra sízt á vettvangi, sem hefur mótazt og aðlagazt í samræmi við þjóðfélagsþróun og þjóðlífið almennt, en ég held, að róttæk bylting sé ekki eftirsóknarverð, þegar um er að ræða löggjöf eins og þessa, sem leggur grundvöll að menntun allra landsmanna, og a. m. k. verði að vera fyrir hendi óumdeildar forsendur slíkrar byltingar, ef hana á að framkvæma. Ég vona, að ég flokkist ekki í hóp afturhaldsmanna, enda þótt ég bregðist svona við þessum ummælum. „Varðar mest til allra orða, undirstaðan sé réttleg fundin," var sagt einu sinni, og það á frekar við í þessu máli en flestum öðrum. Að mínu viti fer því fjarri, að sú undirstaða, sem núgildandi fræðslulög eru, sé svo fjarri öllu lagi, að hún krefjist byltingarkenndra breytinga, enda lít ég ekki svo á, að þetta frv. feli í sér neina byltingu, enda þótt margt sé þar nýmælið. Hér er frekar á ferðinni eðlilegt framhald af núgildandi löggjöf, réttmætt og eðlilegt spor stigið í takt við framrás og þróun tímans.

Ef við lítum ekki á þetta grunnskólafrv. eða hugmyndirnar, sem að baki því liggja, sem róttæka byltingu, heldur eðlilegar breytingar, þá held ég, að frv. og það, sem út úr því á að koma, geti orðið jákvætt og gagnlegt spor. Ef við skoðum þetta frv. með það fyrir augum, að það sé endurbætt útgáfa af núgildandi löggjöf, breyting, en ekki bylting, þá náum við miklu meiri árangri, og þá valda allar breytingar eða nýmæli minni röskun, hvort heldur er hjá nemendum, kennurum eða þjóðfélaginu í heild. Þegar ég segi þetta, þá lýsi ég vilja mínum á því og tek sérstaklega fram, að ég styð, að ýmis nýmæli þessa frv. nái fram að ganga. En um leið geri ég ráð fyrir, að þm. leggi sig fram um að skoða þetta frv. og leggja á það sjálfstætt mat. Geri ég ráð fyrir, að málið fái rækilega meðferð hér í þinginu, og þess vegna er áríðandi, með hvaða hugarfari þm. framkvæma athugun sína, að þeir skoði málið í fullkomnum tengslum við núgildandi löggjöf og lagi breytingarnar að ríkjandi aðstæðum — breytingar, sem kunna að verða gerðar, verði ekki byltingarkenndar, valdi ekki svo mikilli röskun og uppreisn, að löggjöfin verði ekki framkvæmanleg, að hún verði nemendum og kennurum óviðráðanleg og andstæð.

Þar eð ég hef gert væntanlega meðferð þingsins að umtalsefni, vildi ég víkja örfáum orðum að þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið við undirbúning þessa máls. Í því sambandi get ég því miður ekki tekið undir ummæli síðasta hv. ræðumanns, 1. þm. Austf., hins þingreynda manns, Eysteins Jónssonar, um, að þessi vinnubrögð hafi verið alls kostar ánægjuleg. Tvær n. hafa unnið við gerð þessa frv., og í sjálfu sér eru það ekki óvenjuleg eða óeðlileg vinnubrögð og ekkert nema gott um það að segja að sjálfsögðu. En sá háttur hefur verið hafður á að safna saman álitum og umsögnum, sem margar hverjar eru prentaðar með frv. eða liggja nú fyrir, áður en frv. kemur fyrir þingið. Ég er að sjálfsögðu ekki að gagnrýna vandaðan undirbúning og að frv. sé sniðið

eftir skoðunum þeirra, sem framkvæma eiga þessa löggjöf. En það hefur komið fram hér hjá hv. 7. þm. Reykv., að hann lítur svo á, að fyrir vikið hafi dregizt að leggja málið fyrir þingið, og hafi það verið skaðlegt að hans áliti, og keimurinn af þessum undirbúningi er óneitanlega sá, að það eigi að leggja frv. fyrir Alþ. nánast til þess eins, að það afgreiði það hugsunarlaust, sem sagt Alþ. sé afgreiðslustofnun fyrir þá embættismenn og aðra aðila, sem ganga frá málinu fullgerðu í okkar hendur.

Nú vil ég taka fram, að þetta er að sjálfsögðu ekkert einsdæmi. Hvað eftir annað er kastað hér inn fullsmíðuðum frv., oftast af viðkomandi ríkisstj., og það þarf mikið átak og oft mikið hugrekki — oftast án mikils árangurs — til að gera brtt. á þessum frv. Þm. hafa takmarkaða möguleika til að fylgjast með undirbúningi mála, og þeim eru framandi þau rök, sem liggja að baki ákvæða eða frv., sem þeim er síðan ætlað að samþykkja, oft á mjög skömmum tíma.

Hvað þessu ákveðna máli viðvíkur, sem hér er á dagskrá, leikur vart vafi á því, að fræðslulöggjöf er ein mikilvægasta stoð þess þjóðfélags, sem við viljum móta hér á landi. Og auðvitað er það grundvallaratriði, að Alþ. Íslendinga sé sér þess fullkomlega meðvitandi, hvað löggjöfin feli í sér, að þm. samþykki ekki frv. sem þetta hrátt og óhugsað. Auk þess er vitað, að verulegur ágreiningur er uppi um veigamestu ákvæði þessa grunnskólafrv., lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins. Því hefði að mínu viti verið hyggilegt, um leið og unnið var að þeim undirbúningi, sem fram hefur farið og út af fyrir sig er lofsverður, að gefa þm. kost á að fylgjast betur með gerð þessa frv. frá upphafi og gefa mönnum kost á að fylgjast með skoðanaskiptum, kynna sér umsagnir og viðtökur áhuga- og hagsmunahópa. Ef rétt er á málum haldið hér í þinginu, þurfa nú þn. að fara í gegnum allar umsagnir á nýjan leik, kalla til sín umsagnaraðila, endurtaka umr. og hefja eflaust deilur um ýmis atriði, sem sjálfsagt eru komin inn í frv. sem niðurstöður slíkra mismunandi skoðana. Það er ljóst, að ef þessi athugun verður framkvæmd hjá þn., mun þetta frv. ekki verða afgreitt á þessu þingi. Ef þessi athugun fer hins vegar ekki fram, sannast það enn einu sinni, að Alþ. er afgreiðslustofnun, ekki aðeins í augum annarra, heldur líka þm. sjálfra.

Í þessu frv. eru fjölmörg athyglisverð nýmæli, og ég held, að hægt sé að fullyrða, að n. sú, sem hefur haft þetta mál til endurskoðunar og meðferðar, hafi unnið mjög gott starf, hún hafi dregið fram í sviðsljósið ýmis mál, sem markverð teljast, og hvort sem frv. verður samþykkt eða ekki, hafa menn mun betri yfirsýn yfir fræðslumálin og átta sig nú betur en fyrr á því, hvar skórinn kreppir. Af þeim nýmælum, sem ég tel athyglisverðust, nefni ég fyrst þá viðleitni að dreifa yfirstjórn fræðslumálanna til landshlutasamtaka, skólastjóra og kennara. Ég nefni líka tilraunirnar til að jafna möguleika allra landsmanna eða landsbarna til skólanáms án tillits til búsetu. Ég tek undir þær tilraunir af mjög heilum hug og get verið í því sambandi mjög sammála síðasta ræðumanni. Ég nefni samræmingu barna- og gagnfræðastigsins og það, að skólakerfið sé gert samfellt. Ég nefni þá reglu, að lokapróf hvers áfanga grunnskólans sé jafnframt inntökuheimild næsta skólastigs, og ég fagna þeirri hugmynd, að námsárangur skuli nú metinn eftir leiðum námsmats, en ekki einstrengslegum og oft gölluðum prófum, eins og við höfum þekkt þau, og þá sérstaklega, ef námsmatið, eins og ég skil það, á að taka mið af framförum eða frammistöðu hvers nemanda frá einum tíma til annars, frekar en að stilla honum upp í óeðlilegri keppni við alla hina. Þroski nemenda er mismunandi, hæfileikar þeirra liggja á ýmsum sviðum, og ég tel, að með þessu sé meira tillit tekið til einstaklings, hvers einstaks nemanda, og yfirleitt sé stefnt að því í þessu frv. að sinna meir hverjum einstökum heldur en hópnum eða bekknum. Það kemur fram í minni bekkjardeildum, meira tilliti til einstaklingsbundinna vandamála, eflingu sálfræðiþjónustu og auknum skólarannsóknum. Ég nefni þau ákvæði, sem snerta einkaskólana, sem athyglisverð, þótt þau þurfi að skoða betur, og mörg nýmæli varðandi stöðu kennara og starfsliðs skólanna. Þessi ákvæði og reyndar mörg fleiri eru tvímælalaust spor í rétta átt. Hins vegar nefni ég ekki á þessu stigi málsins þau tvö atriði, sem skipta kannske hvað mestu máli, þ. e. a. s. lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins. Mér er ljóst, að þar eru stigin stærstu sporin til breytinga, en um leið er þar um að ræða þau ákvæði, sem mestum deilum kunna að valda.

Það er upplýst í grg. frv., að á úrtökuári, — sennilega 1968—1969, það skiptir ekki megin máli, — stunda 82% allra nemenda nám í 3. bekk gagnfræðastigs, en 3. bekkur er sami bekkur og kemur til með að verða 9. og efsti bekkur grunnskóla. Lenging skólaskyldunnar er því raunverulega formsatriði gagnvart þessum yfirgnæfandi meiri hluta nemenda. Lögbinding skólaskyldunnar um eitt ár til viðbótar er þess vegna í sjálfu sér ónauðsynleg þeirra vegna og ekkert aðalatriði að binda alla slíka hluti í lög, gera það að skyldu, sem fólk almennt velur af frjálsum og fúsum vilja. Athyglin beinist því að þessum 18% nemenda, sem halda ekki áfram skólagöngu. Hvaða fólk er það? Af hvaða ástæðum heldur það ekki áfram námi? Í grg. er upplýst, að hlutfallslegur meiri hl. þeirra sé búsettur í dreifbýli, og dregur n. þá ályktun, að búseta valdi því, að þessi hlutfallslegi meiri hl. sæki ekki skóla, eftir að skyldunni lýkur. Þessar ályktanir eru ekki nægilega rökstuddar að mínu áliti. Hér þyrfti að liggja fyrir ítarleg könnun á ástæðunum fyrir brotthvarfi nemenda úr skóla. Mér er ekki grunlaust um, að fjölmargar aðrar ástæður og þá jafnvel þyngri á metunum valdi þessu fráhvarfi. Ekki er öllum unglingum ljúft eða átakalaust að sækja skóla á þessum aldri, og það orkar tvímælis að þröngva stálpuðum unglingum, nauðugum viljugum, til bóknáms, þegar hugur þeirra og hæfileikar standa til annars. Sálarheill hvers

nemanda er mikilvægari en framkvæmd á þröngum lagabókstaf.

Með þessu er ég ekki að lýsa mig andvígan lengingu skólaskyldunnar, og ég hef frekar tilhneigingu til að fallast á hana. En ég tel, að það örlagarika spor megi ekki stiga nema að mjög vandlega athuguðu máli, og kostir þess þurfa að vera yfirgnæfandi og sannfærandi.

Lenging skólaársins er sömuleiðis spursmál, sem ekki hefur verið svarað að öllu leyti. Hvað knýr svo mjög á í því sambandi? Nýtist hinn lengdi skólatími eins vel? Hvað um námsleiða og skólaþreytu unglinga, sem fullir eru af lífsorku og athafnaþrá? Hvað um atvinnuvegina, sem hafa notið þessara starfskrafta, og hvað um það lífsnám og lífsreynslu, sem unglingar hafa öðlazt með tengslum sínum við lífið og starfið? Er ekki einmitt hætta á, að þau tengsl rofni og skólaæskan fjarlægist enn meir atvinnulífið og einangrist í hámenntaðri yfirstétt akademíkara, embættismanna og sérfræðinga? Hver er reynsla annarra þjóða af lengingu skólaársins, og er það sambærilegt við íslenzkar aðstæður?

Þessum spurningum varpa ég fram. Ég hef ekki sjálfur nein endanleg svör við þeim, og sjálfsagt yrðu þau svör sum hver jákvæð eða mæltu jafnvel með lengingu skólaársins. Ég held þó, að þau þurfi að liggja fyrir, áður en við stígum skrefið til fulls. Ég get fyrir mitt leyti frekast fallizt á lengingu skólaskyldunnar um eitt ár, en það eru vissar efasemdir uppi í mínum huga um gildi þess að lengja skólaárið þannig, að unglingar sitji á skólabekk fram á sumar. Vorið og sumarið, sá óviðjafnanlegi og dýrmæti árstími hér á Íslandi, eru ekki of löng, þótt sá tími sé ekki enn styttur með þvingaðri og þreytandi innisetu.

Ég sagði áðan, að frv. fæli í sér mörg athyglisverð nýmæli, og það fer ekki á milli mála, að þeim yrði mörgum feginsamlega tekið af fræðsluyfirvöldum, kennurum og nemendum. En þessi nýmæli sem og margt annað í þessu frv. krefst að sjálfsögðu nánari athugana og aths. Ég gat þess, að augljós væri í frv. ákveðin viðleitni í þá átt að auka áhrif landshlutasamtaka í yfirstjórn fræðslumálanna. Ég sagði jafnframt frá því, að ég styddi þá viðleitni. En í því sambandi er gert ráð fyrir, að landshlutasamtök gegni þar ákveðnu hlutverki. Þó er sá galli á gjöf Njarðar, að þessi landshlutasamtök eru enn ofar skýjum, hafa ekki lögviðurkennda stöðu í þjóðfélaginu, og vissulega er það andkannalegt að gera ráð fyrir verkefni til þanda samtökum, sem formlega séð eru ekki til. Því má bæta við, að viðleitnin til valddreifingarinnar er oft meira til að sýnast heldur en hitt. Og þegar til kastanna kemur og þetur er farið ofan í ýmis ákvæði frv., liggur því miður allt of mikið raunverulegt vald áfram hjá menntmrn., sem hefur aðsetur hér í höfuðborginni. Þannig eiga landshlutasamtök að kjósa fræðslunefndir, en rn. að skipa fræðslustjóra, þannig mega fræðslunefndir veita umsagnir um val skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og kennara, en rn. tekur lokaákvörðun, og raunar getur það hunzað algerlega meðmæli og óskir fræðslunefnda eða skólastjóra, ef kennarar eiga í hlut. Rétt er að taka fram, svo að þetta sé ekki allt á sömu bókina lært, að það segir í 34. gr., að sveitarstjórnir megi ráða húsverði, ef þær telji þörf á, svo að eitthvað er rétt að sveitarstjórnum þrátt fyrir þetta.

Ég get ekki heldur stillt mig um að vekja athygli þingheims á 33. gr., sem er kannske gott dæmi um burókratiið og þá broslegu tilhneigingu til að halda nú öllu í höndum rn. þrátt fyrir allt og alla. Í 33. gr. segir, að „þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntmrn., sem auglýsir stöðuna. — Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra till. sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.“ — Fræðslustjóri sendir síðan till. til menntmrn. ásamt umsögn sinni, þar sem lokaákvörðun er tekin. M. ö. o.: skólanefnd tilkynnir fræðslustjóra, fræðslustjóri tilkynnir rn., rn. auglýsir, skólanefnd tekur á móti umsóknum, sendir þær skólastjóra, skólastjóri sendir umsagnir til skólanefndar, skólanefnd sendir þær til fræðslustjóra og fræðslustjóri sendir þær til rn. Þar er loks tekin ákvörðun um það, hvort ráða skuli þennan kennara eða hinn. Flóknara getur það nú varla verið.

Annað gott dæmi um áframhaldandi ráð rn. er í 16. gr., þegar rætt er um skólahverfi, en í síðustu mgr. þeirrar gr. segir: „Menntmrn. leggur till. um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð, er kynna þær hlutaðeigandi sveitarstjórnum og skólanefndum. Nú getur fræðsluráð ekki fallizt á till. rn., og skal þá boða til sameiginlegs fundar og leita samkomulags. Um þau atriði, sem ekki næst samkomulag um, sker menntmrn. úr.“ M. ö. o.: menntmrn. gerir till., leggur þær fyrir aðila, sem málið snertir, og ef þeir fallast ekki á till., ef ágreiningur kemur upp, þá skal rn. skera úr um eigin till. Ekki er þetta nú fullkomlega í anda lýðræðis og hlutlausrar meðferðar. Rn. á samkv. þessu að vera dómari í sjálfs síns máli.

Fleiri dæmi má finna í sama dúr, og ég hirði ekki um að rekja þau. Þetta er til athugunar, og þetta er hægt að lagfæra í meðferð. Landshlutasamtök eða sveitarfélög, meðan landshlutasamtökin eru í raun og veru ekki til, hljóta líka að skoða slík atriði og fjölmörg önnur, sem snerta fjárhagsmál og ákvarðanatöku, og ég er í sannleika sagt undrandi á því, að ekki skuli hafa verið gengið hreinlega til verks varðandi þá kostnaðarskiptingu, sem er á milli ríkis og sveitarfélaga og er sífellt þrætuepli og deilumál á milli þessara aðila. Í þeim efnum mætti vissulega ganga lengra í þá átt að aðgreina verkefna- og kostnaðarskiptingu á þann hátt, að sveitarfélögin hefðu ákvarðanir og sjálfstjórn meir á sinni hendi.

Margir aðrir kaflar frv. eru aðfinnsluverðir. Skoða verður markmiðsákvæðin betur og tengsl skólanna við kirkjuna og kristna trú og siðfræði.

Skoða þarf betur, hvort ekki megi efla og móta lýðræðislega vitund nemenda í samræmi við höfuðmarkmið frv. og þjóðfélagsskipunina hér á landi. Endurskoða þarf grunnskólaráð og verkefni fræðslustjóra og fræðsluráða. Betur þarf að athuga um framkvæmd þess kafla, sem snýr að skólahúsnæði, og taka ber fullt tillit til sjónarmiða kennara um réttarstöðu þeirra, stöðu þeirra innan skólans og skólastjórn. Ráðningu kennara þarf líka að skoða betur og starfstíma o. s. frv. Leggja þarf fram frekari rök fyrir nauðsyn þess, að skólarannsóknum séu gerð svo ítarleg skil og hátt undir höfði í þessu frv., og vandlega þarf að fara með viðkvæm mál eins og erfiðleika með einstaka nemendur. Hvernig verður sálfræðiþjónustunni háttað, og má ekki enn setja fjölmörg frv.- ákvæði í reglugerð í stað þess að hafa þau í þessari löggjöf? Nákvæm upptalning á kennslutímum sýnist t. d. litið erindi eiga inn í heildarlöggjöf sem þessa.

Herra forseti. Ég skal ekki tína fleira til. Ég vil aðeins að lokum segja það, að ég fagna því, að þetta frv. er komið á dagskrá hv. þd., svo að þm. geti nú af alefli snúið sér að því að grandskoða þessi frv. Grunnskólafrv. verður að fá ítarlega meðferð í n., það verður að gerjast með mönnum, og menn verða að átta sig á því, hvað samþykkt þess hefur í för með sér, og hér má ekki rasa um ráð fram. Þessi löggjöf leggur þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en flest annað, snertir mennta- og menningarstefnu þessarar þjóðar yfirleitt, hefur áhrif á uppeldisvenjur, tengsl æskunnar við heimili og atvinnulíf og getur ráðið miklu, ef ekki öllu, um þróun fræðslu- og kennslumála hér á landi næstu árin, jafnvel næstu áratugina. Við skulum því flýta okkur hægt í þessu máli. Ég er ekki hvatamaður að því, að þetta mál sofni í n., síður en svo. Ég mun sem nm. í menntmn. Nd. leggja mig fram af áhuga og alefli, að málið fái þinglega og gaumgæfilega meðferð, þannig að það verði ekkert lát á því, að það verði skoðað. En ég vil, að þm. fari ofan í þetta frv., ekki aðeins þeir, sem sitja í n., heldur raunverulega þingheimur allur. Ég held, að þegar svona stórt mál er á ferðinni, — og það verða mín síðustu orð, — þá sé betra að fara að öllu með gát í stað þess að samþykkja eitthvað, sem leiði til hins verra. Um það ættum við að geta verið sammála.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í n. þeirri, sem kemur til með að fjalla um þetta frv., ætla ég ekki að verja hér löngum tíma til þess að fara í einstök atriði eða einstök ákvæði þess. Ég vil aðeins gera að umræðuefni nú við 1. umr. atriði, sem varða meginstefnu frv., þ. e. a. s. lengingu skólaskyldu og önnur ákvæði, sem stuðla að því að uppræta misrétti í félagslegri aðstöðu nemenda. Þeirri meginstefnu er ég í öllum atriðum samþykk. Í því sambandi vil ég þó vekja athygli á ýmsum atriðum, sem ég hefði gjarnan viljað, að þm. athuguðu nánar og tækju afstöðu til, — atriðum, sem varða í rauninni vinnubrögð í skólum og skólaandann.

Þá er þar fyrst til að taka, að mér virðist frv. hafa batnað í meðförum endurskoðunarnefndar. Það er gleggra og skipulegra og auðveldara að átta sig á því efnislega. Þau atriði, sem bættust inn í frv. við endurskoðunina, sýnast mér líka til bóta. Mörg þeirra eru í samræmi við viðhorf og hugmyndir nútímans, sem sjálfsagt og eðlilegt var, að kæmu inn í nýja grunnskólalöggjöf. Þó hefur mér virzt erfitt að átta mig á sumum atriðum, og ég held, að aðalmeinsemdin felist í því, að þessi nýju viðhorf sum hver ná ekki almennilegri fótfestu í frv. Það er eins og þau reki sig á gamlan grunn, sem menn hafi ekki fyllilega treyst sér til atlögu við. Mér virðist það t. d. ekki í samræmi við 1. málsl. markmiðsgr., 2. gr. frv., að gera ekki ráð fyrir aðild nemenda og foreldra að stjórn skólanna. Til þess að geta búið nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur að þurfa að byrja á því, sem nærtækast er, þeirra eigin samfélagi. Ef á að taka mark á yfirlýsingunni um lýðræðislegt samstarf, eins og stendur í gr., lýðræðislegt samstarf í skólum, þá hlýtur slíkt að þurfa að ná til allra þátta þess. Að öðrum kosti gefum við nemendum ranga hugmynd um inntak orðsins „lýðræði".

Ákvæði eru í frv. um stofnun foreldrafélaga og nemendaráða, en n. virðist ekki hafa treyst sér til þess að ákveða þessum ráðum fast hlutverk eða aðild að stjórn skólanna. Foreldrafélaginu er ætlað að fylgjast með skólastarfinu, eins og það er orðað, en nemendaráðum er ætlað að vera skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Við höfum hér á Alþ. sett lög um skóla, þar sem nemendum er veittur réttur til að hafa fulltrúa í stjórn skólanna. Við höfum gert það í þeirri trú, að við værum að stuðla að auknu lýðræði og betri anda innan skólanna, ef nemendur fengju að tjá sig um eigin málefni á jafnréttisgrundvelli. Það er engin ástæða til að meina nemendum í grunnskóla þessa sama réttar til að hafa áhrif á eigin kjör, nema við viljum halda því fram, að menn hafi ekki vit á því, hvernig þeim líður, fyrr en þeir eru komnir undir tvítugt. Ef nemendur geta verið skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni sín, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá ættu þeir líka að geta greitt atkv. um þessi sömu málefni. Framlag nemenda í grunnskóla yrði sjálfsagt af nokkuð öðrum toga en framlag eldri nemenda, t. d. í stýrimannaskóla eða háskóla, en í eðli sínu væri þetta hið sama og tilgangurinn hinn sami. Menn fá nokkru ráðið um aðstöðu sína og kannske von til þess, að þeir fái bætt úr því, sem þeim kann að þykja aðfinnsluvert í skólanum. Sömu rök má færa fyrir því, að fulltrúar foreldrafélagi fái rétt til setu eða hafi atkvæðisrétt um stjórnunaratriði skóla, og vil ég í þessu sambandi leggja sérstaka áherzlu á nauðsyn þess, að svo verði í heimavistarskólum. Verði þetta frv. að lögum og komist í framkvæmd, munu nemendur verja geysimiklum tíma innan skólaveggja eða við starfsemi á vegum skólans allt til 16 ára aldurs og því mikils um vert, að vel takist til í þessum efnum. Mér er kunnugt um, að margir ágætir skólamenn og kennarar eru sama sinnis og ég í þessu efni. Þá á skólinn samkv. 2.

gr. að þjálfa hæfni nemenda til samstarfs við aðra. Þó virðast menn því miður ekki hafa treyst sér til þess að ákveða, á hvern hátt það skuli gert, a. m. k. hef ég ekkert fundið í frv., sem gefi vísbendingu um það.

Í 43. gr. er tekið fram, að kveða skuli nánar á um uppeldishlutverk skólans í reglugerð, en engin vísbending gefin um, með hvaða hætti það uppeldi eigi að fara fram. Stefnuyfirlýsing í markmiðsgrein eins og 2. gr. felur ætíð í sér hugtök, sem hætta er á, að hver túlki huglægt, og er að mínu viti nauðsynlegt að ákvarða í lögum einhver atriði þessa uppeldishlutverks og hversu það skuli koma fram í kennslunni, engu síður en ákvarða námsefnið sjálft, svo sem gert er í liðum a—j í 43. gr. Það hefði að mínu viti þurft að tryggja með reglugerðarákvæði, t. d. að félagslegum vinnubrögðum ætti að beita í sjálfu náminu.

Í frv. er enn fremur viðurkennt, að félagsstarf skuli vera sjálfsagður liður í grunnskólastarfi, og ætti að vera tryggt, að enginn skóli þurfi að vanrækja þann lið skólastarfsins sakir féleysis. Ákvæði 44. gr. er því mikil framför frá því, sem nú er. En þó finnst mér sem n. hafi ekki heldur hér stigið skrefið til fulls, og er ég enn með markmiðsgr. í huga. Eftir sem áður er það komið undir frumkvæði nemandans og skólastjórnar, hvernig til tekst um félagslíf. Það vill, sem kunnugt er, mjög skiptast í tvö horn um nemendur, hvort þeir taka þátt í félagsstarfi eða ekki. Sumir koma sér aldrei að því sakir feimni, uppburðarleysis eða kannske ímyndaðs kunnáttuleysis. Þessum nemendum þarf að hjálpa áleiðis til samskipta við aðra, koma þeim til að tjá sig um ýmis málefni o. s. frv. Því kemur mér í hug, hvort ekki væri rétt að gera beinlínis að skyldu leiðbeiningu í félagsstarfi. Þetta mætti gera með ýmsu móti, en aðalinntak þessara kennslustunda yrði að virkja hvern einasta nemanda til þátttöku, hvort sem það yrði gert í formi málfunda um tiltekin atriði eða frjálsra stunda, svo sem dæmi munu vera til um í sumum skólum. Þessu hef ég viljað varpa fram til athugunar, ef ske kynni, að eitthvað yrði ljósara um það, hverjar menn hygðu skyldur skólans á uppeldislegu sviði. Og þau atriði, sem ég hef talið hér upp til breytinga, ætti að vera unnt að framkvæma, án þess að kostnaðarauki verði.

Ég hefði viljað, að ákveðnari afstaða hefði verið tekin gegn tví- og þrísetningu skóla. Þegar sú krafa hefur verið borin fram af almenningi, að allir skólar verði einsetnir, hefur því verið borið við, að skólahúsnæði leyfði ekki slíkt. Mér kemur því nokkuð spánskt fyrir sjónir, að þegar samþykkja á ný grunnskólalög, að ekki virðist gert ráð fyrir, að breyta eigi til á þessu sviði. Að vísu er ákvæði í 25. gr. um aðstöðu nemenda í skólanum — mjög mikilvægt ákvæði og stórt skref í átt til félagslegs réttlætis. En í reynd er hlutverk þess svipað og hlutverk skóladagheimila. Sízt vil ég draga úr mikilvægi þess, að skólar verði jafnframt heimili í því skyni, að menn hafi þar aðstöðu til þess að læra til næsta dags. En einmitt þetta orðalag, að menn skuli „búa sig undir kennslustundir næsta dags“, gefur í skyn, að hér sé ekki hugsað til breytinga á kennsluháttum á þann veg, að allt námið skuli fara fram í kennslustund. Það orðalag hefði ég frekar viljað taka upp, og það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðh. á, hvað muni hafa valdið, að ekki skuli vera ætlunin að breyta til í þessu efni. En hvort sem sú breyting yrði framkvæmanleg eða ekki, hefði ég talið rétt að kveða skýlaust á um það í þessari gr., að við gerð nýs kennsluhúsnæðis skuli vera aðstaða til framreiðslu matar fyrir nemendur. Að öðrum kosti kemur þetta ekki nema að hálfu gagni.

Þau atriði, sem ég hef hér gert að umræðuefni, varða framkvæmd stefnunnar, sem mér virðist frv. ætlað að marka, án þess þó að mér finnist það koma nægilega skýrt fram.

Ég vil enn fremur fagna ákvæðinu í frv. til l. um skólakerfi, ákvæði 7. gr. um jafnrétti. Þó er ég ekki heldur nógu ánægð með orðalagið þar. 7. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi skóla skal þess gætt, að konur njóti jafnréttis við karla í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.“

Ég verð í þessu efni að taka upp hanzkann fyrir karla. Ég held, að það verði að tryggja, að þeir njóti jafnréttis við konur líka, og hef ég þar sérstaklega matreiðslukennsluna í huga. Ég skil þessa gr. svo og vil ekki skilja hana öðruvísi en allt nám í heimilisstjórn eða heimilisfræðum, sem er á annað borð skylda, sé skylda fyrir bæði kynin. Ég er ekki samþykk því, sem kemur fram í grg., að jafnrétti felist í því, að öðru kyninu sé ekki bægt frá því, sem hinu er skylda. (**Menntmrh.**: Ég mætti kannske leyfa mér að leiðrétta. Þarna er um misskilning að ræða. Orðalagi 7. gr. hefur verið breytt, síðan því plaggi var dreift, sem þm. hefur undir höndum.) Nú, ég þakka ráðh. fyrir. Orðalaginu hefur verið breytt, upplýsir ráðh. og hljóðar nú svona:

„Í öllu starfi skóla skal þess gætt, að konur og karlar njóti jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.“

Það er ekki oft, sem menn fá óskir sínar uppfylltar á stundinni.

Lengingu skólaskyldu og árlegs námstíma er ég hlynnt. Að vísu hefur n. komið til móts við þá aðila, sem hafa gagnrýnt lengingu árlegs námstíma, á þann veg, að menntmrn. getur samkv. frv. heimilað styttingu árlegs starfstíma grunnskóla allt niður í 7 m. fyrir yngstu börnin og niður í 8½ fyrir tvo elztu árgangana. Eðlilegt er að forðast í lengstu lög að senda yngstu börn dreifbýlisins í heimavistarskóla, en mér virðist grunnskólafrv. gera ráð fyrir tveim leiðum til að leysa sérstaklega vandann í erfiðustu skólahéruðunum. Er þar fyrst að nefna heimild 4. gr. til þess að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7—8 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið. Í öðru lagi er rn. heimilað, ef skólanefnd æskir þess, að koma á fót sumarskóla, sem gæti fullnægt fjórðungi kennslunnar fyrir börn í 1.—3. árgangi. Það er sannarlega ástæða til þess að hvetja rn. og skólanefndir til þess að nota þessar heimildargr. og koma því á fót sem fyrst. Það er að mínu viti ábyrgðarhluti af hálfu samfélagsins að svipta barn þeirri reynslu og þroska, sem hlýzt af lestri og námi

á því aldursskeiði, sem fróðleiksfýsn þess og áhugi á bókum er kannske einna sterkastur.

Ég veit ekki betur en í þéttbýli sé námstíminn orðinn svo langur víðast hvar sem frv. gerir ráð fyrir. En mér þótti viðhorf hv. síðasta ræðumanns til þessa máls vera nokkuð rómantískt. Við, sem höfum reynslu af því, hvernig er að koma börnum á aldrinum 7—16 ára út úr bænum, — ég vil vekja athygli á því, að hér er um börn að ræða, börn og unglinga, — vitum það ósköp vel, að þrátt fyrir allar frómar óskir um, að þau fái að kynnast sveitalífinu og eigi því að vera skemur í skóla, þá er þetta engan veginn framkvæmanlegt. Það eru einfaldlega ekki nóg sveitaheimili til. Og þó að ég vilji sízt af öllu rýra viðleitni sveitarfélaga og kaupstaða, sem hafa skipulagt sumarstarfsemi fyrir þessi börn og unglinga, er það ekkert launungarmál, að þessir vinnuflokkar eru skipulagðir til þess, að unglingarnir hafi eitthvað fyrir stafni. Fæstir unglingar innan 16 ára aldurs komast í byggingarvinnu eða áþekk störf eða til starfa í framleiðslugreinum yfirleitt, þar sem unnið er við hlið fullorðinna. Stórvirkar vinnuvélar koma nú á æ fleiri sviðum í stað hinna fjölmennu vinnuflokka, og þá eru, eins og menn vita, unglingarnir látnir víkja.

Ég tek eindregið afstöðu, eins og ég hef sagt áður, til lengingar skólaskyldu. Hæstv. ráðh. fór um það þeim orðum í framsögurræðu sinni, að ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég hygg þó, að það sé nauðsynlegt, að við reynum að knýja fram einhvers konar upplýsingar um þá unglinga, sem hafa fram að þessu hætt námi 15 ára gamlir. Hvar eru þessi 18% og þá sérstaklega þeir, sem ekki eru úr strjálbýlinu? N. hefur dálítið hrakizt undan með þetta ákvæði. Hún hefur á síðustu stundu bætt því inn í frv., að unglingum sé heimilt að taka sér ársfrí úr skóla, ef þeir stundi vinnu, sem geti talizt þeim til tekna í valgrein. Ég ætla á þessu stigi málsins ekki að taka afstöðu til þess, hvort þetta er heppilegt eða ekki. Það kann að vera, að það reynist vel. En það kann líka að fara svo, ef unglingur kann illa við sig í skóla og fer þess vegna út í atvinnulífið, að hann eigi enn verr með að snúa aftur að ári liðnu. Það hefur heyrzt, m. a. hér í þingsölum, að það sé óheppilegt að lengja skólaárið vegna unglinga, sem haldnir séu námsleiða, eða unglinga, sem til vandræða séu í skólum, þeir séu betur komnir til sjós eða uppi í sveit, eins og það hefur verið orðað. Mér hefur alltaf þótt þetta mjög undarleg afstaða. Ég hef alltaf litið svo á, að togarar og sláttuvélar væru atvinnutæki, ekki uppeldisleikföng. Og enda þótt við þykjumst hafa tekið eftir því, að engum unglingi sé alls varnað og hann geti þrátt fyrir allt orðið nýtur starfsmaður, — ef við þá fréttum nokkurn tíma af honum aftur, þá er ekki þar með sagt, að hann hefði ekki getað orðið góður skólaþegn, ef honum hefði verið boðið upp á betri skóla og meiri hjálp. Það er hlutverk skólans að leita orsaka örðugleikanna og reyna að ráða bót á þeim. Sé það ekki gert, meðan unglingurinn er í skólanum, þá er sannarlega erfiðara um vik að hjálpa honum, þegar hann er horfinn út í atvinnulífið. Og ég geri ráð fyrir, að það hljóti að vera sjónarmið flestra foreldra, að þeir kjósi heldur, að þeir aðilar séu til á vegum skólans, sem hjálpi unglingnum, ef hann á í erfiðleikum, fremur en missa hann út í misjöfn veður, ef svo mætti að orði komast.

Til styrktar máli mínu um lengingu skólaskyldu vil ég vekja athygli á hefti af Menntamálum með grein eftir Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðing. Að vísu er greinin skrifuð árið 1966, en mér er tjáð af kunnugum, að niðurstöður hennar séu enn í fullu gildi. Í greininni gerir Sveinbjörn grein fyrir niðurstöðum af rannsókn, sem hann gerði að beiðni þáv. skólastjóra Tækniskólans um samanburð á námi í dönskum, norskum og íslenzkum unglinga- og gagnfræðaskólum. Ályktun af niðurstöðu rannsóknarinnar var í stuttu máli sú, að mikið skorti á, að nám íslenzkra unglinga í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði væri jafngilt námi á sambærilegu aldursstigi í Danmörku og Noregi. En það kemur kannske líka okkur Íslendingum á óvart, að þetta gildir ekki aðeins um raungreinar, heldur einnig um erlend tungumál. Raunin virðist vera sú, að við höfum vanrækt undirstöðumenntunina. Þetta kemur ekki aðeins niður á framhaldsskólunum, menntaskólum og sérskólum, sem taka við, heldur líka á þeim einstaklingum, sem halda ekki lengra en út skylduna.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir ágæta inngangsræðu hér, og ég sé enga ástæðu til þess að lengja þetta mál ákaflega mikið. En í þessum fáu orðum mínum mun ég, eins og aðrir ræðumenn, fyrst og fremst víkja að grunnskólafrv. Það er ekki fyrir það, að frv. um skólakerfi sé ekki mikilvægt, því að þar er að finna útlínur og umgerð hins samræmda skólakerfis og auk þess grundvallarákvæðin um skólaskyldu, sem nú er fyrirhugað að lengja um eitt ár.

Í fljótu bragði kem ég ekki auga á, að ástæða sé til aths. um meginatriði skólakerfisfrv., þar sem gert er ráð fyrir þremur stigum hins samræmda og samfellda skólakerfis, þ. e. a. s., eins og það er kallað, skyldunámsstigi, framhaldsskólastigi og háskólastigi. Mér sýnist þetta vera mjög einföld og eðlileg umgerð. Hins vegar er ástæða til þess að minna á það nú, að það er nauðsynlegt, að menn rígskorði ekki menntunarmöguleika fólksins við þess háttar umgerð. Jafnframt því, sem við festum í sessi samræmt og samfellt skólakerfi, þar sem eitt stigið tekur við af öðru, tel ég mikla nauðsyn á því, að Alþ. hafi opin augu fyrir fræðslustarfsemi utan þessa kerfis. Og ég nefni þá alveg sérstaklega lýðskóla, óháða lýðskóla, og fræðslustofnanir í þágu fullorðinna.

Hér eru til umr. tvö frv., frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla, og þessi frv. eru rædd hér samtímis. Eins og áður er fram komið og sjálfsagt er að minnast, eru þessi frv. að meginstofni og grundvallarhugsun hin sömu

sem fyrrv. menntmrh. lagði fyrir Alþ. á þinginu 1970—1971, og það er eðlilegt, að þessi frv. fylgist að og séu rædd samtímis. Frv., sem lögð voru fram hér á þinginu 1970, voru ávöxtur allumfangsmikils nefndarstarfs undir formennsku ráðuneytisstjórans í menntmrn. Frv. báru þá þegar með sér greinilega viðleitni til þess að aðlaga skólakerfið breyttum tíma, og það gat ekki dulizt, að höfundar frv. höfðu tileinkað sér viðhorf, sem mótazt höfðu á undanförnum árum, um ýmsar endurbætur og nýskipan skólamála. Því var það, að í frv. til l. um grunnskóla voru ýmis mjög athyglisverð nýmæli, sem skólamenn og áhugamenn um skólamál höfðu ástæðu til að fagna. Ég nefni t. d. ákvæðin um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, um skólarannsóknir og eflingu skólabókasafna.

En almennt veittu menn meiri athygli öðrum ákvæðum grunnskólafrv., og ég nefni tvennt, lengingu skólaskyldu um eitt ár og lengingu hins árlega starfstíma skólanna. Um þessi atriði fyrst og fremst var rætt manna á meðal úti um land, og þau ollu talsverðum deilum. Þessar breytingar, þ. e. a. s. lenging skólaskyldu og lenging árlegs starfstíma skólanna, snertu í raun og veru fyrst og fremst sveitafólkið í landinu og íbúa hinna ýmsu smærri þorpa, þ. e. a. s. fólkið í hinum dreifðu byggðum landsins, í sveit og við sjó. Í öllum stærri þéttbýlisstöðum mátti segja, að skólaganga barna og unglinga væri í reynd 9 ár, þ. e. a. s. frá 7 ára aldri til 16 ára aldurs, og skólaárið væri nokkuð langt og samfellt. Í sveitum og þorpum horfði málið öðruvísi við. Skólaganga barna var þar að vísu eitthvað misjöfn, en miklu fleiri hættu námi við 14—15 ára aldur en í kaupstöðum, og árlegur skólatími hvers barns var oft aðeins brot af því, sem gerðist í kaupstaðaskólum. Þannig var í reynd mikill munur á skólagöngu sveitabarna og kaupstaðabarna, hvað raunverulega skólasetu snerti.

Frv. um grunnskóla frá 1970 gekk mjög ákveðið út frá því snjóarmiði, að þessum skólagöngumismun skyldi eytt þannig, að öll börn, hvort sem væri í sveit eða kaupstað, skyldu vera í skóla jafnlengi, bæði hvað snertir árafjölda og mánaðafjölda á ári. Í frv. var ákveðið stefnt að því að lengja skólagöngu sveitabarna og gera hana jafna því, sem þegar var orðið í kaupstöðunum. Mismunandi skólaganga eftir búsetu skyldi hverfa. En í ljós kom, að þessi afdráttarlausa stefna átti andbyr að mæta, og þessi andbyr kom frá sveitafólkinu sjálfu. Það var ekki andstaða gegn þeirri lýðræðislegu grundvallarhugsun frv., að aðstaða til skólagöngu yrði jöfnuð. Undir þá stefnu munu allir taka. En sveitafólkið benti á hina margvíslegu örðugleika, sem á því eru að gera skólastarf í sveit og kaupstað að öllu leyti eins í framkvæmd, þótt annars sé gengið út frá sömu grundvallarforsendu um lýðræðislegt skólakerfi. Sveitafólkið benti m. a. á þá staðreynd, að við íslenzkar aðstæður er óhjákvæmilegt að vista mikinn fjölda barna og unglinga að heiman vegna skólanáms. Það verður ekki hjá því komizt að senda börnin að heiman meira og minna. Foreldrar verða að sjá af börnum sínum og börnin verða að sjá af foreldrum sínum. Hér er um að ræða mannlegt og tilfinningalegt vandamál, sem varla er hægt að láta kyrrt liggja.

Hið eldra frv. um grunnskóla tók ekki nægilegt mið af þessu vandamáli, og ég hygg, að það hafi verið meginorsök þess, hversu andstaðan gegn því reyndist mikil þrátt fyrir ýmis merk ákvæði og lofsverð markmið. Þessi tilteekni agnúi á frv., sem ég hef gert að umtalsefni og var vissulega mikill, átti að líkindum rót sína að rekja til þess, að í hinni upphaflegu n., sem fjallaði um grunnskólamálið, átti enginn sá fulltrúi sæti, sem þekkti af eigin reynslu viðhorf sveitafólksins til lengdar skólaskyldu og árlegs skólatíma.

Í aths. við þetta frv. segir nú, að frv. hafi tekið miklum stakkaskiptum frá því, sem var um hið fyrra frv., og ég get fallizt á þetta. Eftir að hafa gengið í gegnum allstífan hreinsunareld nefndarvinnu og mjög víðtækrar kynningar og umr. fjölmargra aðila viðs vegar um land liggur frv. nú fyrir þessari hv. þd. í endurbættri útgáfu. Það er tæpast á mínu færi og raunar engin ástæða til þess af minni hálfu að rekja breytingar þær, sem gerðar hafa verið, en ég hygg, að flestar breyt. séu til mikilla bóta. Ég held, að við höfum nú fyrir framan okkur betra frv. en það, sem lagt var fram fyrir tveimur árum. Sérstaklega fagna ég því, að grunnskólanefndin hefur gert sér far um að líta með skilningi á viðhorf sveitafólks í sambandi við framkvæmd skyldunámsins, án þess að hún hviki frá meginstefnu frv. um sem jafnasta skólasetu barna og unglinga, hvar sem er á landinu.

Eins og frv. er nú úr garði gert, ætti að vera kleift að haga framkvæmd skólaskyldu og öðru skólastarfi í eðlilegu samræmi við óskir þær og skoðanir, sem fram hafa komið hjá mörgu sveitafólki og talsmönnum bændastéttarinnar. Að vísu er mér ljóst, að enn munu heyrast raddir um það, að heimild til styttingar árlegs starfstíma grunnskólans sé ekki nægilega rúm. Sjálfsagt munu ýmsir verða til þess að krefjast enn meiri styttingar en frv. gerir ráð fyrir. Ef slíkar kröfur koma fram, er aldrei nema eðlilegt, að alþm. íhugi þær nánar, eins og nauðsynlegt er að gera um allar ábendingar, sem berast kunna, eftir að málið er nú lagt fram í nýjum búningi. Þó að ég viðurkenni, að grunnskólanefndin hafi unnið ágætt starf í sambandi við endurskoðun frv., þá leysir það ekki alþm. undan þeirri skyldu að gaumgæfa hverja gr. þess, áður en það verður að lögum.

Frv. um grunnskóla lýsir óneitanlega miklum metnaði þeirra, sem að því standa. Með frv. er stefnt að því, að Íslendingar komi upp barna- og unglingaskólum, sem jafnast á við það, sem gerist meðal skyldra menningarþjóða. Ég fellst á þessa stefnu og lýsi því sem minni skoðun, að með því sé viðhaldið stefnumörkun, sem í rauninni var grundvölluð þegar með setningu fræðslulaga árið 1907.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, boðar vissulega enga byltingu í skólamálum. Menn þurfa ekki að óttast það þess vegna. Það er miklu minni breyting en margir vilja vera láta, þótt lögfest sé 9 ára skólaskylda og árlegur skólatími lengdur að auki. Hér er miklu fremur um

stigsmun að ræða en eðlisbreytingu. Það getur ekki talizt til byltingar, þótt stefnt sé að því á 10 árum að jafna sem verða má skólagöngu allra barna og unglinga í landinu og færa starfsaðstöðu skólanna til nútímahorfs. Ég held, að það væri í miklu ósamræmi við metnað Íslendinga á öðrum sviðum þjóðlífsins, ef við settum okkur lágt markmið í skólamálum og þá sérstaklega hvað varðar skyldunámið. Hitt er svo annað mál, að við verðum án efa að halda vel á spöðunum, ef okkur á að auðnast að gera stefnumið grunnskólafrv. að veruleika í ýmsum greinum. Það kostar ekki einasta mikið fjármagn, heldur krefst það fyrst og fremst nægilegs úrvals og framboðs starfskrafta. Frv. um grunnskóla gerir ráð fyrir mjög víðtækri sérfræðiþjónustu í sambandi við kennslu og uppeldisstörf. Hvað það snertir, setur frv. markið býsna hátt miðað við þá starfsgetu og sérmenntun, sem nú er fyrir hendi í landinu. Ef þessu marki á að verða náð, er augljóst, að þegar í stað verður að hefjast handa um skipulega menntun nauðsynlegra sérfræðinga, enda hefur það ekki farið milli mála, að allt þetta kerfi stendur og fellur með hæfu starfsfólki. Hér er mikill vandi á höndum, og ég held, að yfirstjórn fræðslumála verði öðru fremur að beita sér á þessu sviði nú á næstu árum.

Herra forseti. Ég mun ekki á þessu stigi þræða efni þessara frv. um skólamál frá orði til orðs, enda kemur til kasta þn., sem ég á sæti í, að fjalla nánar um þessi mál. En ég vil minna á það, að hér er um ákaflega veigamikið mál að ræða, sem snertir hvern einasta mann í landinu og hverja fjölskyldu í landinu á einn eða annan hátt. E. t. v. er engin löggjöf svo nátengd fjölskyldulífi og persónulegum högum samfélagsþegnanna sem skóla- og fræðslulöggjöfin. Það skiptir því miklu máli, að hún sé vel úr garði gerð og m. a. í sem nánustu samræmi við almenningsálitið í landinu svo og raunverulega getu þjóðfélagsins til þess að framfylgja ákvæðum hennar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði, fsp. (þskj. 267). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. till. til þál., sem fól í sér áskorun á ríkisstj. að láta fara fram athugun á virkjunaraðstæðum í Jökulsá eystri í Skagafirði. Þessi till. var afgreidd með þeim hætti, að henni var vísað til hæstv. ríkisstj., og var þá farið að till. allshn. Sþ., sem hafði málið til meðferðar. En í umsögnum, sem n. bárust frá þeim aðilum, sem hún vísaði málinu til, kom fram, að þegar væri hafin athugun á möguleikum til virkjunar í þessu vatnsafli. Þess vegna hef ég nú leyft mér að flytja fsp. til hæstv. iðnrh., og er fsp. á þskj. 267 þess efnis, hvað þessari athugun líði og hver sé orðinn árangur af þeirri athugun.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Spurt er, hvað líði athugun á aðstöðu til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Orkustofnun hefur nú um nokkurt skeið haft með höndum rannsóknir á möguleikum til virkjunar Jökulsánna eystri og vestri í Skagafirði. Þannig eru fyrir allnokkru byrjaðar reglubundnar vatnamælingar í báðum ánum niðri í byggð, við Skatastaði í Austurdal og við brúna í Vesturdal. Auk þess var fyrir tveimur árum gerður út sérstakur leiðangur, er fylgdist að staðaldri með rennslinu frá jökli*num um tveggja mánaða skeið* að sumri og bar það saman við rennslismælingar niðri í byggð. Orkustofnun hefur farið yfir áætlanir, sem aðrir hafa látið gera um virkjun í Eystri-Jökulsá. Enn fremur hefur hún rannsakað orkuvinnslugetu slíkrar virkjunar í samvinnu við aðrar virkjanir á Norðurlandi. Á s. l. sumri fóru jarðfræðingar og verkfræðingar á vegum stofnunarinnar að báðum ánum til að skoða staðhætti. Á síðasta sumri lét stofnunin einnig mæla land meðfram báðum ánum allt frá Flatatungu upp nálægt Ábæ í Austurdal og góðan spöl upp fyrir Goðdali í Vesturdal. Verður teiknað kort af öllu þessu landssvæði nú á útmánuðum eftir ljósmyndum, sem teknar voru úr lofti. Þessar ljósmyndir eru nú þegar tiltækar. Slík kortlagning er alger forsenda þess, að unnt sé að gera sæmilega trúverðugar virkjunaráætlanir.

Hæfileg virkjunarstærð verður væntanlega á bilinu 25—40 megawött eftir tilhögunum. Til greina virðist koma annars vegar virkjun í Jökulsá eystri einni, en hins vegar virkjun neðan við ármót Eystri- og Vestari-Jökulsár. Árleg orkuvinnslugeta virkjunar þarna liggur væntanlega á bilinu 200—300 gígawattstundir á ári, einnig eftir tilhögunum. Til samanburðar má geta þess, að öll orkuvinnsla á Norðurlandi nú fer að nálgast 150 gígawattstundir á ári. Lítill vafi er á því, að hagkvæmni slíkrar virkjunar yrði meiri, eftir að tenging milli Norður- og Suðurlands er komin á, en án slíkrar tengingar, sökum aðgangs að stærri orkumarkaði.

Þær lauslegu kostnaðaráætlanir, sem hingað til hafa verið gerðar, benda ekki til þess, að um sérlega ódýra orku yrði að ræða frá virkjunum í Jökulsánum í Skagafirði, en samt ekki til svo dýrrar orku, að rétt hafi þótt að hætta rannsóknum á virkjunarstaðnum. Þess er vænzt, að nýjar áætlanir, byggðar á niðurstöðum þeirra rannsókna, sem nú standa yfir, gefi öruggari svör við spurningunni um hagkvæmni virkjana þarna. Háspennulína sú, sem byrjað var á sumarið 1972 milli Akureyrar og Sauðárkróks, liggur ekki langt frá þessum virkjunarstað og auðveldar mjög flutning raforku frá virkjun þarna á markað.

Rannsókn þessi á skagfirzku Jökulsánum er liður í rannsóknum Orkustofnunar á hugsan-

legum virkjunarstöðum á Norðurlandi, sem ráðast mætti í, eftir að samtenging Norðurlands og Suðurlands hefur gerbreytt öllum aðstæðum til að koma orku frá norðlenzkum virkjunarstöðum á markað. Af öðrum slíkum möguleikum á Norðurlandi má nefna Dettifoss, sem er stórvirkjun, um 160 megawött eða 1100 gígawattstundir á ári eða þar um bil, virkjanir í Skjálfandafljóti, ýmsar tilhaganir, virkjun Blöndu ofan í Blöndudal, en sú virkjun yrði af svipaðri stærð og Dettifoss, og loks jarðgufuaflsstöðvar. Alla þessa möguleika hefur Orkustofnun nú til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. orkuráðh. fyrir svör hans, og hef ég ekkert við þau að athuga. En ég leyfi mér af þessu tilefni, að rætt er um þessi mál hér, að leggja áherzlu á, að nauðsyn ber til þess, að athugun á virkjunarmöguleikum í fallvötnum nyrðra verði hraðað og undinn að því bráður bugur að ákvarða, með hvaða hætti eigi að sjá okkur Norðlendingum fyrir rafmagni. Þar er komið í mikið óefni. Við búum þegar við mikinn raforkuskort, og má gleggst sjá það á því, sem fréttaritari Morgunblaðsins á Akureyri skýrði frá í blaðinu í morgun.

Ríkisjarðir, fsp. (þskj. 290). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Í útvarpserindi í byrjun jan. s. l. vék Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri nokkuð að ríkisjörðum og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi á ríkið margar jarðir, og er eðlilegt, að svo verði um ókomin ár. En eins og lög gera ráð fyrir, eiga bændur, sem búa á ríkisjörðum, að geta fengið þær keyptar með vissum skilyrðum, en aðeins til búskapar, en ekki til að braska með þær eða brytja niður í sumarbústaða- eða veiðilönd. Einnig á jarðeignadeild ríkisins að kaupa jarðir, sem bændur vilja losna við, en geta ekki selt öðrum til að stunda þar búskap. Slíkt ónytjað land er eðlilegt, að ríkið eða sveitarfélög eigi, en það verði ekki í eigu brottflutts fólks, sem setzt hefur að í kaupstöðum og gerir ekki ráð fyrir, að það sjálft eða niðjar þess flytji aftur til búskapar í sveitina."

Síðar vék búnaðarmálastjóri aftur að þessum málum og þá í víðari merkingu og algildari og sagði m. a.:

„Sú þróun, sem mjög hefur færzt í vöxt síðustu árin, að efnamenn eða félagssamtök í þéttbýlinu komi með fulla vasa fjár og kaupi landspildur eða heilar úrvals bújarðir á margföldu verði, miðað við eðlilegt verð á landinu til landbúnaðar, — sú þróun er óþolandi fyrir landbúnaðinn. Þótt þorri bænda sé gæddur þeim félagsþroska og manndómi að láta ekki ginnast af gylliboðum hinna nýríku einstaklinga og stétta, sem bjóða gagnslitla, síminnkandi seðla fyrir óðul þeirra, þá finnast alltaf nokkrir, því miður, sem falla í freistni og láta landið af hendi vitandi vits, að það verður aldrei notað aftur til eðlilegs búskapar til blessunar fyrir alda og óborna."

Ég vildi mega gera þessi orð búnaðarmálastjóra að eins konar formála fyrir þeirri fsp., sem ég hef leyft mér að beina til hæstv. landbrh. um fjölda og ráðstöfun ríkisjarða. Ástæðurnar fyrir þessari fsp. eru einmitt nátengdar því mikla vandamáli, sem búnaðarmálastjóri fer um svo ómyrkum orðum. Mér þykir sem sé hlýða, að upplýst sé hér á Alþ., hvernig ráðstöfun ríkisjarða sé varið í dag, hverjir eigi þar leigurétt og hvernig jarðirnar séu nýttar. Þar sem miklu varðar, að ríkið gangi hér á undan með góðu fordæmi með landbúnaðarsjónarmiðið efst á blaði í ráðstöfun jarða sinna, hef ég flutt svo hljóðandi fsp., sem svar við gæti gefið þar nokkra hugmynd um:

„a. Hver er fjöldi bújarða í eigu ríkisins í hverju kjördæmi?

b. Á hve mörgum þeirra er búið sjálfstæðu búi?

c. Hve margar jarðanna eru nytjaðar frá öðrum bújörðum?

d. Hve margar ríkisjarðir eru leigðar öðrum en bændum?

e. Til hve langs tíma eru jarðirnar að jafnaði leigðar, og eftir hvaða reglum er farið við ákvörðun um það, hverjum skuli leigja þær jarðir, er losna á hverjum tíma?"

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 290 er fsp. sú, sem hv. 6. landsk. þm. var að lýsa, og eru svör við henni á þessa leið:

Fjöldi bújarða í eigu ríkisins er 820. Af þeim eru í Reykn. 41, í Vesturl. 101, í Vestf. 90, í Norðurl. v. 64, í Norðurl. e. 122, í Austurl. 176 og í Suðurl. 226.

Í byggð af þessum 820 jörðum eru 626. Af þeim eru 33 í Reykn., 83 í Vesturl., 45 í Vestf., 52 í Norðurl. v., 94 í Norðurl. e., 137 í Austurl. og 182 í Suðurl.

3. liðurinn: Nytjarðar frá öðrum bújörðum eru 115 jarðir af þessum eyðijörðum. Af þeim eru 4 í Reykn., 14 í Vesturl., 25 í Vestf., 12 í Norðurl. v., 15 í Norðurl. e., 25 í Austurl. og 20 í Suðurl.

Og þá eru jarðir leigðar öðrum en bændum, þ. e. 52 jarðir. Af þeim eru 4 í Reykn., 1 í Vesturl., 11 í Vestf., engin í Norðurl. v., 9 í Norðurl. e., 5 í Austurl. og 22 í Suðurl.

Óráðstafað er svo síðasti liðurinn. Þær eru 27. Af þeim er engin í Reykn., 3 í Vesturl., 9 í Vestf., engin í Norðurl. v., 4 í Norðurl. e., 9 í Austurl. og 2 í Suðurl.

Út af síðasta lið spurningarinnar, þar sem er spurt, til hve langs tíma jarðir séu jafnaðarlega leigðar, er þetta svarið, og almennt um spurningarnar er eftirfarandi grg.:

Ríkisjörðum hefur fækkað allmikið í seinni tíð. Bæði hafa þær verið seldar til sveitarfélaga og einstaklinga, og í annan stað falla alltaf nokkur býli úr tölu sjálfstæðra jarða vegna þess, hve lengi þær hafa verið óbyggðar. Eru það einkum mjög litlar jarðir, gamlar hjáleigur, sem leggjast þá undir aðaljörðina. Samkv. ábúð-

arlögum skal jörð teljast sjálfstætt býli, þar til lögum skal jörð teljast sjálfstætt býli, þar til liðin eru 25 ár frá því, að hún var síðast í byggð. Af eyðijörðum eru hlutfallslega langflestar á Vestfjörðum eða nákvæmlega helmingur ríkisjarðanna í því kjördæmi. Munar þar mest um Grunnavíkur- og Sléttuhreppa, sem báðir eru horfnir úr tölu sveitarfélaga. Annars eru eyðijarðir á víð og dreif um allt land. Mjög margar eyðijarðir eru of litlar til þess að reka á þeim nógu stórt bú til að framfleyta meðalfjölskyldu. Eru þær annaðhvort nytjaðar af nágrannabændum til slægna og beitar eða þær, sem fjarlægar liggja, til sameiginlegar sumarbeitar úr næstu sveitum eða sveitahlutum. Um eyðijarðir á Suðulandi skal það tekið fram, að a. m. k. 15 þeirra eru í umsjá Landgræðslunnar. Ríkisjarðir eru byggðar til lífstíðar eða erfðaleigu, eins og lög mæla fyrir. Ef umsækjendur eru margir, ganga innansveitarmenn að öðru jöfnu fyrir. Einnig er leitazt við að meta getu þeirra til búrekstrar, og þegar þörf krefur, er haft samráð við sveitarstjórn, þar sem jörðin er.

Þetta svar vona ég, að nægi hv. þm. við fsp. hans. En út af því, sem hann tók fram í formála, vil ég geta þess, að n. hefur unnið að því að gera ný lög um leigu jarða, eignarrétt og annað, og liggur nú frv. fyrir Búnaðarþingi um jarðalög. Verður málið síðar lagt fyrir Alþ., þegar hefur verið að fullu frá undirbúningi þess gengið.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. skýr og greinargóð svör. Ég vil alveg sérstaklega fagna því, að í ljós kom í svörum hans, hve fáar af ríkisjörðunum eru leigðar öðrum en bændum. Ég lít nefnilega svo á, að hver viðleitni í þá átt að breyta blómlegri bújörð í sumarbústaðalönd eða afþreyingarstaði fyrir sportmenn, — mig langaði nú til að segja annað orð, ekki þinghæft, — sportmenn hvers konar, sé vægast sagt neikvæð fyrir íslenzkan landbúnað og um leið fyrir þjóðarheildina, þegar fram líða stundir. Ég álít, að ríkið eigi hér einmitt að hafa forgöngu um heilbrigða stefnu, á ríkisjörðunum þurfi fyrst og fremst að hlúa að búskap, en varast það, að þær komist í hendur þeirra aðila, sem ætla sér það eitt með afnotarétti sínum að nytja þær til einhvers annars en landbúnaðar.

Sjónvarp, fsp. (þskj. 164). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. er þannig:

„Hve margir sveitabæir í Austurlandskjördæmi geta ekki náð enn útsendingu sjónvarps? Hefur verið gerð áætlun um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband? Er unnið áfram að framkvæmdum í þessu sambandi. Sé svo, hvenær má vænta þess, að þeim verði lokið?“

Þetta þarfnast ekki skýringar.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar gefið af starfsmönnum Ríkisútvarpsins við fsp. hv. 1. þm. Austf. er á þessa leið:

Fyrsta spurningin fjallar um það, hversu margir sveitabæir í Austurlandskjördæmi geti ekki enn náð útsendingu sjónvarps. Þar til er því að svara, að í Norður-Múlasýslu eru ónothæf móttókuskilyrði talin á 18 býlum, en móttókuskilyrði metin slæm á 17 býlum. Í Suður-Múlasýslu er ástandið þannig, að móttókuskilyrði teljast ónothæf á 24 býlum, en skilyrði eru talin slæm á 25 býlum. Í Austur-Skaftafellssýslu býr 31 bær við ónothæf skilyrði, en aðeins einn við slæm. Alls eru það þá 73 býli í Austurlandskjördæmi, sem búa við ónothæf móttókuskilyrði sjónvarps, en 43 býli búa við slæm skilyrði.

2. liður spurningarinnar fjallar um áætlunargerð um kostnað við að koma þessum bæjum í sjónvarpssamband. Þar er svarið þannig, að áætlanir og mælingar til undirbúnings því, að reistar verði sjónvarpsstöðvar á fjórum stöðum á þessu svæði, hafa verið gerðar, þ. e. a. s. í Fljótsdalshreppi í Norður-Múlasýslu, þar er um 8 bæi að ræða, í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu, þar er um að ræða 16 bæi, í Bæjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu 13 bæi og í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu 14 bæi. Samkv. áætlun Landssíma Íslands er kostnaður við sjónvarpsstöðvar fyrir þessa 4 hreppa samtals 10.3 millj. kr., þar af fyrir Fljótsdalshrepp 1.5 millj., fyrir Geithellnahrepp 2.5 millj., fyrir Bæjahrepp 4 millj. 650 þús. og Borgarhafnarhrepp 1 millj. 650 þús. Nokkuð er umliðið, síðan þessar áætlanir voru gerðar, og mun láta nærri, að kostnaður við sjónvarpsstöðvar fyrir hreppana 4 yrði á núgildandi verðlagi samtals nokkuð á 12. millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt, hvort unnið sé áfram að framkvæmdum í þessu sambandi. Svar við því er, að á Djúpavogi er verið að byggja endurvarpsstöð, og verður hún væntanlega fullbúin á næsta sumri. Undirbúningi verður haldið áfram, að því er varðar þau 4 svæði, sem um er rætt í svari við 2. spurningu. Allt er þó í óvissu um, hversu hratt því muni miða. Það fer eftir fjárhag Ríkisútvarpsins til framkvæmda á þessu ári.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, og mun ég íhuga þau ásamt öðrum, sem um þessi mál fjalla. Augljóst er af þessu, að æðimikið skortir á, að sjónvarpið sé alls staðar komið til. En að því verður að keppa, að svo verði sem allra fyrst. Væri afar æskilegt, að hæstv. ráðh. treysti sér til að beita sér fyrir áætlunargerð um það efni, þannig að menn gætu fengið að vita, hvenær þeir eiga von á úrbótum. En það er mjög slæmt að vera sjónvarpslaus, það veit ég, að hv. alþm. og aðrir skilja.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þýðingarmiklu máli í fsp. þeirri, sem er til umr., þó að það varði einungis eitt kjördæmi, Austfirði. Það hefur áður á þessu

þingi komið fram hliðstæð fsp. varðandi þessi mál hvað viðkemur Vestfjörðum. En það er upplýst í báðum tilfellum, hve hér er um að ræða mikið verkefni óunnið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri allt í óvissu um, hvernig þessu verki miðaði áfram í Austurlandskjördæmi. Hliðstætt sagði hann um Vesturlandskjördæmi. Og hann sagði, að það færi eftir fjárhag Ríkisútvarpsins. Auðvitað fer þetta eftir fjárhag Ríkisútvarpsins. Hæstv. fyrirspyrjandi var með tilmæli til hæstv. ráðh. um það, að hann gerði áætlun um þessi efni og ynni að því, að til framkvæmda kæmi. Mér finnst hv. fyrirspyrjandi heldur lítillátur í þessu efni, þegar haft er í huga, að hér er um einn aðalvaldamann ríkisstj. að ræða, raunverulega mann, sem ræður sjóum og vindum hjá þessari ríkisstj. og vekur hana upp til lífsins, ef á þarf að halda, og gerir önnur kraftaverk. Hann lætur sér nægja að vera með slík blíð tilmæli til ráðh., þegar vitað er, að það er algerlega út í hött, nema unnið sé með allt öðrum hætti að þessu máli heldur en núv. ríkisstj. gerir, þ. e. a. s. það sé útvegað sérstakt fjármagn til þess að vinna að þessu sérstaka verkefni, sem er sérstaks eðlis og varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki er hér hægt að koma neinum arðsemissjónarmiðum og ekki hægt að ætlast til þess, að undir venjulegum kringumstæðum geti Ríkisútvarpið ráðið við þetta verkefni, — ég segi: undir venjulegum kringumstæðum. En nú eru ekki venjulegar kringumstæður. Í því efni ber að minna á meðferð Alþ. á Ríkisútvarpinu í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir þetta ár. Þá voru fjárl. afgreidd með 110 millj. kr. tekjuhalla á Ríkisútvarpinu. Auk þess situr Ríkisútvarpið uppi með 20 millj. kr. rekstrarhalla fyrir s. l. ár, og eftir eru að koma til áhrifin af síðustu gengislækkun.

Af þessu leiðir, að hér þarf að taka miklu betur á málum, en ríkisstj. hefur tilburði til. Ég treysti því, að hæstv. fyrirspyrjandi taki raunhæft á þessu máli með því að vera meðmæltur og greiða atkv. með þáltill., sem ég ásamt fleiri þm. hef borið fram til þess að ráða bót á þessu mikilvæga máli.

Rekstur annarrar lyfjabúðar í Hafnarfirði, fsp. (þskj. 267). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Hinn 20. jan. s. l. var útbýtt svo hljóðandi fsp. til heilbr.- og trmrh. frá mér:

„Með skírskotun til endurtekinna tilmæla bæjaryfirvalda Hafnarfjarðar til heilbrmrn. um rekstur annarrar lyfjabúðar í Hafnarfirði er óskað svars við eftirfarandi: Þar sem knýjandi er, að stofnsett verði lyfjabúð í „Norðurbæ" í Hafnarfirði tafarlaust vegna ört vaxandi fólksfjölda og dreifingar byggðarinnar, vill ráðh. hlutast til um, að gerðar verði nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir í þeim efnum?"

Hinn 11. nóv. 1969 gerði bæjarstjórn Hafnarfjarðar ályktun, þar sem borin voru fram tilmæli til viðkomandi rn. um, að það heimilaði, að stofnsett yrði ný lyfjabúð í Hafnarfirði til viðbótar þeirri, er fyrir er.

Meginrökin fyrir þeirri beiðni voru þau, að fólksfjöldinn í bænum væri þá þegar fryir löngu orðinn slíkur, að fyllsta ástæða væri af þeim ástæðum til að veita öðrum leyfi til rekstrar annarrar lyfjabúðar, en íbúafjöldi Hafnarfjarðar var um 9500 haustið 1969 og nálega 10700 1. des. s. l. Auk þess væri byggðin orðin talsvert mikið dreifð í sveitarfélaginu. Þá hefði þjónustunni við bæjarbúa af hálfu lyfjabúðarinnar, sem verið hefur í bænum, hrakað frá því, sem áður var, hvað snertir opnunartíma.

Þegar við hæstv. heilbrmrh. vorum á barns- og unglingsaldri í Hafnarfirði, þurftu Hafnfirðingar ekki að aka til Reykjavíkur að kvöldi eða nóttu til kaupa á lyfjum fyrir sjúka. Það hafa Hafnfirðingar orðið að gera í mörg ár. Þó er húsnæði lyfjabúðarinnar hið sama nú og það var í þá daga, þótt innréttingum verzlunarinnar hafi verið breytt. Slíkt ástand hefur í raunninni verið með öllu óviðunandi, og hefði þurft að vera búið að kippa þessu í lag fyrir löngu, en það hefur ekki fengizt lagfært þrátt fyrir kvartanir þar að lútandi. En við tilmælum bæjarstjórnarinnar frá 11. nóv. 1969, sem ég gat hér um áðan, var ekki orðið. Hinn 11. apríl s. l. voru þessi tilmæli enn ítrekuð, og enn skrifar bæjarstjórinn 28. júlí s. l. til viðkomandi aðila út af þessu máli og beinir þeim eindregnu tilmælum til heilbrmrn. og hæstv. heilbrmrh., að hann beiti sér fyrir lausn málsins. Í svari heilbr.- og trmrn., dags. 12. okt. s. l., segir m. a., að ekki verði teknar til meðferðar till. um fjölgun lyfjabúða í Reykjavík og nágrenni, meðan n. til að gera till. um endurskipulagningu lyfjaverzlunarinnar sé starfandi. Enn einu sinni skrifar bæjarstjórn rn. hinn 21. des. s. l. og ítrekar tilmæli bæjaryfirvalda um aðra lyfjabúð í Hafnarfirði. Með skírskotun til margendurtekinna tilmæla Hafnfirðinga um heimild ráðh. til þess, að sett verði á stofn önnur lyfjabúð í Hafnarfirði, og með hliðsjón af því, hversu bæjarbúar hafa lengi mátt bíða eftir úrbótum í þessum efnum, vill þá ráðh. ekki afgreiða þetta mál nú þegar? Ég get ekki séð, að dráttur á afgreislu þess þjóni neinum góðum tilgangi, en hefur aftur á móti í för með sér áframhaldandi óþægindi og óþarfa útgjöld fyrir bæjarbúa. Hæstv. ráðh. hefur vald til þess að kippa þessu í lag nú þegar. Ég bið hann vinsamlegast um að gera það.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr, hvort ég vilji hlutast til um, að komið verði á laggirnar annarri lyfjabúð í Hafnarfirði. Eins og hann vék að í ræðu sinni hér áðan, óskuðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði í fyrsta skipti formlega eftir því, að sett yrði á laggirnar ný lyfjabúð í „Norðurbæ" í Hafnarfirði árið 1969, en ekki var talið tímabært að verða við þeirri ósk þá. Heilbr.- og trmrn. bárust ítrekuð tilmæli bæjaryfirvalda í júlí 1972, og var þá leitað umsagnar þáv. landlæknis, Sigurðar Sigurðssonar. Hann lagði til, að lyfsalanum í Hafnarfirði yrði heimilað að setja upp lyfjaútibú í „Norðurbæ" í Hafnarfirði í samræmi við 43. gr. lyfsölulaga. Um leið og bæjaryfirvöldum var greint frá þessari umsögn landlæknis, skýrði rn. frá því, að ekki yrði

ákveðið um fjölgun lyfjabúða í Reykjavík og nágrenni, meðan n. til að gera till. um endurskipulagningu lyfjaverzlunarinnar væri starfandi. Þessi n. er skipuð til að gera till. á grundvelli málefnasamnings ríkisstj., að því er varðar lyfsölumál.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði höfnuðu sjálf hugmyndinni um lyfjaútibú, en ítrekuðu ósk sína um, að sett yrði á stofn lyfjabúð í „Norðurbæ" hið fyrsta. Rn. svaraði bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði hinn 12. jan. s. l., og var þar enn vakin athygli á, að áðurgreind n., sem fjallaði um endurskipulagningu lyfjaverzlunar, hefði ekki lokið störfum. Hins vegar tók rn. fram í bréfi sínu, að það vildi af sinni hálfu greiða fyrir skjótari ákvörðunartöku með því að afla upplýsinga um *þróun byggðar og þjónustugreina í hverfinu. Till.* lyfjamálanefndar um dreifingu lyfja, þar með um staðarval fyrir lyfjabúðir, liggur ekki fyrir, en búast má við, að svo geti orðið að mánuði liðnum. Hafnarfjörður er ört vaxandi kaupstaður, og miðað við meðalíbúafjölda fyrir hverja lyfjabúð í Reykjavík, sem er um 6700 manns, virðist stefna að því, að stofnsetja verði aðra lyfjabúð í Hafnarfirði, þótt núv. lyfjabúð sé vissulega mjög vel í sveit sett. Núv. landlæknir, Ólafur Ólafsson, hefur nú til meðferðar nýjustu gögn varðandi þetta mál, og er umsagnar hans að vænta mjög brátt.

Svar mitt verður því á þá lund, að ég er reiðubúinn til að hlutast til um, að ákvörðun verði tekin hið fyrsta á grundvelli þeirrar vitneskju, sem aflað verður á næstunni um málið. Ég vil hins vegar einnig ítreka það að lokum, að bæjaryfirvöldin í Hafnarfirði höfnuðu sjálf þeirri lausn, að sett yrði upp útibú í „Norðurbæ", en það hefði um sinn leyst brýnustu þörfina fyrir lyfsöluþjónustu í hverfinu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svar hans, þó að mér hafi ekki orðið að þeirri von minni að fá frá honum skýlausar yfirlýsingar um, að hin nýja lyfjabúð komi á næstunni. Mér er ekki kunnugt um, að það standi á nokkurn hátt á bæjaryfirvöldum Hafnarfjarðar hvað snertir að leggja fram nauðsynleg gögn til viðkomandi aðila viðvíkjandi þessu máli. Ég held, að bæjarstjórinn í Hafnarfirði hafi fyrir nokkru skrifað rn. og svarað þeirri beiðni, sem frá því kom um upplýsingar um viss atriði, þannig að það á ekki að standa á afgreiðslu málsins þess vegna.

Ég vil að lokum ítreka, sem ég sagði hér áðan, að ég vil eindregið fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann geri það, sem í hans valdi stendur, til þess að úr rætist í þessu máli fyrir Hafnfirðinga hið allra fyrsta.

Dreifing raforkuvera, fsp. (þskj. 283). — Ein umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þessa fsp. flutti hv. varaþm. Ingi Tryggvason, sem sat hér á þingi í minn stað. Hann hefur látið mér í té grg. með fsp., svo hljóðandi:

„Að undanförnu og einkum nú í vetur hafa verið veruleg brögð að rafmagnstruflunum vegna bilana í háspennulínum. Það kom í ljós, að tafsamt er að gera við slíkar bilanir, og er ómælt það beina tjón, vinnutap og óþægindi, sem af öryggisleysi í rafmagnsdreifingu hlýzt. Ráðagerðir eru uppi um að auka enn til stórra muna raforkuframleiðslu á Þjórsársvæðinu og leggja þaðan m. a. háspennulínu yfir öræfi til Norðurlands. Með samauðjöppun margra stórra raforkuvera á tiltölulega takmörkuðu landssvæði virðist mörgum, að náttúruhamfarir gætu samtímis valdið slíku tjóni á orkuverum og aðflutningslínum, að lamað gæti atvinnulíf á stórum landssvæðum. Þess vegna hef ég spurt, hvort ekki sé varhugavert vegna almenns öryggis atvinulífs og byggðar í landinu að þjappa raforkuframleiðslunni saman á þennan hátt.

Frá upphafi hefur þeirri meginstefnu verið fylgt í raforkumálum að dreifa orkuframleiðslunni um landið. Þegar íbúar stórra landssvæða verða háðir raforku, sem flutt er langar leiðir um reginöræfi, er mjög hætt við, að fullkomið traust verði ekki borið til slíkra orkugjafa. Geta slíkar aðstæður ráðið úrslitum um staðsetningu atvinnufyrirtækja og þannig ýtt undir ákveðna þróun í atvinnuuppbyggingu, sem enn yki á hið margumtalaða jafnvægisleysi í byggð landsins. Því er þess farið á leit við hæstv. iðnrh., að hann geri Alþ. grein fyrir því, hvort ekki sé nauðsynlegt frá sjónarmiði almenns öryggis og atvinnuþróunar að dreifa byggingu hinna stóru orkuvera um landið fremur en að reisa fleiri stór orkuver á mjög takmörkuðu landssvæði."

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sem svar við þessari almennu fsp. vil ég segja þetta:

Almennt séð verður að telja eðlilegt að stefna að því að reisa stór orkuver alls staðar, þar sem kostur er á hagkvæmum virkjunarmöguleikum til slíks. Svo vill til hér á landi, að hagkvæmt vatnsafl til virkjunar er nokkuð dreift um landið. Mest er af því á Suðurlandi og Austurlandi, nokkuð á Norðurlandi, en minna á Vesturlandi og Vestfjörðum. Skilyrði þess, að skynsamlegt geti talizt að dreifa stórum orkuverum á þá landshluta, sem taldir voru, er samt, að fyrir hendi sé raforkukerfi til að tengja þessi orkuver saman eða því sé komið á fót jafnhliða eða rétt á undan virkjununum. Að öðrum kosti getur svo farið, að eigi sé unnt að notfæra sér þá hagkvæmni, sem virkjunarstaðurinn ræður yfir.

Það er yfirlýst stefna núv. ríkisstj. að vinna að því að koma upp meginraforkukerfi, sem nái til allra landshluta. Þetta er mikið verkefni, sem sjálfsagt tekur alllangan tíma að leysa. Fyrsti áfangi þess er sú línulögn milli Norðurlands og Suðurlands, sem ríkisstj. hefur ákveðið.

Virkjunarrannskóknir Orkustofnunar hafa verið skipulagðar frá því sjónarmiði, að kanna beri álitlega virkjunarstaði, hvar á landinu sem þá er að finna. Þannig hafa verið rannsakaðir virkjunarstaðir á Suðurlandi, þ. e. á Þjórsár- og Hvítársvæðinu, Austurlandi, Norðurlandi, þ. e. Jökulsá á Fjöllum, Skjálfandafljót, Jökulsárnar í Skagafirði, Blanda, auk jarðgufuvirkjunar við Kröflu, og á Vestfjörðum á Arnarfjarðarsvæðinu. Þessar

rannsóknir eru misjafnlega langt komnar, en unnið er að þeim öllum, eftir því sem fjárveitingar hrökkva til. Slíkar rannsóknir um landið allt nokkurn veginn eru forsenda ákvarðana um virkjunarframkvæmdir víðs vegar um landið. Þær beinast fyrst og fremst að þeim virkjunarstöðum í hverjum landshluta, sem hagkvæmastir þykja, en það eru einkum stórvirkjanir. Grundvallarhugmyndin á bak við það að haga virkjunarrannsóknum á þann veg eru, eins og að framan er rakið, að eðlilegt sé að gera ráð fyrir samtengingu raforkuvera um meginhluta landsins. Slík samtenging gerir mögulegt að virkja þar, sem hagkvæmt er, og jafnframt að velja atvinnufyrirtækjum staði í hinum ýmsu landshlutum, eftir því sem heppilegt er talið hverju sinni.

Varðandi öryggissjónarmiðið er rétt að taka það fram, að Orkustofnun hefur nokkuð athugað það mál og það áður en Vestmannaeyjagosið gaf nýtt tilefni til þess. Um þetta lét stofnunin í okt. s. l. taka saman sérstaka skýrslu um náttúruhamfarir og virkjanir eftir Hauk Tómasson jarðfræðing. Þar er komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að taka nokkurt tillit til áhættunnar og skaða af völdum náttúruhamfara við val á virkjunarstöðum. Það verður ávallt matsatriði, hve mikið tillit skuli tekið til slíkra áhættu. Líkurnar á skaða af þessum sökum eru mjög litlar, en skaðinn hins vegar oft mjög mikill, ef hann verður á annað borð, eins og við verðum vitni að einmitt þessa dagana. Hér er sem sagt örðugt að koma við tölulegu mati. Orkustofnun hefur í hyggju að reyna að gera þessum málum eitthvað betri skil.

Í bili er varla unnt að segja meira en gert er hér að framan, að eðlilegt sé að taka nokkurt tillit til áhættunnar, t. d. með því að velja virkjunarstaði til skiptis innan og utan gosbeltisins eða á stöðum innan þess, sem eru svo fjarlægir, að þeir hafi ekki áhrif hver á annan. Forðast ber eftir föngum að eiga nokkru sinni öll eða flest meginraforkuver landsins á sama áhættusvæði, a. m. k. ef slíkt er unnt án umtalsverðra fórna í virkjunarhagkvæmni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið, en mun ekki gera það að frekara umræðuefni að svo stöddu.

Virkjunarmöguleikar í Skjálfandafljóti, fsp. (þskj. 283). — Ein umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er um þessa fsp. eins og þá, sem var á dagskránni áðan, að hún var flutt af hv. varaþm., Inga Tryggvasyni, sem sat hér á þingi í minn stað, og hefur hann látið mér í té um hana grg., svo hljóðandi:

„Á Norðurl. e. blasir nú við rafmagnsskortur. Þótt hinn nýi áfangi Laxárvirkjunar verði tekinn í notkun á þessu ári, endist sú orkuviðbót skammt, sem þar fæst. Nú þegar er umtalsverður hluti þeirrar raforku, sem notuð er á Laxárvirkjunarsvæðinu, framleiddur með dísilvélum. Óvissa er um, hvenær og hvernig raforkuþörf Norðurl. e. verður fullnægt. Veldur það því m. a., að algerlega er óvíst, hvort heimili verða upphituð með rafmagni í því ibúðarhúsnæði, sem flutt verður í á þessu ári, en eftirspurn eftir raforku til húsahitunar er mikil á Norðurlandi. Og þörf iðnfyrirtækja fyrir raforku fæst ekki fullnægt. Augljóst er því, að almenningur á Norðurl. e. lætur sig miklu skipta, að orkuþörf þar verði leyst fljótt og örugglega. Ýmsir möguleikar eru til raforkuframleiðslu í þessum landshluta, og er af ýmsum litið svo á, að í Skjálfandafljóti séu hagkvæm skilyrði til virkjunar. Þess vegna er þeim spurningum hér beint til hæstv. iðnrh., hvort fram hafi farið rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti, og ef svo er, hversu ítarleg sú rannsókn hafi verið, er fram hefur farið, og hver sé niðurstaða hennar."

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er í fyrsta lagi um það spurt, hvort fram hafi farið rannsókn á virkjunarmöguleikum við Skjálfandafljót. Slík yfirlitsrannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti hefur farið fram allt frá óbyggðum og niður fyrir Barnafoss. Kannaðir hafa verið möguleikar á virkjun árinnar í þrepum, við Íshólsvatn, Goðafoss og Barnafoss, og athugaðir hafa verið möguleikar á að fá Fnjóská með í neðsta virkjunarþrepinu. Enn fremur hafa verið kannaðir möguleikar á virkjun árinnar sem mest í einu lagi með því að færa hana út úr farvegi sínum við Íshólsvatn og leiða vatnið eftir heiðunum austan Bárðardals niður á móts við Goðafoss og virkja síðan niður í farveginn aftur neðan við Goðafoss og jafnvel neðan við Barnafoss. Um rannsóknir þessar er væntanleg skýrsla í næsta mánuði.

Þá er spurt, hversu ítarleg þessi rannsókn hafi verið og hver sé niðurstaða hennar. Niðurstaða þessarar könnunar, sem er fremur lausleg enn sem komið er, er á þá lund, að orka frá þessum virkjunum sé 90—120% dýrari en frá stórvirkjun eins og Dettifossvirkjun og 40—50% dýrari en frá hagkvæmum virkjunum af miðlungsstærð, og er þá átt við 50—60 megawatta virkjanir. Samkv. áætlunum yrði vinnslugeta heildarvirkjunar Skjálfandafljóts um 1370 gígawattstundir á ári, skipt á 2—3 virkjanir eftir tilhögunum. Til samanburðar er, að vinnslugeta Dettifossvirkjunar er áætluð 1100—1200 gígawattstundir á ári í einni virkjun. Af einstökum virkjunum í Skjálfandafljóti er virkjun við Íshólsvatn skást, en þó um 90% dýrari á orkueiningu en Dettifossvirkjun. Vinnslugeta þeirrar virkjunar er áætluð 390 gígawattstundir á ári. Enda þótt könnunin sé lausleg, þykja þessar samanburðartölur sanna það ótvírætt, að Skjálfandafljót stenzt engan samanburð við önnur vatnsföll, bæði á Norðurlandi og annars staðar, hvað virkjunarhagkvæmni snertir. Ekki þykja því efni til að láta fara fram ítarlegar og þar með kostnaðarsamar rannsóknir á Skjálfandafljóti fyrst um sinn, meðan um marga, hagkvæmari kosti er að ræða. Ástæðan til þessarar neikvæðu útkomu

er framar öðru sú, hve rennsli Skjálfandafljóts er lágt. Meðalrennsli þess er milli ⅓ og ¼ af meðalrennsli Jökulsár á Fjöllum við Dettifoss og enn minni hluti af rennsli Þjórár.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka svarið.

Gufuaflsvirkjun til rafmagnsframleiðslu, fsp. (þskj. 283). — Ein umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi fsp. var eins og sú, sem síðast var rædd, flutt af hv. varaþm., Inga Tryggvasyni, og er grg., sem hann hefur látið mér í té með fsp., svo hljóðandi:

„Fyrir nokkrum árum var reist 3 þús. kw. gufuaflsvirkjun í Bjarnarflagi í Mývatnssveit. Ekki er almenningi kunnugt um annað en sú virkjun hafi verið ódýr í stofnkostnaði og reynzt vel. Þá mun virkjun þessi hafa verið fljót í uppsetningu. Vitað er, að mjög mikil orka býr í jörðu á háhitasvæðum í Suður-Þingeyjarsýslu. Á þessu svæði er og bráð þörf aukinnar raforku til iðnaðar, húsahitunar og annarra almennra nota. Athygli almennings hlýtur að beinast að því, hvort ekki sé unnt að leysa orkuþörfina um alllangt skeið með byggingu gufuaflsvirkjunar, t. d. í Bjarnarflagi eða við Kröflu. Þess er því vænzt, að hæstv. iðnrh. geri grein fyrir því, hvort þessir möguleikar hafi verið kannaðir og hver hafi orðið niðurstaða þeirrar könnunar, ef gerð hefur verið."

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrri hluti þessarar fsp. er sá, hvort gerð hafi verið könnun á hagkvæmni nýrrar gufuaflsvirkjunar á háhitasvæðinu í Suður-Þingeyjarsýslu. Slík könnun hefur farið fram eða öllu heldur fyrsti hluti hennar, og henni er ekki lokið. Var í fyrstu gerð áætlun um 8, 12 og 16 megawatta gufuaflsstöð af svonefndri þéttigerð, er hugsuð var á Kröflu- eða Námafjallssvæðinu. Þessi gerð rafstöðva er að því leyti frábrugðin þeirri tilraunarafstöð, sem nú er í gangi við Námafjall, að í þéttistöð er gufa þétt í eimsvala, eftir að hafa farið í gegnum gufukerfi stöðvarinnar, í stað þess að vera blásið beint út í andrúmsloftið, eins og nú er gert á stöðinni í Bjarnarflagi. Með þéttingu fæst mun meiri raforka úr hverju tonni af gufu, en á hinn bóginn hækkar eimsvalinn stofnkostnað stöðvarinnar. Athuganir sýna þó, að þessi gerð er hagkvæmari við aðstæður á Námafjalls- eða Kröflusvæðinu. Nú er unnið að könnun á mun stærri jarðgufurafstöð á sama stað eða 55 megawatta. Er vonazt til, að niðurstöður þeirrar könnunar liggi fyrir nú með vorinu.

Í annan stað er spurt, hver hafi orðið niðurstaða þeirrar könnunar, sem gerð hafi verið. Sú athugun leiðir greinilega í ljós meiri hagkvæmni jarðgufurafstöðva með vaxandi stöðvarstærð á því stærðarbili, sem hér um ræðir. Þann ig er 16 megawatta stöð til muna hagkvæmari en 8 megawatta stöð. Svo virðist sem 16 megawatta jarðgufustöð sé vel sambærileg um hagkvæmni við miðlungsstórar vatnsaflsstöðvar, þ. e. a. s. stöðvar, sem eru nokkrir tugir megawatta, en standist ekki samanburð við hagkvæmar stórvirkjanir. Það er ekki hvað sízt vegna þessarar niðurstöðu, að ákveðið var að athuga einnig mun stærri jarðgufustöð eða 55 megawatta, og verður fróðlegt að sjá, hvort slík stöð getur keppt við hagkvæmustu vatnsaflsvirkjanir.

Það, sem hér var sagt um hagkvæmni, miðast í öllum tilvikum við, að unnt sé að nýta vinnslugetu orkuversins sem allra fyrst, eftir að það tekur til starfa, en samtenging orkuvera um sem stærst svæði er forsenda þess, að slíkt sé unnt. Annað kemur og til álita, þegar rætt er um jarðgufuaflsstöðvar. Reynslan sýnir, að gufuaflsstöðvar almennt eru ekki eins öruggar í rekstri og vatnsaflsstöðvar, ef ekki koma til ístruflanir og þess háttar. Tillit er tekið til þessa í löndum, sem byggja raforkuvinnsluna á gufuafli, með því að hafa vélasamstæður fleiri en beinlínis er nauðsynlegt vegna eftirspurnar eftir raforku, þannig að viss hluti þeirra megi ávallt vera úr rekstri, án þess að til rafmagnsskorts komi. Jarðgufustöðvar eru undir sömu sök seldar og aðrar gufustöðvar að þessu leyti. Auk þess kemur svo til það atriði, að jarðgufustöðvar yrðu staðsettar á svonefndum háhitasvæðum hér á landi, en reynsla er enn þá mjög takmörkuð af vinnslu orku af slíkum svæðum, einkum að því er tekur til endingar borhola og viðhaldskostnaðar þeirra, svo og til öryggis slíkra mannvirkja gagnvart truflunum. Háhitasvæðin eru á gosbelti landsins, þar sem búast má við margháttuðum jarðhræringum, sem enn þá er ekki fengin reynsla um, hvernig verka á mannvirki eins og borholur. Þetta táknar ekki, að jarðgufustöðvar séu dæmdar úr leik til raforkuvinnslu hér á landi, heldur einungis það, að rétt er að fara hér með nokkurri gát.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að raforkuvinnsla gerir miklu strangari kröfur til öryggis orkugjafans en einstök iðjufyrirtæki t. d. Unz meiri reynsla er fengin af vinnslu raforku á hérlendum háhitasvæðum, er það að dómi Orkustofnunar eðlileg varfærni að ætla einu og sama háhitasvæði aðeins tiltölulega lítinn hlut í heildarvinnslu raforku í tilteknu raforkusvæði, t. d. 10—15% eða svo. Með raforkusvæði er hér átt við svæði, er samtengt flutningskerfi fyrir raforku nær um, t. d. Suðvesturland eða Norðurland eftir lagningu línunnar yfir Öxnadalsheiði eða Norðurland og Suðurland eftir lagningu tengilínu þar á milli.

Eðlilegt er að ætla jarðgufuvirkjunum hlut í raforkuvinnslunni í framtíðinni, eftir því sem hagkvæmni þeirra segir til um, borið saman við vatnsaflsstöðvar. En fyrst um sinn er eðlilegt að skipuleggja uppbyggingu raforkukerfisins, tímasetningu einstakra jarðgufustöðva og röð þeirra þannig, að framangreindu skilyrði sé fullnægt. Þetta þýðir m. a., að jarðgufustöð á

Norðurlandi er eðlilegt, að komi eftir tengingu Norður- og Suðurlands. 16 megawatta stöð á Norðurlandi næmi hátt í 40% af öllu rafafli í fjórðungnum, eftir að slík stöð kæmi í rekstur, og það hlutfall verður að teljast hærra en varlegt gæti talizt, miðað við þá takmörkuðu reynslu, sem enn er tiltæk. Á hinn bóginn næmi 55 megawatta stöð á Norðurlandi, sem byggð væri eftir virkjun Sigöldu og eftir samtengingu, ekki nema um 10% af rafafli Norður- og Suðurlands. Hér ber því að sama brunni og áður um gagnsemi samtengingar, að öll skipulagning raforkuvinnslunnar verður mun auðveldari með henni en áður. Eftir því sem okkur er bezt kunnugt, senda jarðgufustöðvar erlendis orku sína alls staðar inn á öflug raforkukerfi, þar sem aðrir orkugjafar eru í miklum meiri hluta.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af svörum hæstv. ráðh. um raforkumál á Norðurlandi. Hann lagði mikla áherzlu á það í öllum svörum sínum við þessum spurningum, að samtenging við Norðurland væri forsendan fyrir þessum virkjunum. Nú veit þingheimur, að ákveðin er Sigölduvirkjun hér á Suðvesturlandi og að sú virkjun framleiðir miklu meiri orku en þörf verður á við núverandi aðstæður á Suðvesturlandi á næstu árum, jafnvel áratugum. Þess vegna er það afarerfitt dæmi að koma saman, hvernig hæstv. ráðh. telur, að forsenda fyrir virkjunum á Norðurlandi sé að tengja þær við svæði, sem framleiðir miklu meiri orku væntanlega en það þarf að nota. Þetta er a. m. k. dæmi, sem ég á afar erfitt með að koma heim og saman, *enda mun ætlunin sú að tengja Norðurland* við Suðvesturland til þess að afla Norðlendingum grunnorku. Og það, sem við Norðlendingar hræðumst í sambandi við það, er, að það verði mjög mikið öryggisleysi í þeirri orkuöflun. Reykjavíkurbúar og þeir, sem búa hér á landsvirkjunarsvæðinu mættu gjarnan hugleiða það, að þeir urðu tvisvar sinnum orkulausir í vetur og hafa þó tvöfalda línu að Búrfelli. Hvað þá um Norðurland, ef það á að byggja algerlega á slíkri orkuöflun?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann furðulega misskilning hv. þm., að Sigölduvirkjunin muni endast ekki aðeins um ár, heldur áratugi. Staðreyndin er sú, að Sigölduvirkjun mun ekki endast okkur nema í tiltölulega fá ár, vegna þess að í tengslum við hana verður komið upp orkufrekum iðnaði, sem mun nýta verulegan hluta af þessari orku, og það er alveg óruggt mál, að við verðum að taka ákvarðanir um næstu stórvirkjun um svipað leyti og Sigölduvirkjun er komin í gagnið. En eins og ég hef margoft lagt áherzlu á hér og ég held að allir skilji, er forsenda þess, að hægt sé að dreifa stórvirkjunum um landið, að raforkukerfin séu samtengd. Vissulega eru því samfara ýmis vandkvæði.

Hv. þm. benti á það, að hér hefði orðið orkuskortur vegna þess, að flutningslínur hafi bilað í óveðrum. Þetta er vandamál, sem við verðum að ná tökum á út frá þeim aðstæðum, sem við búum við í okkar landi. En það er að sjálfsögðu engin ástæða til þess að ætla, að við getum ekki náð tökum á þessu verkefni. Ýmsar þjóðir, sem búa við mjög erfið skilyrði, t. d. Norðmenn í norðurhluta landsins, Kanadamenn, Rússar og aðrir slíkir, hafa leyst það vandamál að koma upp *nægilega sterkum orkuflutningslínum*, til þess að þar sé um mjög viðunandi öryggi að ræða, og slíkt hið sama mun okkur án efa takast. Í því sambandi er vert að minna á það, að einmitt þessa dagana er að taka til starfa n., sem á að kanna orsakir þeirra bilana, sem orðið hafa hér að undanförnu, einmitt í því skyni að hagnýta þá reynslu, þegar lögð verða á ráðin um fyrirkomulag á slíkum orkuflutningslínum eftirleiðis. — En fyrst og fremst kom ég hingað til að leiðrétta þann hrapallega misskilning, að Sigölduvirkjun mundi endast áratugum saman.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. benti á, virðist mér það mjög koma fram í svörum hæstv. iðnrh. við þessum fsp. um raforkumál í Norðurlandi, að hann telur höfuðnauðsyn, að lögð verði fyrst lína frá Sigölduvirkjun norður. Um þetta er ágreiningur á milli okkar ýmissa manna í Norðurlandi og hæstv. ráðh. Við teljum, að það eigi að ráðast í virkjun heima, og leggjum á það höfuðáherzlu. Við vitum það, og þarf ekki að lýsa því, hversu mikils virði virkjun er fyrir það landssvæði, þar sem hún er byggð. Og við teljum, að virkjun fyrir norðan veiti okkur miklu meira öryggi í rafmagnsmálum heldur en línan norður yfir Sprengisand, þó að ekkert verði fullyrt um það, hvernig hún muni reynast. En ég vil leyfa mér að skjóta því fram hér, og hugsa þá til þeirra náttúruhamfara, sem nú eru að gerast í landi okkar, hvort það sé ekki óráðlegt að byggja *allar stórvirkjanir landsins á því svæði, sem* jarðfræðingar nefna eldgosasvæðið. Væri ekki hyggilegt að huga að því að byggja eitthvað af hinum stóru virkjunum utan þessa svæðis?

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég skal aðeins segja örfá orð. Ég vék að þessu atriði um öryggið í svari mínu við fyrstu fsp. Inga Tryggvasonar. Dettifossvirkjun yrði t. d. á sama sprungusvæðinu og Þjórsárvirkjanirnar eru í námunda við. Og ég tel, að við verðum að huga mjög gaumgæfilega að þessu. Það eru til virkjunarstaðir utan þessa sprungusvæðis, til að mynda á Norðurlandi í Blöndu, og þar að auki er svo Austurland, þar sem hægt er að ráðast í mjög stóra virkjun utan þessa svæðis. *Ég tel, eins og ég gat um áðan í svari* mínu, að að þessu verði að huga.

Út af samtengingarmálunum vil ég benda á það, að forsenda þess, að hægt sé að ráðast í stórvirkjanir fyrir norðan, eins og verður að gera, annaðhvort í Blöndu eða Dettifossi, og hvort tveggja, þegar fram líða stundir, er, að um sé að ræða markað fyrir orkuna frá slíkum

virkjunum. Einmitt þess vegna er það hagsmunamál Norðlendinga, að orkusvæðin séu tengd saman.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Erindi mitt upp í ræðustólinn er nú í rauninni aðeins að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið við III. fsp. á þskj. 283. Ég hefði haft tilhneigingu til þess að ræða allmikið um þessi mál, en ég tel, að ekki sé ráðrúm til þess í fsp.-tíma, og geymi mér að ræða þau til betra tækifæris.

Stjórnarskrárnefnd, fsp. (þskj. 300). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 18. maí 1972 var samþ. á Alþ. þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að skipuð skuli 7 manna n. til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Nm. skulu kosnir af Alþ. Forsrh. kveður n. saman til fyrsta fundar, en hún skiptir sjálf með sér verkum. N. ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Hún skal leita álits lagadeildar Háskóla Íslands og hæstaréttar um lögfræðileg efni. Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við n. skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma, sem n. tiltekur. Kostnaður við endurskoðun stjórnarskrárinnar greiðist úr ríkissjóði."

Eins og ég sagði áðan, var þessi ályktun samþ. á Alþ. 18. maí 1972, og n., sem gert er ráð fyrir í þál., var kosin annaðhvort samdægurs eða næsta dag, ef ég man rétt, 7 manna n. Síðan þetta gerðist er nú liðinn alllangur tími eða yfir 9 mánuðir, og þar sem ég var nokkuð riðinn við flutning þessa máls, leikur mér forvitni á að vita, hvað gerzt hefur í málinu, og þá m. a. það, hversu marga fundi stjórnarskrárnefnd hefur haldið og hvernig verki hennar hefur miðað áfram að öðru leyti, hvort hún hefur nú þegar leitað álits þeirra aðila, sem tilgreindir eru í þál., o. s. frv. Jafnframt leikur mér hugur á að vita, hvort líkur mega teljast til þess, að störfum n. miði það vel áfram, að líklegt sé, að hægt verði að leggja frv. til nýrrar lýðveldisstjórnarskrár fyrir Alþ. 1974. En af mörgum, sem um þessi mál hafa fjallað, hefur verið látið í ljós, að æskilegt væri, að á því merkisári yrði eitthvað hægt að gera í stjórnarskrármálinu. Í sambandi við þetta hef ég leyft mér að spyrja hæstv. forsrh., sem þetta mál heyrir undir:

„1. Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar, sem kosin var á Alþ. samkv. þál. 18. maí 1972?

2. Má telja líklegt, að hægt verði að leggja frv. til nýrrar lýðveldisstjórnarskrár fyrir Alþ. 1974?"

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og fram kom í þeirri þál., sem hv. fyrirspyrjandi las, er gert ráð fyrir þeim afskiptum forsrh. einum, að hann kveðji n. saman til fyrsta fundar. Þeirri skyldu fullnægði ég 12. sept. s. l., þá var n. kvödd saman til fundar, og þar skipti hún með sér störfum. Það má segja, að það hafi dregizt óeðlilega lengi að kveðja n. saman til fyrsta fundar, en á því er sú skýring, að mjög torvelt reyndist að finna tíma, þegar allir nm. gætu mætt. Svo fór að lokum, að á þessum fyrsta fundi, sem haldinn var, gátu ekki mætt nema 5 nm. af 7.

Um störf n. síðan er það að segja, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hefur verið aflað ýmissa gagna til undirbúnings starfi n., m. a. frá útlöndum. Frekari upplýsingar get ég ekki gefið um starfsemi n., enda er vafasamt, hver skipti forsrh. á af þessari þingkjörnu n. að hafa, þó að stjórnarskráin heyri undir forsrh.

Þetta er og verður að vera svar mitt við fyrri lið fsp.

En þá er það annar liðurinn, hvort það sé líklegt, að hægt verði að leggja fram frv. til nýrrar lýðveldisstjórnarskrár fyrir Alþ. 1974. Eins og hv. alþm. heyrðu áðan af þeim lestri, sem fram fór á þessari þál., er gert ráð fyrir ákaflega víðtækri tillögugerð margra aðila í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, og ég held, að það hljóti að liggja í augum uppi, að það taki nokkurn tíma að ná þeim till. saman, vinna úr þeim og semja frv. Ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um það, hversu störfum stjórnarskrárnefndar miðar fljótt áfram. En ég verð að telja það mjög ósennilegt, að það verði hægt að leggja fram frv. til nýrrar stjórnarskrár fyrir Alþ. 1974. Ég er ekki í neinum vafa um það, að n. mun kosta kapps um að vinna störf sín svo fljótt sem tök eru á, en á hitt vil ég benda, að það er títt, þar sem slík endurskoðun stjórnarskrár hefur farið fram hjá öðrum þjóðum, að sú endurskoðun hefur tekið mörg ár. Og það verð ég að segja, að meira máli skiptir í mínum augum um þá endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem talað er um, að hún sé gerð eftir nákvæma athugun, heldur en hitt, hversu fljótt er að unnið. Það mun hér á sannast, að nógu fljótt sækist, ef nógu vel sækist.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, en því miður get ég ekki sagt, að ég sé ánægður með þau. Ég verð að lýsa yfir nokkurri undrun minni yfir því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki verða auðið að kalla n. saman fyrr en einum 3 eða 4 mánuðum eftir að hún var kosin, og ef það hefur verið svona erfitt að fá nm. til að mæta, þá held ég, að réttara hefði verið af þeim að gera fyrr aðvart um það, ef þeir gætu yfirleitt ekki mætt í svona n.

Ég hygg, að þessi fsp. sé réttilega beint til hæstv. forsrh., því að undir hann heyrir stjórnarskráin, en vera má, að nm., sem hér eru í þingi, kunni að geta gefið nánari upplýsingar um, hvernig n. hefur starfað. T. d. heyrði ég ekki, að hæstv. ráðh. upplýsti, hve marga fundi n. hefur haldið, en um það spurði ég sérstaklega í framsögurræðu minni.

Það væri e. t. v. ástæða til þess að rifja dálitið upp sögu þessa máls í sambandi við þessa fsp. og í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að það þyrfti langan tíma og þyrfti að vanda vel

til endurskoðunar stjórnarskrárinnar, og það er alveg rétt. En hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þetta er ekki í fyrsta sinn, sem hafizt er handa um að endurskoða stjórnarskrána. Stjórnarskrárnefnd var sett hér á laggirnar 1945 og aftur 1947, og þessar n. störfuðu árum saman, en enginn árangur varð af störfum þeirra. Nú var á það bent af mér og fleirum, sem stóðu að flutningi þessa máls á sínum tíma, að það virðist svo, að í hvert sinn, sem hafizt er handa um stjórnarskrárendurskoðun, leggi þingflokkarnir sína dauðu hönd á verkið. Og það, sem gerðist á síðasta þingi, var sannarlega athyglisvert. Till. tvær, sem fram voru bornar um endurskoðunina, gerðu ráð fyrir því, að þessi n. yrði blönduð, þannig að aðeins hluti af n. yrði skipaður hér á Alþ. af þingflokkunum og að öðru leyti yrði n. skipuð af aðilum utan þings og formaður n. yrði utanþingsmaður. Þetta var með vilja gert, vegna þess að a. m. k. ég fyrir mitt leyti óttaðist, að ef innanþingsmenn, fulltrúar flokkanna, væru einir í þessari n., þá kynni að fara eins og fyrr, að n. yrði sváfð. Og mér sýnist allt útlit fyrir, að svo ætli að fara, að þessi n. verði sváfð í starfi og það gerist sem sé ekki neitt, sagan endurtaki sig frá fyrri tíma, þegar slíkar n. voru skipaðar. Þó að ég óttist þetta, vil ég samt vona, að reyndin verði önnur.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni og furðu á því svari, sem fæst hjá hæstv. forsrh. vegna þeirrar fsp., sem hér er borin fram. Bæði er ég undrandi og furðu lostinn á því, að það skyldi hafa dregizt í 4 mánuði að kalla saman n., og eins hinu, að hæstv. forsrh. skýtur sér undan því að svara raunverulega til um það, hvað áunnizt hefur hjá n. á þeim tíma, sem hún þó hefur starfað. Ég var einn af þeim þm., sem samþykktu þessa þáltill. á síðasta þingi, og ég man ekki betur en það hafi verið mjög einróma samþykkt og í ljós hafi komið mjög almennur áhugi hjá þingheimi á því, að þessi till. næði fram að ganga og eitthvað raunhæft væri nú gert varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þegar svona svör berast og í ljós kemur, eins og hv. fyrirspyrjandi gefur í skyn, að allar líkur séu á því, að verið sé að sváfa þessa n. og störf hennar, þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvað líði almennt framkvæmd á þeim þáltill., sem hér eru samþykktar. Eru þær einasta settar í n. og teknar í hinn stóra sarp, án þess að frekar sé unnið að framkvæmd þeirra?

Hæstv. forsrh. kvaðst litið vita um störf n. og gaf í skyn, að hlutverk hans hefði verið það eitt að koma n. saman, kalla hana saman til fyrsta fundar. En eins og ég sagði áðan, skaut hann sér undan því að svara raunverulega, hvað n. sjálf hefði aðhafzt. Nú kemur þetta mér spánskt fyrir sjónir, vegna þess að ég hef skilið það svo hingað til, að þegar fsp. hefur verið beint til ráðh., þá leiti þeir upplýsinga hjá viðkomandi aðilum um það, hvað fram hafi farið, og það er viðtekin venja hér, að þeir jafnvel vitni beinlínis til þeirra skýrslna og þeirra upplýsinga, sem þeir fá hjá viðkomandi aðilum. (**Forseti:** Hv. þm. hefur lokið ræðutíma sínum.) Já, ég skal ljúka þessu. Ég vil aðeins að lokum af þessu tilefni nota tækifærið og beina fsp. til þeirra nm., sem í þessari n. eiga sæti, hvort þeir séu ekki tilbúnir til að veita frekari upplýsingar, og þá hef ég sérstaklega í huga, að formaður þessarar n. mun vera hæstv. félmrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get ekki fundið, að svarræða mín áðan hafi gefið tilefni til þeirra orða, sem hv. síðasti ræðumaður lét falla. Ég hef játað, að það dróst nokkuð að kalla n. saman. Ég gaf skýringu á því, hvers vegna það var. Ég lagði áherzlu á, að það væri hægt að fá alla til að mæta, en það tókst ekki, og þá fór svo að lokum, að n. var kvödd saman, án þess að allir kæmu á fund.

Auðvitað hef ég aflað mér upplýsinga um, hvað hefur gerzt í n. Ég sagði, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hefði fengið, hefði verið aflað gagna. Frekari upplýsingar hef ég ekki fengið um starf n. Ég skil ekki, hvað þau stóryrði eiga að þýða, sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði hér. Ég vil benda á, að þetta er þingkjörin n. Hver þingflokkur á fulltrúa í henni. Það er hægur hjá fyrir hvern einasta þm., sem vill fá upplýsingar um störf þessarar n., að bera fram fsp. um það í sínum þingflokki og leita upplýsinga hjá þeim fulltrúum, sem af hans hálfu voru kjörnir í n. Það hefði þessi hv. ræðumaður átt að gera.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á síðasta þingi kom fram, að það var einróma álit og ósk alþm., að hafin væri endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í þeirri till., sem samþ. var 18. maí og n. kosin daginn eftir, var hæstv. forsrh. falið að kalla n. saman til fyrsta fundar. Það dróst frá 19. maí, þegar n. var kosin, til 12. sept. Sú skýring hæstv. forsrh., að það hafi verið svo torvelt að ná mönnum saman, er ekki fullnægjandi (Gripið fram í.) Ég skorðist aldrei undan að mæta. Sú afsökun er ekki frambærileg á þingi, að í 4 mánuði hafi ekki verið hægt að ná stjórnarskrárnefndinni, nefnd 7 manna, til fundar. Það má vera, að einhverjar aðrar ástæður, e. t. v. einhverjir erfiðleikar innan stjórnarflokkanna um að ákveða, hver skyldi verða formaður, hafi þarna einhverju ráðið. En hver sem ástæðan hefur verið, er óafsakanlegt að draga í fjóra mánuði að kalla n. saman til fyrsta fundar til þess að skipta með sér verkum. Það gerðist svo loks 12. sept., og þá var hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, kosinn formaður. Á þeim fundi var ákveðið að afla gagna og ritara n. falið að skrifa til útlanda eftir stjórnarskrám, og einhverjar slíkar hafa borizt. En fyrst og fremst var lögð á það áherzla á þessum fundi, að nokkrir fundir yrðu haldnir í n., áður en þing kæmi saman innan nærri mánaðar, til þess að þm. hefðu tíma og tækifæri til þess að sinna nokkuð þessum undirbúningi, og þessir fundir yrðu notaðir til að skipuleggja störfin og skipta verkum með mönnum. Síðan er liðinn 5½ mánuður og ekki einn einasti fundur hefur verið haldinn.

Ég skal ekki segja, hvernig á að skipta ábyrgðinni af þessu milli hæstv. forsrh. og félmrh., en ég vil aðeins segja það, að hér hefur verið af beggja hálfu um ámælisverðan seinagang að ræða.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég hef ekki miklu við þá skýrslu að bæta, sem hæstv. forsrh. gaf hér. N. hélt fund og kaus sér formann og varaformann, og það er upplýst, að ég lenti í formannssætinu. Hv. þm., sem hér talaði og harmaði mjög drátt á störfum n., hv. þm. Gunnar Thoroddsen, 5. þm. Reykv., deilir með mér ábyrgð og þátttöku í forustu n., því að hann er varaformaður hennar. Ég trúi því ekki, að þm. hafi vænzt þess, að stjórnarskrárnefnd lyki störfum á nokkrum mánuðum. Það er satt, hún fer seint og hægt af stað, en þýðir engan veginn, að hún geti ekki tekið sig til að halda tíðari fundi en gert hefur verið á fyrsta sprettinum.

Menn eru búnir að vera nokkuð þolinmóðir í stjórnarskrármálinu, frá því að lýðveldið var stofnað á Íslandi 1944, og hefur ekki bært mjög mikið á eldmóði manna fyrir því að knýja fram samningu á nýrri lýðveldisstjórnarskrá. Þá fóru menn nokkrar reisur til útlanda til að safna stjórnarskrám og gerðu ýmislegt fleira, sem e. t. v., ef gluggað er í þau gögn, getur orðið að þætti í störfum þessarar n. Ég vil a. m. k. vona það.

Það var sem sé rétt áður en þing kom saman, að n. skipti með sér störfum og fór þá að gera ráðstafanir til að safna gögnum, og lengra er störfum ekki komið. Ég held, að þm. verði að búa sig undir það, að meðan þing starfar, verður ekki auðvelt að halda tíða fundi í stjórnarskrárnefnd, í 7 manna n. Hitt er annað mál, að þegar þingstörfum og þingönnum lýkur, verður n. auðvitað að sinna sínu starfi. En eins og bent var á hér áðan, á að senda þetta mál til umsagnar fjöldamargra aðila, og það getur enginn vænzt þess, að þau komi og úr þeim sé unnið á nokkrum vikum eða mánuðum.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. beindi þeim ummælum til hv. þm. Ellerts Schram, að hann hefði átt að bera fram fsp. sína í flokki sínum, en ekki á þinginu. Ég hlýt að taka þetta einnig til mín, og ég vil andmæla því, að það sé eitthvað rangt við það að bera fram fsp. á Alþingi Íslendinga og að menn eigi í þess stað að bera fram fsp. í flokkum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Mér finnst, að þeir menn, sem bera ábyrgð á einhverjum störfum í þjóðfélaginu, eigi líka að standa við þá ábyrgð og ekki reyna að koma henni yfir á aðra, ef deilt er á þá. Ég hafði ekki búizt við því af hæstv. félmrh., formanni stjórnarskrárnefndar, að ætla að reyna að gera mig samábyrgan um seinaganginn í þessu máli. Held ég, að það sé alveg gagnslaust. Hæstv. félmrh. hefur tekið á sig þá ábyrgð og þá skyldu að vera formaður í n. og stýra störfum hennar, og það var gert samkv. uppástungu hæstv. forsrh. Hann ber auðvitað ábyrgð á því, að nefndarfundir hafa ekki verið haldnir og n. hefur ekki starfað að kalla, hún hefur varla tekið til starfa. Ég vil til skýringar einnig taka fram, að ég hef nokkrum sinnum á þessum tíma óskað eftir því við hæstv. félmrh., að hann kallaði n. saman, og einu sinni hef ég gert það opinberlega í blaðagrein, þegar hitt dugði ekki, en allt kemur út á sömu lund. En þegar hæstv. félmrh. segir sér til afsökunar, að meðan þing standi, sé ákaflega erfitt að ná n. saman, þá hefur hæstv. forsrh. hina afsökunina, að þegar þingi var lokið, var í 4 mánuði varla hægt að ná n. saman.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það var nú, þó að ég tali í annað skiptið, frekar til þess að bera af mér sakir, að ég stend hér upp, vegna þess að hæstv. forsrh. þyrsti sig mjög í svari sínu eftir ræðu mína áðan, og vissi ég ekki almennilega, hvernig á þeim hita stóð, vegna þess að ég hafði ekki viðhaft þau stóryrði, sem hann lét í skína, að ég hefði viðhaft. Hins vegar held ég, að ástæðan sé kannske frekar sú, að málið er greinilega viðkvæmt og á því hefur verið slælega haldið, eins og reyndar hefur komið fram í þessum umr. Hins vegar skal ég góðfúslega draga til baka þau orð mín, að hann hafi skotið sér undan því að svara efnislega þessari fsp., vegna þess að það má frekar orða það þannig, sem reyndar hefur komið í ljós, að hann gat ekki svarað þessu öðruvísi, því að ekkert hafði gerzt í n. Þess vegna skal ég draga þau orð mín til baka, að hann hafi skotið sér undan svarinu. En ég vil segja það að lokum, að hæstv. forsrh. sagði í upphaflegu svari sínu, að oft fari svo, að það taki n. mörg ár að skila álitum, og ég held, að það sé ljóst öllum þingheimi, sem á þessar umr. hefur hlustað, að þessi n. mun ekki skila áliti fyrr en eftir mörg ár, ef áfram ríkir það hugarfar og það viðhorf til nefndarstarfa, sem fram hefur komið hjá forráðamönnum.

Þjóðhátíð 1974, fsp. (þskj. 305). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Árið 1967, eða fyrir nærfellt 6 árum, var samþ. hér á hv. Alþ. þáltill. um undirbúning 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974. Þessi ályktun fól m. a. í sér, að kosin var 7 manna n. til að íhuga og gera till. um, með hverjum hætti minnast skyldi afmælisins. Þessi n. hefur starfað allar götur síðan. Í téðri þáltill. er komizt m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal n. heimilt að hefja undirbúningsframkvæmdir þeirra till. varðandi hátíðina, sem við nánari athugun þykir rétt að framkvæma, en aðalákvarðanir hennar skulu bornar undir ríkisstj., áður en framkvæmdir hefjast.“

Ætla má, að þáv. forsrh. hafi sérstaklega haft forgöngu í þessu máli, þ. e. a. s. Bjarni Benediktsson, enda mælti hann fyrir ályktuninni og reifaði ýmsar hugmyndir, sem upp höfðu komið varðandi hátíðahöldin. Drap hann á þjóðarhús á Þingvelli, byggingu þinghúss og/eða stjórnarráðs, vegagerð umhverfis Þingvallasvæðið, ýmiss konar útgáfustarfsemi, svo sem útgáfu Íslandssögu og safnrits, úrvalsrits úr íslenzkum bókmenntum, gerð listamannabúða á Þingvelli og listahátíðir, víkingaskip, gerð eftirlíkingar af sögualdarbæ o. s. frv. Það skal tekið fram, að Bjarni Benediktsson tók ekki

beina afstöðu til einstakra hugmynda, en taldi þær allar verðar nánari íhugunar. Í umr. greindi Bjarni Benediktsson frá því, hvernig hann taldi rétt, að staðið yrði að þessum málum. Hann segir svo í ræðu í Sþ. 18. apríl, með leyfi hæstv. forseta:

„Það getur ekki komið til greina, að n. verði falið ótakmarkað fjárveitingavald eða ákvörðunarvald, hvorki um stórbyggingar á Þingvöllum, um þinghúsbyggingu né neitt slíkt. Þessar ákvarðanir hlýtur Alþ. að taka með fjárveitingum, eftir atvikum samkv. till. ríkisstj., eftir atvikum að eigin frumkvæði, og meðan ég hef um þessi mál að fjalla, samþykki ég ekki, að þar verði ráðizt í neinar slíkar framkvæmdir, sem eðli málsins samkv. heyri undir ríkisstj. og Alþ."

Af þessu er ljóst, að Bjarni Benediktsson hafði í huga, að ríkisstj. bæri allar meiri háttar framkvæmdir vegna afmælisins undir Alþ., enda má segja, að það liggi í hlutarins eðli.

Þar sem n., sem um þessi mál fjallar, hefur nú setið 6 ár á rökstólum, en rúmt ár er til hátíðahaldanna, er ekki úr vegi, að Alþ. fái nokkra vitneskju um það, hvernig þessi mál standa í heild. Þess vegna hef ég borið fram þrjár spurningar til hæstv. forsrh. út af þessu efni, og dylst væntanlega ekki neinum, að þær bera með sér ákveðið viðhorf til þessara mála. Þær eru á þskj. 305 og hljóða svo:

„1. Hverjar eru helztu framkvæmdaáætlanir á prjónunum hjá þjóðhátíðarnefnd sumarið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar?

2. Hversu miklu fé er ætlunin að eyða til hátíðarhaldanna?

3. Væri ekki skynsamlegt að stilla kostnaðinum í hóf og draga úr yfirborðskenndum fagnaði, ekki sízt vegna þeirrar ógæfu, sem jarðeldarnir í Heimaey hafa valdið þjóðinni?"

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, á þetta mál alllanga forsögu. Hann fór aftur til 1967, þegar kosin var sú þjóðhátíðarnefnd, sem nú starfar, og samþ. þál., og ég held, að það sé rétt, af því að svo langt er um liðið, að rifja upp, hvað stendur í þessari þál., sem samþ. var 18. apríl 1967, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela n., sem kosin var hinn 5. maí 1966 til þess að íhuga og gera till. um, með hverjum hætti minnzt skuli 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi, að starfa áfram. Skal n. heimilt að hefja undirbúningsframkvæmdir þeirra till. varðandi hátíðina, sem við nánari athugun þykir rétt að framkvæma, en aðalákvarðanir hennar skulu bornar undir ríkisstj., áður en framkvæmdir hefjast. N. heimilast að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar, og skal greiða kostnað við störf hennar úr ríkissjóði."

Þess er um leið rétt að geta, að þessi n. var upphaflega kosin samkv. þál., sem samþ. var á Alþ. á árinu 1965. Sú n. skilaði skýrslu, og komu fram í þessari skýrslu hennar m. a. þau atriði, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér áðan. Í skýrslunni fólust ábendingar um tiltekin atriði og það verður raunar að skilja samþykkt Alþ., þá hina síðari, svo, að Alþ. hafi í meginatriðum fallizt á þá stefnu, sem fram kom í skýrslu n. á sínum tíma.

Svo að ég víkji nánar að fsp., þá held ég, að 1. liðnum sé bezt svarað, ef ég les kafla úr fundargerð þjóðhátíðarnefndar frá 5. jan. s. l., en það var 45. fundur n. Kaflinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Till. til forsrh. Hátíðahöld. Framkvæmdastjóra þjóðhátíðarnefndar 1974 bárust boð frá forsrh., þar sem hann fór þess á leit við n., að hún gerði grein fyrir því, hvernig hún hefði hugsað sér þjóðhátíðarhöldin, svo að hægt væri að fara að taka efnislega afstöðu til þeirra mála. Indriði skýrði frá því, að í næstu viku mundu hann og formaður ganga á fund forsrh. og leggja fyrir hann till. n. um það, sem hún hefur samþykkt að gera hátíðarárið, ásamt skýrslu um þau verkefni annarra aðila, sem þjóðhátíðarnefnd 1974 hefur veitt stuðning án fjárframlaga. Þjóðhátíð á Þingvöllum dagana 27. og 28. júlí. Héraðshátíðir í júní og júlí um land allt, eins og héraðanefndir ákveða. Reykjavíkurhátíð 3.—5. ágúst. Þjóðarbókhlaða samkv. samþykkt Alþ. Sögualdarbær samkv. samþykkt Alþingis. Íslandssaga í 5 bindum samkv. samþykkt Alþingis. Flateyjarbók, viðhafnarútgáfa Handritastofnunarinnar. 11 frímerki, eitt fyrir hverja öld, útgáfuna annast póstmálastjórnin í samráði við þjóðhátíðarnefnd. Minnispeningur. Þjóðhátíðarmerki samkv. úrslitum í samkeppni. Veggskildir, tvær þriggja skjalda raðir. Hátíðarljóð samkv. auglýstri samkeppni, samkeppni lýkur 1. marz 1973. Tónverk samkv. auglýstri samkeppni, samkeppni lýkur 1. marz 1973. Sýning atvinnuveganna í samvinnu við Reykjavíkurborg, umsjón annast fulltrúar landbúnaðar, sjávarútvegs, iðnaðar, verzlunar og samgangna. Sögusýning, eingöngu á vegum þjóðhátíðarnefndar. Gils Guðmundsson alþm. annast undirbúning hennar."

Síðar er svo í þessari fundargerð greint frá hugmyndum ýmissa annarra aðila, sem hún hefur veitt stuðning án fjárframlaga og ég fer ekki út í.

Það, sem ákveðið hefur verið af því, sem þarna greinir, og samþ. af ríkisstj., er í fyrsta lagi bygging þjóðarbókhlöðu, sem vonandi verður hægt að leggja a. m. k. hornstein að þjóðhátíðarárið. Í öðru lagi útgáfa Íslandssögu, að henni er unnið, og ég vona, að hún geti komið út. Svo eru minni háttar atriði: útgáfa frímerkja og minnispenings og því um líkt, þau hafa einnig verið samþykkt, og ljóða- og tónverkasamkeppni. En um þjóðhátíðarhaldið á Þingvöllum hefur hins vegar ekki verið tekin nein ákvörðun enn í ríkisstj.

2. liður: „Hversu miklu fé er ætlunin að eyða til hátíðarhaldanna?" Ég geri ráð fyrir, að hv. fyrirspyrjandi eigi fyrst og fremst við þjóðhátíðarhaldið á Þingvöllum, og um það eitt get ég gefið svar, vegna þess að hátíðarhöldin í héruðunum er ætlað að verði í höndum héraðanna sjálfra, og það liggur ekki fyrir í mínum höndum nein skýrsla eða áætlun um, hvað þau muni kosta. Í bréfi, sem mér barst 13. þ. m. frá þjóðhátíðarnefnd, er yfirlit og áætlun um gjöld og tekjur af Þingvallahátíð. Ég get ekki

farið að lesa fskj., sem fylgja þar með, en les bara samandregið heildaryfirlit. Kostnaðarliðir samkv. fskj. eru 80 907 500 kr. Tekjuliðir samkv. fskj. 2 eru 73 millj. 400 þús. kr., og ætti tekjuhalli eða mismunur samkv. þessari áætlun að vera 7 507 500 kr. Á sínum tíma var áætlað að sögualdarbærinn mundi kosta 12—13 millj. kr., en aðrir aðilar munu hafa boðizt til að taka þátt í kostnaði við byggingu hans allt að því sem nemur ⅔. En það er eins með sögualdarbæinn, þó að standi í þesari fundargerð, sem ég las áðan, að það væri gert samkv. samþykkt Alþ., þá tel ég, að ríkisstj. hafi ekki enn þá gengið frá því máli. Ég fer ekki út í þá sundurliðun, sem á þessu er hér, en vil geta þess, að til viðbótar við þetta, — og það er höfuðatriði, ef þjóðhátíð ætti að halda á Þingvöllum, — þarf að gera endurbætur á vegum til Þingvalla, og þær endurbætur hefur þjóðhátíðanefnd áætlað um 78 millj. kr. Auk þess þyrfti að koma til lagning vegar frá Leirum svokölluðum um Skógarkot í Vatnsvík, og þjóðhátíðarnefnd áætlar þá vegarlagningu 12 millj. kr., en samkv. áætlun frá vegamálastjóra er nú þessi vegarlagning áætluð talsvert hærri fjárhæð.

Það er skemmst af að segja, að það hafa ekki fengizt fjárveitingar til þjóðhátíðarhaldsins á Þingvöllum og það hafa ekki fengizt fjárveitingar til þessarar vegalagningar, sem ég var að nefna, og það hefur ekki fengizt fjárveiting frá Alþ. til byggingar sögualdarbæjar. En til grundvallar þessum aðgerðum öllum liggur, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, ákvörðun Alþ. Þess vegna hef ég talið þá leið réttasta, áður en ríkisstj. tæki endanlega afstöðu til þessa, að senda þingflokkunum þessar kostnaðaráætlanir, sem fyrir liggja, og spurningu um það, hvort þeir vilji halda fast við fyrri ákvörðun um það, að stefnt skuli að þjóðhátíðarhaldi á Þingvöllum, og enn fremur um það, hvort þeir vilji, að haldið sé fast við þá ákvörðun, að byggður verði sögualdarbær. Ég vænti þess, að þetta bréf hafi þegar borizt til þingflokkanna, en hafi það ekki gert það, mun það a. m. k. berast alveg á næstunni, því að ég hef gengið frá þessu bréfi og skrifað undir það, og ég vona, að þingflokkarnir geti tekið þetta málefni fljótlega fyrir. Eftir að óskir þingflokkanna í þessu efni liggja fyrir, mun ríkisstj. taka þetta mál til endanlegrar ákvörðunar.

Viðvíkjandi 3. liðnum, þá sé ég nú ekki ástæðu til að svara honum sérstaklega. Það skiptir litlu máli í sjálfu sér, hvað ég tel skynsamlegt í þessu efni, og fsp. eru sjálfsagt fyrst og fremst settar fram til þess að fá upplýsingar. En einmitt nú fá a. m. k. þingflokkarnir tækifæri til að láta uppi, hvað þeim þykir skynsamlegast í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ég hygg, að fram hafi komið öll þau meginatriði, sem máli skipta í þessu sambandi. Ég vil enn fremur taka fram, að mér sýnist ætlunin að halda vel og skynsamlega á öllum málum og það sé alveg rétt afstaða hjá hæstv. forsrh. að láta þingflokkum í té kostnaðaráætlanir í sambandi við þetta mál, og þá geta þingflokkarnir tekið endanlega afstöðu til þessara mála.

Ég sé ekki neina ástæðu til þess að fara að bollaleggja um þessi mál á þessu stigi málsins, af því að þetta er allt í athugun, og læt því þetta nægja að sinni. Ég vil þó ekki láta hjá líða að segja það sem skoðun mína, að hugmynd eins og sú að byggja eftirlíkingu af sögualdarbæ er ekki aðlaðandi. Varðandi þjóðhátíðarhaldið á Þingvöllum tel ég ekki mikinn ávinning að stefna öllu landsfólkinu á Þingvöll, því að ég hygg, að miklu fremur ætti hvert einstakt byggðarlag að standa að hátíðinni með ýmsum tilbrigðum og reyna þannig að gera þetta að verulegri einingu í byggðarlögunum, en ekki að einhverju stórmóti á Þingvöllum með öllum þeim vandræðum, sem slíku stefnumóti hlýtur að fylgja.

Hafnargerð í Dyrhólaey, fsp. (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Eins og hv. þm. vita, hefur hafnarmálunum við Dyrhólaey verið marghreyft hér á Alþ., bæði í formi þáltill. og fsp. Þess er skemmst að minnast, að á síðasta þingi flutti Einar Oddsson sýslumaður þáltill. um rannsókn á hafnarstæði í Dyrhólaey og fylgdi henni úr hlaði með ítarlegri og skilmerkilegri ræðu, þar sem hann rakti þingsögu málsins og vék að helztu rökum, sem hníga til þess, að gerð sé gangskör að hafnargerð við Dyrhólaey. Munu þm. flestum svo kunn þessi rök, að ég tel ástæðulaust að fara út í þau nánar, enda gefst enginn tími til slíks. Ég vil þó geta þess, að þáltill. Einars Oddssonar dagaði uppi eins og allar aðrar till. varðandi þetta mannvirki.

Ingólfur Jónsson, fyrrv. samgrh., ritaði hafnamálastjóra bréf 5. febr. 1971, þar sem kemur fram, að rn. hans leggur áherzlu á, að athugun á hafnarstæði við Dyrhólaey og kostnaði við hafnargerð þar verði haldið áfram og lokið svo fljótt sem unnt er og ef mögulegt er n. k. haust. Ljóst er, að að þessum málum hefur verið unnið fremur slælega, en Einar getur þess, að till. hans virðist hafa haft góð áhrif á vitamálaskrifstofuna. „Mér hefur verið tjáð," segir Einar í ræðu í Sþ. 30. nóv. s. l., „að þar sé nú unnið af krafti að frumskýrslu um málið, þar sem dregnar verði fram þær staðreyndir, sem fyrir hendi eru, síðan er vist ætlunin að gera lauslega kostnaðaráætlun."

Það skal tekið fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að þessar fsp., sem ég hef borið fram, koma ekki fram í því skyni að vega á einhvern hátt að tilveru Vestmannaeyjakaupstaðar, síður en svo. Það er stefna Alþ. að reyna með öllum tiltækum ráðum að tryggja byggð í Eyjum, og þeirri stefnu er ég algerlega sammála. En það segir sig sjálft, að höfn við Dyrhólaey yrði veruleg samgöngubót við Eyjar, og hinn væntanlegi hringvegur drægi ekki úr þeirri staðreynd. En hvort sem Eyjar

leggjast í eyði eða ekki, virðist höfuðnauðsyn, að ráðamenn þjóðarinnar snúi sér af krafti að því að láta kanna rækilega öll skilyrði til hafnargerðar við Dyrhólaey og geri þar kostnaðaráætlun. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh. á þskj. 318:

„1. Hversu miðar rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey? Liggja fyrir nokkrar bráðabirgðaniðurstöður?

2. Er áformað að hefja framkvæmdir í nánustu framtíð?"

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Um það er spurt í fyrsta lagi, hversu miði rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey og hvort nokkrar bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir. Já, það hefur miðað nokkuð við rannsóknir þessar, og skýrsla sú, sem ég er með hér í höndum, allmikil bók, fjallar um þær niðurstöður, sem þessar rannsóknir hafa leitt til.

Í öðru lagi er spurt, hvort áformað sé að hefja framkvæmdir í nánustu framtíð. Það mun ekki fara fram hjá neinum, hvorki hv. fyrirspyrjanda né öðrum hv. alþm., þegar ákvarðanir verða teknar um framkvæmdir varðandi það að byggja höfn við Dyrhólaey, því að það er mannvirki, sem áreiðanlega fer ekki fram hjá fjárveitingavaldinu, og er hér um að ræða kostnaðarupphæðir, sem nema a. m. k. milljörðum kr., þúsundum millj. kr. Ég gæti í raun og veru látið alveg nægja sem svar við þessari fsp. — og þættist þá gera henni full skil — að benda hv. fyrirspyrjanda á hina miklu skýrslu, sem hér er og hefur verið á sínum tíma send skrifstofu Alþingis í þremur eintökum og vitamálaskrifstofan hefur nokkur eintök af. En ég skal játa, að skýrslan er ekki í svo stóru upplagi, að unnt sé að láta öllum þm. hana í té, enda er þetta nokkuð dýr skýrsla, hvert eintak kostar allnokkurt fé. En allir þm. Sunnl. hafa fengið skýrsluna í hendur, og einnig voru á sínum tíma nokkur eintök send bæjarstjórn Vestmannaeyja. Þó held ég rétt vegna annarra þm. að upplýsa nokkur atriði úr inngangsgrg. þessarar miklu skýrslu.

Þá er í fyrsta lagi bréf, sem vitamálastjóri lét fylgja til mín, þegar hann afhenti þessa skýrslu á s. l. hausti, en hann mun hafa gengið frá skýrslunni 20. sept. s. l. haust. Í þessu bréfi segir m. a.:

„22. marz 1956 var samþ. á Alþ. þál. um rannsókn á gerð fiskihafnar við Dyrhólaós. Þann 8. febr. 1961 var síðan samþ. á Alþ. þál., þar sem ríkisstj. var falið að láta fara fram rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu. Samgrn. fól mér" — þ. e. a. s. vita- og hafnamálastjóra — „að annast framkvæmd þessara athuguna, og hefur síðan verið að þeim unnið af starfsliði Hafnamálastofnunarinnar. Rn. hefur fylgzt með gangi málanna. Hin fyrstu ár var safnað grunnupplýsingum og gerðar frumathuganir. S. l. tvö ár hefur hins vegar verið unnið að gerð lokaskýrslu þeirrar, sem hér fylgir og byggir á áðurnefndum frumgögnum og forsendum, sem Hafnamálastofnunin hefur talið réttastar. Í skýrslunni er gerð grein fyir athugunum og forsendum á sem breiðustum grundvelli og þeim niðurstöðum, sem meginmáli skipta á þessu stigi, áður en frekari ákvarðanir eru teknar um hafnargerðina. Gerðar hafa verið tvær till. að höfn við Dyrhólaey ásamt kostnaðaráætlunum með það fyrir augum, að þær áætlanir verði notaðar við samanburð valkosta. Till. ber því eigi að skoða sem endanlegar hvað varðar gerð og legu hafnarinnar, heldur sem líklegar lausnir, og þá fyrst og fremst stefnt að því, að raunhæfar kostnaðartölur fáist. Of margar af forsendum í félagslegu tilliti skortir, svo að hægt sé að gera raunhæfa mynd af þörf fyrir höfn eða einstök hafnarmannvirki á svæðinu. Skýrslan er hugsuð sem einn þáttur, þ. e. a. s. verkfræðiþátturinn, í væntanlegri heildarathugun, sem leiðir til ákvörðunar um framvindu þessa máls.

Allra virðingarfyllst,
Aðalsteinn Júlíusson."

Um tilganginn með starfinu segir vitamálastjórinn m. a. þetta:

„Áhugi hefur lengi verið fyrir byggingu hafnar við Dyrhólaey og hugmyndir uppi þar um allt frá því um aldamót. Landið við Dyrhólaey liggur vel við einum beztu sveitum landsins, og fengsæl fiskimið eru skammt undan. Erfið hafnarskilyrði hafa hins vegar komið í veg fyrir, að hafizt yrði handa um hafnargerð. Áður en mikil vinna er lögð í athuganir og rannsóknir og útreikninga vegna lokahönnunar hafnar við Dyrhólaey, er rétt, að tekin sé ákvörðun um, hvort hafnargerðin komi yfirleitt til greina nú vegna erfiðra aðstæðna og mikils kostnaðar. Ef bygging hafnarinnar verður talin möguleg, þarf nokkurra ára rannsóknir og undirbúningsvinnu, áður en að lokahönnun hafnarinnar verður komið. Megintilgangur þessarar skýrslu er að auðvelda valdhöfum að taka ákvarðanir um framgang þessa máls með því að upplýsa um tæknilega og kostnaðarlega hlið hafnargerðar við Dyrhólaey.

Með nútímatækni er hægt að byggja örugga höfn við Dyrhólaey fyrir vöruflutninga- og fiskiskip. Miðað er við, að höfnin sé alltaf fær til inn- og útsiglingar fyrir skip allt að 6 þús. rúmlestir, brúttótonn, nema í aftökum fáeina daga á ári, og að öruggt lægi sé í höfninni í öllum veðrum. Hafnargerð við Dyrhólaey er hins vegar mjög örðug viðfangs. Hafrót er mikið við ströndina, og ölduhæð er með því mesta, sem gerist hér við land, þar sem hafnir hafa verið byggðar. Stormað eru tíðir. Mikill sandburður er meðfram ströndinni, sem breytt getur siglingaleiðum á grunnsævi skyndilega. Vegna hafróts og sandburðar verða ytri garðarnir, hinir eiginlegu brim- og sandvarnargarðar, að ná út á mikið dýpi, ella brotnar aldan í og framan við hafnarmynnið. Sigling inn og út yrði þá oft ófær, auk þess sem mikill sandburður yrði við hafnarmynnið, sem kosta mundi þrotlausar dýpkanir. Áætlað er, að hafnarmynnið verði á um 12 metra dýpi miðað við meðalstórstraumsfjöru. Stór ytri höfn er auk þess

nauðsynleg, svo að hafaldan nái að deyfast þar það mikið, að nægileg kyrrð skapist við hafnarbakka í innri hafnarkvíum."

Ég hleyp hér yfir langan kafla, en þar er minnt á, að þessar áætlanir báðar um höfn vestan Dyrhólaeyjar og austan Dyrhólaeyjar eru, miðað við verðlag 1972, eitthvað á 3. milljarð kr., eitthvað milli 2 og 3 þús. millj. kr. Bið ég menn að hugleiða í sambandi við það, að brúttófjárframlög til allra hafna á Íslandi eru nú aðeins 10. hluti þess eða um 200 millj. kr., svo að hér er óneitanlega um stórt mannvirki að ræða á íslenzkan mælikvarða. Til þess að lýsa aðstöðunni segir þarna til viðbótar því, sem ég nú hef lesið:

„Við Dyrhólaey er við hrikaöfl náttúrunnar að etja, og allar breytingar á eðlilegu jafnvægi geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef ekki er farið að öllu með gát. Færi svo, að hafnargerð yrði ekki hafin á næstunni, hafa þær athuganir og rannsóknir, sem gerðar hafa verið og gerðar verða, samt mikið gildi fyrir landið, bæði frá hagrænu og vísindalegu sjónarmiði, þar sem þær eiga ekki aðeins við Dyrhólaeyjarsvæðið, heldur meginhluta suðurstrandarinnar."

Enn segir svo í inngangsorðum vitamálastjórans:

„Ýmsar athuganir og rannsóknir hafa verið gerðar á síðustu 20 árum á hafnarskilyrðum, einkum við Dyrhólaey. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þessum rannsóknum og tæknilegum forsendum hafnargerðar þar og byggingarkostnaði fiski- og vöruhafnar, sem þjónað gæti fiskiskipaflota, er gerður væri út frá ca 2000 manna byggðarlagi, og annað eðlilegri flutningaþörf nágrannasveita."

Ég held, að það sé eðlilegast, að þeir hv. alþm., sem hafa sérstakan áhuga á að kynna sér þessa ítarlegu og miklu skýrslu, — sem mikið starf liggur á bak við óneitanlega, einkanlega á síðustu tveimur árum, — þeir fái eintak af skýrslunni. Eins og ég áðan sagði, hafa þm. Sunnl. fengið þessa skýrslu í hendur, og bæjaryfirvöld Vestmannaeyja fengu hana á sínum tíma líka, en aðrir þm., fyrirspyrjandi og aðrir, sem áhuga hafa á málinu, munu geta fengið a. m. k. nokkur eintök af þessari ítarlegu skýrslu á skrifstofu vita- og hafnamálastjóra.

Þetta er það, sem ég tel ástæðu til að segja nú varðandi það, sem spurt var um höfn við Dyrhólaey.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Því miður verð ég að segja það, að lítið kom fram í þeim, en hæstv. ráðh. er það ekki láandi, því að málin standa þannig, að það er erfitt að taka á þessu flókna vandamáli. Þessi mikla skýrsla frá hafna- og vitamálaskrifstofunni, sem liggur fyrir, er sjálfsagt athyglisverð, og hafði ég hugboð um hana. Það virðist hafa legið alllengi á þessari skrifstofu nokkur tregða til að taka föstum tökum á þessu máli. Og ég vil sérstaklega vekja athygli þingheims og þá hæstv. félmrh. á því, að skömmu síðar en skýrsla sú, sem hann minntist á, kom út, birtist einnig önnur skýrsla eftir Pálma Jóhannesson verkfræðing, sem heitir Athugasemdir við verkfræðilega skýrslu vita- og hafnamálaskrifstofunnar um hafnarframkvæmdir við Dyrhólaey. Pálmi Jóhannesson verkfræðingur hefur kannað þessi mál ítarlegar en aðrir þeir, sem nú vinna á þessari fyrrgreindu skrifstofu, og dregur hann í efa ýmsar meginniðurstöður, sem hæstv. félmrh. minntist á, bæði hvað varðar kostnað og ýmis önnur veigamikil atriði. Ég vil aðeins benda á það, að á bls. 21 í þessari skýrslu er birt niðurstaða. Þar er t. d. gert ráð fyrir, að kostnaðurinn sé 1.5 milljarður ísl. kr., en ekki á 3. milljarð. Það er gert ráð fyrir, að höfnin sé byggð í áföngum, og ýmiss konar meginatriði eru þar tekin fram, sem stangast mjög á við niðurstöður þeirrar skýrslu, sem hæstv. félmrh. minntist á. Ég vil líka minna á, að það er til rækileg ritgerð eftir Sigurbjart Jóhannesson, sem er félagsleg byggðarannsókn á Mýrdalnum, og þær forsendur, sem þar liggja fyrir um gerð hafnarinnar. Ég tel, að þetta séu svo veigamiklar skýrslur, að ekki sé unnt að einblína á skýrslu embættismannanna. Ég hef lesið þessi gögn eftir beztu getu, og ég vil leggja eindregið að hæstv. félmrh. að skipa n. sérfræðinga, verkfræðinga og annarra, og reyna að taka þessi mál föstum tökum. Það er óþolandi að velkjast með svona stórmál annars vegar milli tregra embættismanna á vita- og hafnamálaskrifstofu og hins vegar djarfhuga verkfræðinga og heimamanna, sem vilja, að þetta mál sé tekið föstum tökum, en allt stendur fast. Ég held, að það væri afskaplega nauðsynlegt að gera einu sinni rækilegan skurk í þessu máli og eins og ég segi fá n. þar til hæfra manna til þess að setjast niður og gera áætlun, sem menn geta þó a. m. k. dregið þær ályktanir af, hvernig eigi að halda málinu áfram. Mér sýnist málið velkjast ár eftir ár og ekkert sé gert raunhæft í því. Ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. samgrh. taki nú af skarið um þetta efni, því að mér sýnist, að ekkert muni geta gerzt í þessu máli, nema hæstv. samgrh. láti að sér kveða.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það, að mér var kunnugt um þau gögn, sem hv. fyrirspyrjandi gat hér um. Gott væri, ef rétt reyndist, að hægt væri að byggja höfn við Dyrhólaey fyrir minna fé en vita- og hafnamálastjórnin kemst að niðurstöðu um eftir allmiklar vísindalegar rannsóknir á aðstöðu þarna. En oftast nær hefur viljað fara svo, að þegar til framkvæmda hefur komið, hafa verkin farið fram úr þeim áætlunum, sem sérfræðingar ríkisvaldsins hafa gert, og frekar óttast ég það, að kostnaður við slíka hafnargerð, sem þarna er um rætt, mundi fara nær 3. milljarðinum heldur en 2. Ég er afskaplega hræddur um það. En það er ekki á mínu valdi að taka af skarið, sem ég vildi gjarnan gera, því að nú blasa þessi mál sérstaklega við í nýju ljósi, og það er full ástæða til að kanna af fyllstu alvöru alla hafnarmöguleika suðurstrandarinnar, eins og nú standa sakir. En það er áreiðanlegt, að þegar um er

að ræða 2—3 milljarða mannvirki, verður að koma til kasta Alþ., — fjárveitingavaldsins, Alþ. í heild, — til þess að ákveða, hvað gera skuli í slíkum efnum. Það gera ráðh. ekki upp á sitt eindæmi, hvorki ég né aðrir. En hér er skýrslan.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 27. febr., að loknum 50. fundi.

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 323). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskeldi í sjó, þáltill. (þskj. 126). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Íbúðarlán úr Byggingarsjóði ríkisins, þáltill. (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Félagsheimili, þáltill. (þskj. 204). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulag innflutningsverzlunar, þáltill. (þskj. 307). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður vöruflutninga, þáltill. (þskj. 153). — Fyrri umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem ég flyt ásamt Sverri Hermannssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Halldóri Blöndal um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga, er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til, að kosin verði 5 manna mþn. til þess að semja frv. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga, sem hafi þann tilgang, að verð á allri vöru verði það sama á öllum stöðum, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til. Í öðru lagi á þessi sama n. að kynna sér skipulag vöruflutninga á sjó, á landi og í lofti og gera till. um bætt skipulag þeirra, og skal sérstaklega í því sambandi gera breytingu á tilhögun ferða frá helztu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna víðs vegar um landið.

Það fer ekki á milli mála, hvað átt er við með þessari till., en það er í stuttu máli það að jafna verð á vöru til landsmanna allra, hvar sem þeir eru búsettir, og afnema það ranglæti, sem verið hefur og er, að þeir, sem úti um land búa, verða að kaupa nauðsynjavörur sínar mun hærra verði en fólk hér í þéttbýlinu, en þó með nokkrum undantekningum.

Áður en ég geri verðjöfnunarsjóðsmálið að umræðuefni, vil ég fara nokkrum orðum um ástand vöruflutninga almennt og þá fyrst og fremst um þann þátt flutninganna, sem er mikilvægastur fyrir okkur Íslendinga og þá ekki síður fyrir landsbyggðina, en það eru sjóflutningarnir. Um þá er það að segja, að skipaferðir Eimskipafélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Hafskips eru mjög stopular og fólk getur ekki við það unað, auk þess sem dregið hefur verið úr þjónustu þessara aðila við strjálbýlið. Þannig var sú regla í gildi fyrir nokkrum árum, að skipafélög, sem fluttu vörur til landsins, voru skylduð til þess af hendi verðlagsyfirvalda að flytja tilteknar þungavörur til hafna úti um land án aukagjalds fyrir umhleðslu þeirra í Reykjavík og flutning þeirra frá Reykjavík til hafna úti um land. Frá árinu 1968 ákváðu skipafélögin að skjóta sér undan þessari kvöð. En fyrir mjög ákveðin viðbrögð manna víðs vegar um landið fékkst þó sú lagfæring gerð, að Eimskipafélag Íslands og Hafskip h/f viðurkenndu fáeinar hafnir á landinu sem innflutningshafnir, Eimskipafélagið þó með þeim fyrirvara, að vörur til þessara tilteknu hafna væru lestaðar í ákveðnum höfnum erlendis og í fyrir fram ákveðið skip. Slíkum tilfæringum fylgir í mörgum tilfellum verulegur kostnaður við flutning varningsins frá seljendum til hinna tilskildu útflutningshafna, svo að ávinningur verður minni en ella og í sumum tilvikum enginn, og leiðir auk þess til óþarfa gjaldeyriseyðslu. Þó munu skipafélögin yfirleitt vera fús til þess að sigla skipum sínum til hafna úti um land án aukagjalds, sé lestunar- eða losunarmagn a. m. k. 50 tonn í hverri viðkomu. Þessi tilslökun nýtist þó ekki nema að takmörkuðu leyti, þar sem lágmarksmagnið, 50 tonn, er ofviða hinum smærri sveitarfélögum, sem hafa ekki bolmagn til að flytja svo mikið vörumagn inn erlendis frá í einu.

Ég fullyrði, að fyrir síðustu heimsstyrjöld voru vöruflutningar til landsbyggðarinnar frá viðskiptaborgum Íslendinga erlendis mun betri en þeir eru nú í dag, og að þessu leyti hefur orðið gífurleg afturför í samgöngum til landsbyggðarinnar. Hins vegar má segja, að ferðunum í heild hafi verulega fjölgað, vegna þess að frystiskipin og önnur verzlunarskip sækja umyrðalaust útflutningsvörur landsmanna á hinar ýmsu hafnir, eftir því sem þörf krefur. En á sama tíma og það gerist, er þeim, sem

vilja flytja inn vörur með þessum skipum, ekki gefinn kostur á því, því að þau sigla ekki eftir áætlun, heldur eftir því, hvaða ákvarðanir eru teknar um flutning á útflutningsvörunum hverju sinni. Það má líka benda á í þessu sambandi, að hinar strjálu ferðir gera þjónustu verzlunar- og viðskiptafyrirtækja út um landið miklu dýrari og erfiðari í framkvæmd heldur en ef ferðir væru örari, og má t. d. nefna það, að verzlanir úti um landið verða að kaupa mun meira magn inn í einu, á sama tíma og verzlanir hér í þéttbýlinu geta birgt sig upp aðeins til nokkurra daga, því að þær geta sótt vörur í heildsölu nokkurn veginn eftir því sem þær seljast. Þessu er allt öðruvísi varið víða úti um land. Þar verður því aðstaða til verzlunar og viðskipta mun erfiðari og mun dýrari. Þetta hefur farið versnandi á síðustu árum og þó alveg sérstaklega s. l. ár. Þá virðist mér, að ferðir með vörur séu alltaf að verða strjálli, vegna þess að ekkert er gert til þess að beita hagkvæmni í vöruflutningum. Og ég vil ekki láta hjá líða að nefna, að skipafyrirtæki, sem landsbyggðin á mest undir og er auðvitað til vegna landsbyggðarinnar, Skipaútgerð ríkisins, heldur uppi ákaflega óhagkvæmum ferðum, hinum svokölluðu hringferðum. Flutningar Skipaútgerðarinnar á vörum eru fyrst og fremst til Austfjarða, Vestfjarða og Norðausturlands. En þar er haldið uppi hringferðum árið um kring, sem ég tel, að sé mjög til óhagræðis fyrir þessa landshluta og ætti fyrir löngu að vera horfið frá, því að Norðurland skiptir svo sáralítið við Skipaútgerðina á síðustu árum, vegna þess að vöruflutningar til Norðurlands eru að verulegu leyti með bifreiðum, að nokkru leyti í lofti, og beztu ferðir frá útlöndum eða viðskiptaborgum okkar erlendis út á landsbyggðina eru eðlilega til Akureyrar, sem er stærsti kaupstaðurinn úti á landsbyggðinni.

Mér þykir rétt að geta þess einnig, að fyrir það, hvað ferðir erlendis frá eru strjálar, verður sífellt meiri flutningur, sem er skipað upp hér í Reykjavík og fluttur þaðan út um landið. Til þess að gefa þm. nokkurt yfirlit yfir, hvað þetta er gífurlegur kostnaður, hefur verið tekinn hér upp og við flm. létum prenta með þessu þskj. til upplýsinga kostnað við flutninga á hveiti, rúgmjöli og strásykri til Ísafjarðar, og sést þar t. d., að kostnaður við að flytja eitt tonn af strásykri frá Reykjavík til Ísafjarðar er kr. 2545.80. Þetta er margbreytilegur kostnaður, margir liðir. Það er útskipun í Reykjavík, vörugjöld í Reykjavík, flutningsgjöld Reykjavík-Ísafjörður, uppskipun á Ísafirði, vörugjöld á Ísafirði, heimflutningur á Ísafirði, vátryggingarkostnaður. Síðan þessi tafla er gerð, hafa hækkanir orðið á flutningsgjöldum um því sem næst 20%, svo að þessi upphæð, sem ég nefndi, er nú komin í 3000 kr. á tonn. Má því segja, að hér sé um verulega háan og mikinn skatt að ræða. Þá skulum við snúa okkur að því, hvaða áhrif þetta hefur á söluverð vöru, miðað við sama tíma eða um það bil, sem við lögðum þessa þáltill. fram. Þá var verð á strásykri 30% hærra úti á landi heldur en hér í Reykjavík, miðað við heildsöluverð. Á hveiti, rúgmjöli, hafragrjónum voru það einnig um 30%. Á ýmsum öðrum vörum, eins og niðursoðnum og þurrkuðum ávöxtum, var það allt upp í 42.9% miðað við heildsöluverð þessarar vöru. Aðrar flutningsleiðir eru með bifreiðum allt árið um kring hér í nágrenni Reykjavíkur og um Suðurland og svo til Akureyrar, þegar vegir eru færir, en hins vegar má segja, að flutningar á bifreiðum til meginhluta Vestfjarða og Austfjarða séu ekki nema yfir sumarmánuðina. Samkv. þeim töxtum, sem í gildi voru á s. l. sumri, kostaði 4500 kr. að flytja tonn af vöru á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, 2900 kr. á milli Reykjavíkur og Akureyrar, 5500 kr. á milli Reykjavíkur og Egilsstaða og 2208 kr. á milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal. Flutningstaxtar Flugfélags Íslands eru líka háir. Þeir voru á s. l. ári 5 þús. kr. á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og Reykjavíkur og Akureyrar, en 6500 kr. á milli Reykjavíkur og Egilsstaða og 4 þús. kr. á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. En í þessum tölum eru ekki talin með afgreiðslugjöld, en þau námu 500 kr. á tonn. Af þessu er mjög vel ljóst, að aðstöðumunur strjálbýlis og þéttbýlis er mjög mikill, og úr þessu þarf að bæta.

Nú skulum við ekki loka augunum fyrir því, að nokkuð hefur áunnizt í þessum efnum á liðnum árum, og stærsti sigurinn, sem vannst í þessu, var, þegar lögfest var verðjöfnun á benzíni og olíu á árinu 1953, en það hafði verið baráttumál landsbyggðarmanna í mörg ár, sem Alþ. loks viðurkenndi 1953 með setningu þeirra laga. Það má líka benda á það, að áfengi, sem ríkið selur, er selt á sama verði frá útsölu, hvar sem er á landinu. Á árinu 1950 var ákveðið, að hámarksverð á tóbaki í smásölu skuli vera sama, hvar sem var á landinu. Þá hefur einnig verið tekið upp verðjöfnunargjald á áburði og sementi, en þetta hefur auðvitað haft mikið gildi til að jafna aðstöðumuninn, en við teljum, að lengra þurfi að ganga.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan minna á það, að verð á velflestum landbúnaðarafurðum er það sama, hvar sem er á landinu, og ég veit ekki betur en bændasamtökin eða framleiðsluráð landbúnaðarins hafi viðurkennt það, reiknað með því í landbúnaðarverðinu og tekið á sig nokkuð, og neytendur auðvitað að stórum hluta, þannig að vörur, sem eru fluttar úr strjálbýli í þéttbýli, eru seldar á sama verði, hvar sem er á landinu, eins og mjólkin, sem er stór liður. Því spyr ég: Hvers vegna á þá ekki að gilda það sama um vörur, sem eru fluttar úr þéttbýlinu og út í strjálbýlið? Hvers vegna á strjálbýlið eitt að standa undir þeim kostnaði, og hversu lengi á þetta þannig að vera?

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að þetta yrðu ekki alltaf með stofnun verðjöfnunarsjóðs greiðslur til strjálbýlisins. Við höfum lesið það nú á þessum vetri í öllum blöðum hér í Reykjavík, að Reykvíkingar hafa verið í mikilli þörf fyrir fisk og hér hefur ekki fengizt fiskur, nema með höppum og glöppum. Það hefur komið í ljós, að fiskur hefur verið fluttur með bifreiðum norðan úr landi, og hefur verið gífurlegur kostnaður við það fyrir neytendur hér í Reykjavík og gert þessum atvinnurekstri mjög erfitt fyrir. Stofnun verðjöfnunarsjóðs sem

þessa verður alveg jafnt til hagsbóta fyrir Reykvíkinga og þéttbýlið hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þegar á það er hallað, fær það auðvitað bætur úr þessum væntanlega verðjöfnunarsjóði, eins og hugsað er, að landsbyggðin fái fyrir allar þær vörur, sem eru fluttar úr þéttbýlinu út um hinar dreifðu byggðir landsins.

Við flm. þessa máls teljum, að hér sé hreyft mjög sanngjörnu máli, og við vonum, að það komi skriður á það. Ég get ekki látið hjá líða, að geta þess, sem við raunar gerum í grg. fyrir till., að í apríl 1971 var samþ. hér á Alþ. ályktun um að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á vöruflutningum landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra til jöfnunar á flutningskostnaði, eftir því sem við yrði komið. Á s. l. hausti lagði ég fram 4 fsp. til ráðh., hvað liði framkvæmd tilgreindrar ályktunar, og í svörum ráðh. kom fram, að lítið sem ekkert hafði verið gert til þess að undirbúa málið. Ég harma það mjög, að það var ekki gert. En það þýðir ekki að tala um það frekar. Að fengnum þessum upplýsingum töldum við flm. málsins rétt og eðlilegt að flytja málið að nýju og þá nokkuð ákveðnar en áður var, sérstaklega vegna þess, að það hafði verið látið undir höfuð leggjast að undirbúa málið.

Ég taldi það eðlilegt, þegar þessi ályktun var samþykkt, að fela ríkisstj. að gera þessa athugun. Að þessari athugun lokinni átti auðvitað að semja frv. til l. um verðjöfnunarsjóð. Þetta er í raun og veru ákaflega einföld lagasmíð. En það, sem skiptir mestu máli og getur haft mjög mikið að segja, til þess að þessi verðjöfnunarsjóður verði ekki að stórfelldu bákni, þannig að hann íþyngi mjög landsmönnum almennt, er auðvitað, að jafnhliða sé gerbreytt flutningum til landsins frá því, sem nú er. Með því að breyta þeim flutningum á þann veg að flytja alla þungavöru frá útlöndum beint á hinar ýmsu hafnir á landinu þarf ekki að leggja neitt gjald í þennan verðjöfnunarsjóð á þær vörur. Á þetta þarf auðvitað að leggja gífurlega mikla áherzlu í sambandi við undirbúning málsins. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að í fyrsta lagi er í raun og veru ótækt fyrirkomulag í sambandi við áætlunarferðir kaupskipa erlendis frá til hafna úti um land. Það er mjög ófullnægjandi ástand í sambandi við samgöngur á sjó til hinna stjálbýlli héraða, það er sömuleiðis algerlega óviðeigandi ástand, sá flugfloti, sem Flugfélag Íslands hefur til þess að annast vöruflutninga. Við vitum það í landi eins og okkar, þar sem veðrátta er misjöfn, að margir dagar líða svo, að ekki sé hægt að fljúga. En þeagr flogið er daglega, á það að vera alger lágmarkskrafa, að flutningsaðili hafi þann flugflota, að hann anni þeim vöruflutningum, sem til hans koma. En jafnvel þótt flogið sé á hverjum degi, tekur 4—5 daga og oft miklu lengri tíma að koma smápakka á milli landsfjórðunga með þeim flugflota, sem nú er. Ég tel því, að það sé fullkomin ástæða til að kanna til hlítar þessi mál og gera þar breytingar á til þess að greiða fyrir vöruflutningum, því að það ástand, sem nú er ríkjandi í öllum greinum vöruflutninganna, er gersamlega óviðunandi.

Það er fróðlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir þeirri miklu breytingu, sem orðið hefur á íbúafjölda í hinum ýmsu byggðarlögum á landinu, og það er eftirtektarvert, þegar maður vinnur úr manntölum allt frá árinu 1910 á þann veg að fá samanburð eftir núverandi kjördæmaskipun, að 1910 var fjölmennasta kjördæmið á landinu Vestfjarðakjördæmi með 15.71% íbúa. Þá voru Íslendingar 85183 og 13386 voru í Vestfjarðakjördæmi. Annað fjölmennasta kjördæmið var Suðurlandskjördæmi, sem var örlítið fámennara, með 15.56%, og þriðja fjölmennasta kjördæmið var Norðurl. e. með 14.81%. Næst kom þá Reykjavík með 13.62%. En fámennasta kjördæmið var Reykjaneskjördæmið með 7.04%. Þetta var 1910. M. ö. o.: 1910 bjuggu 20.66% Íslendinga í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, eins og það er nú. En í árslok 1971 búa í þessum tveim kjördæmum 58.95% allra Íslendinga, svo að þar er orðin mjög mikil breyting á. Fjölmennasta kjördæmið 1910 er þá orðið ásamt Norðurl. v. fámennasta kjördæmið eða með 4.79% þjóðarinnar. M. ö. o.: fjölmennasta kjördæmið, sem var með 13 386 íbúa, þegar þjóðin var ekki nema rúm 85 þús. er árið 1971 með 9 927 íbúa, þegar íbúatalan er rúmar 207 þús.

Það sjá allir á þessum tölum og auðvitað mörgu öðru, að hér hefur átt sér stað mikil öfugþróun á öllu þessu tímabili, og er tími til þess kominn að taka raunverulega á stjálbýlis- og byggðavandamálunum. Þau verða ekki leyst á einni svipstundu með miklum áætlunargerðum. Það verður að taka þau stig af stigi, taka fyrir ákveðin verkefni hverju sinni. Hér er ekki verið að tala um að stofna til nýrrar skattlagningar, sem ríkissjóður eigi að afla til, heldur aðeins að dreifa þeim kostnaði, sem er fyrir hendi, á alla landsmenn, í staðinn fyrir að láta tiltölulega fáa þjóðfélagsþegna bera þennan kostnað.

Ég vænti þess, að þm. taki þessu máli vel og sú n., sem fær það til meðferðar, afgreiði það á sem skemmstum tíma, það fari að styttast í það, að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að þessari till. verði vísað að lokinni þessari umr. til síðari umr. og hv. fjvn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hlýt að fagna þessum tilllöguflutningi. Hér er hreyft máli, sem ég hef oftar en einu sinni flutt hér á Alþ., og algerlega í samræmi við það, sem ég hef áður flutt þar um. Það hafa fleiri flutt till. um þessi mál á þingum að undanförnu, svo sem hv. þm. Björn Jónsson, og var síðasta till. hans um hliðstæð mál samþ. Ég er ekki alveg viss um það, að till. sjálf sé svo nauðsynleg, þó skal ég reyndar ekkert um það segja. Það liggur fyrir þingvilji í þessu máli með samþykkt þál. frá þingi 1970 um rannsóknir á vandamálum atvinnurekstrar úti á lands-

byggðinni vegna kostnaðar við vöruflutninga, en sú ályktun var þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„Ed. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta sem fyrst fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins, og hvernig helzt megi draga úr þeim vanda eða leysa hann."

Þetta var samþ. í Ed. 25. apríl 1970 eftir þeirri till., sem ég minntist á, sem hv. þm. Björn Jónsson flutti þar í deildinni.

Svo er samþ. hér á Alþ. 5. apríl 1971 önnur till., sem tekur til víðara sviðs um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar. Sú ályktun er þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á vöruflutningum landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra. Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jafnaðar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum, eftir því sem við verður komið."

Þessi ályktun er gerð eftir till., sem ég og fleiri þm. fluttum á því þingi, nálega samhljóða till. að öðru leyti en því, að við lögðum til að kjósa 5 manna mþn. til þess að athuga málið, en ályktunin var um að fela ríkisstj. þessa athugun.

Ég sagði, að e. t. v. væri ekki bein þörf á tillöguflutningnum út af fyrir sig. En þó er það nú svo, — og þess vegna sagði ég e. t. v., — að þegar spurzt var fyrir um þetta mál á þingi fyrr í vetur og ráðh. gaf sín svör, þá þótti mér sem ekki hefði verið nægilega í það gengið að framkvæma þann þingvilja, sem fram kom í nefndum tveimur þál. Þess vegna er e. t. v., þrátt fyrir þennan ótvíræða vilja Alþ., ástæða til þess að árétta hann með flutningi og síðar samþykkt þeirrar till., sem hér liggur nú fyrir til umr.

Það er ástæða til sannarlega að fagna liðveizlu fjögurra hv. þm., þar af 2 úr hópi eldri og reyndari þm., við þetta málefni. Ég álít, að þeir hafi ekki alltaf verið a. m. k. nægilega vel á verði í þessu efni.

Þegar Íslendingar eignuðust millilandaskip á sínum tíma, voru teknar upp siglingar beint frá útlöndum á fjölmargar hafnir á landinu. Þetta stóð í allmörg ár. Mér og mínum jafnöldrum, sem bjuggum við sjávarsíðuna, er það vitanlega í barnsminni, þegar þessi ágætu skip komu inn á hafnir, smáar og stórar, hreint og beint eftir þörfum, færandi varninginn heim beinustu leið frá erlendum verzlunarfyrirtækjum. En þetta breyttist, og það hefur sjálfsagt verið erfitt að koma í veg fyrir það. Síðari heimsstyrjöldin hafði sín áhrif á breyttar ferðir frá útlöndum. Það var tekið að gera stærri innkaup en áður var og menn þóttust að sjálfsögðu ná út úr því meiri hagkvæmni í vöruverði. Þannig innleiddust hér breyttir verzlunarhættir, sem ég skal ekki ræða um, hvaða áhrif hafi haft á þjóðarhag í heild. En tvímælalaust höfðu þessar breytingar óhagkvæm áhrif á hag landsbyggðarinnar út af fyrir sig.

Hvernig var svo við þessum breytingum snúizt? Það er m. a. gert með því að efla skipakost Skipaútgerðar ríkisins, sem var orðinn mjög góður um eitt skeið, þótt snögglega breyttar aðstæður í flutningamálum gerðu það að verkum, að sú uppbygging varð ekki að öllu hagkvæm, þegar árin liðu. Það var hins vegar gert með því að taka upp svokölluð gegnumgangandi vörufarmgjöld. Hvað er það, sem felst í hugtakinu gegnumgangandi vörufarmgjöld? Það er m. a. þetta í fyrsta lagi: Vara, sem skráð er beint á hafnir, hvar sem er á landinu, þegar hún er afgreidd í skip erlendis, þá skyldi með hana fara með sama kostnaði hvert á land sem var, jafnvel þó að byrfti að skipa henni upp hér í Reykjavík og senda hana síðan með strandferðarskipunum á hafnir úti á landi, á hverja einustu höfn, sem þessi skip kæmu á, skyldi hún flutt á sama verði. Í öðru lagi var svo það, að þegar um var að ræða stærri vörusendingar, þá höfðu skipafélögin samninga sín á milli, þannig að þótt vörunni væri skipt í Reykjavík, þá var flutningnum jafnað út og varan flutt á sama verði á hafnir víðs vegar um landið. Í þriðja lagi, og það sýnir, hvað menn vildu ganga langt í þessum efnum, að jafnvel þótt fóðurvöru væri blandað í Reykjavík, var hún einnig flutt út á land án aukakostnaðar hér.

Þessi gegnumgangandi farmgjöld giltu hér frá því um 1930 a. m. k. og fram á síðasta áratug. Þetta hafði þá í raun og veru enn þá meiri þýðingu en sama fyrirkomulag mundi hafa nú, vegna þess að þá var minni iðnaðarframleiðsla í landinu, sem flytja þurfi á milli hafna innanlands og tiltölulega meira innflutt af þeim vörum, sem menn almennt notuðu.

Í grg. hv. flm. með þessari till. segir m. a.: „Á sama tíma og samningar um kaup og kjör og verðlagsuppbætur á laun eru hin sömu hvar sem er á landinu, er tilgangur þessarar till. að gera jafnframt að veruleika það, sem svo margir hafa haft á orði á undanförnum áratugum, að jafna sem mest verð á vöru á þann veg, að það verði hið sama á öllum stöðum, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til. Slík jöfnun flutningskostnaðar er nauðsynlegur áfangi að því marki, að allir landsmenn sitji við sama borð í þessum efnum", segja flm. þessara till. Þetta er hárrétt, og þetta er það, sem leitast var við að gera, svo langt sem það náði, með gegnumgangandi vörufarmgjöldunum, meðan þau voru við lýði. Menn sáu og viðurkenndu í verki að mjög verulegu leyti einmitt það, sem hv. flm. taka fram í sinni grg. Ég veit ekki, hvort menn hafa gert sér þetta ljóst þá. En það eru vissulega sterk rök, sem þarna koma fram, að á sama tíma og fólkinu er mælt sama kaup, sama gjald fyrir sína vinnu um allt land, verður að reyna að jafna aðstöðumun og þá m. a. þann, sem hér er um að ræða. Annars er ekki hugsanlegt, að byggð haldist til lengdar í hinum ýmsu lands-

hlutum, ef þannig hallar á á ótal sviðum. Það er hins vegar ofurlítið villandi, sem ég vitnaði áðan til, þar sem talað er um í grg. með till. að gera það að veruleika, sem svo margir hafa haft á orði á undanförnum áratugum. Ég er ekki að segja, að þetta sé rangt út af fyrir sig. En þetta er ofurlítið villandi. Að nokkru leyti var þetta framkvæmt, sem tillögumenn og við allir, sem fyrir þessum málstað höfðum barizt, t. d. hér á Alþ., stefnum að. Það er alls ekki svo, að það hafi verið óbreytt ástand á undanförnum áratugum í þessum efnum. Ég verð að segja það, að þetta skynsamlega kerfi, sem ég hef minnzt á, var ekki einasta skynsamlegt vegna þess, að það var réttlátt, og það, sem nálgast réttlæti, er auðvitað alltaf skynsamlegt um leið. En þetta var líka mjög hagkvæmt á margan hátt. Þetta kerfi stuðlaði vissulega að aukinni notkun standferðaskipanna, og það stuðlaði aftur á móti að því að hlífa vegakerfinu, sem þá var enn veikara en það er nú. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að okkur ber, eftir því sem hagkvæni frekast leyfir, að hlífa vegakerfinu við þungaflutningum. Þetta voru hvort tveggja alls ekki svo lítil atriði. Alveg sérstaklega var það og er þýðingarmikið að nýta þennan skipakost, strandferðaskipin, því að hann verðum við að hafa. Þótt ekki sé vegna annars en þeirrar aðstöðu, sem hér skapast ævinlega á veturna, þegar engu farartæki er fært á landi, þá verðum við að hafa þennan skipakost, og þá hljótum við að vilja stuðla að því, að hann nýtist sem allra bezt.

En hvað varð svo um þetta kerfi, sem ég var að lýsa? Það er aðeins vikið að þessu í grg. með till. og að framvindu þessara mála á undanförnum áratugum. Þar segir: „Eins og samgöngum við strjálbýlið er nú háttað, fara þær fram loft-, sjó- og landleiðis. Engin raunhæf tilraun hefur þó verið gerð til samvinnu eða samræmdra aðgerða milli þessara þriggja þátta samgöngukerfisins, og af því hefur leitt, að flutningsgjöld eru orðin óbærilega há. Má í því sambandi benda á hærri byggingarkostnað í strjálbýli," segir hér enn í grg., og þá hnykkja flm. aftur á atriði, sem þeir minnast á fyrr, þ. e. sama kaup hvar sem er á landinu. Og þetta er dagsanna. Það hefur engin raunhæf tilraun verið gerð til þess að samræma þessa þætti samgöngumálanna. Eins og ég vék að áðan, þrátt fyrir að þetta hafi oft verið rætt hér á þingi og menn hafi verið hér með tillöguflutning um þetta, þá var ekkert raunhæft í þessu gert. En breytingin, sem verður við tilkomu flugsins kemur ákaflega ört og er mjög afgerandi, þannig að það eitt út af fyrir sig hlaut að kalla á það, að menn reyndu að koma einhverju samræmi á þessa hluti. En þetta var bara ekki gert á 12 ára tímabili viðreisnar. Það var hins vegar gert annað á þessum árum varðandi strandsiglingarnar, því að þær voru lamaðar. Það var ekkert gert til að greiða fyrir því hér í Reykjavík, þar sem var aðalflöskuhálsinn varðandi vöruflutningana, að þeir gætu farið fram með skikkanlegu móti. Og skipin voru seld, áður en önnur skip voru fengin í skarðið, þannig að þessi starfsemi fór meira og minna í rusl á síðustu 10—12 árunum, einmitt á þeim tíma, þegar mest lá á, vegna þess að flugið var orðið afgerandi þáttur. Þetta var ekki gert. En það er annað, sem er gert á þessum tíma, og vil ég nú enn vitna í grg. hv. flm., en þar segir: „Þannig var sú regla í gildi fyrir nokkrum árum, að skipafélög, sem fluttu vörur til landsins, voru skylduð til þess af hendi verðlagsyfirvalda að flytja tilteknar þungavörur til hafna úti um land án aukagjalds fyrir umhleðslu í Reykjavík og flutning þeirra frá Reykjavík til hafna úti um land. Árið 1968 ákváðu skipafélögin að skjóta sér undan þessari kvöð," segir í grg. En þetta er nú a. m. k. ófullkomin lýsing á því, sem þarna hefur gerzt. Ég er ekki svo sögufróður, að ég viti alveg, hvernig framhaldsfragtin varð til, en ég er alls ekki viss um, að hún hafi orðið til fyrir þvingun frá verðlagsyfirvöldum. En hitt veit ég, hvernig hún er afnumin. Það er gert í áföngum. Það er byrjað að takmarka þessa þjónustu árið 1962, síðan er næsta skrefið stigið 1965, og 1968 er framhaldsfragtin afnumin með öllu. Og núna hefur það komið í staðinn eins og hv. 1. flm. lýsti, að Eimskipafélagið flytur innfluttar vörur með sama gjaldi á tilteknar aðalhafnir, sem nú eru í öllum landsfjórðungum, og hins vegar þetta, að Skipadeild Sambandsins er með 50 tonna regluna. Og hvað sem fer út fyrir þennan ramma, þar verður landsbyggðin að greiða viðbótarkostnað að fullu, sem getur þýtt 50% viðbót á flutningskostnað vöru, sem flutt er frá útlöndum. Ég hef alveg ákveðin dæmi í huga um það.

Þetta er sú sorgarsaga, sem gerzt hefur, en flm. till. segja á óvenjulegan hátt með stuttri setningu þannig: „Árið 1968 ákváðu skipafélögin að skjóta sér undan þessari kvöð." Mér finnst full ástæða til þess að spyrja, þegar ég verð var við mikinn áhuga þessara ágætu manna, sem flytja þessa till., hvernig það gat skeð, að við misstum þennan rétt út úr höndunum á okkur smátt og smátt á þeim tíma, sem þessir ágætu þm., a. m. k. tveir þeirra voru hér á Alþ. og studdu ríkisstj. Hvernig getur það gerzt, að þessi réttindi eru látin ganga landsbyggðinni úr greipum á þennan hátt? Þetta er eiginlega merkilegt rannsóknarefni, og það er ekki hægt annað en rifja þetta upp. En þó finnst mér þetta vera algert aukaatriði í málinu, eins og komið er í dag. Meginatriðið er að snúa sér að umbótum á þessu sviði, og þess vegna vil ég fagna þeim skilningi, sem hv. flm. þessarar till. sýna nú á þessu máli, þeir hinir sömu sem a. m. k. létu það viðgangast, að sú verðjöfnun, sem fólst í gegnumgangandi fragtinni, var niður felld, þrátt fyrir að hún væri búin að gilda hér óslitið í meira en þrjá áratugi. Eftir þeim heimildum, sem ég hef, mun hún hafa gilt allt frá því 1930 og lítið breytzt fram að 1962.

Nú verðum við að stefna að því og ganga eftir því, að framkvæmdur verði sá þingvilji, sem áður hefur komið fram í samþykkt þeirra þál., sem ég greindi frá hérna áðan, bæði þál., sem samþ. var fyrir atbeina Björns Jónssonar

o. fl. um sérstaka athugun vegna atvinnuveganna, og þeirrar almennu till., sem ég og fleiri fluttum og einnig var samþykkt sem ályktun Alþ. Till. sú, sem hér er til umr., hnykkir á þessu og greinir nokkru nánar einstök atriði heldur en gert hefur verið í þeim ályktunum, sem hér hafa verið afgreiddar áður. Nú vona ég það að vísu, að hæstv. samgrh. haldi að verki sínum mönnum, sem hann hefur sett til þess að skoða þessi mál, og að þeir vinni betur og meir en þeir hafa þegar gert. En hvað sem því líður, felli ég mig nú, alveg eins og 1970, þegar ég og fleiri lögðum hér fram till. þar um, miklu betur við það, að sett sé þingkjörin n. til þess að athuga þetta mál. Ég er enn þeirrar skoðunar, að með því náum við betur okkar tilgangi. Ég tel, að það séu meiri líkur til þess, að í þingkjörinni n. komi fleiri stjórnarmið fram og að sjónarmið landshlutanna komi betur fram í þingkjörinni n. heldur en í n., sem skipuð er einhliða af stjórnarvöldum. Við höfum áður fengið slíkar n. í samgöngumálum. Það voru settar n. hér til þess að athuga um strandsiglingar fyrir nokkrum árum. Ég man t. d., að það átti enginn Austfirðingur sæti í þeirri n., en Austfirðirnir eru annar sá landshluti, sem mest á annars undir strandsiglingunum. Það voru fengnir til erlendir sérfræðingar, og það er auðvitað oft ágætt að fá þá, en út úr því komu m. a. svo furðulegar till. frá sjónarmiði Austfirðinga sem það að gera Djúpavog, sem er syðsta höfn næst Hornafirði, að umhleðslumiðstöð fyrir siglingar að Austurlandi. Ég felli mig sem sagt mjög vel við þá hugmynd, að nú verði sett þingkjörin nefnd.

Í till. fjórmenninganna koma fram nokkrar ábendingar, og mér virðist fljótt á litið, að þær séu allar skynsamlegar. Þeir leggja til, að stofnaður verði verðjöfnunarsjóður. Ég hef ekki trú á því, að gegnumgangandi vörufarmgjöld verði tekin upp aftur. Þar að auki, eins og ég vék að áðan, þá er það nú miklu meira, sem þarf að flytja frá þéttbýlissvæðum til dreifbýlisins og milli þéttbýliskjarna þannig að þótt þau væru tekin upp aftur, sem mér finnst ósennilegt að þætti aðgengilegt, þá ná þau ekki nema hluta af því, sem hér er stefnt að. Eins og hv. 1. flm. benti hér á, er þetta kerfi, verðjöfnunarsjóður, notað á öðrum vettvangi. Innlenda landbúnaðarframleiðslan er verðjöfnuð í flutningum. Það er ekki ætlazt til þess, að neytandi í Reykjavík borgi meira fyrir þá vöru, sem til hans er send norðan frá Akureyri, heldur en neytandinn á Akureyri gerir. Og þó að það sé kannske ekki eins auðvelt að koma á svona fyrirkomulagi varðandi almenna vöruflutninga og á þessum afmörkuðu sviðum, þá hef ég a. m. k. ekki komið auga á aðra aðferð líklegri til þess að ná þessu marki en einmitt þá, sem hv. tillögumenn stinga upp á. Þeir eru með aðra ábendingu um það, að verðjöfnunin skuli ná til allra viðkomustaða, sem áætlunar ferðir eru til á landi, á sjó og í lofti. Og þetta finnst mér líka skynsamlegt. Ég sé ekki, að við komumst lengra í þessu, og tel það þess vegna skynsamlegt að stefna að þessu marki. Þá er einnig vikið að því að gefa gætur að skipulagi vöruflutninga til landsins, hvort ekki yrði hægt að beina meir en nú er gert vöruflutningum á hafnir úti á landi fram hjá aðalhöfninni hér í Reykjavík. Það er sjálfsagt að mínum dómi að athuga þetta sem allra vandlegast. Hins vegar má búast við því, að menn reki sig á ýmsa erfiðleika, ef á að fara að gera stórbreytingar í þessu efni, vegna breyttrar tilhögunar í innflutningsverzlun frá því, sem var á þeim tíma, sem ég vék að áðan.

Ég skal ekki fjölyrða miklu meira um þetta. Mér finnst sem sagt, að hér beri jólin upp á páskana. Í málefnasamningi ríkisstj. er ákvæði um þetta atriði. Það hafa verið samþ. hér á Alþ. tvær ályktanir um þetta. Það er byrjað að vinna að málinu eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. samgrh. gaf hér í haust, þó að flm., mér og vafalaust fleirum sýnist ekki gengið nógu rösklega að verki. Og loks koma svo hv. flm. till. og leggja fram sinn skerf. Ég held að hæstv. ríkisstj., og hæstv. samgrh. sérstaklega, hljóti að taka þessum tillöguflutningi afar vel. Ég sé ekki annað en sá áhugi, sem þessir hv. þm., sem flytja þessa till. núna, sýna þessu máli, verki eins og vorregn á nýplægða jörð, sem lengi hefur verið í vanhirðu, en byrjað er að vinna og raunar búið að sá í, og ég vænti þess, að þessum stuðningi verði tekið með þökkum.

Það er ekki hægt að neita því, að það er sama, hver er í stjórn nú og hverjir hafa farið með stjórn áður, við getum orðið sammála um það, að við höfum ekki enn þá sett upp ákveðna og heillega stefnu í byggðajafnvægismálunum. Ég held, að við verðum að kannast við það. Menn hafa verið að vinna að þessu á undanförnum árum, og það er reynt enn, en þetta hefur ekki tekizt. Það er eins og menn verði oft feimnir, þegar kemur að fjármagnsþættinum, þegar kemur að því að flytja fé þaðan, sem það fyrst og fremst safnast fyrir, og þangað, sem þess er þó ekki síður þörf, ef landið á allt að verða byggt og skila þeim arði eftir atvinnurekstur okkar, sem þeir geta gert. En þetta verður aldrei gert með neinum vettlingatökum. Það verður, eins og einhver orðaði það, einhvern tíma að taka peningana með valdi og færa þá þangað, sem þeir þurfa að vera, til þess að allur þjóðarlíkaminn fái þrifizt og atvinnuvegirnir geti skilað eðlilegum hagnaði. Menn gera sér tæplega grein fyrir hinum ýmsu kvíslum peningastraumsins frá strjálbýlinu og suður í þéttbýlið. Það er t. d. ekki lítið fjármagn, sem strjálbýlið leggur fram í uppeldi þess fólks, sem svo flyzt hingað, og til þess að kosta menntun þess að nokkru leyti. Það er ekki heldur nein smákvísl, sem rennur hingað suður í þéttbýlissvæðið í gegnum húsakaupin. Þeir eru ófáir úti á landi, sem sjá þann kost vænstan til þess að ávaxta fé sitt á tryggilegan hátt að festa það í steinsteypu hér í Reykjavík. Og þá er hún ekki lítil, sú kvíslin, sem rennur hingað suður — og á auðvitað skylt við húsakaupin, — þegar aldrað fólk úti á landi tekur sig upp, selur eignir sínar og flytur suður með fjármunina. Hvað ætli það séu t. d. margir bændur í sveit, sem alla sína ævi eru — og verða í enn stærri mæli í framtíðinni, eftir því sem jarð-

ir hækka í verði, að borga af jörðinni sinni til hins burtflutta. Þannig er þessi straumur í mörgum kvíslum, og þess vegna er ómögulegt annað, ef á að gera eitthvað raunhæft í þessu máli, en að þora að taka á hlutunum líka á því sviði, sem kemur til hinna stærri aðgerða á fjármálasviðinu. En þessi till. er út af fyrir sig ekki um mörkun heildarstefnu. Hún fjallar hins vegar um þátt, sem er mjög þýðingarmikill og miklu þýðingarmeiri en menn oft og einatt láta í veðri vaka og vilja viðurkenna.

Pétur Pétursson: Herra forseti: Aðeins örfá orð í sambandi við þessa till. — Ég vil fyrst segja það, að mér finnst hún mjög athyglisverð, og styð hana fullkomlega. Mér finnst hér vera um að ræða réttlætismál, og ég skal engan veginn blanda mér í það, hvað eða hverjir hafi unnið að þessu áður. Mér fannst bara gæta í orðum hv. síðasta ræðumanns hálfgerðrar — ja, ég veit ekki, hvort það ætti að kalla það öfundar yfir því, að það skyldi vera búið að taka þetta mál upp að nýju. Undarlegt er það, þar sem alveg sérstaklega er margundirstrikað í kverinu góða, að nú skuli jafnvægi í byggð landsins eflt og nú skuli ekkert láta ógert til að efla þetta jafnvægi.

Nú er það staðreynd, að ýmsar vörutegundir í landinu eru seldar á sama verði um allt land, og það á sér þegar stað umtalsverð verðjöfnun á vörutegundum um allt landið. Ég held, að það spor, sem hér yrði stigið, sé einmitt gífurlega mikið í þá átt að efla þetta réttlæti og gera að veruleika þá drauma, sem margir ala í brjósti, sem úti um landið búa, að það sé nokkurn veginn eins gott að vera þar og hér á þéttbýliskjörnunum. Þetta er mál, sem verður bókstaflega að taka föstum tökum, ef byggð á að haldast sæmilega sterk úti um landsbyggðina. Um þetta hafa mörg falleg orð verið sögð og ekki hvað sízt af núv. hv. stjórnarþingmönnum, og nú er bezt, þegar stjórnarandstaðan fer að ýta við þeim í vissum málum, að sjá, hver viðbrögðin verða. Ég á von á því, að nú verði brugðið snögglega við.

Ég held hins vegar, að þetta sé nokkuð flókið mál og erfitt í framkvæmd. Ég held, að þetta sé nokkuð stórt í sniðum. En þeir snillingar, sem settir yrðu í n. eftir þessari till., mundu væntanlega reyna að finna út, hvernig haganlegast væri að koma þessu fyrir. Í fljótu bragði a. m. k. þykist ég sjá marga erfiðleika á leiðinni við að koma þessu í land. Vitaskuld eru líka flutningar utan af landsbyggðinni og hingað til Reykjavíkur, sem þyrftu að koma inn í þetta að einhverju leyti, og margt og margt fleira, sem auðvitað hefur ekki verið athugað enn þá. En málið sem heild, að reyna að gera vörurnar í landinu álíka dýrar, hvar sem þær eru keyptar, er áreiðanlega réttlætismál og með stærri málum til þess að efna eitthvað af því, sem stendur í loforðasamningnum um aukið jafnvægi í byggð landsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður að þessu sinni. — Það var auðheyrt á hv. 2. landsk. þm., að hann hefur talsvert meiri trú á getu núv. stjórnarsinna í þessu efni heldur en fyrrv., og ég get verið honum alveg sammála um það.

Það var í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að hv. 5. þm. Austf. gæti varla stillt sig um að minna menn á fortíð í þessum efnum, þó að ég sé ekki endilega talsmaður þess, að það eigi að vera að hnýta í menn fyrir það, að þeir sjái að sér. Það á heldur að fagna því, að það birtist áhugi hjá mönnum, í þessum efnum sem öðrum. Ég a. m. k. fagna vissulega í hvert skipti, sem fram kemur hér mál á Alþ., sem er í þá átt að leiðrétta það geysilega misrétti, sem víða birtist í þjóðfélaginu eftir því, hvar búseta manna er í landinu.

Það er einmitt eitt af þeim málum, sem hér er nú til umr. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er geysilegt misrétti milli þess fólks, sem byggir hinar dreifðu byggðir í landinu og þéttbýlisstaðina. Og það er vissulega kominn tími til þess, að hv. þm. og stjórnvöld fari að taka hér raunverulega til hendinni og leiðrétta það misrétti, ekki bara á þessu sviði, heldur fjöldamörgum öðrum, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu að því er varðar mismuninn milli dreifbýlisins og þéttbýlisins. Ég skil ekki, hvaða réttlæti er í því, að landsbyggðarfólk þurfi að borga 20—30% meira fyrir vörur og þjónustu en fólk hér á Reykjavíkursvæðinu. Meðan slíkt ástand varir, væri a. m. k. eðlilegt að krefjast þess, að bæði launafólk og vinnuveitendur fengju tilsvarandi meira fyrir sína vinnu og sínar afurðir en þeir fá, eins og málum er nú háttað. En það er ekki bara það, að fólk úti í dreifbýlinu þurfi að borga svo og svo miklu meira fyrir að fá vöruna. Það er mikill tröppugangur á því, hvernig því tekst að ná til hennar, þó að það vilji borga meira fyrir hana og verði að gera það. Og með núverandi fyrirkomulagi á vöruflutningum, a. m. k. að vetrinum til, er það að mínu mati gersamlega óviðunandi.

Það er slæmt, að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér. Ég veit, að honum er kunnugt um þessi vandkvæði og hann tekur þau ábyggilega til greina. En ég veit dæmi þess, að á Vestfjörðum, og það er sjálfsagt ekkert síður á Austfjörðum, þurfi menn að bíða allt í 3 vikur eftir því að fá skipsferð með vörur til landshluta sins. Mér er sem ég sæi, eða heyrði, réttara sagt, í fólki hér á þéttbýlissvæðinu, ef það þyrfti að búa við slík kjör, sem þarna er um að ræða.

Hvort sem það er minn flokkur eða einhver annar flokkur eða hvaða þm. sem það eru, sem hreyfa hér málum, sem ég tel, að horfi til heilla, þá fagna ég því innilega. Og það er vissulega þörf að hreyfa þessum málum, og miklu fleiri málum, sem þyrfti að breyta til hins betra og jafna það herfilega misrétti, vildi ég segja, sem átt hefur sér stað, ekki bara núna, heldur verið að þróast á nokkuð löngum tíma milli þess fólks, sem býr í hinum dreifðu byggðum, og þess fólks, sem er hér á þéttbýlissvæðunum. Og það færi betur, að þessu yrði hreyft í víðari merkingu og á fleiri sviðum en því, sem hér er um að ræða, því að þess er vissulega þörf. Ef stjórnvöld, hv. þm., hafa trú á því, að það eigi að byggja landið að sem mestu leyti, þá er fyrir löngu kominn tími til að snúa við af þeirri óheillabraut, sem haldið hefur verið á í þessum efnum, og snúa

hjólinu gersamlega við, öfugt við það, sem verið hefur, og styrkja með öllum ráðum og dáð það fólk, sem vill eiga sína búsetu úti á landsbyggðinni og leggja þar með kannske hvað drýgstan þátt af mörkum til þeirrar framleiðslu, sem við öll byggjum fyrst og fremst afkomu okkar á.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal reyna að verða mjög stuttorður. Hv. síðasti ræðumaður, 7. landsk. þm., sá ástæðu til þess að taka fram, að hann tryði enn þá á núv. ríkisstj. Mér þykir vænt um það, því að það eru svo margir aðrir að missa trúna á ríkisstj. og farnir að afneita henni. En þetta er saklaus og elskulegur maður, eins og allir vita, sem þekkja hann, og einlægur í sinni trú, og ég er reglulega ánægður með, að hann skuli halda tryggð við blessaða ríkisstj. En hitt líkaði mér ekki eins vel, sem hann sagði, að hann saknaði ekki nema bara samgrh., og leit hérna á stólinn hans. En ég sé ekki annað en þeir séu allir stólarnir 7 auðir en veit ekki, hvar blessuð ríkisstj. er. Það var venja hjá ríkisstj., sem var á undan, að það sæti alltaf eftir fulltrúi fyrir hana, þegar voru fundir í Sþ. En nú er brugðið út af þessum vana, og ég sé ekki, að ríkisstj. hafi sérstaklegan eða lofsverðan áhuga fyrir málefnum strjálbýlisins. — En nú er að koma einn, einn af 7, hann er þó kominn í lokin, og ég fagna því, að einn fulltrúi ríkisstj. skuli þó vera kominn, þó að hv. 7. landsk. þm. hafi ekki séð, að það vantaði nema einn ráðh., bara samgrh.

Ræða hv. 5. þm. Austf. kom mér nokkuð á óvart. Hún var mjög jákvæð í sambandi við efnishlið þessa máls, en það vottaði alloft fyrir geðvonzku í ræðunni hjá þessum þó geðgóða og dagfarsgóða þm. En ég ætla að segja honum það, að það er ekki mín sök eða flm. þessa máls, þó að ekkert hafi verið gert til þess að framkvæma þá till., sem þessi hv. þm. flutti á síðasta kjötímabili og fékk samþ. hér á hv. Alþ. 5. apríl 1971. Mér finnst ekki ástæða til þess að beina til okkar einhverri óánægju og allt að því skætingi, þó að þetta hafi ekki verið gert. En hitt er svo annað mál, að ég auðvitað gerði hlut, sem ég hefði kannske átt að spyrja þennan ágæta hv. þm. um, hvort mér væri leyfilegt að spyrja um það á Alþ., hvernig hafi gengið framkvæmd þeirrar þáltill., sem samþ. var og hann var 1. flm. að. En mér láðist alveg að gera það. En ef það er á bak við, þá þykir mér leitt, að ég skuli ekki hafa spurt hann fyrst, af því að ég vil á engan hátt styggja þennan ágæta vin minn.

Hitt er svo annað mál, að þrátt fyrir barnatrú hv. 7. landsk. þm. á ríkisstj., liggur sú staðreynd fyrir, að sá ráðh., sem með þessi mál fer hæstv. samgrh., sem ekki sést hér, hafði ekkert gert, og till. hv. 5. þm. Austf. var mun ógleggri en sú till., sem hér liggur fyrir. Að vísu var það matsatriði, hvort Alþ. ætti að kjósa n. eða ríkisstj. ætti að láta kanna þessi mál. Það tel ég ekki vera neitt sérstakt atriði í raun og veru. En ég tel það vera orðið töluvert atriði úr þessu, fyrst það var ekki gert samkv. till., sem samþ. var. Sú till. var aðeins um að láta fara fram athugun á vöruflutningum landsmanna og gera till. um bætta skipan þeirra til jöfnunar á flutningskostnaði, eftir því sem við yrði komið. Það var ekki fastara að orði komizt í þeirri till. Og ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að það var engu breytt í þeirri till. frá því, að hún var lögð fram, nema í stað þess að kjósa mþn. til þess að athuga það, var ríkisstj. falið það. En í þessari till. okkar er gert ráð fyrir því alveg skýrt og skorinort að fela n. að semja frv. til l. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga, sem hafi þann tilgang, að verð á allri vöru verði það sama á öllum stöðum, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til, og enn fremur að kanna, hvernig ástatt er með vöruflutninga alla, og gera till. um bætt skipulag þeirra.

Hv. 5. þm. Austf. sagði, að það hefði aldrei verið gert neitt til þess að samræma skipulag samgangna. Ég vil þó minna á, að ég hygg, að það hafi verið á Alþ. 1956, að samþ. var till. um kosningu 5 manna n. til að samræma skipulag samgangna. Þessi n. skilaði störfum og skilaði mjög ítarlegu nál., og það vill svo til, að tveir af nm. í þessari mþn. eiga sæti hér á Alþ. nú, þ. e. hv. 3. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, og ég. Með þessu nál. sömdum við frv. um bætt skipulag vöruflutninga og fólksflutninga í landinu, og það frv. var lagt fram, að mig minnir, á Alþ. 1960 og dagaði uppi. Það virðist enginn af þeim þm., sem þá sátu á þingi, hafa haft áhuga á því að flytja þetta mál aftur. Ég tel, að ef það frv. hefði verið lögfest, væri margt öðruvísi og margt einfaldara og betra í samgöngumálum en nú er. Það má segja, að rétt sé, að enginn árangur hefur náðst. En þessi tilraun var gerð, en náði ekki lengra en þetta, því miður.

Hv. 5. þm. Austf. spurði, hvernig það hafi skeð, að landsbyggðin missti þennan rétt, þegar skipafélögin breyttu flutningsreglum sínum. Þessar flutningsreglur voru ekkert bundnar að lögum, það veit þessi hv. þm., en það varð afar mikill hvellur út af þessari breytingu, sem varð þó til þess, að sérstaklega Eimskipafélagið guggnaði að nokkru leyti á því, sem félögin ætluðu að gera. Það eru fleiri en eitt skipafélag, og mér er ekki grunlaust um, a. m. k. hef ég oft heyrt það, að framsóknarmenn segjast hafa mikil áhrif í Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, og ég veit, að það er alveg rétt. Ég spyr: Af hverju var þá ekki beitt áhrifum þar, til þess að Skipadeild S. Í. S. drægi ekki úr þessari þjónustu, fyrst Eimskipafélag Íslands gerði það? Hvers vegna þurfti það að fylgjast að?

Sami hv. þm. sagði, að hann hefði orðið var við það á undanförnum árum, — þá hlýtur hann fyrst og fremst að hafa átt við okkur, sem erum búnir að vera þó nokkur ár á þingi, mig og hv. 3. þm. Sunnl., hinir tveir flm. eru búnir að vera hér tiltölulegan skamman tíma, — að hann hefði orðið var við það, að þessir þm. hefðu ekki verið nægilega á verði í þeim efnum að vernda og vinna fyrir rétt strjábýlisins. Ég skal fúslega játa, að ég hefði gjarnan vilja koma meiru fram fyrir strjálbýlið en raun ber vitni. Og ég skal líka játa það, að ég hef kannske ekki verið nógu harður eða ákveðinn að koma mínu fram. En ég tel þó sjálfur, að ég hafi aldrei svikið mál strjálbýlisins og vilji minn hafi alltaf verið að vinna því til hagsbóta. Og ég vona það varð-

andi mál, sem ég hef flutt eða lýst stuðningi við, að ég hafi ekki seinna snúizt öndverður gegn. Ég bið þá þennan hv. þm. að minna mig á, hvenær það hafi komið fyrir. En ég minnist aftur þess, að 1969 fluttu 6 þm. Framsfl. frv. til laga um byggðajafnvægistofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggða, og meðal flm. var þessi hv. þm. Í 9. gr. þess frv., í 1. lið, segir, að tekjur byggðajafnvægissjóðs séu 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1971, sem greiðist sjóðnum í byrjun hvers mánaðar af innheimtum tekjum næsta mánaðar á undan, í fyrsta sinn í byrjun febrúarmánaðar 1971. Þetta frv. náði ekki fram að ganga. Kannske var ég einn af þeim, sem voru linir að koma á byggðajafnvægisstofnuninni. Ég var kannske ekki alveg á því að stofna algerlega þessa stofnun. Hins vegar hef ég verið á því, að þjóðfélagið eigi að auka framlög til byggðamála, og þegar frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins var lagt fram og kom fyrir fjhn., leyfði ég mér að flytja þessa till. um tekjur til byggðasjóðs, nákvæmlega eins og þetta var orðað í frv. þessa hv. þm., að öðru leyti en því, að það var auðvitað miðað í fyrsta sinn við byrjun febrúarmánaðar 1972. En hvað skeði þá? Þá snerust þessir hv. þm. allir, nema Gísli Guðmundsson, sem sat hjá, hinir, sem þá voru hér á þingi, snerust gegn þessu hugsjónamáli sinu og drápu það. Þetta finnst mér vera miklu verra. Ef slíkt hefur komið fyrir mig, sem ég veit ekki til, þá treysti ég þessum hv. þm. til að minna mig á það, og þá ætla ég að muna rækilega eftir að láta slíkt ekki koma fyrir aftur. En ég veit ekki til þess, að það hafi komið fyrir mig að drepa min eigin hugsjónamál.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hér er um athyglisverða till. að ræða, og hafa farið fram fróðlegar umr. um þetta mál, sem hér er á dagskrá. Þetta gæfi kannske tilefni til að ræða landsbyggðamálin að verulegu leyti í heild, en það gefast miklu fleiri tækifæri til þess en hér, og það er orðið áliðið fundar, þannig að ég ætla ekki að gera það.

Það voru einkum tvö atriði í ræðu hv. 5. þm. Austf., sem fengu mig til að kveðja mér hér hljóðs. Hann ræddi af miklu raunsæi, að mér fannst, sumar hliðar skipulags verzlunarinnar, hvernig það hefði breytzt í landinu, og skipulag vöruflutninga. Og hann rakti ýmsar ástæður fyrir þessu, m. a. hvað hefði breytzt, þegar styrjöldin skall yfir, og komið í kjölfar hennar. En það er eitt mikilsvert atriði, — ákaflega mikilsvert atriði, — sem hv. þm. gleymdi í sambandi við þetta, sem ég tel vera ákaflega veigamikla ástæðu fyrir þeirri breytingu, sem á er orðin, og það er sú haftastefna, sem var rekin hér á árunum eftir styrjöldina, þegar hver maður þurfti að fara hingað til Reykjavíkur og fá leyfi fyrir hverri einustu vöru, sem hann ætlaði að flytja inn í landið. Þetta voru það þungar búsifjar fyrir verzlunina í landinu, fyrir utan það, að samvinnuverzlunin efldi á sama tíma mjög heildverzlun sína hér í Reykjavík. Það má vel vera, að það hafi verið hagkvæmt fyrir hana, en hins vegar voru þetta mjög verulegar ástæður fyrir þeim breytingum, sem urðu á verzlunarháttum og þar með á skipulagi innflutnings í landinu. Þessum þáttum gleymdi hv. þm., og ég vildi gjarnan minna á þá í sambandi við þetta mál.

Svo var annað, sem kom mér svolítið á óvart í málflutningi hans, og það var, að hann taldi, að það væri rétt og skylt að leggja til, að þingkjörin nefnd kannaði þetta mál og gengi frá því. Þetta yrði til þess, að sjónarmið landsbyggðarinnar kæmu gleggra fram heldur en ef embættismenn fjölluðu þarna um. Þá minnist ég þess, að á síðasta þingi flutti ég till. um veigamikinn þátt byggðamálanna og lagði til, að þingkjörin nefnd fjallaði þar um, 5 manna nefnd, en það var að athuga um staðarval opinberra stofnana í landinu. Við þekkjum það frá undangengnum þingum, og það hafa orðið miklar umr. um þau mál, en þeim mun minna hefur verið í þeim framkvæmt. Ríkisstj. gerði það í málinu, að nokkru eftir að ég hafði lagt fram þessa till., að Alþ. kysi nefnd í þetta mál, skipaði hún embættismannanefnd í þetta, sem hefur ekki heyrzt í stuna eða hósti síðan. Síðan koma vonandi einhvern tíma till. frá þessari ágætu stjórnskipuðu nefnd embættismanna. Þá á Alþ. eftir að fjalla um þessar till., og við vitum, að margt af þessu eru viðkvæm mál og þm. hafa á þessu skiptar skoðanir, þannig að mér er til efs, að þessi vinnubrögð, sem ekki virtust vera til neins fallin annars en að geta vísað till. minni frá, — mér er til efs, að þessi vinnubrögð verði landsbyggðinni til góðs.

Ég vildi aðeins minna á þetta tvennt í sambandi við ræðu hv. þm. Ég vil ekki fara frekar út í önnur atriði, sem varða byggðamálin, að þessu sinni, til þess gefast tækifæri síðar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég held ég hafi ekki gefið tilefni til þess með þeim orðum, sem ég sagði hér áðan og algerlega voru bundin við þetta mál, að fara að ræða marga þætti byggðamálanna, fara að ræða um höft og þess háttar, og þá væntanlega, hverjir stóðu að því að koma þeim á á sínum tíma o. s. frv., en þeir voru margir, sem áttu þar hlut að. Hitt er svo annað mál, að það er ekki nokkurt viðlit, hvorki fyrir 1. flm. þessarar till. né aðra flokksbræður hans að koma sér fram hjá þeim staðreyndum, að það sem gerðist í sambandi við vöruflutningana á 12 ára stjórnartímabili þeirra, var, að gegnumgangandi vöruflutningagjöld voru afnumin, voru lögð niður, og annað hitt, sem hafði ekki lítil áhrif á þróun vöruflutninganna í þá átt að beina þeim yfir á dýrari leiðir en þurft hefði, hvernig búið var að Skipaútgerðinni á þesssum 12 árum, eftir að sú, ég vil segja: bylting hafði orðið í samgöngumálum þjóðarinnar, sem kom með fluginu og gerði óhjákvæmilegt, ef halda átti í horfinu hvað snerti vöruflutningana, að hafizt væri handa um skipulag þeirra. Ef ég hef sýnt einhver geðvonzkueinkenni, meðan ég rifjaði upp þessa sögu, verður það að afsakast með því, að þetta er búið að koma við landsbyggðina. Við vitum af þessu á Austfjörðum, og vafalaust

vita þeir af því líka á Vestfjörðum, hvað það hefur kostað á þessum 5—10 árum, sem liðin eru, síðan farið var að afnema þessi gegnumgangandi vörufarmgjöld, og hvað meðferðin á Skipaútgerðinni hefur kostað okkur, eins og hún var á þessum tíma, svo að það verða menn þá að virða mér til vorkunnar, ef móti vilja mínum hefur gætt einhverrar geðvonzku, þegar ég var að rifja upp þessa sögu, sem ómögulegt er annað en rifja upp í sambandi við mál eins og þetta.

Ég hélt a. m. k., að ég hefði tekið skýrt fram, — og ég get þá endurtekið það nú, — að höfuðatriðið nú í dag er auðvitað að snúa sér að verkefninu. Og ég fagna því, að álagahamirnir hafa fallið af hv. þm., flm þessarar till., og þeir eru komnir hér nýir og betri menn í þessum efnum. Ég fagna þessari liðveizlu. Ég get líka bætt því við, því að ég vil gjarnan láta það koma hér fram, að ég tel, að allur efnislegur undirbúningur þessarar till. og sú gagnasöfnun, sem hv. flm. hefur unnið að í sambandi við undirbúning till., sé mjög til fyrirmyndar. Ég held ég hafi ekki tekið það fram áður, en vil gjarnan láta það koma fram. Hitt er svo annað mál, eins og ég gat um, að á einstaka stað í grg. er orðalag varðandi liðna tímann í hæpnasta lagi að mínum dómi, það er svo annað mál. En aðalatriðið er, að till. er vel undirbúin, og þær ábendingar, sem þar eru settar fram, tel ég allar næsta skynsamlegar.

Ég sé ekki neina ástæðu til að vera að taka upp neitt þex um þetta. Hv. 1. flm. afsakar þá breytingu, sem varð á flutningakjörunum á viðreisnarárunum, með því, að þau hafi ekki verið bundin í lögum. En það var verðlagseftirlit öll þessi ár, og ég held það sé engin afsökun fyrir því að hafa látið þetta fara svona eins og það fór. Ég held, að stjórnarvöld hafi haft alla burði til þess að koma í veg fyrir þessa þróun, sem varð varðandi flutningakjörin innanlands, ef vilji hefði verið fyrir hendi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti: Ég vil taka undir það, sem hv. 2. landsk. þm., Pétur Pétursson, sagði hér áðan, að það er nauðsynlegt að taka svona mál föstum tökum. Ég vil þó rifja upp, eins og hér hefur raunar komið fram áður, að þessi mál sem önnur og ekki sízt sá þáttur, sem þessi till. fjallar um, hafa vissulega þróazt í öfuga átt gagnvart landsbyggðinni á s. l. áratug eða áratugum, sérstaklega undir viðreisnarstjórn, og þar hefði hv. 2. landsk. þm. átt að hafa heimatökin til að koma á vissum lagfæringum. Ég vil taka undir það, sem hann sagði hér áðan, að þetta er viðamikið mál, og verður sjálfsagt erfitt að koma þeirri skipan á, sem æskilegust væri.

Ég átti sæti í nefnd, sem fjallaði um gjaldskrár hafna á Íslandi. Við söfnuðum upplýsingum um mismunandi aðstæður, hafnagjöld í landinu almennt, og eitt það örðugasta, sem við var að fást í sambandi við þessi mál, var að reyna að koma á jöfnuði í sambandi við samræmda gjaldskrá fyrir hafnir á Íslandi. Það, sem er að, er einmitt þessi mismunur eða réttara sagt þetta ástand. Eins og allir vita, fer meiri hluti af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins, í gegnum eina höfn, þ. e. a. s. Reykjavíkurhöfn. Þetta er í mörgum tilfellum tvísköttun fyrir landsbyggðina, sem erfitt er að komast fram hjá, og það er erfitt að fá þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, til að skilja þetta mál. Sú hugmynd kom fram við þessa endurskoðun, og það væri rétt í sambandi við að styrkja stöðu hafna í landinu að láta hafnagjald af olíu og benzíni, sem flutt er til landsins, ekki renna til Reykjavíkurhafnar eða Hafnarfjarðarhafnar, eins og nú er, heldur renna í sérstakan verðjöfnunarsjóð eða þá beint í hafnabótasjóð og yrði notað til styrktar höfnum úti um landsbyggðina. Þetta mál var talið mjög mikil fjarstæða, að láta sér detta þetta í hug, og allt, sem lýtur að því að jafna þennan mismun, hefur verið talið erfitt í framkvæmd. Ég er því hræddur um, að svo verði einnig í sambandi við þetta mál.

Ég vil lýsa því yfir, að ég er því fyllilega sammála, að þessi tilraun sé gerð, og vil vekja athygli þm. á því, að einmitt í sambandi við þessi mál hafa nú komið upp ný viðhorf í landinu í sambandi við málefni dreifbýlisins almennt. Áhugi manna hefur á undanförnum árum farið stöðugt vaxandi á því að styrkja stöðu dreifbýlisins, og er það vissulega vel. Ég tel, að stofnun landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem nú er orðin að veruleika í öllum landshlutum, sé þar merkur þáttur. Tel ég, að einmitt þetta mál, sem hér er til umræðu, og mörg önnur, sem snerta hagsmuni dreifbýlisins, eigi einmitt þar heima og eigi nú vaxandi fylgi að fagna og megi vænta þess, að með stofnun landshlutasamtakanna verði hægt að samræma kraftana betur til að vinna að þessum málum, sem koma dreifbýlinu að sem mestum notum. Ég vil minna á í sambandi við þetta mál, sem er hér til umr., að á síðasta ársfundi Fjórðungssambands Vestfjarða var þetta mál eitt af stærri málum, sem þar voru tekin til meðferðar, og ég efast ekki um, að landshlutasamtökin í landinu eru bezti vettvangurinn til þess að samræma skoðanir manna til þess að ná árangri á þessum sviðum sem öðrum. Ég vil vænta þess, að hv. flm. og yfirleitt þm. almennt fari að hugsa meira raunhæft um þessi mál en verið hefur til þessa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vistheimili fyrir vangefna, þátill. (þskj. 20, n. 324). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er á dagskrá hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna í þeim landshlutum, þar sem slík heimili eru ekki til nú."

Á síðari árum hefur mjög vaxið skilningur á málefnum vangefinna. Hefur þar lagzt á eitt: Almenningsálitið, sem telur, að þessi hópur innan samfélagsins eigi að njóta hinnar ríkustu samúðar og allrar þeirrar þjóðfélagsaðstoðar, sem á hverjum tíma er unnt að veita. Aukin

menntun á hinum mörgu sviðum hjálparstarfsins á vegum vangefinna hefur auðveldað margs konar framfarir, bæði hvað snertir skilyrði til aukins þroska upphaflega takmarkaðra hæfileika og eins til bættrar ytri aðstöðu. Þá mun framúrskarandi myndarlegt starf Styrktarfélags vangefinna og sleitulaus barátta þess fyrir málefnum vangefinna hafa átt sinn ríka hlut að því, hversu miðað hefur fram. Margs konar annar félagsskapur svo og fórnfúsir einstaklingar hafa komið hér löngum vel til liðs. Þess ber að geta, að höfuðstofnunin í þessum efnum er í Kópavogi. Þá eru og fjögur vistheimili í landinu: að Skálatúni, Sólheimum, Tjaldanesi og á Akureyri, og auk þess eru tvö dagvistarheimili í Reykjavík á vegum Styrktarfélagsins. Þannig hefur verið unnið að markvisst og árangur lofsverður. En þó að margt hafi verið að gert og vel hafi miðað, er hitt vafalítið, að þörf er að herða enn á. Hér ber hinu opinbera eða ríkinu að beita sér af alefli og hafa sem mest samráð við þann fjölda áhugamanna og þann félagsskap, sem lengst af hefur veitt málefnum vangefinna það brautargengi, sem úr hefur skorið.

Í grg. fyrir þáltill. segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Þó vekur það athygli, að í tveimur landshlutum eru engar slíkar stofnanir til, á Vestfjörðum og á Austurlandi. Enginn efar þó, að þar er einnig fólk, sem eins og annars staðar þarf að eiga þess kost að njóta heimilisvistar af þessu tagi. Það er að vísu rétt að benda á það, að talið er, að til þess að kleift sé að stofnsetja slíkt heimili þurfi ákveðinn fjölda vistfólks, og eins hitt, að rétt er einnig að hafa í huga, að það dugir litt að koma á fót stofnun sem þessari, ef ekki fást til hennar starfskraftar, sem hlotið hafa nægilega kunnáttu í þessum efnum. Um fyrrnefnda atriðið er það að segja, að því miður mun sú mótbára ekki vera fyrir hendi, að vistfólk muni skorta. Að hinu ber jafnframt að vinna, að sem bezt verði að stofnuninni búið á hverjum stað, ekki sízt með því að fá þangað gott starfslið, sem reyndar er frumskilyrði."

Í umsögn, sem nefndinni hefur borizt frá Styrktarfélagi vangefinna, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin mælir með samþykkt þessarar till., að því tilskildu, að undan fari rannsókn um þörf fyrir slíkt hæli í þessum landshlutum, þannig að víst sé, áður en lagt er í kostnaðarsamar byggingar, að nægur fjöldi vistmanna sé fyrir hendi til að mynda eðlilega og hæfilega rekstrareiningu."

Þá hefur enn fremur borizt umsögn frá landlækni, og vil ég leyfa mér að lesa lítils háttar upp úr þeirri umsögn. Þar segir m. a.:

„Fyrir því er nú fengin nóg reynsla, að meðferð á vangefnum börnum getur ráðið úrslitum um það, hvort takmarkaðir hæfileikar þeirra nái að þroskast að því marki, að þau geti orðið nýtir þjóðfélagsþegnar, eða hvort þau verða ósjálfbjarga ævilangt. Fyrstu þroskaskilyrði er aðeins hægt að veita þessum börnum með því að beita við uppeldi þeirra vísindalegri þekkingu í sálarfræði, læknisfræði og ýmsum fleiri greinum. Þess vegna eru nú gerðar til stofnana, sem þeim eru ætlaðar, eftirtaldar kröfur m. a.: Þær verða að hafa á að skipa sérmenntuðu starfsliði, svo sem sérmenntuðu gæzlufólki, sérmenntuðum kennurum, félagsráðgjöfum, hjúkrunarkonum, læknum og sálfræðingum. Þetta sérmenntaða starfslið á að vinna hópstarf á skipulegan hátt, en jafnframt á hvert barn að njóta persónulegrar umönnunar. Stofnanirnar verða að ráða yfir möguleikum til fjölþætts náms og starfs, bæði til munns og handa, svo að hvert barn geti átt kost á verkefni við sitt hæfi. Þessum kröfum verður af fjárhagsástæðum aðeins fullnægt á stórum stofnunum, sem þá er skipt í litlar deildir til þess að firra þær ókostum þeim, sem annars eru á stórum stofnunum. Sökum mannfæðar er ekki til þess að hugsa að halda uppi nema einni slíkri stofnun hér á landi, og er Kópavogshæli vísir að henni. En ekkert þarf þó að vera því til fyrirstöðu að reka sem útibú frá aðalstofnuninni smærri stofnanir, sem hver um sig hefði tiltekið, afmarkað hlutverk, enda nytu börn á þeim stofnunum, svo sem framast væri unnt og við ætti, sérfræðilegrar þjónustu starfsliðs frá aðalstofnuninni til jafns við börn á henni sjálfri."

Með hliðsjón af umsögnum og að öðru leyti til þess, að rækileg könnun færi fram á margs konar aðstöðu við framhaldsaðgerðir í vistheimilismálum vangefinna, þótti allshn. rétt að færa þáltill. á þskj. 20 á nokkru víðara svið. Þannig verði kannað, hver sé fjöldi vangefinna í landinu, og skipting þeirra eftir landshlutum, enn fremur kannað, hver sé aðstaða til sérhæfingar fyrir það fólk, sem þjónustustörf annast á vistheimilum, þ. á m. nauðsynlega kennslu. N. hefur því einróma lagt til, að tillgr. á þskj. 20 orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj.: 1) Að kanna tölu vangefinna í landinu og skiptingu þeirra eftir landshlutum. 2) Að kanna aðstöðu til sérhæfingar fyrir það fólk, sem tekst á hendur þjónustustörf á vistheimilum fyrir vangefna, þ. á m. kennslu. 3) Að beita sér fyrir því í samráði við Styrktarfélag vangefinna, að komið verði upp vistheimilum fyrir vangefna, þar sem þeirra verður talin þörf."

Það verður að segja eins og er, að að vissu leyti leggur landlæknir gegn því, að sérstakar stofnanir fyrir vangefna eða vistheimili verði sett á stofn, þar sem þær eru ekki fyrir núna, vegna þess að þær einingar, sem um kann að vera að ræða, séu svo smáar, að ekki komi til álita annað en að á slíkum stöðum, ef til kæmi, verði útibú frá svokallaðri aðalstofnun, þ. e. a. s. Kópavogshælinu. Nú er í raun og veru ekki vitað, hversu háttar í því efni, er varðar fjölda þeirra barna, unglinga eða eldri, sem þyrftu á hjálp að halda í þessu efni. Þess vegna hefur n. lagt til, að rannsókn fari fram á þessum atriðum. Og það er ekki endilega víst, að ekki geti skapazt sú aðstaða eða að það megi ekki skapa þá aðstöðu, að fullkomið vistheimili geti risið upp á stöðum, þar sem þau eru ekki fyrir hendi og þeirra er þörf. Allt er þetta rannsóknarefni, og n. hefur því lagt til og nm. leggja kapp á það, að slík rannsókn fari fram, ekki sízt vegna þess, að hingað til hefur ekki verið í raun og veru neitt sérlegt gert fyrir þá landshluta, sem kynnu að hafa fyllstu þörf fyrir, að slíkum stofnunum yrði þar komið upp. Svo kemur það í ljós við nánari

rannsókn málsins, hvort hægt er eða rétt er að reisa vistheimili á þeim stöðum t. d. sem getið er um í grg., þ. e. á Austurlandi og á Vestfjörðum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. afgreiðslu hennar á tillögu okkar þremenninganna, og ég vil einnig lýsa því yfir fyrir okkar hönd, að við föllumst fullkomlega á þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á till. Það er einmitt mjög í samræmi við anda og tilgang tillöguflutnings okkar, að þessi mál verði rannsökuð sem allra bezt, og það var síður en svo ætlan okkar að málefni þessa fólks yrðu eingöngu rannsökuð eða athuguð í þeim landshlutum, þar sem við eigum búsetu. Það er því í raun og veru okkur fagnaðarefni, ef slík allsherjarrannsókn færi fram, slík allsherjarkönnun, og hún mætti þá leiða til þess, að í þessu máli yrði um almennar framfarir að ræða frá því, sem nú er, fyrir landið allt. Við erum ekki heldur í neinum vafa um það, að ef þessi rannsókn verður framkvæmd, muni hún leiða glögglega í ljós, hvar þörfin á þessum vistheimilum er brýnust. Við erum ekki í nokkrum vafa um það, að í þeim landshlutum, þar sem þessi vistheimili eru ekki, þá muni koma glögglega í ljós, að þeirra sé full þörf.

Ég verð að segja, að ég furða mig örlítið á umsögn landlæknis um þessa till. okkar, en veit, að hann hangir þarna í gömlum kenningum, byggðum á niðurstöðum dansks sérfræðings, sem hingað var fenginn til að athuga þessi mál, og voru þær á þá leið, að hér væri ekki um meiri fjölda en svo að ræða, að aðeins ein stofnun væri möguleg. Ég held, að þetta sé alveg rétt hvað snertir örvitana, þeir hljóti allir að vera á einni og sömu stofnun. En hvað snertir ýmsa aðra vangefna held ég, að þetta sé alls ekki rétt, enda hafa forráðamenn Styrktarfélags vangefinna snúið mjög frá þessari braut, sem danski sérfræðingurinn markaði á sínum tíma, og halda því nú alveg ákveðið fram, að grundvöllur fyrir slík vistheimili sé víðar. Samkv. þessum kenningum landlæknis ætti t. d. Sólborgarheimilið á Akureyri, sem er til hreinnar fyrirmyndar í rekstri, að vera óhæft.

Ég held, að þessi umsögn landlæknis sé byggð eingöngu á þessari gömlu kenningu, sem hefur þegar reynzt vera að miklu leyti röng.

Ég vil sem sagt f. h. okkar flm. fagna þessari afgreiðslu og veit, að till. muni hljóta hér stuðning. Hún hefur fengið góðar undirtektir hér áður. Og ég vona, að sú heildarkönnun, sem hér er lagt til, verði leiðin til þess, að málefna þessa fólks verði enn betur sinnt. Sérstaklega vænti ég þess, að rannsóknin leiði í ljós varðandi það, sem við lögðum áherzlu á, að vistheimili fyrir vangefna yrðu reist í þessum fiórðungi, á Vestfjörðum og Austurlandi, að þeirra sé þar full þörf.

Karvel Pálmason: Það eru aðeins örfá orð. Ég get tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér. En ég get vart stillt mig um að lýsa undrun minni á þeirri umsögn og þeirri afstöðu, sem landlæknir virðist hafa haft til þessa máls. Og það kemur heim og saman við annað, sem manni sýnist reynslan hafa sýnt fram á, að í hvert skipti sem hreyft er máli, sem talið er þurfa að ná fram að ganga og nauðsynlegt er að nái fram að ganga út í hinum dreifðu byggðum, að þá er eins og menn reki sig viðstöðulaust alltaf á vegg sem stendur fyrir, þannig að mönnum er gert miklu óhægara um vik en efni standa til. Það veldur mér vonbrigðum, að slík umsögn, sem landlæknir hefur látið þarna í té, skuli hafa séð dagsins ljós, og ég furða mig satt að segja á henni. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni um þakkir til n. Það er rétt, sem hann sagði, það var ekki fyrst og fremst okkar meining, að þarna væri um að ræða eingöngu Austurland og Vestfirði, þó að á það væri bent, að þeir landshlutar hefðu orðið út undan í þessum efnum. En ég gat ekki stillt mig um að vekja athygli á þessari neikvæðu afstöðu embættismannsins til málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — 1. umr.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hafði fengið um það vitneskju, að hæstv. ráðh. mundi ekki verða á þingfundi nú, að sjálfsögðu bundinn við eitthvað annað. Þegar málið var tekið til umr., kvaddi ég mér hljóðs, því að ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð um frv., en hefði þó kosið að gera það, eftir að sá ráðh., sem málið flytur, hefði fylgt frv. úr hlaði. Það hefur sýnt sig, að ráðh. mun ekki fylgja því úr hlaði eða tala við þessa umr., og ég gleymi mér þá til 2. umr. að ræða frv. frekar, ef ekki verða fleiri á mælendaskrá nú við þessa umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér, er það stjfrv., og ég hefði vænzt þess samkv. venju, að sá hæstv. ráðh., sem frv. flytur, mundi mæla fyrir því við 1. umr. Nú kemur í ljós, að hæstv. ráðh. er ekki í húsinu og hefur ekki aðstöðu til að vera á þessum fundi, en málið eigi að síður tekið til 1. umr., og þykir mér þá rétt að segja um það nokkur orð, áður en það fer til nefndar.

Ég vil þá þegar í upphafi þessarar umr. taka

fram, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, og vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir, að hann flytur frv. og beitir sér fyrir þessu máli.

Höfn í Hornafirði er einn þeirra staða á landinu, sem eru í örum vexti. Ég skal nefna nokkrar tölur, sem tala skýru máli um það, hvað vöxtur kauptúnsins er ör. Það eru ekki liðin nema 75 ár, síðan fyrstu húsin voru reist á Höfn, og voru þá byggð 3 hús í landi jarðarinnar Hafnarness. Um tæplega 5 áratugi var Höfn hluti af Nesjahreppi, en fyrir 26 árum, rúmum aldarfjórðungi, var Nesjahreppi skipt og Hafnarhreppur gerður að sérstöku sveitarfélagi. Þá voru íbúar Hafnarhrepps um 300, en nú er íbúatalan í kauptúninu komin á 11. hundrað. Þetta sýnir, að á 20 árum hefur íbúatalan á þessum stað þrefaldazt og á 30 árum fjórfaldazt. Á hinum síðari árum hefur íbúafjöldinn á Höfn vaxið svipað frá ári til árs. Á þessu sviði hefur verið nokkurn veginn jöfn og samfelld þróun, en ekki sveiflur. ætla má, að þessi þróun haldi áfram næstu ár og áratugi, og margt bendir til þess, að hún örvist, fremur en búast megi við afturkipp. Hornafjörður er og verður mikilvæg fiskihöfn. Fiskimiðin úti fyrir Suðausturlandi eru meðal hinna beztu hér við landið, og á Hornafirði hefur verið lagður afli á land allt árið, jafnt sumar sem vetur. Með stækkun landhelginnar má búast við stórauknum afla á þessum slóðum. Íbúar 5 sveitarhreppa sækja verzlun og ýmis önnur viðskipti til Hafnarkauptúns, svo að staðurinn hefur að baki blómlegt landbúnaðarhérað. Og augljóst er, að með tilkomu hringvegarins, þ. e. a. s. tengingu akvega sunnan jökla, verður Höfn mikill ferðamannabær, miklu meiri ferðamannabær en orðið er, þótt þar sé nú þegar allmikil ferðamannaþjónusta. Verði þessi þróun framvegis á sama veg og hún hefur verið að undanförnu, eins og gert er ráð fyrir, þá mun íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði enn þrefaldast á um það bil 20 ára tímabili.

Af þessu og ýmsu fleiru, sem hér skal ekki rakið, má draga þá rökréttu ályktun, að eftir tiltölulega stuttan tíma verði Höfn orðin stærra byggðarlag en sumir kaupstaðir landsins eru nú hver fyrir sig, t. d. Ísafjörður, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður og Neskaupstaður. Ekki verður hjá því komizt að hafa allmikla löggæzlu á Höfn, eins og aðstaða er þar nú. Augljóst er þó, að þá starfsemi verður að efla, eftir því sem mannfjöldi þar vex. Straumur innlendra og erlendra ferðamanna þangað eykst, og æ fleiri skip frá ýmsum stöðum leita þar hafnar. Hornafjörður er eina innflutningshöfnin í Skaftafellssýslu. Þar er leyst af hendi tollgæzla, og sú starfsemi hlýtur að aukast. Í ört vaxandi byggðarlagi þarf jafnframt að sinna fleiri og fleiri viðfangsefnum og fyrirgreiðslu við almenning, sem lögfræðilega þekkingu þarf til að leysa af hendi, ef vel á að fara. Samkv. frv. þessu á lögreglustjóri í Hafnarhreppi að hafa á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu, innheimtu á gjöldum og störf, sem hreppstjóri hefur annazt o. fl. Þessi embættismaður mun því vissulega fá næg verkefni við að fást.

Tengsl Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu um stjórnsýslu og sveitarmálefni hafa tekið breytingum á ýmsum tímum. Um langt skeið fyrr á öldum voru sýslurnar tvö lögsagnarumdæmi og höfðu hvor sinn sýslumann. T. d. má minnast þess, að á tímabilinu frá 1730—1740 var Skúli Magnússon, síðar landfógeti, sýslumaður Austur-Skaftfellinga um þriggja ára skeið, og mun hann þá hafa haft aðsetur í Bjarnanesi. Langt er þó síðan Skaftafellssýslur voru gerðar að einu lögsagnarumdæmi, en samkv. lögum frá 1877 er Skaftafellssýslu þá skipt í tvö sýslufélög, að því er sveitarmálefni snertir. Í þessum lögum segir: „Skeiðarársandur skilur sýslufélög Skaftafellssýslu eins og sýslur að fornu. Hvort þessara sýslufélaga hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig.“ Þessi skipan helzt enn. Austur-Skaftafellssýsla og Vestur-Skaftafellssýsla eru eitt lögsagnarumdæmi, en hvort þessara sýslufélaga hefur sinn fjárhag og sveitarmálefni út af fyrir sig.

Sýslumaður Skaftafellssýslu situr í Vík, eins og kunnugt er. Fyrr á árum, t. d. á fyrsta þriðjungi þessarar aldar, var aðstaða sýslumannsins þannig, að hann, eins og allir aðrir á þeim tíma, ferðaðist um lögsagnarumdæmið á hestum. Á þeim tíma var Höfn lítið byggðarlag, hluti af Nesjahreppi og umsvif þar lítil. Sýslumaður lét þá að jafnaði nægja að ferðast um Austur-Skaftafellssýslu einu sinni á ári hverju, venjulega í júnímánuði. Þá stjórnaði hann sýslufundi og hélt manntalsþing í hreppunum. Að öðru leyti veittu hreppstjórar þá sýslumanni fullnægjandi aðstoð hver í sínum hreppi. Á s. l. 20—30 árum hefur aðstaðan að þessu leyti breytzt á ýmsan hátt. Skeiðarársandur hefur upp á síðkastið verið lítt yfirstíganlegur þröskuldur á þjóðveginum. Þegar sýslumaðurinn í Vík hefur þurft að ferðast til Hafnar og um Austur-Skaftafellssýslu, helming lögsagnarumdæmisins, þá hefur leið hans legið frá Vík til Reykjavíkur um tæpa 200 km, síðan í flugvél frá Reykjavík til Hornafjarðar, og þjóðvegurinn um Austur-Skaftafellssýslu á báða vegu frá Höfn, milli Lónsheiðar og Skeiðarársands, er ámóta vegalengd eins og leiðin milli Víkur og Reykjavíkur. Ætli nokkur sýslumaður eða bæjarfógeti á landinu þurfi jafnmikið á sig að leggja við ferðalög til þess að ferðast um starfssvæði sitt.

Verkefni við lögfræðileg störf og margháttaða fyrirgreiðslu hafa og vaxið að miklum mun og fara enn vaxandi. Aðstaða á Höfn er orðin þannig, að óhjákvæmilegt er að hafa þar trausta löggæzlu. Sýslumaður getur ekki sökum mikillar fjarlægðar haft daglega umsjón með þeirri starfsemi, og aðstaða hans er vissulega óhæg, þegar ýmis rannsóknarefni ber að höndum óvænt, svo sem þegar varðskip færa til hafnar á Hornafirði skip, sem tekin hafa verið í landhelgi að meintum ólöglegum veiðum, og hefja þarf rannsókn málsins tafarlaust. Ég er þess fullviss, að sýslumaður Skaftafellssýslu hefur jafnan viljað sinna svo vel sem aðstæður leyfa þeim málum á Höfn, sem embættið varða. Gildir það jafnt um þann mann, sem nú gegnir embættinu, og um þá, sem áður hafa

skipað það sæti. En þrátt fyrir það hefur oft komið fram hjá Austur-Skaftfellingum og einkum íbúum Hafnarhrepps, að vegna mikillar fjarlægðar sýslumanns skorti nokkuð á, að honum sé auðið að veita á Höfn svo góða þjónustu sem skyldi. Það eru orðin allmörg ár síðan þetta mál var fyrst tekið til umr. í Austur-Skaftafellssýslu, og þessu máli hefur jafnan verið haldið vakandi þar í héraðinu síðan. Mér er kunnugt um, að sýslunefnd hefur gert sýslumanni grein fyrir þessu sjónarmiði heimamanna á Höfn, og mér er einnig kunnugt um, að hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur rætt þetta mál við sýslumann og borið fram ákveðnar óskir um aukna lögfræðilega þjónustu í Höfn. Um nálega 30 ára skeið hefur sá háttur verið á hafður í Austur-Skaftafellssýslu, að árlega hafa verið haldnir í héraðinu fulltrúafundir, þar sem rædd eru og gerðar ályktanir um ýmis málefni, er héraðið varðar. Margar samþykktir eru fyrir hendi frá þessum fundum, þar sem einróma hefur verið farið fram á, að löglærður fulltrúi sýslumanns Skaftafellssýslu hefði fast aðsetur á Höfn og starfaði þar eða komið verði á fót embætti sérstaks lögreglustjóra á Höfn. Fleiri hugmyndir hafa og komið þar fram um breytta skipan á þessu sviði.

Samkv. þessu frv. skal frá og með næstu áramótum leggja niður starf hreppstjóra í Hafnarhreppi, en í þess stað skal starfa þar lögreglustjóri, sem er lögfræðingur og fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Með þessu frv. eru því tekin til greina eindregin og margítrekuð tilmæli Austur-Skaftfellinga um aukna lögfræðilega þjónustu á Höfn. Ég hóf mál mitt á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að flytja þetta frv. Ég vil nú, áður en ég lýk þessu máli, víkja að því, sem ráðherrar hafa áður gert í því skyni að koma til móts við óskir Austur-Skaftfellinga í sambandi við þetta mál. Mér er einnig ljúft og skylt að minnast þess og þakka það. Á þeim tíma, þegar hv. 2. þm. Evfirðinga, Magnús Jónsson, gegndi embætti fjmrh. og hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, gegndi embætti dómsmrh., var fyrir þeirra atbeina og í samræmi við óskir frá mér og fleiri Austur-Skaftfellingum tekin upp fjárveiting til þess, að sýslumaður Skaftafellssýslu gæti ráðið til starfa við embættið löglærðan fulltrúa. Það var þá tekið fram, m. a. í grg. fjárlagafrv., að þetta væri gert með tilliti til aukinnar starfsemi á vegum embættisins í Austur-Skaftafellssýslu. Austur-Skaftfellingar gerðu sér vonir um, að þá væri miðað við, að fulltrúi sýslumanns hefði fast aðsetur á Höfn og starfaði þar á vegum sýslumannsembættisins, en þetta hefur ekki orðið svo í framkvæmd. Á þeim tíma, þegar hv. 2. þm. Reykv., Auður Auðuns, gegndi embætti dómsmrh., var þetta mál rætt á ný með sérstöku tilliti til aðstöðu og verkefna á Höfn. Það féll í minn hlut að eiga þær viðræður við þáv. ráðh. ásamt oddvita Hafnarhrepps og sveitarstjóra á Höfn. Þáv. dómsmrh., hv. 2. þm. Reykv., athugaði málið með velvilja og af góðum skilningi. Fyrir áhrif frá honum, þáv. dómsmrh., var komið á fóti á Höfn vísi að skrifstofu á vegum sýslumannsembættisins og þar valinn til starfa maður, sem unnið hafði m. a. sem lögregluþjónn, en hefur ekki lögfræðimenntun. Því miður hefur reynslan af þessari tilhögun á starfi ekki orðið svo góð sem vonir stóðu til. Og þannig er nú komið eftir tilttölulega stuttan tíma, að sá vísir að skrifstofu, sem búið var að setja á fót á Höfn, er því miður lagður niður og sú fyrirgreiðsla, sem þar var veitt um stuttan tíma, ekki lengur með því sniði. Fyrir því er að mínum dómi ríkari ástæða en ella væri til þess að stíga nú það skref, sem lagt er til með þessu frv., að tekið verði, og ég vona það og vænti þess, að samstaða verði hér á þinginu um samþykkt þessa frv.

Umr. frestað.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti Ríkisreikningurinn fyrir árið 1970 er hér til 1. umr. á hv. Alþ. í dag. Frv. til samþykktar á ríkisreikningi var lagt fram á síðasta þingi, en kom ekki til afgreiðslu þá og er því endurflutt nú. Reikningurinn var afhentur þm. í okt. 1971 fyrir 1. umr. á Alþ. um fjárlagafrv. árið 1972. Reikningurinn hafði þá verið afhentur yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til meðferðar. Þeir luku starfi sínu 2. maí á s l. voru, og var reikningurinn þá lagður fram til meðferðar Alþ., eins og áður segir. Vegna þess dráttar á afgreiðslu reikningsins þykir hér rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum við frágang ríkisreiknings almennt.

Með l. nr. 52 frá 1966 voru gerðar allmiklar breytingar á framsetningu ríkisreiknings og fjárl., er fólu m. a. í sér, að reikningnum var ætlað að gefa yfirlit yfir mun fleiri þætti ríkisfjármála en áður og sýna reikninga allra ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða ríkisins, annarra en banka og lánastofnana. Hin nýja framsetning hófst með gerð ríkisreiknings fyrir árið 1968, og frá því hefur reikningurinn verið lagður fram á Alþ. við 1. umr. fjárl. hins næsta árs án aths. yfirskoðunarmanna, er lokið hafa sínu starfi nokkru eftir áramót, og reikningurinn þá verið lagður fyrir Alþ. til afgreiðslu.

Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að hraða meira allri meðferð ríkisreikningsins, og þarf ríkisbókhaldið að ljúka frágangi ríkisreikningsins til Alþ. og yfirskoðunarmanna eigi síðar en í apríl eða maí eftir lok reikningsárs, þannig að yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, sem kjörnir eru af Alþ., geti afgreitt sínar aths. og úrskurði að hausti og Alþ. tekið afstöðu til reikningsins, áður en fjárlög fyrir næsta ár koma til meðferðar þess, og reikningurinn geti þar með orðið meiri stuðningur við fjárlaga-

afgreiðsluna en hingað til. Reikningsuppgjörið hefur stefnt í þessa átt, og er vonazt til þess, að unnt verði að leggja A-hluta reiknings fyrir árið 1972 fram á Alþ. nú í vor og B-hluta reikningsins í haust í þingbyrjun. Seinagangur í ársuppgjöri mjög marga ríkisaðila, bæði þeirra, sem tilheyra A- og B-hluta, hafa valdið þeim drætti, sem orðið hefur á framlagningu reikningsins af hálfu ríkisbókhalds. Hins vegar hefur aðstaðan að þessu leyti batnað verulega, eftir að ríkisbókhaldið tók upp þá þjónustu við ríkisstofnanir, er þess hafa óskað, að annast bókhald og ársuppgjör þeirra, er áður sinntu því sjálfar, margar hverjar við erfiðar aðstæður. Þessi þjónusta ríkisbókhaldsins hefur farið mjög vaxandi síðustu tvö árin og mælzt vel fyrir hjá þeim stofnunum, sem hennar hafa notið. Um 70 stofnanir hafa á síðustu rúmum tveimur árum gengið inn í þessa þjónustu ríkisbókhaldsins. Þess er að vænta, að sama þróun verði í bókhaldsmálum þeirra ríkisstofnana, sem eigi eru það stórar í sniðum, að eigin bókhaldsúrvinnsla henti betur. Í þessu sambandi má einnig geta þess, að undirbúningur að úrvinnslu bókhaldsins í skýrsluvélum hefur farið fram á vegum ríkisbókhaldsins, og er ætlunin að hefja úrvinnslu alveg á næstunni eftir kerfi, sem hentar öllum ríkisstofnunum. Þessi atriði eiga öll að stuðla að skjótari frágangi ríkisreikningsins af hálfu ríkisbókhaldsins, þannig að reikningurinn verði að vori hverju lagður fram á Alþ., þótt hann komi ekki til meðferðar þingsins fyrr en haustið eftir.

Við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1972, sem fram fór í okt. 1971, gerði fjmrh. grein fyrir helztu atriðum ríkisreikningsins fyrir árið 1970 og lagði jafnframt fram sérstaka grg. um sama efni til glöggvunar þm. á helztu atriðum um afkomu ríkissjóðs. Eigi er því nein ástæða til að fara nú mörgum orðum um þann ríkisreikning, sem hér liggur fyrir til samþykktar. Tekjur reyndust, eins og áður er fram tekið, 9 milljarðar og 800 millj. kr., gjöld 9 milljarðar 352 milli. kr. og rekstrarafgangur 448 millj. kr. Frv. til fjáraukalaga felur þetta og í sér.

Þá er rétt að víkja að aths. yfirskoðunarmanna. Aths. þeirra við ríkisreikninginn fyrir árið 1970 beindist að ýmsum þáttum í fjármálum ríkisstofnana og rn., sem þeir fengu fullnægjandi svör við eða gerðu till. um. Ákveðin atriði eru til athugunar í framtíðinni. Með till. þeirra í ríkisreikningi birtist einnig yfirlit um nefndafjölda og nefndarþóknun eftir rn. árið 1970, sem tekið var úr fjölrituðu hefti um það efni, teknu saman af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Yfirskoðunarmenn höfðu um nokkurt skeið óskað eftir slíkum upplýsingum, og slíkt fjölritað yfirlit fylgdi ríkisreikningi fyrir árið 1971, þegar hann var lagður fram á Alþ. s. l. haust. Er gert ráð fyrir, að þeirri reglu verði fylgt framvegis.

Af þeim málum, sem yfirskoðunarmenn spurðust fyrir um í aths. um ríkisreikninginn fyrir árið 1970, fjallaði eitt um kostnað við breytingu á húsnæði sjónvarpsins að Laugaveg 176 fyrir matar- og kaffistofu stofnunarinnar. Því máli vísa yfirskoðunarmenn til ákvörðunar og aðgerða Alþingis. Skal því hér gerð nokkur grein fyrir því máli, en nánari atriði um aths. yfirskoðunarmanna og svör við þeim er að finna í ríkisreikningi fyrir árið 1970.

Eins og kunnugt er, var hluti húseignarinnar á Laugavegi 176 keyptur fyrir skrifstofuhúsnæði og vinnudeildir sjónvarpsins, matar- og kaffistofu og lítill fundarsalur, ásamt tilheyrandi gögnum, geymslum og snyrtiaðstöðu, og var talinn 330 fermetrar eða nálægt 1000 rúmmetrum að stærð allar hæðirnar. Kostnaðaráætlun arkitekts við lagfæringar á þesssu húsnæði var 4 millj. 59 þús. kr. Var það án þóknunar verkfræðings og arkitekts, sem ekki var tekin með í þessa kostnaðaráætlun. Kostnaðurinn við breytinguna varð hins vegar tæpar 12 millj. kr. um mitt árið 1971 og er nú orðinn eitthvað yfir 12 millj., að því er bezt verður vitað. Orsakir þessa mikla kostnaðar umfram áætlun eru einkum taldar hækkun byggingarkostnaðar á því tímabili, sem endurbæturnar ná yfir, meiri endurnýjunarþörf húsnæðisins en áætlað var og hærri kostnaður vegna þess, að eigi hafði gefizt ráðrúm til nægjanlegrar undirbúningsvinnu, áður en til framkvæmda kom. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins leggja til, að mat á því fari fram af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, hvort vinna við þessar framkvæmdir hafi orðið óeðlilega dýr, og þar með verði tekin af öll tvímæli um réttmæti þeirra reikninga og framkvæmdakostnað allan, sem hér um ræðir. Sýnist eðlilegt, að Alþ. taki afstöðu til málsins á þessum grundvelli. Rétt er að vekja athygli á því, að eigi hafði verið leitað heimildar menntmrn. til þessarar sérstöku breytingar, enda taldi sjónvarpið þær endurbætur hluta af húsmálinu í heild.

Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr., nema tilefni gefist til, að gera hér frekari grein fyrir ríkisreikningnum fyrir árið 1970. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og verð að leyfa mér að biðja n. að vinna að framgangi málsins með nokkrum hraða, af því að það er svo seint á ferðinni sem raun ber vitni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Skólakerfi, frv. (þskj. 280). — Frh. 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er fagnaðarefni, að frv. um skólakerfi og grunnskóla skulu nú hafa verið lögð fyrir Alþ. En nokkuð skyggir það á fögnuðinn, að frv. skuli öðru sinni koma svo seint fram, að nú verður varla hægt að búast við endanlegri afgreiðslu þeirra, nema Alþ. taki vægt á málinu og athugi það ekki eins gaumgæfilega og er ástæða til. Bent hefur verið á með miklum rétti, að þessi frv. hafi verið óvenjulega vel og ítarlega undirbúin, en ég vil vekja athygli manna á því, að hversu vel sem embættismenn eða aðrir undirbúa frv. í hendur Alþ., getur slíkur undirbúningur aldrei

komið í staðinn fyrir eðlilega meðferð á þinginu. Alþ. hlýtur að líta öðrum augum á upplýsingar, aðstæður, óskir, kröfur og hagsmuni í landinu heldur en embættismenn, að öðrum kosti væri ekki þörf á neinu þingi.

Ýmsar fleiri ástæður munu gera erfitt að ljúka afgreiðslu málanna á þessu þingi. Ég vil t. d. benda á, að grunnskólafrv. leggur slíkar skyldur á herðar landshlutasamtökum sveitarfélaga, að það er með öllu óhugsandi að afgreiða skólafrv., áður en sett hafa verið lög um þessi landshlutasamtök. Enn hefur frv. um landshlutasamtökin ekki komið fram, og þar er um að ræða algerlega nýtt mál, nýtt viðfangsefni, sem ég býst við, að Alþ. muni ætla sér að vinna af vandvirkni, svo að ég er ekki bjartsýnn á, að því verki ljúki í vor, úr því að frv. hefur ekki séð dagsins ljós enn þá.

Þessi tvö frv. fela í sér margvíslegar og mjög mikilvægar breytingar á skólakerfi og skólaskyldu í landinu. Allur þorri þessara breytinga eru framfarir, sem hefðu þurft að verða fyrir löngu, og er því jafnmikill áhugi minn og annarra, sem um málið hafa rætt, að hraða afgreiðslu þess, ef þess er nokkur kostur og vissulega mega ekki aftur líða tvö ár, svo að lítið gerist í málinu, eins og nú hefur orðið, síðan það var fyrst lagt fram á Alþ.

Ýmsir virðast telja, að mikilvægasta atriðið í frv. sé lenging skólaskyldunnar í 16 ára aldur. Ég lít svo á, að lenging skólaskyldunnar sé aðeins eitt atriði í því sem er kjarni frv., en það er stóraukið jafnrétti ungs fólks á Íslandi til skólamenntunar. Lenging skólaskyldunnar þýðir ekki, að við tökum heilan árgang og bætum honum inn í skólana. 80% eða svo af 16 ára börnum eru nú þegar í skólum, og við lengjum skólaskylduna aðeins til þess að tryggja þeim, sem ekki sækja skóla á þessum aldri, jafnrétti, en við vitum, að þau börn eru fyrst og fremst í dreifbýlinu. Ég skil það vel, þegar skólastjórar segja, að þeir vilji heldur hafa 16 ára börnin af fúsum vilja í skólanum heldur en til þess neydd af skólaskyldu. Menn geta leyft sér slíkt í þéttbýlinu, þar sem þessi börn koma á skólabekk hvort sem er. En það er erfiðara hvað snertir hin. Það er líka deilt um lengingu skólaársins, og við heyrum mikið talað um, að íslenzk börn eigi að fá langt sumarfrí til þess að vera úti í náttúrunni, til þess að vinna í heyskap og aðra heilbrigða atvinnu. Þetta var gott, meðan það gat gengið. En þetta er rómantík liðinna tíma. Þær þúsundir barna, sem streyma út úr skólunum hér á Íslandi, þegar þeim lýkur á vorin, fá ekki atvinnu við heyskap eða saltfisk í sólskini. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að nútímaþjóðfélag, iðnvætt og tæknivætt, getur ekki tekið við þessum stóru aldursflokkum og veitt þeim arðbæra og holla atvinnu í nokkrar vikur. Það hlýtur því að fara svo, að skólinn verði að lengjast upp í það, sem tíðkast hjá flestum nágrannaþjóðum okkar. Við þurfum samt sem áður að gera stórauknar ráðstafanir til þess, að börnin hafi holl verkefni á sumrin, búa til fyrir þau hina rómantísku vinnu í stuttan tíma, jafnvel þó að hún sé ekki til á arðbæran og eðlilegan hátt.

Menn benda á námsleiða í þessu sambandi. Það er að sjálfsögðu hægt að lækna námsleiða með því að leggja námið niður. En ef það væri gert, er ég hræddur um, að það muni koma annar leiði í staðinn.

Ég lít svo á, að lenging skólaskyldunnar sé aðeins hluti af þeirri breytingu til aukins jafnréttis fyrir skólabörn á öllum aldri, sem felst í frv. Fyrst og fremst hefur verið rætt um nauðsyn á auknu jafnrétti barna eftir búsetu, og samkv. þessu frv. mun ýmislegt gerast, sem stefnir í rétta átt á því sviði. En ég vil benda á, að skólakerfi, tiltölulega ófullkomið skólakerfi, eins og okkar skólakerfi er þrátt fyrir allt, er miðað við einhvers konar meðalbörn, en eftir því sem tímar hafa liðið og fleiri af þeim börnum, sem fæðast, komast á legg, þá hefur þeim fjölgað, sem eru að einhverju leyti afbrigðileg frá þessu meðaltali. Og það er jafnmikið misrétti að pína barn, sem getur verið miklum hæfileikum búið á einhverju takmörkuðu sviði, í gegnum skólavél, sem er ekki fyrir það sniðin, eins og að láta barn á útkjálka landsins sitja heima. Á þessu sviði, að taka tillit til mismunar einstaklinganna og reyna að veita þeim skólagöngu, sem að einhverju leyti er sniðin við séröskir, þarfir og aðstæður barnanna, er verið að stíga stórt og þýðingarmikið skref með því frv., sem við höfum til afgreiðslu.

Það verður stóraukið jafnrétti til framhaldsnáms tvímælalaust.

Það verður stóraukið jafnrétti hérað með dreifingu valdsins á fræðsluskrifstofunum.

Það verður stóraukið jafnrétti í námsaðstöðu með því að koma upp bókasöfnum og öðru, sem þeim þarf að fylgja. Enda þótt bækur séu svo til á hverju heimili á Íslandi, eru þær ekki alls staðar, og það mun jafna aðstöðu barnanna að geta gengið að góðum bókasöfnum í skólunum.

Það verður stóraukið jafnrétti að auka akstur barna til og frá skólunum. Hefur mikið misrétti falizt í því að láta börnin vera e. t. v. tvær vikur heima og tvær vikur í skóla. Þau hafa orðið fyrir óþægindum og misst af ýmsu, auk þess sem þau hafa við þær aðstæður yfirleitt notið styttra náms en önnur skólabörn.

Og að lokum mun það verða mikið jafnréttisskref, þegar að því kemur, að hægt verður að láta börnin ljúka skólavinnunni í skólanum, þannig að þau geti komið heim að loknu dagsverki eins og annað fólk á heimilinu — að undanskilinni húsfreyjunni — og þurfi ekki að sitja fram eftir kvöldum við að vinna heimaverkefni, þegar aðrir hvílast. Við skulum þó gera okkur ljóst, að þetta er miklu stærra verkefni en nokkur virðist sjá fyrir í dag, og ég minni á það, sem einn hv. þm. benti á í umr. í gær, að þessu fylgir óhjákvæmilega, að börnin verða að fá aðstöðu til að borða a. m. k. eina máltíð í skólanum. Það ætti okkur Íslendingum ekki að þykja neitt fráleitt, því að við seljum þús. tonn af fiski í hádegisverð skólabarna í öðrum löndum.

Þetta, sem ég hef talið upp, er allt hið jákvæða. Þetta frv. stefnir í jafnréttisátt á sviði skólamálanna, í jafnréttisátt fyrir unga fólkið, sem á að njóta skólakerfisins.

Ég skal ekki eyða meiri tíma í að ræða um meginatriði frv. eða heildarstefnu þess, enda er ég henni í flestum aðalatriðum sammála, og um það hefur þegar verið allmikið rætt, heldur mun ég reyna að greiða fyrir því, að málið fái fljótan framgang með því að ræða um nokkur einstök atriði frv., sem ég tel, að verði að íhuga nánar bæði í n. og í d. þingsins.

Samkv. 11. gr. er gert ráð fyrir fræðsluráðum, sem eiga að starfa í héruðunum með fræðsluskrifstofum og fræðslustjórum. Gert er ráð fyrir, að í þessum ráðum verði 5 menn kjörnir af viðkomandi landshlutasamtökum. Þetta er gott og blessað og eðlilegt, en síðar í gr. er gert ráð fyrir því, að sérstök ákvæði skuli vera um fundasetu fulltrúa kennarasamtaka o. s. frv. Þarna er verið að skapa tvo flokka af fræðsluráðsmönnum, hina æðri og hina óæðri. Í hinum æðra flokki verða pólitísku fulltrúarnir frá landshlutasamtökunum. Í hinum óæðra flokki með takmarkaðan rétt verða sjálfir skólamennirnir, kennarar og skólastjórar. Ég legg eindregið til, að fræðsluráðin verði stækkuð upp í 7 menn og bætt verði við fulltrúum fyrir skólastjóra og kennara á hverju svæði. Við vitum, að sveitarstjórnirnar munu yfirleitt hafa tilhneigingu til að kjósa pólitíska menn í þessi störf. Sízt af öllu ætti að hallmæla pólitískum mönnum í þessari stofnun, en engu að síður tel ég, að það væri hollt, að fræðsluráðin væru blönduð fulltrúum sveitarfélaganna og fulltrúum frá kennara- og skólastjórahópum þeim, sem í hlut eiga. Þá vantar algerlega í 11. gr. ákvæði um skipun formanns í fræðsluráðin, og er auðvelt að bæta úr því.

Í 14. gr. er talað um fræðslustjóra og allt það, sem hann eigi að gera, m. ö. o. þau verkefni, sem vinna á í fræðsluskrifstofum héraðanna. Þau eru ærið mörg, talin upp í 8 liðum, en þó finnst mér, að það vanti þarna enn ný og mikilvæg atriði. Fræðsluskrifstofurnar í héruðunum þurfa að verða kennslufræðilegar miðstöðvar og einnig miðstöðvar fyrir hvers konar nýsi- og kennslutækni. Slíkar miðstöðvar eru til í öllum nágrannalöndum okkar, og það er byrjað að koma einni slíkri upp hér í Reykjavík. Ég tel, að það eigi að stefna að þessu, enda er það verkefni, sem hægt er að vinna smám saman, eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Í 17. gr. er talað um, að sveitarfélögum sé heimilt að ráða skólafulltrúa, ef þau vilja, og greiða kostnaðinn sjálf. Það er að vísu ekki mikil rausn að heimila þetta. En ég vil benda á, að þetta sakleysislega ákvæði skýlir því vandamáli, að nú þegar eru til fræðslustjórar og fræðsluskrifstofur í Kópavogi og Hafnarfirði, og það mundi vera skref aftur á bak, ef afnema ætti þær skrifstofur. Ég efast um, að sveitarfélögin mundu sætta sig við það. Mér finnst engin frágangssök, að sveitarfélög, sem hafa 10 þús. eða fleiri íbúa, geti haft fræðsluskrifstofur og fræðslustjóra, en ekki upp á sömu kjör og fræðsluskrifstofur kjördæmanna hvað kostnað snertir. Mér finnst, að ríkissjóður ætti að taka takmarkaðan þátt í kostnaði við þær skrifstofur, en þær eiga rétt á sér. Við skulum minnast þess, að t. d. Kópavogur eða Hafnarfjörður hafa fleiri íbúa en sum af kjördæmum landsins. Það geta líka skapazt vandamál vegna fjöldans, og ég tel, að það sé hægt án mikilla erfiðleika að leysa þetta vandamál.

Í 18. gr. kemur að skólanefndum, og þar er hið sama uppi á teningnum og með fræðsluráðin. Kennarar hafa mjög takmarkaðan rétt til aðildar. Þeir eru nefndir og þeir mega sitja fundi með málfrelsi og tillögurétti, en ekki fullum rétti. Ég held, að við ættum líka að stíga skrefið til fulls og láta kennara hafa fulltrúa í skólanefndum. Það mundi að minni hyggju vera í samræmi við þann anda skólalýðræðis, sem hefur einkennt hvert einasta frv. um skóla, sem gert hefur verið að lögum hér á Alþ um alllangt árabil. Það má segja það sama um skólanefndir og fræðsluráð, það mun gefast vel að blanda það lið og hafa annars vegar fulltrúa sveitarfélaga og hins vegar fulltrúum skólanna sjálfra úr hópi kennara, sem þar starfa.

Í 23 gr. stendur setning, sem Alþ. hlýtur að hnjóta um: „Röðun framkvæmda" — þ. e. a. s. framkvæmd við skólabyggingar — „miðist við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti rn." Ef þetta væri samþykkt, væri fjárveitingavaldi afsalað til einstaks rn., sem ég býst ekki við, að Alþ. geri. Það er óhjákvæmilegt, að ákvörðun um röðun framkvæmda verði endanlega í höndum Alþ., vonandi þó í formi skipulegra áætlana, sem vel hafa gefizt á öðrum sviðum.

Í 32. gr. er fjallað um skipun kennara og hefur einn ræðumaður þegar bent á þá keðju skriffinnsku, sem á að þurfa til þess, að einn kennari verði skipaður eða settur í starf einhvers staðar á landinu. Ef á þetta er litið, þegar skólastjóri talar við skólanefnd og skólanefnd talar við fræðslustjóra og fræðslustjóri talar við rn. og rn. auglýsir og kennaraefni sækir um til skólanefndar og skólanefnd veitir umsögn, skólastjóri veitir umsögn og fræðslustjóri veitir umsögn og rn. á loks endanlega að gefa út bréf upp á einn kennara, þá sjá menn, að skriffinnskan þarna, er orðin hlægileg.

Í sambandi við fræðslustjórana í héruðunum hefur verið nokkur deila um, hvort þeir eigi að vera menn sveitarstjórnanna eða menn rn. Ég er þeirrar skoðunar eindregið, að fræðslustjórarnir eigi að vera menn rn., þeir eigi að hafa tengsl við menntmrn. og vera í raun og veru hluti þess. Ef svo er, er miklu auðveldara að láta ákvörðun um kennararáðningu í hendur fræðsluráðs og fræðslustjóra, og það tel ég, að við eigum tvímælalaust að gera — og stytta þessa bréfakeðju. Deila má að sjálfsögðu á sama hátt um skipun skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, en á þessu stigi hef ég ekki kosið að gera við það athugasemd, og mætti sjá, hver reynslan yrði af því að flytja skipun kennaranna til, áður en tekin yrði ákvörðun um, hvort eitthvað svipað verður gert með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þó eru rök fyrir því, að rn. hafi með skipun þeirra yfirmanna skólastofnananna að gera, öllu sterkari.

34. gr. er mjög merkileg, því að þar er gert ráð fyrir, að menntmrn. skipi að fenginni umsögn skólanefndar skólaráðskonu við heimavistarskóla, þar sem 30 nemendur eða fleiri

samtímis eru í heimavist, m. ö. o. skólaráðskonurnar eiga að verða fastir ríkisstarfsmenn. Ég hef hlustað á skemmtilegar umræður á fundi í mínu kjördæmi um þetta, þar sem embættismaður hældi sér annars vegar af því, að hér væri um miklar framfarir að ræða, en skólastjóri í heimavistarskóla benti á, að ef einn boldangskvenmaður í eldhúsinu væri búin að fá fasta skipun sem opinber embættismaður, gæti hún gert skólastjóranum lífið gersamlega óbærilegt. Þetta var að vísu sagt meira í gamni en alvöru, og ég tek það ekki alvarlega. En ég ætla að spyrja um annað. Við vitum það, að skv. íslenzkri málvenju — og í þeirri málvenju felst töluvert meira en bara málvenjan — þá getur kona verið maður. Kona er t. d. alþm. En mig langar til að spyrja þá, sem standa að þessu frv.: Getur maður verið kona? Getur karlmaður verið ráðskona? Ef svo er ekki, þá er hér annað mál, sem þeir, sem vilja berjast fyrir réttindum karlfólksins, væntanlega undir forustu hv. 4. landsk. þm., verða að taka til höndunum við og reyna að hindra, að þarna sé búin til ríkisstaða, sem er eingöngu ætluð kvenþjóðinni, en karlmenn fá ekki að koma nálægt. Held ég, að ég þekki eitt dæmi þess, að karlmaður hafi annazt matseld í stórum heimavistarskóla, og er ekkert því til fyrirstöðu. Í þessu sambandi vil ég einnig benda á, að matseld, bæði fyrir hópa starfsfólks og skóla, er mjög mikið vandamál nú á dögum frá ýmsum hliðum séð, og ég vil minna á, að það er nýlega búið að samþykkja lög um hótel- og veitingaskóla, þar sem matsveinar og brytar hljóta menntun sína. Og ég vil gjarnan benda á, að rétt væri að íhuga um leið og þetta starf verður gert að föstu starfi, hvort ekki sé rétt að gera einhverjar kröfur um menntun. Það er til ríkisskóli, sem menntar fólk á þessu sviði, bæði með allítarlegri menntun og líka með skyndimenntun á námskeiðum.

Í 49. gr. er talað um, að til þess að hafa 8. og 9. bekk þurfi meðalfjöldi nemenda að vera 15 eða meira. Ég vil aðeins nefna það, að ég hef heyrt allmikla gagnrýni á þetta frá dreifbýlinu. Það getur staðið þannig á, að skólinn sé fyrir hendi og starfsmenn séu fyrir hendi, það þurfi ekki að leggja í aukakostnað, þó að bekkjunum sé haldið uppi. Ég legg því til, að þetta atriði verði endurskoðað, ef ekki afnumið.

6. og 9. kafli fjalla um ýmiss konar sérkennslu fyrir afbrigðileg börn, sálfræðiþjónustu og félagsráðgjafaþjónustu í skólunum. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel, að í þessum köflum felist réttlætismál, sem er eitt af stærstu framfaraatriðum í þessu frv. Við skulum að vísu gera okkur ljóst, að það mun taka nokkur ár að fá sálfræðinga og félagsráðgjafa, og við skulum líka gera okkur ljóst, að því verður víðs fjarri, að þessi mál verði leyst, þótt að sálfræðingar og félagsráðgjafar verði í öllum kjördæmum. En þetta er skref í rétta átt, nauðsynlegt skref og réttlætismál fyrir öll þau börn, sem eiga hlut að máli.

8. kafli fjallar um skólarannsóknir, og tel ég, að stofnun þeirrar deildar menntmrn. hafi á sínum tíma verið hið merkasta spor í alla staði. Þetta er að vísu eina starfsdeildin í rn., sem fjallað er um í þessum lögum, en það kann að vera, að ekkert sé við það að athuga. Hins vegar vil ég benda á, að skólarannsóknir hafa enn sem komið er takmarkazt við námsefnið sjálft og endurskoðun á því, sem vissulega er kjarninn í öllu skólastarfi. En ég vil koma því að, hvort ekki sé rétt, af því að skólarannsóknir fá nú víða stórfé með fastri prósentu af kostnaði við skóla, — ég hygg, að það séu um 25 millj. kr. á ári, — hvort ekki sé rétt að fela skólarannsóknum að kanna fleira en námsefnið, hvort ekki sé rétt, að haldið sé uppi rannsóknarstarfsemi varðandi kennslutæki og annað slíkt, sem skiptir nú meira máli með hverju ári. Og þá vil ég benda á, hvort ekki sé rétt að láta fara fram á vegum skólarannsókna athuganir t. d. á húsgögnum skólanna. Við, sem hér erum inni, þurfum oft að sitja fundi og m. a. oft í skólunum. Þegar ég hef setið fundi í barna- og gagnfræðaskólum, hefur mér oft orðið hugsað til þess, hvort þau húsgögn, sem þar eru, væru ekki hrein pyntingartæki fyrir unglingana og börnin okkar, sem eru 1/3 stærri en við vorum á þeirra aldri, og hvort það sé í samræmi við lífskjör Íslendinga í dag, að það skuli t. d. vera jafnstórir stólar og jafnstór borð í bekkjum, þar sem getur verið helmings stærðarmunur á nemendum. Menn þurfa ekki annað en að ganga að barnaskóla til þess að sjá þetta, ef það þekkir ekki hver og einn af eigin reynslu. Mér finnst ekkert fráleitt, að með svo miklum fjármunum láti skólarannsóknir fram fara eða stuðli að athugunum á svona hlutum. Ég veit, að það kunna að vera aðrir aðilar, bæði í einkaframtaki og á vegum þess opinbera, sem hafa meira með slíka hluti að gera, en skólarannsóknir ættu að koma hinu mannlega sjónarmiði nemandans til skila til tæknifræðinganna, sem framleiða þessa hluti. Ég tel, að skólarannsóknir ættu líka að taka þátt í því að búa til forskriftir að skólahúsum. Það eru aðrar deildir, — eitt sinn var í menntmrn. byggingadeild, en hefur nú verið flutt til, — sem annast teikningar að skólum og staðla þær, en ég tel, að það þurfi einhverjir aðilar, sem eru ekki arkitektar eða byggingarmeistarar að menntun, heldur eru skólamenn, að sjá skólabyggingar fyrir sér frá sjónarmiði mannfólksins, sem á að vinna í þeim, nemendanna og kennaranna. Þessir aðilar verða líka að láta í sér heyra varðandi undirbúning undir skólabyggingar, teikningar að þeim. Ég held, að það ætti að víkka verksvið skólarannsókna og a. m. k. koma að möguleikum til þess, að slíkt sem þetta yrði meðal þeirra verkefna, sem skólarannsóknir taka að sér. Nú vil ég geta þess, að skólarannsóknadeildin er sjálf mjög lítil, hefur 3 eða 4 starfsmenn, en hún hefur þann hátt á að ráða menn til að vinna sérstök verkefni. Kennarar fara e. t. v. úr starfi í 1/2 ár eða eyða hálfu starfi í heilt ár í að vinna ákveðin verkefni fyrir skólarannsóknir. Þannig starfa á vegum þeirra 60-70 manns að jafn-

aði. Með þessu sama kerfi væri lítill vandi með nokkrum tilkostnaði að vinna að verkum, sem ná út fyrir þann ramma, sem skólarannsóknir hafa helgað sér til þessa.

Í 10. kafla er fjallað um bókasöfn, og hann er vissulega ein merkasta nýjungin í þessu frv. Bókaþjóðin mikla er nú loksins að átta sig á því, að það eigi að vera bókasöfn í skólum. E. t. v. hefur tjónið ekki orðið mjög mikið vegna þess, hve bókaeign er mikil á heimilum. En það er ekki einhlítt, og það er vissulega til þess kominn tími, að lögð sé áherzla á að koma upp góðum bókasöfnum í skólum. Svo langt sem þetta nær, er þetta góð, merk og mikil gr.

En svo kemur 3. mgr. þar stendur: „Heimilt er með samþykki menntmrn. að koma upp deildum í skólabókasöfnum fyrir hljómplötur og hljómbönd til notkunar í skólanum og til útleigu innan skólahverfisins.“ Þeir, sem semja þetta frv., virðast sem sagt hafa orðið varir við, að það séu nú til hljómplötur og hljómbönd, en lengra nær ekki þeirra skilningur. ef dæma má eftir frv., í allri þeirri ótrúlega fjölbreyttu nútímatækni, sem notuð er við kennslu og í skólabókasöfnum nágrannlanda okkar, þar sem þessi mál eru komin á sæmilegan rekspöl. Og höfundar frv. hafa ekki látið sér segjast, þótt þeir hafi fengið mjög greinargott erindi um þetta frá Bókavarðafélagi Íslands. Það er prentaður hluti af því í bókinni, en því hefur ekki verið sinnt.

Nú á dögum verður skólabókasafn að hafa meira eða minna filmur, filmuræmur, tónbönd, plötur, litskuggamyndir, glærur og ýmist myndaefni, eftirprentanir, fjölritað efni og fleira slíkt, svo og tæki til þess, að börnin getið gengið að þessu efni og notað það. Við hugsum e. t. v. enn þannig, að þessi sýningartæki séu undraverkfæri, sem kennarar einir geti snert á, en það merklega í tækninni á þessu sviði nú á dögum er e. t. v. ekki furðutækin, sem fram hafa komið, heldur hitt, að litlu, venjulegu tækin eru orðin svo einföld og traust, að þau eru komin úr höndum kennaranna í hendur barnanna. Þar gera þau margfalt gagn.

Ég veit, að það mun reynast okkur ærið dýrt verkefni að koma upp skólabókasöfnum með bókum og blöðum einum saman. Það skiptir litlu máli, hvort við settum 25 eða 50 millj. kr. í það í dag. Það væri hægt að eyða því á skynsamlegan og góðan hátt. Menn kunna að segja: Er þá rétt fyrir okkur að setja markið miklu hærra með því að ætla okkur að gera þetta að almennum miðlasöfnum eins og tíðkast í skólum í löndunum í kringum okkur? Ég vil benda á, að við eigum ekki að setja upp skólabókasöfn, sem við vitum um leið, að eru orðin úrelt. Því meira fé sem við ætlum að setja í þetta verkefni, því meiri ástæða er til þess að gera bókasöfnin ekki þannig úr garði í byrjun, að þau verði orðin að forngripum eftir 3-5 ár. Þetta er ekki eins erfitt fjárhagslega og menn skyldu halda, vegna þess að það er nú þegar til í skólunum allmikið af hinum ýmsu tækjum, sem til þessara hluta þarf. Þau eru notuð í sumum skólum, en í öðrum ekki, en þau eru til. Og hér er aðallega um að ræða að sýna þá forsjálni að undirbúa skólabókasöfnin, sérstaklega hvað húsrými snertir, þannig, að hægt verði að láta þau þróast inn á þær brautir, sem þau eru komin á í öllum nágrannalöndum okkar.

Herra forseti. Það hefði mátt nefna fjöldamörg önnur atriði, sem ástæða er til að ræða um og atuga, en ég mun láta hér staðar numið að sinni. Ég hygg, að þessi fáu atriði, sem ég hef gert að efnislegu umræðuefni, ættu að nægja til að sýna mönnum fram á, að það er mikið að athuga og mikið að tala um enn í sambandi við þetta frv. Hitt er rétt, að þetta mál er þess eðlis, að það er hægt að halda áfram endurskoðun þess endalaust og finna á hverju ári nokkrar skynsamlegar breytingar. Við verðum einhvers staðar að draga línu.

Ég vænti þess, að Alþþ. láti þetta mál ekki fara um hendur sínar án þess að hafa athugað það gaumgæfilega, en með góðum vinnubrögðum og snörum handtökum kann að vera, að hægt sé að gera það fyrir lok þingsins.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það orkar ekki tvímælis, að það er vandasamt viðfangsefni að setja löggjöf, sem leggur grundvöllinn að undirstöðumenntun þjóðarinnar um komandi framtíð. Þetta viðfangsefni liggur nú fyrir hv. Alþ. í formi þeirra frv., sem hér eru til umr.

Þessi frv., sem hér eru flutt, eiga sér nokkuð langan aðdraganda og undirbúning, eins og lýst hefur verið. Ég vil lýsa því yfir, að svo vandasamt mál sem þetta ber fremur að gefa sér enn aukinn tíma til þess að skoða í öllum atriðum heldur en að flaustra því af nú á þeim stutta tíma, sem eftir er þessa þings, og fer það saman við skoðanir ýmisssa annarra ræðumanna, sem hér hafa þegar talað. Núgildandi fræðslulög frá 1946 eru orðin yfir aldarfjórðungsgömum. Þrátt fyrir það eru þau enn ekki komin til framkvæmda í öllum atriðum eða í öllum skólahverfum. Það hefur verið verðugt verkefni á undanförnum árum að sjá til þess, að gildandi löggjöf kæmi til framkvæmda og að þar bæru ekki einstakir hópar þjóðfélagsins skarðan hlut frá borði, eins og raun ber vitni um.

Þótt þau frv., sem hér eru til umr., yrðu lögfest á þessu þingi, er gert ráð fyrir því, að þau yrðu naumast komin til framkvæmda fyrr en að 10 árum liðnum. Grunur minn er sá, að þessi tími kynni að lengjast eitthvað, og er þar stuðningur við þá skoðun mína, sem ég hef lýst hér í upphafi, að við skulum ekki flaustra af málunum, við skulum skoða þau gaumgæfilega, og Alþ. verður að gera sér grein fyrir afleiðingum þess að samþykkja slík frv. í öllum greinum.

Þau sjónarmið, sem ég tel, að brýnast sé að hafa í huga við setningu slíkra laga, sem hér eru til umr., eru : Í fyrsta lagi, að fyllsta jafnréttis sé gætt milli þegna þjóðfélagsins, hvar sem þeir búa, og á milli nemenda þrátt fyrir mismunandi aðstöðu þeirra fjárhagslega. Í annan stað, að þess sé gætt, svo sem kostur er, að árangur skólastarfsins verði sá, sem til er ætlazt, ekki einasta að auka menntun þegn-

anna, heldur einnig menningu þeirra. Ég skal taka það fram, að eftir þessu frv. sýnist mér stefnan vera sú að gæta jafnréttis meðal þegnanna, bæði frá landfræðilegu og fjárhagslegu sjónarmiði, og er það vel. Ég lít hins vegar svo á, að leiðirnar að þessu markmiði geti orkað tvímælis og þar megi fara eftir fleiri vegum.

Í þessu sambandi vil ég lýsa því hér yfir, að ég efast mjög um, að sú lenging skólaskyldunnar, sem frv. fela í sér, sé heillavænleg. Og ég lýsi því enn fremur yfir, að ég tel, að lenging skólaársins sé varhugaverð. svo að ekki sé meira sagt, og skal ég reyna að styðja þessa skoðun mína nokkrum orðum.

Á undanförnum árum hefur það valdið vaxandi áhyggjum í þjóðfélaginu, hversu tengsl fólksins, sem er í skólum landsins — og þá ekki sízt æðri skólum — við atvinnulífið hafa farið þverrandi og að skólakerfið hefur sýnzt vera með því marki brennt, að það jafnvel verki í þá átt, að fólk fjarlægist atvinnuhætti þjóðarinnar. Í sambandi við lagasetningu af þessu tagi er nauðsynlegt að gefa því sérstakan gaum, hvernig megi ráða bót á þessu. Nú er það svo, að ef skólaár skyldunáms er lengt upp í 9 mánuði, þá sýnist mér, að þar sé verið að stefna í þveröfuga átt í þessu efni. Það er stefnt að því að halda nemendum á skyldunámsstigi inni í skólum svo lengi, að miklu minni tími gefst til en ella, að þeir geti kynnzt af eigin raun og tekið þátt í atvinnulífi þjóðarinnar til sjávar og sveita. En það er einmitt að minni hyggju stórkostlegt uppeldislegt atriði, sem jafnframt hefur þjóðhagslegt gildi. Það hefur verið eitt af einkennum skólakerfisins íslenzka, að nemendur hafa getað aflað sér tekna með því að stunda atvinnu að sumarlagi og staðið þannig sjálfir að nokkru undir þeim kostnaði, sem þeir leggja í við nám sitt. Með því að lengja skólatímann er mjög skertur sá tími, sem nemendum gefst til að afla sér tekna í þessu skyni.

Um lengingu skólaskyldunnar er það að segja, að mér sýnist það orka mjög tvímælis, hvort það sé til góðs. Er það víst, að fræðsluskylda sé ekki jafnheppileg leið? Því hefur verið haldið fram, að fræðsluskylda hafi brugðizt hlutverki sínu hér á landi, og það er tekið sem dæmi því til sönnunar, að nemendur í landinu, eftir að skólaskyldu lýkur, sæki ekki framhaldsnám nema sem svarar rúmlega 80% og að meiri hluti hinna 20% nemendanna sé úr strjábýli og smærri sjávarplássum. Þetta vilja þeir, sem leggja til, að skólaskylda verði aukin, taka sem sönnun fyrir því, að fræðsluskyldan hafi brugðizt. Ég er ekki á sömu skoðun. Fræðsluskyldan hefur að mínu mati brugðizt að þessu leyti vegna þess, að ríkisvaldið hefur ekki lagt fram nægilegt fé til þess að koma áfram skólabyggingum og skapa aðstöðu til þess, að fræðsluskylda gæti komið að notum. Það hefur ekki tekizt að koma upp nægum skólamannvirkjum í heimabyggðum nemenda, svo að þeir gætu með góði móti sótt skóla og aflað sér fræðslu eins og hugur þeirra hefur staðið til. Ef þessum þætti hefði verið hrundið í framkvæmd, ef ríkisvaldið hefði haft úr nægum fjármunum að spila og getað komið upp skólamannvirkjum úti um land, svo að þeirra væri hvergi skortur, þá hygg ég, að þessi mikli munur, sem kemur fram í aths. með frv. um skólasóka nemenda úr strjábýli og þéttbýli, væri ekki fyrir hendi.

Ég lít svo á, að sú skoðun, sem ég hreyfi hér um efasemdir og andmæli við lengingu skólaskyldu og skólaársins, sé engin hjáróma rödd. Í aths. með þessu frv. eru prentaðar umsagnir ýmissa aðila, sem fengið hafa frv. til meðferðar, og fjölmargir þessara aðila hafa gagnrýnt lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins. Ég vil einnig minna á það hér, að skólastjórafundur gagnfræðanámsins, sem haldin var á Reykjum í Hrútafirði 1971, andmælti lengingu skólaskyldunnar. Þar eru þó að verki menn, sem gerzt þekkja, og þar eru ábyggilega ekki menn, sem vilja veg unglinganna og námsferil þeirra illt hér á landi. Ég minni einnig á það, að á þingi Fjórðungssambands Norðlendinga á síðasta hausti var lengingu skólaársins sérstaklega andmælt. Það má heita undrunarefni, hvað margir skólamenn, sem ég hef hitt, hafa borið í brjósti miklar efasemdir og andstöðu við þá lengingu skólaskyldunnar, sem ráðgerð er í þessum frv., og meginorsökin til þessara skoðana skólamannanna sjálfra er sú, að þeir hafa orðið þess varir, hve kennslan gengur betur, eftir að skyldunámi sleppir. Það verkar ekki vel á unga fólkið, að því sé sagt fyrir um það, hvað það eigi að læra, hvenær það eigi að læra og hvað lengi það eigi að læra. Í röðum skólafólks á skyldu-skyldunámsstigi er jafnan nokkur hópur, sem tekur ekki slíkum fyrirmælum ofan að með jafnaðargeði. Þetta fólk myndar kjarna þess ungafólks í þjóðfélaginu, sem mest hefur borið á með uppreisnarhug gegn yfirvöldum, löggæzlu, jafnvel foreldrum og skólakerfinu í heild. Ég hygg, að þarna sé að miklu leyti að finna rótina undir þeirri uppreisnargirni, sem svo mjög verður vart hjá nokkrum hópi fólks. Þó að ég tali hér um þennan hluta unga fólksins, er sjálfsagt að láta það koma ljóst fram, að hér er ekki um að ræða nema fámennan hóp miðað við heildina. En sá hópur eitrar út frá sér, hann torveldar skólastarfið, og hann kemur af stað vandræðum síðar meir í þjóðfélaginu, eins og raun hefur borið vitni. Þarna er meginorsökin fyrir því, að skólamennirnir sjálfir, einkum á miðskólastigi, hafa margir látið það í ljós, að þeir telji lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins fremur til hins verra en hins betra. Hitt er svo augljóst mál, að ef ekki væri horfið að þessari leið, þá þarf að gæta þess, að fræðsluskyldunni sé við haldið og hún aukin, þannig að hún sé ekki orðin tóm, heldur geti nemendur allir, hvar sem þeir búa á landinu og án tillits til fjárhagsástæðna, sótt sér það nám, sem hugur þeirra stendur til, og valið sér námsbrautir og lífsstarf við hæfi.

Hv. 8. landsk., sem hér talaði næstur á undan mér, taldi, að það væri rómantík liðinna tíma, að börn og unglingar á skólaaldri þyrfu að kynnast atvinnulífi þjóðarinnar og gætu fengið störf við sitt hæfi á þessum tíma. Ég er honum alls ekki sammála. Ég lít svo á, að það sé ekki síður þörf á því fyrir börn og unglinga þéttbýlisins, en fyrir sömu aldursflokka úr strjálbýli að kynnast atvinnulífi og taka þátt í því frá blautu barnsbeini. Og ég hygg, að allir landsmenn viti,

hvað foreldrar í þéttbýli leggja mikið upp úr því að koma börnum sínum í snertingu við einhverja tegund atvinnulífs, þegar á unga aldri. Ég lít svo á, að ef ekki væri horfið að þeirri lengingu skólaársins, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þar með felldur niður nokkur kostnaður, sem þeirri lengingu skólaársins er samfara, mætti taka nokkra fjármuni til þess að auðvelda börnum og unglingum í þessum aldursflokkum að kynnast atvinnulífinu, efna til námskeiða og stofna sumarbúðir, þar sem þau gætu lagt hönd á plóginn í tengslum við atvinnulífið við sjó og í sveit, þjóðfélaginu til heilla og sjálfum sér til hagsbóta og sáluhjálpar.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þennan þátt málsins. Það er þó ljóst, að ef lengingu skólaskyldunnar væri hafnað og lengingu skólaársins hafnað, þá er viðhaldið í því kerfi, sem forsvarsmenn þessa frv. hafa kallað, að myndi gjá á milli skólaskyldunnar og framhaldsmenntunar í landinu, bæði í menntaskólum og sérskólum. Þarna er vitaskuld nokkur hnútur, sem þarf að leysa. En ef þetta stig fræðslukerfisins væri með þeim hætti, sem ég hef nefnt, að fræðsluskyldu væri viðhaldið, hygg ég, að nemendum væru brautirnar opnar. Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þennan þátt.

Ég hafði hugsað mér að drepa á nokkrar af einstökum gr. frv. Þegar hefur verið drepið á flest af því, sem ég hafði hugsað mér að ræða um. T. d. minnti hv. 8. landsk., sem talaði hér áðan, á bekkjardeildirnar, en það getur verið mjög bagalegt á einstökum stöðum, ef ekki fengist leyfi til þess að halda uppi bekkjardeildum á seinni stigum skyldunámsins fyrir færri nemendur en 15. Það hefur verið minnzt á það kerfi, sem ætlað er að koma upp af fræðsluskrifstofum, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, og þann þátt, sem í þessu kerfi er ætlað að vera fólginn um dreifingu valdsins í yfirstjórn skólamálanna. Í þessum þætti málsins er að mínu viti sérstök ástæða til þess að gefa því gaum, að kerfið sé ekki flækt um of og að með þessu sé ekki einungis verið að fjölga þeim þrepum, sem þarf að ganga upp í gegnum yfirstjórn fræðslumálanna, til þess að ákvarðanir verði teknar. Það þarf að greina, svo sem frekast má vera, á milli ákvörðunarvalds fræðsluumdæmanna, fræðsluskrifstofanna og fræðsluráðanna í héruðunum og rn. Þetta atriði hygg ég, að sú n., sem þetta frv. fær til meðferðar, ætti að taka til sérstakrar athugunar.

Einnig vil ég drepa hér á 24. gr. frv., sem hefur verið gagnrýnd í mín eyru. Þar eru birtar reglur um það, hvernig með skuli fara skiptingu kostnaðar á milli einstakra sveitarfélaga, sem mynda sama skólahverfi, ef ekki næst samkomulag. Og þar segir, að skiptingin skuli miðast við eftirfarandi meginatriði:

a. Íbúafjölda.

b. Tekjur sveitarfélaganna næstliðið ár.

c. Þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann.

d. Kennslustundafjölda samkv. námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélagsins miðast við.

Það, sem sérstaklega er við þetta að athuga, er b-liðurinn, að miða við tekjur sveitarfélagsins næstliðið ár. Allir, sem til þekkja í strjálbýli, vita, að þau tilvik geta komið, að einstök sveitarfélög, sem standa saman um byggingu samskóla og mynda eitt skólahverfi, geta hent þau tilvik, að mjög mismunandi þurfi að leggja á íbúana eftir sveitarfélögunum útsvör og önnur gjöld til sveitarfélags. Ef svo bæri t. d. við, að eitt af þessum sveitarfélögum þyrfti að kaupa jörð, sem ella lenti í höndum aðila, sem óæskilegt væri talið, og kosta til þess milljónum króna, þá gefur auga leið, að það þyrfti að afla sveitarfélaginu meiri tekna. Ef einhver sérstök óhöpp bæri að höndum, sem sveitarfélagið þyrfti sjálft að ráða bót á, þá þyrfti einnig að auka tekjur þessa sveitarfélags með þyngri gjöldum á þegnana. Og ef eitthvert sveitarfélagið er með á prjónunum sérstakar framkvæmdir af öðru tagi, sem kosta fé, þá gildir allt að einu hið sama. Það væri þá í hæsta máta óréttlátt að miða við þennan stofn. Miklu réttara er að miða við t. d. álagðan tekjuskatt, því að þar er grundvöllur fundinn, sem er hinn sami stofn fyrir alla aðila skólahverfisins og mismunar ekki sveitarfélögunum eftir þeirri aðstöðu, sem þau lenda í að öðru leyti. Og í síðasta lagi má benda á, að forráðamenn einstakra sveitarfélaga geta hagað álagningu sinni á þegnana með hliðsjón af þessari gr., ef hún stendur óbreytt, og hygginn sveitarstjórnarmaður mundi, ef fært væri, draga úr álögunum á þegnana og afla sveitarfélaginu minni tekna til þess að losna við að borga meiri hlut til samskóla. Ég hygg, að ég þurfi ekki að skýra það meira, sem mér finnst að þessari gr., og vænti, að hún verði tekin til athugunar við skoðun málsins.

Ég skal ekki víkja að fleiri gr. Það eru nokkrar fleiri, sem ég hafði í huga, en að þeim hefur þegar verið vikið af öðrum ræðumönnum.

Fram hefur komið, að talið er, að kostnaðaraukning við þá breytingu, sem fyrirhuguð er eftir þessum frv., sé 290 millj. kr. á rekstri skólanna. Hæstv. ráðh. sagði hér í fyrradag, að enginn vissi, hvað breytingin mundi kosta í stofnkostnaði skólanna. Ég hygg, að það séu harla óvenjuleg vinnubrögð að leggja frv. fram á Alþ., sem vitað er, að kosti slíka fjármuni sem þetta frv. og gera ekki tilraun til þess að leggja fram neinar áætlanir um það, hvað það muni kosta. Og ég tel það harla óliklegt, að frv. verði afgreitt, ef ekki verður gerð grein fyrir því, hvaða fjármuni það muni kosta ríkið á komandi árum, ef það yrði samþykkt. Það er vitaskuld eitt af þeim meginatriðum, sem hv. Alþ. þarf að taka tillit til við afgreiðslu stórmála, hvaða fjármagn þarf til þess að hrinda þeim í framkvæmd.

Ég skal ljúka þessum orðum mínum með því að segja, að fjölmargt í þessu frv. er að mínu mati til hins betra. Ég endurtek það, sem ég minnti á í upphafi, að jafnréttishugsjónin, sem fram kemur í frv., er í samræmi við eitt af þeim meginsjónarmiðum, sem samning slíks frv. hlýtur að verða að byggjast á. En sá grunur læðist að mér, að þótt þetta frv. væri afgreitt á þessu þingi, þá yrði jafnréttið viðurkennt að fullu á pappírnum, en hætt er við, að þegar því er lýst yfir, að ætla megi, að það muni taka a. m. k. áratug að ná því, að lögin yrðu framkvæmd, þá mundi enn sem fyrr hlutur þeirra, sem versta eiga aðstöðuna, liggja eftir og jafnréttið ekki

verða í raun mikils virði fyrir þá. Þennan ugg minn vil ég þegar láta koma fram og vænti þess, að reynt verði að synda fram hjá því, að þessi uggur minn reynist vera réttur, ef frv. verður afgreitt.

Ég lýsi því enn yfir, að höfuðtilgangur að öðru leyti en hvað jafnrétti snertir hlýtur að miðast við það að sjá til þess, að árangur skólastarfsins verði sem beztur, að þar verði sinnt mismunandi eiginleikum nemendanna, þeim gefist kostur á að búa sig undir fjölþætt lífsstarf og að með aukinni menntun fylgi aukin menning. Og aukin menning, hygg ég, að verði ekki síður tryggð með því að skapa fullnægjandi aðstæður fyrir nemendur til að sækja skólanám af frjálsum vilja með fræðsluskyldu, án þess að skólaskyldan sé lengd og skólaárið lengt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er mikið verk að lesa yfir frv. til l. um skólakerfi og grunnskóla, hvað þá heldur að kynna sér málið til nokkurrar hlítar. Í grg. frv. um grunnskóla segir, að það hafi raunar verið í smíðum síðan 4. júlí 1969. Það er því komið hátt á 4. ár. Þar hafa margir lagt hönd að verki, margvíslegra gagna verið aflað og umsagnir látnar í té úr ýmsum áttum um frv. í heild og ýmsa einstaka þætti þess. Nú er það lagt fyrir Alþ. í annað sinn.

Merkur skólamaður sagði í ræðu fyrir tæpum tveimur árum m. a.:

„Sumir stjórnmálamenn virðast allt fram á þennan dag hafa talið sér trú um, að menntamál séu nokkurs konar einkanöldursefni skólamanna, sem ekki komi alvörustjórnmálum við. Aftur á móti sé stórpólitíkin næstum eingöngu í því fólgin að halda hjólum efnahagslífsins gangandi með gengisfellingum og uppbótum á víxl, sem ekki skal út af fyrir sig vanmetið, enda hefur það verið höfuðviðfangsefni íslenzkra stjórnmála síðasta aldarfjórðunginn."

Það er rétt, sem þarna er að vikið, að oft vill það verða svo, að óþarflega mikið af þingtímanum eyðist í karp um alls kyns ráðstafanir í efnahagsmálum. Andinn verður að þoka fyrir efninu og bíða átekta um sinn, svo sem oft vill verða.

Það er ekki ætlun mín að ræða þetta frv. til l. um grunnskóla í löngu máli að þessu sinni. En örfá orð og aths. fannst mér rétt að láta falla nú þegar við 1. umr. málsins í hv. d., því að vel má fallast á það, sem segir í grg. frv., að vafasamt er, að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna. Og rétt er það, að tími virðist kominn til að endurskoða fræðslulöggjöfina. Svo sem kunnugt er, voru hin fyrstu fræðslulög samþ. á Alþ. árið 1907 og skólaskyldu komið á. Þau voru endurskoðuð 1926, 1936 og 1946. Hefði sennilega ekki verið úr vegi að halda því tempói áfram og endurskoða lögin á 10 ára fresti, þar sem bent hefur verið á í þessum umr., að löggjöf sem þessi þurfi í raun og veru að vera í stöðugri endurskoðun. Hitt er svo annað mál, að hversu góð og nýtízkuleg sem löggjöfin er á þessu sviði, þá veltur á miklu, hvernig á málum er haldið í framkvæmd, og kannske veltur þar á mestu.

Hæstv. menntmrh. gat þess í framsöguræðu sinni, að Íslendingar verðu um 3600 millj. kr. til skólamála í ár eða sem svaraði 16.8% af heildarútgjöldum fjárl. Hér er um mikið fé að ræða. Þjóðin leggur mikið á sig til að mennta og annast unga fólkið og uppeldi þess. Það er erfitt að segja, hvort þetta svarar kostnaði. Reynslan er þar ein til leiðbeiningar. En ekki fæst allt fyrir peninga. Manngildið verður ekki metið til fjár.

Einn af vinum minum, sem ég sendi þetta frv. til skoðunar og athugunar, endursendi mér það með svofelldri áritun á forsíðu: „Þetta frv. þarf að skoða sérstaklega með þarfir og getu dreifbýlisins í huga." Og þetta er hverju orði sannara. Það verður eitt af því erfiðasta að jafna aðstöðu nemenda til náms, hvar sem þeir eiga heima í landinu, svo sjálfsagt og óhjákvæmilegt sem það er.

Það er rætt um lengingu skólaskyldunnar upp í 9 ár. Ég verð að játa, að ég hef ekki enn öðlast sannfæringu fyrir því, að þar sé rétt spor stigið. Það er e. t. v. meðfram vegna þess, að ég þekkti og þekki svo margt sannmenntað og gagnmenntað fólk með litla eða nær enga skólagöngu að baki, sem hefur valdið þeim verkefnum, sem lífið hefur fært því í hendur, svo vel, að betur verður ekki gert, og tileinkað sér mikinn fróðleik og ómælda þekkingu á mörgum sviðum. En þá segja aðrir: Félagsleg þróun í nútímaþjóðfélagi er ör. Sú þróun kallar á sérmenntað fólk á æ fleiri sviðum. — Þessu er líklega ekki þægilegt að andmæla.

Þá er stefnt að því að lengja skólatímann árlega upp í 9 mánuði. Hér finnst mér einnig, að þurfi að athuga málið vel. Bæði um þetta atriði og hið fyrra vitna höfundar frv. mjög til hinna Norðurlandanna. Það fer að sjálfsögðu vel á því að skyggnast um borð og bekki hjá frændþjóðum okkar og nágrönnum að þessu leyti. Þó er bezt að hafa slíka athugun til hliðsjónar, en ekki eftiröpunar eða fordæmis nema þá að mjög vel athuguðu máli. Enn sem fyrr sýnist mér, að íslenzka þjóðin þurfi víðar að vinna en á skólabekkjum. Og það eru margir unglingar, sem vilja miklu heldur komast sem fyrst út í atvinnulífið, ef þeir hafa alla burði til, en sitja í skóla, sem þeir hafa engan áhuga á. Ég er nær viss um, að mörgum knáum strák fer eitthvað á þá leið, þegar hann ber saman skólann og hin fengsælu fiskimið, t. d. á Breiðarfirði, að honum finnist skólinn vera sem svartur hamar miðað við glampandi sjóinn. Hann kynni þá að hugsa eitthvað svipað og Jónas forðum á ferð sinni fyrir Ólafsvíkurenni:

„Hvort á nú heldur að halda
í hamarinn svartan inn,
ellegar út betur — til þín,
Eggert, kunningi minn?"

Það er hverjum manni hollt og lífsnauðsynlegt að hafa náin kynni af atvinnulífi þjóðar sinnar frá bernsku og æsku. Við lærum fyrir lífið, en ekki skólann, hefur oft verið sagt. Satt er það, að menn mega aldrei gerast skólaþrælar, en góður skólaþegn er sæmdarheiti á hverjum manni.

Í 2. gr. frv. þessa um grunnskóla segir m. a.:

„Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið."

Það er að sjálfsögðu margt athyglisvert og ágætt í þessu frv., sem of langt yrði upp að telja: Samfellt skólakerfi, jöfnun námsaðstöðu og menntunarjafnrétti, greiður menntavegur þeim, sem hann vilja ganga, svo að nokkuð sé nefnt. En ég ætla ekki í þessum fáu orðum að fjalla um einstakar gr. frv., þó að ástæða hefði verið til þess, en aðeins láta það verða mín síðustu orð að þessu sinni, að við uppeldi og fræðslu hinna ungu Íslendinga verði hér eftir sem hingað til lögð rík áherzla á það, sem þjóðinni hefur reynzt haldbezt á umliðnum öldum, þ. e. kennslu í kristnum fræðum og almennu siðgæði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til, þegar rætt er um svo yfirgripsmikið og fjölþætt mál sem hér er til umr., að eyða alllöngum tíma í að ræða það. Ég ætla þó ekki að þessu sinni að vera langorður um þetta mál, en vil samt þegar við 1. umr. víkja aðeins örfáum orðum að því og þó sérstaklega að tveimur atriðum þess.

Það er vissulega rétt, sem hér hefur verið sagt, að ég held af flestum hv. þm., sem til máls hafa tekið, að þetta mál er yfirgripsmikið og víðtækt. Skóla- og fræðslumál eru kannske sá málaflokkur, sem snertir hvað mest hvern og einn þjóðfélagsþegn hjá hverri einustu fjölskyldu í þessu landi, og það er því ekki lítils um vert, þegar fjallað er um slíkt mál og löggjöf sett, að vel sé til þess vandað og málið unnið eins og bezt verður á kosið. Ég held, að um undirbúning þessa máls megi segja, að hann hafi verið til fyrirmyndar. En þótt svo hafi verið, að málið sé vel í hendur Alþ. búið, held ég og vil undirstrika það, að það er síður en svo, að málið þurfi ekki að fá vandlega skoðun og meðferð hér í þinginu. Það má sjálfsagt alltaf um það deila, hvort nægilega hafi verið tekið tillit til sjónarmiða og reynslu þeirra manna utan þéttbýlissvæðanna, sem þessum málum eru gjörkunnugir. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé því miður of lítið að því gert að hafa einmitt þessa aðila með allt frá byrjun, þannig að fullt tillit sé tekið til sjónarmiða og staðreynda að því er varðar staðhætti utan Reykjavíkursvæðisins allt frá byrjun. Það á ekki við um þetta mál eingöngu, það á við miklu víðar.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að gerbreyta þyrfti fræðslukerfinu í landinu á þann veg, að það sé sem samrýmanlegast þörfum þjóðarinnar og þeim atvinnuháttum, sem við búum við, þ. e. að verkleg menntun í þágu atvinnuveganna í landinu væri aukin. Þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé ekki nein gerbylting að því er varðar skólakerfið, er þó, að ég held, flest af því, sem þar er, til bóta og margt mjög verulega. Þar má t. d. nefna dreifingu valdsins út í héruðin með tilkomu fræðsluskrifstofa og sérfræðiþjónustu og fræðslustjóra, sem ég held, að sé í raun og veru fyrsta raunhæfa skrefið, sem stigið hefur verið í þá átt að færa út frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar hið raunverulega vald og stjórnunarkerfi, og færi betur, að fleiri skref lík því fylgdu á eftir. Einnig mætti nefna rétt hinna smærri skóla, sem aukinn er með breyttum útreikningi skólakostnaðar, svo og að ráð er fyrir því gert, að ríkið greiði jafnóðum mánaðarlega sinn hluta af skólakostnaði, sem ekki hefur áður verið. Margt fleira mætti auðvitað nefna, en ég sleppi því að sinni.

Aðalerindi mitt hér í ræðustól var að gera að umtalsefni tvö atriði þessa frv., eins og ég sagði áðan, þ. e. lengingu skólaskyldu um eitt ár frá því, sem nú er, og árlega lengingu skólahaldsins. Mér er það mjög til efs, að stefnt sé í rétta átt með lengingu skólaskyldu. Námsleiði er þekkt orð og því miður verður kannske námsleiða vart í æ ríkara mæli. Það er vitað, að nokkur hluti nemenda, sem nú er skyldaður til skólagöngu í 8 ár, er af mismunandi ástæðum þess vanmegnugur að inna af hendi þá skyldu. Það er enginn vafi á því, að margir einstaklingar hafa beðið og bíða tjón bæði á sál og líkama af því að vera neyddir til að stunda nám svo og svo lengi, burtséð frá hæfni þeirra og getu til námsins.

Hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan, að það væri liðin rómantík, að unglingar ættu þess kost að fara, eins og han orðaði það, að ég held, út í sveitir og athafnalífið. Ég er ekki sammála þessum hv. þm. um þetta. Það má vera, að þetta sé liðin tíð hér á þéttbýlissvæðinu. En þetta er ekki liðin tíð í sveitum og í sjávarþorpum víðs vegar í kringum landið. Þar helzt enn sú rómantík, ef rómantík skyldi kalla, að æskufólk, unglingar allt frá 13 ára aldri, eigi þess kost að vera í nánum tengslum og náinni snertingu við það athafnalíf, sem er í kringum það, og það umhverfi og líf, sem það hrærist í hverju sinni.

Lenging skólaskyldu er, að því er ég bezt fæ séð, fyrst og fremst studd þeim rökum, að hingað til hafi um 82% nemenda á aldrinum 15-16 ára, þ. e. a. s. eftir að núverandi skólaskyldu lýkur, haldið áfram námi. Í mínum huga eru þetta ekki nægilega sterk rök til þess, að nú eigi að lengja skólaskyldu um eitt ár. Ég held nefnilega, að stór hluti þessara 82% nemenda haldi ekki áfram námi vegna námslöngunar, heldur vegna hins, og þar komum við aftur að hinni rómantísku hlið málsins, sem hv. 8. landsk. þm. talaði um, að hér á þéttbýlissvæðinu er í langflestum tilfellum ekki í annað hús að venda fyrir þennan aldursflokk en að fara í 3. bekk gagnfræðastigsins. Þessu er oft á annan veg farið í dreifbýlinu. Þar eru unglingar á þessu aldursskeiði í miklu meiri og nánari tengslum við atvinnulífið.

Og þá kem ég að síðara atriðinu, þ. e. lengingu árlegs skólatíma. Ég er einnig mjög efins um það, að árleg lenging skólatíma í 9 mánuði stefni í rétta átt. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að slíkt orkar enn meira til aukins námsleiða. Þó að nám sé að mínu mati gott og nauðsynlegt, er hitt eigi síður nauðsyn, að hver og einn eigi þess kost að vera í sem nánustum tengslum við það umhverfi, sem hann lifir og hrærist í, ekki þó sízt atvinnulífið í hinum ýmsu myndum þess.

Niðurstaða mín um þessi tvö atriði, þ. e. leng-

ingu skólaskyldunnar um eitt ár og árlega lengingu skólahaldsins, er því neikvæð. En hvað sem þessu líður, er rétt að hafa í huga, að löggjöfin sem slík sker ekki úr um það, hvernig til tekst. Það fer fyrst og fremst eftir því, hvernig til tekst hjá þeim, sem koma til með að framkvæma löggjöfina, framkvæma starfið. En verði þetta frv. grundvöllur að aukinni og hagnýtri menntun, menntun, sem ekki er svo til eingöngu miðuð við bóklegt nám, þá er vel. Hjá þjóð sem okkur Íslendingum, sem erum aðeins um 200 þús. manns, hlýtur það að vera takmörkunum háð, hversu miklum fjármunum þjóðin hefur efni á að ráðstafa til þessa. Það er því ekki lítils um vert, að fræðslukerfið sé sniðið og mótað þannig, að það sé sem samrýmanlegast þörfum þjóðarinnar og þeim atvinnuháttum, sem þjóðin býr við. Það ber því að mínu viti tvímælalaust að stefna að aukinni verkmenntun meðal þjóðarinnar, menntun, sem hingað til hefur að allt of miklu leyti verið vanrækt.

Ég sagði áðan, að ég skyldi ekki verða langorður um þetta mál. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður lýst, að margt eða allflest af því, sem frv. hefur fram að færa, stefni að mínu viti í rétta átt. En ég dreg mjög í efa, vægast sagt, að lengin skólaskyldu og árleg lengin skólahalds sé það, sem við þurfum fyrst og fremst á að halda á þessum tíma. Ég mælist eindregið til þess, að þau tvö atriði verði vel skoðuð, áður en málið verður endanlega afgreitt hér í þinginu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hafa verið haldnar margar góðar ræður hér, og ég skal ekki verða mjög langorður, vegna þess að það vill þá oft verða um endurtekningar að ræða. Þetta er viðamikið frv. og er hægt að tala lengi um það, en ég ætla ekki að gera það. Enda er vafasamt, hve mikla þýðingu það hefur, að við förum hér upp og teljum upp ótal atriði, sem okkur finnst að.

Það er búið að hafa mikið fyrir samningu á þessu frv. Það var víst samið fyrir 2—3 árum, eða jafnvel byrjað á því fyrr, og svo var frv. endurskoðað. Mér hefur skilizt, að 5 manna n. eða eitthvað slíkt hafi verið að ferðast um landið, halda fundi og ræða þetta við fólkið. Ég hef heyrt, að þeir hafi ýmsar aðfinnslur fengið á þessum fundum og margir hafi haft ýmislegt við frv. að athuga. En er árangurinn nokkur af þessum fundum? Hefur nokkurt tillit verið tekið til, þeirra aths., sem menn hafa verið að gera? Ég hef frétt, að það hafi verið haldinn fundur hér í bænum. Ég vissi ekki, hversu margir töluðu, hvort það voru 5, sem töluðu. En þá stóð upp einn ræðumaður og sagði, að unglingarnir mundu verða allþreyttir á náminu, eftir að vera búnir að sitja í 9 ár í skóla, ef ræðurnar, sem yfir þeim væru haldnar, væru ámóta skemmtilegar og hefðu verið hjá þessum mönnum, sem sömdu frv. Það mundi vera kominn allmikill leiði í þá. Menn koma á ýmsan hátt orðum að hugsunum sínum, eins og gengur.

Ég hef t. d. mjög mikið út á það að setja að lengja námstíma árlega, sérstaklega að gera það að skilyrði. Ég álít, að það þurfi að setja sérstakar reglur fyrir dreyfbýlið og þéttbýlið í þesssu efni. Ég skil það vel, að í kaupstöðunum geti foreldrar sætt sig við þetta, því að þeir eru í vandræðum með börnin, ef mæðurnar vinna úti, að geta ekki komið þeim í sveit, og það kostar sína peninga. Ég get trúað því, að þeim þyki gott að láta krakkana dunda þarna í 9 mánuði á hverju ári og kennarana líta eftir þeim. En það er bara allt annað viðhorf fyrir okkur í dreifbýlinu. Það er ekki hægt að telja mér trú um, að það sé nauðsynlegt fyrir unglingana að sitja í 9 mánuði í 9 ár til þess að læra þessi fræði, sem gerðar eru kröfur til, að þeir kunni, þegar þeir ljúka skyldunáminu. Menn læra ekki mest á því að vera langan tíma við nám. Menn læra mest á því að halda vel áfram, meðan þeir eru við það, og hafa góða kennslu. Á þeim skóla, sem við höfum haft, héraðsskóla í Austur-Húnavatnssýslu, veit ég ekki betur en yngri börnin hafi verið svona 3 mánuði í skóla á ári. Þau hafa verið heima til skiptis, viku- eða hálfsmánaðarlega, og átt þá að læra heima.

Þess er skilyrðislaust krafizt, að börnin séu í skóla, skilst mér, eða þá í viðurkenndum einkaskólum. En þau geta lært heima hjá sér. Í sveitinni t. d. geta foreldrar í mörgum tilfellum kennt börnunum heima. Það er miklu hagkvæmara nám fyrir ungu börnin en að vera í fjölmennum skólum. Svo á vitalega að gera kröfur til, að þau taki próf. Til hvers á að vera neyða fólk til þess að láta börn í 9 mánaða skóla, ef þess gerist ekki þörf? Það er auk þess orðið þannig með fólkshald í sveitinni, að ógerlegt er fyrir bændur að búa, ef unglingarnir fá ekki að vera heima vor og haust, þeir geta það ekki. Með vinnustyttingu og fleiri ráðstöfunum er búið að gera það þannig, að fólkið streymir frá þeim atvinnuvegum, þar sem það þarf að vinna 7 daga vikunnar, og vill vinna 4—5 daga. Bændur eiga ekki kost á að fá hjálp. Ef þeirra eigin börn hjálpa þeim ekki, geta þeir ekki búið. Ég held, að menntmn. ætti að athuga, að hið sama á ekki við í dreifbýlinu eða a. m. k. í sveitunum og jafnvel ekki í minni kauptúnunum eins og í stærri bæjunum.

Auk þess held ég, að það verði ekki til þess að örva námfýsi unglinganna að sitja 9 mánuði í skóla á ári. Það er þannig með manninn eins og dýrin, það er ekki ýkjamikill munur á sálarlífi þeirra, því hef ég oft tekið eftir. Það má vera, að við séum eitthvað greindari, en tilfinningalífið er ekki ólíkt. Það er þannig með mikla hestamenn, að þeir gera ekki gæðing úr hestinum með því að vera alltaf að kippa í tauminn og slá í hann, en þeir gera hestinn að gæðingi með því að láta hann sækja á. Ýmsir kennarar og skólastjórar hafa sagt mér, að það sé um þriðjungur af nemendunum, sem eigi mjög erfitt með að læra, þriðjungur sé sæmilegur, geti lært, og þriðjungur eigi létt með það. Þetta eru náttúrlega grófar tölur, en þetta hafa sagt mér menn, sem hafa fengizt við kennslu. En því á þá að vera að neyða þá, sem ekki hafa hæfileika í þessa átt, til þess að vera allt of lengi á skólabekkjunum? Við lifum ekki eingöngu á bóklegum fræðum, og sem betur fer eru einstaklingarnir hver öðrum ólíkir. Hugir einstaklinganna beinast í

ýmsar áttir, og þá á að lofa unglingunum að fara að starfa að því, sem þeir eru hneigðastir fyrir. Það þurfa allir að fá undirbúningsfræðslu, en svo á að lofa þeim að fara að leita að því starfi, sem þeir hafa mesta ánægju af, eða til þeirra atvinnugreina, sem þeir hafa mesta ánægju af að starfa við. Ég er því algerlega á móti því að gera það að skyldu, að unglingarnir séu svona lengi í skóla, og í öðru lagi vil ég, að það sé gerður meiri greinarmunur á dreifbýlinu og þéttbýlinu hvað þetta snertir. Ég vil, að það sé viðurkennt, að unglingarnir megi læra heima, ef þeir koma og ganga undir próf, þá séu þeir frjálsir að því, það sé gleggra tekið fram um það.

Eitt er það með heimangönguskólana, að tekið er fram í frv., að það eigi að gera sem mest að því að flytja börnin á milli. Ég sé ekki, að það sé nokkur hagspeki í þessu. Barnið þarf að borða, hvort sem það er heima hjá foreldrum sínum eða í heimavistarskólum, og þeir eru tiltölulega mjög ódýrir. Það er ekki lítill kostnaður við að flytja á milli. Bílstjórarnir taka taxtakaup. Þetta kostar stórfé, og annað það, að veðráttan í ýmsum landshlutum er þannig, að það er alls ekki neitt á sliku að byggja. Það er ekki þægilegt að ferðast með unga krakka í stórhríðum og ófærð, þannig að ég held, að það verði ekki neinn þjóðarhagur að því að flytja krakkana á milli daglega. Það fer meira en lítill tími í þessar milliferðir. Þar sem ég þekki til, er alltaf verið að flytja unglingana á milli. Ég held, að það sé alveg eins gott að lofa þeim að vera um helgarnar í skólunum, láta þau halda áfram að læra þann tíma, sem þau eru þar.

Ef námstíminn er ekki nema 6 mánuðir á vetri, má vera, að kennararnir þyrftu að kenna fleiri klukkutíma á dag. En það er þá hægt að bæta þeim það upp þannig, að þeir kenni færri mánuði. Þá geta þeir farið að vinna eitthvað annað.

Það má vel vera, að í bæjunum séu foreldrarnir fegnir, að börnin séu lengi í skóla. En við erum það alls ekki í sveitinni. Við viljum miklu heldur, að þau haldi sig betur að náminu, meðan þau eru við það, og tíminn sé skemmri.

Hv. 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, hélt hér ágæta ræðu áðan, og mér líkaði margt mjög vel, sem hann sagði. En hann kom lítið inn á fjárhagshliðina, hefur sennilega ekkert gaman af að tala um peningamál. En fjárhagshliðin er ekkert aukaatriði. Það er verið að tala um, að þetta auki kostnaðinn um nærri 300 millj. á ári, en það er í lausu lofti. Um þetta er ógerlegt að segja, fyrr en reynslan sker úr því.

Satt að segja er ég í miklum vafa um, að þetta frv. sé til nokkurra bóta frá fyrri lögum. Það má deila um þessar landsprófsreglur, hvort þær eru réttar eða rangar, og það er ósköp þægilegt að breyta þeim án þess að fara að umbylta kerfinu að meira eða minna leyti. Það má deila um ýmislegt viðvíkjandi því. En ég held, að það sé ekkert óeðlilegt, að eftir fullnaðarpróf sé unglingunum gert að skyldu að læra tvo vetur, en ég efast um, að það sé til bóta, að þeir bæti einum vetri við og menntaskólastigið styttist aftur um eitt ár. Sannleikurinn er sá með þessa blessaða stúdenta, þeir eiga að vera 9 ár í skyldunámi, 9 mánuði á ári, og svo 3 ár í menntaskólanum og koma svo úr menntaskólanum og kunna alls ekkert til þess að hafa sig áfram í lífinu, hafa varla vald á móðurmáli sínu. Þá eiga þeir fyrst að fara að búa sig undir lífið, læra þær greinar, sem þeir ætla að gera að lífsstarfi sínu. Er þessi tími ekki orðinn allt of langur, og er ekki komin þreyta í þessa blessaða unglinga? Og einkennilegt er það, að svo að segja allir afkastamestu menn í þjóðfélaginu hafa verið stutt í skóla. Það má nefnilega deila um það, hvort námsmenn tapa ekki meiru á þessari löngu skólagöngu en þeir vinna.

Þá koma blessuð ráðin, þessi endalausu ráð. Í kringum skólastjórana eiga nú að koma kennarafélög og aðstoðarskólastjóri, svo eiga að koma foreldrafélög, og ég held nemendafélög, og allir eiga þeir að skiptast á skoðunum við þessa vesalings skólastjóra. Það skrifaði einn skólastjóri ekki ólaglega grein um daginn í Morgunblaðið, heitir Oddur Sigurjónsson, gamall sveitungi minn, og var ekki beint orðfagur út í þetta. Hann kann betur við, hugsa ég, að fá að ráða einhverju um það, hvernig skólanum er stjórnað, sem hann er skólastjóri í. En það má öllu ofbjóða. Það er munur á, hvort þessir aumingja skólastjórar þurfa alltaf að vera að eiga viðtöl við einhver félög, fá einhverjar áminningar eða þeir eiga að ráða öllu. Það er sjálfsagt að hafa eftirlit með skólakerfinu. En það ætti þá ekkert síður að koma ofan frá en neðan frá. Svo eiga að koma aðstoðarskólastjórar og það eiga nú að vera sérreglur um þá, hvað kennsluskyldan á að vera mikil hjá þeim. Ég veit ekki um skólastjórann, hvort hann á að kenna, ef kennararnir eru fleiri en 10. Það er hægt að ganga of langt í þessu, að menn séu á einlægum fundum og ráðstefnum, en vinni lítið. Svo kemur grunnskólaráð, svo kemur sérstök skólarannsóknadeild í rn., og svo kemur sálfræðiþjónustan. Það er bara, að þessir sálfræðingar þurfi ekki helzt á sálfræðilækningu að halda. Ýmsir hafa sagt mér, að afskipti þeirra af fræðslumálunum væru lítið til bóta. Ég heyrði eftir Árna sáluga Pálssyni, að hann hefði sagt um einhvern sálfræðing, að það þyrfti heila deild á geðveikrahæli fyrir bara einn þeirra. Það er sjálfsagt að sýna börnunum nærgætni og nákvæmni, en það er búið að gera kennaraskólann að kennaraháskóla, þeir eiga fyrst að verða stúdentar, áður en þeir fá inntöku, og svo eiga þeir að vera 3—4 ár að læra, víst aðallega sálfræði. Ég hélt nú, að skólastjórarnir eða kennarar, sem útskrifast frá þessari virðulegu stofnun, ættu að vera búnir að læra eitthvað í sálfræði, þannig að ekki þyrfti að vera að kenna þeim sjálfum sálfræði eða segja þeim, hvernig þeir ættu að koma fram við börnin og unglingana. Ég held, að það mætti spara eitthvað af þessum ráðum og n. og ekki þurfi að búa til sérstaka skólarannsóknadeild í rn. Satt að segja er kostnaður við rn. orðinn alveg nógur. Ég held, að það nægði að hafa einn eftirlitsmann til þess

að fylgjast með þessu, það þyrfti ekki heila deild. Það væri hægt hafa þetta allt saman ódýrara og viðaminna. Þetta er ekki aðalatriði. En ég er í miklum vafa um, að frv. yrði nokkuð til bóta, og þetta að fara að lengja skyldunámsstigið og stytta svo aftur menntaskólanámið, er það ekki bara til að tefja um eitt ár fyrir þeim, sem vilja fara í eitthvað annað, og þurfa þeir ekki að taka mikið af þessu námi upp, t. d. í iðnskólunum. Þeir, sem fara í iðnaðinn? Og þeir, sem fara í sjávarútveginn, þurfa að læra vélstjórn eða læra að verða skipstjórar, og þá kemur sama námið, a. m. k. tungumálakennsla o. fl. að einhverju leyti.

Ég er í miklum vafa um, til hve mikilla bóta frv. er, og ákaflega vafasamt, hvað öll þessi blessuð ráð og nefndir gera mikið gagn. Það er sjálfsagt að hafa eftirlit með kennslunni, en það á fyrst og fremst að koma frá stjórnvöldunum. Það er hægt að hafa þetta ósköp einfalt. En ég vona, að n. athugi þetta. Þessu frv. liggur ekkert á, og væntanlega sofnar það á þessu þingi, þannig að það fer ekki gegnum báðar d., og þá er hægt að athuga það betur að vetri. En ég held, að það verði enginn vitur á því að sitja marga áratugi í skóla. Það hefur sjaldan orðið mikið úr mönnum, sem hafa hangið lengi í skóla. Það er betra að halda sig betur að náminu, meðan það er, og læra það, sem er nytsamt og þarft, snúa sér svo að því að starfa.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég sé nú, að það er nokkuð langt liðið á fundartíma, svo að ég verð sennilega stuttorðari um þetta frv. en ég ætlaði.

Í þessu frv. er, eins og hér hefur komið fram, margt nýmæla, sem horfa til mikilla bóta, og vil ég þá sérstaklega benda enn einu sinni, eins og hér hefur komið fram, á dreifingu valdsins, sem stefnt er að með frv. Á hitt er svo að líta, að margt í þessu frv. þarf skoðunar við og orkar tvímælis, enda er hér um að ræða viðamikla lagasetningu, sem er ætlað að eiga við ákaflega ólík skilyrði í skólamálum eftir því, hvar er í landinu. Til þess að gera hv. d. örstutta grein fyrir því, hversu ólíkar aðstæður eru í þessum efnum, vil ég aðeins gera hér grein fyrir nokkrum tölum í þessu sambandi út af skólamálum á Norðurlandi, sem ég hef aflað mér. Þar í fjórðungnum eru 53 barnaskólar, og þar af eru 47 fastir skólar, 17 heimavistarskólar og 6 farskólar. Í barnaskólum fjórðungsins eru 4259 nemendur. Aðeins 8 af barnaskólunum hafa yfir 100 nemendur og fasta bekkjarskipun. Allir aðrir skólar hafa 2—3 aldursflokka saman í bekk. Í þessum skólum starfa 173 fastir kennarar, og af þeim eru 22% réttindalausir. Stundakennarar eru 103. Í fjórðungnum starfa 18 unglingaskólar, og eru þeir allir í tengslum við barnastigið og undir sömu stjórn. Þar eru aðeins 4 miðskólar, en þeir eru á Hvammstanga, Skagaströnd, í Lundi og að Hrafnagili. Fjögurra vetra gagnfræðaskólar eru níu talsins, þar af eru fimm í kaupstöðum, einn á Blönduósi, einn á Dalvík og tveir héraðsskólar. Fjöldi nemenda í bekkjardeildum gagnfræðastigsins er í 1. bekk 722 nemendur, í 2. bekk 661 og í 3. bekk 600, þannig að í þeim bekk, sem verður 9. bekkur grunnskóla og menn hér hafa talið, að þyrfti að lengja skólaskyldu til að fá fleiri nemendur í, virðast vera svo til jafnmargir og í 2. bekk. Þar kann að vera um misjafna tölu í árgöngum að ræða, sem ég hef ekki tiltæka hér, sú skýring kann að vera á þessu.

En það, sem ég fyrst og fremst vildi gera að umræðuefni, áður en mál þetta færi í n., var einmitt lenging skólaskyldunnar. Í grg. frv. er þannig komizt að orði, að enn sem fyrr sé miðað við það meginatriði, að skólaskylda skuli vera 9 ár, eða á aldrinum 7—16 ára. Forsendur fyrir lengingu þessari fundust n. vera ótvíræðar. Við athugun kemur í ljós, að um 82% unglinga stunduðu nám í 3. bekk gagnfræðaskóla árið 1968—1969, sbr. fskj. 2, en þetta hundraðshlutfall hefur hækkað lítillega síðan. 3. bekkur gagnfræðastigs er sami bekkur og kemur til með að verða 9. og efsti bekkur grunnskóla. Svo segir hér, með leyfi forseta: „Við athugun kemur í ljós, að hlutfallslegur meiri hluti þeirra er búsettur í dreifbýli“, þ. e. a. s. 18%, sem ekki koma til náms í 9. bekk eða 3. bekk, eins og nú er, „ýmist sveitum eða smærri sjávarþorpum, þar sem þessi bekkur er ekki fyrir hendi. Af því m. a. dregur n. þá ályktun, að hér þurfi að gera þjóðfélagslegt átak til úrbóta.“

Nú er það út af fyrir sig gott og blessað, að það liggi ljóst fyrir, að meiri hl. af þessum 18% unglinga sé úr strjálbýli. En hitt hefði verið æskilegra, að það hefði komið glöggt fram, hvort einhver verulegur hluti af þessu fólki, bæði í þéttbýli og strjálbýli, væri þannig af guði gerður, ef svo mætti segja, að það hefði ekki erindi í þennan bekk. Það hefði og gjarnan mátt fylgja þessu meiri grg. um það, af hvaða ástæðum þessi 18% sækja ekki þennan bekk. Þá hefði að mínu viti verið meiri grundvöllur fyrir því, að hv. Alþ. gæti tekið raunsæja ákvörðun um það, hvernig ætti að snúast í þessu máli, því að það getur verið, sé einungis um að ræða, að hér sé vandamál, sem fyrst og fremst varðar strjálbýlið, að hægt sé að taka á þessu með öðrum hætti en þeim að lengja skólaskylduna einfaldlega um eitt ár. Í því sambandi vil ég líka minna á það, að í þessu frv. eru settar nokkrar skorður við því, hversu litlar skólaeiningarnar megi vera, og það er mjög mikið vandamál víða í strjálbýlinu, þ. e. a. s. skorður eru settar að því leyti til, að ríkið tekur ekki nema tiltekinn þátt í þeim skólaeiningum, sem verða minni en um getur í frv., og er talan 15 í bekkjardeild nefnd þar sem lágmark. Þetta veit ég, að yrði mjög mikið vandamál víða í strjálbýlinu og mundi, eins og frá frv. er gengið, leggja verulegar fjárhagsbyrðar á herðar þeirra litlu sveitarfélaga, sem að þessum skólaeiningum standa, ef ekki er sett undir þann leka, áður en frv. verður afgreitt. Þess vegna finnst mér, að það sé dálítið vafasamt, að þetta frv. sé eins mikill akkur fyrir strjálar byggðir og margir vilja vera láta. Ég vil undirstrika það, og taka skýrt fram, að mér finnst hugsjón þeirra ákaflega góðra gjalda verð og tek undir hana heils hugar. Við eigum auð-

vitað að reyna að gera þetta frv. þannig úr garði, að sem allra mestur jöfnuður verði til náms í landinu, bæði eftir efnum og ástæðum fólks og eftir búsetu. Hitt er svo annað mál, að við þurfum að gaumgæfa það, hvort við erum í raun og veru að vinna að þessu marki, sem við erum að setja. Þegar það er fyrst og fremst talið, að forsenda fyrir þessu ákvæði um lengingu skólaskyldunnar og lengingu árlegs skólaárs sé jafnréttisatriði fyrir strjálbýlið, finnst mér, að við eigum að staldra við og spyrja: Hvernig gætum við náð þessu marki á annan hátt, ef við *vildum ná því* að jafna aðstöðu þeirra, sem í strjálbýlinu búa?

Ég vil enda mál mitt með því að spyrja hæstv. menntmrh. eftir því, hvort farið hafi fram gaumgæfileg athugun á því, af hvaða ástæðum 18% af unglingum koma ekki í 3. bekk, hvort þar sé um að ræða athugun, sem sýni, að svo og svo margir komi ekki í 3. bekk vegna þess, að þeir eigi ekki erindi í 3. bekk af gáfnaástæðum, þ. e. a. s. þá skorti námsgetu til þess, eða þar komi til efnahagur eða búseta. Ég hefði gjarnan viljað, að gaumgæfileg athugun á þessu atriði væri fyrir hendi, vegna þess að þetta er í frv. alger forsenda fyrir því, að okkur er ætlað að samþykkja lengda skólaskyldu á Íslandi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að fagna því, að hér hafa farið fram málefnalegar og itarlegar umr. um þetta mikilsverða mál. Eins og gefur að skilja hefur margt borið á góma, þegar svo umfangsmikil þskj. eru til umr. og frv. um grunnskóla, og ég hef að sjálfsögðu ekki tök á því að gera viðhlítandi skil nema nokkrum hluta þeirra atriða, sem fram hafa komið í umr.

Ég vil hefja mál mitt með því að víkja að nokkrum smáatriðum, kannske aukaatriðum, sem mér finnst þó ekki hægt að víkjast undan að drepa á. Vil ég sérstaklega nefna, að í ræðu hv. 9. landsk. þm. var því haldið fram, að a. m. k. einhverjir af þeim, sem stóðu að því að endurskoða frv. um grunnskóla, hugsuðu það sem undirstöðu róttækrar byltingar, a. m. k. í skólakerfinu, ef ekki í þjóðfélaginu. Hv. þm. ætti ekki að getast illa að orðinu róttækur. Hann hefur, að ég bezt man, sjálfur borið fram stefnu, sem hann vildi kalla róttæka íhaldsstefnu. En það er nú ekki aðalatriði málsins, heldur að hann virðist hafa algelega misskilið þau ummæli, sem einn af nm. í grunnskólanefnd viðhafði í blaðaviðtali, þegar hann heldur því fram, að þar sé boðuð róttæk bylting. Orðrétt — með leyfi hæstv. forseta — sagði hv. þm. svo: „Mér til nokkurra vonbrigða kom fram í blaðaviðtali nú í síðustu viku við einn ágætan nm., sem vann að undirbúningi þessa frv., að hann liti svo á, að frv. fæli í sér mjög róttæka byltingu". Þessi nm., Ingólfur Þorkelsson kennari, segir í blaðaviðtalinu, og er þar að svara ádeilu á frv. og þann *málatilbúnað*, sem í því felst, — hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hann er gerbyltingamaður, það erum við ekki. Við viljum róttækar breytingar, en ekki gerbyltingu." Hér er því um misskilning að ræða á viðhöfðum ummælum.

Annað atriði í ræðu hv. 9. landsk. vil ég einnig gera hér að umtalsefni sérstaklega, þar sem hann viðhafði þau orð, að hyggilegt hefði verið að gefa þm. kost á að fylgjast betur með gerð frv. en raun hefði á orðið. Ég vil vekja athygli á því, að allir kynningarfundir, sem haldnir voru um frv., áður en þau voru lögð fram á þingi, voru rækilega auglýstir opinberlega, og á ýmsa þessa fundi úti um land komu þm. hlutaðeigandi kjördæma. Fundurinn í Reykjavík var ekki sízt auglýstur, en þangað sá ég engan þm. búsettan í Reykjavík koma og hlýða á mál manna. En þetta er, eins og ég sagði, aukaatriði.

Meginatriðið er að sjálfsögðu, hvort menn telja, að rétt sé stefnt í meginatriðum með þeirri stefnu í skólamálum, sem mótuð er í þessum tveimur frv. Mér til mikillar ánægju hefur komið í ljós, að mikill meiri hl. ræðumanna telur, að þar sé rétt stefnt og það sé orðið tímabært að gera þær breytingar á íslenzku skólakerfi, sem miðað er að með þessum frv. Þær breytingar eru, eins og ég sagði í framsögurræðu minni, aðallega tvíþættar. Annars vegar er um það að ræða að tryggja sem bezt jafnrétti nemenda í öllum landshlutum til að geta stundað nám að því marki, sem veitir þeim rétt til inngöngu í framhaldsskóla. Þetta er höfuðatriðið, að brúa bilið milli skyldunáms og framhaldsnáms. Höfuðatriðið er ekki svo og svo mörg námsár eða svo og svo margir námsmánuðir á hverjum námsvetri, heldur að grunnskólinn, hinn almenni skóli, veiti hverjum þeim, sem um hann fer, réttindi til þess, þegar að því námi loknu eða síðar á ævinni, að setjast í framhaldsskóla til að afla sér sérþekkingar og framhaldsnáms. Þetta er kjarninn í jafnréttisákvæðum frv. Það er að margathuguðu máli niðurstaða þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað. Ef við Íslendingar ætlum að halda okkar skólakerfi, bæði almennu fræðslunni og sérmenntuninni, á því stigi, sem nútíma þjóðfélag krefst og krafizt er í þeim þjóðfélögum, sem við erum skyldastir og berum okkur helzt saman við, sleppum við ekki með skemmra skólahald en ráð er gert fyrir í þessum frv., ef við ætlum að skila út úr skyldunáminu nemendum fullfærum um að takast á við sérnám. Hér koma til námskröfur í ýmsum greinum. Sérnámið verður æ sérhæfðara. Okkur er því nauðugur einn kostur, ef á að skila úr skyldunáminu nemendum færum um að takast á við auknar námskröfur í þeim greinum, sem mestu skipta í *nútímaþjóðfélagi*. Fyrir okkur *Íslendinga er þetta* sérstaklega torvelt vegna þess, að við verðum smæðar okkar vegna að vera miklu háðari erlendu námsefni í ýmsum sérgreinum en aðrir. Þess vegna verðum við að hefja kennslu í erlendum tungumálum fyrr og leggja meiri áherzlu á hana en flestir aðrir. Þetta er óhjákvæmilegt, eins og aðstaða okkar er. Þetta er að sjálfsögðu eitt af atriðunum, sem valda því, að til þess að úr skyldunáminu komi nemendur undir framhaldsnám búnir, þurfum við að lengja skólaskylduna frá því, sem nú er.

Í þessu sambandi er því haldið fram, einnig af sumum hv. þm. hér, að það sé óþarfi að lengja skólaskylduna, það nægi að koma á fræðsluskyldu, þar sem betur sé fyrir því séð, að fræðsluskilyrðin séu fyrir hendi. En þá komum

við að því, við hvað á að miða þessi fræðsluskilyrði. Er eðlilegt við þau skilyrði, sem ríkja á Íslandi, að ríki og sveitarfélög komi upp byggingum og annarri aðstöðu, sem til skólahalds þarf, í rauninni eftir getgátum. Við erum þannig settir, að til þess að verja fénu, sem við höfum til fræðslumála, á sem hagkvæmastan hátt, þurfum við að þekkja nokkurn veginn fjölda þeirra nemenda, sem við þurfum að miða við. Þar getum við ekki leyft okkur mjög mikið óvissurúm. Þó að talað sé um, að hægt sé að koma upp fræðsluskilyrðum úti um landsbyggðina án skólaskyldu, er það bjargföst skoðun mín, að fjárveitingavaldið, jafnt hér á Alþ. og í sveitarfélögunum, ræðst ekki í það upp á von og óvon að leggja fram það fjármagn, sem til þarf. Við verðum að vinna markvisst að þessu máli ekki síður en öðrum.

Hæstv. forseti. hefur farið þess á leit við mig, að ég fresti máli mínu og verð ég að sjálfsögðu við þeirri ósk. — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Fimmtudaginn 1. marz, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í morgun var tilkynnt um eina mestu hækkun á landbúnaðarvörum, sem orðið hefur. Mjólk hækkaði í morgun um 6.15 kr. hver lítri, rjómi í fjórðungshyrnum um 6.10 kr., smjör um 53.50 kr. kg, ostur 45% um 43 kr. kg, súpukjöt um 31.90 kr. kg og kartöflur um 17.50 kr. 5 kg poki. Engin fullnægjandi skýring hefur verið gefin á þessum hækkunum samhliða tilkynningunni um verðbreytinguna, en þessar hækkanir munu hækka vísitölu um rúmlega 3.5 stig, og þessa 3.5 stiga vísitöluhækkun verða launþegar að bera bótalaust í 3 mánuði. Það gefur auga leið, að sú kauphækkun, sem einnig varð í dag almennt hjá launþegum í landinu, mun að verulegu leyti hverfa, eyðast, vegna þessara hækkana á íslenzkum landbúnaðarafurðum. Og af þessari 3.5 stiga hækkun á vísitölunni munu launþegar eftir 3 mánuði aðeins fá bætt 2 stig. 1½ stig verða þeir samkv. gildandi reglum að bera bótalaust til frambúðar. Ég vil af þessum sökum leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh., hvort hann sé fús til að gefa skýringar á þessum hækkunum og hugsanlegum fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. þm. Reykv. er mér ljúft að verða við því að gefa skýringar á því, sem liggur til grundvallar þessum hækkunum.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að engin breyting hefur verið gerð á verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Það varð að samkomulagi í 6 manna n., að breyting skyldi ekki verða gerð nú, fyrst samkomulag náðist um aðra liði, sem þar var fjallað um, en það þýðir, að sú grundvallarbreyting, sem réttur var til að framkvæma s. l. haust, verður ekki gerð fyrr en á næsta hausti.

Ástæðan til þeirra hækkana, sem hér er á ferðinni, er því framreikningur á þeim verðlagsgrundvelli, sem búvöruverðið byggist á, og skiptist það í stuttu máli þannig, að kjarnfóðurliðurinn gerir 1.3% af hækkuninni, viðhald og fyrningar 0.2%, kostnaður við vélar 0.5%, flutningskostnaður 0.8%, annar kostnaður 0.6%, rafmagnskostnaður 0.1% og launaliður 7.9%, og er það aðalhækkunin, en það er í samræmi við þá hækkun, sem verður á launum í dag, grunnkaupshækkun og vísitöluhækkun.

Þá vil ég einnig geta þess, að niðurgreiðslum hefur verið breytt í það horf, sem ákveðið var við fjárlagaafgreiðsluna að niðurgreiðslur standa eins og þær voru til 1. des., en felldar niður þær bráðabirgðaniðurgreiðslur, sem þá voru teknar upp, sem voru 2.48 kr. á lítra mjólkur fram að áramótum, — 48 aurar til viðbótar 15. jan., — og einnig 3.97 kr. á kg af 1. flokks kindakjöti. Aðrir liðir eru smærri.

Þá hefur hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði verið reiknuð 87 aurar, og er þá um að ræða fyrst og fremst hækkun á launalið.

Þessar skýringar vona ég, að séu fullnægjandi fyrir hv. fyrirspyrjanda, enda eru hér sögð þau atriði, sem verðhækkunin byggist á.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera ekki mjög langorður. Ég vil aðeins segja, að það er alveg augljós skýring á þessum hækkunum, sem hefur orðið á landbúnaðarvörum. Það er dýrtíðin og verðbólguskrúfan. Bændur búa við sama verðgrundvöll og lagður var 1970, með samkomulagi 1. sept. það haust. Sá grundvöllur átti að gilda í tvö ár og endurskoðast 1. sept. s. l. En þegar brbl. voru gefin út á s. l. sumri, létu bændur það gott heita ásamt launastéttunum. Brbl. giltu til síðustu áramóta, en bændur hafa beðið með þögn og þolinmæði til 1. þ. m. Verðlagið hefur verið reiknað út og verðbólguskriðan, sem orðið hefur vegna stjórnleysis í landinu, veldur þessum miklu hækkunum, það er augljóst mál. Það er vísitöluskrúfan og stjórnleysið í landinu, sem þessu veldur. Ég er alveg viss um, að hv. 7. þm. Reykv. áttar sig á því. Það lítur ekki vel út í dag með efnahags- og atvinnumál. Fróður maður hefur reiknað út, að fjárlög fyrir næsta ár muni verða a. m. k. 30—32 milljarðar, 30—32 þús. millj. kr., ef svo stefnir áfram eins og nú. En það eru margir, sem spyrja að því, hvort hægt verði að innheimta þá upphæð á árinu 1974. Þetta verður, ef óbreytt stjórnarástand verður í landinu.

Það er enginn vafi á því, að búvörurnar eiga eftir að hækka aftur. Menn hafa gert sér grein fyrir því, hver vísitalan verður 1. júní n. k. Þá kemur nýtt verð á búvörurnar. Menn hafa einnig íhugað, hver vísitalan verður 1. sept. n. k. Þá kemur einnig nýtt verð á búvörur. Og menn hafa nokkurn veginn reiknað með því, hver vísitalan verður 1. des. n. k. Þá kemur

einnig nýtt verð á búvörur. Þetta skeður vegna þess, að verið er að leitast við að láta bændur hafa svipuð kjör og aðrar stéttir í landinu. Búvöruverðshækkunin kemur aldrei nema samhliða eða á eftir. Það er óstjórn og hömluleysi í verðlagsmálum og dýrtíðarmálum, sem veldur þessu verði á búvörum. Og það er ekki gott til þess að hugsa, ef við eigum að búa áfram við þetta ástand í landinu. En sem betur fer hafa einstöku hæstv. ráðh. gert sér grein fyrir því, hvert stefnir, og það gefur vonir um, að breyting verði á stjórn í landinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta kappræður við hv. 1. þm. Sunnl., þó að ástæða væri til þess. En það er ekki beint afleiðing verðhækkunar, að bændur fá nú eins og aðrar stéttir í landinu hækkun á grunnlaunum. Þeir fá nú hækkun jafnhliða öðrum stéttum í landinu, en ekki þremur mánuðum seinna, eins og hv. þm. talaði um, að ríkti, meðan hann réði ríkjum. Vona ég, að hv. þm. átti sig á þessu. — Um spádóma hans fram í timann skal ég ekki ræða. Ég furða mig ekkert á, þó að hann hafi verið viðkvæmur núna, því að mér varð það á um daginn í útvarpinu að segja í sambandi við fsp., sem ég fékk á beinu línunni, að ég teldi, að þessi hv. þm. hefði viljað vel í landbúnaðarmálum, og hann er búinn að gera margar aths. við þessi ummæli mín, svo að von er á aths. við annað sem sagt er.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þegar ég var ráðh., hafi bændur alltaf þurft að bíða í 3 mánuði eftir verðhækkunum. En þeir urðu aldrei að bíða í 6 mánuði eins og nú, því að það eru 6 mánuðir frá 1. sept. til 1. marz. En 1. sept. átti að endurskoða verðgrundvöllinn, og þá áttu þeir að fá hækkanir, sem þeir eru nú fyrst að fá. Hæstv. ráðh. hlýtur að átta sig á þessu, en það hefur ekki skeð áður.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði viljað landbúnaðinum vel. Ég held, að hann hafi meint þetta, þegar hann sagði það. Ég hef aldrei gert aths. við það, ekki heldur hitt, þegar hann sagði, að stefna okkar væri nokkuð ólík, vegna þess að við værum sinn í hvorum flokki, hann væri félagshyggjumaður, en ég einstaklingshyggjumaður. Í orðunum lá, að hann hugsaði aldrei um sjálfan sig, heldur alltaf um aðra, en ég hugsaði fyrst og fremst um sjálfan mig og væri miklu eigingjarnari en hann. Þannig lá í orðunum. En það verður erfitt að koma með mælikvarða, sem sannar þetta, svo að ég ætla ekki að reyna það. Ég ætla ekki að þessu leyti að bera af mér sakir.

Vistheimili fyrir vangefna, þáltill. (þskj. 20, n. 324). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Brtt. 324 (ný tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.)
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 343).

Verðjöfnunarsjóður vöruflutninga, þáltill. (þskj. 153). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til fjvn. með 45 shlj. atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 1. marz, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Skólakerfi, frv. (þskj. 280). — Frh. 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson) [frh.]: Herra forseti. Þar var komið máli mínu í gær, þegar störf í þingflokkum tóku í taumana, að ég var að fjalla um mótbárur, sem fram höfðu komið í umr. við ákvæðum frv. um grunnskóla varðandi lengingu skólaskyldu og skólaárs. Ég þóttist hafa sýnt fram á, að kjarninn í jafnréttismarkmiði frv., sem mér virðast allir hv. þm. fagna, er það stefnumið, að skyldunám eitt sér opni unglingum leiðina til frekara náms. Þetta mark næst með engu móti án þess að auka við núverandi skyldunám í samræmi við kröfur framhaldsskólanna um undirbúningsmenntun. Þær kröfur eru alls engin hótfyndni né meinbægni við nýnema. Þær eru sprottnar af þörfum þeirrar tækni og þeirra fræða, sem við verðum að tileinka okkur, ef við viljum vera nútímaþjóð, halda til jafns við granna okkar og keppinauta í verklegum og félagslegum efnum.

Því heyrist haldið fram, að nær sé að lofa unglingunum að fara rakleitt út í atvinnulífið, frekar en halda þeim á skólabekk fram til 16 ára aldurs. Ég bið menn að hugsa þessa hugsun til enda. Hvert verður hlutskipti þess fólks í nútímaatvinnulífi, sem hefur ekki í æsku aflað sér aðstöðu til að geta notið sérþjálfunar síðar á ævinni? Nútímatækniþróun dæmir það jafnt og þétt úr leik, dæmir það til að láta sér lynda óþokkasælustu störfin og þau lakast launuðu, meðan enn borgar sig að láta mannshöndina leysa þau, eða þá til atvinnuleysis, eftir því sem vélar leysa mannshöndina af hólmi. Bent er á fullorðinnafræðslu, og sízt skal hún löstuð. En hvaða vit er í að reiða sig á hana frekar en nota til náms það æviskeið, þegar næmið er mest og námsvinnbrögðin þjálfuð.

Í þessu sambandi er talað um námsleiða, og vissulega er hann hvimleitt fyrirbæri. En ég bið menn að athuga vel, að óaðskiljanlegur fylgifiskur lengri skólasetu samkv. þessum frv. er ný gerð skóla, ný vinnubrögð í skólakerfinu. Með frv. er horfið fyrir fullt og allt frá hinum gamla ítroðsluskóla, þar sem leitazt var við að koma í hvern og einn sem næst sama þekkingarskammti. Grunnskólinn tilvonandi hefur það yfirlýsta markmið að laga starf sitt að þörfum og séreðli einstaklingsins. Þar með er brotið blað í íslenzkri skólasögu og horfið

algerlega frá einhliða bóknámsskóla, sem hossar þeim nemendum, sem alfarið stefna á hefðbundið akademískt nám, þ. e. a. s. menntaskóla og háskóla, en lætur aðra nemendur með annars konar hæfileika sitja á hakanum. Grunnskólinn á að veita val milli jafnréttháarra námsleiða, þar sem ekki er gert á milli bóklegra og verklegra greina. Þess vegna verða eldri deildir grunnskóla að ná til ákveðins nemendafjölda, eigi þær að geta ræk hlutverk sitt. Þess vegna er ekki um að ræða einfalda breytingu á lengd námstíma, sem unnt væri að framkvæma með einu pennastriki, heldur umskipti frá gamalli skólagerð til nýrrar, sem ætla má, að taki áratug að gera að veruleika, og má halda vel á spöðunum, ef sá tími á að nægja.

Ég get naumast hugsað mér meira öfugmæli en þegar hv. 9. landsk. þm. er að gera því skóna, að breytingin, sem í frv. felst, geti leitt til þess, að skólaæskan einangrist í hámenntaðri yfirstétt akademískra embættismanna og sérfræðinga. Grunnskólinn er skóli allrar þjóðarinnar. Hvernig má það þá ske, að allur landslýður, eins og hann leggur sig, einangrist frá sjálfum sér í hámenntaðri yfirstétt, — yfirstétt yfir hverjum, ef svo væri? Nei, það er einmitt úrvalsskólinn, sem gerir upp á milli mismunandi hæfileika, sem hlúir að sumum, en stjakar við öðrum og gerir úr þeim úrkast, — það er slíkur misréttisskóli, sem er háskalegur samstæðu heilbrigðu þjóðfélagi við nútímaaðstæður. Ég vil benda hv. þm. á, að lenging skólagöngunnar rýfur síður en svo þá íslenzku hefð, að sumarleyfið sé langt og gjarnan notað til starfa við hæfi hvers aldursflokks. Þriggja mánaða sumarleyfi er lengra en þekkist annars staðar. Játa skal, að sumarstörf við hæfi unglinga gerast torfengnari en áður var, en árstíðasveiflur í atvinnulífi okkar eru enn svo miklar, að fjöldi unglinga á kost starfsreynslu, sem ég skal verða síðastur manna til að kasta rýrð á.

Skal nú vikið að aths. hv. þm. við einstakar gr. frv.

Ég vil benda á, að náið samhengi er milli fjölda fræðsluskrifstofa og fyrirsjáanlegrar þróunar í umdæmaskiptingu. Í röskun á því fyrirkomulagi, að fræðsluumdæmi og kjördæmi fylgizt að, getur hlotizt afdrifaríkur stjórnkerfisruglingur. Í þessu sambandi vil ég svara spurningu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem innti eftir, hvort nokkurt tillit hefði verið tekið til óska, sem fram hefðu komið á kynningarfundum úti um land. Í kjördæmi hv. þm. voru haldnir tveir fjölsóttir fundir. Á báðum voru gerðar ályktanir til að mótmæla því, að ráð skyldi gert til fyrir einni fræðsluskrifstofu fyrir Norðurland allt. Í því efni vissi grunnskólanefnd ekki betur en hún væri að uppfylla eindregna ósk Norðlendinga. Þegar hið sanna kom í ljós, var brugðið við og gert ráð fyrir tveimur fræðsluskrifstofum á Norðurlandi í samræmi við kjördæmaskipun, og er rækilega frá þessu greint á bls. 135 og 136 í síðari prentun frv. um grunnskóla. Ég get ekki stillt mig um að láta í ljós furðu mína á, að þessi hv. og margfróði þm. skuli ekki fylgjast betur með tíðindum í eigin kjördæmi.

Nokkrar fleiri breytingar voru gerðar á frv. vegna ábendinga, sem fram komu á hinum almennu fundum. Virðist sú, sem heima á í 49. gr. grunnskólafrv., hafa farið fram hjá þeim hv. þm., sem kvartað hafa yfir, að ákvæðið um, að 15 nemendur hið fæsta þurfi að vera í heild að meðaltali, til þess að unnt sé að halda uppi 8. og 9. bekk grunnskóla í skólahverfi, sé rígskorðað. Þetta ákvæði er ekki lengur rígskorðað. Bætt hefur verið inn heimild til að veita undanþágu frá þessari reglu samkv. mati á aðstæðum.

Hv. 8. landsk. þm. flutti skörulega ræðu og drap á margt athyglisvert. Ég tel ástæðulaust að hafna ákvæði um fastráðningu ráðskonu við heimavistarskóla í dreifbýli. Ég get um það borið, og svo hygg ég vera um fleiri, sem reynslu hafa af vist í heimavistarskólum, að heimilisbragur og vera á slíkum stöðum er ekki undir öðru meira komin en þeim starfsmanni, sem sér um matseld og annan viðurgerning. Svo má sá starfsmaður nefnast hvort heldur bryti, matselja eða annað, sem rétt þykir málfróðum mönnum.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi óviðunandi að leggja frv. um grunnskóla fram, án þess að gerð væri grein fyrir stofnkostnaðaráhrifum nýmæla, sem þar er að finna. Ég vil benda hv. þm. á bls. 85 í frv., þar sem bent er á, að kostnaður við skólabyggingar í strjálbýli er að mjög litlu leyti háður ákvæðum frv., heldur ræðst hann af væntanlegri skólaskipan, sem nú er unnið að og hefði verið unnið að, þótt grunnskólafrv. hefði aldrei séð dagsins ljós.

Hv. 4. landsk. þm. taldi það mikinn ljóð á frv. um grunnskóla, að ekki væri gert ráð fyrir aðild foreldra og nemenda að skólastjórn. Hvað foreldra varðar vil ég benda á, að þeir eru kjósendur og hafa þar með áhrif á skipan skólanefnda við sveitarstjórnarkosningar. Bein aðild foreldrafélaga að innri stjórn skóla hefur verið viðhöfð í öðrum löndum og gefizt misjafnlega. Þar hefur sýnt sig, þegar á reyndi, að einungis nokkur hluti foreldra sinnir að jafnaði starfi í foreldrafélögum. Þeim félögum hættir því við að komast undir áhrif fámennra hópa, sem halda fram sérsjónarmiðum af ýmsu tagi og reyna að gera þau gildandi innan skólanna. Hlutdeild nemenda í stjórn grunnskóla er líka annmörkum háð. Eiga 7 ára börn að eignast fulltrúa í skólastjórn? Þykir það of lágur kosningaaldur? Hvar á þá að láta staðar numið í aldursröðinni? Við 14 ár, 12 ár eða 10 ár? Ég fyrir mitt leyti tel, að full aðild nemenda að skólastjórn eigi ekki að hefjast fyrr en í framhaldsskólum, en það fyrirkomulag, sem grunnskólafrv. gerir ráð fyrir, sé hæfilegur undirbúningur fyrir nemendahópinn undir þau umskipti.

Hv. 4. landsk. þm. spurði einnig um álit mitt á því, hvað valdi, að ekki sé ákvæði í frv. um, að allt nám skuli fara fram í kennslustundum. Ástæðan er, að engum kom vitanlega til hugar, að slíkt gæti átt sér stað, og jafnvel þótt svo væri, þætti mér fyrir mitt leyti fyrirkomulagið miður æskilegt. Nemendur þurfa að þjálfa sig í að starfa að vissu marki að verkefnum utan þess ramma, sem skipuleg kennslustund veitir. En

jafnframt þarf að forðast að ætla þeim svo mikla heimavinnu, að starfsbyrði gangi úr hófi eða misjöfn aðstaða til heimanáms ráði úrslitum um námsárangur.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði, hvort farið hefði fram gaumgæfileg athugun á því, hvers vegna 18% unglinga sæktu ekki, eins og nú standa sakir, þann bekk, sem samsvarar 9. bekk væntanlegs grunnskóla. Ég hygg, að hv. þm. sé jafnvel kunnugt og mér, að slík athugun hefur ekki farið fram. En ég get ekki þar með fallizt á með honum, að þá sé stoðum kippt undan rökfærslu að þeim breytingum á skólastarfinu, sem grunnskólafrv. miðar að, í fyrsta lagi vegna þess, að munurinn á hlutfallstölum nemenda, sem ekki sækja núv. 3. bekk, í þéttbýli og strjálbýli er svo mikill, eða 12.1%, sem á skortir í kaupstöðum, á móti 32.6%, sem á skortir í sveitahreppum, að fylgni fjarveru úr 3. bekk og búsetu í dreifbýli er tvímælalaust staðtölulega marktæk, svo *að notað sé hrognamál tölfræðinga.* Það þýðir á venjulegu máli, að ekki þarf frekari vitna við en þessara talna til að sjá, að búseta veldur því, að fimmti hver unglingur í strjálbýli fer á mis við framhaldsmenntun, sem svarar til lokabekkjar grunnskóla. Sama niðurstaða er í öðru lagi staðfest af því, að árlega er þó nokkuð um það, að nemendum sé vísað frá skólavist í héraðsskólum, gagnfræðaskólum strjálbýlisins, vegna þrengsla.

Ég gæti haldið áfram lengi dags að samsinna ýmsum atriðum í ræðu hv. þm., sem til máls hafa tekið, en valdi þann kost að drepa á þau atriðin, sem mér fannst einkum kalla á andmæli. Læt ég þá útrætt um efnisatriði málsins, en vík að málsmeðferðinni, sem allmjög hefur borið á góma.

Reið þar á vaðið hv. 7. þm. Reykv. og átaldi, að frv. skyldi ekki hafa verið endurflutt ári fyrr. Studdi hann þá skoðun einkum þeim rökum, að menntmn. hv. d. hefði fjallað um þau til fullnustu að kalla á útmánuðum 1971. Á þessa skoðun get ég ekki fallist. Ekki er að efa, að nm. hafa kynnt sér frv. gaumgæfilega þá, en fundargerðabók ber *með sér, að n. fjallaði einungis um þau* á tveim fundum, 3. og 10. febr. 1971. Á hinum síðari var ákveðið að senda frv. 8 aðilum til umsagnar, og síðan verður ekki séð, að þau hafi komið til umr.

Ekki felli ég mig heldur við uppástungu hv. þm. um, að vænlegt hefði verið að lögfesta frv. án rækilegrar endurskoðunar með það fyrir augum að láta slíka endurskoðun fara fram eftir tveggja til þriggja ára reynslu. Sá háttur var einmitt hafður við afgreiðslu eins þeirra mörgu frv., sem hv. þm. bar fram sem menntmrh. á þingi fyrir kosningarnar 1971, frv. um Kennaraháskóla Íslands. Mér er ekki kunnugt um aðra en hv. þm., sem telja að fenginni reynslu, að sá *afgreiðslumáti, sem þá var viðhafður, hvetji til* eftirbreytni.

Afstaða mín er, að vanda beri sem mest til undirbúnings mála sem þessara, og það tel ég nú hafa verið gert. Nokkrir hv. þm. hafa fundið að því, að frv. komi til umr. seinna á þinginu en heppilegt sé. Á þetta get ég fallizt. En þegar fyrirsjáanlegt var, að svo mundi fara, var allt gert til að afstýra, að þetta þyrfti að verða málinu til tafar. Frv. var dreift til hv. þm. fyrir jól í uppkasti, sem lítt hefur breyzt í endanlegri gerð. Nær samtímis var þeim dreift til skóla, skólanefnda, sveitarstjórna, kennarafélaga, stéttarsamtaka og opinberra stofnana. Umsagnar var beinlínis óskað frá 44 aðilum. Munu þær umsagnir nú þegar teknar að berast og voru að sjálfsögðu ætlaðar hv. þn. til afnota við athugun málsins. Kynning frv. meðal almennings var eins rækileg og ég lýsti í framsögurræðu. Var 3000 eintaka upplag frv. að mestu þrotið í janúarlok. Ég vísa á bug þeim ummælum hv. 9. landsk. þm., að þessi vinnubrögð beri keim af, að komið sé fram við Alþ. sem afgreiðslustofnun. Ég tel það líka hafa komið rækilega í ljós í þessum umr., að þm. hafa fengið tækifæri til að athuga frv. rækilega og mynda sér skoðun á þeim og einstökum atriðum þeirra. Þótt vart geti ég djarft úr flokki talað um þingreynslu, hygg ég fátitt, að frv. séu rædd svo nákvæmlega í einstökum atriðum við 1. umr. og raun hefur nú á orðið. Vil ég því ítreka þá skoðun, að forsendur séu *nú til, að Alþ. taki afstöðu til málsins.* Meginstefnan hefur verið rædd og skýrð svo ítarlega, að vart er unnt að búast við, að þar verði stórlega um bætt úr þessu. Framkvæmdaatriðin, sem um eru skiptar skoðanir, eru að mínu áliti frekar færri en fleiri en búast mátti við, eins umfangsmikið og frv. um grunnskóla er. Því vil ég ljúka máli mínu með þeirri eindregnu ósk, að Alþ. það, er nú situr, geri frv. að lögum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. ráðh. Hann byrjaði ræðu sína á því að láta í ljós þá skoðun sína, að kröfurnar um aukið skyldunám, eins og þær birtast í þessu frv., væru forsenda þess, að auknu jafnrétti yrði náð meðal nemenda, hvað sem búsetu þeirra liði, og jafnframt nauðsynleg forsenda þess, að menntun þjóðarinnar yrði með sambærilegum hætti hér og í nágrannalöndum okkar. Ég skal ekki bæta miklu við um þetta atriði frá því, sem ég sagði í ræðu minni í gær, *en ég er ráðh. ósammála.* Ég hygg, að ef fræðsluskyldan væri framkvæmd með þeim hætti, að ekki væru hindranir á vegi nemenda, sem vilja afla sér menntunar, eftir að núverandi skyldunámi sleppir, þá mundi hlutfall nemenda, sem halda ekki áfram námi eftir skyldunám nú, lækka verulega. Ég vil láta það í ljós, að ef horfið væri frá þeirri stefnu, sem frv. boðar um lengingu skyldunámsins, þá væri enn aukin ástæða til þess að auðvelda fólki, sem hverfur út úr skólakerfinu á einhverju stigi þess, inngöngu í skólana að nýju. Og það gerist væntanlega, eins og þegar hefur nokkuð verið byrjað á, með námskeiðum og með sérbekkjum fyrir fólk á ýmsum aldri. Ég hef haft spurnir bæði af kennurum og *nemendum úr slíkum bekkjum, og það er sam*dóma álit þeirra, að þar sé nám sótt af kappi og skili góðum árangri, og hygg ég, að enda þótt nemi kunni að vera meira á öðrum aldursskeiðum, geti árangur skólastarfs einnig orðið með ágætum í þessum aldursflokkum.

Hæstv. ráðh. sagði, að sú stefna, sem frv. boða, rjúfi ekki þá hefð, sem hér hefur gilt um langt sumarleyfi skólanemenda. Þetta kann að vera rétt, ef miðað er við það, sem sums staðar gerist með öðrum þjóðum, en það er ekki blöðum um

það að fletta, að hún styttir sumarleyfi þeirra verulega og hindrar, að þeir geti tekið þátt í atvinnulífi til sjávar og sveita jafnlangan tíma og ella væri. Þetta hygg ég, að ekki sé blöðum um að fletta. Það torveldar einnig nemendum að afla sér tekna til þess að geta sjálfir staðið að nokkru leyti undir sínum námskostnaði.

Um það atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á, að sú breyting, sem yrði á skólaskipan, ef þessi frv. verða samþ., hefði ekki áhrif á stofnkostnað við skóla í strjálbýli nema að litlu leyti, þá hef ég við það að athuga í fyrsta lagi, að hæstv. ráðh. mun vera kunnugt, að sú skipan er á þeim málum nú víða um land, þar sem heimavistarskólar eru, að nemendur í yngri aldursflokkum sækja þessa skóla til skiptis. Það blasir við, að með því að gera þessum nemendum skylt að vera í skóla 7—9 mánuði, með tilliti til undanþáguheimilda, þá hljóta að verða verulegar breytingar á þessum skólum hvað stærð snertir og þar með til aukins kostnaðar. Ýmis fleiri atriði má nefna, eins og t. d. það, að með lengingu skólaársins verður rekstur skólanna dýrari og umfangsmeiri.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki þurfi lengur vitna við, að búseta valdi þeim mun á skólasókn, sem um er rætt, þegar talað er um, að fleiri haldi áfram í skóla eftir skyldunám í þéttbýli en í strjálbýli. En samt bætti ráðh. við: Enda er það stundum svo, að nemendum á gagnfræðaskólastigi er vísað frá héraðsskólum vegna þrengsla. Þar kemur fram hjá hæstv. ráðh. nákvæmlega það, sem ég ræddi talsvert um í ræðu minni í gær, að ríkisvaldið hefur ekki séð sér fært eða ekki komið í verk að halda uppi svo miklum framkvæmdum í skólamannvirkjum, að þau gætu tekið við nemendum eins og þörf er á strjálbýlinu. Og þetta er höfuðorsök þess, að þessi munur er á á skólasókn barna og unglinga í strjálbýli og þéttbýli. Þarna er orsökin fyrst og og fremst, en ekki ákveðin lagasetning, ekki hvort þessi lög eru samþ. eða önnur, sem þarna veldur mestu um. Þrátt fyrir það að þessi lög yrðu samþ. á þessu þingi, þarf enn fjármagn til að hrinda í framkvæmd nægilegum skólamannvirkjum um landið gervallt, til þess að nemendur geti aflað sér þeirrar þekkingar og þess náms, sem þeir óska. Það er fjármagnið, sem ræður, og það er ákvörðun Alþ. um það, hvernig það vill verja þessu fjármagni, sem þarna veldur mestu um. Ég fagna því vissulega, ef það skyldi fara á eftir þeim orðum, sem hæstv. ráðh. hefur látið hér falla, að meira fé verði varið til skólamannvirkja í strjálbýli en verið hefur, svo að það hamli ekki því, að nemendur geti sótt sér fræðslu svo sem þeir óska í sínum heimahögum. En ef það fylgir ekki á eftir, eru þessi orð hæstv. ráðh. fallin um sjálf sig.

Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að meðferð málsins og undirbúningur hafa á ýmsan hátt verið skynsamleg, og ég vil láta í ljós þakklæti mitt til hæstv. ráðh. og rn. í heild og grunnskólanefndar fyrir þá fundi, sem efnt hefur verið til víðs vegar um land. Þeir hafa, vona ég, orðið til verulegs góðs, bæði til þess að kynna þau frv., sem hér er verið að ræða, og eins til þess, að yfirstjórn skólamálanna í landinu hafi orðið þess vísari, hvað bærist í hugum fólksins víðs vegar um landið, og þannig orðið til að efla tengsl milli þjóðarinnar í heild og yfirstjórnar í fræðslumálum. Það er vissulega til góðs, ef svo hefur til tekizt. Þó vil ég, láta í ljós jafnframt, úr því að þennan þátt málsins ber á góma, að æskilegra hefði verið, að eftir að grunnskólanefnd var búin að starfa það mikið, að hún gæti borið nokkur höfuðatriði málsins undir álit fundarmanna um gervallt landið, þá hefði verið ráðizt í þessi fundarhöld. Þá hefði gefizt meiri kostur á því að taka til greina fleira af þeim atriðum, sem bent var á á þessum fundum, heldur en þegar frv. voru svo til fullmótuð. Hins vegar þakka ég það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv., síðan þessir fundir fóru fram, t. d. það, sem um var rætt á fundum í mínu kjördæmi, að setja á fót tvær fræðsluskrifstofur á Norðurlandi, eina í hvoru kjördæmi, og fór það mál vitaskuld ekki fram hjá mér, enda var ég á öðrum þeirra funda, sem þar voru haldnir.

Ég vil ljúka þessu með því að segja, að það mætti undravert teljast, ef lenging skólaskyldunnar og skólaársins er svo þýðingarmikil sem látið er í veðri vaka, þegar þess er gætt hversu margir skólamenn, skólastjórar og kennarar, á miðskólastigi hafa látið í ljós andúð við þessa stefnu. Ég hef tekið eftir því í blöðum nú í morgun, að fundur var haldinn um þessi efni hér í Reykjavík í gær. Því miður hef ég ekki nægilega glöggar fregnir af þessum fundi, en mér hefur þó virzt, að þar kæmi fram, að mikil andstaða væri gegn þessari stefnu frv. Það kemur mér vissulega ekki á óvart með hliðsjón af því, sem ég hef kynnt mér, bæði úti um land og meðal skólamanna á þessu stigi skólakerfisins. Það er enda svo, að í undirbúningi að þessum frv. og við samningu þessara frv. hafa skólamenn frá þessu stigi skólakerfisins ekki komið sérlega mikið við sögu. Þar er aftur vel séð fyrir þeim þætti, er varðar yfirstjórn skólamálanna frá rn. hálfu. Ég hefði talið æskilegra, að í undirbúningi málsins og við samningu frv. hefði a. m. k. verið meira tillit tekið til þeirra sjónarmiða, sem gætir úti á landsbyggðinni.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Við þessa 1. umr. um grunnskólafrv. þykir mér ástæða til að segja örfá orð, en mun ekki ræða einstakar gr. frekar en þingsköp gera ráð fyrir.

Ég held, að engum blandist hugur um það, að á bak við samningu þessa frv. og þessara frv. beggja liggur mjög mikið starf og mikil vinna hjá grunnskólanefnd, og þessi n. er reyndar enn að störfum, hefur haldið fjölmarga fundi úti um allt land á síðustu mánuðum, og í dag og í gær hefur n. verið ásamt hæstv. menntmrh. á ráðstefnu, sem Samband ísl. sveitarfélaga gekkst fyrir um þessi mál. Mér þykir ástæða til að þakka fyrir þá aðferð, sem hér er viðhöfð, að kynna frv. með þessum hætti. Ég óttast ekki, að þessi aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, hafi í för með sér, að Alþ. verði einhver afgreiðslustofnun þess vegna fyrir þessi frv. Ég held þvert á móti, að menntmn. hv. þd. muni nú fá miklu skýrari umsagnir um þessi frv. en ella, þegar þau hafa verið rædd ítarlega á

fjölmörgum fundum kennarasamtaka, sveitarstjórnarmanna og annarra.

Því hefur allmjög verið haldið á lofti í sambandi við frv. um grunnskóla, að með því væri stefnt að sérstakri dreifingu valdsins, og þá er bent á skiptinguna í 8 fræðsluumdæmi. Ég verð að segja það, að eftir því sem ég les frv. oftar, finnst mér, að það sé of mikið gert úr þessari valddreifingu. Ég gæti bent á ýmis dæmi þess, að valdið er eftir sem áður í efstu tröppunni, þ. e. a. s. í rn. Ég efast ekkert um, að það hefur verið ákveðinn vilji fyrir hendi til, að valdinu yrði dreift, en ég held hins vegar, að þessi vilji hafi aftur valdið því, að stjórnunarþátturinn er gerður allt of flókinn. Ég hef ekki talið saman, hve margir aðilar það eru, sem raunverulega hafa áhrif á stjórnina, en ég hygg, að þeir séu yfir 10. Ég ætla ekki að leggja dóm á það, hvort einhverjum þessara n., samstarfsnefnda eða ráða, megi sleppa, en ég læt í ljós vissan ótta um, að þarna sé verið að flækja málin óþarflega mikið.

Ég hef látið í ljós þá skoðun áður, að í sambandi við skólamál, eins og reyndar margt fleira, mætti mjög einfalda samskipti ríkisins og sveitarfélaganna. Og ég læt í ljós vonbrigði yfir því, að það skuli ekki hafa verið höggvið þarna betur á hnútana en mér sýnist gert með þessu frv. Enn þá eru samskipti ríkisins og sveitarfélaganna varðandi skólamál allt of flókin, og þar má sérstaklega nefna hin fjárhagslegu samskipti. Þar hefur verið um miklar flækjur að ræða á undanförnum árum, og ég hefði talið, að nú hefði gefizt gott tækifæri til að greiða úr, en það finnst mér ekki gert, og bendi ég t. d. á 80. gr.

Varðandi skiptingu landsins í fræðsluumdæmi, þá sýnist mér sú stefna vera rétt að miða fræðsluumdæmin við kjördæmin. Umdæmaskipting landsins er þegar allt of flókin, og þess vegna styð ég það, að farið sé eftir þessari skiptingu. Hins vegar læt ég í ljós ýmsar efasemdir um, að þetta dugi. Þar sem ég þekki bezt til, í Reykjaneskjördæmi, efast ég um, að það gagni að hafa eina fræðsluskrifstofu fyrir allt kjördæmið. Ég teldi eðlilegra að hafa þær þrjár. Það eru tvær starfandi nú þegar, í Kópavogi og í Hafnarfirði. Ég held, að það sé erfitt að leggja þessar skrifstofur niður, og ef þær ættu að starfa áfram, væri eðlilegt, að sú þriðja kæmi á Suðurnesjum, t. d. í Keflavík.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að fræðslustjóri sé skipaður af ráðh. Ég er ekki sammála þessu, tel heppilegra, að fræðslustjórinn væri ráðinn af landshlutasamtökunum. Mér er ljóst, að ýmislegt mælir með þeirri aðferð, sem gert er ráð fyrir í frv., en ef eitthvað býr á bak við það, að þarna eigi raunverulega að dreifa valdinu, sýnist mér hitt heppilegra. Landshlutasamtökin eiga að reka fræðsluskrifstofurnar, og mér sýnist það rökrétt þess vegna, að fræðslustjórinn sé ráðinn af heimamönnum. Ég held sem sagt, að þarna hafi gefizt betra tækifæri en notað er til að veita sveitarfélögunum meira vald en þau nú hafa. Um þá stefnu virðast allir vera sammála, en það verður aftur minna úr framkvæmdum og tækifærin eru látin ganga sér úr greipum.

Um það atriði, sem sennilega verður hvað mestur skoðanaágreiningur um, um lengingu skólaskyldunnar, ætla ég ekki að tjá mig á þessu stigi. Ég hef ekki gert upp minn hug í því máli. En ef lenging skólaskyldunnar er alger forsenda þess, að því markmiði verði náð, að allir nemendur, hvar sem er á landinu, hafi jafna aðstöðu til framhaldsnáms að loknu skyldunámi, þá hlýt ég að styðja lengingu skólaskyldunnar. En ég held, að það sé líka alger forsenda fyrir lengingu skólaskyldunnar að áður en hún verður lengd, verði lokið byggingu nauðsynlegra mannvirkja í þessu skyni um land allt.

Ég vil að lokum minna aðeins á það, að ótryggur fjárhagsgrundvöllur núgildandi fræðslulaga, held ég, að sé meginorsökin fyrir því, að þau hafa aldrei komizt til fullrar framkvæmdar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Hæstv. ráðh. svaraði fsp. frá mér um það, hvort farið hefði fram könnun á því, af hvaða ástæðum umrædd 18% unglinga kæmu ekki í þann bekk, sem verða mun 9. bekkur grunnskóla, ef það frv., sem hér er til umr., verður að lögum. Hann sagði í svari sínu, að ég hefði átt að vita, að þessi könnun hefði ekki farið fram, sem ég spurði um, þ. e. a. s. hvort vitað væri, hverjar ástæðurnar væru, t. d. hvort um námshæfniskort væri að ræða, hvort aðstöðu skorti í strjálbýlinu, t. d. skólakostur væri ekki nægur, eða efni fólks væru ekki næg o. s. frv. Ég varð svolítið undrandi, þegar hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði átt að vita, að slík könnun hefði ekki farið fram. Mér finnst einmitt efni standa til þess, að hún hefði átt að fara fram, miðað við þann mikla undirbúning, sem þetta frv. hefur hlotið, og eitt veigamesta atriðið í því er einmitt að finna lausn á vanda þessara 18% unglinga. Þá hefði hv. Alþ. og hæstv. ráðh. raunar einnig þurft að vita gjörla um það, hvernig högum þessa ákveðna hóps væri háttað, til þess að geta gert raunsæjar till. um úrbætur. Af þessum sökum hélt ég e. t. v., að þessi könnun hefði verið gerð, þó að hún kæmi ekki fram í grg. frv.

Ég segi fyrir mig, eins og hæstv. ráðh. raunar benti á í ræðu sinni, að það eru margar ástæður fyrir þessu og lenging skólaskyldunnar ein getur ekki komið hér að fullu gagni, t. d. þar sem vantar alla aðstöðu til að fullnægja þessari skyldu. Það kann að vera, að einmitt aðgerðir í þeim efnum gætu einar sér valdið því, að verulegur hluti af þessu unga fólki nyti skólanáms. Þyrfti þá ekki þessi umdeilda lenging skólaskyldunnar að koma til. Það var þetta, sem ég átti við: Erum við með þessu ákvæði að framkvæma það markmið, sem við öll stefnum að? Gætum við ekki gert það á einhvern annan heppilegri hátt? Það var þetta, sem ég átti við með því, að heppilegra hefði verið, að fyrir lægi vitneskja um, af hvaða ástæðum þetta unga fólk kemur ekki til náms.

Ég vildi aðeins undirstrika, hvað ég átti við með orðum mínum. Ég var ekki að fara með neinn skæting í garð hæstv. ráðh., síður en svo. En mér virtist á svari hans, að hann hefði

tekið orð mín sem slík, þar sem hann sagði, að ég hefði átt að vita betur og ég hefði átt að vita, að þessi könnun hefði ekki farið fram. Það er misskilningur, og ég vænti þess, að hann leiðréttist hér með.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að lengja þessar umr., sem eru orðnar alllangar, og læt þetta nægja að sinni.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tel rétt að koma hér á framfæri á þessu stigi málsins sjónarmiðum tveggja húsmæðra í Borgarfirði, tveggja kvenna, sem búa í sveit, tveggja mæðra. Konur þessar eru báðar í forustu fyrir Sambandi borgfirzkra kvenna og hafa að tilmælum stallsystra sinna í sambandinu athugað grunnskólafrv. rækilega. Þær taka báðar fram, að þær telji, að þetta frv. horfi til stórra bóta að mörgu leyti, en það, sem ég mun vitna í af þeirra ummælum, er helzt það, sem þær hafa við frv. að athuga. Og nú skulum við heyra það, með leyfi hæstv. forseta. Önnur þeirra segir í athugasemdum sínum:

„Lenging árlegs skólatíma í sveitum upp í 9 mánuði er ekki raunhæf. Í fyrsta lagi geta sveitaheimilin alls ekki misst stálpuð börn og unglinga frá bústörfunum vor og haust, og mun þetta ákvæði, ef beitt verður, stuðla að brottflutningi fólks úr sveitum. Í öðru lagi er það hrein fjarstæða að ætla 7—9 ára börnum að dveljast í heimavist í 7 mánuði, hvað þá 9 mánuði. Þótt í frv standi, að stefnt skuli að heimanakstri, er daglegur heimanakstur ekki framkvæmanlegur í sveitaskólunum, nema þar sem bezt hagar til. Í minni sýslu," segir þessi kona, „Mýrasýslu, er starfandi einn barna- og unglingaskóli fyrir alla sveitahreppa sýslunnar, 7 talsins. Daglegur heimanakstur yrði líklega nokkurn veginn framkvæmanlegur í 3 þessara hreppa. Útilokað er að aka meiri hluta barnanna heim daglega. Skólanefnd viðkomandi skóla," en kona þessi á sæti í þeirri n., „hefur oftsinnis rætt um og athugað þetta mál.

Útibú frá aðalskóla fyrir 7—8 ára börn, sbr. 4. gr., tel ég tvimælalaust spor í rétta átt," segir hún, „þar sem hægt er að koma slíku við. En þegar ég hugsa um Mýrasýslu með tilliti til þess, tel ég, að hvergi sé hægt að ná saman nægilega mörgum nemendum í þessum aldursflokkum með því að hafa daglegan heimanakstur. Þetta atriði yrði því ekki raunhæft í framkvæmd hér, og ég er því miður hrædd um, að sú verði reyndin víða.

Lengingu skólaskyldu um eitt ár er ég í raun og veru fylgjandi," segir hún. „Þó sýnist mér, að dreifbýlinu muni verða mjög torvelt að gera 9. bekk grunnskólans þannig úr garði, að réttlætanlegt sé að skylda alla nemendur til að sækja hann. Ég álít nauðsynlegt, að nemendur í 7.—9. bekk geti valið um allmargar námsgreinar eftir hæfileikum og áhuga. Þeir eiga hvort sem er eftir að gegna ákaflega mismunandi störfum í þjóðfélaginu, og þeim hentar ekki öllum sami undirbúningurinn. Það er ekkert smáræðisátak að byggja upp kennslu í margvíslegum verklegum greinum á grunnskólastigi t. d., en að því ber að stefna. Meðan sú aðstaða er ekki fyrir hendi, er óhjákvæmilegt að veita ýmsum nemendum undanþágu frá skólasetu í 9. bekk og e. t. v. í 8. bekk einnig í einstaka tilfellum. Finnst mér vanta í frv. rýmri ákvæði um þetta."

Síðar segir hún: „Í grunnskólafrv. vantar skýr ákvæði um mál, sem foreldrar heimavistarskólabarna telja afar nauðsynlegt að fá framgengt, en það er, að í heimavistarskólum á grunnskólastigi starfi kona, sem hafi það hlutverk að ganga börnunum í móðurstað eftir getu, en sé ekki bundin við kennslu. Sá starfskraftur mundi fá yfrið nóg verkefni, en sálfræðingar þá e. t. v. eitthvað minna. Það væri svo sem gott og blessað, að „móðirin" eða „mamman" væri sérmenntuð, en ég tel það ekkert aðalatriði. Það eru mannkostir hennar, sem mestu skipta. Ég tel mjög þýðingarmikið, að ákvæði um þetta verði tekið inn í frumvarpið."

Í athugunum hinnar konunnar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi hefur hingað til tíðkazt miklu styttri árlegur starfstími skóla en í nágrannalöndum. Aldrei hefur heyrzt talað um, að Íslendingar stæðu öðrum þjóðum að baki þrátt fyrir það, þvert á móti. Það er nefnilega fleira en seta á skólabekkjum, sem hefur þroskandi áhrif á unglinga. Fátt er hollara unglingum en vinna með fullorðna fólkinu að framleiðslustörfum. Hér hefur hið langa sumarleyfi gert það að verkum, að skólafólk hefur haft tækifæri til að gerast ómissandi þátttakendur í sköpun verðmæta og öðlazt þannig skilning á atvinnulífinu, jafnframt því, sem öllum þorra þess hefur verið brýn nauðsyn að vinna fyrir kaupi til þess að geta haldið áfram námi. Ef árlegur skólatími verður lengdur, minnka möguleikar að sama skapi fyrir fátækari hluta nemenda til að kosta nám sitt sjálfir, og þá sitjum við í sömu keldunni og nágrannaþjóðirnar: Þeir einir, sem komnir eru af ríku foreldri úr hálaunastéttunum, geta lært eins og þá langar til. Menntun í framhaldsskólum annars vegar og menntunarskortur hins vegar gengur þá í ættir mann fram af manni.

Við sveitafólk," segir þessi kona, „vitum, að það er undir hælinn lagt, hvort bændur geta kostað börn sín til náms. Bændur eru, eins og allir vita, með tekjulægstu stéttum landsins, og þar við bætist, að flestir eru þannig í sveit settir, að þeir verða að kosta börn sín úr fjarlægð í dýrum heimavistarskólum eða kaupa þeim fæði og húsnæði á uppsprengdu verði á þéttbýlissvæðunum. Ef bændur fá ekki að njóta aðstoðar barna sinna mestu annatíma ársins, um sauðburð og á haustin, í annríkinu þá og endranær, er sjálfgert að hætta að kosta þau í skóla, því að afleiðingar þess verða niðurskurður bústofns. Það fólk, sem heima er, kemst ekki yfir að hafa svo stórt bú, að hægt sé að kosta unglingana af tekjum þess."

Og hún heldur áfram: „Þegar búið er að gera bændum ókleift að kosta börn sín, en ástandið má ekki versna frá því, sem verið hefur, hljóta þeir að velja milli þess að búa og þess að mennta börn sín. Og sé þeim annt um, að þau standi

ekki verr að vígi en annarra börn, er ekki um annað að ræða en yfirgefa eigur sínar, eins og Vestmanneyingar, og láta ráðast, hvað um ævistarfið verður. Þetta er slæm hagfræði," segir þessi kona, „því að það kemur að því, að við þurfum á öllu okkar landi að halda eins og aðrar þjóðir, og það er hægara að styðja en að reisa."

Hún heldur áfram: „9 mánaða dvöl ungra barna í heimavist er fjarstæða, sem engum gæti dottið í hug, sem átt hefur barn í heimavistarskóla. Í Varmalandsskóla er 7 ára börnum ætlaðúr 8 vikna kennslutími í vetur. Þetta er hámark þess, sem nokkurt vit er í og talizt getur forsvaranlegt að leggja á svo ung börn. Börn eru lifandi verur, en ekki bara númer í kerfi. Það er glæpur gegn þeim að svipta þau með einu pennastriki því tilfinningalega öryggi, sem fylgir eðlilegu heimilislífi og daglegri umönnun foreldra sinna ¾ hluta ársins, eins og 42. gr. gerir ráð fyrir, og enda þótt ekki sé nema í 7 mánuði. Kennarar eru út af fyrir sig ágætir, en ætli það færi ekki að verða erfitt að fá kennara til starfa úti á landi, ef ætlazt væri til þess af þeim, að þeir gengju öllum nemendum sínum í foreldra stað?"

Hún heldur áfram: „Hingað til hefur börnunum lítið verið sinnt og látið ráðast nokkurn veginn, hvernig þeim vegnaði í þessu oft og tíðum miskunnarlausa samfélagi. Sumum börnum líður illa alla sína skólatíð og öllum einhvern hluta hennar." Og ég bið menn að taka vel eftir því, sem hún segir næst: „Þá morgna, sem börnin eiga að mæta í skólanum til a. m. k. viku dvalar í senn, þurfa mæðurnar oft að ýta þeim frá sér nauðugum og grátandi. Þetta finnst engri móður skemmtilegt verk, og því færri skipti sem þetta kemur fyrir, því betra, enda þrífast börnin þá hvorki andlega né líkamlega. Og þegar þau loks losna á vorin, fara þau fljótlega að kvíða fyrir næsta vetri. Fráfærulömbin," segir þessi kona, „í gamla daga þrifust aldrei almennilega. Þessi langa skólaskylda ungra barna, sem boðuð er í 42. gr., er ekkert annað en fráfærur hvað snertir heimavistarbörn og getur haft alvarlegar afleiðingar. Og hver vill bera ábyrgð á þeim?"

Svo mörg voru þau orð.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef fyrr í þessum umr. sett fram skoðanir mínar á ýmsu því, sem fram kemur í frv. til l. um grunnskóla, og mun ekki endurtaka það. Það, sem veldur því, að ég tek aftur til máls við þessa umr., eru ummæli hæstv. ráðh. og nokkur önnur ummæli, sem fallið hafa hér einkum varðandi vinnubrögð í þessu máli.

Þó vildi ég fyrst segja, að ég varð fyrir vonbrigðum með afstöðu hæstv. ráðh. til þeirra skoðana eða ummæla, sem ég hafði viðhaft um frv. Ég taldi mig hafa gert grein fyrir efnislegum hugmyndum mínum um eitt og annað í grunnskólafrv. og átti ekki von á því, að það hefði gefið tilefni til þess beinlínis að snúa út úr. Ég hafði t. d. ekki gert því skóna, að þetta frv. leiddi til byltingar hér hjá okkur Íslendingum. Það er einhver misskilningur. Hins vegar er rétt, að ég lagði á það áherzlu, að ekki mætti skilja þetta frv. svo, að það væri bylting á því skólakerfi, sem við höfum nú. Ég taldi eðlilegra, að við þm. og aðrir litum á frv. sem eðlilegt framhald á gildandi fræðslulöggjöf. Ég heyri, að hæstv. ráðh. og þeir nm., sem ég hafði í huga og vitnaði til, hafa sama skilning á þessu og ég og þykir mér að sjálfsögðu vænt um það. Ég held, að það sé grundvallaratriði, að við litum á þetta frv. sem eðlilegt framhald á því skólakerfi og þeirri fræðslulöggjöf, sem við höfum nú, og því sé samþykkt þessa frv. í einu eða öðru formi miklu líklegri til árangurs, bæði meðal kennara og nemenda og í þjóðfélaginu í heild.

Ég gagnrýndi nokkuð vinnubrögin í þessu máli og taldi í því sambandi, að það hefði verið að einhverju leyti tekið fram fyrir hendur þn., en ekki var ég að segja um leið, að ekki mætti kynna málið fyrir þeim aðilum, sem þyrftu að framkvæma þá löggjöf, sem verið væri að undirbúa. Þessu var svarað með þeim hætti að segja, að þm. hefðu vel getað mætt á þeim fundum, sem boðaðir hafa verið af grunnskólanefnd. Ég veit ekki, hver skilningur hæstv. ráðh. er á störfum okkar þm., en auðvitað get ég ekki tekið það sem afgerandi og endanlegt svar, að við hefðum allra náðarsamlegast getað mætt á fundum, sem aðrir aðilar hafa boðað til. Það er nú einu sinni svo, að menn eru misjafnlega uppteknir, og það má nefna það, að einmitt í dag er verið að halda ráðstefnu um grunnskólafrv. á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, og það er erfitt að vera á tveim stöðum í einu. Enda þótt ég hafi a. m. k. gert tilraun til að líta þar við, get ég ekki sótt þann fund eins og hugur minn hefði ella staðið til. Með þessu er ég að segja, að það hlýtur vitaskuld að vera verkefni okkar þm., sem fáum þetta mál til meðferðar, að skoða það alveg frá upphafi og rækilega, en taka ekki einungis mark á fundum, sem haldnir eru af öðrum aðilum.

Grunnskólanefnd mun hafa haldið um 17 fundi, eftir því sem mér skilst, og enda þótt ég sé síður en svo að gagnrýna þau vinnubrögð, þá hafa þeir fundir að sjálfsögðu farið fram í aðalatriðum á þann veg, að n. situr og kynnir frv. og síðan koma fram fsp., aths. eða gagnrýni, og þá standa nm. aftur upp og setja fram sín svör við þessum aths., benda á skilning sinn á frv. og í allmörgum tilfellum beinlínis vísa aths. á bug, enda kemur í ljós, að þegar þetta frv. er nú lagt fram eftir öll þessi fundarhöld, þá eru sárafá atriði, sem hafa verið tekin til endurskoðunar. Ég hefði haldið, að hlutlaus aðili eins og þm. eða þingnefndir hefðu jafnvel verið dómbærari á það, hvort þessar aths. skyldu teknar til greina eða ekki. N., sem undirbjó frv., er ekki hlutlaus aðili, og enda þótt hún starfi að sjálfsögðu að þessu með góðum hug og einlægum vilja, hefði þm. að mínu áliti betur getað lagt dóm á þessar aths., og ég er þeirrar skoðunar, að þá hefði ýmislegt komið inn í frv. við þessa frumathugun.

Nú er mér kunnugt um, að á þeim fundum, sem haldnir hafa verið, t. d. þeim, sem ég hef sótt, — þ. e. a. s. ráðstefnu kennara, barnakennara og gagnfræðaskólakennara, og annarra aðila, sem haldin var hér fyrir hálfum mánuði, þar voru settar fram fjölmargar aths. Á þessari ráðstefnu, sem er haldin þessa dagana á vegum

Sambands ísl. sveitarfélaga, komu og fram margvíslegar aths., og að sjálfsögðu verður þn. að taka allt þetta til athugunar og skoða það ofan í kjölinn.

Ég leit ekki svo á, að Alþ. ætti að vera afgreiðslustofnun, ég var ekki að fullyrða um það. Ég var hins vegar að benda á, að ef gert er ráð fyrir, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi á þeim tiltölulega stutta tíma, sem nú er eftir af þinginu, þá hljóta þeir aðilar, sem þess krefjast, að líta svo á, að við eigum nær eingöngu að afgreiða málið nokkuð hugsunarlaust frá þinginu. Ef þn. vinnur starf sitt eins og lög gera ráð fyrir, kallar inn umsagnir og hefur viðræður við umsagnaraðila, skiptist á skoðunum um ýmis atriði í frv. og gerjar með sér þau mörgu sjónarmið, sem fram hafa komið nú þegar í þessum umr., þá er ljóst, að það tekur lengri tíma en svo, að hægt sé að afgreiða málið frá þingi á þessum vetri. Ef það verður ekki gert, ef frv. verður ekki afgreitt frá þessu þingi, sem nú stendur yfir, segi ég að sjálfsögðu ekki, að við séum afgreiðslustofnun. En ég vil af þessu tilefni, af því að hæstv. ráðh. vísaði þessum ummælum mínum á bug, minna á það, að fyrrv. stjórnarandstaða marglét í ljós óánægju sína með þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru af fyrrv. stjórnvöldum, að leggja inn á þingið fullbúin frv. og gera kröfu til þess, að þau yrðu samþ. með mjög stuttum fyrirvara, á mjög stuttum tíma. Ég skal játa, að mér fannst mikið til í þessari gagnrýni, og hún átti ekki sérstaklega við um síðustu ríkisstj. Þessi gagnrýni hefur átt rétt á sér um langan tíma. Hún átti rétt á sér, þegar síðasta ríkisstj. sat, og hún virðist eiga enn rétt á sér, þegar núv. hæstv. ríkisstj. situr og starfar. Ég held sem sagt, að það sé áríðandi og mikilvægt fyrir þingið sem slíkt, að það fái tíma til að skoða málin, ég tala ekki um svo viðamikið mál sem hér eru á ferðinni.

Hæstv. ráðh. vísaði líka á bug þeim ummælum mínum, að hætta væri á því, að það fólk, sem gengi námsveginn og héldi í framhaldsskólanám og langskólanám, einangraðist frá atvinnulífi og frá öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Og ég var af öðrum þm., hv. 4. landsk. þm., ásakaður um að vera fullrómantískur, þegar ég viðhafði þessi ummæli mín eða var að varpa þessu fram. Ég tek það frekar sem meðmæli en hitt, ef ég er af hv. 4. landsk. talinn rómantískur. En ég get ekki neitað því, að það er skoðun mín, að ef við lengjum skólaskylduna, lengjum skólaárið, þannig að börn og unglingar eru tiltölulega stuttan tíma í beinum tengslum við atvinnulífið t. d., þá er óneitanlega hætta á því, að þau hafi ekki nægilegan skilning á atvinnuháttum og þjóðlífinu almennt, þau einangrist í sínu námi, hversu gott sem það er. Og jafnframt námsleiða, skólaþreytu, sem hætta er á, þá er óneitanlega ástæða til að halda, að unglingarnir, þegar þeir eldast, verði yfirstétt, viss stétt akademíkara, embættismanna og sérfræðinga. Um þetta má deila að sjálfsögðu. Þetta er mín skoðun. Ég er ekki að segja, að það verði svona, en vissulega hefur þróunin orðið í þessa átt víða, þar sem við þekkjum, og ég held, að við Íslendingar eigum að koma í veg fyrir þetta og búa svo um hnútana og ganga svo frá okkar fræðslulöggjöf, að hún stuðli ekki beinlínis að þessari þróun.

Þetta eru kannske meira og minna aukaatriði, sem snerta ekki sjálfa efnisþætti frv. En ég vildi koma þessu aftur á framfæri til þess að leiðrétta misskilning, sem kom fram á mínum fyrri ummælum, og svara um leið þeim athugasemdum, sem komu fram um þau. Hins vegar finnst mér nokkuð á skorta, að hæstv. ráðh. hafi fjallað nægilega um þau atriði, sem bent var hér á, að miður gætu farið í þessu frv., m. a. ýmislegt, sem kom fram í minni fyrri ræðu, en ég læt þetta nægja, hvað það snertir.

Ég held þó, að það hafi komið fram í þessum umr., að það eru vissar efasemdir hjá stórum hópi þm. um sérstaklega tvö atriði, sem vissulega skipta miklu máli, jafnvel mestu máli, þ. e. a. s. lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins. Það kom líka fram í bréfi eða umsögn frá konum í Borgarfirði, að þær hefðu vissar efasemdir um það að lengja bæði skólaárið og skólaskylduna, eftir því sem mér skildist, og skoðanir kvenna í Borgarfirði eru að sjálfsögðu ekkert verri en hverra annarra. Jafnvel er gott að hlusta eftir slíkum skoðunum, því sem kemur frá fólkinu sjálfu, og við þm. eigum vissulega að temja okkur að taka mið af því, sem fólkið sjálft hugsar um þessi mál.

Nú er það svo, að margt í þessu frv., svo sem ég hef reyndar tekið fram áður, eru mjög athyglisverð nýmæli, sem ég tel æskilegt, að nái fram að ganga. Hins vegar ef svo fer hér á þingi, að þessi lenging á skólaskyldunni, sem gert er ráð fyrir, og lengingin á skólaárinu nær ekki fram að ganga, þá er spurningin, hvort það sé áhugi á því hjá grunnskólanefnd og hæstv. ráðh., að frv. verði samþ. þrátt fyrir það. Hver er afstaða hæstv. ráðh. til þess, ef það lægi fyrir annaðhvort í þn. eða hér hjá þingheimi, að það hefði ekki stuðning meiri hl. þingsins að lengja skólaskylduna? Mér finnst vera nauðsynlegt að fá einhver svör við þessu, ekki endilega núna, en að það liggi fyrir, hver afstaða yfirvalda er hvað þetta snertir. Skoðun mín er sú, að við gætum vissulega haldið áfram og samþ. þetta frv., hvort sem það verður á þessum vetri eða næsta, þrátt fyrir það, að ekki sé jafnframt samþ. lenging skólaskyldunnar og skólaársins. Nú má vel vera, að þetta sé misskilningur hjá mér, það sé forsenda allra breytinganna, að þetta sé jafnframt framkvæmt. Þó hygg ég svo ekki vera. En það hlýtur að vera heppilegt og æskilegt fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, að hafa eitthvert veganesti, hafa eitthvert hugboð um það, hvaða skoðun hæstv. ráðh. hefur á þessu ákveðna atriði.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þessarar ræðu hv. 9. landsk. þm. Ég kom hér í ræðustól í gær síðastur ræðumanna og hóf mál mitt á því að leiðrétta misskilning, sem hv. þm. hafði orðið á, þar sem hann lagði alranga merkingu í ummæli, sem höfð voru eftir einum af grunnskólanefndarmönnum í blaðaviðtali, — þveröfuga merkingu við það, sem í blaðinu stendur. Þetta gerði ég sökum þess, að þessi maður hefur að sjálfsögðu

engin tök á að bera hönd fyrir höfuð sér hér. Hv. þm. sagði, að nm. þessi hefði sagt í blaðaviðtalinu, að hann liti svo á, að þetta frv. fæli í sér mjög róttæka byltingu. Í blaðaviðtalinu var nm. hins vegar að andmæla þeirri skoðun, að það yrði að verða róttæk bylting í skólamálum, — það, sem hann og aðrir nm. stefndu að, væri ekki róttæk bylting, heldur róttæk breyting. Nú kemur í ljós, að hv. þm. hefur enn misskilið, því að hann sagði hér áðan, að ég hefði gert þessa athugasemd vegna þess misskilnings, að hann væri að halda því fram, að í frv. fælist róttæk bylting. Það sagði ég aldrei, enda tók ég vel eftir, að hv. þm. tók skýrt fram, að hann teldi þessi ummæli nm. skjóta mjög skökku við það efni, sem í frv. er.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala aftur í þessu máli, en menn hafa verið svo málglaðir núna, að það gerir ekkert til, þótt ég segi fáein orð. Annars er mér ákaflega óljúft að vera að deila við hæstv. menntmrh. Hann flytur mál sitt af mikilli sanngirnir og hógvæð, þar að auki er þetta mál í raun og veru ekki hans fóstur, heldur var það fyrrv. menntmrh., sem lét semja frv., og hann er að basla við að ala þarna upp afkvæmi annars manns. Þó að fyrrv. menntmrh. sé á vissu sviði mjög gáfaður maður og ákaflega vel máli farinn, þá er það mín persónulega skoðun eða það hefur skapazt sú skoðun hjá mér, að frv., sem koma á hans vegum, séu meira og minna gölluð og jafnvel mjög heimskuleg mörg. T. d. var það hér á árunum í frv. til barnaverndarlaga, að það átti að hafa tveggja ára fangelsi, ef menn létu unglinga upp að 18 ára aldri vinna eftir kl. 5 á daginn eða helgi daga eða eftirvinnu — viðurlög við því áttu að vera tveggja ára fangelsi. Þetta var stöðvað hér, og það var líklega að mestu leyti sjálfstæðismönnum að þakka. Þetta var fellt niður, þegar þessi lög voru afgreidd, og fleira var gott í þeim lögum, sem ég skal nú ekki eyða tíma í að tala um.

Vafalaust er nú búið að laga eitthvað, þetta frv., frá því að það kom fyrst fram. Ég las það aldrei ítarlega. Ég er ekki í menntmrn. og hef ekki talað mikið um skólamál, en ég fór nú að kynna mér þetta frv. og las það allt saman, en er ekki búinn að kynna mér það nógu rækilega til að geta skrifað um það, ég þarf að gera það betur. Ef það er meiningin að knýja frv. í gegnum þingið lítið breytt, þá þarf ég sannarlega að fara að skrifa og sýna fólkinu fram á, hvað frv. er gallað. Og það skal ég alveg fullvissa ykkur um, ef þið ætlið að hafa 9 mánaða skólaskyldu fyrir unglinga, að það verður ekki framkvæmt þannig. Ég er sannfærður um, að menn láta ekki unglingana í skólana.

Ég vil þakka Jónasi Árnasyni, hv. 5. þm. Vesturl., fyrir bréfin, sem hann las hér upp. Það kom margt fram í þeim, sem er nákvæmlega eins og ég var að halda fram í gær. Það er auðheyrt, að það voru mjög greindar konur, sem skrifuðu þessi bréf. Það má vera, að þar sé ýmislegt umdeilanlegt, en í aðalatriðum var ég þeim alveg sammála. M. a. þetta: Það er algerlega óþolandi fyrir fólkið í dreifbýlinu að vera að halda unglingunum 9 mánuði í skóla. Hvað er um 7 ára börnin? Það er heimilt að hafa þau dálítið skemur fyrst, en varla þegar í síðari bekkina kemur. Ég var síðast í dag að tala við menn suður í Keflavík, sem voru staddir hérna niðri. Þeir sögðu, að þetta næði engri átt. Þið skulið sanna, hvort það verður vinsælt í sjávarþorpunum, þar sem unglingarnir þurfa að vinna, bæði vinna fyrir launum og eins vegna verkefnanna, sem fyrir liggja, og það verður algerlega óþolandi í sveitinni.

Þetta mikla mas um, að fólkið í dreifbýlinu hafi verið sett hjá og orðið út undan með menntun, er að mestu leyti rugl. Ódýrustu skólarnir og beztu, sem við látum börnin í, eru heimavistarskólarnir úti í sveitunum, og þar er mest reglusemi. T. d. þar sem ég þekki til, — ég hef látið mín börn sum að Reykjum í Hrútafirði, — þar er þeim algerlega bannað að reykja. Ef þau eru í skólum hér suður í Reykjavík, byrja þau að reykja. Og það eru ýmsir gallar fyrir unglingana á því að vera í skólum hér, sem eru ekki úti í byggðunum.

Það, sem ég lagði höfuðáherzlu á og kom einnig fram í bréfi, sem Jónas Árnason var að lesa núna, er það, að ég er algerlega á móti því að skylda unglingana að vera lengur en 6 mánuði í skóla í dreifbýlinu, í mesta lagi 6½. Í öðru lagi er ég alveg á móti því að skylda mæðurnar eða heimilin til að láta börnin 7 ára gömul í heimavistarskóla eða jafnvel þótt þeim sé ekið á milli, ef þau hafa aðstöðu til að kenna þeim heima. Þess vegna vil ég hafa það alveg skýrt í lögum, að foreldrarnir megi láta börnin læra heima og aðeins koma til prófs, því að það eru mörg börn þannig skapi farin, — og það kom m. a. fram í bréfinu, sem hann Jónas var að lesa upp, — að þau þola ekki að vera send í heimavistarskóla og tekin frá heimilunum, því að börn eru viðkvæm.

Í öðru lagi er ég mótfallinn því, — það er kannske ekkert höfuðatriði, — að lengja skyldunámið og stytta menntaskólann. Hvað á að vera pynta unglinga, sem ekki eru hneigðir fyrir bóklegt nám, til þess að vera í skóla? Sannleikurinn er sá með afburðamenn, að þeir hafa ekkert að gera með að vera að dunda lengi í skóla, og einhverjir tveir mestu fjármálamenn, sem ég hef þekkt, — annar þeirra sagði, að sér hefði ekki dottið í hug að læra kverið, því að þetta hefði verið svo vitlaust. Þetta var praktískur maður og hann sá, að það var tóm vitleysa að vera að læra þetta utanbókar, og hann sagðist hafa verið fermdur upp á faðirvorið. Hinn sagði mér, að sér hefði ekki dottið í hug að vera að læra þessi fræði, þetta hefði verið óhagnýtur lærdómur. Það er nefnilega þannig með marga af mestu hæfileikamönnunum, sérstaklega ef þeir hafa praktíska hæfileika, að þá nenna þeir ekki að læra rugl, sem þeir sjá, að er ekki til neins í lífinu. Þeir þurfa þess ekki. Þeir hafa sig áfram fyrir því.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh., að það mætti ekki stytta skólatímann. Ég hef reynsl-

una, ég á 10 börn, þau hafa lengst verið í barnaskóla 2—3 mánuði á vetri og sum hafa ekki verið nema 3—4 mánuði í heild og hafa náð landspróf fyrir því, þegar þar að kom.

Nei, það er ekki undir því komið að pína unglingana til að vera lengi í skóla. Það er aðalatriðið, að þeim sé kennt og að þeir haldi sig að náminu, meðan þeir eru í skóla, fyrir utan það, að náttúrlega er eins og hver önnur barnapynting eða unglingapynting að halda þeim í 9 mánuði á einhverjum heldur óþægilegum stólum, eins og einn þm. var að tala um hér í gær. Það er óeðlilegt fyrir unglingana, og þeir verða að miklu minni mönnum fyrir það, í staðinn fyrir að fara út í lífið og fara að vinna og leika sér, eins og þeirra er eðli.

Þá er þessi ógurlega nauðsyn, sem alltaf er verið að tala um, að menn séu lengi í skóla og verði stúdentar. En sannleikurinn er sá, að í okkar landi er að verða hálfgerð stúdentaplága. Hvað á að gera við allan þennan lýð, sem nú er í háskóla? Ég er ekki að gera lítið úr greind þessara manna. Við þurfum bara á þeim að halda í aðrar atvinnugreinar. Þessir menn hafa ekkert að gera að loknu námi. Ég las í einhverju blaði, að Svíar væru nú orðnir í svo miklum vandræðum, að þeir ætluðu að fara að gera gervipresta úr uppgjafarstúdentum sínum og hafa til þess skyndinám. Svo eiga þeir að fara að prédika trúmál eins og prestar á eftir. Þetta er aðalatriðið.

En auk þess er það endemis ráðleysi, sem kemur fram í þessu frv., og óhagsýni, ótal stöður og nefndir og ráð, sem allt eykur kostnaðinn. Það er náttúrlega ekki ný bóla, að það sé heimskulega haldið á fjármálum í landi voru. T. d. eru það þessir fræðslustjórar í hverju kjördæmi. Hæstv. menntamrh. var að tala um, að ég fylgdist ekki vel með fundargerðum, og það er satt. Ég hef ekki fengið fundargerðirnar af þeim fundum, sem voru haldnir. En ég var búinn að frétta lauslega af þessum fundum, og það voru áreiðanlega fleiri aths., sem komu, heldur en þessi, að við ættum að hafa sérstakan fræðslustjóra í Norðurl. v. En það var ósköp eðlilegt, að það væri tekið til greina, því að það hefur líklega verið vitlausasta hugmyndin, sem hefur komið fram. Auðvitað höfum við enga sérstaka þörf fyrir þetta, en þetta kemur bara upp ríg á milli kjördæmanna, sem er ekkert nema barnaskapur. Sannleikurinn er sá, að það er ekkert að gera fyrir einn fræðslustjóra í hverju kjördæmi. Ef þessir menn ætla að hafa eitthvað að gera í þessa 9 mánuði, sem skólarnir eiga að starfa, getur einn maður farið um landið, því að þessir menn eru eins og hálfgerð plága á kennurunum. Þeir eru að koma og yfirheyra þá og rexa. Og kennurunum leiðist þetta, þó að þeir séu hógværir menn og taki þessu öllu vel. Áður hétu þeir námsstjórar. Þessir menn eru margfalt fleiri en þeir þurfa að vera, og þannig mætti skera mikið niður.

Svo er nú eitt í þessu frv. Menn eiga að fá tveggja ára laun fyrir að þykjast vera í einhverju framhaldsnámi og flakka út í lönd, — eru á fullum launum við það. Þetta er farið að ganga úr hófi, bæði með kennara og aðra, að þeir þurfi að fara út í lönd og eyða þar peningum. Ekki svo að skilja, að ég hafi á móti því, að menn fari út í lönd, en þeir þurfa ekki að vera á fullum launum fyrir það. Þetta erlenda ráp er farið að ganga alveg úr hófi.

Það er sem sagt ótalmargt, sem má að þessu frv. finna, og það er ósköp eðlilegt, að það megi finna að ýmsu, en ég hef drepið hér á aðalatriðin, og n. ræður því að sjálfsögðu, hvort hún tekur það nokkuð til greina.

En hinu skal ég lofa, ef þeir ætla að knýja þetta fram, þá skal ég skrifa grein og reyna að vinna á móti því, svo að það verði ekki hægt að framfylgja því mörg ár, eins og ég hef vit á, því að það er um unglingapyntingu að ræða og alveg stórhættulegt fyrir afkomu okkar í dreifbýlinu. Menn geta orðið nýtir menn, þó að þeir hafi ekki setið upp undir 20 ár í skóla. Við getum tekið fyrrv. landbrh. Hann eyddi ekki mörgum vetrum í skóla, þessi hæstv. ráðh., og ég efast um, að hann hefði orðið ráðh., ef hann hefði setið 15 ár í skóla, — ég stórefa það. Það er áreiðanlegt, að það er ekki hægt að gera gæðing úr slæmu efni og menn geta ekki orðið að neinum stórmennum bara af því að sitja í skóla.

Ég skal ekki fjölyrða þetta meira, það er ekki ástæða til þess. Ég veit, að n. athugar málið vel. Hún er skipuð miklum gáfumönnum, þó að þeir hafi ekki fengizt mikið við atvinnurekstur. En það vona ég, að þeir athugi, að menn þurfa að gera fleira en að sitja í skóla.

Viðvíkjandi því, sem kom hér fram áðan, að bændur gætu ekki kostað börn sín í skóla, þá er það dálítið hlægilegt. Sannleikurinn er sá, að það er ekki af fátækt, sem menn geta ekki lært hér á landi. Það er bara af því, að þeir eru ekki hneigðir fyrir það, því að vinnulaun eru orðin það há og það mikil vinna, að ef unglingurinn á annað borð er námfús, getur hann alltaf haft sig í gegnum skólana, bara að hann hafi sjálfur viljann til þess. Og duglegir stkrákar geta svo að segja alveg unnið fyrir sér. Ef ekki er lengur skólatíminn til að gera þeim ómögulegt að vinna fyrir sér, þá hafa þeir getað klárað sig án þess að fá mikla hjálp. Hitt er svo annað mál, að foreldrarnir mega varla missa börnin öll, og þegar börnin eru öll farin til náms, fara foreldrarnir á eftir. Það er ákaflega tvísýnt, hve mikið gagn þessir skólar gera dreifbýlinu.

Þm. bösluðu mikið við að koma upp menntaskóla á Ísafirði. Svo frétti ég það eftir gömlum skipstjóra, sem sagðist hafa frétt eftir mér, — sagan er nú líklega sönn, að ég hafi verið að vappa í kringum vestfirzku þm., þegar þeir voru búnir að fá frv. samþ., og sagt þeim, að mikið óhagræði væru þeir nú búnir að vinna Vestfirðingum. Þarna hefðu verið einhverjir mestu og duglegustu skipstjórar á landinu og miklir myndarmenn, en þegar menntaskólinn væri kominn, þá færu öll beztu mannsefnin í hann og yrðu stúdentar, færu suður og slæptust hér í háskólanum, og þannig misstu þeir kjarnann af mönnunum, þennan kjarna, sem þeir höfðu áður í sínu atvinnulífi og til gagns fyrir þjóðina, og svo verða þeir viðskipstafræðingar, lögfræðingar eða þjóðfélagsfræðingar hjá Ólafi Ragnari Grímssyni

í Reykjavík, — og hverjir munu verða þarfari fyrir þjóðina? Ég er nefnilega sannfærður um, að menntaskóli á Vestfjörðum verður Vestfirðingum sjálfum til mikils ógagns. Ég er ekki hræddur við mannfæðina í dreifbýlinu, en ég er hræddur við gáfnaflóttann. Ef á að fara að reka þann áróður, að þeir unglingar í dreifbýlinu, sem eitthvað geta lært, eigi nauðsynlega að verða stúdentar, ganga hér með hvítt um hálsinn, þá er okkar dreifbýli hætt. Það er ekki mannfæðin, sem drepur okkur, heldur hitt, að skólarnir verði til þess, að við missum alla greindustu unglingana. Það er það hættulegasta. Þeir koma ekki aftur heim til þess að setjast að í dreifbýlinu, eins og á málum er haldið nú. Þessir blessaðir launamenn, þessir ríkisstarfsmenn og yfirleitt fjöldinn af þessu launaliði er hættur að vinna nema 7 tíma á dag, 4—5 daga í viku. Þetta verður vitanlega til þess, að menn leita í þessar atvinnugreinar, hverfa frá þeim störfum, sem skipta þjóðina miklu meira máli, að aðaldugnaðarmennirnir séu í. Nei, við vinnum ekkert þrifaverk við að pynta unglingana til að sitja 9 mánuði á skólabekk í 9 ár.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég ætlaði alls ekki að tala aftur við 1. umr., en vegna þess að hv. 9 landsk. þm., Ellert Schram, nefndi mig áðan í ræðu sinni, ætla ég að gera stutta aths. Hann notaði ummæli eftir mig í röngu samhengi. Áðan talaði hann um, að þeir, sem héldu áfram til æðra náms í framhaldsskólunum, mundu einangrast frá vinnandi fólki, og nefndi í því sambandi, að ég hefði kallað þessa afstöðu hans rómantíska. Ég notaði orðið rómantískt í ræðu minni í fyrradag í allt öðru samhengi, eins og hann getur síðar lesið um í þingtíðindum. Ég var þá að tala um lengingu árlegs námstíma og kallaði það rómantíska afstöðu, þegar menn héldu því fram í fullri alvöru, að allur þorri íslenzkra barna þéttbýlisins ætti þess enn kost að vinna að sveitastörfum eða taka þátt í framleiðslustörfum. Þetta er liðin tíð, og ég held, að enginn geti í rauninni mótmælt því. Má t. d. benda á viðleitni margra aðila þjóðfélagsins til þess að koma á fót sumarbúðum og öðru slíku, og það er ekki að ástæðulausu, sem sú viðleitni fer fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

—

Grunnskóli, frv. (þskj. 281). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 310). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem hér er nú lagt fram sem stjfrv., hefur átt sér alllangan aðdraganda, og undirbúningur þess hefur verið vandaður eftir föngum. Upphaf frv. má rekja til þál. frá 22. apríl 1970, þar sem Alþ. fól heilbrh. að skipa n. til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafar og sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús. Þessi n. starfaði frá því haustið 1970 og þar til í apríl 1971, en þá skilaði hún ítarlegum till. og nál. til ráðh. Nál. og frv.-drög voru send fjölmörgum aðilum til umsagnar sumarið 1971 og um haustið skipaði ég nýja n., sem fékk það hlutverk að endurskoða frv.-drögin með tilliti til þeirra athugana og aths., sem gerðar höfðu verið. N. útbjó síðan lagafrv. til l. um heilbrigðisþjónustu, og var það lagt fram á síðasta þingi til kynningar. Það frv. til l. var lagt fram af heilbr.- og félmn. Nd. og var tekið til 1. umr. í þessari hv. þd. Þær umr. urðu allítarlegar, en síðan var málinu vísað til nefndar.

Eftir að frv. var lagt fram á s. l. vetri, komu enn til rn. og þm. ýmsar aths., og víða var fjallað um frv. á fundum úti um landið. Var þá frv. enn tekið til endurskoðunar með tilliti til ýmissa þeirra aths., sem höfðu komið fram, og síðan hefur frv. nú verið lagt fram í þessu formi sem stjfrv.

Enda þótt mjög margar breytingar hafi verið gerðar á ýmsum liðum frv., frá því að það kom fyrst fram, má segja, að að meginstofni til og allri uppbyggingu sé frv. með því svipmóti, sem það var upphaflega. Þegar frv. var lagt fyrir á síðasta þingi, fylgdi ég því úr hlaði með allítarlegri ræðu, og ég vék þar að ýmsum atriðum, sem ég tel ekki ástæðu til að endurtaka nú. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að rekja efni þess að nýju, einkum vegna þeirra breytinga, sem á því hafa orðið.

Tilgangur frv. er að koma á betra og heilsteyptara fyrirkomulagi í læknisþjónustu en nú er, og með það fyrir augum er steypt í einn lagabálk núgildandi lagaákvæðum um sjúkrahús, læknaskipun, heilsuvernd, læknishéraðasjóði og annað, sem þessum málum viðkemur. Mig langar til að minnast á nýmæli frv. lið fyrir lið með nokkrum orðum.

1. Í upphafsgr. frv. er almenn stefnuyfirlýsing um, að allir landsmenn skuli eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni, og hér er heilbrigði skilgreint í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að.

2. Sett eru ákvæði um yfirstjórn heilbrigðismálanna, ítarlegri en fram koma í lögum um stjórnarráð og reglugerð um sama efni, og gert ráð fyrir ákveðinni lágmarksdeildaskiptingu rn. eftir verkefnum.

3. Áformað er að setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál, Heilbrigðisráð Íslands, sem sé tillögu- og umsagnaraðili til ráðh. og rn. um ýmis mál.

4. Gerð er till. um gerbreytingu á núverandi læknishéraðaskipan, og í kjölfar þeirra breytinga fylgir breyting á störfum og stöðu héraðslækna. Gert er ráð fyrir, að læknishéruð verði framvegis 5 og a. m. k. í þremur þessara héraða verði héraðslæknisstarfið aðalstarf héraðslækna, og sýnt er, að þeir munu ekki komast af án aðstoðar í þessum þremur stóru héruðum. Héraðslæknar verða samkv. þessu frv. framkvstj. heilbrigðismála, hver í sínu héraði.

5. Hugtakið heilsugæzla er í frv. skilgreint sem heilsuverndarstarf og lækningastarf allt, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum. Frv. gerir ráð fyrir, að heilsugæzla verði innt af hendi í sérstökum heilsugæzlustöðvum og að héruðum verði skipt í sérstök heilsugæzluumdæmi. Þannig verður Reykjavíkurhérað eitt heilsugæzluumdæmi, Suður- og Vesturlandshérað 12 heilsugæzluumdæmi, Vestfjarðahérað 2 heilsugæzluumdæmi, Norðurlandshérað 8 heilsugæzluumdæmi og Austurlandshérað 3 heilsugæzluumdæmi. Í hverju heilsugæzluumdæmi eru ein eða fleiri heilsugæzlustöðvar. Heilsugæzlustöðvar geta verið með tvennu móti, þ. e. a. s. heilsugæzlustöð I, þar sem starfar einn læknir hið minnsta og annað starfslið, og heilsugæzlustöð II, þar sem starfa tveir læknar hið minnsta.

6. Gert er ráð fyrir breyttu og betra skipulagi á störfum hjúkrunarkvenna utan sjúkrahúsa, þ. e. að annars vegar verði störf héraðshjúkrunarkvenna, sem starfi með héraðslæknum, hins vegar verði heilsugæzluhjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum, og er gert ráð fyrir, að allar þessar hjúkrunarkonur verði ríkisstarfsmenn.

7. Gert er ráð fyrir breytingu á ríkisframlagi til byggingar heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa og verði það framlag 85% af kostnaði við byggingu og búnað stofnana, sem eru í eigu ríkisins.

8. Skilgreint er, hvaða þjónustu heilsugæzlustöðvar eiga að veita. En í aðalatriðum er það þannig, að þær veita almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanaþjónustu til sjúklinga, enn fremur lækningarannsóknir, sérfræðilega læknisþjónustu að nokkru leyti og tannlækninsþjónustu og loks ýmiss konar heilsuvernd, sem skiptist í a. m. k. 14 undirgreinar.

9. Í þessu lagafrv. er skilgreint, hvað átt sé við með orðinu sjúkrahús, og er sjúkrahúsum síðan skipt í flokka eftir tegund og þjónustu. Er þar um að ræða 7 flokka, þ. e. svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sjúkraskýli, vinnu- og dvalarheimili og gistiheimili fyrir sjúklinga.

10. Frv. kveður á um skyldu ráðh. til að láta gera áætlun um þörf landsmanna fyrir heilbrigðisstofnanir til 10 ára í senn með endurskoðun á tveggja ára fresti.

11. Gert er ráð fyrir, að læknaráð verði við öll sjúkrahús, þar sem þrir eða fleiri læknar eru starfandi, og skulu læknaráðin vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahúss. Þá er gert ráð fyrir, að við sjúkrahús séu stofnuð sérstök starfsmannaráð, þar sem starfshópar eigi fulltrúa, og gert er ráð fyrir, að starfsmannaráð kjósi menn í stjórnir sjúkrahúsanna.

12. Í frv. eru ýmis ákvæði um vaxandi samvinnu milli heilbrn. og þeirra rn., sem fjalla um skyld málefni, svo sem menntmrn., og ýmissa annarra aðila, svo sem Háskóla Íslands.

Þessi upptalning sýnir, að þetta frv. hefur að geyma fjölmargar veigamiklar breytingar á núgildandi lögum, og það er samróma álit þeirra, sem um frv. hafa fjallað, að þær séu líklegar til að leiða til betri og fullkomnari heilbrigðisþjónustu fyrir landsbúa. Ég mun nú gera grein fyrir einstökum köflum frv., en eins og fyrr segir, skiptist það í kafla eftir efnisatriðum, og er þá nokkuð miðað við þau lög, sem frv. kemur í staðinn fyrir.

Frv. skiptist í fimm kafla, og eru þeir þessir: yfirstjórn, um læknishéruð, um heilsugæzlu, um sjúkrahús, og svo er það V. kaflinn, sem hefur að geyma ýmis ákvæði.

Að því er yfirstjórn varðar, gerir frv. ráð fyrir, að lögbundin sé nokkur lágmarksskipting heilbr.- og trmrn. eftir málaflokkum, og er gert ráð fyrir, að málefnum á sviði heilbrigðismála sé skipt í þrjá flokka, en síðan verði sérstök deild fyrir tryggingamál og önnur deild, sem þjónar bæði heilbrigðis- og tryggingamálum, og sérstök deild um áætlanir og skýrslugerðir. Deildir rn. eru ætlaðar þannig samkv. frv.:

Sjúkrahúsmála- og heilsugæzludeild. Þessi deild á að hafa yfirstjórn með sjúkrahúsum ríkisins og eftirlit með öllum sjúkrahúsum landsins. Deildin á að hafa forgöngu um verkaskiptingu og samstarf sjúkrahúsa. Hún er framkvæmdaaðili við undirbúning og byggingu nýrra sjúkrahúsa ríkisins. Í samráði við héraðslækna hvers héraðs skipuleggur deildin heilsugæzlustöðvar og er framkvæmdaaðili um undirbúning og byggingu nýrra stöðva. Ásamt landlækni hefur þessi deild eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum öðrum og fylgist með starfsaðstöðu þeirra.

Þá er heilbrigðiseftirlitsdeild, en gert er ráð fyrir því, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins verði deild í rn., og er það að sjálfsögðu gert til þess að samhæfa betur þá starfsemi, sem unnin er á þessum sviðum, því að samstarf rn. og stofnana verður að reyna að auka og bæta.

Þá er lyfjamáladeild, en hún á að annast eftirlit með lyfjum, lyfjagerðum, lyfjabúðum og öðru slíku samkv. lyfsölulögum. Deildinni er einnig ætlað að vera framkvæmdaaðili fyrir lyfjaskrárnefnd og lyfjaverðlagsnefnd, sjá um dreifingu og útgáfu lyfjaskrár og sérlyfjaskrár og yfirleitt að annast öll þau málefni á sviði lyfjamála, sem undir rn. heyra. Þess má geta, að vísir að þessari deild er þegar kominn í rn., því að deildarstjóri hefur starfað þar að lyfjamálum í eitt ár.

Þá er tryggingamáladeild, en hún á annars vegar að annast eftirlit og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar eftirlit með annarri tryggingastarfsemi í landinu, að því leyti sem hún fellur undir rn., og má þar minna á frv. um vátryggingastarfsemi, sem nú liggur fyrir Alþ. Þá er gert ráð fyrir, að deildin sé forgönguaðili um samvinnu við erlenda aðila í almannatryggingamálum og öðrum tryggingamálum, bæði á Norðurlöndum, þar sem sú samvinna er mest, og á alþjóðavettvangi.

Loks er áætlana- og rannsóknardeild, en gert

er ráð fyrir, að þessi deild skipuleggi í samvinnu við landlækni skýrslusöfnun um heilbrigðismál og útgáfu heilbrigðisskýrslna og annað á grundvelli fenginna gagna. Hún á að annast áætlanir um þörf heilbrigðisþjónustu í landinu og heilbrigði starfsliðs.

Þessi lágmarksdeildaskipting er sett til þess að reyna að gera rn. að virkri stjórnunarstofnun, og þannig gengið frá hnútunum, að rn. ásamt embætti landlæknis geti haft sem bezta yfirsýn yfir málefni heilbrigðisþjónustunnar.

II. kafli frv. fjallar um læknishéruð, en í lagafrv. er gert ráð fyrir, að læknishéruð verði 5: 3 stór héruð, Reykjavíkurhérað, Suður- og Vesturlandshérað og Norðurlandshérað, en 2 miklu minni, Vestfjarðahérað og Austurlandshérað. Hér er um að ræða fækkun héraðslækna frá því, sem var í fyrra lagafrv., og er það gert í samræmi við almennan vilja þeirra, sem látið hafa í ljós skoðanir sínar á málinu. Auðsætt er, að þrjú af þessum héruðum verða svo stór, að einum lækni verður ofætlun að annast þar embættislækningar, og má gera ráð fyrir a. m. k. tveimur aðstoðarlæknum héraðslæknis í Reykjavíkurhéraði, Suður- og Vesturlandshéraði og Norðurlandshéraði. En gert er ráð fyrir, að ákvæði verði sett með reglugerð um starfslið héraðslækna. Augljóst er, að héraðslæknar í þessum þremur héruðum muni ekki stunda almenn læknisstörf, en hins vegar er sennilegt, að héraðslæknar í Vestfjarðahéraði og Austfjarðahéraði muni að einhverju marki stunda almenn læknisstörf.

III. kafli frv. fjallar um heilsugæzlu. Áður hefur verið minnzt á skilgreiningu hugtaksins heilsugæzla, en í frv. er gert ráð fyrir að sameina á einn stað það starf, sem nú er unnið að lækningum á almennum lækningastofum og á heilsuverndarstöðvum. Auk þess er gert ráð fyrir, að þessi starfsemi verði sem nánast tengd sjúkrahúsum eða sjúkrastofnunum, þar sem því verður við komið, og að þessi starfsemi öll verði rekin sem mest sem ein heild. Þannig er gert ráð fyrir alls staðar, þar sem því verður við komið, að þar verði heilsugæzlustöðvar, hluti af sjúkrahúsi og starfslið sameiginlegt, eftir því sem hægt er. Í 16. gr. frv. er skilgreint, hvernig heilsugæzlustöðvar geti verið með tvennu móti eftir stærð, og í 17. gr. frv. er skýrt, hvernig heilsugæzlustöðvar skuli dreifast um landið.

Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða staðarval einstakra heilsugæzlustöðva. Um flestar stöðvarnar er ekki ágreiningur, en um nokkra staði hefur verið ágreiningur, og einnig er nokkur ágreiningur um stærð nokkurra stöðva. Ég geri ráð fyrir því, að um þetta atriði verði umr. hér í þinginu, og að sjálfsögðu mun Alþ. skera úr um slíkan ágreining, þegar þar að kemur.

Ákvæði 22. gr. stefna að því, að heilsugæzlustöðvar veiti sem víðtækasta heilbrigðisþjónustu, og bendir það á, að ætlunin sé að skipuleggja heilsugæzlustöðvar þannig, að þær geti einnig veitt sérfræðilæknisþjónustu að einhverju marki og þar undir tannlæknaþjónustu. Þó er ósennilegt, að slík þjónusta verði á minni stöðum nema að því marki, sem hægt er að fá sérfræðinga til að koma til stuttrar dvalar í senn, svipað og nú er um augnlækningaferðalög.

IV. kafli frv. er um sjúkrahús. Í frv. er skilgreint, hvað átt sé við með orðinu sjúkrahús, og sjúkrahúsum síðan skipt í flokka eftir tegundum og þjónustu, eins og ég minntist á áðan. Gert er ráð fyrir því, að ráðh. setji reglugerð með nánari ákvæðum um flokkun sjúkrahúsa og jafnframt um starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, sem nú eru starfandi. Með því að flokka sjúkrahús eftir þjónustu er lagður grundvöllur að áætlanagerð um þörf hinna ýmsu tegunda sjúkrahúsa, en að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þörfinni á þessu sviði í sambandi við áætlanagerð um heilbrigðisstofnanir, sem ætlazt er til, að ráðh. láti gera samkv. 36. gr. frv.

Frv. gerir ráð fyrir nokkurri breytingu á yfirstjórn ríkissjúkrahúsa frá því, sem nú er. Þannig er gert ráð fyrir, að sjúkrahúsmáladeild rn. hafi yfirstjórn ríkissjúkrahúsa, en stjórnarnefnd, sem sé þannig kjörin, að starfsmannaráð ríkisspítala tilnefni tvo menn og ráðh. skipi þrjá, sjái um stjórn sjúkrahúsanna að öðru leyti og slík stjórn sé kosin og skipuð til tiltekins tíma. Gert er ráð fyrir sams konar yfirstjórn annarra sjúkrahúsa og áformað, að starfsmannaráð sjúkrahúsanna fái hlutdeild í stjórnun þeirra, enda þótt viðkomandi sveitarstjórnir hafi meiri hl. í stjórnunum.

Í 34. gr. frv. er gert ráð fyrir, að skipuð sé þriggja manna n., sem metur hæfni umsækjenda um stöður lækna í heilbrigðisþjónustunni, og er þessi framkvæmd til orðin fyrir tilmæli læknasamtakanna, og með því á að reyna að koma á meira samræmi í þessum efnum en nú er. Eins og fyrr segir, er gert ráð fyrir því í 36. gr. frv., að ráðh. láti gera áætlun um heilbrigðisstofnanir, bæði heilsugæzlustöðvar og sjúkrahús, og sé sú áætlun endurskoðuð á tveggja ára fresti og höfð til viðmiðunar við gerð fjárl. árlega. Í þessu lagafrv. er gert ráð fyrir, að embætti landlæknis haldist óbreytt frá því, sem nú er, en reynt er að undirstrika sérstöðu hans sem umsagnar- og ráðgjafaraðila á mjög mörgum sviðum. Um það var nokkuð deilt, þegar till. voru upphaflega lagðar fram, hvort sameina ætti embætti landlæknis og starf ráðuneytisstjóra í heilbr.- og trmrn. En í samræmi við ákveðinn vilja læknasamtaka og nokkurra annarra heilbrigðisstétta hefur embætti landlæknis verið haldið í núverandi formi, en eins og fyrr segir, er reynt að skilgreina betur sérstöðu landlæknis sem embættismanns til að vera faglegur umsagnaraðili en áður var. Þetta kemur fram í fjölmörgum gr. frv. nú, þar sem rætt er um, að umsagnar landlæknis sé leitað um tiltekin atriði. Þá er gert ráð fyrir því, að landlæknir skipuleggi skýrslugerðir héraðslækna og annarra lækna og heilbrigðisstofnana og innheimti frá þeim fyrirskipaðar skýrslur, en annist síðan útgáfu heilbrigðisskýrslna í samvinnu við viðkomandi deildir rn.

Ég hef nú í stuttu máli rakið að nýju veigamestu ákvæði frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, þar sem ég taldi, að svo langt væri umliðið síðan ég gerði grein fyrir frv. á síðasta þingi, og þar sem allverulegar breytingar hafa verið gerðar á því síðan, að eðlilegt væri að gera að nýju grein fyrir frv. á þessu stigi. Það er mjög eindregin ósk ríkisstj., að þetta frv. verði afgreitt á þinginu og það geti komið til framkvæmda frá og

með næstu áramótum. Það er augljóst, að þetta frv. leggur ríkissjóði auknar skyldur á herðar í sambandi við heilbrigðisþjónustuna, bæði að því er varðar byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva og aukinn þátt í rekstrarkostnaði heilsugæzlunnar í landinu. En á móti kemur það, að stefnt er að aukinni og betri heilbrigðisþjónustu, og það, sem mest er um vert, að reynt er að jafna aðstöðu landsbúa til að njóta þeirrar heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma er tiltæk.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég biðja hv. þm., sem hér eru viðstaddir, að leiðrétta eina villu, sem er í frv., það er í 33. gr. þess, undir lið 33.2. Þar á síðasta setningin að falla niður. Hún er svo hljóðandi:

„Ef heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, á héraðslæknir sæti í stjórninni, en sveitarstjórnir kjósa þá aðeins 2 fulltrúa."

Þessi setning á að falla niður. Hún var í fyrra frv., þegar gert var ráð fyrir mun fleiri héraðslæknum, en ef til kemur sú fækkun, sem hér er talað um, yrði slík skipan ekki raunhæf.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. um heilsugæzlu var til umr. á hv. Alþ. á fyrra ári, það var síðla þings 1972, gerði ég allítarlega grein fyrir frv., eins og það lá fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að fara að ræða heilbrigðismálin almennt aftur, en vildi aðeins gera aths. við frv., aðallega þar, sem snertir Suðurlandskjördæmi.

Ég lýsti því yfir, þegar þetta mál var til umr. hér áður, að við þm. Sunnl. mundum vilja nota sumarið til að kynna okkur hugi fólksins í kjördæminu, hvað væri við fyrra frv. að athuga og hvaða till. það hefði fram að færa til bóta. Ég sé, að það hefur í tveimur tilfellum verið farið eftir óskum Sunnlendinga, þ. e. með því að ákveða, að það skuli vera sérstakur héraðslæknir á Kirkjubæjarklaustri, en það var ekki í fyrra frv., og að það verði tveir læknar í Laugarási, heilsugæzlustöð II, enda er þegar búið að byggja þar tvo læknisbústaði, svo að það liggur nokkuð beint við, að svo verði. Læknishéraðið er líka fjölmennt, líklega nærri 3 þús. manns. En það er eftir ósk íbúa ofanverðrar Árnessýslu, að þarna verði 2 læknar. Að öðru leyti hefur ekkert verið farið eftir óskum Sunnlendinga í þessu efni.

Eitt atriði finnst mér alveg sérstaklega eftirtektarvert, og það er, að gert er ráð fyrir, að héraðslæknir Suður- og Vesturlandshéraðs sitji í Hafnarfirði, það verði aðeins einn héraðslæknir fyrir þetta víðáttumikla svæði frá Skeiðarársandi og vestur í Kollafjörð á Barðaströnd. Maður skyldi ætla, að þarna lægi sparnaðarhugsun að baki, en ég held tæplega, að svo geti verið. En ef það ætti að lögfesta frv. með þessu ákvæði, þá hygg ég, að heppilegra væri, að héraðslæknirinn sæti í Reykjavík. Það væri a. m. k. miklu hægara fyrir Sunnlendinga og íbúa Vesturlands að hitta lækninn í Reykjavík en að gera sér sérstaka ferð til Hafnarfjarðar. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. heilbrmrh. sé mjög til viðtals um að breyta þessu í fyrra form, og mér finnst eðlilegt, að héraðslæknar séu jafnmargir og kjördæmin, það verði byggð upp heilsugæzlustöð í kringum héraðslækninn. Það er þá þáttur í því að dreifa stofnunum út á land, en ekki eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég veit, að Sunnlendingar leggja mikið upp úr því, að héraðslæknirinn verði í kjördæminu, og við teljum, að hann verði bezt settur á Selfossi, eins og lagt var til í hinu fyrra frv.

Vestur-Skaftfellingar eru ekki ánægðir með frv. eins og það er, enda þótt gert sé ráð fyrir lækni á Kirkjubæjarklaustri. Það kom sendinefnd á fund okkar þm. og þeir óska eindregið eftir því, að heilsugæzlustöð II verði í Vík með tveim læknum og þriðji læknirinn á Kirkjubæjarklaustri. Þeir hafa rökstutt þessa till. sína skriflega, og mun hæstv. heilbrh. og sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fá till. þeirra.

Sama máli gegnir um Rangæinga, þeir eru ekki ánægðir með frv. eins og það er. Þeir voru ekki heldur ánægðir með það eins og það var. Við kynntum okkur það, að íbúar læknishéraðsins á Stórólfshvoli vildu ekki missa sinn héraðslækni. Á sýslufundi sýslunefndar Rangárvallasýslu á s. l. sumri var gerð einróma samþykkt um, að þá yrðu tveir læknar hið minnsta í Rangárvallasýslu og þeir sætu þar sem þeir nú eru. Ég hef einnig afrit af þessari fundargerð og mun gera ráðstafanir til þess, að heilbrrh. og n. fái það til athugunar. Allir oddvitar í Hellulæknishéraði hafa sent frá sér samþykkt um, að þeir vilji ekki undir neinum kringumstæðum missa lækninn.

Einnig hef ég fengið mótmæli frá hreppsnefnd Hveragerðishrepps, sem er algerlega mótfallin því, að læknirinn verði tekinn af þeim og sitji á Selfossi. Það má segja, að það sé svo mikið margmenni á Selfossi og í sveitunum næst Selfossi, að sjálfsagt sé, að þar verði heilsugæzlustöð af fullkomnustu gerð, enda þótt læknar séu annars staðar í neðanverðri Árnessýslu, eins og í Hveragerði. Þar eru um 900 íbúar. Svo er Þorlákshöfn og Ölfushreppur allur, þannig að það er hátt á annað þús. íbúa í þessu læknishéraði. Það sýnist því vera alveg fráleitt að taka lækninn af þeim og gera þeim skylt að fara að Selfossi til að vitja læknis.

Ég hef ekki enn fengið skrifleg mótmæli frá Stokkseyri og Eyrarbakka, en báðir oddvitarnir á Stokkseyri og Eyrarbakka hafa hringt til mín og sagt, að þeir mundu senda mótmæli gegn því, að læknirinn yrði tekinn af þeim. Það má segja, að það séu ekki nema 12 km frá Stokkseyri og Eyrarbakka til Selfoss, en eigi að síður verður dýrara fyrir íbúa Stokkseyrar og Eyrarbakka að sækja alltaf lækni að Selfossi en hafa hann á næstu grösum, eins og verið hefur, og íbúar Stokkseyrar og Eyrarbakka telja, að það sé stigið spor aftur á bak með því að taka læknirinn af þeim.

Ég efast ekki um, að tilgangur þessa frv. sé að bæta þjónustuna við fólkið, það sé höfuðtilgangurinn. Það er enginn vafi á því, að bæði hæstv. ráðh. og alþm. vilja hafa vilja fólksins í aðalatriðum að leiðarljósi í þessu efni, a. m. k. svo lengi sem vilji almennings gengur ekki í þá átt að torvelda, að læknisþjónustan geti

orðið góð. Það gæti vitanlega komið fyrir, að það væru gerðar slíkar kröfur, sem ekki væri sanngjarnt að uppfylla, og gæti leitt til þess, að þjónustan yrði í rauninni verri. En því er ekki til að dreifa í sambandi við þær aths., sem ég hef lýst frá mörgum í Suðurlandskjördæmi.

Það er sagt í grg. frv., að það hafi verið farið eftir vilja og óskum þm. og ráðamanna í héruðunum í sambandi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið. En það er ekki nema að nokkru leyti, sem þær óskir hafa verið teknar til greina. Því hefur verið haldið fram, að það væri hægara að fá lækna, ef þeir gætu unnið tveir saman, en í einmenningshéruð. Það má vel vera, að þessu sé þannig varið, þar sem langt er á milli lækna og erfiðar samgöngur. En þessu er ekki til að dreifa á Suðurlandi. Ég held, að það efist enginn um, að læknir muni sækja um Hveragerði, ef það losnaði, enda stóð ekkert á því, þegar þar var skipt um lækni fyrir einu ári. Ég held, að það efist enginn um, að það sæki læknir um Helluhérað og Stórólfshvolshérað, þótt þar yrðu einmenningshéruð áfram, t. d. með heilsugæzlustöð I, vegna þess að samgöngur eru yfirleitt góðar á Suðurlandi og tiltölulega stutt á milli læknanna, þannig að þeir geta vel unnið saman, eins og þeir hafa gert, læknirinn á Stórólfshvoli og læknirinn á Hellu. Þeir hafa unnið mjög vel saman, og hefur ekki borið á því, að þeir hafi óskað eftir breytingum.

Það má vel vera, að það verði erfitt að fá lækni að Kirkjubæjarklaustri. Það hefur reynzt svo vegna þess, hversu langt er til Klausturs, og það er yfir Mýrdalssand að fara. En einmitt vegna þess, að það er yfir Mýrdalssand að fara, er enn nauðsynlegra að hafa lækni á Kirkjubæjarklaustri. Þegar hringvegurinn kemur, verða sveitirnar austan Mýrdalssands ekki eins einangraðar og þær hafa verið til þessa, og þá er mjög líklegt, að ekki verði fyrirstaða á því að fá lækni til þess að setjast að á Kirkjubæjarklaustri. Ég vil einnig vekja athygli á því, að um leið og brú kemur yfir sandana munu Öræfingar og fleiri íbúar Austur-Skaftafellssýslu sækja lækni að Klaustri frekar en til Hornafjarðar, vegna þess að vegalengdin til Klausturs er miklu styttri en austur í Hornafjörð. Það er þess vegna ekki einhlítt að fullyrða, að nauðsynlegt sé að hafa 2 menn saman, til þess að læknar fáist til að fara út í héruðin. Það eru fleiri ástæður, sem þar koma til.

Þetta frv. er yfirgripsmikið og ekki þarf að efa, að meiningin er góð með flutningi þess. Það er verið að leitast við að koma málum þannig fyrir, að hægt sé að bæta þjónustuna, að frekar sé hægt að fá lækna til að dvelja á hinum einangruðu og afskekktu stöðum með þessu fyrirkomulagi, sem frv. boðar, en við þá staðhætti, sem nú er búið við. Vonandi leysist vandinn að verulegu leyti með því að lögfesta frv. í þessu formi að mestu. En hætt er við, að ýmis ljón verði á veginum, þrátt fyrir að þetta frv. yrði í aðalatriðum að lögum. Það er vissulega mikið vandamál, hvernig leysa skuli læknamálin í strjálbýlinu, þar sem skilyrðin til samgangna eru erfiðust.

Ég heyrði á hæstv. heilbrrh. áðan, áður en hann fór að tala fyrir frv., að hann væri út af fyrir sig til viðræðu um ýmsar breytingar á frv. Ég tel þess vegna síður ástæðu til að fara allítarlega út í ýmsar gr. frv. nú við 1. umr. Ég mun hins vegar og við þm. Sunnl. senda bæði rn. og n., sem frv. fær, bréf, þar sem við túlkum okkar skoðun, ásamt fskj. og þeim mótmælum, sem ég áðan minntist á, frá hinum ýmsu héruðum. Þess vegna tel ég, herra forseti, ekki ástæðu til að svo stöddu að fara fleiri orðum um málið. En það eru vissulega fleiri atriði í frv., sem þurfa athugunar við. Ég get vel tekið undir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að það er að ýmsu leyti nauðsynlegt að lögfesta mörg ákvæði, sem í frv. eru, og að sjálfsögðu þau, sem sýnast vera óumdeilanlega til bóta og stuðla að því að bæta heilbrigðisþjónustuna, ekki sízt þar sem hún hefur verið erfiðust.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Við ræðum nú hvert stórmálið á fætur öðru í þessari hv. d. Við höfum átt mjög gagnlegar umr. um skipulag skyldunámsins í landinu í dag og að undanförnu. Nú er hér málefni til umr., sem kemur okkur öllum við ekki síður en skólamálin.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að ástandið í læknamálunum sé eitt hið mesta áhyggjuefni almennings nú og úrbætur í þeim efnum næsta brýnar. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um endurskipulagningu heilbrigðisþjónustunnar, og samkv. stefnumörkun 1. gr. frv. er um mjög róttæka stefnu að ræða, sem þetta frv. boðar. Hún er að veita landsmönnum sem fullkomnasta heilbrigðisþjónustu, í víðri merkingu þess orðs, og í þessu frv. er að finna útfærslu þessarar stefnu. Frv. gerir ráð fyrir gerbreyttu skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og gefur heilbrigðisþjónustunni í raun og veru nýtt inntak. Frv. lýsir þannig miklum vilja til nýskipunar, og ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að nýskipan á sviði læknisþjónustunnar sé ákaflega brýn, því að ástandið í læknisþjónustunni er vægast sagt hörmulegt. Við vitum, að stórir landshlutar, jafnvel heilar sýslur, eru nær læknislausir mestan hluta ársins og mörg lögbundin læknishéruð eru einnig læknislaus ár eftir ár. Heimilislæknaskortur er almennt og alvarlegt vandamál í ýmsum kaupstöðum, þannig að það er ekkert um það að villast, að núverandi læknaskipun er stórgölluð og þjónar tæpast tilgangi sínum nú orðið. A. m. k. virðist svo vera, þar sem ómögulegt er að manna ýmis héraðslæknisembætti í landinu, svo að þau standa auð ár eftir ár. Það er því í sjálfu sér engin eftirsjá eftir núverandi læknaskipun, og munu allir fagna því, ef hægt er að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna og þar með fyrst og fremst læknaskipunina, á þann veg, að hún veiti landsmönnum sem fullkomnasta þjónustu, eins og markmið þessa frv. er.

Ég lít svo á, að með þessu frv. sé verið að stíga mjög djarfmannlegt spor, og þess er vissulega þörf. Ég held, að ekki verði bornar brigður á, að ef þetta nýja skipulag kemst á, er um svo stórfellda framför að ræða í íslenzkri heilbrigðisþjónustu, að varla mun eiga sér hliðstæðu á öðrum sviðum. Þess vegna óska ég þess, að þetta nýja skipulag megi komast á og virkt sem

undirstaða íslenzkrar heilbrigðisþjónustu um langa framtíð.

Hitt er annað mál, að það er ekki nóg að semja lög og setja fram skynsamlegar áætlanir. Til þess að lög verði virk og áætlanir verði áþreifanlegar, þarf meira en góðar óskir alþm. og áhuga ríkisstj. og embættismanna. Hvað þetta snertir þurfa vissar forsendur að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi þarf mikið fjármagn og í öðru lagi þarf sérstakan undirbúning til að hrinda hinu nýja heilbrigðisskipulagi í framkvæmd. Ég hygg, að þetta hvort tveggja geti orðið býsna örðugt viðfangsefni. Samt held ég, að fjáröflun og skipulagning framkvæmda verði ekki það, sem erfiðast reynist. Ég hef ekki trú á því, þegar til kastanna kemur, að standa muni á fjármagni til að vinna að endurbótum á heilbrigðisþjónustu og læknaskipun. Ég geri líka ráð fyrir því, að það þurfi ekki beinlínis að standa á tæknilegri og sérfræðilegri þekkingu við uppbyggingu þessa nýja kerfis.

En það, sem ég óttast, og það, sem er ofarlega í huga mínum, þegar ég horfi lengra fram varðandi framkvæmd þessa máls, er tvennt: í fyrsta lagi, að þetta kerfi leysi ekki í tæka tíð þann brýna vanda, sem við er að glíma nú, og í öðru lagi er engin trygging fyrir því í þessu frv., að hægt verði að manna heilsugæzlustöðvarnar með því æskilega starfsliði lækna og hjúkrunarfólks, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þetta er það, sem ég óttast mest, og ég get ekki legið á því við þessa umr. Það vantar í frv. og það vantar í aðra löggjöf tryggingu fyrir því, að læknar fáist til að gegna störfum hér á landi, þrátt fyrir svo fullkomið skipulag sem hér er gert ráð fyrir.

Við skulum athuga, að þetta nýja kerfi þarfnast mikils starfsliðs. Fyrst og fremst krefst það útlærðra lækna, en einnig nauðsynlegs aðstoðarfólks, hjúkrunarfólks margs konar, læknaritara, meinatækna, sjúkraþjálfara, jafnvel sálfræðinga og félagsráðgjafa o. s. frv. Þetta fólk er ekki til í landinu í dag nema að sáralitlu leyti, jafnvel læknislært fólk, sem er fúst að takast á við vandamál af þessu tagi, er ekki fyrir hendi. Það er þó undirstaða þessa kerfis, sem hér er boðað, að slíkt fólk sé fyrir hendi, fyrst og fremst læknarnir. Eigi að síður dáist ég að þeim stórhug, sem þetta frv. ber með sér, og ég efa ekki, að hið fyrirhugaða skipulag sé á allan hátt mjög skynsamlegt og boði það, sem hlýtur að koma. En ég óttast erfiðleikana við framkvæmd þess. Mest óttast ég, að ekki sé fundið ráð við viljaskorti læknastéttarinnar til að sinna almennum lækningum hér á Íslandi. Hvað sem hver segir um skipulag og hvað sem hver segir um ytri aðbúnað, þá blasir við tregða og viljaskortur læknastéttarinnar, að ekki sé sagt ábyrgðarleysi hennar, gagnvart verkefnum í þjóðfélaginu, sem hún ein getur af hendi leyst. Þess vegna geri ég það að sérstakri ábendingu minni við umr. um þetta mál, að starfsundirbúningur læknastéttarinnar verði tekinn til endurskoðunar og endurmats. Ég hygg, að á því sé engin vanþörf. Það hefur yfirleitt aldrei skort vilja ríkisstj. og Alþ. til að bæta heilbrigðisþjónustuna í landinu, og það hefur aldrei staðið á fjármagni í sambandi við það að eyða læknaskortinum í landinu. Ég held þvert á móti, að það hafi ætíð verið eitt mesta áhugamál þings og stjórnar að koma í veg fyrir læknaskort. Í þessu máli sem öðrum er reynslan ólygnust. Læknastéttin hefur í rauninni brugðizt. Það má vera, að eitthvað sé að rofa til í þeim efnum. Ég skal fúslega viðurkenna, að eitt og annað bendir til þess, að læknastéttin finni meira til ábyrgðar sinnar en áður var. Þessi hugarfarsbreyting á þó eftir að koma skýrar fram í verki. Við skulum vona, að þetta skörulega frv. hafi áhrif í þá átt.

Ég vil endurtaka höfuðatriði þess, sem ég vil benda á nú við 1. umr. málsins, og það er, að starfsundirbúningur læknastéttarinnar verði tekinn til endurmats og endurskoðunar og að betur verði hugað að leiðum til að bæta úr brýnu neyðarástandi í læknamálum landsins. Hins vegar vil ég taka það fram, að ég mun að sjálfsögðu ekki tefja fyrir því, að þetta mál fái framgang á þessu þingi, og ég vona, að ég fái aðstöðu til þess sem nm. í heilbr.- og trn.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Aðdragandinn að því frv., sem hér er til umr., er sá, að fyrrv. heilbrrh., Eggert G. Þorsteinsson, skipaði n. manna á árinu 1970 með hliðsjón af þál., sem afgreidd var hér á hinu háa Alþ. sama ár, til að gera till. um endurskoðun á gildandi heilbrigðislöggjöf með það fyrir augum, að heilbrigðisþjónustan í landinu yrði bætt. Vissulega var sú ákvörðun tímabær og eðlileg í alla staði. Þörf var orðin á að taka þessi mál til athugunar, ekki hvað sízt út frá því sjónarmiði að reyna að ráða bót á því alvarlega ástandi, sem við var að etja á ýmsum stöðum úti um land, vegna þess að læknar eru illfáanlegir til þess að sinna þar störfum. Það kemur fram í grg. með frv., að þessi n. starfaði frá því í okt. 1970 og þar til í byrjun apríl 1971. Hún mun hafa haft samráð við ýmsa aðila um tillögugerð sína og sendi frá sér álitsgerð og till. í apríl 1971. Núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. fékk svo nýrri n. þetta mál í hendur haustið 1971. Í apríl s. l. lagði svo hæstv. heilbr.- og trmrh. till. þessara n. fyrir Alþ. í mynd frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. Um málið urðu talsverðar umr., en ekki náði það fram að ganga, enda ekki að því stefnt, að það gæti orðið á því þingi. Var það að mínum dómi í alla staði eðlilegt, svo stórt og viðamikið sem þetta mál er og æskilegt, að reynt sé að ná sem allra mestri og viðtækastri samstöðu um það. Frv. hefur nú aftur verið lagt hér fram, að vísu lítillega breytt frá því, sem áður var.

Ég fagna því, að þetta frv. til l. um breytta skipun heilbrigðisþjónustu er aftur á dagskrá á þessum vettvangi. Er þess að vænta, að úr þessu líði ekki langur tími, þar til unnt verður að hefjast handa um skipulega og samræmda uppbyggingu þess heilbrigðisþjónustukerfis í landinu, sem aðstæður nútímans gera nauðsynlegt. Löggjöf, sem stefnir megindráttum í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, virðist nauðsynlegur grundvöllur til að byggja á. Það má gera ráð fyrir því, að mikil vinna og störf liggi

að baki undirbúnings þeirrar tillögugerðar, sem hér liggur fyrir. Að henni hafa unnið ýmsir mætir menn með reynslu og sérþekkingu á sviði heilbrigðismála. Þeir hafa vafalaust leitað samráðs við fjölmarga aðila, sem þetta mál snertir, til að tryggja, að fyrirhuguð löggjöf geti orðið að því gagni, sem að er stefnt með setningu hennar. En margt orkar tvímælis í okkar heimi, ekki hvað sízt mannanna verk. Og svo finnst sjálfsagt ýmsum um eitt og annað í þessu frv., eins og hefur komið fram í þessum umr., þótt að samningu þess hafi staðið ýmsir hinna hæfustu manna, sem völ er á til þeirra hluta, enda virðist allt þetta mál vera þess eðlis og svo vandasamt úrlausnar, að ekki er þess að vænta, að allir geti orðið á eitt sáttir um allt, sem í væntanlegri löggjöf um heilbrigðisþjónustu kemur til með að standa. Það er vissulega til of mikils mælzt að gera ráð fyrir, að svo geti orðið í slíku máli sem hér um ræðir.

Mér sýnist, að sú tillögugerð, sem felst í frv., miðist einkum að því að leitast við að jafna aðstöðu manna til að fá notið sómasamlegrar heilbrigðisþjónustu. En vitað er, að skilyrði manna í þeim efnum eftir því, hvar þeir eru búsettir eða staddir í landinu, hafa verið ákaflega mismunandi. Hér er því um að ræða jákvætt markmið, sem stefna ber að. Um það hljóta flestir að geta verið sammála. Um hitt, með hvaða hætti það skuli gert, hvers konar skipulag þurfi að liggja til grundvallar, munu aftur á móti vera skiptar skoðanir, jafnvel meðal þeirra, sem bezt þekkja til.

Í frv. eru einnig gerðar till. um byltingu á því skipulagi, sem verið hefur á heilbrigðisþjónustu á þéttbýlissvæðinu, t. d. hér á suðvesturhorni landsins, þar sem þessi mál hafa verið í miklu betra horfi en víðast hvar annars staðar á landinu. Þótt svo hafi verið, er vissulega einnig þörf endurskipulagningar heilbrigðisþjónustunnar í þessum landshluta. Hvort tveggja, heilbrigðisþjónusta í þéttbýli og dreifbýli, er svo samtvinnað og tengt, að rétt og eðlilegt er að skoða þessa þætti í samhengi, eins og gert hefur verið við undirbúning þessa frv.

Að mínum dómi stefnir þetta frv. í rétta átt í höfuðatriðum. Það gerir ráð fyrir því, að heilbrigðisþjónusta taki til heilsugæzlu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga í sjúkrahúsum og endurhæfingarstarfs. Ég mun ekki að svo stöddu ræða einstök atriði frv. Mér mun gefast tækifæri til þess í heilbr.- og trn., sem væntanlega fær frv. til athugunar og umsagnar. Nokkur atriði, sem ég hef hnotið um og tel, að betur mættu fara eða orka tvímælis, þurfa nánari athugunar við. Möguleikar munu gefast, ef að líkum lætur, til að ræða þau við þá, sem frv. sömdu, þegar málið verður tekið fyrir í n., svo að ég skal ekki lengja þessar umr. með því að ræða þau hér náið.

Meðal þess, sem ég hef í huga í þessu sambandi, er staða heilbrigðiseftirlitsins í væntanlegu heilbrigðisþjónustukerfi. Mér sýnist margt mæla með því, að sú starfsemi ætti að vera til húsa í heilsuverndarstöðvum og rekast í tengslum við annað heilsuverndarstarf, sem þaðan verður rekið.

Þá vil ég minnast á skiptingu landsins í læknishéruð. Sennilegt er, að það hafi reynzt þeim, sem þetta frv. sömdu, eitt af erfiðustu úrlausnarefnunum. Hvað snertir skipan þeirra mála hér á suðvesturhorni landsins samkv. frv., þá eru menn í Reykjaneskjördæmi ekki á eitt sáttir í því efni.

Það vekur athygli, hvernig gert er ráð fyrir í frv., að tekið verði í slík lög sem hér um ræðir ákvæði um námsstyrki, sérstaka fjárhagslega fyrirgreiðslu og ýmiss konar hlunnindi til handa þeim, sem hæst verða settir innan kerfisins og hæstu launin fá. Hygg ég, að fátitt sé og sennilega einsdæmi í sambærilegri löggjöf íslenzkri, að kveðið sé á um og talin upp með þeim hætti, sem þarna er gert, ótal friðindi, sem vissum starfsmönnum eru boðin. Hér er um að ræða a. m. k. að nokkru leyti friðindi, sem venjulega er samið um milli viðkomandi stéttarfélags og vinnuveitenda. Þau hlunnindi, sem hér um ræðir, eru ekki látin ná til láglaunahópa heilbrigðisstarfsmanna, en þeir þurfa einnig á viðhaldsmenntun að halda, námsstyrkjum og fjárhagslegri fyrirgreiðslu til að afla sér aukinnar hæfni í starfi engu síður en þeir, sem hærra eru settir innan væntanlegs heilbrigðiskerfis. Þessi atriði þurfa að mínum dómi nánari athugunar við.

Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að telja upp fleiri atriði í frv., sem ég hef við yfirlestur og athugun á frv. staðnæmzt við. En ég lýk máli mínu með því að láta í ljós ánægju yfir því, að þetta frv. er komið hér fram. Vonandi tekst að afgreiða frá Alþ. hið allra fyrsta lög um heilbrigðisþjónustu, sem í öllum meginatriðum stefna í þá átt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Við Alþfl.-menn viljum fyrir okkar leyti stuðla að því, að svo geti orðið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mál þetta á sér alllangan aðdraganda, eins og gerð hefur verið grein fyrir hér á undan. Frv. um þetta efni var lagt fram á síðasta þingi, og urðu um það nokkrar umr. Nú er sagt, að á frv. hafi verið gerðar veigamiklar breytingar, enda var því lýst yfir í fyrra, að nota ætti s. l. sumar til að skoða þetta allt saman nánar, þannig að mönnum gæfist kostur á að gera aths. við einstaka liði frv.

Á síðasta þingi var þetta frv. nokkuð rætt. Ég bar m. a. fram brtt. ásamt hv. 8. landsk þm. um eitt atriði frv. Mér sýnist, að sú brtt. hafi verið tekin til greina, a. m. k. segir í inngangi að grg. frv., að heilsugæzlustöðvar hafi verið ákveðnar, víða, þar sem áður var talað um læknissetur, eða eins og nánar segir, að þetta þýði í raun og veru, að einstök læknissetur samkv. eldri till. verði nú heilsugæzlustöðvar og verði varanlegur liður í kerfi heilbrigðisþjónustunnar. Þá er einnig bætt inn stöðvum á staði, sem ekki voru taldir í fyrri gerð frv. Fyrir þetta vil ég þakka.

Í grg. eru rakin veigamestu nýmæli frv. ásamt þeirri ágætu stefnuyfirlýsingu, að allir landsmenn skuli eiga kost á eins fullkominni

heilbrigðisþjónustu og tök eru á að veita hverju sinni. Ég efast ekki um, að þarna fylgir vilji máli og þarna er horft í rétta átt.

Ég verð að játa, þó að skömm sé frá að segja, að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. nógu rækilega né heldur borið það nákvæmlega saman við frv. í þeirri mynd, sem það var á síðasta þingi á s. l. vori. Mun ég því ekki vera fjölorður um það að þessu sinni. Ég geri ráð fyrir því, að a. m. k. við fyrstu athugun líti hver þm. þetta frv. af eigin sjónarhóli, þ. e. a. s. virði fyrst og fremst fyrir sér, hvernig málum eigi að skipa í sínu kjördæmi. Sé ég, að á Vesturlandi er gert ráð fyrir heilsugæzlustöðvum á Akranesi, í Borgarnesi, Ólafsvík, Stykkishólmi og Búðardal. Þetta sýnist mér harla gott. Ef eining getur náðst um þetta heima fyrir, sem ég á fulla von á, þá virðist mér þetta fullnægja nokkurn veginn þeim óskum, sem menn hafa borið fram. En það er eitt atriði í frv., sem er raunar búið að minnast á af hv. 1. þm. Sunnl., sem mér finnst dálitið kynlegt. Það er svo hljóðandi ákvæði í 2. tölul. 7. gr.: „Suður- og Vesturlandshérað tekur yfir svæði frá Skeiðará að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis í Hafnarfirði." Með fullri virðingu fyrir þeim hv. þm., sem hér lauk máli sínu á undan mér, kemur mér það þýsna spánskt fyrir sjónir, að héraðslæknir Vesturlandsumdæmis á að sitja í Hafnarfirði. Hér tel ég, að betur fari á að skoða þá tilhögun, sem sett var fram í fyrra frv. frá s. l. vori, þar sem var, ef ég man rétt, miðað að því, að hvert kjördæmi yrði læknishérað að þessu leyti. Ég satt að segja furða mig dálitið á því, hvað umdæmi þessa héraðslæknis er ákveðið stórt. Það liggur við, að það minni á fyrri aldir, þegar læknar voru fáir á Íslandi og höfðu mjög víðáttumikil svæði til að þjónusta. Við þetta ákvæði vil ég gera aths. þegar á þessu stigi málsins.

En svo er hin almenna spurning: Leysir þetta frv. allan vanda? Ég geri alls ekki ráð fyrir því. En mér finnst, að það miði eindregið í rétta átt. Það þarf án efa mikið fjármagn til að hrinda þessu máli fram og koma því í viðunandi horf og margt sérmenntað fólk, eins og hér hefur verið vikið að. En við skulum vona, að þetta leysist allt saman. Þá sé ég ekki betur við fyrstu yfirsýn en stefnt sé í rétta átt og frv. borið fram af góðum vilja. Og þá verður að vona hið bezta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að ræða þetta frv. nú og skal ekki lengja þessar umr. svo sem neitt. En í framhaldi af upprifjun hv. 5. landsk. þm. á forsögu þessa frv., þegar hann gat þess réttilega, að fyrrv. hæstv. heilbrrh. hefði skipað n. til að undirbúa þetta mál í fyrstunni, þá var aðdragandinn örlítið lengri, og er rétt, að það komi einnig fram. Aðdragandinn var sá, að á nokkrum þingum voru þm. dreifbýlisins búnir að gera harða hríð hér á Alþ. út af þeim vandræðum og erfiðleikum, sem dreifbýlið hefur búið við, og á Alþ. 1969 fluttu 3 þm., þeir Kristján Ingólfsson, Ingvar Gíslason og Helgi Seljan, till. til þál. um endurskoðun á heilbrigðislöggjöfinni og nefndarskipun í því sambandi. Þessi till. var samþ. ofurlítið breytt á Alþ. 28. apríl 1970. Mér fannst þetta vanta framan við annars alveg rétta upprifjun á forsögu þessa máls hjá hv. 5. landsk. þm.

En fyrst ég kvaddi mér hljóðs, vil ég láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er fram komið. Ég tel, að það sé að heildarstefnu rétt. Það vil ég líka láta koma fram hér, að ég tel það mjög þakkarvert, hvernig unnið hefur verið að þessu máli með því að gera, ég vil segja, allt, sem unnt hefur verið, til þess að kynna málið vítt um land og gefa samtökum ýmsum, og alveg sérstaklega landshlutasamtökunum, sem eru ný í stjórnkerfinu, sem allra bezt tækifæri til þess að fjalla um málið og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. En þrátt fyrir allan þennan undirbúning blandast auðvitað engum hugur um það, að vandi Alþ. við afgreiðslu þessa máls verður mikill, því að málið er í senn margþætt og ákaflega viðkvæmt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Við ræðum hér í hv. þd. hvert stórmálið á fætur öðru, og á ég þar við frv. um skólamálin og nú frv. það til l. um heilbrigðisþjónustu, sem hér er til umræðu. Segja má, að þessi stórmál séu þau mál, sem öðrum fremur varða allt þjóðlíf okkar. Læknamálin og heilbrigðisþjónustan hafa verið í mörg undanfarin ár fyrir okkur, sem búum í strjálbýlinu, mála erfiðust, og læknaskorturinn hefur verið okkur stærsta áhyggjuefnið. Segja má, að hann hafi valdið ýmsum íbúum landsins meiri áhyggjum en íbúum í mínu kjördæmi, því að yfirleitt höfum við verið svo heppin að halda lækni okkar. Þó eru þar læknishéruð, sem enginn læknir hefur fengizt til á undanförnum árum, og á ég þar við Skagastrandarhérað og Hofsóshérað, enda er ráð fyrir því gert í þessu frv., að þessi læknishéruð verði lögð niður og sameinuð öðrum, og má e. t. v. segja, að það sé að vonum, þegar til þess er litið, að enginn læknir hefur fengizt til að starfa í þessum héruðum.

Einn hv. þm., sem talaði hér áðan, sagði, að það væri engin eftirsjá í núverandi læknaskipan. Víst er um það, að ekki eru allir sammála þessu sjónarmiði. Ég veit, að fólki í þessum tveimur héruðum, sem ég nefndi, er mikil eftirsjá að því að hafa ekki lækni hjá sér, og margar óskir hafa okkur þm. kjördæmisins borizt úr þessum læknishéruðum um að beita okkur fyrir því, að læknar fengjust í þessi héruð. En það hefur ekki tekizt.

Ég sagði, að hér væri um stórmál að ræða, og ég efast ekki um, að það er flutt til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem hefur ríkt í landinu í þessum efnum. Ég fagna framkomu frv. og vænti þess fastlega, að það verði að því gagni, sem því er ætlað að verða, þ. e. a. s. að tryggja öllum landsmönnum viðunandi læknisþjónustu og heilsugæzlu. En ég verð að taka undir með hv. þm. Ingvari Gíslasyni, að ég efast stórlega um, að þetta frv., þó að merkt sé, verði til þess að bæta úr ástandinu að öllu leyti. Ég kvíði fyrir því, að ekki muni takast að manna heilsugæzlustöðvarnar að læknum og starfsliði

eins og þarf. Það er áreiðanlegt, að ríkið verður að leggja fram mikla fjármuni, ef það á að takast.

Mér skildist á hv. 1. þm. Sunnl., að honum þætti læknishéruðin, eins og þau eru áformuð í frv., heldur stór, og ég tek undir það sjónarmið. Ég held, að það væri hyggilegra að miða læknishéruðin við kjördæmin, þannig t. d., að þau yrðu tvö á Norðurlandi. Það má vera, að ykkur hv. þm. þyki koma fram einhver hreppasjónarmið hjá mér, en svo er ekki. Ég held, að það mundi skapast miklu meiri samhugur um þessi mikilsverðu mál meðal fólksins, ef sá háttur yrði hafður á, að læknishéruðum yrði fjölgað frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og þau bundin við kjördæmin.

Erindi mitt hingað upp í ræðustólinn var það eitt að beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að taka til athugunar, hvort ekki muni vera réttara að fjölga læknishéruðunum nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., og láta þar kjördæmaskipunina ráða.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim, sem hér hafa tekið til máls, fyrir ákaflega jákvæðar undirtektir undir þetta frv. Ég hygg, að ég fari þar rétt með, að allir ræðumenn hafi lýst stuðningi við meginstefnu frv. og að aths. þeirra hafi einvörðungu verið um einstök framkvæmdaatriði. Ég tel skipta ákaflega miklu máli að fá svona jákvæðar undirtektir þm. úr öllum flokkum og héruðum landsins, og ég tel það mjög mikla tryggingu fyrir því, að unnt verði að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi, þótt hér sé um ákaflega umfangsmikið mál að ræða. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli, því að það mun taka langan tíma að koma þessari nýju skipun í framkvæmd og verður kostnaðarsamt, því að huga þarf að mörgu öðru en skipulaginu, sem í frv. felst.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson er nú því miður horfinn héðan, en hann vék sérstaklega að Suðurlandi, og m. a. var hann með till. um það, að í Víkurumdæmi skyldu vera þrír læknar, þ. e. a. s. heilsugæzlustöð II yrði í Vík og síðan einn læknir í Kirkjubæjarklaustri. Í því sambandi er vert að benda á það, að í Víkurumdæmi öllu eru aðeins milli 1700 og 1800 manns, þannig að ef þarna væru þrír læknar, yrði það í algeru ósamræmi við læknaskipunina að öðru leyti, því að það mun að jafnaði vera reiknað með svo sem 1000 manns á hvern lækni. Slík breyting yrði því alger röskun á þessu kerfi.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson talaði um, að það væri viðkvæmnismál fyrir marga aðila á Suðurlandi, að læknir væri tekinn af þeim, eins og hann komst að orði. Ég held, að þetta sjónarmið sé algerlega rangt. Hér er ekki um það að ræða að taka lækni af einum eða neinum, heldur er verið að koma á algerlega nýrri skipan, nýju skipulagi, sem á að geta veitt miklu fullkomnari þjónustu en nú er um að ræða, þar sem eru einstakir læknar með sína sjúkrastofu og þau takmörkuðu tæki, sem þeir hafa, og geta því að sjálfsögðu aðeins veitt mjög takmarkaða þjónustu. En sú þjónusta, sem á að vera á heilsugæzlustöð, og um er fjallað í 22. gr. frv., á að vera ákaflega umfangsmikil. Það er almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta og vitjanir til sjúklinga, lækningarannsóknir, sérfræðileg læknisþjónusta og tannlækningar, heilsuvernd, svo sem mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, heimahjúkrun, skólaeftirlit, íþróttaeftirlit, atvinnusjúkdómaeftirlit, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir, geðvernd og áfengisvarnir, félagsleg aðstoð, hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit. Að sjálfsögðu er þess ekki nokkur kostur að koma við heilsugæzlu af þessu tagi með því að halda þeirri einmenningsskipan, sem verið hefur að undanförnu, ekki heldur á Suðurlandi, þar sem ekki hefur verið tilfinnanlegur læknaskortur. Þarna er því um að ræða, hvort menn vilja á það fallast, að tekið verði upp nýtt skipulag. Með því tel ég ekki, að verið sé að taka lækni af einum eða neinum, heldur verið að veita aukna þjónustu einnig þeim stöðum, þar sem læknar hafa haft aðsetur á.

Það hafa ýmsir minnzt á, að þau læknishéruð, sem þarna er um að ræða, séu ákaflega víðáttumikil, sérstaklega tvö þeirra, Suður- og Vesturlandshérað og einnig Norðurlandshérað. Í frv., eins og það var lagt fyrir á síðasta þingi, var gert ráð fyrir 8 héraðslæknum, og þá kom fram gagnrýni um það, hvort þetta væru ekki fullmargir héraðslæknar, því að þarna er fyrst og fremst verið að hugsa um héraðslækna sem embættislækna, menn, sem skipuleggi heilbrigðisstarfsemi hver í sínu umdæmi og taki þannig að sér verkefni, sem að undanförnu hafa verið hjá landlækni, í rauninni hjá einum manni fyrir landið allt, vegna þess að þeir héraðslæknar, sem verið hafa, hafa ekki haft neinn tíma til að sinna verkefnum af þessu tagi. Eftir þessa gagnrýni fannst okkur, að það væri kannske raunsærra að hafa þessa embættislækna færri á þessu stigi, en miða þá að því, að hægt yrði að fjölga þeim síðar.

Það er alveg ljóst, að t. d. Suður- og Vesturlandshérað er ákaflega víðáttumikið. En í sambandi við það þarf sá læknir aðsetur, hvort sem það er í Hafnarfirði eða Reykjavík, og ég vil benda á það, að ætlunin er, að einmitt þessir læknar verða ákaflega mikið á ferðalögum. Það liggur í hlutarins eðli, að það verður hluti af þeirra starfi að ferðast um hérað sitt, heimsækja menn, þannig að ég hygg, að það verði meira um það, að þeir heimsæki samverkamenn sína úti í sínum héruðum en að þeir fái heimsóknir til sín.

Hv. þm. Ingvar Gíslason minntist á það réttilega, að það hrekkur sennilega ekki til að búa til skipulag, sem reynt er að hafa myndarlegt í sniðum. Vandinn er sá að fá lækna og aðrar heilbrigðisstéttir til þess að gegna störfum á þessum heilsugæzlustöðvum. Þetta er alveg rétt. Þetta er grundvallaratriði í þessu öllu saman. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það verður að taka starfsundirbúning læknastéttarinnar til endurskoðunar og endurmats. Ég hef margsinnis lýst því yfir áður hér á þingi, að ég tel, að það hafi lengi verið mikil nauðsyn og sé orðið ákaflega brýnt að gera heim-

ilislækningar að sérgrein hér í háskólanum og reyna að hefja heimilislækningar til sams konar virðingar og sérfræðingar hafa notið. Raunin hefur orðið sú undanfarna áratugi, að nýir læknar hafa yfirleitt langflestir gerzt sérfræðingar. Hefur orðið ákaflega mikil aukning sérfræðinga á sjúkrahúsunum, en tala heimilislækna hefur staðið í stað, að ég hygg, í 30-40 ár. Þetta bil, sem þarna er á milli almennra lækna og sérfræðinga, verður að brjóta niður, og ég er þeirrar skoðunar, að það kerfi, sem hér er verið að reyna að byggja upp, geti stuðlað að því að brjóta niður þá múra.

Það er gert ráð fyrir, að heilsugæzlstöðvarnar verði, þar sem hægt er, í tengslum við sjúkrahús. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að hér í Reykjavík þurfi að hafa opnar göngudeildir við sjúkrahúsin öll og koma þannig hinni almennu læknaþjónustu í sem nánust tengsl við sjúkrahúsin og gera bilið milli heimilislækninga og sérfræðilækninga miklu minna en verið hefur. Þetta er einnig viðhorf ungra lækna. Raunin er sú, að ungir læknar hafa býsna mikið aðra afstöðu til þessara mála en læknar höfðu fyrir aðeins nokkrum árum. Ég get bent á það sem dæmi, að nú nýlega, þegar ég var á ferð í Bretlandi, hélt ég þar ráðstefnu heilan dag með félagi ísl. lækna í Bretlandi, — þeir hafa þar félagsskap, — þar sem rætt var um heilbrigðismál á Íslandi. Við ræddum saman heilan dag, og kom í ljós, að hugmyndir þeirra um framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi voru í ákaflega miklu samræmi við þetta frv. og þeir lýstu ákaflega miklum stuðningi við þá meginhugsun, sem í því felst.

Að öðru leyti hygg ég, að ég fari ekki á þessu stigi út í frekari aths. en hér hafa komið fram. Ræður þm. hafa allar verið ákaflega jákvæðar. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni um það, að læknar hafi önnur réttindi samkv. frv. en aðrar heilbrigðisstéttir. Hann taldi, að þeir, sem væru efstir í kerfinu, nytu fríðinda, sem aðrir nytu ekki. Ég hygg, að hann eigi þarna við 13. gr., sem segir, að héraðslæknar skuli eiga rétt á 6 vikna leyfi annað hvort ár til rannsóknarstarfa og námsferða. Í slíku leyfi skulu þeir halda fullum launum og staðgengill vera launaður úr ríkissjóði. Þeir skulu og eiga rétt á að fá greiddan kostnað vegna ferða og námsdvalar á sama hátt og gildir um ferðir ríkisstarfsmanna erlendis og dvöl þeirra þar. Læknaþing, erlend og innlend, skulu héraðslæknar sækja í samráði við landlækni og þá á kostnað ríkissjóðs. Þetta eru ákvæði, sem eru fyrir í gildandi lögum. Í þessu frv. er hins vegar bætt við þau, það er í 42. gr., tölul. 3, í V. kafla frv., sem hefur að geyma ýmis ákvæði. Þar er fjallað um hin ýmsu stéttasamtök heilbrigðisstarfsmanna, og segir í 42. gr., tölul. 3: „Ákvæði 13. gr.," þeirrar gr., sem ég var að lesa, „skulu, eftir því sem við getur átt, einnig taka til þeirra starfsmanna, sem um ræðir í þessari gr." Þannig er ætlazt til, að þessi réttur, sem þarna er talað um, geti náð til allra heilbrigðisstétta.

Að öðru leyti ítreka ég þakkir mínar til hv. þm. og vona, að hv. heilbr.- og trn. sjái sér fært að ljúka sínum umfangsmiklu störfum svo tímanlega, að Ed. fái ráðrúm til þess að afgreiða frv., áður en þessu þingi lýkur. Að sjálfsögðu verður heilbr.- og trmrn. reiðubúið til að leggja fram hvers konar gögn í því sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 5. marz, kl. 2 miðdegis.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327). — 1. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur verið beðin um það af hálfu dómsmrh. að flytja þetta frv. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Er frv. núgildandi laga um stofnun og slit hjúskapar var lagt fram á Alþ. vorið 1971, varð meðferð þess ekki lokið, og var frv. þá lagt fram að nýju á næsta Alþ. Við framlagninguna láðist að leiðrétta eitt ártal í l., og er þeirri leiðréttingu komið hér á framfæri".

Um annað fjallar ekki efni þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — Frh. 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við hér síðasta miðvikudag, þegar mál þetta var tekið til 1. umr. Ég hafði beðið skrifstofuna hér að gera ráðstöfun til þess, að það yrði tekið út af dagskrá, en vegna misskilnings var það ekki gert og fór þá fram byrjun umr. Kemur ekki að sök, þó að ég héldi ekki þá framsögurræðu mína í málinu, því að með frv. fylgja árlegar athugasemdir, þar sem gerð er grein fyrir ástæðunum fyrir því, að það er flutt. Þar hef ég í sjálfu sér litlu við að bæta. Auk þess var málið rætt á síðasta fundi af kunnugum mönnum. Ég veit þess vegna, að hv. dm. hafa gert sér grein fyrir málinu, þó að þessi afturfótafæðing sé á, að ég flytji nú fyrst þá stuttu framsögurræðu, sem ég hafði ætlað að flytja á þingi.

Þær ástæður liggja til þess, að þetta frv. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu er nú lagt fyrir Alþ., að síðustu ár hafa verið mjög vaxandi vandkvæði á því fyrir íbúa Austur- Skaftafellssýslu og þá alveg sérstaklega fyrir hið ört vaxandi athafnasvæði á Höfn í Hornafirði, að sýslumaður Skaftfellssýslu geti veitt þessum hluta umdæmis sins viðhlítandi þjónustu. Það er þó ekki af því, að hann hafi skort til þess vilja, heldur vegna þeirrar aðstöðu, sem þarna er fyrir hendi. Á undanförnum árum hafa verið gerðar um þetta fjölmargar fundarsamþykktir í Hafnarhreppi og raunar sýslunni allri.

Það er að sjálfsögðu ljóst, að frá almennu sjónarmiði ríkisheildarinnar er engan veginn æskilegt að fjölga umdæmum með skiptingu, þeim sem fjölmenn eru, og í fljótu bragði skoðað enn síður þeim fámennustu. Ef það yrði víða gert, mundi kostnaðurinn við embættakerfið aukast mjög verulega, og það mun engum þykja fýsilegt. Um hitt held ég, að vart geti verið ágreiningur, að í þessu tilfelli, sem hér er um að tefla, er um algera sérstöðu að ræða. Þó á verði komið hinu langþráða vegasambandi, sem vonazt er til, að nú sé ekki langt undan, verður aksturstími frá Vík til Hafnar allavega, að mér er tjáð, um 5 klst., en eins og kunnugt er verður sýslumaður nú að sinna störfum þar eystra með því að aka til Reykjavíkur og fljúga þaðan. Eftir sem áður verða áhorf um það, hvor leiðin sé fljótfarnari.

Síðustu árin hefur verið hugað að ýmsum leiðum til að bæta þjónustu frá Vík austur til Hafnar, svo sem með fjölgun ferða frá sýslumannsembættinu og með starfsemi sérstaks umboðsmanns til afgreiðslu. En það verður að viðurkenna, að þarfir Hafnarkauptúns vegna ört vaxandi umsvifa hafa vaxið hraðar en hinni auknu þjónustu nemur.

Hafnarhreppur er nú, eins og kunnugt er, fjölmennasti hreppur á austurhluta landsins, og þar var íbúatalan 1. des. s. l. orðin 1013 íbúar. Bendir allt til þess, sem mönnum er kunnugt, að þessi þróun muni halda áfram og athafnastarfsemi á þessum stað fara hraðvaxandi.

Eins og ég sagði áður, hafa ýmsar úrbótaleiðir verið athugaðar vegna þessa úrlausnarefnis, og hefur þá sérstaklega verið rætt um að skipta sýslunni í tvö umdæmi, þannig að sérstakur sýslumaður yrði fyrir austursýsluna með aðsetri þar. Einnig hefur verið mjög að því hugað, að löglærður fulltrúi sýslumanns hefði fast aðsetur á Höfn. En á þessu eru ýmsir annmarkar Það er t. d. augljóst, að ef sýslunni væri skipt með þessum hætti, sem ég drap á, yrði umdæmið, sem lyti undir sýslumanninn í Vík, helzt til lítið. Hér kemur það til eins og víða annars staðar, að menn verða að játa, að sú sýsluskipting og umdæmaskipting, sem við búum við nú, er orðin úrelt að mörgu leyti, og væri þörf á að gera þar á breytingar. Það er enginn vandi að draga línur á kortið, þannig að þetta kæmi allt miklu haganlegar út, en nú er. En sannleikurinn er sá, að menn eru æði fastskorðaðir í þessu gamla kerfi, og það mun reynast svo, að það verði ekki auðvelt að fá nýja skiptingu. En eitt af þeim verkefnum, sem réttarfarsnefnd eða dómstólanefnd, sem ég hef skipað, eru falin, er einmitt að athuga um, hvort það geti komið til greina ný umdæmaskipting og þessu breytt frá því, sem nú er. Auðvitað blasir það við, að frá almennu sjónarmiði væri ekki óeðlilegt að hugsa sér, að Austur-Skaftafellssýsla ásamt syðstu hreppum Suður-Múlasýslu væri sérstakt umdæmi með aðsetri sýslumanns á Höfn.

Viðvíkjandi því að hafa sérstakan fulltrúa sýslumannsins staðsettan þarna, hefur verið talið að athuguðu máli, að það væri ekki þægilegt að koma því skipulagi við, án þess að ég fari nánar út í það. Þess vegna hefur verið horfið að því ráði, sem hér liggur nú fyrir til ákvörðunar í þessu frv., þ. e. að setja sérstakan lögreglustjóra fyrir Hafnarkauptún og takmarka lögsögu lögreglustjórans við Hafnarhrepp, en fela honum þar hin viðtækustu verkefni, eins og rakið er í 2. gr. frv. Þótt af þeirri ástæðu, að þarna er um að ræða hrepp, en ekki kaupstað, sé talað um lögreglustjóra og hann beri það heiti, þá er í reyndinni svo, að þessum lögreglustjóra er ætlað að fara með þau verkefni, sem bæjarfógetar annars staðar hafa á hendi, og þess vegna er þessi fyrirhugaði lögreglustjóri

að öllu leyti sambærilegur t. d. við lögreglustjórann í Bolungarvík, en þar er nú eftir hið eina af nokkrum lögreglustjóraembættum, sem á sínum tíma voru stofnuð, en hafa öll önnur síðar breytzt fyrir tímanna þróun í það að verða bæjarfógetaembætti.

Það má vel vera, að það þyki rétt við athugun í n. að takmarka eitthvað þessi verkefni. Ég hygg þó, að þetta sé eðlilegasti hátturinn og komi að beztum notum að gera ráð fyrir því, að þessi embættismaður komi þarna í reyndinni í stað bæjarfógeta. Þá er enn fremur rétt að taka það fram, að það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að lögreglustjórinn á Höfn gæti í umboði sýslumanns í sýslunni annazt margháttuð fyrirgreiðslustörf fyrir íbúa austursýslunnar. Þar er um framkvæmdaratriði að ræða, sem ákveðið yrði ýmist með reglugerðarákvæðum eða samkomulagi embættismannanna.

Ég biðst svo, herra forseti, afsökunar á því, að ég skyldi ekki fyrr koma því við að mæla fyrir frv., en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar umr. um þetta mál var frestað hér fyrir helgina, en síðan hefur komið fram í ræðum hv. 3. þm. Austf. og hæstv. dómsmrh. ýmislegt af því, sem ég hafði annars ætlað mér að segja, og get ég því stytt mjög mál mitt.

Það, sem m. a. vakti fyrir mér, var að gera stuttlega grein fyrir athugun, sem fram fór í dómsmrn., meðan ég hafði afskipti af málum þar, á þessum vandkvæðum Austur-Skaftfellinga. Það voru aðallega tveir hv. þm., sem á þeim tíma ræddu við mig um þetta mál, það voru hv. 3. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, og þáv. hv. þm. Jónas Pétursson. Hv. 3. þm. Austf. átti iðulega við mig viðræður í rn. um þessi vandkvæði Austur-Skaftfellinga vegna fjarlægðar sýsluyfirvaldsins.

Í rn. voru svo gerðar athuganir á hugsanlegum breytingum til aukinnar þjónustu vegna Austur-Skaftafellsýslu, og hefur verið rakið hér, hvaða atriði bar á góma. Það var fyrst og fremst, eins og hæstv. ráðh. vék að áðan, að löglærður fulltrúi á vegum sýslumannsembættisins hefði aðsetur á Höfn og ræki skrifstofu, að á Höfn yrði stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti, eins og nú liggur hér fyrir frv. um að gert verði, að skipta sýslunni í tvö lögsagnarumdæmi, að veita Höfn sérstök kaupstaðarréttindi með bæjarfógeta á staðnum, að halda í meginatriðum áfram óbreyttu ástandi með þjónustu frá Vík, og svo að lokum að flytja embætti sýslumannsins frá Vík til Hafnar. Það er auðvitað um sumt af þessu að segja, að það hafi ekki verið tímabært að framkvæma það, og óvíst, hvort yfirleitt til mála kæmi.

Það voru gerðar lauslega kostnaðaráætlanir, ég sé ekki ástæðu til að rekja þær, vegna þess að þetta eru orðnar úreltar kostnaðaráætlanir, þar sem svo miklar breytingar hafa orðið síðan á kaupgjaldi og verðlagi, en miðað var við árið 1969.

Eins og hér hefur komið fram í umr., voru gerðar nokkrar ráðstafanir, og ég vil þakka hv. 3. þm. Austf. fyrir viðurkenningarorð hans um afskipti mín af þessum málum. Það voru gerðar ráðstafanir til nokkurrar fyrirgreiðslu með stofnun vísis að skrifstofu á Höfn, þar sem á tilteknum tíma væri vís aðgangur að ákveðnum aðila, manni, sem íbúar Hafnar gætu snúið sér til með erindi sín. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það hafi sýnt sig fljótlega, að þetta hafi verið ófullnægjandi, og ég get sagt það eins og er, að þegar komi í ljós, að þetta mundi ekki vera nein frambúðarlausn og mundi alls ekki fullnægja öllum óskum íbúanna þarna fyrir austan.

Ég held, að öllum megi vera ljóst, hvaða erfiðleika það ástand skapar, hve langt er að sækja til sýslumannsins og sýsluskrifstofunnar. En ég býst við, að það, sem fram að þessu hafi haldið aftur af mönnum að gera róttækar ráðstafanir, sé einmitt það, sem hæstv. ráðh. einnig minntist á, að það er auðvitað aldrei æskilegt að þurfa að sníða þannig af embættum, ég tala nú ekki um, þegar um er að ræða mjög fámenn sýslufélög, eins og Skaftafellssýsla er, og svo er hitt líka hafandi í huga, að það má alltaf búast við, að það kalli á kröfur frá öðrum stöðum, sem telja sig hafa mikið óhagræði af fjarlægð frá sýsluyfirvaldi, þó hvergi sé um að ræða neinar sambærilegar fjarlægðir við það, sem er þarna fyrir austan í Skaftafellssýslunni.

Nú hefur þróunin gengið í þá átt, sem reyndar mátti sjá fyrir, að fólki fjölgar ört á Höfn og athafnalíf þróast þar og þenst út, og það er mat hæstv. ráðh., að nú verði ekki lengur beðið með að gera einhverjar róttækar ráðstafanir, og þess vegna er þetta frv. fram komið.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið. Ég vildi aðeins láta koma fram afskipti mín af málinu í dómsmrn. á sínum tíma. En ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að segja, að það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt, að það verði farið að snúa sér að einhverjum róttækum aðgerðum til úrbóta þarna, hvort sem það yrði með stofnun lögreglustjóraembættis eða á einhvern annan veg, ef mönnum sýndist svo betur fara.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins leyfa mér að vekja athygli á þeirri miklu nauðsyn úrbóta sem virðist vera ljóst að þurfi að gera í sambandi við dómsmál almennt úti um landsbyggðina. Ég vil koma því að, að ég tel, að það sé mjög brýnt í sambandi við þetta mál, að fram fari allsherjarendurskoðun á skipan lögreglu- og dómsmála úti um landið. Ég vil minna á, að nú eru tímamót í þessum málum að vissu leyti, þar sem ríkið hefur nú algerlega yfirtekið þann þátt löggæzlumála, sem sveitarfélögin hafa áður haft með að gera, svo sem var orðið mjög aðkallandi.

Ég held, að það fari ekki fram hjá neinum, sem hefur kynnt sér þessi mál, að það virðist vera svo víða úti um landið, þar sem staðir eru í örri uppbyggingu, að það form, sem hefur verið undanfarna áratugi, hentar ekki lengur, og ég tel, að margir staðir séu að vissu leyti í sömu sporum og Höfn í Hornafirði, að mjög er til baga, að löggæzla eða dómgæzlumál yfirleitt eru ekki í betra horfi. Ég vil segja það í sambandi við Snæfellsnesið, að útgerðarstaðir á utanverðu Snæfellsnesi eru í mjög örum vexti og þar er mjög mikill hraði á ýmsum málum. Ég nefni þar

t. d. tollgæzlumál og tollafgreiðslu. Það er of seinvirkt að þurfa að fara með þetta inn á einn stað í sýslunni. Ég tel þess vegna, að einmitt á svona útgerðarstöðum, sem hafa allt að eða yfir 1000 íbúa, sé nauðsynlegt, að löglærður fulltrúi hafi fast aðsetur á þessum stöðum. Ég held í heild, að það sé þess vegna tímabært að taka þessi mál öll til endurskoðunar og ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. dómsmrh. hlutist til um, að slík endurskoðun fari fram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 5. marz kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 310). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 1. marz 1973.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankaútibústjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Benedikt Gröndal,
8. landsk. þm."

Bragi Sigurjónsson hefur áður tekið sæti hér á Alþ. á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Ferðamál, frv. (þskj. 286). — Frh. 1. umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef áhuga fyrir því að benda á nokkur atriði í sambandi við ferðamál. Enginn efast um, að ferðalög verða sífellt stærri og stærri þáttur í þjóðarbúskapnum, ef þannig mætti taka til orða. Menn hafa meiri frítíma en áður og meiri og betri ráð á að ferðast, og það tel ég vel farið. Ég álít, að það eigi að leggja gífurlega mikla áherzlu á að greiða fyrir ferðalögum Íslendinga innanlands. Það hefur stórfellda þýðingu í sambandi við tengsl manna við landið, að þeir ferðist um það, skoði það og kynnist því, ekki sízt eins og nú er komið, þegar meiri hluti þjóðarinnar býr í borgum og fæst við inniverk. Ég held, að það sé fátt, sem getur tryggt betur eðlilega sambúð manna við landið en einmitt ferðalög og að þeim hljóti að vera hin mesta sálubót fyrir landsmenn.

Ég tel, að það sé eitt af því þýðingarmesta, sem þarf að koma til, að menn lifi í sátt við umhverfi sitt, og menn eru gjarnan dálítið ósáttir eða tortryggnir í garð þess, sem þeir þekkja ekki, og þess vegna hygg ég einmitt, að samgangur manna við landið af þessu tagi sé ákaflega þýðingarmikill.

Þá álít ég, að það eigi að vinna að því að fá útlendinga til þess að koma til landsins og gera skynsamlegar ráðstafanir til þess að geta tekið á móti þeim og auka þannig ferðamannastraumsinn inn í landið, þó að ég líti alltaf á hitt sem aðalatriði í sambandi við ferðamálin, sem sé að þjóðin ferðist sjálf um sitt eigið land. Á hinn bóginn finnst mér nauðsynlegt að gera grein fyrir því, að við eigum ekki að keppa að því að fá fleiri útlenda menn til landsins en hægt er að taka vel á móti og landið þolir án þess að bíða við það tjón. Það þarf að samrýma skynsamleg og hyggileg landnýtingarsjónarmið í ferðamálunum. Enn fremur verður að flétta inn í þessi mál umhverfismálin sjálf, náttúruvernd og aðra slíka þætti og vil ég í því sambandi benda á, að það er til önnur löggjöf, þ. e. a. s. löggjöfin um náttúruverndarmál, það er sem sé löggjöf í gildi í landinu, sem gerir ráð fyrir því, að náttúruverndarmál og útivistarmál séu mjög fléttuð saman.

Þessir þættir eiga að fléttast saman, og ég fagna því, að í þessu frv. um ferðamálin er nú í fyrsta skipti í löggjöf um ferðamál tekið tillit til þessara sjónarmiða, því að hér er allmyndarlegur kafli, sem fjallar um umhverfisvernd. Það er því greinilegt, að í þessu frv. er um alveg nýja stefnu að ræða að þessu leyti til í meðferð ferðamála. Ég held, að það sé mjög þýðingarmikið, að þessi efni séu rækilega höfð í huga, þegar stefnan er mótuð um ferðamál hjá okkur framvegis, og þess vegna fagna ég því, að þessi kafli er í frv.

Ég vil benda á örfá atriði til að sýna mönnum, hvað hér er brýn nauðsyn fyrir hendi.

Það er skylda náttúruverndarráðs að hafa nokkurt yfirlit um ástandið í útivistarmálum, ef þannig mætti taka til orða, og í náttúruverndarráði hafa menn haft miklar áhyggjur af því, hvernig ástatt er um marga okkar eftirsóknarverðustu staði, einkanlega í óbyggðum. Það liggur víða allt meira og minna undir skemmdum, og sannleikurinn er sá, að við eigum það á hættu, að staðir eins og Landmannalaugar, Hveravellir, Þórsmörk og Herðubreiðalindir t. d. bíði varanlegt tjón, sem ekki verður hægt að bæta, ef ekki eru gerðar mjög fljótlega myndarlegar ráðstafanir til varnar á þessum stöðum.

Náttúruverndarráð hefur þess vegna beitt sér fyrir því, að upp hefur verið sett samstarfsnefnd þess og ferðamálaráðs, heilbrigðiseftirlitsins, Ferðafélags Íslands og Skógræktar ríkisins til þess að skoða og reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig er ástatt á stöðum eins og þessum og öðrum sambærilegum. Þessi n. hefur starfað nokkuð í vetur. Það kom fljótlega í ljós, að þeir staðir, sem n. óskaði eftir að athuga eða reyna að gera sér grein fyrir, urðu 15, en ekki 4, og mætti þó sjálfsagt segja, að þörf væri á því að athuga enn fleiri staði frá þessum sjónarhól.

Ég ætla ekki að fara að lýsa því hér, í hverju þessi háski er fólginn, en aðalatriðið er þetta, að það vantar á flestum þessum stöðum mjög

mikið á, að hægt sé að taka á móti þeim ferðamannastraumi, sem þangað rennur eða þangað sveigist, á þann hátt, að stöðvunum sé ekki stórkostleg hætta búin. Það vantar bílastæði, það vantar hreinlætisaðstöðu, það vantar gæzlu og, það vantar tjaldstæði o. s. frv., o. s. frv. og sums staðar er ástandið mjög alvarlegt. Ferðafélag Íslands hefur unnið stókostlegt starf, sem því verður aldrei fullþakkað, með því að búa í haginn á mörgum þessum stöðum, svo langt sem það nær með miklum myndarskap, t. d. með því að byggja hin alþekktu hús, sem víða eru komin upp á vegum Ferðafélagsins, og með því að hafa uppi gæzlu á þessum stöðum sumum með ærnum kostnaði fyrir þennan félagsskap. Það er óhugsandi, að Ferðafélag Íslands hafi bolmagn til þess að leysa þessi mál á viðunandi hátt miðað við þá umferðarþyltingu, sem er að verða núna síðustu missirin, því að þar er varla hægt að tala um annað en þyltingu. Þetta verðum við mjög vel varir við, sem fylgjumst t. d. með umferðinni á Þingvöllum, og eins Ferðafélag Íslands, sem fylgist með umferðinni á þessum stöðum, sem ég nefndi, að þar er nánast um þyltingu að ræða.

Þessi n., sem ég var að segja frá, samstarfsnefnd þessara stofnana, kemst sjálfsagt ekki lengra en að benda á ýmislegt, sem þyrfti að laga, og mun leggja sig fram um að reyna að gera það. En síðan kemur til framkvæmdanna, og þá er satt bezt að segja, að þar verður við rammman reip að draga, vegna þess að hér er sums staðar um ærið kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, sem þurfa að koma til. En fullvíst er, að ef á að afstýra stórtjóni, verður að gera einhverjar ráðstafanir á sumum þessum stöðum þegar fyrir næsta sumar.

Vel má vera, að ferðamálaráð og samgrn. hafi möguleika til þess að hlaupa þarna eitthvað litilsháttar undir baggann, og þeir, sem ráða fyrir heilbrigðismálum, og náttúruverndarráð gætu kannske eitthvað gert með því starfsfé, sem þau hafa til meðferðar o. s. frv. En það er áreiðanlegt, að hér verða að koma til algerlega ný átök með öðru móti en áður hefur tiðkazt, ef fram úr þessu á að ráða. Kemur þá til m. a. að búa út bílastæði, gera hreinlætisaðstöðu sæmilega úr garði, gera ráð fyrir tjaldstæði, auka gæzlu á þessum svæðum, og þannig mætti lengi telja.

Þá verður að leita þeirrar lausnar, sem ég vil leggja áherzlu á, að dreifa umferðinni meira en gert hefur verið. Það verður ekki gert með því að banna mönnum að sækja þá staði, sem eftirsóttastir hafa verið fram að þessu, þó að mönnum þyki nóg um umferðina, heldur verður að gera það með því að opna, ef svo mætti segja, nýja staði. Það fer ekki vel, ef ekki verður á næstunni gengið í að opna nýja staði og vekja athygli á þeim, búa þeim í haginn fyrir umferðina og búa þannig um, að fólk laðist að þeim. Þarna mun hringvegurinn nýi hjálpa mikið til eins og í fleiri efnum, því að hann mun á allar lundir stuðla að betri og bættri landnýtingu.

Hér er í raun og veru um mjög þýðingarmikinn þátt í nýtingu landsins að ræða. Hér ætti einnig að koma til, að bæjarfélög og önnur stærri byggðarlög í landinu ættu að ganga fram í því að taka stór útivistarsvæði fyrir og taka þau frá til útivistar, gera það sem allra fyrst og búa þau þannig, að þau geti tekið á móti umferðinni. Það mætti nefna margt, sem nauðsynlegt væri að gera í því sambandi, og í raun og veru er þýðingarmest af öllu, að menn hugsi nógu stórt í þessu tilliti, að menn hugsi nógu stórt. Þannig má segja um þá hugmynd, sem hér hefur verið á gangi í Reykjavík og að hafa fólkvang, sem nái frá Höskuldarvöllum og austur í Bláfjöll, og ekki er nema að litlu leyti komin til framkvæmda, að það þyrfti að stækka þá hugmynd stórkostlega. Það þyrfti að stækka hana þannig að gera ráð fyrir tengingu á slíkum fólkvangi við Hengilssvæðið, Hellisheiðina og Þingvallasvæðið og norður í Hvalfjarðarbotn um Leggjabrjót og raunar upp fyrir norðan Botnssúlur og allar götur norður í Kvígindisfell, sem sagt að fá þetta stóra svæði opnað fyrir útivistarfólki og dreifa þannig eðlilegri umferð og vekja þá um leið að sjálfsögðu athygli á þeim miklu möguleikum, sem eru til þess að njóta útivistar á þessu svæði. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi.

Það mætti líka nefna í þessu sambandi svæðið undir Jökli, við skulum segja t. d. allar götur frá Búðum og að Saxhóli t. d., þ. e. a. s. fyrir Jökul.

Þetta eru auðvitað svæði, sem ætti auðvitað fyrst og fremst að hlynna að sem útivistarsvæðum og búa í haginn á þessum svæðum fyrir ferðalög og ferðafólk. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er að verða alger þylting í þessum málum og að þeir staðir, sem við höfum eftir fastri venju sótt og eru framúrskarandi fagrir og mikils virði, geta ekki lengur tekið við allri þeirri umferð, sem að þeim beinist. Það er alveg óhugsandi. Það liggur margt undir stórskemmdum á þessum stöðum. Þetta verður að takast á við sumpart sem náttúruverndarþátt og útivistarþátt og sumpart sem ferðamál. Þó að ég hafi nefnt þessi tvö dæmi hérna, þá er það ekki fyrir það, að það komi ekki til greina mörg önnur svæði.

Það verður að hafa útivistarsvæðin nógu stór. Það er ekki þar með sagt, að það eigi að fella þar niður alla starfrækslu aðra en þá að ganga þar um eða ferðast um ríðandi, tjalda þar o. s. frv. Á svæðunum getur fullkomlega komið til greina atvinnurekstur inn á milli, búskapur o. fl., eftir því sem skynsamlegt þykir.

Um þetta, held ég, að menn verði á næstu árum að koma sér upp stórum áætlunum og það þurfi að takast náið samstarf um þessi efni milli forráðamanna ferðamála og þeirra, sem trúað er fyrir náttúruvernd og eins konar forustu í útivistarmálum. Þess vegna tek ég það enn fram, að ég fagna þeim nýja kafla í frv., þar sem ráðgert er, að stofnanir ferðamála hafi verulegar skyldur í þessu tilliti. Að sjálfsögðu er rétt að endurskoða og fara vel yfir öll þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, og ég veit, að náttúruverndarráð mundi fyrir sitt leyti gjarnan vilja leggja þar orð í belg, ef ástæða þætti til að spyrja það ráða og jafnvel hvort sem er. Þá mundi þeim hugleiðingum verða komið á framfæri við þá n., sem fjallar um þessi mál.

Kannske ætti að vera í löggjöfinni einhver tengsl, skipulagstengsl, á milli ferðamálastjórnarinnar og náttúruverndarráðs, en ég er ekki viss um það. Það getur alveg eins verið, að sú sam-

vinna eigi að vera ólögboðin og komi af sjálfu sér vegna þess, hversu verkefnin eru skyld, og einmitt fyrir frumkvæði náttúruverndarráðs, eins og ég var að segja frá áðan, er nú þegar komin upp samvinna um þann þátt málanna, sem ég var að greina frá.

Ég legg áherzlu á það, að menn horfist í augu við, að það verður að búa landið þannig, að það sé hægt að ferðast um það, bæði innlendir menn og erlendir, án þess að skemma það, og það verður að gera þetta áður en stórkostlegar ráðstafanir eru gerðar til að auka ferðamannastrauminn. Það verður að gera þetta áður. Það verður að gera þetta allt með ráði og þannig, að menn fái ekki yfir sig slíkt flóð af fólki, að verði að átroðningi. Það vill auðvitað enginn okkar. En það er þetta, að það útheimtir mikla framsýni að gera sér grein fyrir því, hvað þarf að gera, og verulegt framtak og fjármuni til þess að koma því í framkvæmd í tæka tíð. Það er nefnilega ekki nóg að byggja hótel. Það þarf, eins og ég sagði, að búa landið þannig, að það geti tekið við umferðinni, þannig að allt fari vel. Ég held, að möguleikarnir séu miklir, ef við gerum okkur grein fyrir málinu, leitum t. d. svæða, sem æskilegt er að opna, og höfum framkvæmd í okkur til að opna þau svæði. Og ég vil ítreka það hér, að ég tel, að nýi hringvegurinn muni bæta skilyrðin í þessu tilliti alveg stórkostlega og bjarga mjög miklu.

Kostnaðarsamast af því, sem þarf að gera, fyrir utan hótelbyggingarnar er að sjálfsögðu búnaður þeirra staða, þar sem menn eiga að hafa viðkomu, gera nægilega mikið af góðum áningarstöðum og dvalarstöðum. Þetta er afar þýðingarmikið mál, bæði fyrir þéttbýlisfólk og dreifbýlisfólk, því að ef þessi málefni verða ekki tekin nýjum og fastari tökum en gert hefur verið fram að þessu, er hætta á því, að það verði vaxandi árekstrar og ýmiss konar leiðindi komi til. Það vantar t. d. tjaldstæði, og óeðlilegur átroðningur verður af umferðinni í garð þeirra, sem stunda atvinnurekstur á landinu. Það á að vera hægt að koma í veg fyrir slíkt, ef menn eru nægilega framsýnir og tíma að sjá af þeim fjármunum, sem þarf að kosta til.

Ég býst við, að flestir geri sér grein fyrir því, að hér er um vandamál að ræða, ef menn á annað borð leiða hugann að því. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að auka fjárráð til þessara mála frá því, sem áður hefur verið lagt til, og er ástæða til að fagna því. Spurningin er á hinn bóginn, hvort þeir fjármunir, sem ferðamálastjórnin á að ráða yfir til þess að búa í haginn víðs vegar um landið í sambandi við ferðalög af því tagi, sem ég hef aðallega rætt um, eru nægilega ríflegir, en það er að sjálfsögðu ástæða til þess að athuga það í nefnd.

Ég mun ekki eyða tíma d. í að ræða meira um þessi efni eða fleiri þætti þessara mála. Ég stóð upp til þess að vekja athygli á þessum viðhorfum. Ég vil þó, fyrst ég er staðinn upp, benda á 32. gr., sem ég vil, að verði skoðuð í n. sérstaklega. Hún fjallar um, að heimilt sé ráðh. að setja ákvæði um greiðslu aðgangseyris að fjölsóttum ferðamannastöðum. Þessi gr. er ekkert nýmæli í lögum. Hún er í gildandi lögum. En ef menn vilja hafa heimild af þessu tagi í lögum, þá þyrfti, eins og málum er komið, að ganga öðruvísi frá henni, vegna þess að eftir lögum um náttúruvernd stjórnar náttúruverndarráð þjóðgörðum og útivistarsvæðum, sem eru á vegum ríkisins. Það yrði a. m. k. að vera þannig ákvæði, að ekki væri hægt að setja aðgangseyri að þessum stöðum, nema samþykki náttúruverndarráðs kæmi til, sem sé ef um er að ræða staði, sem það á að bera ábyrgð á. Annars vil ég segja, að ég hallast heldur frá því að setja slíkan aðgangseyri. Ég ætla þó ekki að fara að ræða það hér nánar, en yfirleitt finnst mér heldur óaðlaðandi að setja aðgangseyri á þennan hátt. Ég bendi á, að þessa gr. þyrfti að smíða á ný, miða við þau nýju viðhorf, sem orðin eru, frá því að gömlu lögin um skipulag ferðamála voru sett.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég get sagt eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég ætla aðeins að tala hér nokkur orð. En það teygðist furðulega úr þessu hjá hv. 1. þm. Austf., og talaði hann aðallega um umhverfismálin og þá hættu, sem af því gæti stafað, ef þúsundir, tugþúsundir eða hundruð þús. manna ferðuðust um landið án skipulags og án eftirlits. Þá geta vitanlega hlotizt af því ýmsar skemmdir og einmitt á þeim stöðum, sem á og ætti að vernda. Þess vegna er hægt að taka undir margt af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um þetta mál. En jafnvel þótt lög séu sett um þessi atriði, er ósköp hætt við, að það geti verið erfitt að fylgja þeim eftir. Og rétt er það, að við Íslendingar eigum að hafa hóf á því kappi, sem við höfum á því að fjölga ferðamönnum. Ég held, að það sé bezt að hafa það að leiðarljósi, að sígandi lukka sé bezt í þessu efni.

Það hefur verið ör þróun í þessum málum síðasta áratuginn, mjög ör, upp í 15% aukning árlega, og má heita, að það hafi verið undravert, að það skyldi takast að taka á móti öllu því fólki, eins og við virtumst vera vanbúin til þess, þegar ferðamannaaukningin byrjaði fyrir alvöru. Árið 1959 voru ferðamennirnir rúmlega 12 þús. og skildu eftir gjaldeyri í landinu, 247 kr. hver í beinum gjaldeyri, þ. e. a. s. peninga og tékka. Auk þess var gjaldeyrir, sem þeir skildu eftir, þegar þeir ferðuðust með íslenzkum flugvélum. Gjaldeyristekjurnar voru þetta ár aðeins 16 milljj. 426 þús. kr. miðað við fast gengi eins og það var árið 1959. Þetta var ekki stór peningur, og því var ekki hægt að tala um, að ferðmálin væru atvinnuvegur hjá þjóðinni, þegar þau gáfu ekki meira en þetta. En síðan hefur þetta breytzt þannig, að nú er farið að tala um, að ferðamálin séu atvinnuvegur, enda er um allmiklar gjaldeyristekjur að ræða nú af erlendum ferðamönnum. Árið 1971 skildi hver ferðamaður eftir í gjaldeyri 7678 kr., þ. e. í beinni eyðslu, peningum og tékkum, auk fargjalda til og frá landinu. Og þetta ár voru gjaldeyristekjurnar 9.3% af heildarútflutningsverðmætinu. Þegar svo er komið, er hægt að fara að tala um, að ferðamálin séu umtalsverð atvinnugrein, sem munar mjög um. Ég tel, að það sé eðlilegt að vinna að ferðamálum framvegis þannig, að aukningin geti orðið 12—15% á ári. En til þess að það megi verða, þarf vitanlega margt að gera. Það þarf fleiri hótel, bæði hér í Reykjavík og út á land. Það þarf að mennta þjónustuliðið, hótelfólk, til þess að taka

á móti þessu fólki, taka vel á móti því. Ég geri ráð fyrir því, að þótt vel verði að þessum málum unnið, verði tæplega eðlilegt að setja markið hærra í árlegri aukningu en verið hefur, miðað við, að unnt sé að taka á móti fólkinu eins og vera ber.

Það sýnir sig, hvað hótelaukningin hefur orðið mikil á einum áratug, að hér í Reykjavík árið 1959, sem ég byrjaði að tala um, eru hótelherbergin aðeins 255, en 1971 eru þau orðin 750. Og úti á landsbyggðinni eru þau árið 1971 1373, en ekki skrá yfir það, hve mörg þau voru 1959. Það eru heimavistarskólarnir, sem hafa bjargað málunum úti á landsbyggðinni yfir sumartímann undanfarið. Eftir 1960 var farið að taka þá í notkun. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur unnið mjög þarft og gott verk með því að annast rekstur á hinum svokölluðu Edduhótelum yfir sumarið. Það hefur farið vel úr hendi, hefur verið myndarskapur á öllu. Edduhótelin hafa yfirleitt gott orð á sér. Það er vitanlega mjög skynsamleg ráðstöfun að nota heimavistarskólana þannig að sumrinu og nýta þá fjárfestingu, sem er búið að leggja í, og hlýtur að verða gert áfram. En nú er að því unnið, eftir því sem frekast er unnt, að lengja ferðamannatímann. Og ef tækist að lengja ferðamannatímann, er náttúrlega ekki um það að ræða að nota heimavistarskóla að vetrinum til, ekki snemma að vori og ekki heldur seint að hausti. Þá eru skólarnir byrjaðir, og við það skapast vandamál. Ef það tækist að verulegu marki að lengja ferðamannatímann, þarf nýtt hótelrými. Ég heyrði, að hæstv. samgrh. sagði hér í ræðu fyrir nokkrum dögum, þegar hann talaði fyrir þessu máli, að prófessor Alkjær, sem vinnur að ferðamálum á Íslandi, hefði það eina takmark að lengja ferðamannatímann. Við skulum segja, að þetta sé aðaltakmarkið, en það er fleira, sem er á bak við þá ferðamálaáætlun, sem prófessorinn vinnur að. Það er allsherjar skipulag á ferðamálum í landinu og till. um, á hvern hátt að því megi vinna sem bezt. En vegna óstöðugrar veðráttu hér er erfiðara að stefna fólki hingað til vetraríþrótta heldur en t. d. í Sviss, Alpafjöllunum og annars staðar, þar sem staðviðri er. Ef það væri alveg öruggt, að við hefðum alltaf skíðafæri og skautafæri hér norður frá, þá væri víst enginn vandi að fá fólk hingað í þúsundum eða tugþúsundum til þess að iðka vetraríþróttir. En vegna umhleypinga að vetrinum til er erfitt að reiða sig á það, að við höfum þá aðstöðu að geta iðkað vetraríþróttir.

Ferðamálasjóður er vitanlega vanmegnugur, og það má segja, að hann hafi alltaf fengið of lítið fjármagn. Eigi að síður hefur hann gert talsvert gagn, og það má jafnvel segja, að hann hafi gert mikið gagn. Upphæðin, sem hann hefur lánað, er ekki stór, ekki miðað við krónuna, eins og hún er að verðgildi 1973, 83.7 millj. kr., en þetta var talsverð upphæð miðað við gildi kr. 1965—1970. Fyrir þessa upphæð hefur verið gert mikið, sérstaklega úti á landi, með því að byggja hótel og endurbæta veitingaaðstöðu, sem fyrir hendi var. En nú er lagt til í þessu frv. að efla ferðamálasjóð. Gert er ráð fyrir því að auka framlag ríkissjóðs, þannig að það verði minnst 10 millj. kr. Það hefur verið 5 millj. kr. undanfarin ár, og 10 millj. kr. 1974, jafnvel þótt það væri 1973, eru e. t. v. minni upphæð en var áður, þegar það voru aðeins 5 millj. kr., miðað við óðaverðbólguna og gildi kr. Ef fjárhagur ríkissjóðs er góður, er vitanlega heimilt að hafa framlagið meira. En svo er í frv. till. um tekjuöflun, þ. e. að hækka hið svokallaða rúllugjald upp í 100 kr. og að ferðamálasjóður fái helming af því. Þetta er áreiðanlega veruleg upphæð yfir árið. Ég ætla hvorki að mæla með þessu í dag né á móti, en mér finnst ekkert óeðlilegt, þótt till. komi fram um slíka fjáröflun, því að vissulega þarf að efla ferðamálasjóð. En það eru þegar komin fram mótmæli gegn þessari till., allhörð mótmæli, og eiga eftir að koma fleiri, þegar málið kemur aftur til umr. úr n. Og þá er eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, hvort aðrar till. til fjáröflunar séu fyrir hendi, sem heppilegri séu.

Ég tel, að það sé eðlilegt að efla ferðamálasjóð með einhverjum ráðum meira en gert hefur verið til þessa. Þegar allir eru orðnir sammála um, að ferðamálin séu umtalsverð atvinnugrein, sem gefur miklar gjaldeyristekjur, þá er vitanlega miklu hægara að ræða um fjáröflun eða eitthvað, sem gæti verið aflgjafi og staðið undir og eflt þessa atvinnugrein, heldur en fyrir 10—12 árum, þegar enginn viðurkenndi ferðamálin sem atvinnugrein og menn komu ekki auga á, að þarna væri um að ræða neinar umtalsverðar tekjur. Nú er þetta staðreynd, og þá hlýtur að vera hægara en áður að fá ferðamálin viðurkennd.

Nú er það svo, að þó að ferðamálasjóður hafi verið að ýmsu leyti lítils megnugur, hefur samt á þessu tímabili tekizt að auka húsrými, hótelin, og styðja að ferðamálum á margan hátt. Það hefði vitanlega ekki verið gert, nema fjármagn til þess hefði fengizt einhvers staðar frá. Hótelin, sem hafa verið byggð á liðnum áratug í Reykjavík, eru Hótel Saga, Hótel Esja, Hótel Loftleiðir, Hótel Holt og Neshótel. Þessi hótel kosta, miðað við gildi krónunnar í dag, milljarða kr., en kostuðu, á meðan krónan var og hét, eigi að síður mörg hundruð millj. kr. Þetta fjármagn er komið úr bankakerfinu, að mörgu leyti fyrir aðstoð stjórnvalda, þótt það kæmi ekki úr ferðamálasjóðnum. Til þess að ferðamálin gætu þróazt hér, þurfti einnig að bæta úr húsnæði úti á landsbyggðinni. Það dugði ekki að hafa aðeins hótelrými hér í Reykjavík. Það má segja, að enn sé þörf á auknu hótelrými úti á landsbyggðinni.

Það, sem gefur einnig ferðamálunum gildi hér, er sú staðreynd, að vegna þess að hingað koma erlendir ferðamenn í vaxandi mæli, getum við haldið uppi öruggum og góðum samgöngum við önnur lönd. Flugfélagi Íslands hefur verið kleift að kaupa tvær þotur til millilandaflugs, vegna þess að útlendir ferðamenn hafa streymt til landsins og notað vélar Flugfélagsins bæði til Íslands og aftur til baka. Þegar Flugfélagið á sínum tíma ákvað að ráðast í þessa miklu fjárfestingu, sem eðlilegt var að gera, þá gerðu stjórnendur félagsins sér grein fyrir, að ferðamannastraumurinn til Íslands, varð að standa undir kostnaði við vélakaupin. Það er ljóst, að það var ofviða fyrir Íslendinga að borga einir þessi dýru tæki. Reynslan hefur orðið sú, að

það eru ferðamennirnir útlendu, sem hafa borgað mestan hluta af kaupverði vélanna og staðið undir rekstri þeirra. Einnig er það stór þáttur í tekjum Flugfélags Íslands nú orðið að flytja erlenda ferðamenn á milli staða innanlands. Ef við flugum norður til Akureyrar, vestur á Ísafjörð eða út í Vestmannaeyjar, t. d. s. l. sumar, þá var oft helmingurinn af farþegunum útlendingar. Það er vissulega ánægjulegt, því að það er vitað, að þeir borguðu fargjaldið með erlendum gjaldmiðli.

Ég er sammála hv. 1. þm. Austfj., að við megum ekki einblína svo mikið á að auka ferðamannastraum erlendis frá, að við gleymum því, hvers virði það er fyrir Íslendinga sjálfa að ferðast um landið og kynnast því. Mér finnst það næstum því raunalegt, þegar Íslendingar kappkosta að fara til útlanda í júlí og ágústmánuði, þegar bezt og blíðast er hér, en láta það vera að kynnast eigin landi. Ég held, að það sé góður siður, sem er að færast í vöxt, ef menn vilja endilega fara til útlanda í frí og til suðlægra landa, að fara þá frekar að vetrinum til heldur en sumrinu, en nota þá frídaga, sem fólk hefur á sumrinu, til að ferðast innanlands.

Það er ekki að efast um, að tilgangurinn með þessu frv. er góður, og það mælir vissulega með frv., að ágætir menn og kunnugir ferðamálum hafa samið það. Hitt er svo engan veginn víst, þótt þetta frv. verði að lögum, að það nái þeim tilgangi, sem því er ætlað að gera. Það er sagt í frv., að það eigi að bæta skipulag ferðamálanna frá því, sem er, og það eigi að taka allt fastari tökum en verið hefur. Það er langt frá því, að mér detti í hug, að lög um ferðamál og ferðamálaráð frá 1964 séu þannig, að það sé ekki ýmislegt þar, sem megi breyta til batnaðar. Ég er alveg sannfærður um, að miðað við þá reynslu, sem við höfum fengið, síðan lög um ferðamál voru sett, hlýtur að mega finna þar margt, sem má breyta til batnaðar. En því má ekki gleyma, að síðan þau lög voru sett, hefur ferðamannaaukningin verið miklu meiri en nokkrum manni datt í hug, að gæti orðið. Um leið og menn gera till. um breytingu á þeim lögum, getum við viðurkennt, að lögin hafa reynzt mjög vel, alveg ágætlega. En spurningin er, hvort við getum með breytingu gert lögin betri en þau hafa verið, þannig að ferðamálin geti þróazt betur en undanfarið og gefið þjóðinni meiri tekjur en áður hefur verið. Ég tel, að það sé meiri vandi að breyta löggjöfinni frá 1964 vegna þess, hversu vel hún hefur reynzt. Ferðamálaráð hefur starfað vel. Það hefur starfað kauplaust og af mikilli óeigingirni, og kannske hefur það starfað betur vegna þess, að það starfar kauplaust. Ef menn gefa sig til starfs án þess að fá greiðslu fyrir það, þá er það af áhuga og hugsjón. Ef gengið er til starfsins af innri hvöt og áhuga miklu frekar en að taka laun fyrir það, þá er ekki ótrúlegt, að það sé einmitt með því móti unnt að fá meiri árangur en ef menn setjast til starfsins sérstaklega til þess að fá borgun fyrir.

En það á ekki að setja ferðamálaráð alveg af. Það á að hafa 7 manna ferðamálaráð samkv. frv. í staðinn fyrir 9 manna ferðamálaráð. Það er ekki minnzt á það, hvort það starfi kauplaust, en það á að hafa annan aðila yfir sér, Ferðamálastofnun Íslands, með 5 manna stjórn og ferðamálastjóra. Ekki dettur mér í hug, að stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, úr því að nafnið er svona háfleygt, eigi að starfa kauplaust, og ekki heldur ferðamálastjóri. Það eru nú kannske smámunir að vera að tala um þetta, en því verður ekki neitað, að það er talsvert um það í lagasetningu okkar nú og þeim frv., sem lögð eru fram, að það eigi að skipa nefndir og að skipa ráð og að fjölga þeim, sem koma við stjórnunina, og þá er hætt við, að það geti hvort tveggja skeð, að það verði ofstjórn og kostnaður langt umfram það, sem þyrfti að vera. Ferðaskrifstofu ríkisins á að leggja niður, en Ferðaskrifstofa ríkisins hefur stundum verið umdeild. Eigi að síður getur enginn neitað því, að Ferðaskrifstofan hefur átt mikinn þátt í, ekki sízt nú síðustu árin, að vinna að eflingu ferðamálanna. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur aflað mikilla tekna með ýmsu móti, bæði með því að taka á móti ferðamönnum, með því að hafa minjagripasölu og nú síðast með því að hafa ákveðinn hundraðshluta af komu ferðamanna á Keflavíkurflugvöll samkv. samningi. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur varið þessu fjármunum mjög vel. Hún hefur varið þessu fjármagni aðallega til landkynningar erlendis. Þess vegna er það, að ríkissjóður hefur ekki þurft að láta mikið fjármagn af hendi til landkynningar. Það er Ferðaskrifstofa ríkisins og flugfélögin bæði, bæði Loftleiðir og Flugfélag Íslands, sem hafa varið mjög háum fjárhæðum á okkar mælikvarða til landkynningar. Það er enginn vafi á því, að landkynningarstarfsemi þessara þriggja aðila — og ýmissa ferðaskrifstofa á sinn stóra þátt í því að ferðamannastraumurinn hefur beinzt til Íslands síðustu árin.

En nú mun einhver segja: Ferðamálastofnun Íslands getur gert þetta eins vel og Ferðaskrifstofa ríkisins, og Ferðamálastofnun Íslands getur tekið í arf þær tekjur, sem Ferðaskrifstofan hefur, þ. e. samninginn við Íslenzkan markað á Keflavíkurflugvelli, sem gefur nokkrar millj. kr. á ári, — ég man ekki, hve margar, en umtalsverða upphæð, — og það má verja fé þessu áfram til landkynningar. Þetta gæti ég trúað, að hæstv. samgrh. vildi segja og þess vegna þyrfti engu að kvíða um þetta. Hæstv. ráðh. er líklegur til að segja: Af þessu þarf ekki að leiða neinn umtalsverðan aukinn kostnað. Það tekur ekki að tala um, þótt það séu kannske nokkur hundruð þús. eða þótt það væru nokkrar millj., vegna þess að þegar þetta er Ferðamálastofnun Íslands, þá getur hún ekki kafnað undan nafni. Ýmsir munu halda, að hún leggi sig fram og leysi málin eins vel og jafnvel betur en þeir, sem áður voru í þessu starfi.

Undanfarið hefur það verið svo, að það hefur verið kölluð saman ferðamálaráðstefna einu sinni á ári, og þar hafa þeir, sem unnið hafa að ferðamálum, komið saman. Þessar ráðstefnur hafa verið mjög þýðingarmiklar í mörgum atriðum. Þar hafa menn borið saman bækurnar, þar hafa verið lagðar fram till. til úrbóta í ferðamálum, og menn hafa látið ljós sitt skína um það, hvað mætti betur fara. En þetta hefur aðeins heitið ferðamálaráðstefna og komið saman

einu sinnni á ári. En í frv. er talað um ferðamálaþing, og það er náttúrlega miklu virðulegra nafn. Og það er ekki ætlazt til þess, að þetta ferðamálaþing kafni undir nafni. En það er aðeins eitt, sem skyggir á nafngiftina, og það er, að ekki er enn vitað, hverjir eiga að mæta á þinginu, og ekki heldur, hve margir þeir eiga að verða. En það hlýtur að vera til bóta, og það er enginn vafi á því, að ýmsir af þeim, sem áður, sendu menn á ferðamálaráðstefnu, munu senda aðila á ferðamálaþing. Það er ekki ástæða til þess að vera finna að þessu, vegna þess að það út af fyrir sig er meinlaust. En nafnið eitt dugir ekki, og stofnunin getur unnið kannske eins vel og kannske betur, þótt lítið færi fyrir nafninu. Eitt er víst, að með ferðamálin er eins og margt annað í okkar landi, að við skyldum varast að hafa yfirbygginguna of mikla og of kostnaðarsama, heldur reyna að láta að málunum kveða, án þess að það sé allt of mikil yfirbygging og of mikill kostnaður.

Það er ekki nema gott til þess að vita, að það verður unnið að þessum málum áfram með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Það er enginn vafi á því, að við getum haft eitthvað gott af því, enda þótt við getum ekki tekið ómeltar allar þær till., sem þannig koma erlendis frá, þótt frá sérfræðingum sé. Það er enginn vafi á því, að það verður notadrýgst það, sem okkar menn leggja fram, sem unnið hafa að þessum málum undanfarið og eru orðnir málunum kunnugastir. Það verður notadrýgst, sem þeir hafa til málanna að leggja. En eigi að síður getur verið stuðningur að þessu og kom ekki til mála að hafna því, þegar það fyrst var fram boðið árið 1965. Ferðamálaráð gerði till. þá um, að aðstoðin yrði þegin, og þótti sjálfsagt að verða við því. Síðan hefur verið að þessu unnið, eins og hæstv. samgrh. lýsti hér við umr. fyrir nokkrum dögum.

Við skulum vona, að ferðamálin þróist á hagstæðan hátt og það verði hæfileg fjölgun árlega á ferðamönnum. En því hefur verið spáð, að 1980 komi hinað til lands 150 þús. ferðamenn. Það mun verða með 12—13% árlegri aukningu. Og tekjur af 150 þús. ferðamönnum ættu að geta orðið næstum því þrefaldar við það, sem þær hafa verið nú síðustu tvö árin. Þjóðarbúið hefur þarna nýja atvinnugrein og nýjan tekjustofn, og það má segja, að það snerti alla landsmenn. Það er ekki lítið af landbúnaðarvörum, sem 60—70 þús. ferðamenn nota hér á landi, þótt ferðamannatímabilið sé svona stutt. Það er mikið af kjöti, mjólk og smjöri, sem ferðamennirnir nota. Það er gott til þess að vita, að það er borgað hæsta verð fyrir þá vöru, sem þeir nota. Þarna er verið að vinna og efla góðan markað fyrir þá vöru, sem við annars þyrftum að flytja á erlendan markað fyrir tiltölulega lágt verð.

Það má segja, að ýmislegt af því, sem ég hef sagt í sambandi við frv. sjálft, sé miklu frekar smávegis nöldur heldur en miklar aðfinnslur eða mótmæli. Ég hef aðeins bent á, að ýmis atriði í þessu frv. séu kannske hæpin og vafasamt, að þau séu til bóta frá því, sem verið hefur. Það gæti leitt til aukins kostnaðar frá því, sem verið hefur. En hins vegar sé ég ekki, að frv. marki nokkur spor. Hins vegar veit ég, að það er erfitt að gera þær till. í þessum málum, sem væru alveg öruggar til bóta eða leiddu alveg að sjálfsögðu til þess, að við gætum haft meiri tekjur af ferðamönnum en við höfum. Ég tel, að þó að við breyttum lögum um ferðamál ekki neitt, gætum við haldið áfram að auka ferðamannafjölda til landsins alveg í sama mæli og undanfarin ár. Við getum haldið áfram að hafa vaxandi tekjur af ferðamönnum alveg eins og undanfarin ár. En eigi að síður má vel vera, að það sé eitthvað í þessu frv., sem gæti verið til bóta. Hv. 1. þm. Austf. talaði um umhverfisverndina, sem ekki er í núv. lögum um ferðamál, og það út af fyrir sig er víst ekki neitt deiluatriði, að steja það í lög, enda þótt það sé ekki einhlítt. En þess ber að geta, að ákvæði eru í öðrum lögum um umhverfisvernd, sem hægt er að grípa til og nota.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja fleiri orð um þetta mál. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að ferðamálin eru í dag mikill þáttur og þýðingarmikill í þjóðarbúskapnum. Ég tel, að það sé eðlilegt, að menn velti því fyrir sér, á hvaða stigi við stöndum í þessum málum, hvort það sé nauðsynlegt að breyta gildandi lögum eða hvort við eigum að fresta breytinguuni, hvort það væri eðlilegt, að þetta frv. dagaði uppi á þessu þingi og fengi enn betri undirbúning. Ég er ekki að gera till. um það, en það er nú svo, að þegar verið er að breyta lögum og setja lög, sem eiga að standa og þjóðin ætlar að njóta góðs af, þá er það vitanlega miklu þýðingarmeira, að Alþ. gefi sér tíma til rækilegrar athugunar á breytingum og lagasetningunni, heldur en hvort lögin eru sett árinu fyrr eða seinna.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það eru aðeins eitt eða tvö afmörkuð atriði, sem mig langar að gera að umtalsefni varðandi það frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Ég vil þá fyrst taka fram, að ég er sammála því, sem hæstv. samgrh. sagði í frmsögurræðu sinni, að full nauðsyn er á því að vinna skipulega að ferðamálum og því tímabært að koma á heildarstjórn þessara mála og kannske umfram allt tímabært að marka ferðamálastefnu, eins og gert er með þessu frv. Mörkun ferðamálastefnu er ekki aðeins nauðsynleg vegna umhverfissjónarmiða, heldur einnig vegna þess, að samstarf okkar Íslendinga við aðrar þjóðir um ferðamál, einkum Norðurlandaþjóðirnar, fer sívaxandi, og er t. d. nú á næstunni ætlunin að beina ferðamannastraumi í æ ríkara mæli á þann veg, að Norðurlandaþjóðirnar heimsæki hver aðrar í stað þess að fara til Suðurlanda eða eitthvað annað. Við getum ekki tekið þátt í slíku samstarfi, svo að gagni sé, nema við höfum grundvöll til að standa á, og ég fæ ekki betur séð en 1. gr. þessa frv. sé nægilegur og skýrt afmarkaður grundvöllur fyrir okkur í þessu efni. Í þeirri gr. er tekið skýrt fram, að umhverfisverndarsjónarmið skuli vera annað meginatriðið, sem taka skal tillit til. Umhverfisverndarsjónarmið eru nú viðurkennd um allan heim. Eftirliti af hálfu okkar Íslendinga í þessu efni yrði áreiðanlega vel tekið og mættum við gjaran hafa það eftir-

lit strangt án þess að verða fyrir gagnrýni. Auk þess er þessi stefnumörkun mikil framför frá því, sem er í gildandi ferðamálalögum, þar sem í aðeins einni gr. er fjallað um náttúruvernd og þá takmarkað við vernd fjölsóttra ferðamannastaða.

Hins vegar langar mig til að gera aths. um stjórn Ferðamálastofnunarinnar. Að vísu er ég sammála hv. síðasta ræðumanni um, að það getur verið erfitt að koma með þær hugmyndir um stjórn þessara mála, sem að gagni mættu verða, og sjálfsagt mætti velta ýmsu fyrir sér. En mér virðist samt ekki vera nægilega tryggt í skipun stjórnar Ferðamálastofnunarinnar, að þetta markmið frv. komi raunverulega til framkvæmda. Gert er ráð fyrir því, að ráðh. skipi þrjá af fimm stjórnarmönnum, en tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu ferðamálaráðs. Mín megingagnrýni beinist að því, að ég tel, að ráðh. hafi hér óþarflega mikið vald. Það ætti að vera hægt að framkvæma stefnu frv., án þess að sá ráðh., hver sem hann er í það og það sinn, hafi svo mikið vald í sambandi við stjórn stofnunarinnar. Auk þess sem ráðh. á að skipa 3, er gert ráð fyrir, að hann ákveði með reglugerð, hverjir skuli sitja ferðamálaþingið. Það á ekki að binda það í lögum, hvaða aðilar skuli sitja þingið, en þingið á síðan að kjósa í ferðamálaráð, og þaðan fara tveir í stjórn stofnunarinnar, þ. e. a. s. þessir tveir eru nánast líka komnir frá ráðh. Nú er mér ekki ljóst, hvort heppilegra er að binda í lögum, hvaða aðilar skuli sitja ferðamálaþing, þó teldi ég ekki óeðlilegt, að það yrði hafður sami háttur á og í lögum um náttúruvernd, þar sem þeir, sem skipa eiga fulltrúa á náttúruverndarþing, eru tilnefndir í lögunum, en síðan er kveðið svo á, að heimilt skuli með reglugerð að fjölga þeim, sem þar eiga sæti. Það kann að vera, að það sé heppilegra að hafa þann hátt á í sambandi við ferðamálaþing einnig.

Ég vil varpa fram þeirri hugmynd, hvort ekki sé rökrétt og eðlilegt samkv. 1. gr. frv., að náttúruverndarráð tilnefni mann í stjórn stofnunarinnar. Auk þess sem hlutverk stofnunarinnar, heill kafli þess, fjallar um eftirlit og umhverfisvernd, þá eru þar að auki mörg atriði önnur, þar sem náttúruverdnarsjónarmið koma til greina, og vil ég þá fyrst nefna sjálfa skipulagningu ferðamála, landkynningarstarfsemi og áætlanagerð. Ég held, að það sé engan veginn sama, hvernig við kynnum þetta land. Ég held, að við verðum að gera þeim ferðamönnum, sem hingað koma og vilja leita upp í óbyggðir og öræfi, grein fyrir því, að gróður er viðkvæmur og það er ekki hægt að ganga hér um hvernig sem er, ef svo mætti að orði komast. Ýmislegt fleira mætti tilnefna. T. d. á skv. 7. lið í II. kafla að vinna að því, að hópferðir fyrir almenning til öræfa landsins verði samræmdar og skipulagðar. Þar held ég, að náttúruverndarsjónarmiðin hljóti að koma til. Ég nefni þetta til að sýna, að það er engan veginn hægt að afmarka í einum kafla atriði, sem eigi að hafa samráð við náttúruverndarmenn um, heldur hljóti öll þessi mál að gegnsýrast af þessum sjónarmiðum, ef markmiðsgreinin á að ná tilgangi sínum.

Ég læt þetta nægja um stjórn stofnunarinnar. En ég vil koma að öðru atriði einnig. Í núgildandi lögum er kveðið svo á um, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli stuðla að gerð góðra minjagripa með þeim hætti, sem þar er kveðið á um. Ég sakna þess, að ekki skuli tekin afstaða í þessu frv. til minjagripagerðar. Ég held, að það sé nauðsynlegt að fyrirhugðuð ferðamálastofnun hafi líka einhvers konar eftirlit með því, t. d. með því að koma sér upp sérstöku vörumerki eða einhverju slíku, þannig að ferðamenn geti verið öruggir um, hvers konar minjagripi eða vörur þeir eru að kaupa.

Herra forseti. Ég læt þá útrætt um þetta, en fagna því, að frv. þetta skuli fram komið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til l. um skipulag ferðamála. Hæstv. samgrh. hefur fylgt því úr hlaði með mjög langri og itarlegri ræðu. Ég minnist þess, að það var, að ég held, hvergi vikið að ferðamálum í stjórnarsáttmálanum frá 14. júlí 1971. Ég held, að þar sé ekki minnzt einu orði á ferðamál. En nú er þetta frv. þó komið fram.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um frv., þar sem það kemur væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í. Mig langar þó til þess að renna augunum yfir það á þessu stigi málsins rétt í svip.

Löggjöf um ferðamál er ung hér á landi. Fyrstu lögin voru sett árið 1964, ef frá eru skilin ákvæði um Ferðaskrifstofu ríkisins, sem munu fyrst hafa verið lögfest 1936.

Í I. kafla þessa frv. er rætt um tilgang og yfirstjórn, og segir þar, að tilgangur frv. sé að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenzkt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslenzku atvinnulífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd. Það er rétt, að ef við ætlum okkur að taka á móti fjölda erlendra ferðamanna árlega og gera þetta að mikilvægri atvinnugrein, mega þessi mál ekki vera án skipulags.

Í II. og III. kafla frv. er rætt um Ferðamálastofnun Íslands, ferðamálafélög, ferðamálaþing og ferðamálaráð. Í þessum tveim köflum er gert ráð fyrir skipulagsbreytingu á yfirstjórn þessara mála frá því, sem nú er. Það þarf að skoða og velta því fyrir sér, hvort þessi breytta skipan horfir til bóta. Á það var bent áðan af hv. 1. þm. Sunnl., að löggjöfin um ferðamál, hin fyrsta og eina hér á landi, hefði reynzt vel og markað, að því er virtist, nægilega rúman ramma fyrir þróun þessara mála. Þess vegna þarf allvel að því að hyggja, hvort breytt skipulag horfi til bóta. Þess er þó að geta, eins og gert hefur verið, að frv. þetta er samið af reyndum mönnum á sviði ferðamála. En ég tel, að þessu atriði þurfi að velta fyrir sér. Það var að mínum dómi rétt aths. hjá hv. 4. landsk. þm. hér áðan, að það er e. t. v. dálítið hæpið að leggja hæstv. ráðh. svo mikið vald í hendur eins og 4. gr. gerir ráð fyrir, og ástæða til að skoða nánar, hvort þeim málum megi ekki jafnvel eða betur skipa með öðrum hætti.

Í 6. gr. er rætt um verkefni væntanlegrar Ferðamálastofnunar Íslands, og ef við lítum aðeins á þessa gr., þá þekur hún heila bls., og þar er vitanlega um geysimikið og fjölþætt verkefni að ræða. Ef rækja ætti þau störf fullkomlega eftir orðanna hljóðan, krefst framkvæmd þeirra mikils fjármagns. Mig minnir þó, að hæstv. ráðh. hafi látið orð falla eitthvað á þá leið, að þetta frv. feli ekki í sér aukin útgjöld, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. En þessi gr. er fjölþætt, og kostar mikið að framkvæma hana til fulls.

IV. kafli frv. fjallar um almennar ferðaskrifstofur. Ég held, að þar sé ekki um neinar meiri háttar breytingar að ræða. Þó má geta þess, að það er einmitt á þessu sviði, sem löggjöfinni frá 1964 hefur nokkuð verið breytt á síðustu árum. En frá löggjöfinni, eins og hún er nú í gildi, held ég, að séu ekki ýkjamikil frávik.

Í V. kafla er svo rætt um Ferðamálasjóð. Þar kemur að fjáröfluninni, að því meginatriði í framkvæmd þessara mála. Það má segja, að Ferðamálasjóður, þó að hann hafi gegnt mikilvægu og athyglisverðu hlutverki, hafi hingað til haft yfir næsta litlu fjármagni að ráða. Ég minnist þess, að það hefur ekki tekizt á undanförnum þingum við samningu og umr. um fjárlagafrv. að fá hið árlega framlag úr ríkissjóði hækkað úr 5 millj. í 10 millj., en í 23. gr. er þó hið árlega framlag komið upp í 10 millj. Þá er rætt í kaflanum um Ferðamálasjóð um nýja tekjuöflun af svonefndu rúllugjaldi. Ég hygg, að ekki verði allir sammála um það atriði og þar megi velta hlutunum betur fyrir sér, hvort rétt er að fara inn á þessa braut eða hyggja að einhverri annarri leið til fjáröflunar.

Hv. 1. þm. Austf. ræddi um frv. áðan, og ég get verið mjög sammála mörgu af því, sem hann sagði. Hann er, eins og menn vita, mikill ferðamaður sjálfur og telur augljósa sálubót að ferðalögum og bendir á, að menn eigi að lifa í sátt við land sitt. Einnig er hann framarlega í náttúruverndarsamtökum. Ég get mjög vel fallizt á margt af því, sem hann sagði og hafði að segja um þessi mál, ekki sízt þar sem hann benti á, að búa þyrfti landið þannig, að hægt væri að ferðast um það, ekki væri nóg að byggja hótel. Það er hverju orði sannara. Hyggja þarf að umhverfisvernd. En erfitt mun þó reynast að taka á móti gestum og ferðamönnum án þess að bjóða þeim á einhvern stað, þar sem þeir hafa þak yfir höfuðið og geta dvalizt um nætursakir.

Hv. 1. þm. Sunnl. ræddi um frv. í alllöngu máli. Hann ræddi um málið af reynslu, því að hann hefur verið mikill áhugamaður um þau efni. Lög um ferðamál frá 1964 voru sett í hans ráðherratíð, og það er vitað mál, að hann hefur stutt að þessum málum eftir mætti. Hann benti á, að lenging ferðamannatímans væri atriði, sem vinna þyrfti að, og einnig það, sem merkilegt er, að það eru fleiri en áhugamenn á Íslandi, sem telja, að landið eigi framtíð sem ferðamannaland. Það hefur einnig reynzt auðfengin aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum til að rannsaka þessi mál nánar. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri að þessu sinni, en aðeins benda á að lokum, að ferðamálin hafa á undanförnum árum verið borin uppi af áhugamönnum með vaxandi stuðningi ríkisvaldsins. Þau hafa þróazt mjög ört og gegna m. a. nú stórvaxandi hlutverki í gjaldeyrisöflun og þjóðarbúskap. Nýja löggjöf um þessi efni þarf að gera svo úr garði, að þessi þróun megi halda áfram og stefna í heillavænlega átt fyrir landið og þjóðina. Ef það verður haft í huga, þá er ég sammála hv. 1. þm. Sunnl., að það skiptir ekki öllu máli, hvort sú löggjöf verður sett árinu fyrr eða seinna.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Á undangengnum þingum hafa ferðamál verið talsvert til umr. hér á hv. Alþ., og síðast á s. l. vetri fluttum við nokkrir þm. till. til þál. um að hraða athugun á heildaruppbyggingu ferðamála, sem reyndar stóð þá yfir með aðstoð Sameinuðu þjóðanna og hafði gert um nokkurt skeið. Það kom fram í framsögurræðu hæstv. ráðh. fyrir frv., sem hér liggur fyrir til umr., að þessari athugun væri nú að ljúka, og ég vil fagna því og þessu frv., sem er hér komið fram. Ég saknaði þess hins vegar að fá ekki skýrslu um þessa athugun sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna og annarra innlendra sérfræðinga, sem starfað hafa að könnun á ferðamálum undanfarið. Hæstv. ráðh. gat þess, að skýrslan mundi liggja fyrir innan skamms, en það hefði auðvitað verið hægara fyrir okkur hv. þm. að ræða þetta frv. hér með þá skýrslu við hliðina, þannig að nokkur bagi er að þessu. Hitt er þó meira atriði, að hér er komið fram þetta frv. og við getum um það fjallað.

Ég vil segja, að frá mínum bæjardyrum séð er ýmsum merkum málum hreyft í þessu frv. Hitt er svo annað, að ég tel, að hér þurfi sumt nokkurrar skoðunar við. Ég er alveg sammála hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, að í þeirri gr., sem fjallar um skipun stjórnar Ferðamálastofnunarinnar, sé óþarflega mikið vald sett í hendur ráðh. Honum er gert að skipa þrjá menn í þessa stjórn, en ferðamálaráð mun eiga að tilnefna tvo. Hér er augljóslega lagt verulegt vald í hendur ráðh., og ég held, að þetta ætti að endurskoða og skipa stjórnina með öðrum hætti. Ég er ekki reiðubúinn til að leggja fram beinar till. um þetta efni eins og hv. þm. Svava Jakobsdóttir. Till. hennar, held ég, að hafi verið góðra gjalda verð. Það má segja, að ferðamálin og náttúruverndarmálin séu mjög nátengd. En ég held, að þá till. þurfi að athuga. Aðalatriðið er, að ég tel, að þarna sé um mjög hæpna ráðstöfun að ræða, ef þessi gr. frv. verður óbreytt að lögum.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um verkefni Ferðamálastofnunar Íslands. Þar er, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, um langa upptalningu að ræða, og sum þessara verkefna eru svo stór í sniðum, að hér hafa verið fluttar um það till. á Alþ. að setja á stofn heilar stofnanir til að sinna einum lið þessara verkefna, t. d. verkefninu um fjölþjóðaráðstefnur. Ég man ekki betur en einn hv. þm. flytti hér frv. um ráðstefnustofnun ríkisins. Á þessu sést, hve hér er um gífurlega mikinn verkefnabálk að ræða og ákaflega fjölþætt verkefni, þannig að mér er til efs, að hæstv. ráðh. hafi farið algerlega með rétt

mál, þegar hann taldi, að þessi verkefni mundu ekki gera verulega meiri kröfur til starfsliðs heldur en nú starfar í þessum málum. Mér er það mjög til efs, og mætti að vísu benda þarna á miklu fleira en þetta verkefni um fjölþjóðaráðstefnurnar. Hér er um ákaflega viðamikil verkefni að ræða.

Ég vil líka benda á í sambandi við þessi verkefni, að mjög er óeðlilegt, að það er gert ráð fyrir því, að sú Ferðamálastofnun, sem gert er ráð fyrir að koma á fót, reki almenna ferðaskrifstofustarfsemi, en jafnframt er þess krafizt af henni, að hún fylgist með þeim aðilum, sem reka ferðaskrifstofur. Sem sagt, stofnunin á að passa sjálfa sig. Hún á, eftir því sem hér segir, að kanna, eftir því sem ástæða er til, réttmæti kvartana, sem berast um það, sem ábótavant kann að þykja í starfi þeirra aðila, sem veita ferðafólki þjónustu. Sjálf á hún að veita ferðafólki mjög verulega þjónustu, þannig að hún á raunverulega að sinna fólki um það, ef það kvartar um hennar eigin þjónustu, þá á hún að sjá um, að það nái rétti sínum. Þarna er auðvitað um að ræða ákaflega furðulega tilhögun. Það má líka benda á, að þessi tilhögun gerir það að verkum, að sú starfsemi, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú, flyzt til þessarar stofnunar. Það hlýtur að vera afar erfitt um samkeppni fyrir einkaaðila, ef þessi stofnun á að taka við kvörtunum frá þeim, sem hafa viðskipti við einkaaðila í ferðaskrifstofurekstri, en þessi stofnun er um leið að reka ferðaskrifstofu. Það gefur auga leið, að hér er um að ræða ákaflega óeðlilega tilhögun, sem mundi hafa í för með sér mjög óeðlilega samkeppnishætti, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni. Þetta atriði, held ég, að þurfi að athuga miklu betur.

Það má tala langt mál um það, hvort sú starfsemi, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft með höndum, eigi að vera í höndum ríkisins. Það hefur verið á það bent, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi unnið mjög þarft verk, m. a. í sambandi við það að taka á leigu heimavistarskóla og reka þar sumarhótel fyrir ferðamenn. Þetta má til sanns vegar færa. Hins vegar eru á þessu afar miklir annmarkar, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem hótelrekstur er fyrir. Þar hefur þetta komið þannig út, að Ferðaskrifstofa ríkisins hefur fleytt rjómann af vertíð þessara hótela yfir sumarið, og þau síðan þurft að halda uppi starfsemi yfir þann tíma ársins, sem minnst er von gesta og erfiðast er að reka slík fyrirtæki. Það hefur oft verið á það bent einmitt, þegar ríkið hefur þurft að gera þess háttar, og þá hafa menn sagt: Þarna er einkarekstrinum rétt lýst. Hann fleytir rjómann af viðskiptum. — En hér er um þveröfugt að ræða. Hér kemur ríkisvaldið og fleytir rjómann af viðskiptum við ferðamenn á þeim tíma árs, sem mest er umleikis í þeim efnum, en lætur síðan einkaaðilum eftir að veita þá þjónustu á öðrum tímum. Þetta er atriði, sem ég held, að þyrfti að athuga nánar.

Þá vil ég segja nokkur orð í sambandi við 8. gr. Þar er rætt um ferðamálaþing. Ég er sammála því, að það er, eins og fram hefur komið hér, óljóst í l. sjálfum, hvaða aðilar muni sitja ferðamálaþing. En það er eitt atriði, sem er alveg ljóst, og það er, að samkv. þessari gr. mundu hinir almennu áhugamenn, sem hafa sótt ferðamálaráðstefnur áður, verða útilokaðir. Þeir eiga ekki samkv. þessari gr., eins og hún er, einu sinni rétt til þess að koma til ferðamálaþings sem áheyrnarfulltrúar né heldur með tillögurétti og málfrelsi. Það er ekki gert ráð fyrir því, að þeir séu þar viðstaddir. Auðvitað munu veljast ýmsir áhugamenn af þeim aðilum, sem síðar kunna að verða ákveðnir, sem eiga að skipa menn á þetta ferðamálaþing. Það verða auðvitað ýmsir áhugamenn, sem veljast þannig á þingið. En hitt er ljóst, að þetta ákvæði útilokar marga áhugamenn um það að koma til þings og ræða þessi mál. Þetta held ég, að sé einnig atriði, sem þurfi að athuga nánar, áður en frv. verður að lögum.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ferðamálaráð hafi sáralítil völd eða nánast engin. Hér segir, að það skuli fylgja eftir ályktunum ferðamálaþings, ræða viðhorf í ferðamálum og bera fram till. um aðgerðir, sem það telur nauðsynlegar, vera ríkisstj. og Ferðamálastofnun Íslands ráðgefandi í ferðamálum o. s. frv. Í þessu er sáralítið vald fólgið annað en það að skipa tvo menn í stjórn Ferðamálastofnunarinnar og skipa tvo menn í stjórn Ferðamálasjóðs. Það eru einu áþreifanlegu hlutverk ferðamálaráðs samkv. frv. Það er því spurning, hvort þessi yfirbygging, sem þarna er orðin: ferðamálastjórn, ferðamálaráð, ferðamálaþing, þegar á það er litið, að ferðamálaráð á að hafa svona lítið vald, hvort hér er ekki verið að setja hverja silkihúfuna upp yfir aðra og hvort mætti ekki finna á þessu annað form. Þó vil ég ekki fortaka að það væri eðlilegt að halda ferðamálaráði, en fela því áþreifanlegri verkefni.

Þá vil ég að lokum fara nokkrum orðum um fjáröflun til Ferðamálasjóðs, sem gert er ráð fyrir, að verði að verulegu leyti hækkun á svonefndu rúllugjaldi upp í 100 kr. Það hefur verið svo, að mér skilst, að svolítill misbrestur hafi verið á framkvæmd þessa skatts, upphaflega hafi hann verið ætlaður dansstöðum eingöngu, en hann hefur verið innheimtur af fólki, sem hefur komið á matsölustaði einnig, og hafi ekki verið innheimtur á þeim tímum, sem upphaflega var ætlað. Ef þetta rúllugjald verður hækkað, held ég, að þurfi að endurskoða reglurnar um, hvenær það verði innheimt og hvar. Ég held, að það ætti fyrst og fremst að miða það við dansstaði, en ekki veitingastaði, sem fyrst og fremst selja mat, þó að þar megi hafa vín um hönd. Frá mínum bæjardyrum séð sýnist mér þetta vera dálítið hæpinn skattur, svo að ekki sé meira sagt, ef hann verður hækkaður upp í 100 kr. Í sambandi við það hef ég velt því fyrir mér, hvort við gætum ekki með einhverjum hætti skattlagt ferðafólk, sem fer um Keflavíkurflugvöll, með öðrum hætti en við höfum gert. Það kom fram í ræðu í dag, að við höfum gert það að nokkru leyti. Ég held, að það séu um 20 kr., sem eru lagðar á hvern ferðamann, sem fer um Keflavíkurflugvöll. Nú er það svo, að við höfum mikla sérstöðu með uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Við höfum ekki þurft að leggja mikið á okkur fjárhagslega til þess að byggja þar aðstöðu

þannig að við höfum nokkuð góð skilyrði til þess að innheimta þarna skatt, sem gæti runnið almennt til ferðamála í landinu að mínum dómi. Þetta er yfirleitt þannig framkvæmt erlendis, að skattar eru innheimtir í miðum farþega. Farþegar borga þessa skatta, þegar þeir borga farseðla sína. Þetta er ekki innheimt sem nefskattur nema á örfáum stöðum. Ég má segja, að það sé enn þá gert í Glasgow að innheimta svona gjald beint af fólki, en yfirleitt er þetta innheimt í gegnum ferðaskrifstofur, innifalið í miðum, sem fólk kaupir.

Að þessu sinni held ég, að ég geri ekki fleiri aths. við þetta frv. Það á eftir að skoða það í n. og koma hér til 2. umr. o. s. frv., þannig að það gefst tóm til að athuga það nánar. Ég vil að lokum aðeins leggja á það áherzlu, að ég held, að í þessu frv. sé ýmislegt, sem sé mjög athyglisvert og horfi fram á við. En jafnframt er í því ákaflega margt, sem þarf nánari skoðunar við að mínum dómi. Ég vænti þess, að hv. þd. gefi sér tóm til að athuga frv. mjög vel og að það verði til að efla íslenzk ferðamál.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég stend hér upp aðallega til að þakka hv. þdm., sem til máls hafa tekið um frv., góðar undirtektir. Ég held, þó að þeir hafi ekki komið fram með beinar till., að þeir hafi verið með hugleiðingar um ýmis mál, sem ástæða sé til að athuga, og ég geri mér það alveg ljóst, að það skiptir ekkert litlu máli, að okkur takist með nýrri löggjöf um ferðamál að koma þeim málum í skipulegan, fastan farveg. Á ég þar bæði við ferðamennskuna varðandi útlendinga og fólkið í landinu sjálfu. Og ég tek alveg sérstaklega undir það, sem hv. 1. þm. Austf. vék að, að við ættum að opna stór útivistarsvæði einmitt með það fyrir augum að dreifa og jafna ferðamannastraumnum um landið, dreifa honum frá hinum fjölsóttustu stöðum án þess að leggja þar við bönn og geta þá bent á aðra staði, sem gætu við fólkstraumnum tekið að einhverjum hluta. Ég er honum einnig sammála um það, að samstarf þurfi að takast milli forustumanna ferðamála og þeirra manna, sem starfa að náttúruverndarmálum, og einnig það, að slíkt samstarf þurfi helzt að mótast frjálst, fremur en að sníða því þröngan lagastakk frá upphafi. Ég gæti ímyndað mér, þó að þetta samstarf sé alveg sjálfsagt og hljóti að geta orðið til mikils gagns fyrir þessi mál, að þá væri betra, að þau formuðust a. m. k. fyrst í stað með frjálsum hætti. Síðar mætti e. t. v. binda þeim lagabúning.

Margt af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, var einnig hugleiðingar um málið, um það, sem orkað gæti tvímælis í þessu allítarlega frv., og um margt af því, sem hann ræddi um, er ég honum alveg sammála, t. d. að við megum engan veginn gleyma innlendu ferðamálamöguleikunum vegna erlendu ferðamannanna eða vegna ferðamannastraumsins frá Íslandi til annarra landa. Við eigum sannarlega að hafa opin augun fyrir ferðamálamöguleikum okkar sjálfra innanlands, miklu fremur en leggja alla áherzlu á erlenda ferðamannastrauminn til landsins.

Þá hefur af nokkrum hv. þm. verið vikið að vafasömum atriðum, eins og hverjir eigi að tilnefna í stjórn Ferðamálastofnunar Íslands, og er ég alveg sammála um, að það beri að athuga, hvort aðrir aðilar en rn. eða ráðh. eigi ekki að hafa meirihlutaaðstöðu í stjórn Ferðamálastofnunarinnar, það er mér a. m. k. ekki fast í hendi. Þetta er atriði, sem 2—3 hv. þm. hafa vikið að, og ég tel því alveg sjálfsagt, að hv. n., sem málið fær til meðferðar, taki það til athugunar.

Hugmyndin um að tengja þarna saman starf náttúruverndarsamtakanna, náttúruverndarráðs og forustumanna ferðamálanna er hugmynd, sem ég vil gefa gaum.

Það hefur verið nokkuð dregið í efa, hvort það sé rétt, sem ég sagði í framsögurræðu minni, að frv. sjálft gerði ekki ráð fyrir auknum mannafla við yfirstjórn ferðamálanna. Ég held, að þetta sé rétt að meginefni, því að ætlunin er, að ferðamálaráð, sem nú er skipað 9 mönnum, renni saman við Ferðaskrifstofu ríkisins og úr þessum tveimur aðilum, hinu fjölmenna núv. ferðamálaráði og stjórn Ferðaskrifstofu ríkisins, myndist Ferðamálastofnun Íslands, og henni er ekki ætlað til þjónustu meira starfslið en nú á sér stað. En ef menn vilja fella einstaka starfsþætti ferðamálanna undir þetta, þá er áreiðanlegt, að miklu meiri mannöflun kemur til. Ráðstefnuhaldið yrði annaðhvort á vegum sjálfstæðra stofnana eða ákveðinna hótela, og það starfslið, sem fer til að stjórna ráðstefnuhaldi sem verulegum þætti íslenzkra ferðamála, væri einn af þeim þáttum atvinnulífsins, sem myndast í sambandi við þetta, en engan veginn þáttur í yfirbyggingunni sjálfri, eða þannig lít ég a. m. k. á það mál. En þar mundum við koma miklu víðar við. Höfuðgildi ferðamálanna er einmitt gjaldeyris- og fjáröflunarþýðingin og það, hvað margbreytileg störf tengjast ferðamannastraumnum til þjónustu við hann á hinum ótrúlegustu sviðum þjóðfélagsins, ekki aðeins á sviði neyzlu, eins og hv. 1. þm. Sunnl. gat hér um áðan, að væri mjög þýðingarmikið í sambandi við þessi mál, heldur margs konar þjónustarfsemi önnur, sem grípur inn á flest svið þjóðfélagsins. Og það er það, sem veldur því, að Bandaríkjamenn telja, að dollarinn, sem kemur inn í ferðamannastraumnum, sjöfaldi sig í efnahagskerfinu, og svipað hygg ég, að muni vera hjá öðrum þjóðum, sem gera ferðamál að þætti í atvinnulífi sínu.

Hv. þm., sem talaði hér síðast um málið, hv. 5. þm. Norðurl. e., var einnig með margvíslegar hugleiðingar og aths. um atriði í frv., sem ástæða væri til að staldra við, og ég heyrði ekki á honum annað en hugur hans til frv. væri að öllu leyti jákvæður. Ég þakka honum fyrir þær ábendingar, sem hann bar fram.

Ég tel, að það, sem hefur komið fram við þessa umr., sé á margan hátt svo mikillar athygli vert, að hv. starfsnefnd þingsins, sem tekur við málinu, eigi að líta á þessar ábendingar. Eru engar hömlur á hv. n. lagðar frá minni hendi eða rn. varðandi það, að allar ábendingar til bóta á frv. verði teknar til greina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 53. fundur.

Mánudaginn 5. marz, kl. 8 síðdegis.

Vantraust á ríkisstj., þáltill. (þskj. 207). — Ein umr. (útvarpsumr.).

Forseti (EystJ): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mín., er skiptast í 2 umferðir, 20 mín. í hinni fyrri og 10 mín. í hinni síðari, eða 15 mín. í hvorri umferð, ef flokkarnir vilja það heldur. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., fær 15 mín. til umráða í samræmi við ákvæði 53. gr. þingskapa um ræðutíma alþm. utan þingflokka. Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., Framsfl., SF, Alþb. og Alþfl. Bjarni Guðnason talar síðastur í fyrri umferð. Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, í síðari umferð 3. þm. Reykn., Oddur Ólafsson og 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð forsrh. Ólafur Jóhannesson og í síðari umferð fjmrh. Halldór E. Sigurðsson. Fyrir SF í fyrri umferð félmrh. Hannibal Valdimarsson og í síðari umferð menntmrh. Magnús T. Ólafsson. Fyrir Alþb. í fyrri umferð iðnrh. Magnús Kjartansson og í síðari umferð sjútvrh. Lúðvík Jósepsson. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og í síðari umferð 5. landsk. þm., Stefán Gunnlaugsson. Hefst nú umræðan, og tekur fyrstur til máls hv. 1. flm., 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Flm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstj. hafði setið á valdastóli um þrjú missiri, eða 1½ ár, var almannarómur allótvíræður um það, hvernig þessari vinstri stjórn hefði farnazt, og staðreyndirnar töluðu sama máli:

Ríkisstj. er sjálfri sér sundurþykk og ráðlaus. Hún hefur látið reka á reiðanum. Eftir eins árs valdaferil hlaut stjórnarstefnan þann dóm ráðamanna eins stærsta kaupfélags landsins, að „Hrunadans kostnaðarverðbólgunnar" stefndi atvinnulífinu í voða. Á haustmánuðum í fyrra hófst nýtt uppbótakerfi, svo að sjávarútveginn ræki ekki í strand, þrátt fyrir meira aflamagn og hærra útflutningsverð en nokkru sinni fyrr. Iðnaðurinn horfði fram á taprekstur eftir mestu uppgangstíma í sögu þessarar atvinnugreinar á árunum 1969—1971. Fyrir jólin hespaði ríkisstj. af afgreiðslu annarra fjárlaga sinna með þeim afrekum, að útgjöld ríkisins höfðu þá tvöfaldazt frá því, sem var á fjárlögum ársins 1970. Viðskiptahallinn við útlönd fór stöðugt vaxandi og stefndi að nærri 15 þús. milj. kr. halla á 3 árum, 1971—1973. Erlendar skuldir höfðu vaxið óðfluga úr 11.5 milljörðum um áramótin 1970—1971 í u. þ. b. 17 milljarða kr. í árslok 1972. Fjárfestingarlánasjóðir voru fjárvana. Sérfræðingar höfðu verið til kallaðir að veita ráðvilltri ríkisstj. vísbendingar. Þegar þær lágu fyrir, voru uppi þrjár stefnur í ríkisstj. um það, til hvaða úrræða skyldi gripa. Reyndar hafði forsrh. áður „persónulega" boðað fjórðu stefnuna. Voru því fjórar kvíslar fallvatna stjórnarherrana að feigðarósi. Sætzt var að lokum innan ríkisstj. á gengislækkun krónunnar fremur en að klofna. Þó var gengið á snið við samhliða ráðstafanir, sem sérfræðingarnir höfðu ráðlagt, svo að Seðlabankinn taldi óvissuna enn helzta einkenni efnahagslífsins, þegar hann tilkynnti gengislækkun hinn 17. des. s. l. „með samþykki ríkisstj."

Þegar svo var komið sem nú hefur stuttlega verið á drepið í einum 12 liðum, þótti þingflokki sjálfstæðismanna tími til kominn að bera fram till. til þál. um vantraust á hæstv. ríkisstj. og kröfu um þingrof og kosningar. Í afgreiðsluönnum fjárlaga fyrir jól varð samkomulag um það að fresta umræðum um vantraustið fram yfir þinghlé, og önnur atvik leiddu til frekari dráttar.

En hafi verið ástæða til vantrausts fyrir jólin, þá er sú ástæða enn þá auðsærri nú. Nú er það altalað í herbúðum sjálfra stuðningsmanna ríkisstj. að engu sé líkara en að stjórnin hafi hreinlega lagt upp laupana — um hreina uppgjöf sé að ræða.

„Stefna stjórnarinnar er óbreytt." Með þessum orðum hóf hæstv. forsrh. svokallaða stefnuræðu sína, sem hann flutti í útvarpið í upphafi þessa þings. Hvers kyns ávarpsorð til þjóðarinnar skyldu forsrh. nú hugkvæmast? Ég er hræddur um, að það þyrfti að vera margt með öðru sniði nú hjá forsrh. Þá hélt hann, að fólkið í landinu sæi einhvern dýrðarljóma kringum ríkisstj. „Það gildir nær einu, hvert litið er," sagði oddviti ríkisstj. í október. „Alls staðar blasa við framfarir, endurbætur í löggjöf og breytingar af ýmsu tagi, sem fólkið í landinu er vitni að." Svo mörg voru þau orð. Það má vera, að ráðh. hafi geð í sér til þess að draga upp einhverjar glansmyndir af afrekum ríkisstj. í þessum umr., en ég held, að þeir ættu að fara að með gát.

Til hverra úrræða hefur hún gripið, vinstri stjórnin góða, sem lofaði í Ólafskveri að leiða þrjáða þjóð úr eyðimörkinni og inn í fyrirheitna landið. Þrjár gengisfellingar hefur hún framkvæmt á liðlega 13 mánaða tímabili, tvær að vísu í tengslum við gengisfall dollars, en í bæði skiptin meiri en efni stóðu til af þeim sökum, þar sem aðeins liðlega 60% af gjaldeyrisöflun eru í dollurum og 74% innfluttrar vöru og þjónustu greiðast í öðrum gjaldeyri en dollurum. En gengisfellingin í desember um 10.7% er skilgetið afkvæmi vinstri stjórnarinnar sjálfrar, og engum öðrum verður kenndur króginn. Stjórnin sjálf var frumkvöðull þess að skapa efnahagsvandann, sem úr þurfti að bæta. Hvaða gengisfelling er verri en sú, sem þannig er að staðið, að hún megnar með engu móti að eyða óvissu og skapa jafnvægi á peningamarkaði, en stefnir beint út í bullandi verðbólgu og er því vísast forboði frekari gengisfellingar? Slíkt var einkenni gengisfellingarinnar fyrir jólin, enda þurfti strax að gripa til nýrra aðgerða fyrir áramót til aðstoðar útgerðinni, sem átti þó að hafa einna helzt hag af gengislækkuninni. Var þá lofað að létta launaskatti af útgerð og greiða jafnframt úr ríkissjóði í sjóði útvegsins. Þetta var smágreiði sjútvrh., sem lofað var, að því er sagt var, meðan fjmrh. var uppi í Borgarfirði — 160 millj. kr. pinkill á fjárvana ríkissjóð,

en fjárlögin 1973 höfðu nýverið hlotið afgreiðslu með raunverulega 500 millj. kr. greiðsluhalla.

Fleira hafði verið afrekað. Verðstöðvun hafði verið fordæmd í tíð fyrrv. ríkisstj., samt var hún framlengd 1971 og síðan sett brbl. í ofboði á miðju sumri 1972 um tímabundna verðstöðvun til áramóta. Frestað var jafnframt greiðslu til launþega sem svaraði 2.5 stigum í kaupgreiðsluvisitölu, en áður þótti slíkt ódæði. Fjárlögum var breytt með brbl. og ákvæðum laga um framkvæmdaáætlun einnig. Vinstri stjórnin sneri greiðsluafgangi ríkissjóðs frá árinu 1970 í greiðsluhalla í góðærinu 1971. Mismunurinn reyndist aðeins litlar 800 millj. kr. Ríkisstj. leggur nýverið fyrir Alþingi frv. til l. til breyt. á vísitölu kaupgjalds. Ekkert samráð er haft við launþegasamtökin, heldur farið huldu höfði við undirbúning frv. Frv. fer í n., en er síðan ekki sinnt meir, þar sem stuðning við það skortir hjá stjórnarliðinu sjálfu. Menn spyrja undrandi: Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?

Allt virðist fálm og kák eða hálfkarað verk, enda er árangurinn ekki glæsilegur. Nokkur dæmi sýna vinstristjórnarmyndina, þótt tekið sé af handahófi. Húsmóðirin kaupir mjólkurpottinn allt að helmingi dýrari í dag en hún gerði í gær. Helztu neyzluvörur heimilisins hafa hækkað meira en nokkru sinni fyrr. Vísitala byggingarkostnaðar hefur ekki alveg tvöfaldazt frá 1970, en hækkað úr 439 stigum í 760 stig. Tekjuskattur hefur meira en tvöfaldazt miðað við heildartekjur á fjárlögum, úr 10% 1971 í 22% árið 1973. Helztu erlendu gjaldmiðlar eru nú allt að 34% dýrari en fyrir stjórnarskipti. Það samsvarar um 2% gengisfellingu krónunnar á mánuði til jafnaðar á tíma vinstri stjórnarinnar. Sennilega hækkar kaupgreiðsluvísitalan á þessu ári úr 117 stigum í 134 stig eða um 15%, og aðeins þriðjungur af því mun ákvarðast af gengisfalli dollarans og hækkun á erlendum vörum, hitt ber að skrifa á kostnaðarreikning óstjórnar eða stjórnleysis. Staða atvinnuvega er ótryggari en nokkru sinni áður, brátt fyrir mokafla og hæsta verðlag, sem þekkzt hefur á erlendum markaði. Þegar kaupfélagsstjórinn á Akureyri skýrir frá sölu- og framleiðsluaukningu um 18% á s. l. ári, telur hann, að kaupgreiðslukostnaðurinn hafi hækkað um 40%. Viðskiptajöfnuðurinn við útlönd var hagstæður um 1000 millj. kr. á árunum 1969 og 1970, en hallinn er nú 4—5 þús. millj. kr. á hverju ári hjá núverandi ríkisstj. Í mesta góðæri og á tíma hækkandi raunteknа fer vöxtur sparifjármyndunar stöðugt minnkandi. Hann var 24% árið 1970, 19% árið 1971 og aðeins 16.5% árið 1972. Það, sem vex, er verðbólgan og óttinn við meiri verðbólgu. Atvinnuvegir berjast í bökkum síversnandi afkomu, og alls kyns þjónustustarfsemi er undir sömu sök seld, vegna þess að þörf verðhækkana hrannast upp, en ákvörðunum er frestað og frestað. Vinnufriðurinn hefur rofnað oftar en skyldi, stundum með langvarandi verkföllum, t. d. farmannaverkfall frá 4. des. 1971 til 13. jan. 1972, verkfall rafvirkja um mánaðartíma árið 1972 og verkfall vélgæzlumanna á þessu ári, svo og 40 daga togaraverkfall, sem ekki sér enn fyrir endann á.

En hæstv. ríkisstj. virðist þó ekki alls varnað. Á elleftu stund leggur hún fram till. til þál. um heimild til þess að fullgilda viðskiptasamning við Efnahagsbandalag Evrópu, sem undirritaður hafði verið 22. júlí á s. l. sumri. Greinilegur ágreiningur er eins og fyrri daginn innan ríkisstj., og verður allur hinn furðulegi dráttur og málsmeðferð ekki með öðru móti skilin. En stjórnarandstaðan þjappar sér um málið og kommúnistar í ríkisstj. láta undan, eftir að viðskrh. er digurbarklega búinn að fullyrða í þinginu, að hann muni alls ekki staðfesta samninginn, fyrr en henta þyki, er gerð bókun um það í utanrmn. að ríkisstj. feli utanrrh. að staðfesta samninginn. Málið hefur síðan réttan framgang góðu heilli, en viðskrh. er fjarstaddur við seinni umr. og atkvgr. í þinginu. Um framvindu mála og samstöðu innan ríkistj. gæti hún gjarnan raulað: „Lánið elti Jón, en lét í friði mig."

Þá er komið að tveim málum, sem ekki eru minnst í sniðum, en hæstv. ríkisstj. verður engan veginn hrósað fyrir frammistöðuna í. Það eru landhelgismálið og öryggismál ríkisins.

Vegna þess almenna skilnings og samhuga Íslendinga, sem ætíð hefur ríkt um lífshagsmunamál okkar, landhelgismálið, skapast sjaldnast andstaða í slíku máli. Ég vil þó minna á, að samstaða allra þm. í þessu máli náðist ekki, meðan núverandi stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu. Samstaða allra þm. um tillögu utanrmn. 15. febr. 1972 náðist aðeins vegna þess, að núverandi stjórnarandstöðuflokkar teygðu sig til hins ítrasta og lögðu sig alla fram um það að ná einhuga niðurstöðu. Þetta var allt annað en gerðist á Alþingi 1971, þegar núverandi stjórnarflokkar lögðu mest upp úr því, að samstaða næðist ekki, fóru síðan um landið fyrir kosningar með blekkingar og mjög ósæmilegan áróður bæði um þá menn og stjórnmálaflokka, sem mest höfðu lagt af mörkum fyrr og síðar til þess að hefja sigurstranglega sókn í landhelgismálinu eftir síðari heimsstyrjöldina. Við uppskerum nú og eigum eftir að uppskera ávextina af landgrunnstefnunni, sem þá var mótuð og framvinda málsins hefur grundvallazt á.

Lítið hefur verið talað um aðstöðuna í landhelgismálinu nú. Menn hafa leitt hjá sér að stofna til deilna þar um. Við höfum hins vegar mátt þola það að heyra sífelld brigzlyrði úr stjórnarherbúðunum um það, að við berum ábyrgð á gerð „landráðasamninga" í þessu máli. Hér er átt við þá stórmerku samninga, sem gerðir voru 1961 við Breta og Þjóðverja og leystu þá hina alvarlegu deilu, sem risin var. Þeir fólu í sér viðurkenningu þessara ríkja á 12 mílna landhelginni, sem stækkaði fiskveiðilögsögunna um 70 000 ferkm. Þeir færðu okkur til viðbótar stækkaða landhelgi, með breyttum grunnlínupunktum, um 5000 km² að stærð. Staðfest var í samningunum, að við mundum halda áfram útfærslu landhelginnar á landgrunnssvæðinu.

Við stóðum með stjórnarflokkunum að útfærslu landhelginnar í 50 mílur 1. sept. s. l., enda þótt Alþingi hefði áður, hinn 7. apríl 1971, í tíð fyrrv. stjórnar samþykkt ályktun, sem lengra gekk og miðaði við landgrunnið. En hvað hefur áunnizt? Því miður berast fregnir af því, að Bretar veiði fullt eins mikið og

áður — fyrir útfærsluna — við Ísland. Og ekki mun þá ungfiskinum hlíft.

Þá er sagt að samningarnir frá 1961 séu okkar akkillesarhæll, þeir torvelda okkur útfærsluna, m. a. vegna þess, að þeir hafi falið í sér, að vísa mætti ágreiningi, sem rísa kynni um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, til Alþjóðadómstólsins í Haag. Engir samningar voru fyrir hendi, þegar þorskastríðið hófst hér 1958 og Bretar létu togara sína veiða hér undir herskipavernd. Ekki hlutum við blíðari meðferð þá af þeirra hálfu. Af þessu er ljóst, að fyrirbára um dómstólinn í þessu sambandi nú er algerlega út í hött. Þessum ósóma um landráðabrigzl úr stjórnarherbúðunum ætti því að linna.

Nú liggur fyrir, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur fellt þann dómsúrskurð, að hann hafi lögsögu í málinu. Mun dómstóllinn taka deilumálið til efnislegrar meðferðar og fella efnisdóm í málinu. Ríkisstj. hefur kosið að hafa enga málsvara af Íslands hálfu við dóminn á tveim stigum, þegar hann felldi úrskurð, sem fól í sér tilmæli til aðila um bráðabirgaskipan mála, og þegar hann felldi dóm um lögsöguna. Það var mjög óskynsamlegt og hefði á engan hátt bundið hendur okkar um efnislega meðferð málsins. En látum deilur um réttmæti þess, að svo var að farið, liggja á milli hluta. Nú, þegar nýr þáttur málsins hefst, nýtt mál um efnishlið deilunnar hefst, er óverjandi að halda lengur að sér höndum.

Í „Hugleiðingum um áramót", sem ég ritaði í Morgunblaðið 31. des. s. l., sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það var kjarni hinnar samhljóða ályktunar Alþingis 15. febr. 1972, að Alþingi ítrekaði grundvallarstefnu Íslendinga að landgrunn Íslands og hafið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði. Á þessum grundvelli höfum við unnið sigur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á þessum grundvelli eigum við nú að sækja og verja mál okkar fyrir Alþjóðadómstólnum. Hin minnsta þjóð, sem þorir að standa á rétti sínum, verður ekki sigruð af stærstu þjóðum. Af þessum sökum voru landhelgissamningarnir, sem Íslendingar gerður við Breta og Þjóðverja árið 1961, okkar „stærsti stjórnmálasigur", eins og Bjarni Benediktsson orðaði það af alkunnri lögspeki og vitsmunum."

Engri íslenzkri ríkisstj. verður fyrirgefið það að láta málstað Íslands e. t. v. vera fyrir borð borinn fyrir alþjóðadómstóli vegna þess, að rödd Íslands fær ekki að heyrast þar vegna þvermóðsku einnar saman, þegar málstaður okkar er stöðugt að vinna á, og auðvitað væri sigur í máli okkar fyrir alþjóðadómi endanlegur sigur okkar og því óverjandi að skoða ekki til hlítar, hver málsmeðferð þjónar bezt hagsmunum okkar Íslendinga. Hér hníga mörg rök að einu marki, sem of langt yrði að rekja nú. Öll þau gögn, sem fram til þessa hafa verið send af Íslands hálfu okkur til málsvarnar, eru 2—3 vélritaðar síður um það, að við teljum, að dómstóllinn hafi ekki lögsögu í málinu. Hæstv. ríkisstj. verður sannarlega að athuga betur sinn gang í þessu efni.

Um frammistöðu hæstv. ríkisstj. í varnar- og öryggismálum landsins er sem betur fer lítið að segja. Traust eða vantraust okkar sjálfstæðismanna á ríkisstj. í þeim efnum er álíka mikið eða lítið eins og þegar hún settist á valdastól. Aðgerðaleysið í þessum málum fer henni eflaust bezt, og fetar hún þar dyggilega í fótspor fyrri vinstri stjórnar. Ég hef margoft látið að því liggja, að einsdæmi mundi vera í hinum vestræna heimi, að ríkisstj. fleiri flokka settist á laggirnar með yfirlýsingu um það, að hún væri ósammála í öryggis- og varnarmálum landsins. Þessa skelfingu máttum við þó þola, er núv. ríkisstj. hleypti heimdraganum. Sem betur fer hefur enn orðið minni skaði en ætla hefði mátt. Utanrrh. gaf um það yfirlýsingu, að hann mundi láta kanna efnahagsleg áhrif af dvöl varnarliðsins hér á landi. Hann hefur verið inntur eftir þessari könnun í utanrmn. Fram hafa komið skýrslur um kostnaðaratriði varnarliðsins hér á landi, sem yfirmaður þess hefur góðfúslega látið formanni varnarmálanefndar í té, en áður gáfu yfirmenn varnarliðsins slíkar upplýsingar á opinberum blaðamannafundum. Hinn hressilegasti innan ríkisstj. fór beint í ljónagryfjuna til Norfolk og heimsótti aðmírálana og var hinn vaskasti að þeirri för lokinni. Hinn hæverski utanrrh. efndi loks til könnunarferðar til Washington upp úr áramótum. Fara litlar fregnir af þeirri Bjarmalandsför. Við sjálfstæðismenn höfum haldið uppi miklum viðræðum við hæstv. ríkisstj. á s. l. þingi um þessi veigamiklu mál ríkisins. Við höfum gefið út sérstakt rit, sem utanrmn. flokksins sá um, um öryggismál landsins. Þar er lýst viðhorfum okkar til þessara mála. E. t. v. fer bezt á því, að ríkisstj. fái óáreitt að glíma við sjálfa sig áfram í þessum viðkvæmu og veigamiklu málum landsmanna.

Fólkið spyr: Hvert stefnir? Það er óráðin gáta. Getur forsrh. veitt einhver svör? Er samstaðan innan ríkisstj. um einhver svör? Vill einn halda í austur og annar í vestur, eða hefur ríkisstj. tapað áttunum? Við getum ekki veitt leiðsögu í jafntakmörkuðum umr. og hér eru aðra en þá að vísa til þeirrar öruggu forustu, sem Sjálfstfl. hefur jafnan veitt í stjórn þessa lands, þegar til hans var leitað.

Ríkisstj., sem hefur brugðizt, víkur, hvort sem henni líkar betur eða verr. Lífdagarnir tæmast einn af öðrum, skapadægur er fram undan. Það skiptir ekki öllu máli hvenær þjóðinni verður forðað frá þeim voða, sem í ríkjandi óstjórn felst. Vissa þjóðarinnar um að hafa það sjálf í hendi sér, hvenær endir verði bundinn á ráðleysið, skiptir öllu máli. Í því felst gæfa okkar að búa við stjórnarfar frjálsrar skoðanamyndunar fólksins sjálfs. Við sjálfstæðismenn teljum okkur fara nærri um það, að fólkið mundi ekki kjósa þessa ríkisstj. í dag. Ég held, að hæstv. forsrh. hljóti einnig að gera sér grein fyrir þessari staðreynd. Það er hins vegar mannlegt að reyna að brauka og halda skútunni uppi í vindinn. En er það gert? Eða er látið reka í stjórnleysi?

E. t. v. felst ekki aldurtili hæstv. ríkisstj. í afgreiðslu þessarar vantrauststill., þótt lið hennar sé margklofið. En hæstv. ríkisstj. hefur

engu að síður ekki farnazt betur en svo, að fæstir munu nú ætla henni langa lífdaga, ekki heldur fjölmargir þeirra, sem áður tengdu þó vonir og traust við tilveru hennar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi þáltill. sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar er einber sýndarmennska, sem flanað er að í fljótræði og það á þeim tíma, sem mestu varðar, að þjóðin standi sem mest saman um sín stóru mál, bæði inn á við og út á við. Fátt væri fráleitara en að fara að stofna til harðvítugrar kosningabaráttu einmitt nú, enda till. sjálfsagt flutt í því trausti, að hún verði ekki tekin of alvarlega.

Það dettur auðvitað engum í hug í alvöru, að stjórnarflokkarnir hverfi frá hálfunnu verki eða raunar vel það á hálfnuðu kjörtímabili. Núv. stjórnarflokkar fengu ótvíræðan meiri hl. í síðustu alþingiskosningum. Þeir gerðu með sér ítarlegan málefnasamning, sem byggður var í stórum dráttum á þeim stefnuskrám, sem lagðar höfðu verið fyrir kjósendur. Stjórnarflokkarnir allir eru að sjálfsögðu siðferðilega skuldbundnir til að vinna saman á grundvelli þess málefnasamnings út allt kjörtímabilið. Það er engum ætlandi að ganga undan merkjum, á meðan unnið er að framkvæmd hans á þann hátt, sem aðstæður leyfa. Að loknu kjörtímabili eða árið 1975 fer svo með eðlilegum hætti fram úttekt á starfi stjórnarinnar og framferði stjórnarandstöðunnar. Við þær lýðræðisleikreglur verða sjálfstæðismenn eins og aðrir að sætta sig.

Ég held, að því verði ekki á móti mælt með neinum rökum, að stjórnarflokkarnir hafa unnið dyggilega að framkvæmd málefnasamningsins. Mjög margt af því, sem fyrirheit var gefið um í honum, er þegar komið til framkvæmda eða mun koma til framkvæmda á þessu ári. Annað er á undirbúningsstigi. Sumt er það vissulega, sem enn hefur ekki gefizt tími til að sinna.

Þess er enginn kostur við þessa stuttu útvarpsumr. að gera grein fyrir þeim fjölmörgu framfaramálum, sem stjórnin hefur beitt sér fyrir á starfstíma sínum. Ég læt nægja að vísa til þess, sem ég hef um það sagt í stefnuræðu minni s. l. haust og í áramótagrein í Tímanum. Ég minni þó aðeins á hina stórfelldu uppbyggingu atvinnulífsins á nær öllum sviðum og þá ekki hvað sízt viðs vegar úti á landsbyggðinni. Ég nefni t. d. framkvæmdir á sviði samgangna og skólamála, og síðast, en ekki sízt, nefni ég útfærslu landhelginnar, sem er mál málanna hjá þessari ríkisstj. og þjóðinni allri. Um það mál hefur verið og á að vera samstaða allrar þjóðarinnar. Um það mál vil ég ekki deila, þó að skrif sumra stjórnarandstöðublaða að undanförnu gætu gefið tilefni til þess að rekja sögu málsins og staðreyndir. Ég vona þrátt fyrir allt, að samstaða ábyrgra aðila haldist án víxlspora, og er ég þá sannfærður um, að við munum fagna fullnaðarsigri í því réttlætis- og lífshagsmunamáli okkar, en þolinmæði getur þurft til. Andspænis því stórmáli eru öll okkar dægurmál smá.

Það liggur í hlutarins eðli, að ég tel mikilsvert, að stjórnin fái starfsfrið til að vinna áfram að þeim þjóðfélagslegu umbótum, sem hún hefur að markmiði. Með því tel ég hagsmunum þjóðarheildarinna bezt borgið. Ég tel, að þegar alls er gætt, hafi stjórnin rækt hlutverk sitt þannig, að umbjóðendur okkar megi sæmilega við una, svo að ekki sé meira sagt. Það má auðvitað segja, að það séu ekki mikil tíðindi, því að það er nú einu sinni svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að stjórninni hafi ekki orðið á einhver mistök, og auðvitað er oft auðvelt að sjá eftir á, að eitthvað hefði mátt betur fara. En þegar á allt er litið með sanngirni og tillit er tekið til óviðráðanlegra og ófyrirsjáanlegra atvika, bæði innanlands og utanaðkomandi, ætla ég, að stjórnin verði ekki sökuð um að hafa brugðizt trausti kjósenda sinna.

Það er mjög haft á oddi af hálfu stjórnarandstöðunnar, að ríkisstj. hafi misst öll tök á efnahagsmálum. Það er gömul saga, að efnahagsmálin eru kærkomið umræðuefni þrasgefnum stjórnmálamönnum, sem reyna að nota tölur til að villa fólki sýn. Ég held, að það séu tiltölulega fá grundvallaratriði, sem öðru fremur segja til um það, hvort efnahagsstjórn er góð eða léleg. Þessi grundvallaratriði eru lífskjör almennings, vinnufriður og atvinnuöryggi, kaupmáttur tekna, gjaldeyrisstaða þjóðarinnar og ríkisbúskapurinn. Ég held, að lífskjör landsmanna hafi ekki verið betri í annan tíma en nú. Ég hygg, að ekki verði vefengt, að vinnufriður hafi verið meiri á valdatíma núv. stjórnar en á viðreisnartímanum. Ég efast um, að atvinna hafi nokkru sinni verið betri og almennari hér á landi en einmitt nú. Kaupmáttaraukning hefur orðið mjög veruleg í tíð núv. stjórnar. Samkv. reikningum Seðlabankans hefur gjaldeyriseign bankanna ekki áður verið meiri en um síðustu áramót. Um ríkisbúskap ræði ég ekki, það verður gert af fjmrh. En forsenda fyrir góðum lífskjörum, atvinnuöryggi og vaxandi kaupmætti launa er atvinnurekstur í fullum gangi.

Fyrir áramót var óhjákvæmilegt af ástæðum, sem liggja ljóst fyrir, m. a. í skýrslu valkostanefndar, að gera ráðstafanir til að treysta stöðu útflutningsatvinnuveganna. Gengislækkun var skásti kosturinn, sem samkomulag gat orðið um.

Ég hef margoft lýst þeirri skoðun minni, að gengislækkun sé alltaf neyðarúrræði og stöðugt gengi sé mikilvæg forsenda fyrir traustu efnahagskerfi og aukinni velmegun. Aðrir hornsteinar eru þó enn þá mikilvægari fyrir afkomu þjóðarinnar, og þeir eru blómlegir atvinnuvegir í fullum gangi, sem stefna að framleiðni og þar með vaxandi þjóðartekjum og batnandi kjörum landsmanna. Það er markmið, sem ég set öllu öðru ofar og tel, að samkv. því leiðarljósi verði að stjórna, og það þýðir auðvitað engum til lengdar að ætla þeim, sem afla erlends gjaldeyris, að láta hann af hendi fyrir verð, sem þessu sjónarmiði er andstætt. Hitt er svo augljóst mál, að ég eyði okki að því orðum, að auðvitað komumst við ekki hjá því að taka til-

lit til gengisbreytinga, sem verða í okkar helztu viðskiptalöndum.

Mig langar til að víkja nokkru nánar að fyrstu þrem atriðunum, sem ég nefndi, þ. e. lífskjörunum, atvinnuörygginu og kaupmættinum, og leiða þar fram nokkur vitni.

Ef við lítum fyrst á lífskjörin í dag, þá blasir sú staðreynd við, að Íslendingum hefur aldrei vegnað betur efnahagslega en um þessar mundir. Þetta sanna ótvírætt útreikningar hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, sem sýna m. a., að einkaneyzla á mann árið 1972 var um 202 þús. kr. Fyrra hámark einkaneyzlu á mann var árið 1967 og var þá 168 þús. kr., umreiknað á verðlagi ársins 1972. Almenn velmegun mæld á grundvelli einkaneyzlu á mann hefur aldrei verið meiri á Íslandi en árið 1972 og hefur hækkað um 20.2% frá fyrra hámarki árið 1967. Það er líka vert að hafa það í huga í sambandi við þennan mælikvarða á lífskjörin, að einkaneyzla á mann er eins há á Íslandi eða hærri en í flestum öðrum Vestur- og Norður-Evrópuríkjum, nema þá í Svíþjóð.

En hvað um atvinnuöryggið. Staðreyndin, sem við okkur blasir, er sú, að atvinnuöryggi hefur aldrei verið meira á Íslandi en það er í dag, þó að tíma- og staðbundið atvinnuleysi á einstaka stað geti átt sér stað og verði seint með öllu útilokað. Þetta veit hver maður. En til áréttingar þessari staðhæfingu vitna ég í dagblaðið Vísi, sem skýrði frá því í fréttagrein undir fjórdálka fyrirsögn 4. jan. s. l., að hér væri mannekla á miðjum vetri. Í greininni segir m. a. svo:

„Það merkilega hefur gerzt, að á miðjum vetri vantar verkafólk í Reykjavík. Yfirleitt hefur nokkurt atvinnuleysi verið í borginni um áramót, en nú má heita, að það fyrirfinnist ekki. Aldrei hafa færri sótt um atvinnuleysistyrk á þessum tíma en nú er. 15, 8 karlar og 7 konur, voru á skrá í gærkvöld sem umsækjendur um styrk. Allir karlmennirnir voru komnir yfir 67 ára aldur, þ. e. flestallir á ellilaunum. Hins vegar liggja fyrir hjá ráðningarstofu borgarinnar margar beiðnir frá fyrirtækjum um starfsfólk, sem fólk finnst ekki til að taka. Auk þess er urmull auglýsinga í fjölmiðlum, þær sem beðið er um fólk. Hjá ráðningarstofunni eru óafgreiddar beiðnir um fólk til starfa, svo sem til byggingarvinnu, sem er harla óvenjulegt á þessum árstíma. Menn vantar í borgarvinnu, og erfiðlega gengur að fá sjómenn."

Svo mörg voru þau orð Vísis, annars aðalmálgagns flm. þessarar till. Þau segja sögu, sem flestir þekkja, ag það þarf engu við að bæta.

En hvað þá um þriðja meginatriðið, sem er einn mikilvægasti mælikvarði á stjórn efnahagsmála, kaupmátt launa? Hér skal ég leiða fram annað vitni. Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, lagði fram skýrslu á þingi Alþýðusambandsins í nóv. s. l., þar sem greinilega kom fram, að kaupmáttur launa verkafólks fyrir hverja greidda vinnustund í almennri vinnu í Reykjavík hafði hækkað í valdatíð núv. ríkisstj. um rúm 28% á 1½ ári og farið úr 107.2 stigum á öðrum ársfjórðungi 1971 upp í 137.6 stig á fjórða ársfjórðungi 1972. Í báðum tilvikunum var miðað við grunntöluna 100 á fyrsta ársfjórðungi 1968 og vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta eru, að ég hygg, meiri hækkanir á kaupmætti launa verkafólks á stuttum tíma en dæmi eru til í allri sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, sést, að sleggjudómar um almennt óstand í efnahagsmálum í víðtækustu merkingu eru fjarri sanni. Fólki líður í efnahagslegu tilliti almennt betur en nokkru sinni áður. Fólk býr við meira öryggi í atvinnu- og félagsmálum en áður. Framfarir og framkvæmdir hafa aldrei verið meiri en einmitt nú. Hvarvetna blasir við bjartsýni, stórhugur og trú á framtíðina í þessu landi.

Þó að ég hafi afskaplega litla ánægju af því að pexa um liðna tíð, má þó af gefnu tilefni og til samanburðar geta þess, að það, sem einkenndi efnahagsstefnu viðreisnarstjórnarinnar, voru gengisfellingar og kjararýrnun, atvinnuleysi og landflótti fólks til útlanda í atvinnuleit, ófriður og verkföll á vinnumarkaði, t. d. þannig, að 2 millj. vinnudaga töpuðust vegna verkfalla árin 1967—1971. Þá var að því stefnt að gera fátæktina að skömmtunarstjóra á lífsgæði almennings.

Flm. þessarar till. ættu ekki að skáka í því skjóli, að fólk sé búið að gleyma. Ég hef ekki trú á því, að almenningur í landinu vilji skipta á ástandinu þá og nú. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að núv. ríkisstj. hefur ekki tekizt að ná þeim tökum á verðlagsþróuninni, sem hún hefði viljað. Hún hefur þó hvað eftir annað bent á leiðir, sem hefðu getað haldið aftur af víxlverkunum verðlags og kaupgjalds og hamlað gegn verðbólgu, en þær hafa ekki hlotið byr, og í því efni er hlutur stjórnarandstöðunnar sízt af öllu góður. Hún hefur lagzt gegn öllum slíkum tilraunum. Hún hefur ekki bent á nein úrræði. Stjórnarandstæðingar hafa jafnan verið fremstir í flokki um hvers konar kröfugerð, jafnt á sviði verðlags og launa. Þeir hafa með öllum ráðum reynt að ýta undir verðbólguþróunina. Ef þeir hafa haldið, að þeir gætu gert stjórninni ógagn, hefur allt annað orðið að víkja. Ósk þeirra um að geta komið núv. stjórn frá með einhverjum ráðum byggir allri skynsemi út.

Ég held, að núverandi stjórnarandstaða sé ein sú ábyrgðarminnsta, sem hér hefur starfað. Það er engu líkara en hún hafi stundum að einkunnarorðum: Hvað varðar mig um þjóðarhag? En núv. ríkisstj. er ekki ein um það að hafa háð erfiða baráttu við verðbólgu. Það þarf ekki að rekja ósigra fyrrv. ríkisstj. á því sviði, og voru fyrirheit hennar þó ekki smá. Það vantar ekki, að margir þykjast vera gegn verðbólgu. En þegar til kastanna kemur, er líkast því, að mönnum sé ekki eins leitt og þeir láta. Það er eins og áhuginn hjá allt of mörgum sé meiri í orði en á borði. Alls staðar er tortryggni um, að þeir eigi að leggja meira í sölurnar en aðrir. Ég held, að ef menn ætla að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar, þurfi menn að fást til að líta á langtímamarkmið, en víkja þrengstu stundarhagsmunum ofurlítið til hliðar.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að

gallað og sjálfvirkt vísitölukerfi eigi nokkurn þátt í óheppilegri þróun þessara mála. Þess er að vænta, að í allsherjarsamningum næsta haust takist að semja um skynsamlegra fyrirkomulag í þessum efnum og þá m. a. með hliðsjón af erlendum fyrirmyndum. Ég hef talið æskilegt, að menn hefðu getað komið sér saman um vissar bráðabirgðaráðstafanir þangað til, sem gætu gert vandann í haust minni en hann ella verður. Ég neita því ekki, að verðbólgan er stórkostlegt vandamál, og hún er mér mikið áhyggjuefni. Það væri mikils virði, ef hægt væri að ná samstöðu um lausn þess þjóðarvanda.

Vandamálin, sem við er að glíma, eru auðvitað nú eins og endranær mörg og margvísleg. Það verður ekki sagt, að stjórnarandstaðan hafi bent á nein úrræði. Hún hefur aldrei getað sagt hvað hún hafi viljað gera í stað þess, sem ákveðið hefur verið af stjórnarflokkunum. Ég auglýsi hér eftir hennar úrræðum. Hún virðist því ekki líkleg til þess að leysa neinn vanda. Hún fékk líka ríkuleg tækifæri á löngum valdaferli. Mönnum eru enn í fersku minni úrræði hennar þá eða réttara sagt úrræðaleysi. Hún virðist enn ekkert hafa lært. Sjálfstæðismenn hafa varla séð glaðan dag, síðan þeir urðu að yfirgefa stjórnarráðið. Þeir virðast ekkert sjá nema stjórnarstóla, allt annað hverfur hjá þeim í skuggann. En ég held, að þeir verði nú enn um sinn að sætta sig við sitt hlutskipti. Ég hef ekki trú á, að þingrof og nýjar kosningar mundu greiða götu þeirra. Hitt er annað mál, að þau atvik, óviðráðanleg og ófyrirsjáanleg, getur borið að höndum, að æskilegt geti verið að breikka og styrkja grundvöll ríkisstj., og því er ekki að neita, að alvarleg áföll hafa dunið yfir þessa þjóð að undanförnu. Þau vil ég ekki ræða við þetta tækifæri. En vilji menn í alvöru reyna að snúa bökum saman og stuðla að aukinni samheldni og víðtækara samstarfi, þá eru þingrof og kosningahríð ekki leiðin. Ég held, að þjóðin ætlist til alls annars af alþm. sínum um þessar mundir, en að þeir blási að ófriðareldi.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Leiksins hefur Sjálfstfl. hert sig upp í að bera fram till. um vantraust á ríkisstj. Þessu fagna ég, því að ég var sannast að segja farinn að óttast, að ef helmingur kjörtímabilsins liði svo, að slík till. kæmi ekki fram, þá kynnu einhverjir að fara að líta svo á, að íhaldið bæri traust til ríkisstj. Nú fá menn áreiðanlega að heyra í kvöld, að svo er ekki.

Þið hafið nú til að byrja með heyrt vitnisburð formanns Sjálfstfl., og meira kemur sjálfsagt seinna í kvöld frá undirleikurum íhaldsins. Formaðurinn segir, að hér sé dáðlaus stjórn. En þó mundi hann áreiðanlega ekki óska, að hún yrði athafnasamari. Hann segir stjórnina ráðlausa og ráðvillta. Þó mundi hann sízt vilja, að hún yrði röggsamari. Hann segir stjórnina sundraða og í sjálfu sér sundurþykka, þar logi allt í illdeilum. Já, svo mæla börn sem vilja. En víst er um það, að sízt af öllu mundi hann vilji óska þess, að þar ríkti meiri samhugur eða ást og einlægni í störfum. Þetta er svo útmálað á alla vegu af mikilli mælsku og nokkurri andagift, og niðurstaðan er á öllum sviðum hin sama: Það er gersamlega ómöguleg ríkisstj. Og þótt stjórnin sé í öðru orðinu sökuð um harðstjórn og kúgun, þá er hún í hinu orðinu sýknuð af því með hörkuásökunum um, að hér sé stjórnlaust land, m. ö. o. gamla sagan, eitt rekur sig á annars horn. Hvaða betri dóms geta menn nú óskað sér af hendi íhaldsins en þetta? Ég fer a. m. k. ekki fram á neitt meira. Ég er blátt áfram í sjöunda himni af ánægju. Þessar klúru skammir, þessir órökstuddu sleggjudómar, þessi algerlega glórulausa fordæming á öllu, sem stjórnin gerir og ekki gerir, eru öllu lofi betri úr þessari átt.

En hvers vegna mannaði Sjálfstfl. sig upp í það að flytja vantraust einmitt nú? Hafði kveiknað einhver vonarneisti hjá honum um, að e. t. v. væri stjórnin veikari en áður? Ekkert skal um það fullyrt af minni hendi. En víst er um það, að vantrauststill. er flutt mjög í sama mund og Bjarni Guðnason, hv. 3. landsk. þm., tilkynnti Alþ., að hann segði sig úr þingflokki SF. Við það kann einhver vonarneisti að hafa kviknað í brjóstum íhaldsmanna, enda ávarpaði Ingólfur Jónsson Bjarna Guðnason þann sama dag sem væntanlegan vin sinn. „Tilvonandi vinur minn, Bjarni Guðnason," var ávarpið. Þetta var ósköp kærleiksríkt og bar vott um, að vonarneisti hefði kviknað. En kæru bræður, það er stundum lítið hald í hálmstráinu, og kynni svo hér að fara.

Hversu alvarleg er svo þessi vantrauststillaga. Er hún ekki borin fram af stjórnarandstöðunni allri? Nei, menn skulu taka eftir því, að hún er borin fram af Sjálfstfl. einum. Alþfl. fékkst nefnilega með engu móti til meðflutnings. Og það er gleðilegur tímamótaatburður. Þannig er nefnilega augljóst öllum mönnum, að stórbrestur er nú orðinn í liði stjórnarandstæðinga, og við það stendur vantrautstill. í allt öðru ljósi fyrir þingheimi en ella hefði verið. E. t. v. liggur ekki aldurtili stjórnarinnar í þessari till., sagði hv. 1. þm. Reykv. hér áðan. Þeir vita nefnilega, að þetta eru aðeins látalæti, tilburðir. Að vísu efa ég ekki, að hinir hörðu og snjöllu áróðursmenn Alþfl., sem hér tala í kvöld, munu úthúða stjórninni af mikilli orðfimi og finna henni flest til foráttu. Það hlutverk verða þeir nefnilega að leika og munu sennilega leika það vel. En það breytir þó engu um það, að hér eftir mun fáum detta samvaxnir Síamstvíburar í hug, þó að Sjálfstfl. og Alþfl. séu nefndir, jafnvel í sömu andránni, og það er þó alltaf veruleg breyting í íslenzkum stjórnmálum.

Hvernig hefur nú stjórnarandstaðan verið? Hún hefur verið ofstækisfull og ofsafengin, ekki vantar það. Hávaðinn hefur verið geysilegur frá degi til dags. Legið hefur við, að menn yrðu að troða upp í eyrun til þess að forða sér frá heyrnarskemmdum. Upp á hvern dag, allt frá því að vinstri stjórnin tók við völdum, hefur allt verið að farast, bókstaflega allt að fara fjandans til. En það vita allir, að slíkur áróður er máttlaus og neikvæður, a. m. k. þegar til lengdar lætur. Mánuðir líða, orðafroðan hjaðnar, ekkert fer fjandans til, útkoman sú sama og hjá stráknum sem æpti: úlfur, úlfur, til þess að gabba nágranna sína, en enginn úlfurinn kom. Og þar kom

svo, að enginn lagði trúnað á ópin, ekki heldur þegar úlfurinn kom í raun og veru og grandaði stráksa sjálfum. Eða muna menn ekki útmálun þess, hvernig fjárhagur ríkisins væri að umskapast úr blómlegu búi, sem við hefði verið tekið, og í sökkvandi forardíki, gjaldeyrissjóðurinn uppurinn, botnlaus skuldasöfnun hjá Seðlabankanum, ógnvekjandi halli í viðskiptunum við útlönd o. s. frv., löng upptalnig? Nú fá menn að heyra í kvöld, hvernig þessi mál stóðu um síðustu áramót, og ég bið menn að taka eftir því, hvernig fjmrh. gerir þau mál upp. Eða muna menn uppþot eins og það, sem nýafstaðið er um staðfestingu viðskiptasamnings við Efnahagsbandalag Evrópu? Allt virtist vera á glötunarbarmi, ef samningurinn yrði ekki staðfestur fyrir 1. marz. Vissulega var allt í gangi til undirbúnings staðfestingar fyrir þann tíma, og svo var gert. Þar með var sú blaðran sprungin. En eins hefur farið með margar aðrar, nefnilega uppþot, frumhlaup. Nú skal það skýrt fram tekið af mér, að Íslandi ber alls að gæta um að eiga ekki sök á því sjálft að vekja eða rjúfa viðskipta- og menningartengsl þess og nágranna okkar í Vestur-Evrópu. Eða þá útmálunin um öngþveitið í húsnæðismálum hjá þessari vesölu vinstri stjórn, ekki getur mönnum verið fallið það úr minni. En svo kom út fréttatilkynning frá Húsnæðismálastofnun ríkisins eftir áramótin, strax þegar hægt var að gefa yfirlit yfir útkomu þeirra mála á liðnu ári, og þá voru bölvaðar staðreyndirnar m. a. þessar: Starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins var meiri að vöxtum á árinu 1972 en nokkru sinni fyrr í sögu hennar. Lánveitingar stofnunarinnar námu hærri fjárhæð en nokkru sinni fyrr, til smíði eða kaupa á fleiri íbúðum en áður hafði verið. Einnig var áfram unnið með ýmsum öðrum hætti að framförum í húsnæðismálum almennings. Þetta var í fréttatilkynningu húsnæðismálastjórnarinnar. Lánsfé, sem til greiðslu kom á árinu, reyndist 1211.1 millj. kr. til 2387 íbúða, auk þess sem fé var veitt til lagfæringar á 274 eldri íbúðum. Heildarlánsfé stofnunarinnar á árinu 1972 fór þannig til 2661 íbúðar. Til samanburðar má geta þess, að á árinu 1971 nam veitt lánsfé 972.4 millj. kr. til smíði eða kaupa á 1604 íbúðum og á árinu 1970, síðasta heilu ári fyrrv. stjórnar, nam veitt lánsfé úr byggingarsjóði ríkisins 570.8 millj. kr. til smíði 1106 íbúða. Byggingarsjóður verkamanna jók starfsemi sína verulega á árinu, veitti lán til 104 íbúða á 9 stöðum á landinu, en framkvæmdir hófust við smíði 85 íbúða í 7 byggðarlögum. Árið áður, 1971, hófust aðeins framkvæmdir við 18 íbúðir verkamannabústaða í 2 byggðarlögum. Teiknistofa Húsnæðismálastofnunarinnar seldi á liðnu ári meiri fjölda teikninga en nokkru sinni áður. Þá vann stofnunin áfram að ýmsum verkefnum til eflingar í framförum í byggingariðnaði, einkum á sviði íbúðabygginga og húsnæðismála almennt, segir í fréttatilkynningu húsnæðismálastjórnar. Þetta er sannleikurinn, sem í ljós kemur við samanburð stjórnarandstöðuáróðurs annars vegar og staðreynda hins vegar. Þetta læt ég nægja sem lokasýnishorn af sannleiksgildi þeirrar framleiðslu, sem nefnd er stjórnarandstaða.

Það skal þó játað á einu sviði — aðeins einu — er áróður stjórnarandstöðunnar ekki alveg út í hött, það er varðandi verðlagsþróunina og verðbólgumálin. Þar heldur sama óheillaþróunin áfram og hjá fyrrv. stjórn. Að vísu hafa stjórnarandstöðuflokkarnir engin efni á neinu steigurlæti varðandi þau mál. Þeirra 12 ára viðureign við verðbólguforynjuna var eilíft undanhald og flótti, svo að ekki mundi það verka yfrið sannfærandi á marga landsmenn, þó að þeir segðu sem svo. Burt með vinstri stjórnina, við skulum leysa verðbólguvandann. — Til þess hafa þeir enga tiltrú fólksins, og er þar stuðzt við langa og vonda reynslu af þeim. Raunar má segja, að öllu öðru fremur stjórnist verðlagsmálin innanlands af hinu sjálfvirka og víðtæka vísitölukerfi, og er ég þeirrar skoðunar, að takist ekki vinstrisinnaðri ríkisstjórn í nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna að koma skynsamlegri skipan á þau mál, þá sé það naumast á annarra manna færi.

Það er dálítið broslegt, er leiðtogar Sjálfstfl. og Alþfl. reyna að hefja árásir á núv. ríkisstj. fyrir að hafa beitt gengislækkun til lausnar á þeim efnahagsvanda, sem við blasti á liðnu hausti. Með allar sínar gengisfellingar í hrúgu á bakinu eru þeir sízt allra, — ég segi: sízt allra til þess fallnir að hefja grjótkast af því tilefni. Spurningin er miklu fremur sú, hvort stjórnarflokkarnir geti varið það gagnvart sínum stuðningsmönnum að hafa gripið til gengislækkunar, eins og á stóð. Fyrir mitt leyti svara ég því hiklaust játandi. Að bestu manna yfirsýn var aðeins um að velja beina gengislækkun eða meira og minna dulbúnar gengislækkunarleiðir. Enginn var kosturinn góður vissulega. Ég kaus heldur ódulbúna gengislækkun. Mér var það algert aukaatriði, hvað áður hefði verið sagt um þessa efnahagsaðgerð undir öðrum kringumstæðum. Eftir að ég hafði sannfærzt um, að með henni næðust bezt og flest þeirra markmiða, sem að var stefnt, og um það voru allir efnahagsmálasérfræðingar, sem til voru kvaddir, sammála, þá taldi ég mér skylt, hvað sem hver segði, að velja þann kostinn. Fræðilgur samanburður var gerður á þeim valkostum, sem um var að tefla, og að því búnu var sú leið valin, sem farin var, um 10.7% gengislækkun. Ljóst var, að engin varanleg lausn var til. Einnig var ljóst, að milli 2000 og 3000 millj. kr. tilfærsla til framleiðsluatvinnuveganna var óframkvæmanleg, án þess að því fylgdu meiri eða minni verðhækkanir. Með tilliti til launastéttanna, var svo ákveðið, að vísitalan skyldi ekki tekin úr sambandi, svo sem viðreisnarstjórnin hafði jafnan gert samfara sínum hrikalegu gengisfellingum. Að þessu leyti var hún á annan veg. Hins vegar er farið með rætinn og óheiðarlegan málflutning, þegar stjórnarandstæðingar tala um, að vinstri stjórnin sé búin að framkvæma þrjár gengisfellingar. Enginn er svo fávís, að hann viti ekki, að viðskiptum Íslendinga er þannig farið, að við komumst ekki hjá að láta krónuna fylgja dollarnum. Það yrði að gerast, hvaða ríkisstj. sem sæti að völdum. Af falli dollarans leiðir verulegar verðhækkanir í Evrópuviðskiptum okkar, og er ástandið í gjaldeyrismálum heimsins þannig verulegt efnahagsáfall fyrir okkur Íslendinga. Í þeim efnum má nánast segja nú, að

allt sé á hverfandi hveli. Annað efnahagsáfallið, sem þjóðin hefur orðið fyrir, eru eldgosin í Vestmannaeyjum, og hefur þjóðin öll af fúsum vilja tekið á sig til að byrja með 2000 millj. kr. skattabyrði þeirra vegna. Þriðja áfallið, sem þjóðin hefur orðið fyrir á þessum vetri, er svo missir margra hraustra drengja í hafið og eyðilegging a. m. k. 14 góðra fiskiskipa á skömmum tíma. Þetta tjón er metið á mörg hundruð millj. kr., þ. e. a. s. efnahagstjónið, — mannslífin getur enginn metið til fjár. Þetta eru allt saman þung áföll. En Íslendingar ætla sér vissulega að axla þessar byrðar, og þeir gera það. „Hungraðir forfeður og þreyttar formæður hafa borið þjóðarstofninn yfir verri torfærur en þessar, og er okkur sízt vorkunn, sem nú lifum." Þessi snjöllu orð úr blaðinu Þjóðmál tek ég undir og geri þau að mínum.

Hér hefur verið minnzt á togaradeiluna og stjórnin ásökuð um vanrækslu fyrir að hafa ekki stöðvað hana með löggjafarafskiptum. Ég er þeirrar skoðunar, að mjög verði jafnan á það að reyna, hvort réttir aðilar vinnumarkaðarins geti ekki náð eðlilegri lausn vinnudeilu við frjálst samningaborð. Að því fullreyndu verður að sjálfsögðu að leggja það undir þjóðfélagslegt mat, hvort og hvenær ríkisvaldið skuli eða verði að taka í taumana. Það ber mjög að harma, að ekki skuli hafa tekizt að tryggja togarasjómönnum okkar með samningum sambærileg kjör við aðra sjómenn. Á því eiga þeir hinn fyllsta rétt. Nú verður að teljast fullreynt, að deilan leysist ekki við samningaborð, og öllu lengur má hún ekki standa. Verður því að vænta þess, að það veki ekki almenna hneykslun, þótt lagabrandi verði beitt henni til lausnar eða málin lögð í gerð viturra og réttsýnna manna og leyst þannig.

Það er ósæmilegt, eins og á stendur, að íslenzk framleiðslutæki séu stöðvuð til lengdar af mannavöldum, þegar innilegasta velvild og hlýjasta hjálpfýsi streymir til Íslendinga frá fjarlægum löndum sem nauðstaddrar þjóðar. Þjóðin tekur áreiðanlega undir með mér, er ég endurtek og undirstrika, að nú er enginn tími til verkfalla. Allt slíkt verður að bíða betri tíð.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Núv. ríkisstj. hefur gert nokkra leiðréttingu á launakjörum hinna lægst launuðu í landinu og mun halda því starfi áfram. Hún hefur á sama hátt bætt almenn kjör sjómanna. Stjórnin hefur umbætt tryggingakerfið, einkum varðandi þá, sem ekkert hafa fyrir sig að leggja annað en tryggingabæturnar. Hún hefur þannig stuðlað að kjarajöfnuði í þjóðfélaginu og mun halda því starfi sínu áfram. Ríkisstj. lét það ráða meginafstöðu sinni til aðgerða í efnahagsmálum, að grundvöllur efnahagslífsins og atvinnulífsins yrði sem bezt tryggður. Árangurinn er sá, að alls staðar stendur atvinnulífið með fullum blóma og hver hönd, sem unnið getur og vinna vill, er nú í starfi. Í fyrsta sinn, síðan skráning atvinnulausra hófst hér á landi, var tala atvinnulausra lægri í janúar s. l. en í des. og sem hún hefur lægst verið að vetri til áður. Traust atvinnulíf er að mínum dómi traustasti grundvöllur öruggs efnahagslífs. Ríkisstj. vinnur að enduruppbyggingu fiskiskipastólsins, sem fyrrv. stjórn hafði sárlega vanrækt. Ríkisstj. telur það höfuðverkefni sitt að leysa landhelgismálið, og í því miðar í rétta átt, enda einhuga þjóð að baki, auk þess sem straumur tímans vinnur einnig með oss.

Vissulega er við mikla erfiðleika að stríða í efnahagsmálum, og þjóðin hefur orðið fyrir hverju stóráfallinu á fætur öðru. M. a. með sérstöku tilliti til þessa og að landhelgismálinu sjálfu óleystu veit ég, að þjóðin er að yfirgnæfandi meiri hluta þess sinnis, að fráleitari tíma sé naumast hægt að velja til að kasta þjóðinni út í langvarandi og erfiða stjórnarkreppu, svo sem Sjálfstfl. virðist nú stefna að með vantraustsstill. sinni, ef hann gæti. Það er enginn tími til verkfalla og ranglega valinn tími til stjórnarkreppu, eins og nú standa sakir. Það er því áreiðanlega vilji mikils meiri hluta þjóðarinnar, að vantrautstill. Sjálfstfl. verði kolfelld strax að lokinni þessari umr. — Góða nótt.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á meðan þetta tilgangslausa málskraf fer fram á hinu háa Alþingi, halda gjall og glóandi hraun áfram að leggja undir sig mikilvægustu framleiðslustöð Íslendinga. Yfir 5000 manna hafa orðið að flýja heimili sín, koma sér fyrir til bráðabirgða og bíða í fullkominni óvissu um framtíðina. Á Heimaey sjálfri er háð hetjubarátta til þess að reyna að breyta hraunrennslinu og bjarga sjálfri höfninni og sá árangur, sem þegar hefur náðst, á sér engar hliðstæður í veröldinni, þó að enginn viti enn um málalok.

Í Vestmannaeyjum var framleiddur um sjöundi hluti af öllum fiskútflutningi Íslendinga. En sú framleiðsla mun ekki nýtast okkur á þessari vertíð — og hver veit hvenær. Afleiðingin er sú, að hætta er, á að útflutningsframleiðsla okkar dragist saman um upphæðir, sem geta numið einum til tveimur milljörðum kr. á þessu ári. Afleiðingin gæti einnig orðið sú, að þjóðartekjur minnki hreinlega á þessu ári, að þær vonir, sem við gerðum okkur um kjarabætur og félagslegar framfarir, reynist óraunsæjar með öllu um sinn. Áfall af þessu tagi á varla hliðstæður í allri sögu íslenzku þjóðarinnar, og svipaðir atburðir hafa raunar óvíða gerzt í mannkynsögunni. Þetta er hliðstætt því, ef t. d. Bandaríkjamenn yrðu í einu vetfangi að rýma meira en 5 milli. manna borg, sem hefði gegnt aðalhlutverki í framleiðslu þjóðarinnar. Þetta eru þeir atburðir, sem Jóhann Hafstein sá ekki ástæðu til að minnast einu orði á í ræðu sinni hér áðan.

Þegar fréttirnar um þessa ógnaratburði spurðust, þokaði öll þjóðin sér saman. Það er rétt, sem sagt hefur verið, að á þeirri stundu litu allir Íslendingar á sig sem Vestmanneyinga. Allir voru boðnir og búnir að leggja lið þeim þúsundum manna, sem urðu að flýja heimili sín. Það var mál manna, að þjóðin yrði að takast á við þessa einstæðu örðugleika af festu og samhug og leggja á meðan til hliðar hvers konar minni ágreiningsefni, enginn mætti skerast úr leik, jarðeldarnir á Heimaey yrðu að vera sameiginlegur vandi hvers einasta heimilis, hvers ein-

asta manns. Þessi viðbrögð manna voru til marks um eðlilega samheldni þjóðar, sem lendir í miklum og óvæntum háska og vill bregðast við honum af þjóðlegri reisn og myndarskap.

Ríkisstj. hófst þegar handa um að gera ráðstafanir til þess að leysa vanda Vestmanneyinga með eins skjótum hætti og hægt væri og takast á við þá stórfelldu erfiðleika, sem bitnuðu á þjóðarbúinu, því að Vestmannaeyjar og aðra hluta Íslands er sannarlega ekki unnt að skilja að. Það var samdóma álit okkar ráðh., að með jarðeldunum í Heimaey hefur því miður brostið allar efnahagslegar forsendur fyrir raunverulegum kauphækkunum 1. marz, þær yrðu aðeins gervikauphækkanir, sem brynnu tafarlaust upp í báli verðbólgunnar. Við sömdum því frv. þess efnis, að kauphækkanirnar 1. marz yrðu látnar renna í viðlagasjóð í 7 mánuði, að allar verðhækkanir á landbúnaðarvörum biðu sama tíma, að sérstakt gjald yrði lagt á atvinnurekendur, kaupsýslumenn, þjónustuaðila, stóreignamenn og milliliði til ágóða fyrir viðlagasjóð, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að draga sem mest úr tilgangslausum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Áformað var, að tekjur viðlagasjóðs yrðu 2500 millj. kr. og þeim yrði jafnað niður á þjóðina alla á sem réttlátastan hátt. Ríkisstj. flýtti þessum störfum sínum sem mest, og hún hafði frá upphafi samband við stjórnarandstöðuna til þess að reyna að tryggja á þingi jafnalgera samstöðu og mótaði viðbrögð landsmanna sjálfra. Í fyrstu leit út fyrir, að samstaða gæti tekizt, þannig lýsti Gylfi Þ. Gíslason yfir því á ríkisstjórnarfundi, að Alþfl. væri sammála meginhugmyndum ríkisstj. og sérstaklega teldi hann allar forsendur brostnar fyrir raunverulegum kauphækkunum 1. marz.

En síðan fóru að gerast annarlegir atburðir. Ég talaði áðan um samstöðu allrar þjóðarinnar. En það er til hópur manna, sem hugsar á aðra lund en óbreyttir þegnar hins íslenzka þjóðfélags. Þetta eru hinir æfðu stjórnmálamenn, sá litli lokaði hringur, sem daglega hittist hér í sölum Alþ. Það kom fljótlega í ljós, að hinir æfðu stjórnmálamenn Sjálfstfl. og Alþfl. tóku að velta fyrir sér annarri hlið jarðeldanna á Heimaey en þeirri, sem öll þjóðin hugsaði um. Þeir lögðu ekki á ráðin um það, hvernig unnt væri að leysa þann stórfellda vanda, sem upp væri kominn, hvort ekki væri rétt að slíðra sverðin í hinu pólitíska pexi um stundarsakir, hvort stjórn og stjórnarandstaða gætu ekki unnið saman af heilindum. Það viðhorf varð hins vegar æ ríkara í hugum þeirra, hvernig hægt væri að nota náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, þau hrikalegu áföll, sem Vestmanneyingar og þjóðin öll höfðu orðið fyrir, til þess að valda ríkisstj. sem mestum örðugleikum og helzt að steypa henni. Í blöðum stjórnarandstöðunnar tóku að birtast greinar þess efnis, að óþarfi væri, að þjóðin legði á sig nokkrar byrðar, okkur nægði að taka við þeim gjöfum, sem að okkur yrðu réttar. Gunnar Thoroddsen boðaði þá kenningu í Morgunblaðinu, að ríkissjóður gæti borið mestan hluta vandans með því að skera niður opinberar framkvæmdir um land allt í vegamálum, heilbrigðismálum, skólamálum, rafvæðingu og á öllum öðrum sviðum, þótt augljóst væri, að ríkissjóður hefði orðið fyrir engu minni áföllum en þjóðarbúið í heild og mundi þurfa að stórauka framkvæmdir á mörgum sviðum vegna jarðeldanna í Eyjum. Þessi litilsigldu viðhorf stjórnarandstöðuflokkanna mögnuðust dag frá degi, löngunin til að nota náttúruhamfarirnar í þeim tilgangi einum að koma pólitísku höggi á ríkisstj. Og þegar á reyndi og ríkisstj. hafði frv. sitt tilbúið, kom í ljós, að Gylfi Þ. Gíslason var fallinn frá fyrri yfirlýsingum sínum og að stjórnarandstaðan í heild neitaði allri samvinnu um lausn skv. þeirri raunsæju stefnu, sem ríkisstj. hafði markað.

Einni viku eftir að gosið hófst, á sama tíma og fólkið í landinu var gagntekið brennandi vilja til þess að takast sameiginlega á við vandann, voru þannig allar líkur á því, að Alþingi Íslendinga riðlaðist í tvær stríðandi fylkingar og að reynt yrði að nota náttúruhamfarirnar í lágkúrulegum pólitískum tilgangi. Ég efast um, að Alþ. Íslendinga hafi nokkurn tíma sett jafnmikið ofan í minum huga.

Ríkisstj. var nú sá vandi á höndum, hvort hún ætti að láta hefjast á Alþ. litilsigld pólitisk átök, þar sem ógnaratburðirnir í Vestmannaeyjum væru hafðir að leiksoppi hinna æfðu stjórnmálamanna, eða hvort reynt skyldi að ná yfirborðssamkomulagi. Síðari leiðin var valin. Ég var þeirrar skoðunar þá og er það enn, að sú ákvörðun hafi ekki verið rétt. Ég held, að íslenzka þjóðin hefði haft gott af því að sjá hina þingkjörnu fulltrúa sína eins og þeir eru í raun og veru, bera saman viðhorf þessa litla lokaða hrings hér í alþingishúsinu og viðhorf fólksins í landinu, sjá, hvernig hið flokkspólitíska ofstæki er tekið fram yfir þjóðarhag. En um það er tómt mál að tala, úr því sem komið er. En til marks um heiftina má geta þess, að þegar hið endanlega frv. um viðlagasjóð kom til atkv., sátu Gunnar Thoroddsen og tveir aðrir þm. Sjálfstfl. hjá við atkvgr. um tekjuöflun, þeir vildu ekki taka neinn þátt í því, að leysa vanda Vestmanneyinga og þjóðarbúsins.

Eins og ég rakti áðan, voru hugmyndir ríkisstj. þær að leysa þau efnahagslegu vandamál, sem upp komu með jarðeldunum í Eyjum, með aukinni festu í efnahagsmálum, með verðhjöðnunaraðgerðum jafnt á sviði kaupgjalds og verðlags, með niðurfærslu og ráðstöfunum, sem kæmu í veg fyrir tilgangslausar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags. Það samkomulag, sem gert var, felur hins vegar í sér, að vandinn er leystur eftir leiðum verðbólgunnar, að svo miklu leyti sem unnt er að kalla slíkt nokkra lausn. Menn fengu nú fyrir nokkrum dögum, smjörþefinn af þessari leið. Kaupgjald hækkaði að nafninu til um 12%, og jafnframt kom til framkvæmda hrikaleg hækkun á landbúnaðarafurðum og 2% hækkun á almennum söluskatti. Það mætti segja mér, að 12% kauphækkun, sem einnig nær til launahæstu manna, þætti saga til næsta bæjar, til að mynda hjá þeim frændum okkar á Norðurlöndum, sem lagt hafa hart að sér til að geta sent okkur sem mesta fjármuni. Þeir vita ekki það, sem við vitum, að þetta er einvörðungu gervikauphækkun, sem hverfur hjá láglaunafólkinu á stuttum tíma í verðbólgu. Ef stefna ríkisstj. hefði náð fram að ganga, hefðu

landbúnaðarafurðir ekki hækkað 1. marz, og þá hefði kaupgeta láglaunafólks án efa haldizt mun hærri en með þeirri sýndarkauphækkun, sem nú er borguð út. Stjórnarandstaðan telur sig hafa unnið mikinn sigur með þessari ráðsmennsku. Hún telur sig hafa stuðlað að óðaverðbólgu, sem ríkisstj. verði um megn að ráða við. Og hverju máli skipta þá náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, vandkvæði meira en 5 þús. Vestmanneyingar og stórfelldir erfiðleikar þjóðarbúsins?

En eldgosið í Vestmannaeyjum hefur einnig sýnt mönnum inn í fleiri meinsemdir í þjóðfélagi okkar. Menn mega ekki gleyma þeim hrópum, sem birtust í málgögnum Sjálfstfl. og Alþfl. fáeinum dögum eftir að jarðeldarnir í Vestmannaeyjum hófu hina miklu eyðingu sína. Þar var því haldið fram með vanstilltasta orðalagi, að ríkisstj. kæmi í veg fyrir að bandarísku dátarnir á Miðnesheiðinni fengju að bjarga verðmætum frá Heimaey, auk þess sem ríkisstj. átti að hafa hafnað tilboðum Bandaríkjastjórnar um að láta milljörðum á milljarða ofan rigna yfir íslenzku þjóðina. Þessar staðhæfingar voru vissulega ósannar með öllu, en þær sýndu vel inn í hugskot hernámssinna. Þeir óttuðust einhug landsmanna og þjóðlegan metnað andspænis einstæðum náttúruhamförum. Þeir vildu í staðinn nota jarðeldana til að brjóta sjálfstæðisvitund Íslendinga á bak aftur. Þeir reyndu að halda þeim skoðunum að fólki, að Íslendingar gætu ekki lengur tekizt á við þau náttúruöfl, sem mótað hafa þjóðarsöguna frá öndverðu, án þess að láta erlenda dáta hjálpa sér, auk þess sem þeir vonuðu, að yfir oss rigndi þetlidölum líkt og manna yfir gyðingana í eyðimörkinni. Hvað ætlið þið að gefa okkur mikið? spurði blaðamaður frá Morgunblaðinu í bandaríska sendiráðinu og fleiri erlendum sendiráðum. Þessum hópi manna var hernámið dýrmætara en þjóðarhagur. Svo ófrýnileg er spilling sumra þeirra, sem ánetjazt hafa hinu erlenda liði.

Ég vék að því áðan, að ákveðið hefði verið að gera samkoulag um fyrirkomulag viðlagasjóðs, m. a. í því skyni að bjarga sóma Alþingis á yfirborðinu, koma í veg fyrir, að eldsumbrotin í Vestmannaeyjum yrðu dregin niður í lágkúrulegt pólitískt pex. En Sjálfstfl. virðist ekki hafa áhuga á slíku. Hann bar fram vantrauststillögu á ríkisstj. í bráðræði fáum dögum fyrir jól, í vonbrigðum sínum yfir því, að ríkisstj. skyldi ekki falla, eins og til var ætlazt. Að jólaleyfi loknu bað Jóhann Hafstein sjálfur um, að vantrauststillagan yrði lögð til hliðar. En nú finnst honum tímabært að láta hana koma fram. Hann telur það vera mála brýnast hálfum öðrum mánuði eftir að gosið hófst, meðan enn streyma eldar og eimyrja úr gossprungunni, að setja á svið hér á Alþingi pólitískan skollaleik með öllu því þrasi, sem slíkum umræðum fylgir. Er það skoðun Íslendinga, er það skoðun Sjálfstfl.-kjósenda, að þeir velji fulltrúa á þing til að stunda hégómlegan og tilgangslausan leikaraskap af því líku tagi? Finnst mönnum ekki, að til þess beri að ætlast, að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sýni einhvern snefil af ábyrgðartilfinningu og heilindum, þegar stórfelldur vandi steðjar að landsmönnum öllum? Er þá réttur tími fyrir loddarabrögð hinna æðstu stjórnmálamanna, — ættu þjóðkjörnir fulltrúar ekki að hafa eitthvað þarfara að gera?

Það, sem gerzt hefur síðustu vikurnar í hinum lokaða hring hér í alþingishúsinu, ýmist að tjaldabaki eða fyrir opnum tjöldum, er hluti af þeim grundvallarágreiningi, sem tekizt hefur verið á um í íslenzku þjóðfélagi á undanförnum árum. Þeir, sem reynt hafa að nota jarðeldana í Vestmannaeyjum í pólitískum tilgangi, án þess að hugsa um þjóðarhag, eru sömu mennirnir og gerðu nauðungarsamninginn í landhelgismálinu 1961 og vilja enn gera undansláttarsamninga eða lúta erlendum dómstóli. Þetta eru sömu mennirnir sem virðast ætla að fyrirhuga þjóð sinni þau örlög að verða að búa við erlenda hersetu um aldur og ævi. Þetta eru mennirnir, sem vildu eftirláta útlendingum að nýta auðlindir okkar og orkulindir og buðu upp á Íslendinga sem ódýrt vinnuafl. Þessir menn eru fyrir löngu orðnir afhuga því, sem þjóðskáldið kvað um Ísland:

„Fjör kenni oss eldurinn, frostið oss herði,
fjöll sýni torsóttum gæðum að ná,
bægi sem kerúb með sveipanda sverði
silfurblár ægir oss kveifarskap frá."

Þetta þykir e. t. v. margþvæld og úrelt hetjurómantík um þessar mundir. En ég er sannfærður um það, að ef menn eiga ekki í hugskoti sínu þessi viðhorf, þennan óbilgjarna þjóðlega metnað, þá er íslenzku samfélagi hætt. Ég er einnig sannfærður um það, að allur þorri landsmanna hefur þessi viðhorf til landsins og sjálfra sín. Ég er þess einnig fullviss, að æðimargir þm. stjórnarandstöðuflokkanna taka ófúsir þátt í þeim pólitíska skollaleik, sem nú er settur á svið hér í alþingishúsinu, meðan Heimaey brennur.

En sé svo, þurfa menn að draga réttar ályktanir af þeim atburðum, sem hafa verið að gerast í hópi stjórnmálamanna síðustu vikurnar. Stjórnmálaleiðtogar, sem geta ekki á örlagatímum lyft sér yfir hina pólitísku flatneskju, eru ekki starfi sínu vaxnir og þurfa að velja sér önnur verkefni. Engum manni dylst, að mikið djúp er nú staðfest milli Alþingis og þjóðarinnar. Andrúmsloftið hér í þingsölunum er allt annað en meðal landsmanna. Alþ. hefur ekki reynzt þess megnugt að taka rismiklar og réttar ákvarðanir á örlagastund. Haldi þetta bil áfram að aukast, er lýðræðinu hætt. Því tel ég, að náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum þurfi að verða okkur öllum, alþm. og þjóðinni, áminning um að taka úrelt viðhorf til endurmats og minnast þess, að á stundum mikilla örlaga eru sameiginlegir hagsmunir okkar miklu yfirsterkari öllum ágreiningi. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Síðan æðsta stjórn íslenzkra mála fluttist inn í landið hefur aldrei setið hér að völdum önnur eins ríkisstj. og nú er á Íslandi. Það hefur aldrei áður gerzt í sögu íslenzks þingræðis, að áður en hálft kjörtímabil sé liðið, sé komið í ljós, að ríkisstj. hefur ekki aðeins brugðizt í viðureigninni við þann meginvanda, sem hún tókst á hendur að fást við, heldur

beinlínis skert hagsmuni þjóðarinnar og rýrt álit hennar. En þetta hefur orðið hlutskipti þessarar ríkisstj. Það hafa orðið örlög Íslendinga að þurfa að þola slíkt. Það eru hörmuleg örlög, þegar þess er gætt annars vegar, að þjóðin hefur undanfarið búið við hærri þjóðartekjur en nokkru sinni fyrr, og hins vegar, að hún lifir nú hina vandasömustu tíma á sviði samskipta sinna við aðrar þjóðir.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð fyrir rúmu hálfu öðru ári, taldi hún þrjú mál vera meginviðfangsefni sín, stækkun fiskveiðilögsögunnar, nýskipan varnarmálanna og traust efnahagskerfi. Ég skal víkja að því, hvernig ríkisstj. hefur haldið á þessum mikilvægu málum.

Enginn ágreiningur er um það meðal Íslendinga, að nauðsyn hafi verið og sé á stækkun fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Við Alþfl.-menn höfum talið og teljum, að miða hefði átt stækkun fiskveiðilögsögunnar við landgrunnið. Það er auðveldara að renna líffræðilegum rökum og þjóðréttarrökum undir rétt þjóðar til fiskveiða yfir landgruninu en rétt hennar til þess að veiða út að vissum fjarlægðarmörkum frá grunnlínum. Ég tel lítinn vafa á því, að þegar að því kemur, að sett verða alþjóðalög um rétt ríkja til fiskveiða úti fyrir ströndum, þá verði þau lög í grundvallaratriðum byggð á rétti þjóða til landgrunnsins, bæði til þeirra verðmæta, sem felast í landgrunninu, og þeirra auðæfa, sem fólgin eru í hafinu yfir því, en eru auðvitað tengd landgrunninu sjálfu.

En látum það vera, þótt ríkisstj. hafi kosið að fara aðra leið í þessum efnum. Alþfl. hefur viljað stuðla að þjóðareiningu um þetta mál og því heils hugar stutt þá stefnu ríkisstj. að stækka fiskveiðilögsöguna í 50 mílur. Alþfl. hefur og forðazt allar deilur um meðferð málsins á innlendum vettvangi í því skyni, að aðstaða ríkisstj. gagnvart öðrum þjóðum mætti verða sem sterkust og henni veitast sem auðveldast að afla sjónarmiðum Íslendinga viðurkenningar. Nú er hins vegar ekki lengur hægt að komast hjá því að segja, að ríkisstj. hefur haldið illa á málinu. Í raun og veru hefur íslenzka fiskveiðilögsagan ekki stækkað neitt. Eftir að reglugerðin um 50 mílna landhelgi tók gildi, hafa erlend veiðiskip sótt meiri afla á Íslandsmið en á jafnlöngum tíma fyrir gildistöku reglugerðarinnar. Reglugerðin hefur fram til þessa því miður verið pappírsgagn eitt. Höfuðröksemd Íslendinga í landhelgismálinu hlýtur að sjálfsögðu að vera nauðsyn á friðun fiskistofna við Ísland og verndun uppeldisstöðva, sem verið hafa í hættu á undanförnum árum. Jafnhliða stækkun fiskveiðilögsögunnar hefði ríkisstj. að sjálfsögðu átt að beita sér fyrir aukinni verndun fiskistofna og friðun veiðisvæða. Ekkert hefur verið aðhafzt í þeim efnum. Þá hefur ríkisstj. í meira en ár átt í samningum við stjórnir Stóra-Bretlands og Þýzkalands, án þess að nokkuð gangi né reki. Og ef það kynni nú að reynast rétt, sem líklegt er talið, að ríkisstj. hafi ekki í hyggju að senda neinn málsvara til þess að flytja mál Íslendinga fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag, eftir að hann hefur kveðið upp úrskurð um, að hann hafi lögsögu í deilumáli Íslendinga, Breta og Þjóðverja um stærð fiskveiðilögsögunnar, þá er hætt við, að það verði Íslendingum til þvílíks álitshnekkis út um víða veröld, að erfitt verði fyrir að bæta síðar meir.

Alþingi Íslendinga samþykkti aðild að dómstólnum og samþykkt hans, um leið og það samþykkti aðild Íslendinga að Sameinuðu þjóðunum skömmu eftir stríð. Að sjálfsögðu getur þjóðin neitað því, að dómurinn hafi lögsögu í máli, sem hana snertir. Hún getur einnig neitað að hlíta úrskurði dómsins, af því að hann sé byggður á röngum forsendum. En ef Íslendingar sendu nú engan fulltrúa til þess að flytja mál sitt, þá yrði það í fyrsta skipti í sögu dómsins, sem slíkt gerðist. Það gæti og engu öðru áorkað en að skaða málstað okkar sjálfra, fyrir utan þann álitshnekki, sem fyrr sagði. Málflutningur fyrir dómnum fæli ekki í sér neina viðurkenningu á réttmæti úrskurðar dómsins á sínum tíma, enda hefur íslenzk ríkisstj. mótmælt lögsögu dómsins. Ef við á hinn bóginn trúum á réttmæti málstaðar okkar, eins og við að sjálfsögðu gerum, þá getur málflutningur aldrei orðið til annars en góðs eins. Og jafnvel þótt við þættumst hafa ástæðu til þess að óttast, að dómurinn kynni að verða okkur óhagstæður, þá er málflutningurinn samt gullvægt tækifæri til þess að koma því til leiðar, að dómsuppkvaðning dragist. En öllum er ljóst, að tíminn vinnur með málstað Íslendinga í þessu máli, eins og fjölmargir atburðir á alþjóðavettvangi hafa raunar leitt í ljós.

Það er mjög líklegt, að væntanleg hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna geri ályktanir um fiskveiðiréttindi strandríkja, sem gætu haft veruleg áhrif á niðurstöðu dómsins. Ef íslenzka ríkisstj. sendir engan fulltrúa til þess að flytja hinn réttmæta málstað Íslands fyrir dómnum, gæti svo farið, að dómurinn felldi úrskurð sinn jafnvel þegar á þessu ári og þá einungis eftir að hafa hlýtt á málflutning hinna færustu málflutningsmanna af hálfu Breta og Þjóðverja. Ég vil ekki trúa því, fyrr en ég tek á, að íslenzku ráðh. séu svo skammsýnir og ábyrgðarlausir að vilja hætta á það, að Alþjóðadómurinn felli úrskurð í þessu lífshagsmunamáli Íslendinga, jafnvel þegar á þessu ári, eftir að hafa hlýtt á einhliða málflutning af hálfu Breta og Þjóðverja og án þess að hagnýta sér það tækifæri, sem gefst til þess að draga úrskurð dómsins á langinn um 2—3 ár, eins og eflaust væri hægt með hyggilegum málflutningi. En Íslendingar eiga á að skipa einum færasta sérfræðingi veraldar í málum, er lúta að fiskveiðilögsögu, og væri honum vel treystandi til þess að halda á réttmætum málstað okkar gagnvart málstað Breta og Þjóðverja. Hér er sannarlega ekki um neitt smámál að ræða. Hér er um að ræða mál, sem örlög Íslands geta verið undir komin um langan aldur. Hér mun á það reyna, hvers konar menn sitja við völd á Íslandi.

Þá mun ég víkja fáeinum orðum að varnarmálum. Þó að ekkert hafi verið um þau mál rætt að ráði í kosningabaráttunni sumarið 1971, ákvað ríkisstj. samt að stefna að því, að varnarliðið skuli hverfa úr landinu í áföngum og á kjörtímabilinu. Alþfl. er þeirrar skoðunar, að tímabært sé að endurskoða varnarsamninginn frá 1951 og það skipulag á vörnum Íslands og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, sem þá var

samið um. Þm. Alþfl. hafa flutt till. um, að athugað skuli, hvort hugsanlegt sé, að gegna megi nauðsynlegum eftirlitsstörfum varðandi Norður-Atlantshaf á Íslandi, án þess að hér sé til frambúðar vopnað erlent lið. Alþfl. styður af alhug þá viðleitni, sem á sér stað til minnkunar á vígbúnaði í Evrópu. Hann styður þá stefnu, að friður sé varðveittur og valdajafnvægi haldið með samningum, en ekki hernaðarbandalögum. En meðan valdajafnvægið er byggt á varnarbandalögum, eins og nú á sér stað, telur Alþfl. Íslendinga eiga heima í hópi vestrænna þjóða beggja vegna Atlantshafs og gerir sér ljóst, að Ísland hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi eftirlitsstörf og verndun friðar og jafnvægis á norðanverðu Atlantshafi. Íslendingar eiga ekki að skorast undan skyldum sínum á þessu sviði sjálfs sín vegna og annarra. En athuga þarf gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að gera það með öðrum og brotaminni hætti en átt hefur sér stað undanfarna tvo áratugi, í stað þess að vísa varnarliðinu á brott á þessu kjörtímabili, án þess að nokkuð sé fyrir því hugsað, hvað koma ætti í staðinn. Það væri ábyrgðarleysi og glæframennska.

Sem betur fer hefur ríkisstj. lítið aðhafzt í þessum efnum. En í stað þess að hefjast handa um raunhæfar viðræður við stjórn Bandaríkjanna um hugsanlegar breytingar á störfum þeim, sem nú eru innt af hendi á Keflavíkurflugvelli, hampar ríkisstj. enn ákvæðum stjórnarsáttmálans um brottflutning hersins, á kjörtímabilinu, þótt ekki túlki að vísu allir ráðh. orðalagið með einu og sama móti. Hefur þetta ekki orðið til þess að auka álit ríkisstj. og Íslendinga með öðrum þjóðum, heldur þvert á móti. Þegar við þetta bætist, að öldungis er óvíst, að ákvæði stjórnarsáttmálans um brottflutning varnarliðsins á kjörtímabilinu hafi stuðning meiri hl. þm., er allt háttalag ríkisstj. í þessum efnum enn þá hæpnara.

Þótt ríkisstj. hafi sannarlega ekki haldið vel á landhelgismálinu og varnarmálum þjóðarinnar, þá er það samt allt barnaleikur hjá því, sem hún hefur leitt yfir þjóðina á sviði efnahagsmála. Þegar hún tók við völdum, taldi hún stefnu sína í efnahagsmálum felast í þrennu. Hún kvaðst ætla að tryggja undirstöðuatvinnuvegunum heilbrigðan rekstrargrundvöll. Hún kvaðst ætla að sjá um, að verðbólga yrði hér ekki meiri en í nálægum löndum, og setti sér það mark að bæta raunveruleg kjör launþega um 20% á tveimur árum. Hafa verður í huga, að þau tæplega 2 ár, sem ríkisstj. hefur setið að völdum, hafa þjóðartekjur Íslendinga verið meiri en nokkru sinni fyrr. Raunverulegar þjóðartekjur voru í fyrra um 18% hærri en þær voru 1970. Samt er nú þannig komið, að alger ringulreið ríkir í íslenzkum efnahagsmálum. Það má í raun og veru segja, að landið sé stjórnlaust á því sviði. Engin samstaða virðist hjá stjórnarflokkunum um neina heildarstefnu, hvorki á sviði framleiðslumála, launamála, fjármála ríkisins né peningamála. Allt rekur á reiðanum. Hvort tveggja hefur verið gert til þess að rétta aðþrengdum útflutningsatvinnuvegum hjálparhönd, að lækka gengi krónunnar og greiða uppbætur. Niðurgreiðslur eru ýmist auknar eða minnkaðar. Fjárlög fyrir þetta ár eru 90% hærri en þau voru 1971. Ríkisstj. setur fram hugmyndir um að skerða kaupgreiðsluvísitöluna, en fellur frá þeim. Hún gerir till. um að fresta grunnkaupshækkunum, jafnvel banna þær um skeið, en fellur frá því. Hún gerir till. um að hækka söluskatt um 3%, en verður að sætta sig við, að hann hækki ekki nema um 2%, en að dregið sé svolítið úr opinberum framkvæmdum og lagt fram fé úr atvinnuleysistryggingasjóði í staðinn. Það eina, sem hún virðist vera nokkurn veginn sammála um, er að halda uppi eyðslu og draga ekki úr útgjöldum hins opinbera. — Þetta er ótrúleg saga, en hún er samt sönn.

Hvernig hefur ríkisstj. tekizt að framkvæma það grundvallaratriði stefnu sinnar í efnahagsmálum að tryggja heilbrigðan rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna? Ýmsar greinar sjávarútvegs eru nú reknar með tapi. Frystihúsin horfa fram á hallarekstur á síðari hluta ársins. Hið sama gildir um bátaflotann. Togaraflotinn hefur verið bundinn í meira en mánuð. Ítrekaðar gengislækkanir krónunnar duga ekki til þess að tryggja útflutningsatvinnuvegunum heilbrigðan rekstrargrundvöll, óðaverðbólgan innanlands hefur orðið yfirsterkari. Afkoma iðnaðarins var mjög erfið á s. l. ári. Forvígismenn íslenzks iðnaðar, bæði einkaiðnaðar og samvinnuiðnaðar, hafa lýst því yfir, að á þessu ári muni iðnaðurinn tapa. Samgöngufyrirtæki tapa. Mörg af opinberum þjónustufyrirtækjum tapa. Verzlunin á í miklum erfiðleikum. Landbúnaðurinn þarf á að halda gífurlegum verðhækkunum til þess að fá risið undir hækkandi kostnaði. Hver treystir sér til að segja, að undirstöðuatvinnuvegunum hafi verið tryggður heilbrigður rekstrargrundvöllur?

Hvernig hefur tekizt að sjá svo um, að verðbólga yrði hér ekki meiri en í nálægum löndum? Þegar ríkisstj. tók við völdum, var vísitala framfærslukostnaðar 155 stig. Eftir þær verðhækkanir, sem urðu 1. marz s. l., verður hún væntanlega um 194 stig eða 25% hærri. Í engu nálægu landi hefur verið um verðhækkanir að ræða, sem hafa farið nokkuð í áttina við þetta. Sem dæmi má nefna, að þegar ríkisstj. kom til valda, kostnaði mjólkurlítrinn 12.60 kr. Nú kostar hann 19.50 kr. Þá kostaði kjötkg 124.50 kr., nú kostar það 190.40 kr.

En hefur ekki kaupmáttur launanna aukizt um þau 20%, sem lofað var? Auðvitað hafa stórhækkandi þjóðartekjur á undanförnum tveimur árum gert það kleift að auka raunteljur launþega. Hins vegar er jafnan mjög erfitt að meta raunverulegt gildi kauphækkana í krónum vegna þeirra verðhækkana, sem sigla í kjölfarið. Nú fyrir nokkrum dögum hækkaði almennt kaupgjald í landinu um 12—13%. En það segir ekki alla söguna. Sama dag og kaupið hækkaði hækkaði verð á landbúnaðarafurðum, sem svaraði rúmlega 3½ vísitölustigi. Enn fremur er vitað, að á næstu mánuðum muni verða mjög verulegar verðhækkanir, sem muni rýra kaupmátt, þess kaupgjalds, sem nú gildir. Þessar verðhækkanir munu enn leiða til nýrra kauphækkana og þannig koll af kolli. Það er fyrst og fremst þessi verðbólguþróun, sem veldur því, að undirstöðuatvinnuvegir Íslendinga munu verða að reikna með tapi á þessu ári. Einhverjar nýjar

og róttækar efnahagsráðstafanir verða án efa nauðsynlegar í síðasta lagi á næsta hausti.

Annað eins og þetta hefur aldrei gerzt áður í sögu íslenzkra efnahagsmála. Mörgum stjórnum hefur mistekizt viðureign við efnahagserfiðleika og verðbólguvanda, en engin ríkisstj. hefur gefizt eins gersamlega upp við að gera ákveðnar og raunhæfar tilraunir til þess að leysa vandann og þessi ríkisstj. Aldrei fyrr hefur komið eins fljótt í ljós um nokkurt stjórnarsamstarf og þetta, að það er í raun og veru ekki starfhæft. Vanmáttur ríkisstj. til þess að takast á við vandamál kom t. d. mjög skýrt í ljós í sambandi við erfiðleikana vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Mér ofbauð að hlusta á hæstv. iðnrh. tala um hörmungarnar í Vestmannaeyjum hér áðan. Hver ætlaði að nota hamfarirnar í Vestmannaeyjum til að koma sér úr klípu? Ríkisstj. eða stjórnarandstaðan? Hver var í klípu? Auðvitað ríkisstj. Og það var hún, sem ætlaði sér að nota afleiðingar náttúruhamfaranna til að koma sér úr klípu.

Hæstv. iðnrh. sagði ósatt um efni þess frv., sem ríkisstj. afhenti 7 manna n., sem Alþ. kaus til þess að gera till. í málinu. Þar voru ekki aðeins ákvæði um, að kaupgjaldshækkuninni 1. marz skyldi frestað, heldur einnig ákvæði um, að grunnkaupshækkanir skyldu bannaðar til septemberloka. Þar var ákvæði um, að kaupgjaldsvísitalan skyldi skert, að söluskattur skyldi hækkaður um 2% og eignarskattur hækkaður um 30%, en hins vegar engin ákvæði um neina frestun á nokkrum opinberum framkvæmdum. Þingflokkur Alþfl. hefði út af fyrir sig getað fallizt á, að Vestmannaeyjavandinn væri leystur með því einu að fresta kauphækkuninni 1. marz til hausts, enda hefði það fært viðlagasjóði 2000 millj. kr. tekjur, eins og hann að lokum fékk. En þingflokkur Alþfl. neitaði algerlega að fallast auk þessa á bann við grunnkaupshækkunum og hækkun söluskatts og skerðingu kaupgreiðsluvísitölu. Jafnframt kom hins vegar í ljós, að innan stjórnarflokkanna sjálfra var alls ekki samstaða um það frv., sem ríkisstj. hafði afhent 7 manna n. Ríkisstj. hafði sitt eigið lið ekki til stuðnings við till., sem hún þó afhenti þm.

Næstu till. ríkisstj. voru þær, að hækka skyldi söluskatt um 3%, eignarskatt um 30%, útsvör um 10% og nokkur hækkun yrði á aðstöðugjaldi. Í hinni síðari till. ríkisstj. voru enn engar till. um frestun á opinberum framkvæmdum eða framlög úr nokkrum opinberum sjóðum. Þrátt fyrir 10 þús. millj. kr. hækkun á fjárl. á tveimur árum var ríkissjóður ekki talinn aflögufær um eina krónu.

Gagntill. Alþfl. voru þær, að söluskattur skyldi hækka um 2%, eða 1% minna en ríkisstj. lagði til, eignarskattur skyldi hækka um 30%, útsvar um 10%, aðstöðugjald skyldi hækka og opinberum framkvæmdum skyldi frestað sem næmi 450 millj. kr. eða sem svaraði lækkun söluskattsins úr 3% í 2%.

Eftir mikið þóf varð samstaða um þá till. Alþfl., að söluskattur skyldi ekki hækka nema um 2%, en opinberum framkvæmdum skyldi frestað sem næmi 160 millj. kr. og atvinnuleysistryggingasjóður skyldi leggja fram 160 millj. kr., þannig að heildartekjur viðlagasjóðs yrðu nokkru minni en upphaflega var gert ráð fyrir. En aðalatriðið var þó, að söluskatturinn var ekki hækkaður um 3%, eins og ríkisstj. hafði lagt til, heldur aðeins um 2%.

Menn hljóta að spyrja, hvernig í ósköpunum það geti gerzt, að ríkisstj. haldi jafnilla og álappalega á málum og raun ber vitni. Skýringin er sú, að þeir þrír flokkar, sem nú stjórna landinu, kunna ekki að vinna saman, þeir geta ekki unnið saman og að verulegu leyti vilja þeir ekki vinna saman. Auðvitað hafa stjórnmálaflokkar ólík viðhorf til ólíkrar stefnu, ekki sízt í efnahagsmálum. En þegar menn ganga til samstarfs, verða menn að kunna að koma sér saman um ákveðna stefnu og starfa síðan heiðarlega og ærlega að því að framfylgja henni. Þessir þrír flokkar hafa ekki kunnað að koma sér saman um neina stefnu, og það er ekki heldur unnið heiðarlega og ærlega saman. Þess vegna fór fljótt að bera á því, að þetta stjórnarsamstarf mundi ekki verða langlíft. Það hlýtur nú að vera orðið hverju mannsbarni ljóst, að því er í raun og veru lokið. Ríkisstj. er hætt að stjórna landinu, hún lætur reka á reiðanum.

Ég sagði fyrir skömmu hér á hinu háa Alþ., að dauðastríð ríkisstj. væri hafið, og ég vitnaði til fleygra orða Steins Steinarr, að það ynni enginn sitt dauðastríð. Dagar þessarar ríkisstj. hljóta senn að vera taldir. Því fyrr sem hún sjálf eða einhver af stuðningsflokkum hennar gerir sér ljóst, að hún veldur ekki lengur þeim vanda, sem hún tókst á hendur, því betra fyrir þjóðarheildina. Þessi ríkisstj. á ekki skilið traust, hvorki þings né þjóðar. Þess vegna munu þm. Alþfl. greiða atkv. með till. um vantraust á ríkisstj.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Á þessum örfáu mínútum, sem ég hef til umráða, mun ég víkja að tveimur atriðum, í fyrsta lagi upphlaupi nokkurra flokkræðismanna í SF í Reykjavík, því að nauðsynlegt er, að almenningi sé gert ljóst, hvað hér er á ferðum, og í öðru lagi afstöðu minni til þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir um vantraust á ríkisstj.

Það er ekkert launungarmál, að miklar erjur hafa átt sér stað um nokkurt skeið í SF, og er síðasta dæmið tilræði 40 manna í s. l. viku við SF í Reykjavík, þar sem reynt var með einfaldri fundarsamþykkt á félagsfundi að vísa formanni úr félaginu og ógilda þannig allsherjaratkvgr. um stjórnarkjör, sem stóð í 2 daga í okt. s. l., og gilti sú kosning til eins árs. Þetta upphlaup er hrein lögleysa, og er ég að sjálfsögðu enn félagi í SF og formaður þess. Ég vil leyfa mér að vitna í yfirlýsingu stjórnar SF í Reykjavík. Þar segir:

„Stjórn SF í Reykjavík telur brottrekstur Bjarna Guðnasonar úr SF stangast á við lög félagsins og ekki vera í samræmi við grundvallarhugsjón SF. Stjórnin lítur því svo á, að Bjarni Guðnason sé eftir sem áður formaður SF í Reykjavík. Jafnframt lýsir stjórn SF yfir fullu trausti á Bjarna Guðnasyni og telur hann

hafa starfað á Alþ. í samræmi við stefnu SF."

Ég vil enn leyfa mér að vitna í yfirlýsingu stjórnmálanefndar SF í Reykjavík, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur í stjórn SF í Reykjavík, haldinn 3. marz 1973, lýsir furðu sinni á framkomu og klofningsstarfi formanns heildarsamtakanna á fundi SF þann 1. marz s. l., þar sem gerð var tilraun til að víkja formanni SF í Reykjavík, Bjarna Guðnasyni, úr félaginu í Reykjavík. Fundurinn fordæmir þetta tilræði við Samtökin, sem voru stofnuð til að berjast gegn flokksræði og til að sameina alla einlæga vinstri menn í landinu."

Ástæðan fyrir þessu hernaðarástandi er sú, að 4 þm. SF undir forustu Björns Jónssonar, forseta Alþýðusambands Íslands, knúðu alla ríkisstj. til þess að fella gengi íslenzku krónunnar í des. s. l. og sviku þar með yfirlýsta stefnu SF og stjórnarsáttmálann. Það mætti spyrja Björn Jónsson, hvort þetta hafi verið gert að kröfu verkalýðshreyfingarinnar og hvenær gengisfelling hafi orðið eitt helzta baráttumál hennar. Í Reykjavíkurfélaginu voru hins vegar margir félagar, sem stóðu vörð um baráttumál Samtakanna og neituðu með öllu að taka undir gengisfellingarkröfu forustumanna SF. Af þessum sökum sagði ég mig úr þingflokknum, þó að það kæmi einnig til ágreiningur í sameiningarmálinu, þar sem ég vildi vinna að sameiningunni á málefnalegum grunni, en forustumenn SF lögð allt kapp á tryggingarframboð með Alþfl. Síðan hefur ekki aðförum linnt að Reykjavíkurfélaginu og málgagni þess.

Þetta síðasta upphlaup er vissulega alvarlegs eðlis, þar sem flokksræði er skefjalaust beitt af hálfu forustu í flokki, sem ætlaði að taka upp ný vinnubrögð og berjast gegn flokksræði. En það hefur líka sínar spaugilegu hliðar, að þetta skuli gerast í flokki, sem helgaði sig sameiningu vinstri manna. Hinn andheiti sameiningarmaður vinstri manna er nú í reynd orðinn þriggja flokka kljúfur. Hefur hann á gamals aldri reist sér veglegan pólitískan minnisvarða. Þessir 40 upphlaupsmenn hafa unnið sér til óhelgi, en reykvískir kjósendur og aðrir landsmenn munu gera sér fulla grein fyrir því, hvað er hér á ferðum, og þeirra verður dómurinn, áður en lýkur.

Hins vegar erum við í Reykjavíkurfélaginu staðráðnir í að slá skjaldborg um stefnumál SF, svo sem sameiningu vinstri manna, baráttu gegn flokksræði og samtryggingarkerfi gömlu flokkanna. Jafnrétti er okkar einkunnarorð. Hér skal og minnzt á atriði, sem vinstri menn verða að hafa í huga, þótt þeir láti oft hægri mönnum eftir að ræða það. Hér á ég við heiðarleik í opinberu lífi og fjármálum. Ég hef aldrei getað sætt mig við það, að ráðh. skuli láta almenning að heita má gefa sér lúxusbíla, sem kosta á aðra millj., þegar þeir setjast í ráðherrastólana. Þetta er ekkert úrslitaatriði fyrir þjóðarbúið, en þó mikilvægt fyrir heiðarleik í opinberu lífi, því að eftir höfðinu dansa limirnir. Það mætti fleira nefna, en það liggur í augum uppi, að það eru oft smáatriðin, sem skapa trúnaðartraustið.

Núv. stjórn var sett á laggirnar eftir frægan kosningasigur vinstri manna í síðustu alþingiskosningum. Við hana voru bundnar miklar vonir, ekki sízt þar sem hún leysti af hólmi 12 ára viðreisn. Sú stjórn var tregðustjórn, sem taldi kyrrstöðu í utanríkismálum farsæla, felldi fjórum sinnum gengi íslenzku krónunnar, þegar á bjátaði í efnahagsmálum, og rauf gerða kjarasamninga með vísitöluráni. Nú skyldu málin tekin öðrum tökum og betri.

Þegar meta skal starf ríkisstj., liggur beint við að leggja til grundvallar málefnasamning hennar. Hverju hefur hún komið í verk? Hvað hefur hún vanrækt? Hvar hefur henni mistekizt? Hér er vitaskuld ókleift að ræða þessi mál öll til hlítar, og menn verða að hafa í huga, að það var aldrei ætlunin að framkvæma öll ákvæði málefnasamningsins á 1½ ári. Í málefnasamningnum eru boðaðar stórstígar umbætur á flestum sviðum þjóðlífsins. Í sumum greinum hefur verið náð settu marki, í öðrum greinum er unnið að framkvæmd þeirra. Ég vil sérstaklega nefna, að stefnan í utanríkismálum er ótvírætt sjálfstæðari og einbeittari en á tímum viðreisnar, og þessi ríkisstj. hefur haft forgöngu um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur og farið fram á endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin. Þessi höfuðmál eru enn ekki útkljáð, hið síðara efalaust komið mjög skammt á veg. Vandasömustu málaflokkarnir eru án efa fjármálin, efnahagsmálin og atvinnumálin, og segir sig því sjálft, að vegur ríkisstj. fer mjög eftir því, hvernig til hefur tekizt í þeim efnum. En þar hefur sigið mjög á ógæfuhliðina. Þarf ekki annað en vitna í málefnasamninginn til að sýna, að þar hefur ríkisstj. lent á villigötum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum undanfarin ár og leitt hefur til síendurtekinna gengisfellinga og óðaverðbólgu. Hún mun leitast við að tryggja, að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helztu nágranna- og viðskiptalöndum." Og enn fremur: „Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum." Og loks: „Að gagngerð athugun fari fram á núgildandi verðlagningu á sem flestum sviðum í því skyni að lækka verðlag eða hindra verðlagshækkanir."

Af þessari upptalningu er sýnt, að fjárhagsmálin, efnahagsmálin og verðlagsmálin hafa losnað úr böndum. Á þessum stjórnarárum hefur verið góðæri í landinu, og verðmæti útflutningsafurða hefur stöðugt aukizt eða um 22% á s. l. tveimur árum. Næg atvinna hefur verið í landinu. Í stað þess að hafa gát á útgjöldum hins opinbera og sporna gegn þenslu í þjóðfélaginu, hafa fjárl. tekið stórstökk frá 11 milljörðum 1970 upp í 22 milljarða 1972. Þótt töluvert af þessu sé arfur frá viðreisn og stafi af nýrri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, kann þetta ekki góðri lukku að stýra. Fjárlög eiga að hækka árlega í samræmi við þjóðartekjur, en hér hafa þau tvöfaldazt á þessum stutta tíma. Fjárfestingarútgjöld hins opin-

bera hafa farið úr hófi fram, og skort hefur sparsemi og ráðdeildarsemi. Ríkisstj. hefur staðið að þremur gengisfellingum. En vart verður henni legið á hálsi fyrir þá fyrstu og síðustu, þar komu til ytri orsakir. En gengisfellingin um 10.7% í des. var nánast ófyrirgefanlegt glapræði, hvernig sem á er litið. Með henni klippti hún á þann streng trúnaðar, sem ríkti á milli stjórnarinnar og vinstri manna í landinu, sýndi, að hún kunni engin önnur ráð til lausnar efnahagsvanda en hið gamla bjargræði viðreisnar. Þar með hafði hún í raun gefizt upp við að vera vinstri stjórn og var orðin ný gengisfellingarstjórn. Og að sjálfsögðu fylgdu engar hliðarráðstafanir. Vandanum var ýtt á undan sér, ekki leystur, heldur magnaður. Gengisfelling er afleiðing dýrtíðar og leiðir til enn meiri dýrtíðar. Hún er enn forkastanlegri, þegar hún er sprottin af heimatilbúnum vanda í góðæri. Með hinum háu fjárl. og gengisfellingunni í des. stuðlaði ríkisstj. sjálf að þeirri háskalegu verðlagsþróun, sem nú á sér stað í landinu.

Efnahagskerfið sjálft virðist kalla árvisst á gengisfellingar, en við því er ekki reynt að hagga. Þess vegna virðist koma í sama stað niður, hvort hér situr að völdum hægri stjórn eða vinstri. Þegar rekstrargrundvöllur fiskiðnaðarins er brostinn að sögn eigenda, verður ríkissjóður eða almenningur að hlaupa stöðugt undir bagga. Aldrei virðist hvarfla að ríkisvaldinu að gera gagnkröfur um endurskipulagningu fiskvinnslustöðva, og svipuðu máli gegnir um togaraflotann, sem nú hefur legið margar vikur bundinn við bryggjur. Það virðist nokkurt öfugmæli, að hið opinbera láni 90% við kaup nýrra skuttogara og skuli síðan þurfa að greiða að einhverju leyti rekstrarkostnað þeirra. Hér er eitthvað að í meira lagi. Það dugir ekki lengur að grípa til deyfilyfja. Hér verður að grípa til hnífsins og skera á meinið.

Í umr. utan dagskrár á Alþ. 22. febr. komst ég svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar litið er á málin í heild, gengisfellinguna í des., gengisfellinguna í s. l. viku og launahækkanir fram undan um næstu mánaðamót, þar sem laun hækka milli 12 og 13.7%, er ljóst, að fram undan eru einhverjar mestu víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags allt frá stríðslokum. Það má ætla, að framfærsluvísitalan hækki um hvorki meira né minna en 20% frá 1. nóv. 1972 til jafnlengdar 1973, og ég þarf ekki að tíunda það fyrir þingheimi þær afleiðingar, sem slík verðlagsþróun hefur fyrir hina margumtöluðu og þýðingarmiklu útflutningsatvinnuvegi og jafnframt fyrir allt efnahagslífið. Ég á t. d. bágt með að sjá, hvernig íslenzkur iðnaður og einkanlega sá hluti hans, sem ekki er samkeppnisfær á erlendum mörkuðum, komi til með að standa undir þeim rekstrarkostnaði, sem af þessu leiðir, og hið sama gildir að sjálfsögðu um aðrar atvinnugreinar. Vil ég t. d. minna á hækkandi rekstrarvörur bænda o. s. frv. Hið ömurlega er, að þegar allar þessar verðhækkanir eru komnar inn í verðlagið, má ætla, að útflutningsatvinnuvegirnir standi það illa að vígi, að gengisfellingaröflin knýi þá fram enn eina gengisfellingu. Íslenzkur almenningur hefur nú fengið smjörþefinn af þessum hækkunum með hækkun búvöru 1. marz, þar sem m. a. nýmjólk hækkaði um tæp 44% og aðrar algengustu búvörur eitthvað minna. Kemur þetta að sjálfsögðu harkalega niður, einkanlega á barnmörgum fjölskyldum. Og þessar hækkanir verða reglulegar á þriggja mánaða fresti, þótt misjafnar verði. Óðaverðbólgan er skollin á, og ríkisstj. virðist láta reka á reiðanum. Þá er aðeins eftir að skerða kaupgreiðsluvísitöluna, og þá höfum við nýja viðreisn.

Ríkisstj. hefur m. ö. o. ekki staðið við sum meginstefnuskráratriði í stjórnarsamningnum. Hún hefur fellt gengið. Hún ætlaði að koma í veg fyrir háskalega verðlagsþróun, sem leitt hefur til síendurtekinna gengisfellinga og óðaverðbólgu. En samfara þessu hefur verið lögð of þung skattabyrði á herðar lágtekju- og miðlungstekjufólki. Skattalögunum verður að breyta. Furðumargir kunna lag á því að koma sér undan því að greiða eðlileg, opinber gjöld til almannaþarfa, og þá má spyrja: Hvers konar linka er það hjá vinstri stjórn að hafa ekki tekið þessi mál miklu fastari tökum? Loks vil ég minna á, að það ákvæði stjórnarsamningsins að gera ráðstafanir til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, sem fólk stynur nú undir, — og ætlunin var að hafa forgöngu um, að byggt yrði leiguhúsnæði, er lyti félagslegri stjórn, — hefur verið vanrækt, en einmitt þetta atriði hlýtur að vera meginverkefni vinstri stjórnarinnar.

Fáir munu hafa verið ákafari stuðningsmenn þessarar ríkisstj., fáir munu hafa átt meiri þátt í myndun hennar en ég. Því er ekki að leyna, að félagsleg vinnubrögð ráðh. SF eru með þeim hætti, að það er ábyrgðarhluti að styðja slíka menn til setu í ráðherrastólum. Þeir eru og lélegir ráðh., og hlutdeild þeirra í því að grafa undan stjórninni með gengisfellingarkröfu sinni er ekki lítil. Að öllu athuguðu styð ég aðeins ríkisstj. í þeim málum, sem eru í samræmi við málefnasamning hennar og stefnuskrá þeirra samtaka, sem ég er í, en greiði vitaskuld atkv. gegn þeim málum, sem brjóta í bága við þau. Ég er staðráðinn í að standa við þau fyrirheit, sem ég gaf kjósendum mínum í alþingiskosningunum, — hvort sem það snertir SF í Reykjavík, en allir vita, til hvaða átaka það hefur leitt í því félagi, — og þetta gildir einnig um þessa ríkisstj.

Vantrauststill. sú, sem hér er til umr., er borin fram af flokki, sem engin jákvæð úrræði hefur sbr. feril hans í fyrri ríkisstj. Till. er því tóm sýndarmennska og því ekki ástæða til þess að taka hana alvarlega, enda virðist mér Sjálfstfl. flytja þetta vantraust á núv. ríkisstj. vegna svipaðra eða sömu vinnubragða og úrlausna í efnahagsmálum, þ. e. gengisfellinga og verðbólgu, sem hann sjálfur beitti óspart í viðreisnarstjórninni. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um þessa vantrauststill.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Fádæma smekkleysa fannst mér ræða hæstv. iðnrh., að vera að blanda hörmungunum í Vestmannaeyjum inn í

umr. um till., sem komin var fram í þinginu, áður en þær hörmungar hófust. Það hefur verið upplýst hér, og ég get endurtekið það, að það voru ekki stjórnarandstæðingar, sem réðu því, hvaða till. voru samþykktar til hjálpar Vestmanneyingum. Það var eins og áður, það var stjórnarliðið, sem var klofið. Hverjum dettur í hug, að Magnús Kjartansson væri svo viðkvæmur fyrir afstöðu okkar stjórnarandstæðinga, að ráðh. færu að hætta við að bera fram frv. sitt vegna þess, að við værum á móti því? Kemur ekki til mála. En það voru, eins og ég tók fram áður, þeirra eigin menn, sem brugðust.

Ráðh. talaði um erlenda dáta og herstöðvar. Hvers vegna eru erlendir dátar á Íslandi í dag? Það er vegna þess, að vinstri stjórnin vill hafa þá. Það væru engir erlendir hermenn hér í dag, ef vinstri stjórnin hefði sagt upp samningunum, þegar hún komst til valda. Við erum ekki fyrir austan járntjald. Ég las það í Þjóðviljanum fyrir 2—3 dögum, held ég, að Rússar hafa heimild til að kúga sína bandalagsmenn. En það veit allur landslýður, að ef ríkisstj. Íslands segir upp herverndarsamningnum, þá fara hermennirnir á tilskildum tíma.

Við höfum erlendar herstöðvar. Ég var staddur úti í Finnlandi nokkrum árum eftir stríð. Húsnæðismál bárust í tal. Þar voru öll loftvarnarbyrgi höfuðborgarinnar full af flóttafólki, af Finnum. Það flóttafólk var ekki að flýja náttúruhörmungar, náttúruhamfarir. Nei, það voru nágrannar þeirra, Rússarnir, sem höfðu flæmt þá frá sínu aðsetri til þess að setja upp — ekki erlendar herstöðvar, heldur herstöðvar á fyrrverandi finnsku landi, sem nú var orðið rússneskt. Kyrjálaeiðið og Viborg voru ein glæsilegustu héruð Finnlands. Það er nú rússneskt land, og þar eru herstöðvarnar. Þær eru ekki erlendar. Þar er ekki hægt að segja upp og láta herinn fara.

Ég sagði ykkur, hvernig stóð á því, að frv. ríkisstj. um hjálpina til Vestmannaeyja var ekki samþ. eins og það kom fram. Það var vegna þeirra eigin manna, en ekki stjórnarandstöðunnar. Hið sama er að segja um herinn og herstöðina. Þeir geta aldrei orðið samstæðir, þessir menn. Það er engin samstaða um neitt, og það er kannske fróðlegt vegna árása hæstv. iðnrh. á okkur stjórnarandstæðinga að gera sér svolitla grein fyrir því, hvernig þeim ríkisstj. hefur farnazt á Íslandi, sem kommúnistar hafa átt aðild að, — farnazt t. d. á sviði samvinnu og efnahagsmála. Efnahagsmálin, traust stjórn efnahagsmálanna er að sjálfsögðu alger forsenda þess, að þróun félagsmála, svo sem trygginga- og heilbrigðismála, húsnæðis- og atvinnumála, geti orðið með eðlilegum hætti og varanleg. *Hver er nú efnahagsmálasaga þeirra ríkisstj., sem* kommúnistar hafa átt aðild að? Þrisvar hafa kommúnistar verið í ríkisstj. á Íslandi undanfarna þrjá áratugi, í nýsköpunarstjórninni, sem tók við af utanþingsstjórninni 1944 og sagði af sér 1946, í gömlu vinstri stjórninni, sem var mynduð eftir kosningar 1956 og sagði af sér í árslok 1958, og í núv. vinstri stjórn, sem mynduð var í júlí 1971 og hefur ekki enn sagt af sér.

Nýsköpunarstjórnin var mynduð við alveg sérstakar aðstæður. Stríðsgróðinn var fyrir hendi í erlendum bönkum. En þegar hann var fullnýttur og erfiðleikar blöstu við, var ekki lengur samstaða um neitt. Þá hlupu kommúnistar úr stjórninni. En auðvitað var öðrum annarlegum ástæðum borið við.

Vinstristjórnarárin frá 1956—1958 eru mörgum í fersku minni enn í dag. Höft, ráðleysi, óstjórn einkenndu þau ár. Gengi íslenzkrar krónu voru svo mörg, að vart varð tölu á komið, gat m. a. byggzt á því, hvort það var þorskur eða langa, sem greiða átti. Eftir 2½ ár gafst stjórnin upp á sögufrægan máta. Þáv. forsrh. lýsti því yfir, að þjóðin væri stödd á barmi hyldýpis, engin samstaða, engin eining um úrræði til bjargar. Þá voru erlend herskip í íslenzkri landhelgi, og þó var hlaupizt frá ábyrgðinni.

Nú er komið allmikið á annað ár núv. ríkisstjórnartímabils, þriðju ríkisstj., sem kommúnistar taka þátt í. Hvernig er nú ástandið? Við blasir algert efnahagsöngþveiti, endurteknar gengislækkanir og óðaverðbólga, sem ekki á sinn líka, jafnvel verri en 1958, fjárlög úr öllu hófi og ríkisbáknið þanið út með viku hverri. Fáir eru nú svo svartsýnir að líta svo á, að ríkisstj. muni lafa út kjörtímabilið. Hvað má af þessu ráða? 1) Ríkisstj. með þátttöku kommúnista verður skammlíf ríkisstj. Sífellt ósamkomulag og sundurþykkja. 2) Ríkisstj. með þátttöku kommúnista kemur efnahagskerfinu á kaldan klaka á skömmum tíma.

Hvað er hér að gerast, hvaða árátta er þetta, að stefna undirstöðu eðlilegrar þróunar og velferðar í voða? Ég veit, að þetta er ekki liður í þeirri yfirlýstu stefnu kommúnista, að það beri að brjóta niður efnahagskerfi borgaralegs þjóðfélags í þeim tilgangi að ryðja sósialismanum braut. Nei, það er ekki það. Hér er um eitthvað skelfilegt ólán að ræða, einhverja aðra ógæfu, sem við verðum að losna undan hið allra fyrsta.

Við sjálfstæðismenn vantreystum þessari ríkisstj. til þess að glíma við þau erfiðu viðfangsefni, sem fram undan eru, vandamál vegna náttúruhamfara, vandamál vegna aðfara erlendra aðila að lífshagsmunum okkar. Við hörfnumst í dag styrkrar, samhentrar stjórnar til þess að varðveita þau lífsgæði, er við höfum aflað með ærnu erfiði. Þess vegna vonast ég til, að till. sú, sem hér er til umr., verði samþykkt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þótt nokkuð hafi dregizt að taka til umr. og afgreiðslu þá till., sem hér liggur fyrir um vantraust á ríkisstj., þingrof og nýjar kosningar, er síður en svo, að tilefnið sé minna en áður. Aldrei hefur blasað við jafnskýrt og nú hin geigvænlega framvinda í verðlagsmálum og efnahagsmálum. Aldrei hefur verið jafnaugljóst og nú, hve ríkisstj. hefur brugðizt mörgum af þeim fyrirheitum, sem hún gaf þjóðinni í upphafi. Og aldrei hefur ráðaleysi hennar verið jafnumkomulaust og nú gagnvart efnahagsvandanum.

Ríkisstj. sparaði ekki í upphafi hin fögru orð Í hinum dæmalausa málefnasamningi voru loforðin borin á borð fyrir þjóðina, ýmist í beinum orðum eða hálfkveðnum vísum. Þar var launafólki lofað 20% hækkun á rauntekjum fyrir minni vinnu, bændur og sjómenn áttu að fá

svipaðar kjarabætur, og samtímis átti að bæta stöðu atvnnuveganna. Heita mátti, að allt ætti að gera fyrir alla. Ráðstafanir yrðu gerðar til að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings. Athuga skyldi þáverandi verðlagningu í því skyni að lækka verðlag og hindra verðhækkanir. Skattbyrðinni skyldi dreift réttlátar en verið hafði. Lögð áherzla á að koma í veg fyrir hina háskalegu verðlagsþróun, sem leitt hefði til síendurtekinna gengisfellinga og óðaverðbólgu, eins og það var kallað. Gengislækkun ekki beitt gegn vanda í efnahagsmálum. Svo mætti lengi halda áfram að telja. Allt þetta og miklu fleira var talið hægt að gera. Ríkissjóður og breiðu bökin, sem loks fundust helzt hjá gamla fólkinu, áttu að borga brúsann.

Um efndir þarf ekki að ræða. Þjóðin finnur sjálf vaxandi þunga af því ástandi, sem að flestu leyti er þveröfugt við það, sem lofað var. Var það að furða, að Bjarna Guðnasyni þætti sitthvað hafa farið úr böndunum hjá núv. hæstv. ríkissti.? Bragð er að, þá barnið finnur. En ráðh. kunnu lítið hóf á gleði sinni nýsetztir að fyrningunum úr búi viðreisnarstjórnarinnar. Fyrstu verkin voru og í samræmi við þetta. Greitt var fé á báðar hendur, 650 millj. kr. úr ríkissjóði umfram fjárlög á síðustu mánuðum ársins 1971 auk 300 millj. úr öðrum opinberum sjóðum. Lögfestur var styttri vinnutími á Íslandi en í nokkru nágrannalandi okkar og ríkisútgjöldin tvöfölduð á tveim fyrstu fjárlagaárum þessarar ríkisstj.

Með þessum dæmalausa austri loforða og ríkisfjármuna hratt ríkisstj. af stað þeirri verðbólguskriðu, sem síðan hefur runnið með vaxandi hraða. Þessi verðbólguskriða ásamt útþenslu ríkisbáknsins hefur nú raskað öllu efnahagskerfi þjóðarinnar, þrengt að rekstri fyrirtækja og heimila og fætt af sér þau vandræði, sem við hefur þurft að etja síðustu mánuði og nú blasa við í dekkri mynd en nokkru sinni fyrr. Verðhækkanir síðustu daga og vikna eru eins konar undanrásir þess, sem á eftir mun fara, verði ekki spyrnt við fótum. Allt eru þetta heimatilbúin vandræði, bein afleiðing og þungur áfellisdómur um hrapalleg mistök og fjársukk þeirrar ríkisstj., sem nú situr. Ekki verður ytri aðstæðum um kennt. Einstakt góðæri hefur ríkt, bæði til sjávar og sveita, á valdatíma núv. ríkisstj. Sjávarafli varð 54.7 þús. tonnum meiri á síðasta ári en árið á undan þvert ofan í tal stjórnarliða um aflabrest, og útflutningsverðmæti aflans varð um 1260 millj. kr. meira, enda sífelldar hækkanir á verði afurða okkar erlendis. Útflutningur iðnvarnings hefur farið vaxandi í kjölfar aðildar okkar að EFTA. Hamfarirnar í Vestmannaeyjum og hin hryggilega alda slysa og hrakfalla síðustu vikna við sjávarsíðuna hafa enn ekki náð að verka á efnahagskerfið. Hvað mun, þegar að því kemur?

Það sannast nú sem hjá hinni fyrri vinstri stjórn, að góðæri og hagstæð viðskiptakjör duga ekki til velfarnaðar, ef stjórnarstefna er röng. Nú eins og þá stefnir efnahagskerfi þjóðarinnar fyrir björg þrátt fyrir hinar hagstæðu ytri aðstæður. En forsrh. sagði hér áðan, að mikið öryggi ríkti á sviði efnahagslífsins. Hann virðist ekki gera sér grein fyrir ástandinu. Þar skilur á milli hans og Hermanns Jónassonar 1958.

Ríkisstj. hefur nú fellt gengi krónunnar þrisvar sinnum á þrem missirum þvert ofan í fyrirheit sín um hið gagnstæða. Það er einsdæmi á Íslandi að fella gengi krónunnar á sama tíma og verðlag útflutningsafurða okkar er jafnhraðstígandi og raun var á í des. s. l. Það er og einsdæmi, sem gerðist við þá gengislækkun, að ráðh. telji sjálfsagt mál og jafnvel hæli sér af því, að verðhækkanir af völdum gengisbreytingarinnar komi jafnóðum fram í verðlagi og vísitölu, sem þýðir það, að hin jákvæðu áhrif hennar étast upp á örskömmum tíma og eftir stendur aðeins, að oliu hefur verið kastað á verðbólgubálið. Er þetta kannske „hin leiðin", sem Framsókn hafði boðað? Sé svo, er víst, að hún liggur út í ófæru.

Allir ættu að sjá, að gripa verður til markvissra aðgerða til að hefta verðbólguflóðið, sem verður því óviðráðanlegra sem lengra líður. Meðal þess, sem mér sýnist nú brýnast að vinna að, er í fyrsta lagi að endurskoða og minnka áhrifamátt vísitölukerfisins. Það hefur hvort sem er ekki reynzt tryggja hagsmuni láglaunafólksins. Þvert á móti eykur það á misréttið milli launaflokka. Í annan stað verður að draga saman seglin í ríkiskerfinu. Rétt er þó að gera sér grein fyrir því, að hækkun ríkisútgjaldanna hefur komið mjög misjafnlega niður. Á meðan útgjöld fjárl. hafa hækkað um nálega 100%, hafa t. d. útgjöld til landbúnaðarmála ekki náð því að hækka um 40% og hlutdeild landbúnaðarins í heildarútgjöldum ríkisins í tíð núv. valdhafa lækkað um ⅓—¼ frá síðustu fjárl. viðreisnarstjórnarinnar. Með þeim 22 milljörðum, sem þjóðin greiðir nú til ríkisins, er samtímis skattheimtunni verið að safna valdinu saman hjá ríkinu, þessu valdi til sjálfræðis, sem að sama skapi er skert hjá einstaklingum og sveitarfélögum um land allt.

Að skaðlausu mætti nú t. d. teyma burtu ýmsa af þeim gæðingum, sem ríkisstj. hefur verið ötul við að raða á jötuna að undanförnu. En nýrra ráða er ekki að vænta hjá þessari ríkisstj. Hún virðist láta framvindu efnahags- og verðlagsmála lönd og leið án nokkurra tilburða og flýtur sofandi að feigðarósi. Ríkisstj. er fangi sinna eigin verka í verðbólgufeninu. Hún hefur brugðizt fjölmörgum þeim fyrirheitum, sem hún gaf í öndverðu, og í flestum greinum hefur verið breytt þveröfugt við orð forustumanna hennar fyrir síðustu kosningar. Forsendurnar, sem leiddu til valdatöku ríkisstj. eru brostnar. Hún ætti því þegar að fara frá. Rúmlega þriggja missira reynsla er þjóðinni nægilega dýrkeypt.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. S. l. laugardag átti sjónvarpið viðtal við búnaðarmálastjórann, Halldór Pálsson. Hann sagði í því viðtali, að afkoma íslenzks landbúnaðar væri betri á s. l. ári en nokkru sinni fyrr. Þar fór sá, sem vissi, hvað hann talaði um, og gerði grein fyrir hlutunum, eins og þeir raunverulega eru. Það kvað við nokkuð annan tón en hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. hér áðan, er hann talaði, enda talaði hann til þess að þjóna sínum flokki og reyndi að haga málflutningi

sínum í samræmi við það. Staðreyndin er þessi, að síðan viðreisnarstjórnin fór frá völdum, hafa bændur notið kjarabóta eins og aðrar stéttir í þjóðfélaginu og betri lánafyrirgreiðslu, bæði stofnlána og afurðalána, heldur en áður fyrr.

Nú er unnið að merkilegri lagasmíð í þágu landbúnaðarins. Það eru jarðalög og ábúðalög til að tryggja stöðu landbúnaðarins í þjóðfélaginu. Búnaðarþing hefur nú fjallað um þessi frv., og vonandi ná þau fram að ganga hér á hv. Alþ. fyrr en seinna.

Stjórnarandstæðingar hafa gert sér tíðrætt um fjármál ríkisins og afkomu ríkissjóðs á árinu 1971 og 1972. Í sambandi við afkomu ársins 1971 hafa þeir þó forðazt að geta þess, að fjárlagaafgreiðsla fyrir það ár var með sérstökum hætti. Þar voru nefnilega útgjöldin færð tekjumegin, og er það einsdæmi við fjárlagaafgreiðslu. Svo var um nýgerða kjarasamninga, sem kostuðu ríkissjóð þó á árinu 1971 yfir 500 millj. kr. Sama var að segja um útgjöld vegasjóðs, sem ákveðin voru í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu á þriðja hundrað millj. kr. Þeirra var þó að engu getið í fjárlögunum. 130 millj. kr. vantaði vegna útflutningsuppbóta, svo að endar næðu saman á árinu 1971, og 80 millj. kr. voru færðar á þann reikning vegna greiðsluhalla ríkissjóðs frá fyrri árum. Það vantaði 200—300 millj. kr., til þess að niðurgreiðslum væri hægt að halda áfram til ársloka, eins og þær hófust í upphafi þess árs. Það er því ýkjalaust, að það vantaði a. m. k. 1200 millj. kr., til þess að útgjöld fjárlaga árið 1971 væru í samræmi við venju um gerð fjárlaga.

Ef samanburð á að gera á hækkun fjárlaga 1969—1971, eins og gert hefur verið fyrir árið 1971—1973, þá verður hann að vera hliðstæður og þá verður að leiðrétta fjárlögin frá 1971, eins og hér hefur verið gert. Er þá hækkun á fjárlögum milli þessara tveggja ára bæði tímabilin rúmlega 70%. Þeim ferst því ekki, stjórnarandstæðingum, sem tala mikið um hækkun fjárlaga nú eins og óeðlilega hluti. Farið er í þeirra eigið kjölfar. Hins vegar er rétt að gera sér grein fyrir því, að núv. ríkisstj. tók ekki við neinum innistæðum á vegum ríkissjóðs, eins og fyrirrennarar hennar hafa haldið fram. Það var skuld við Seðlabanka Íslands, það voru skuldir upp á hundruð millj. við vegasjóð, sem höfðu safnazt hjá viðreisnarstjórninni. Það var skuld hjá Síldarverksmiðjum ríkisins um 100 millj. kr., sem var í algerri óreiðu og engar ráðstafanir höfðu verið gerðar til þess að greiða, en nú er verið að greiða. Sama er að segja um fyrirtæki eins og Slippstöðina á Akureyri, Rauðku á Siglufirði, Norðurstjörnuna í Hafnarfirði. Allt voru þetta fyrirtæki, sem ríkissjóður var meira og minna flæktur í. Þau voru á hausnum, og núv. ríkisstj. hefur orðið að ganga í að rétta þeirra fjárhag, en það hefur að sjálfsögðu kostað stórar fjárhæðir.

Aðalástæðan fyrir hækkun ríkisútgjalda hjá núv. ríkisstj. eru félagslegar umbætur, sem hv. þm. Oddur Ólafsson sagði, að væri ekki hægt að gera nema með traustum fjárhag. Það eru félagslegar umbætur almannatrygginga, sem eru fyrirferðamestar, ný verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga, þeim síðarnefndu í hag, aukin uppbygging í skóla-, heilbrigðis-, samgöngu- og raforkumálum og margvíslegar almennar félagsmálaumbætur. Menn geta að sjálfsögðu deilt um það, hversu hratt á að fara í slíkum umbótum, en þörfin á að hrinda þeim áfram var mikil, og hefur verið reynt að sinna henni. Og svo hafa launagreiðslur að sjálfsögðu hækkað vegna kjarasamninganna frá 1970, sem voru gerðir með áföngum, og kjradóms, sem tók gildi 1. marz s. l.

Fjölgun ríkisstarfsmanna, sem stjórnarandstaðan hefur haldið á lofti, er ekki raunhæf nema að litlu leyti. Þar munar mest um tilfærslu lögreglumanna, sem sveitarfélögin höfðu áður greitt, um 320 talsins. Auk þess er fastráðning á fólki á ríkisspítölunum, sem áður hafði verið lausráðið, og hafið verið gerð áætlun um að ráða það, þó að einnig hafi þar átt sér stað fjölgun vegna vinnutímastyttingar og nokkur fjölgun kennara. Raunveruleg fjölgun hjá rn. og ríkisstofnunum er 2—3 tugir manna. Unnið er nú að því að gera starfsmannaskrá, örugga á milli ára, en það hefur hún alls ekki verið til þessa. Þá hefur ríkissjóður tekið að sér greiðslu á skuldum vegasjóðs í ríkara mæli en áður fyrr, en skuldir hans námu í lok viðreisnarinnar mörg hundruð millj. kr., en voru engar, er þeir tóku við stjórnartaumunum. Auk þess er nú á fjárl. fjárveiting til að koma upp rekstrarsjóði ríkisins.

Við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1973 gerði ég grein fyrir viðskiptum ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands, eins og þau höfðu verið um nokkurra ára bil, miðað við 1. okt. Nú vil ég gefa hv. þm. og öðrum áheyrendum yfirlit yfir viðskipti ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands miðað við áramót um nokkurt árabil einnig og þá jafnframt tekin inn í það dæmi sjóðseign ríkissjóðs í árslok og skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann, hvort sem þær hafa verið á hlaupareikningi eða á skuldabréfi til nokkurra ára. En svo var gert á árinu 1969, þáv. fjmrh. tók lán hjá Seðlabanka Íslands, og einnig var það gert á s.l. hausti. Inn í þetta dæmi er að sjálfsögðu tekin sú innstæða, sem ríkissjóður átti á sínum hlaupareikningi þau ár, sem þetta tímabil nær yfir. Yfirlit þetta er því nettóstaðan, eins og hún hefur verið í árslok frá og með 1967 til ársins 1972. Yfirlitið er svo hljóðandi:

Árið 1967 skuldaði ríkissjóður 80.1 millj. kr. 1968 skuldaði hann 325 millj. kr. og hafði þó á því ári losað 100 millj. kr. innstæðu, er var á sérstökum reikningi frá fjmrh.-tíð Gunnars Thoroddsens. Árið 1969 skuldaði ríkissjóður 529.5 millj. kr., árið 1970 51.8 millj. kr., 1971 184.4 millj. kr. og 1972 5.9 millj. kr. Þessi er niðurstaðan af áramótauppgjöri ríkissjóðs og Seðlabankans, þegar sjóðseign ríkissjóðs er tekin með, skuldabréfalán við Seðlabankann og innistæður á hlaupareikningi. Sannar þetta, að staða ríkissjóðs við Seðlabankann og í sjóði í árslok 1972 hefur verið betri en nokkru sinni fyrr á þessu tímabili og hefur batnað um 178.5 millj. kr. á s. l. ári. Þá voru greiddar rúmar 100 millj. kr. af skuldabréfaláninu frá 1969 og yfirdráttur skulda á hlaupareikningi frá fyrra ári.

Eins og að líkum lætur, er uppgjör á ríkisreikningi fyrir árið 1972 ekki svo langt á veg

komið, að ég geti hér gefið glögga mynd af endanlegri niðurstöðu ríkissjóðs á því ári. Hitt mun þó nær sanni, að lengra er nú komið með ársuppgjör ríkisreiknings en áður hefur verið á sama tíma, og treysti ég því, að uppgjör hans geti orðið svo snemma, að A-hluti ríkisreikningsins liggi fyrir hér á hv. Alþ. fyrir þinglok. Hitt er þó ljóst af því, sem þegar liggur fyrir, að nokkurn veginn er öruggt að hvorki verður halli á rekstrarreikningi né greiðslureikningi ríkissjóðs á árinu 1972, eins og spáð hafði verið af stjórnarandstæðingum mjög dyggilega á s. l. ári. Hver niðurstaðan kann að öðru leyti að verða skal ég ekki segja frekar um að þessu sinni.

Þegar fjárl. fyrir árið 1972 voru afgreidd hér á hv. Alþ., var það mjög til umr. hjá stjórnarandstæðingum, hve illa væri frá þeim gengið, og meira að segja kom fram till. frá öðrum stjórnarandstöðuflkknum um að vísa þeim frá vegna ónógs undirbúnings. Nú liggur senn fyrir sú staðreynd, hvort þessi andstaða hafi við rök að styðjast, að fjárl. fyrir árið 1972 hafi verið verr úr garði gerð en önnur fjárlög íslenzka ríkisins. Ég tel, að bilið milli fjárlaga og ríkisreiknings segi til um nákvæmni í gerð fjárl. Mér er það að sjálfsögðu ljóst, að eitthver frávik verður alltaf um að ræða þar. Ég vil leyfa mér að nefna tölur um frávik frá fjárl. til ríkisreiknings, síðan farið var að gera ríkisreikninginn upp með þeim hætti, sem nú er gert. 1968 var frávikið tæp 4%, 1969 4.1%, 1970 10.3%, 1971 14.8% og 1972 4.1—4.3%, eftir því sem bezt verður séð. Ég leyfi mér að halda því fram, að það hafi sýnt sig nú, að fjárlagagerðin fyrir árið 1972 hafi verið með þeim hætti, sem bezt hefur reynzt á fyrri árum, þ. e. næst raunveruleikanum, sbr. það, sem ég las hér áðan. Það var því óþarfi fyrir hv. Alþ. að gera sérstaka aths. við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1972, og framkvæmdin hefur einnig tekizt vel.

Þegar viðreisnarstjórnin hafði setið að völdum á annan áratug, lýsti fjmrh. þeirrar ríkisstj. því yfir, að ástandið í skattamálum væri með þeim hætti, er nú skal greina, með leyfi hæstv. forseta: Skattakerfið er allt of flókið, álögð gjöld allt of mörg, frádráttarreglur flóknar, allt of þunkt á unglingum, allt of mikið af undanþágum og sérreglum. Það var því hlutverk núv. ríkisstj. að taka skattamálin til gagngerðrar endurskoðunar, er hún kom til valda, og leiðrétta þau mistök, sem viðreisnarstjórnin hafði gert með því að taka það eitt til endurskoðunar í skattalögunum, sem var þeim mest í hag, sem bezta höfðu aðstöðuna í þjóðfélaginu. Til þessa verks var þegar gengið haustið 1971. Kerfið var gert einfaldara, persónusköttum og þ. á m. sköttum á unglingum aflétt og hlutur sveitarfélaga bættur. Um framkvæmd þessara mála hefur mjög verið deilt, og skal ég ekki fara langt út í það. Ljóst er þó, að ef óbreytt hefði verið verkaskiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga á árinu 1972 frá því, sem áður var, hefði hækkun vegna ríkisins á sköttum ekki þurft að vera nema 31%, en hjá sveitarfélögunum, miðað við þá fjárhagsáætlun, sem þau lögðu á eftir, yfir 50%. Ég vil einnig vekja athygli á því, að ef sveitarfélögin hefðu ekki notað sér hækkunarheimildir þær, sem þau höfðu vegna útsvara og fasteignaskatts, hefði álagningin á milli áranna 1971 og 1972, heildarálagningin, verði svipuð og hún var á milli áranna 1970 og 1971. Hins vegar var það svo, að þar sem sjálfstæðismenn réðu ríkjum, eins og í Reykjavík, þá hlífðu þeir ekki gjaldendunum við háum sköttum og notuðu allar þær álagsheimildir, sem þeir höfðu. Þrátt fyrir tal þeirra um spennu á vinnumörkuðum hækkuðu þeir framlag til verklegra framkvæmda um 100%. Ljóst var þó þegar á s. l. ári, að hér var um algeran óþarfa að ræða, og hefði verið hægt að komast hjá því að nota þessar álagsheimildir, og það mun sýna sig á árinu 1973, að þetta er á rökum reist. Hins vegar var fjárhagur sumra sveitarfélaga orðinn þannig, að þeim bar nauðsyn til að nota þessa heimild að einhverju leyti til að rétta fjárhag sinn við eftir viðreisnarárin enda stefndi þá mjög í óefni, eins og sýndi sig, þar sem jöfnunarsjóður varð að aðstoða í kringum 20 sveitarfélög á árinu 1971, þrátt fyrir það að þau hefðu þá notað allar þær heimildir, sem þau höfðu til aukaálagningar á þegna sína. Það var líka ljóst með þeim breytingum á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem gerð var á s. l. ári, að hér er meiri jöfnuður á milli byggðarlaga en áður var. Ég leyfi mér að fullyrða, að það er eitt stærsta átakið, sem gert hefur verið til þess að jafna á milli byggðarlaganna í landinu. Útgjöldum var létt af sveitarfélögum, og ég vona, að þau hagnýti sér það til fyllstu hagsbóta og tryggi þar með stöðu sína. Enda þótt mikið hafi verið rætt um of háa beina skatta hér á landi á s. l. ári, eru þeir þó lægri hér en í nágrannalöndum okkar.

Ég vek athygli á því, að stefnumörkun á milli beinna og óbeinna skatta getur ekki farið fram með eðlilegum hætti, nema tekjuöflun ríkissjóðs í óbeinum sköttum og af munaðarvörum sé öll óháð vísitölu. Ég vek einnig athygli á þeirri ákvörðun ríkisstj. að hækka skattvísitöluna í 128 stig í staðinn fyrir 110, eins og gert var við fjárlagagerðina í haust, svo sem framfærsluvísitalan þó sagði til um. Það þýðir í raun og veru 700—800 milj. kr. raunverulega skattalækkun á þessu ári. Áfram er nú unnið að gerð nýrra skattalaga, og er lögð mikil áherzla á að koma í veg fyrir skattsvik og að skattsvik verði gerð refsiverð með sama hætti og auðgunarbrot samkv. hegningarlögunum.

Herra forseti. Ég legg að lokum áherzlu á það, sem ég hef þegar leitt rök að, að ríkisstj. hefur tekizt að halda þannig á málum þjóðarinnar, hvort sem litið er á svið félags-, atvinnu- eða fjármála ríkisins, að hún hefur fylgt fram frjálslyndri umbótastefnu, en þó sýnt fulla festu og aðhald. Þó ber hæst málefnum núv. ríkisstj. lífbeltin tvö, verndun landgrunnsins og verndun gróðurríkis landsins, enda á þjóðin framtíð sína undir því, að þetta hvort tveggja takist. Vitað að meiri hluti þjóðarinnar treystir ríkisstj. og styður hana til góðra verka, þó að skammsýnir stjórnmálamenn hafi löngun til annars, e. t. v. ekki sízt vegna þess, að þeim finnst sjálfum, að þeir hafi gleymt erindi sínu í valdastólunum, meðan þeir sátu þar. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Till. stjórnarandstöðu

um vantraust á starfandi ríkisstj. getur átt sér tvenns konar forsendur. Í öðru tilvikinu geta þær aðstæður komið upp á Alþ., að ástæða sé til þess að ætla, að meiri hl. ríkisstj. sé brostinn, og mun enginn draga í efa, að vantraust flutt við þær aðstæður er í alla staði eðlilegt og reyndar rétt þingleg aðferð til að leiða hið sanna í ljós um þingstyrk ríkisstj. En hitt er líka til, að þótt engin gild ástæða sé til þess að ætla, að hlutföll hafi raskazt á þingi milli stjórnarfylgis og stjórnarandstöðu, sé engu að síður borið fram vantraust á ríkisstj. Þá er tilgangurinn ekki að sannprófa, hvort ríkisstj. styðjist við meiri hl. þingheims, heldur að efna til aukaeldhúsdags á þingi, almennra umr., sem skylt sé að útvarpa, svo að allur landslýður geti fylgzt með.

Vantraustill. Sjálfstfl., sem hér liggur fyrir til umr., er af síðari gerðinni. Þegar hún var lögð fram skömmu fyrir jól, höfðu flm. alls enga ástæðu til að ætla að þingmeirihl. ríkisstj. væri brostinn. Eini votturinn um breytta afstöðu þm., sem á undan vantrauststill. fór, var tilkynning 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar, um brottför úr þingflokki SF, en þeirri yfirlýsingu fylgdi, að hann styddi jafnt eftir sem áður núv. ríkisstj. Það er mál út af fyrir sig, hvort þm. getur haldið því fram, að hann firri sig ábyrgð á tiltekinni stefnu í efnahagsmálum með því að koma í ræðustól hér á Alþ. og tilkynna sérstöðu sína, en lýsa jafnframt yfir, að hann veiti stuðning, fyrst í stað fullan, en nú einungis hálfan, ríkisstj., sem er að framkvæma stefnumál, sem þm. er svo á móti skapi, að hann telur sér fyrir þá sök eina ekki lengur vært í flokki sínum. Frammistöðu þm. í meðförum þingflokks SF á efnahagsmálum í des. s. l. er lýst í bréfi framkvæmdastjórnar SF til félagsmanna í Samtökunum, sem sent var út og dags. hinn 10. jan. s. l. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bjarni Guðnason hefur vanrækt þingflokksfundi og hætti alveg að sækja þá, þegar efnahagsmálin og úrræði gegn aðsteðjandi vanda í þeim efnum komu á dagskrá. Frá 29. nóv. til 9. des. voru haldnir 5 þingflokksfundir, þar sem efnahagsmál voru aðalfundarefni á hverjum fundi. Bjarni Guðnason sótti engan þessara funda. Á þingflokksfundi 10. des. var lögð fram till. um lausn efnahagsvandans. Sú till. var samþ. með 4 atkv., en Bjarni Guðnason taldi sig ekki reiðubúinn til að taka afstöðu, en kvaðst ekki andvígur því, að till. yrði lögð fram á ríkisstjórnarfundi. Næstu daga voru daglegir fundir þingflokksins og á þriðja fundi kvað Bjarni loks upp úr um þá afstöðu sína, að hann væri andvígur till. þingflokksins, án þess að hann gerði sjálfur neinar aðrar till., þó að eftir því væri gengið. Helzt kvaðst hann þó hlynntur „einhvers konar millifærsluleið“.“

Þetta var allt, sem þm. hafði til mála að leggja í þingflokknum, áður en hann kom fram hér á Alþ. og sagði sig úr þingflokknum án þess að hafa skýrt nokkrum þingflokksmanna frá þeirri ætlan sinni. Reiðilestur þessa þm. vegna þess að meiri hl. á löglegum fundi í SF í Reykjavík reyndist ekki kunna að meta frumleg vinnubrögð hans í flokknum, læt ég annars liggja á milli hluta. Þm. bregður mjög fyrir sig málsháttum í ræðum sínum hér. Kann hann ekki þennan málshátt: Ómerk eru ómagaorðin?

Engum blöðum er um að fletta, að þetta vantraust er borið fram í því skyni að setja á svið aukaeldhúsdag hér á Alþ., og læt ég hlustendum eftir að dæma um, hve knýjandi hafi verið að bera á borð fyrir þá endhúsdagskrá í útvarpinu.

Nú er liðinn hálfur þriðji mánuður síðan vantrauststill. var lögð fram, og þótt þessi tími hafi verið viðburðarríkur, bæði utan þings og innan verður fyrst og fremst að fjalla um þessa till. á þeim forsendum, sem fyrir lágu, þegar hún var fram borin. Forsendurnar voru afgreiðsla fjárl. ársins 1973 og efnahagsráðstafanir, sem þeim fylgdu, einkum lækkun á gengi krónunnar. Sjálfstfl. ber ríkisstj. jöfnum höndum á brýn, að hún sé óhóflega girug að innheimta fé í ríkissjóð, en nýr henni svo jafnframt um nasir, að hagur ríkissjóðs sé allt annað en beysinn. Núv. ríkisstj. hefur aldrei reynt að draga fjöður yfir það, að hún þyngdi skatta í efri hluta skattstigans, en það var gert um leið og nefskattar, sem bitnuðu jafnt á öllum, einnig þeim tekjulausu og tekjulágu, voru afnumdir og tryggingabætur hækkaðar, m. a. látnar koma til framkvæmda bótahækkanir, sem viðreisnarstjórnin hafði lagt drög að, en láðst að afla fjár til að standa straum af.

Sjálfstæðismenn segjast vera fylgjandi ívilnunum handa hinum tekjulausu og tekjulágu, en mótmæla jafnframt fjáröflun til að standa straum af þessum ráðstöfunum til að jafna lífskjör í landinu, sem jafngildir því að segjast hvorki vilja velja né hafna, þegar tveir kostir eru fyrirhöndum. Tekjuskipting viðreisnaráranna óbreytt er þá að þeirra dómi hið æskilega ástand.

Þó kastar fyrst tólfunum, þegar málsvarar sjálfstæðismanna þykjast geta leyft sér að tala digurbarkalega um, að afkoma ríkissjóðs sé lakari en æskilegt kynni að vera. Núv. ríkisstj. hefur aflað tekna fyrir öllu því, sem hún hefur átt frumkvæðið að, en ekki nóg með það, hún hefur orðið og verður enn að afla stórfjár til þess að standa straum af aragrúa óreiðuskulda, sem viðreisnarstjórnin lét eftir sig. Sjálfstæðismenn guma af, að sú stjórn hafi safnað í sjóði, sem núv. ríkisstj. hafi síðan sóað. Heyr á endemi! Hvaða ríkisstj. var það, sem skildi við skuldahala, sem nam hundruðum millj., hjá sjóðum sjávarútvegsins og landbúnaðar? Auðvitað viðreisnarstjórnin. Hvaða ríkisstj. var það, sem lét togaraflotann drabbast svo niður, að hann er þungur baggi á ríkissjóði? Það skyldi þó ekki hafa verið viðreisnarstjórnin líka. Og hvaða ríkisstj. stóð þannig að endurnýjun togaraflotans, loksins þegar hafizt var handa, að ekki er annað sýnt en ríkissjóður Íslands hljóti skell af ófullnægjandi samningi við skipasmíðastöð á Spáni? Þar var svo sannarlega viðreisnarstjórnin að verki. Og hvaða ríkisstj. bjó þannig að innlenda skipasmíðaiðnaðinum, að Slippstöðin rambaði á gjaldþrotsbarmi? Viðreisnarstjórnin enn. Og hvaða ríkisstj. skildi við rafvirkjunarmál Norðurlands í slíkum hnút, að ekki er annað sýnna en kosta muni eitthvað á annað hundrað millj. kr. úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar að leysa flækjuna? Vitanlega viðreisnarstjórnin. Sannleik-

urinn er sá, að núv. ríkisstj. hefur þegar greitt óreiðuskuldir, sem viðreisnarstjórnin lét eftir sig, svo að mörgum hundruðum millj. kr. nemur. Og enn sér hvergi nærri fyrir endann á þessum greiðslum. Þá fyrst, þegar þær eru úr sögunni, er unnt að gera upp bú viðreisnarstjórnarinnar.

Enginn hefur mér vitanlega dregið í efa, að í lok síðasta árs var aðkallandi að gera ráðstafanir, sem skertu nokkuð kaupmátt, eftir örustu kaupmáttaraukningu, sem hér hefur þekkzt og einkum hafði átt sér stað á tveim síðustu árum, en ykju arðsemi útflutningsatvinnuveganna að sama skapi. Eins og endranær var um að velja tvær leiðir, annaðhvort almennar aðgerðir eins og gengislækkun, sem hefur sjálfkrafa áhrif á allt hagkerfið, eða það afbrigði skömmtunarkerfis, sem kallast útflutningsuppbætur. Áratuga reynsla af mismunandi uppbótakerfum hefur sannað nógsamlega, að við íslenzkar aðstæður skapa þær ævinlega með tímanum enn erfiðari vanda en þeim var ætlað að leysa. Ástæðan er, að uppbætur bjóða heim hvers konar frávikum frá eðlilegum framleiðsluháttum og viðskiptavenjum. Allir vita, að með þeim er haldið uppi fölsku gengi, þær stuðla að óhagkvæmni í framleiðslu og torvelda nýjungum að ryðja sér til rúms. Allt rýrir þetta hag þjóðarbúsins og hamlar því, að framleiðsluatvinnuvegir skili fullum afköstum.

Gengislækkun er ekki til þess fallin að auka neinum, sem að henni stendur, vinsældir. En þegar um það er að ræða að afstýra háskalegu jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum, verður að gera fleira en gott þykir í svip. Eins og ástandið var í vetur, varð það að sitja í fyrirrúmi að ýta undir útflutningsframleiðslu og draga úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Á því veltur framtíðarhagur þjóðarinnar. Gjaldeyrisforði er þjóðinni nauðsynlegri nú en nokkru sinni fyrr, þegar svo stendur á, að hún verður fyrir hvern mun að hafa bolmagn til að halda af fullri festu á sínum málstað í landhelgismálinu og reyndar öllum málum, þar sem við önnur ríki er að skipta. Uppbótakerfi, sem samkv. fenginni reynslu hefði verið talið vita á gengislækkun síðar meir, hefði orðið til að draga úr hagkvæmni í rekstri og þar með gjaldeyrisöflun, en hins vegar ýtt undir spákaupmennsku og eftirspurn eftir gjaldeyri. Á báða þessa vegu hefði það veikt stöðu Íslands út á við.

Engum er ljósara en þeim, sem að ríkisstj. standa, að ekki hefur auðnazt að ná settu marki í viðureigninni við verðbólguna. Lítil huggun er, að núv. stjórn er þar ekki ein á báti, aðrir hafa áður mátt reyna hið sama. En fjarstæða er, að fyrir þessa sök beri ríkisstj. skylda til að segja af sér og efna til nýrra kosninga á miðju kjörtímabili. Ef svo væri, hvað skyldi þá fyrrv. stjórn hafa átt að láta oft af völdum á sínum langa ferli?

Vantrauststill., sem fyrir liggur, var ekki flutt af því, að flm. byggjust við, að hún bæri árangur, heldur til að sýnast, enda stendur ekki að henni nema annar flokkurinn af þeim, sem eru í stjórnarandstöðu. Ástæðan til, að vantraustið var flutt í des., var ekki þingleg, heldur flokksleg. Ástandið innan Sjálfstfl. er undirrót þessa tillöguflutnings. Flokksforustunni er vel ljóst, að afdrifaríkur landsfundur sjálfstæðismanna er skammt undan. Hún liggur undir ámæli fylgismanna sinna fyrir að halda óhöndulega á málum í stjórnarandstöðunni. Ýmis verk núv. ríkisstj. eins og annarra ríkisstj. geta orkað tvímælis. En í stað þess að benda með rökum á önnur úrræði í málum, sem ríkisstj. hefur um fjallað, hefur mest borið á hrópyrðum í Morgunblaðinu í garð einstakra manna í stjórnarflokkunum. Ríkjandi ástand í forustu Sjálfstfl. hefur orðið þess valdandi, að einstakir menn í áhrifastöðum við aðalmálgagn flokksins hafa komizt í þá aðstöðu að geta mótað stefnu hans og gert það á þann hátt, að verulegum hluta fylgismanna þykir vægast sagt lítið til koma. Nú hyggst flokksforustan reka af sér slyðruorðið fyrir landsfundinn með vantrauststill. þeirri arna.

Meðan ríkisstj. nýtur trausts meiri hl. Alþ., ber henni að sitja og vinna sitt verk. Hitt liggur svo í hlutarins eðli, að því fleiri sem flokkarnir eru, sem að ríkisstj. standa, þeim mun torveldara getur verið fyrir hana að taka skjótar og markvissar ákvarðanir. Full ástæða er fyrir fylgismenn jafnt og forustu vinstri flokkanna í landinu að hyggja að þessu lögmáli stjórnmálanna. Vinstri menn þurfa að þjappa sér betur saman, ná traustari samstöðu og skapa sér skilyrði til að undirbúa málin saman, en ekki hver í sínu lagi. Eina fullnægjandi ráðið til að koma slíkri breytingu til leiðar er að bera fram til sigurs málstað sameiningar vinstrisinnaðra kjósenda, sem SF hafa frá öndverðu sett á oddinn í stefnumótun sinni og málflutningi.

Foringjum Sjálfstfl. er ekki við annað verr en ef sameining íslenzkra kjósenda, sem aðhyllast jafnaðar- og samvinnustefnu, skyldi verða að veruleika. Í því skyni að torvelda sameiningarstarfið er kappkostað að splundra núverandi stjórnarsamvinnu. Neytt er allra bragða til að etja mönnum saman og leitað að veikum hlekkjum, ef takast mætti að rjúfa samstarfskeðjuna. Allir, sem vilja sameiningu vinstri afla í landinu á breiðum grundvelli, þurfa að vera á verði og kappkosta að ónýta herbrögð þeirra foringja Sjálfstfl., sem einskis láta ófreistað til að koma núv. ríkisstj. fyrir kattarnef. Með því hyggjast þeir slá tvær flugur í einu höggi, auðvelda sjálfum sér að ráða við vanda, sem uppi er innan Sjálfstfl., og ala jafnframt á sundrungu vinstra megin á stjórnmálasviðinu. — Þökk þeim, sem hlýddu.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Líklega hefur aldrei verið jafnófyrirleitin og ábyrgðarlaus stjórnarandstaða á Íslandi og sú, sem nú er. Ég átti sæti í vinstri stjórninni á árunum 1956—1958 og heyrði þá eins og fleiri sitthvað lítið fagurt úr stjórnarandstöðuhorni íhaldsins. En stjórnarandstaðan þá var hreinasti barnaleikur hjá því, sem hún er nú, og á ég þá sérstaklega við áróður stjórnarandstöðublaðanna. Nú eru líka komnir nýir herrar að blöðunum, menn með nýjar siðareglur, ef siðareglur skyldi kalla. Nú eru það siðareglur Eyjólfs Konráðs Jónssonar, ritstjóra

Morgunblaðsins, sem látnar eru gilda í áróðursskrifum stjórnarandstöðunnar. Sjálfstfl. flytur nú till. um vantraust á ríkisstj. og styður hana með sams konar málflutningi og að undanförnu hefur birzt í Morgunblaðinu. Það er því ekki úr vegi að taka þennan málflutning til sérstakrar athugunar í tveimur þeim málaflokkum, sem nú eru þýðingarmestir í íslenzkum stjórnmálum, þar á ég við landhelgis- og efnahagsmálin.

Landhelgismálið er tvímælalaust stærsta mál þjóðarinnar í dag. Stefnan í því máli var mörkuð með einróma samþykkt á Alþ. 15. febr. 1972. Þá var útfærslan í 50 mílur ákveðin miðað við 1. sept. 1972 og einnig ákveðið að segja upp landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja frá árinu 1961. Samstaða átti að vera um stefnuna í landhelgismálinu. En hver hefur verið afstaða Morgunblaðsins undanfarna mánuði og þá fyrst og fremst Eyjólfs Konráðs Jónssonar, aðalritstjóra Morgunblaðsins, sem augljóslega hefur skrifað þar mest um málið? Dag eftir dag hefur hann afflutt yfirlýsta stefnu Íslendinga í málinu. Hann hefur krafizt þess, að Hagdómstóllinn yrði látinn dæma um málið, þvert ofan í markaða stefnu. Og hann hefur hvað eftir annað ráðizt sérstaklega á þá fulltrúa Íslendinga, sem staðið hafa í samningaviðræðum við Breta um bráðabirgðalausn á málinu. Á sama tíma og samningamenn Íslands í viðræðunum við Breta og Vestur-Þjóðverja hafa lagt áherzlu á, að öll íslenzka þjóðin væri einhuga í landhelgismálinu og stæði fast á mótaðri stefnu, hefur Morgunblaðið þrástagazt á ósamkomulagi í ríkisstj. um afstöðu í landhelgismálinu og fullyrt, að ekki væri hægt að leysa deiluna við Breta og Vestur-Þjóðverja vegna djúpstæðs ágreinings í ríkisstj. Hér skulu tilfærð orðrétt nokkur dæmi um þessi skrif Morgunblaðsins, aðallega frá því í októbermánuði og nóvembermánuði s. l., en þá fóru einmitt fram hinar þýðingarmestu viðræður við Breta hér í Rvík um landhelgism. 21. okt. skrifar Ey. Kon. Jónsson í Rvíkurpistil M.bl. orðrétt.:

„En vegna þessa djúpstæða ágreinings í ríkisstj. og persónulegs metnaðar einstakra ráðherra verður nú enn að bíða og bíða, og enginn veit, hvort unnt verður að setja niður deiluna við Breta og Vestur-Þjóðverja, einfaldlega vegna þess, að ekkert er gert til þess að komast til botns í því máli. Ráðherrarnir þora varla að ræða málin sín á milli af ótta við, að upp úr sjóði. Meðan þessu fer fram, ríkir geigvænlegt hættuástand úti á miðunum, eins og forsrh. lýsti vel í þingræðu á Alþ. s. l. miðvikudag, og stórslys geta orðið hvenær sem er. Það hlýtur að vera krafa allrar íslenzku þjóðarinnar, að ráðh. geri það upp við sig, hvort þeir ætla að standa saman í landhelgismálinu eða ekki."

Þetta var boðskapur Morgunblaðsins 21. okt. 1972, þegar Íslendingar stóðu í miðri samningalotu við Breta og um sama leyti og brezkir landhelgisbrjótar reyndu sem ákafast að sigla á íslenzk varðskip. Auðvitað eru allar sögur Eyjólfs Konráðs í Morgunblaðinu um ósamkomulag ríkisstj. í landhelgismálinu algjör uppspuni. Ríkisstj. hefur verið sammála um öll tilboð til Breta til lausnar á deilunni og staðið saman um öll svör við tilboðum þeirra. Eyjólfi Konráð og þeim Morgunblaðsmönnum hefur að sjálfsögðu verið að fullu ljóst, hve háskaleg þessi skrif hafa verið fyrir málstað okkar Íslendinga. Það kemur m. a. skýrt fram í leiðara Morgunblaðsins 19. okt. en þar segir þá um það atriði orðrétt á þessa leið:

„Það er svo annað mál, að þetta opinbera rifrildi milli ráðherra um stöðu landhelgismálsins er afar óheppilegt. Það gefur andstæðingum okkar til kynna, að misklíð sé á ferðinni innan ríkisstj. í þeirri örlagaríku deilu, sem við nú stöndum í. Getur það haft slæm áhrif á samningsstöðu okkar, ef viðsemjendur eru þeirrar skoðunar, að þjóðareining sé að rofna."

Já, Eyjólfur Konráð Jónsson vissi vel, að það gæti haft slæm áhrif á samningsstöðu okkar, ef viðsemjendur yrðu þeirrar skoðunar, að þjóðareining væri að rofna. Í því ljósi ber að skoða skrif hans, þar sem hann fullyrðir gegn betri vitund, að djúpstæður ágreiningur sé í ríkisstj. um málið, allt sé að sjóða upp úr milli ráðherranna og öll þjóðin krefjist þess, að ráðherrarnir komi sér saman í málinu eða víki, þar sem hann fullyrðir, að ekki sé hægt að leysa deiluna við Breta vegna ágreinings í ríkisstj.

Bretar hafa vissulega veitt þessum og öðrum hliðstæðum skrifum Morgunblaðsins eftirtekt. Í brezkum blöðum fóru að birtast greinar um, að raunverulega stæði deilan um fiskveiðiréttindi Breta við Ísland fyrst og fremst við nokkra harðlínumenn og þá helzt við sjútvrh. Bretar fóru að gæla við þá fullyrðingu Morgunblaðsins, að á Íslandi skiptust menn í tvo andstæða hópa í landhelgismálinu: Þá, sem væru, samkvæmt orðalagi Morgunblaðsins, hófsamir og vildu samninga, og hina, sem vildu ekki neina samninga. 22. okt. orðaði Morgunblaðið þetta þannig í leiðara sínum: „Þess vegna vill Morgunblaðið taka undir þau sjónarmið hófsamra afla innan ríkisstj., að fara ber að öllu með varúð og gát." Og 4. nóv. skrifaði Eyjólfur Konráð Jónsson í Reykjavíkurbréf Morgurblaðsins orðrétt: „Þessi staða innan ríkisstj. veldur því, að eigi samningar að takast, verður stjórnarandstaðan og þá fyrst og fremst Sjálfstfl. að taka þar nokkra forustu og veita hinum hófsamari öflum í ríkisstj. þann stuðning, sem til þess þarf, að þau geti gert upp hug sinn."

Er nú nema von, að Bretar með alla sína þrjósku bíði enn um sinn og haldi áfram landhelgisbrotum sínum, bíði betri samningamanna, bíði eftir því, að hinir hófsömu og samningaviljugu nái yfirtökunum samkvæmt kenningum Morgunblaðsins? Bretar vita fullvel, að Morgunblaðið er blað Sjálfstfl., stærsta stjórnmálaflokksins í landinu. Þeim er því nokkur vorkunn að trúa þessu og vilja af þeim ástæðum bíða enn og sjá, hvað gerist. Ég hef sagt áður og m. a. endurtekið í útvarpsumræðum, að ég tel, að þessi skrif Morgunblaðsins séu ekki í neinu samræmi við almenna afstöðu stuðningsmanna Sjálfstfl. til landhelgismálsins. Þessi skrif Morgunblaðsins túlka skoðanir Eyjólfs Konráðs Jónssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, og e. t. v. nokkurra forustumanna flokksins. Þeir verða líka að bera ábyrgð á þessum skrifum, því að annars ættu þeir að hafa vit á því að stöðva slík skrif.

Þau dæmi, sem ég hef hér nefnt um áróður

Morgunblaðsins gegn ríkisstj. í landhelgismálinu, eru aðeins sýnishorn af vinnubrögðum stjórnarandstöðunnar og áróðri hennar gagnvart ríkisstj. Í þýðingarmesta máli þjóðarinnar leyfir stjórnarandstaðan sér slík vinnubrögð og það þegar þannig stendur á, að þjóðin á í hörðum átökum við erlenda aðila, sem brjóta lög okkar, ráðast gegn löggæzlu okkar, reyna að sigla í kaf fiskibáta okkar og notfæra sér til hins ítrasta í yfirgangi sínum eldgosshörmungar okkar og leit varðskipanna að skipbrotsmönnum.

Áróður stjórnarandstöðunnar um efnahagsmálin er af sama toga spunninn og áróður Morgunblaðsins í landhelgismálinu. Það er að vísu rétt, að miklar verðhækkanir ganga nú yfir og við ýmis vandamál er að glíma á efnahagssviðinu. Efnahagsvandamál eru ekkert nýtt fyrirbæri á Íslandi, og ættu þeir Gylfi Þ. Gíslason og Jóhann Hafstein að þekkja það. Nú eru þeir félagar hneykslaðir yfir miklum verðhækkunum og telja, að þær beri vott um, að ríkisstj. hafi enga stefnu í efnahagsmálum. Mikið má ástandið í dýrtíðar- og gengislækkunarmálum vera orðið slæmt, ef þessir tveir foringjar viðreisnarstjórnarinnar hafa raunverulega efni á því að kvarta og hneykslast. Þeir lækkuðu verðgildi íslenzkrar krónu gagnvart öllum erlendum gjaldeyri fjórum sinnum. Og í síðustu hrinunni lækkaði verðgildi krónunnar um helming. Í þeirra stjórnartíð óð dýrtíðin áfram risaskrefum og var meiri hér en í nokkru landi öðru í Evrópu. Síðustu 3 ár viðreisnarstjórnarinnar hækkaði verðlag hér um 18.6% að meðaltali á ári, eða frá 1. jan. 1968 til 1. nóv. 1970, þegar verðstöðvunin tók gildi. Þeir Jóhann og Gylfi geta því ekki gortað af stjórn sinni í efnahagsm. með slíka útkomu sem þessa.

En hvað hefur gerzt í tíð núv. ríkisstj. í dýrtíðarmálum? Á tímabilinu frá 1. nóv. 1970, þegar viðreisnarstjórnin setti verðstöðvun sína og hætti að mæla breytingar á vísitölu, og fram að 1. marz s. l. eru 28 mánuðir eða rúmlega 2 ár. Á þessum tíma hefur framfærsluvísitalan hækkað um 28 stig eða um 18%. Það jafngildir 7.7% á ársgrundvelli. Þessi hækkun framfærsluvísitölunnar er mikil, of mikil, þó að hún nái ekki helmingi af þeirri hækkun, sem varð í stjórnartíð þeirra Gylfa og Jóhanns. En hvernig stendur á þessari vísitöluhækkun í tíð núv. ríkisstj.? Í stuttu máli má segja, að ástæðurnar til þessarar hækkunar séu þessar: 1) Engar verðlagshækkanir á verðstöðvunartíma viðreisnarinnar. 2) Erlendar gengisbreytingar, sem urðu síðari hluta árs 1971 og á árinu 1972. 3) Erlendar verðhækkanir, þ. e. a. s. dýrtíð í öðrum löndum. Samkvæmt opinberum skýrslum kemur í ljós, að meðalverðhækkun á innfluttum vörum til landsins milli áranna 1971 og 1972 nam 9.25%. 4) Gengislækkun íslenzku krónunnar í desembermán. s. l. um 10.7%. 5) Kauphækkanir þær, sem samið var um í desembermánuði 1971 og áður hafði verið samið um við opinbera starfsmenn. 6) Hið nýja gengisfall dollarans nú nýlega.

Flestar eru þær ástæður, sem hér eru greindar, fyrir utan valdsvið íslenzkra stjórnvalda, núverandi ríkisstj. getur ekki borið ábyrgð á þeim. Vitanlega er ekki hægt að kenna núv. ríkisstj. um verðhækkanir, sem raunverulega höfðu átt sér stað í tíð fyrrv. stjórnar, en höfðu ekki komið formlega fram vegna verðstöðvunarinnar. Og ekki er hægt að kenna núv. ríkisstj. um verðbólguna í viðskiptalöndum okkar. Árið 1971 hækkaði t. d. innanlandsverðlag í Bretlandi um 11% og í Þýzkalandi um 7.7%. Í þessum löndum, sem eru okkar helztu viðskiptalönd, hefur verið gífurleg verðbólga undanfarin ár. Og er hægt að kenna núv. ríkisstj. um hrollvekjuna frægu, sem mest var talað um í síðustu kosningum? Hver var annars sú hrollvekja, sem Ólafur Björnsson prófessor talaði þá um? Hún var fólgin í afleiðingum þess óleysta efnahagsvanda, sem viðreisnarstj. skildi eftir sig og þá blasti við öllum. Þessi hrollvekjuvandi var m. a. sá, að fyrirsjáanlegt var, að kaup alls verkafólks yrði að hækka á árinu 1971, eftir kosningarnar þá. Fyrrv. ríkisstj. hafði samið um kauphækkun til opinberra starfsmanna. Þá kauphækkun þurfti auðvitað að greiða, og einnig að ætla öðrum vinnustéttum í landinu hliðstæða kauphækkun. Hluti af hrollvekjunni var einnig það, að búið var að samþykkja í tíð fyrrv. ríkisstj. allverulega hækkun á tryggingabótum almannatryggínganna, en átti eftir að borga þessa hækkun. Við öllum þessum fjárhagsvanda tók núv. ríkisstj., og þessi vandi var ekki leysanlegur nema með auknum ríkistekjum og með hækkun á kaupi, sem hlaut að þýða einhverja hækkun á verðlagi. Og svo þegar afleiðingar alls þessa koma fram, þá hneykslast þeir Gylfi Þ. og Jóhann og þykjast alveg hissa á því, hvað er að gerast.

Tillaga Sjálfstfl. um vantraust á ríkisstj. og málflutningur sá, sem henni fylgir, er gott dæmi um vinnubrögð stjórnarandstöðunnar nú. Þeir, sem frægir voru fyrir gengislækkanir og lækkuðu gengi krónunnar fjórum sinnum gagnvart öllum erlendum gjaldeyri, ásaka nú ríkisstj. fyrir gengisfellingu. Þeir, sem áttu met í verðhækkunum og stóðu fyrir helmingi meiri verðlagshækkunum, en nú eiga sér stað, þykjast hneykslaðir á hækkandi verðlagi. Og þeir, sem sjálfir heimta nú, m. a. í borgarstjórn Reykjavíkur, helmingi meiri verðhækkanir á rafmagni, á hitaveitugjöldum, strætisvagnagjöldum, gatnagerðargjöldum og yfirleitt öllum gjöldum til borgarinnar en þeir fá heimild fyrir hjá stjórnvöldum, þeir tala nú manna mest um hroðalegar verðhækkanir? Og þeir, sem ekkert aðhöfðust í landhelgismálinu á 12 ára stjórnarferli sínum og gerðu skaðræðissamningana við Breta og Vestur-Þjóðverja árið 1961, — samningana, sem mest þvælast fyrir okkur í dag, ásaka núv. ríkisstj. fyrir stefnuna í landhelgismálinu. Nú vilja þeir lúta dómstólnum í Haag, sem úrskurðað hefur Bretum rétt til fiskikvóta í okkar landhelgi og telur, að samningarnir frá 1961 séu enn í gildi þrátt fyrir einróma yfirl. Alb. um, að þeim hafi verið sagt upp.

Nú talar sjálfstfl. um óstjórn í efnahagsmálum. Fyrir liggur þó, að framkvæmdir voru meiri í landinu á s. l. ári en nokkru sinni áður. Atvinnuleysi er ekkert. Gjaldeyrisstaða þjóðarinnar batnaði á s. l. ári um rúml. 800 millj. kr. þrátt fyrir minni fjármagnsflutning til landsins en áður. Nú stendur yfir stórfelld endurnýjun fiskiskipaflotans, endur- og nýbygging frystihúsa, stórfelld efling iðnaðarins í landinu, og meiri framkvæmdir í landbúnaði eru nú en áður.

Það er að vísu rétt, að núv. ríkisstj. á eftir að leysa mörg vandamál, þ. á m. að tryggja fullnaðarsigur í landhelgismálinu og ná tökum á verðbólguvandanum. En hvað mundi taka við, ef

gömlu viðreisnarkempurnar, Gylfi og Jóhann, tækju við stjórnartauminum í dag? Hvað haldið þið, launþegar í landinu, að þá gerðist í launmálum ykkar? Hvað haldið þið, hlustendur góðir, að þá gerðist í landhelgismálinu, þegar svo er komið, að Gylfi Þ. Gíslason segir hér í umræðum, að útfærslan í 50 mílur sé einskis virði, sé aðeins pappírsgagn? Hvað haldið þið, að þá taki við í þróun verðlagsmála? Og hvað yrði þá um uppbyggingu atvinnulífsins í höndum landsmanna sjálfra? Það er satt að segja ótrúlegt, að margir landsmenn vildu í raun og veru viðreisnarpostulana aftur til valda í landinu eftir þá dýru reynslu, sem fyrir liggur af stjórnarstörfum þeirra. — Góða nótt.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Forsrh. sagði hér áðan, að verkafólk byggi nú við hátt kaupgjald og góð lífskjör. Ja, því getur hver og einn svarað fyrir sig, hvort svo sé. Hann reyndi að vitna því til staðfestingar í skýrslu, sem Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, lagði fram á þingi Alþýðusambandsins s. l. haust. En honum láðist að geta þess, að núv. ríkisstj., sem á sínum tíma studdi vissulega verkalýðshreyfinguna við gerð núgildandi kjarasamninga, hefði síðan alls 8 sinnum — ég segi: 8 sinnum — gert beinar tilraunir til þess að breyta þessum kjarasamningum eða beinlínis til þess að reyna að skerða þá. Það skyldi þó ekki vera, að Björn Jónsson væri einnig reiðubúinn til að staðfesta þetta.

Ráðh. þrír, sem hér hafa verið í ræðustólnum á undan mér, töluðu fjálglega um meintar ávirðingar fyrrv. ríkisstj. Rifjast við það upp fyrir mönnum hinn mikli áróður, sem núv. stjórnarflokkar héldu uppi í stjórnartíð fyrrv. ríkisstj. gegn stefnu hennar, einkum í efnahagsmálum. Formælendur Framsfl. Alþb. og SF voru ósparir á fögur fyrirheit í því sambandi. Ef þeir fengju aðstöðu til þess að stjórna, skyldi vissulega allt breytast til betra horfs. Komið skyldi í veg fyrir háskalega verðbólguþróun og gengislækkunum ekki beitt sem úrræði í efnahagsmálum, svo að minnt sé á tvennt á löngum loforðalista þessara flokka. Úrslit kosninganna urðu þau, að þeir fengu tækifæri til að sýna í verki, hvort þeim auðnaðist að standa við gefin loforð. Nú bráðum í tvö ár hafa þeir setið við stjórnvölinn, og hvernig hefur þeim tekizt? Í málefnasamningi ríkisstj. segir svo orðrétt á einum stað: „Ríkisstj. leggur ríka áherzlu á, að takast megi að koma í veg fyrir þá háskalegu verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í efnahagsmálum.“ Enn fremur segir: „Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum.“ Það skal viðurkennt, að fögur fyrirheit og góður ásetningur eru út af fyrir sig ekki nægjanleg til þess, að því verði náð, sem að er stefnt í þessum efnum, ef ytri aðstæður eru þannig, að óframkvæmanlegt reynist. Því er rétt að kanna, hvort slíkar kringumstæður hafi verið fyrir hendi, sem hafi gert stjórnarflokkunum ókleift að koma í veg fyrir þær gengisfellingar og óðaverðbólgustefnu, sem hefur verið megineinkenni þróunar efnahagsmála í tíð núv. ríkisstj., — þróunar, þar sem dýrtíðar- og verðbólguhjólið hefur fengið að snúast hraðar en nokkru sinni fyrr. Hefur orðið verðfall á erlendum mörkuðum fyrir afurðir okkar, eins og var í tíð viðreisnarstjórnarinnar á árunum 1967 og 1968? Svarið er nei. Þvert á móti hafa orðið miklar verðhækkanir á helztu útflutningsafurðum. Þannig var verðmæti sjávarafurða árið 1972 11.4% meira en árið 1971, og miðað við árið 1970 er aukningin 21.7%. Verðmæti heildarútflutningsins hefur aukizt enn meira á þessu tímabili eða um 29.5%. Gengisfellingastefna núv. ríkisstj. á þannig ekki rætur að rekja til ytri aðstæðna, eins og þegar viðreisnarstjórnin neyddist til þess að framkvæma gengislækkun haustið 1968, vegna þess að verðmæti útflutningsafurða hafði minnkað um nær 50% af völdum verðhruns og aflabrests.

Sannleikurinn er sá, að efnahagsvandinn er heimatilbúinn. Stjórnarflokkunum hefur ekki tekizt að standa við loforðin frá því um síðustu kosningar, og er þar langur vegur frá. Óðfluga stefnir í algert óefni í þessum málum. Holskefla dýrtíðar og verðbólgu flæðir nú yfir landið, og ríkisstj. fær við ekkert ráðið. Þær gífurlegu hækkanir, sem áttu sér stað fyrir nokkrum dögum á verði neyzluvara almennings, eru þær mestu, sem neytendur hér á landi hafa mátt þola, þegar mjólkin hækkaði í verði um hvorki meira né minna en 43.8% og allar búvörur, sem eru helztu nauðsynjavörur fólks, hækkuðu að meðaltali um 25%. En það eru ekki aðeins landbúnaðarvörur, sem hækka svo hrikalega í verði sem raun ber vitni, heldur verðlagið yfirleitt, af völdum þeirrar gengisfellingastefnu, sem rekin er í landinu. Þær gífurlegu dýrtíðar- og verðbólguöldur, sem fram undan eru, sýna, svo að ekki verður um villzt, að efnahagsmál þjóðarinnar stefna í algert öngþveiti. Þær launahækkanir, sem urðu í landinu s. l. mánaðamót, verða sjálfsagt til þess, að atvinnuvegirnir telja sig ekki geta staðið undir slíkum kostnaðarauka, þegar þær koma til viðbótar öðrum fyrirsjáanlegum rekstrarkostnaðarhækkunum.

Allt bendir til, að kaupgjaldsvísitalan hækki verulega 1. júní n. k. vegna hækkana á búvöruverði og verði ýmissa annarra vara, sem þar hafa áhrif á. Lauslegir útreikningar sýna, að hjá meðal verkamannafjölskyldu fer u. þ. b. helmingur kauphækkunarinnar, sem kom til framkvæmda um s. l. mánaðamót, í aukinn kostnað vegna kaupa á nauðsynjum, svo sem mjólk, kjöti, smjöri og þess háttar. Og allt útlit er fyrir, að þetta sé bara byrjunin. Á eftir fylgja fleiri verðhækkunarbylgjur á næstu vikum og mánuðum, eins og nú horfir, ef að líkum lætur. Sú kjaraskerðing, sem launþegar urðu fyrir vegna hinna miklu verðhækkana um s. l. mánaðamót, verður þeim óbætt í 3 mánuði, en þá munu þeim verða bætt 2 stig af þeim 3.5, sem hækkanir á landbúnaðarvörum hækka vísitöluna, en 1.5 stig verða þeir að bera bótalaust til frambúðar. Það mun láta nærri, að hinar stórkostlegu hækkanir á landbúnaðarvörum geri næstum að engu þá kauphækkun, sem fékkst samkv. ákvæðum um kjarasamninga 1. marz s. l. Sú kjarabót, sem launþegasamtök sömdu um fyrir meira en ári, er að hverfa í hít verðbólgu og ofsköttunar.

Margir velta nú fyrir sér, hvernig slíkt geti átt sér stað, að svo hrapallega skuli til takast hjá núv. ríkisstj. með stjórn efnahagsmála sem raun ber vitni. Ekki hvað sízt eru fjölmargir

vinstri menn, sem studdu núv. stjórnarflokka í síðustu kosningum, eins og þrumu lostnir yfir, hversu stjórn efnahagsmálanna er í algerum molum hjá stjórnarflokkunum, sem ekki spöruðu stóryrðin, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu og fundu stefnu þáv. ríkisstj. allt til foráttu, ekki hvað sízt í efnahagsmálum.

Það fer ekki á milli mála, að fjöldi vinstri manna hefur orðið fyrir sárum vonbrigðum með frammistöðu núv. ríkisstj. vegna þess, hversu gersamlega henni hefur mistekizt að leysa farsællega margvísleg viðfangsefni, sem að höndum hefur borið, og eru þar efst á blaði efnahagsmálin. Orsaka óstjórnarinnar virðist fyrst og fremst að leita í sundurlyndi og ósamstöðu innan ríkisstj. og stuðningsflokka hennar um stefnuna í hinum ýmsu málum og skorti á yfirsýn og samræmdum aðgerðum við framkvæmd mála, sem kemur til af því, að stjórnarflokkarnir virðast eiga erfitt með að vinna saman. Fyrsta árið, sem ríkisstj. sat að völdum, gerði hún enga tilraun til þess að hafa hemil á verðbólguþróuninni. Þá var allt látið reka á reiðanum í efnahagsmálum, en loforð gefin til allra um aukna hagsæld. Að þeim tíma loknum er eins og vaknað sé við vondan draum og augu stjórnarsinna opnist fyrir því, að eitthvað þurfi að sinna efnahagsstjórn landsins og gera ráðstafanir til að stemma stigu við óheillaáhrifum á þróun efnahagsmála í landinu, sem skapazt hafi vegna aðgerða ríkisstj. Áhugasamir stuðningsmenn ríkisstj. biðu spenntir eftir, að töfrabrögð hennar við þeim vanda, sem þarna var á ferð, væru kynnt alþjóð. Því hafði nefnilega oft verið lofað fyrir síðustu kosningar, að núv. stjórnarflokkar mundu ekki beita neinum viðreisnarstjórnarúrræðum um lausn efnahagsmála, þegar þeir kæmust í valdastólana. Burt með gengisfellingar, burt með blekkingar og kosningabrellur eins og þær, sem fólust í verðstöðvunaraðgerðunum, sögðu þáv. stjórnarandstæðingar. Þeir hefðu önnur ráð á takteinum, ef á þyrfti að halda, til lausnar efnahagsvandamálum. En þau birtust ekki. Þess í stað var tilkynnt um útgáfu brbl. um verðstöðvun til ársloka 1972. En ekki nóg með það, heldur bundu þeir kaupgjaldsvísitöluna við 117 stig og frestuðu greiðslu 2.5 vísitölustiga til áramóta. Sem sagt var gripið til úrræða, sem formælendur núv. stjórnarflokka höfðu fordæmt sem blekkingu, kosningabrellu og vísitölurán, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu.

En stærsta kollsteypan í efnahagsmálastefnu ríkisstj. var þó sú ákvörðun hennar að fella gengi krónunnar í des. s. l. um tæp 11%. Að tveimur öðrum gengisfellingum hefur ríkisstj. staðið í valdatíð sinni, sem þó eru af öðrum toga spunnar en sú, sem framkvæmd var fyrir síðustu jól. Formælendur stjórnarflokkanna voru ekkert að klípa utan af því, þegar þeir á sínum tíma fyrir síðustu kosningar réðust harkalega á þá stefnu að lækka gengi krónunnar til lausnar á efnahagsvanda. Þá var því heitið, að ekki mundu þeir grípa til slíkra aðgerða. Það fyrirheit var staðfest í málefnasamningi ríkisstj. og margítrekað eftir það af formælendum ríkisstj.

Óstjórnarstefna ríkisstj. í efnahags- og fjármálum lýsir sér einnig með ýmsum öðrum hætti. Fjárlögin, sem afgreidd voru fyrir árið 1973, að upphæð 22 milljarðar kr., höfðu til að mynda tvöfaldazt á einu ári og eiga vafalaust eftir að stórhækka um næstu áramót. Og eins og nú horfir, lítur út fyrir mikinn halla í ríkisbúskapnum. Það má reikna með stórum greiðsluhalla hjá ríkissjóði svo og halla á viðskiptunum við útlönd. Ef svo heldur fram sem nú horfir og áfram verður fylgt þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur markað í efnahagsmálum, eykst spennan í þjóðfélaginu enn að miklum mun, og kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds vex hröðum skrefum. Hvort tveggja setur atvinnuöryggi, sem þjóðin hefur búið við, í mikla hættu. Sú háskalega þróun, sem nú á sér stað í þessum málum, krefst fjárframlaga í stórum stíl til að leysa alvarleg félagsvandamál, sem af henni leiða. Þegar hvergi er dregið úr eyðslu í staðinn, sem að gagni kemur til að mæta slíkum gífurlegum útgjöldum, verður afleiðingin enn vaxandi verðbólga, sem kallar á nýja gengisfellingu og nýja skuldasöfnun erlendis og getur endað í því, að efnahagskerfi þjóðarinnar fari úr skorðum.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar ráða ekki við þann vanda, sem við er að etja. Stefna hennar hefur beðið skipbrot. Ákaflega miklu varðar fyrir þjóðina alla, að haldið sé traustlega og af festu í stjórnartaumana, ekki hvað sízt á vettvangi fjármála og efnahagsmála. Ríkisstj. hefur ekki getað staðið við þau loforð, sem gefin voru af stuðningsflokkum hennar fyrir síðustu kosningar og í málefnasamningnum. Hún er ekki vanda sínum vaxin. Henni ber því að fara frá. Ríkisstj. hefur mistekizt einnig á ýmsum öðrum sviðum, en ekki gefst tími til að fara út í það við þetta tækifæri. Þar með er ekki sagt, að henni hafi verið alls góðs varnað, svo slæmt er það ekki. Hún hefur beitt sér fyrir framgangi nokkurra góðra mála, sem Alþfl. hefur stutt af heilum hug. En hún hefur ekki reynzt þeim vanda vaxin að stjórna landinu. Hún tók við traustu atvinnulífi og blómlegum hag þjóðarbúsins á öllum sviðum. Eftir bráðum tveggja ára stjórnarferil blasa við erfiðleikar hvert sem litið er, svo að liggur við öngþveiti. Þjóðarheill krefst þess, að ríkisstj. víki frá völdum. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 6. marz, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. marz 1973.

Páll Þorsteinsson, 3. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austf., Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Tómas Árnason hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 207). — Frh. einnar umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ýmislegt kom fram hér í útvarpsumr. í gærkvöld um till. okkar sjálfstæðismanna um vantraust á núv. ríkisstj., sem vert væri að taka til athugunar og meðferðar. Það er aðeins hægt að taka fátt eitt til meðferðar af því, sem ástæða væri til, í þeim orðum, sem ég mun hér segja. Það var t. d. athyglisvert og skemmtilegt að heyra dóm manna um stjórnarandstöðuna. Hæstv. félmrh. sagði, að þetta væri ofsafengin, ofstækisfull og hávaðasöm stjórnarandstaða. Hæstv. sjútvrh. sagði, að stjórnarandstaðan hefði aldrei verið jafnófyrirleitin og ábyrgðarlaus, og hann bætti við: Stjórnarandstaðan 1956-1958 var hreinn barnaleikur. Ef þessi orð eru skoðuð í ljósi þess, að eitthvað líkt var sagt um stjórnarandstöðuna 1956—1958 á sínum tíma, og ef þessi ummæli eru skoðuð í ljósi þess, hvernig þessir hæstv. ráðh. komu fram, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu, og loks ef höfð eru í huga orð hæstv. menntmrh., að vantrauststill. okkar sjálfstæðismanna væri til þess flutt að reka af sér slyðruorðið í stjórnarandstöðu, þá fæst sennilega ekki heil brú í þessa dóma. En allt um það, held ég, að stjórnarandstaðan megi vel við una.

Það var líka athyglisvert að hlýða á dóma manna um gengisfellingu núv. ríkisstj. í des. s. l. og raunar um hinar tvær gengisfellingarnar líka, sem voru meiri en ástæða var til, til þess að hagsmunum útflutningsatvinnuveganna væri borgið. Það var einkum og sér í lagi fróðlegt að hlýða á þá dóma, þegar haft var í huga það ákvæði í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., sem hljóðar svo: „Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum." Hæstv. forsrh. sagði: Gengislækkun var skásti kosturinn. Hæstv. félmrh. sagði: Við vildum heldur ódulbúna gengislækkun en dulbúna, eins og uppbótakerfi. Hæstv. menntmrh. sagði: Ég er á móti uppbótakerfi, gengislækkun er hreinlegri. — Allt er þetta gott og blessað. En hæstv. ráðh. Alþb. nefndu ekki gengisfellingu. Þeir skildu, að menn eiga ekki að nefna snöru í hengds manns húsi.

Það skal tekið skýrt fram, að við sjálfstæðismenn erum ekki að áfellast núv. hæstv. ríkisstj. fyrir að skrá gengi íslenzku krónunnar rétt. Við erum ekki að áfellast ríkisstj. fyrir að horfast í augu við staðreyndir, heldur erum við að gagnrýna ríkisstj. fyrir þá atburðarás, sem átti sér stað sem undanfari gengislækkunarinnar, að meðan helztu útflutningsafurðir okkar hækka í verði um 20—25%, hafi þurft að lækka gengi íslenzku krónunnar. Þannig hefur verið haldið á efnahagsmálunum.

Þá var líka athyglisvert að heyra dóma hæstv. ráðh. um vísitölukerfið og það fyrirkomulag að mæla kaupgjald í samræmi við framfærslu- eða kaupgjaldsvísitölu. Hæstv. forsrh. talaði um gallað, sjálfvirkt vísitölukerfi, hæstv. félmrh. talaði um skaðsemi sjálfvirks vísitölukerfis, og hæstv. iðnrh. talaði um tilgangslausar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags. Óðruvísi mér áður brá. Fyrsta stjórnarráðstöfun þessara hæstv. ráðh. var sú að setja inn í kaupgjaldsvísitölu 2 vísitölustig, sem frestað hafði verið og hefðu komið sjálfkrafa inn í vísitöluna einum mánuði seinna, ef brbl. hefðu ekki verið gefin út. Þá um leið voru það þessir ráðh., sem settu inn í kaupgjaldsvísitöluna hækkun, sem út úr henni hafði verið tekin vegna helmingi minni hækkunar áfengis og tóbaks en núv. hæstv. ríkisstj. stóð að fyrir nokkru og vildi þá fá út úr vísitölunni. Það var aðeins ein eftirlegukind í hinu fyrrv. stjórnarliði, sem talaði hina gömlu mállýzku. Það var hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sem sagði, að aðeins væri eftir vísitöluskerðing til þess að fullkomna viðreisnarráðstafanirnar hjá núv. ríkisstj.

En forvitnilegasta ræðan í umr. í gær er e. t. v. sá óskammfeilni rangsnúningur hjá hæstv. iðnrh., þegar hann ræddi um efnahagsmálin og eldgosið í Vestmannaeyjum. Hann talaði um, að stjórnarandstaðan eða ákveðnir þm. vildu nota eldgosið í Vestmannaeyjum til að koma pólitísku höggi á stjórnina. Ég held, að hann hafi ekki verið að beina þessum orðum fyrst og fremst til stjórnarandstöðunnar. Ég held, að hann hafi verið að beina þessum orðum til stuðningsmanna stjórnarinnar sjálfrar. Hann talaði um lágkúrulegan pólitískan tilgang, lítilsigld pólitísk átök, lákúrulegt pólitískt pex o. s. frv.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að kanna, hverjir það voru, sem ætluðu sér að nota hörmungar Vestmanneyinga og náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum í pólitískum tilgangi. Við skulum vitna til þess, sem haft er eftir einum af þm. stjórnarinnar, en í Alþýðublaðinu í dag er haft eftir hv. þm. Birni Jónssyni, forseta A. S. Í., eitthvað á þessa leið, með leyfi forseta:

„Björn ræddi nokkuð frv. það, sem ríkisstj. hefði ætlað að bera snarlega fram á Alþ. fyrstu dagana eftir að eldgosið á Heimaey varð. Kvað hann ekkert hafa verið við sig eða verkalýðssamtökin talað um það frv. og hann hefði ekki fregnað af efni þess fyrr en 24 klukkustundum eftir að það hefði verið sýnt foringjum stjórnarandstöðunnar. Hann kvaðst hafa það eftir áreiðanlegum heimildum, að forsrh. hefði ætlað að hraða því frv. sem allra mest gegnum þingið, „meðan stemmningin væri svo góð," eins og hann hefði orðað það."

Það er sem sagt upplýst af hálfu stjórnarliða sjálfra, að það var ríkisstj., sem ætlaði að notfæra sér hörmungarnar í Vestmannaeyjum, meðan, „stemmningin væri góð", til hylja mistök sín á stjórn efnahagsmálanna í reykskýi frá eldgosinu þar.

Hæstv. iðnrh. sagði um þá sáttagerð, sem gerð var meðal þm. um frv. til l. um viðlagasjóð Vestmanneyinga orðrétt, með leyfi forseta: „Ég var þeirrar skoðunar þá og er það enn, að sú ákvörðun hafi ekki verið rétt." Ef hæstv.

iðnrh er alvara með þessum orðum, þá afhjúpar hann sína eigin lágkúru, því að það var skylda hans auðvitað, — hafi hann ekki álitið þessa ákvörðun rétta, hafi hann álitið samningana um frv. um viðlagasjóð í Vestmannaeyjum lágkúrulegt pólitískt pex, — að segja fremur af sér ráðherradómi heldur en að halda sér fast í ráðherrastólinn og gangast undir þau lýsingarorð, sem hann valdi þessu frv. og þessum ráðstöfunum

Það er annars merkilegt, hvernig ráðh. Alþb. reyna að koma því, sem telja vera ávirðingar, yfir á samráðh. sína. Við munum það, að ráðh Alþb. greiddu sératkv. í ríkisstj., þegar ríkisstj samþykkti lengingu flugbrautanna á Keflavíkur flugvelli, og vildu þannig þvo hendur sínar at því verki. En þeir bera stjórnskipulega ábyrgð á þeirri samþykkt.

Við höfum heyrt hér hæstv. sjútvrh. segja, að hann hafi verið á móti gengisfellingunni, sem núv. hæstv. ríkisstj. stóð að í des. s. l., hann hafi viljað aðrar ráðstafanir. En auðvitað ber hann og Alþb.-ráðh. stjórnarfarslega ábyrgð á þeirri aðgerð. Þeir geta ekki með því að skjóta sér á bak við meðrh. sína firrt sig þeirri stjórnskipulegu ábyrgð. Og ef þessir ráðh. Alþb. vildu vera sjálfum sér samkvæmir og vildu ekki eiga skilið lágkúruna, eins og hæstv. iðnrh. nefndi það, þá eiga þeir auðvitað að segja af sér.

Í umr. í gær auglýsti hæstv. forsrh. eftir úrræðum stjórnarandstöðunnar og hvatti til breiðara stjórnarsamstarfs. Um þetta er út af fyrir sig ekkert nema gott að segja. Í því felst að vissu leyti karlmannleg viðurkenning hæstv. forsrh. á úrræðaleysi hans eigin stjórnar, samstöðuleysi innan stjórnarflokkanna til þess að takast á við vandann.

Það er ekki úr vegi að fara yfir þau helztu skilyrði, sem uppfylla verður, til þess að heilbrigt efnahagsástand ríki í þjóðfélaginu, sérstaklega þar sem við slíka yfirferð verður augljóst, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur brotið á móti flestum þessara skilyrða og látið þau lönd og leið.

Fyrst og fremst verður svo að vera um hnútana búið, að atvinnuvegir landsmanna hafi rekstrargrundvöll. Vegna þess verða frjálsir samningar atvinnurekenda og launþega að byggjast annars vegar á greiðslugetu atvinnuveganna og hins vegar réttmætri hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum. Víst er, að þessu skilyrði var ekki fullnægt, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók að hluta til frjálsan samningsrétt úr höndum aðila vinnumarkaðarins með málefnasamningi sínum og loforðalista og sagði aðilum vinnumarkaðarins fyrir um, hvernig þeir ættu að semja. Víst er einnig, að þessu skilyrði var ekki fullnægt, þegar hæstv. forsrh. sagði við aðila vinnumarkaðarins við samningana 1971, að þeir skyldu bara fleygja sér til sunds, þótt þeir sæju ekki til lands, þótt þeir vissu það fyrir fram, að atvinnuvegirnir gætu ekki borið þau samningskjör, sem um var að lokum samið. Og víst er um, að þessu skilyrði er ekki fullnægt, ef fylgt er skoðun hæstv. sjútvrh., sem hann gerði grein fyrir hér fyrir nokkrum dögum, að auðvitað ætti að semja um kjörin á togurunum, án þess að vitað væri, hvernig rekstrargrundvöllur þeirra yrði tryggður. Það er ljóst mál, ef ekki er virt þetta skilyrði, að frjálsir samningar aðila vinnumarkaðarins byggist á greiðslugetu atvinnuveganna og réttmætri hlutdeild launþega í þjóðartekjunum, að þá leiðir það til uppbótakerfis og gengisfellingar, eins og raun ber vitni um í valdaferli núv. ríkisstj. Það er einn liðurinn í frjálsum samningum þessara aðila, hvernig mæla skuli kaupið við verðlagsbreytingar. Og það verður að leggja áherzlu á, að endurskoðaður verði grundvöllur að útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar með frjálsu samráði aðila vinnumarkaðarins. Það er skoðun mín í þeim efnum, að leitast beri við að taka t. d. verð áfengis og tóbaks út úr kaupgjaldsvísitölunni í tengslum við slíka endurskoðun. En það ber líka að íhuga, hvort önnur viðmiðun getur ekki verið báðum aðilum vinnumarkaðarins hagkvæmari, eins og einhvers konar vísitala þjóðarframleiðslu, miða kaupgjaldið við vísitölu þjóðarframleiðslu eða þjóðartekna. Spurningin er í raun og veru, hvort aðilar vinnumarkaðarins eru ekki jafnvel settir með frjálsan samningsrétt um grunnkaup fremur en að binda sig svo fast við kaupgjaldsvísitölu sem stundum hefur orðið raunin á. Ég nefni þetta ekki að tilefnislausu, vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert á margan hátt allt, sem í valdi hennar hefur staðið, til þess að skekkja og rengja kaupgjaldsvísitöluna. Hún gerði það fyrst t. d. með því að fella niður persónuskattana, sem voru í kaupgjaldsvísitölunni, og leggja á í stað þeirra beina skatta, sem ekki eru í kaupgjaldsvísitölunni. Hún hefur gert það með margs konar niðurgreiðsluaðferðum. Hún hefur gert það með því að hleypa verðhækkunum út í verðlagið við upphaf vísitölutímabils og þannig reynt að komast hjá því, að launþegar fengju uppbætur í samræmi við þær verðhækkanir fyrr en seint og síðar meir. Út af fyrir sig er þarna verið að reyna að hægja á vísitölu- og verðbólguskrúfunni, og að því leyti til er þetta ekki lasts vert. En á hinn bóginn er þetta í fullri andstöðu við þá skoðun, sem þeir flokkar, sem að núv. stjórn standa, höfðu, áður en þeir komu að stjórn.

Það er og vitað mál, að verðsveiflur og aflabrestur í sjávarútvegi geta leitt til versnandi afkomu atvinnuveganna, án þess að tilkostnaður þeirra innanlands taki breytingum til hækkunar. Til þess að koma í veg fyrir slíkar verðsveiflur og sveiflur í tekjum útflutningsatvinnuveganna, var verðjöfnunarsjóður stofnaður á tímabili fyrrv. ríkisstj. Núv. ríkisstj. hefur gert hann óvirkan um skeið og reyndar notað hann að hluta til annars en upphaflega var ætlað, til þess að halda uppi áframhaldandi eyðslustefnu sinni.

Þá er og nauðsynlegt til þess að mæta slíkum sveiflum að efna til fjölbreyttari framleiðslu hér á landi, stuðla að útflutningi iðnaðarvara, eins og gert var með aðild okkar að EFTA, sem fjórfaldaði útflutning iðnaðarvara annarra en áls og áttfaldaði útflutning iðnaðarvara, ef álið er tekið með. Í framhaldi af þessu er því gleðilegt, að núv. hæstv. ríkisstj. eða hluti af flokkum þeim, sem að henni standa, hefur skipt um skoðun og fullgilt viðskiptasamning okkar við Efnahagsbandalagið. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að halda áfram virkjun fallvatna og því að koma upp stóriðju hér á landi samhliða sterkum iðnaði almennt.

Það er fróðlegt að rifja það upp, sem hæstv. iðnrh. sagði um stóriðjuframkvæmdir fyrrv. ríkisstj., að þær hefðu miðazt við það að selja útlendingum ódýrt vinnuafl. Þar á hann væntanlega við álverið í Straumsvík. Í fyrsta lagi er ekki vitað annað en launakjör þar séu jafngóð eða e. t. v. betri en annars staðar hér á landi. Og í öðru lagi er ekki vitað annað en launakjör þar séu jafngóð eða betri en í samsvarandi iðjuverum í Vestur-Evrópu. En hæstv. iðnrh. er farinn að gera sér grein fyrir því, að stórvirkjun fallvatnanna og hin öra þróun, sem verður að vera í þeim efnum hér á landi, ef við eigum og viljum tryggja lífskjör okkar, verður ekki að veruleika, nema við komum upp stóriðju í samvinnu við útlendinga. Sendinefndir á hans vegum hafa farið austur og vestur um mörg lönd til þess að leita slíkra samninga. Þótt þær samningaumleitanir hafi verið hafnar, áður en þessi ríkisstj. komst til valda, hefur þeim sem betur fer verið haldið áfram, þvert á móti því, sem ætla mátti af fyrri ummælum hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. segir, að sá meginmunur sé á, að nú sé um íslenzkan eignarrétt eða aðild að ræða, en áður hafi útlendingar átt hér einir hlut að máli. Auðvitað er það á valdi okkar í hverju tilviki, hvort við viljum sjálfir eiga iðjufyrirtækin eða selja orkuna til þeirra. En það verður fróðlegt að kanna, með hvaða hætti hæstv. iðnrh. ætlar sér þetta fyrirkomulag, hvers konar láns- eða leigukjör verði þá öðruvísi en samningarnir við ÍSAL og hvort raunverulegur íhlutunar- og stjórnunarréttur Íslendinga verði meiri eða minni. En víst er um það, að þótt fast hafi verið eftir slíkum samningum við útlendinga sótt, þá eru engir slíkir samningar fyrir hendi, og sú staðreynd ásamt með öðru hefur orðið til þess, að virkjunin við Sigöldu hefur frestazt um eitt ár til tjóns og skaða fyrir iðnað landsmanna, sem nú er, og til tjóns og skaða fyrir alla rafmagnsnotendur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

Auk þess, að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna er frumskilyrði heilbrigðs atvinnu- og efnahagslífs er annað frumskilyrði, að viðskiptajöfnuður haldist við útlönd í vörum og þjónustu, að jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar, sem er og forsenda réttrar og stöðugrar gengisskráningar. Ef um slíkt jafnvægi er að ræða, þá getur frjáls verzlun og samkeppni komið í stað verðlagshafta, boða og banna. Skipulag verðlagsákvarðana hefur reynzt algerlega gagnslaust, orðið til þess m. a., að nauðsynjavörur eins og neyzlufiskur hafa horfið af markaðinum. Það var eitt sinn sagt, að ekki væri að marka nytsemi og gagnsemi verðlagshafta, boða og banna í þeim efnum í höndum viðreisnarstjórnar, því að hún meinti ekkert með þeim, kynni ekki að framfylgja þeim. En ég fullyrði og staðhæfi, að verðlagshöft, boð og bönn í höndum núv. hæstv. ríkisstj. eru pappírsgögn ein og gera engum gagn, en öllum tjón, og eru fremur til þess fallin að hækka verð nauðsynjavara eða skapa vöruskort. Verðlagseftirlit og eftirlit með hringamyndunum á að leysa það kerfi af hólmi, sem nú er, til þess að tryggja samkeppni um meiri gæði og lægra verð, til þess að tryggja það, að kaupendur ráði markaðinum, að um neytendamarkað sé að ræða, en ekki seljenda.

Auðvitað getur ekki verið um að ræða jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar, þegar þjóðarbúskapurinn er rekinn svo, að halli í viðskiptunum við útlönd skiptir þús. millj. kr. ár eftir ár og er borinn uppi með erlendri skuldasöfnun á þann veg, að á síðustu tveim árum hafa fastar erlendar skuldir aukizt um meira en 50% eða 6500 millj. kr.

Hæstv. forsrh. nefndi það í sinni ræðu, að kaupmáttaraukning hefði verið meiri á tímabili núv. ríkisstj. en áður og einkaneyzla í hámarki. En hvaða vandi er að sýna fram á kaupmáttaraukningu eða aukningu einkaneyzlu um stuttan, afmarkaðan tíma, ef þessi kaupmáttaraukning og neyzluaukning er borin uppi af lántökum? Það er sjálfsblekking, ef einstaklingur telur sig hafa meiri efni, ef hann eyðir í daglegar lífsnauðsynjar láni, sem hann fær til fjárfestingar. Það er ósköp auðvelt að fjármagna kaupmátt um stuttan tíma, ef menn vilja taka til þess lán. En það er einmitt það, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert til þess að reyna að blekkja fólkið, og jafnvel hefur hún sjálf verið svo blind, að þetta hefur sumpart einnig orðið að sjálfsblekkingu. Kaupmáttaraukningin er fölsk þegar af þeirri ástæðu, að hún byggist ekki á verðmætasköpun í þjóðfélaginu, ekki á framleiðsluaukningu, heldur á aukningu erlendra skulda, sem munu verða okkur fjötur um fót í framtíðinni.

Þriðja grundvallarskilyrði þess, að um heilbrigt efnahagslíf sé að ræða með þjóðinni, er, að ríkisbúskapurinn sé rekinn með forsjálni. Útblástur hins opinbera og samsvarandi rýrnun ráðstöfunartekna einstaklinga eru til þess fallin í eðli sínu að vera verðbólgumyndandi, þegar ríkissjóður er rekinn með greiðsluhalla, eins og var 1971, og ég hygg raunar, að hafi verið endurtekið á síðasta ári. Hæstv. fjmrh. vildi láta menn halda annað. En þegar það mál er skoðað ofan í kjölinn og tekið með í reikninginn, hvaða tekjur eru færðar ríkissjóði til tekna á síðasta ári, sem áður var ekki venja að færa til tekna fyrr en síðar, þá er um greiðsluhalla að ræða þegar tekið er tillit til þess, að fjárlög hafa tvöfaldazt á tveimur árum, og þegar tekið er tillit til þess, að fjárlög yfirstandandi árs eru þeim annmörkum háð, að stórar upphæðir eru þar ekki meðtaldar, þá er ljóst mál, að ríkisbúskapurinn er í raun rekinn með greiðsluhalla og sízt af öllu með þeirri forsjálni, sem nauðsynlegt er til að hamla á móti dýrtíð og verðbólgu.

Þannig vantar í fjárl. 500 millj. kr. til niðurgreiðslna samkv. viðurkenningu hæstv. fjmrh. sjálfs. Þannig vantar í fjárl. jafnvel 160 millj. kr., sem bátaútvegurinn fékk í kjölfar ákvörðunar nýs fiskverðs. Og þannig er ekki afstaða tekin til af hálfu hæstv. ríkisstj., hvort greiða eigi iðnaðinum í landinu samsvarandi upphæð og nemur niðurfellingu launaskatts og jafnháu mótframlagi til bátaútvegsins. Á þetta minntist hæstv. iðnrh. ekki. Þá er óleyst mál fyrir ríkissjóð, hvernig koma á togurunum á flot.

Það má og nefna í þessu sambandi, að hæstv. fjmrh. mun hafa kallað fulltrúa lífeyrissjóð-

anna í landinu á fund sinn nú fyrir helgi, og tilefnið var, að það skorti 2000 millj. kr. í fjárfestingarlánasjóði landsmanna, og það var farið fram á 400 millj. kr. lán úr lífeyrissjóðum landsmanna með 5% vöxtum og verðtryggingu. Slík lán voru tekin til húsnæðislánakerfisins á síðasta ári, og reynslan hefur sýnt, að raunvextir af þessu láni, sem húsnæðislánakerfið tók á síðasta ári til að geta staðið þá í skilum við húsbyggjendur, eru í raun réttri 16—18% á ári þetta fyrsta ár, sem það lán er við lýði. Og auðvitað verða þessir vextir ekki greiddir af öðrum en húsnæðislánakerfinu sjálfu. Það verður annaðhvort að ske, að húsbyggjendur greiða þessa háu vexti eða landsmenn allir í formi hærri skatta. Og nú á að fara lengra út á þessa braut. Það á að endurlána þessi lán, sem beðið er um hjá lífeyrissjóðunum, til atvinnuveganna. Sagt er jafnvel, að fiskveiðasjóður sé byrjaður á slíkum lánveitingum, og er þó vandséð, hvernig atvinnutækin eigi undir slíkum lánum að standa. Þetta eru líklega efndirnar á því atriði málefnasamningsins, sem gat um það, að lengja ætti lánstíma stofnlána atvinnuveganna og lækka vexti slíkra lána.

Það er og ljóst, að ef ríkisbúskapurinn á að vera rekinn með því aðhaldi, sem nauðsynlegt er, verður að stilla skattaálögum í hóf og hyggja betur að því en gert hefur verið með fyrstu sporum núv. hæstv. ríkisstj., að ekki sé gengið óhæfilega langt í beinni skattheimtu. Hæstv. fjmrh. hrósaði sér af því í ræðu sinni í útvarpsumr. í gær, að skattvísitalan væri ákveðin 128 í stað þess að ákveða hana 110, sem breyting á framfærsluvísitölu milli áranna 1971 og 1972 ella benti til. Skattvísitalan 128 miðaðist við þá hækkun á almennum launatekjum, sem búast mætti við. Þetta hljómaði ákaflega fagurlega. En við skulum kanna nánar, hvernig þetta kemur niður, sérstaklega á hinum lægst launuðu. Það er talið, að tekjur hinna lægst launuðu, eins og þeirra, sem taka laun samkv. lægsta taxta Dagsbrúnar eða taxta hafnarverkamanna, hafi hækkað á milli þessara ára um 33—38%. Skattvísitala 128 gerir það að verkum, að hlutfallslega þyngist skattbyrðin á hinum lægst launuðu. Og svo var hæstv. félmrh. að hrósa sér og núv. ríkisstj. af því að hugsa aðallega um hag hinna lægst launuðu. Það er ljóst, að leiðrétta verður það óréttlæti, sem þessu fólki er sýnt.

Í umr. um frv. til fjárl. á þingi nú fyrir áramótin lét ég í ljós þá skoðun, að hvað sem liði heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar, væri algerlega óviðunandi að gera ekki nokkrar breytingar á gildandi skattalöggjöf nú þegar á þessu þingi, og þá á ég við annað og meira en þau brbl., sem ríkisstj. neyddist til að gefa út að áskorun Sjálfstfl., því að það eru fleiri en eldra fólkið, sem hafa orðið fyrir barðinu á hinni nýju skattalöggjöf. Sannleikurinn er sá, að hún kemur almennt mjög óréttlátlega niður, og þess vegna er brýn nauðsyn, að hún verði leiðrétt.

Sjálfstæðismenn hafa þegar á þessu þingi flutt till. um, að bætur elli- og örorkulífeyrisþega verða ekki skattlagðar, til að koma í veg fyrir, að mistökin frá s. l. sumri séu endurtekin, og telja brbl. ríkisstj. ekki fullnægjandi í þeim efnum.

Mörg fleiri meginatriði í skattalögunum þarfnast lagfæringar. Meðal þeirra má nefna:

1) Að almennar tekjur verkamanna verði ekki skattlagðar og persónufrádráttur miðaður við það.

2) Að bil skattþrepa sé aukið, svo að fólk með meðaltekjur komist ekki strax í hæsta skattstiga.

3) Að fólk greiði ekki undir neinum kringumstæðum meira en helming tekna til hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga.

4) Að svo miklu leyti sem eigi er unnt að draga úr eyðslu hins opinbera, sem birtist í því, að í tíð núv. ríkisstj. hafa útgjöld fjárl. tvöfaldazt, verði tekna aflað með óbeinum sköttum og í því sambandi kannað, hvort unnt er að gera þá kerfisbreytingu að breyta söluskatti í virðisaukaskatt til þess að tryggja öruggari skattheimtu og örva framleiðsluafköst.

5) Að fella greiðslu fjölskyldubóta inn í skattakerfið og fella þá niður samsvarandi útgjöld ríkissjóðs og nú felast í fjölskyldubótum með fyrsta barni, enda fái þeir, sem svo eru tekjulágir, að þeir geti ekki nýtt persónufrádrátt, þá upphæð greidda.

Stefna okkar sjálfstæðismanna hefur verið sú, að skattleggja beri fremur eyðsluna með óbeinum sköttum en tekjuöflunina með beinum sköttum. Sú stefna á vaxandi fylgi að fagna. Menn gera sér grein fyrir því, að í kjölfar tekjuöflunar einstaklinga á sér stað verðmætasköpun í þjóðfélaginu, sem við getum ekki verið án, ef við viljum bæta lífskjör almennings í landinu.

En núv. annmarka á skattakerfinu sjá allir, þegar barnlaus hjón eru komin upp í hæsta skattstiga, 56—57% af hverri krónu, eftir að hafa aðeins 377 þús. kr. í tekjur. Og fyrir hvert barn er aðeins um persónufrádrátt að ræða að upphæð 38 400 kr.

Ég hef farið nokkrum orðum um ýmis höfuðatriði, sem ég tel að virða beri, til þess að heilbrigt efnahagslíf geti átt sér stað í landinu, og hefði gjarnan viljað enn fremur leggja áherzlu á stjórn peningamála almennt. Þetta hef ég gert bæði vegna áskorunar hæstv. forsrh. hér í umr. í gær og líka til þess að sýna, að þessi skilyrði hafa verið þverbrotin af hálfu núv. ríkisstj.

Ræða hæstv. sjútvrh. um landhelgismálið í gærkvöld var kapítuli út af fyrir sig. Hæstv. ráðh. nefndi ekki togaraverkfallið, sem búið er að standa í 6 vikur, og eins og stendur, er því miður ekki útlit fyrir að leysist. Blað þessa hæstv. ráðh. taldi það refsivert athæfi hjá fyrrv. ríkisstj., þegar slíkt verkfall hafði staðið í 3—4 vikur. Það átti að loka ráðh. fyrrv. ríkisstj. inni í hegningarhúsi fyrir að hafa ekki leyst það verkfall. Hvað á að gera við núv. hæstv. ráðh? Ég spyr þá, sem gerðust dómarar fyrr á árum.

Hann talaði mjög um siðareglur annarra niðrandi rómi, en leyfði sér að gera að uppistöðu máls síns árásir á mann, sem ekki á nú sæti á þingi, og vandaði þar aðallega um, að upplýst hefði verið, að um skoðanamun hefði verið að ræða á milli hæstv. sjútvrh. og hæstv.

utanrrh. í sambandi við samningaumleitanir til að leysa fiskveiðideiluna við Breta og Vestur-Þjóðverja. Til þessa þarf ekki Morgunblaðið. Ýmsar aðrar blaðagreinar, ræður, blaðaviðtöl við þessa hæstv. ráðh., bæði hérlendis og erlendis, hafa orðið til þess, að slíkur skoðanamunur hefur verið almannarómur. Og skemmst er nú að minnast frásagnar eins fyrrv. sendiherra Íslands í útvarpi fyrir skömmu af því háttalagi íslenzkra ráðh. að mæta þrír til samninga við einn erlendan ráðh. og þær ályktanir, sem aðrir mundu af því draga.

Það er alveg öruggt, að ef einhver hefur aðra skoðun í einhverju efni á meðferð landhelgismálsins en Lúðvík Jósepssyni, hæstv. sjútvrh., hentar, þá er hann vinur óvina okkar, bandamaður Breta. „Ég einn, hæstráðandi til sjós og lands, veit," getur þessi hæstv. sjútvrh. sagt. Og mér kæmi ekki á óvart, að hér á eftir mér stigi upp í pontuna hirðskáld Hundadagakonungs til þess að syngja Lúðvík konungi sínum lof og dýrð í landhelgismálinu. Það kom fram í umr. um togaraverkfallið á dögunum, þegar ég benti á, að samkv. upplýsingum, er lægju fyrir hjá Fiskifélagi Íslands, hefðu Englendingar landað auknum afla af Íslandsmiðum eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1. sept. til 1. des. s. l., að þá gerði hæstv. ráðh. þessa sömu aths. og ég gat um áðan, að væri venja hans, ef eitthvað óþægilegt kæmi upp á bátinn. En nokkrum dögum síðar gerði hv. 6. landsk. þm., Helgi Seljan, fsp. til dómsmrh. vegna kvörtunar um veiði brezkra togara í landhelgi fyrir Austurlandi, bæði eldri fiskveiðilögsögunni og yngri. Þá reis hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, upp og upplýsti þm. um leyniáætlun Breta, en þeir ætluðu hvorki meira né minna en að veiða 170 þús. tonn á 10 mánuðum, sem Alþjóðadómstóllinn hafði með ábendingu sinni ætlað þeim á heilu ári. Var á hv. þm. að skilja, að þetta væri alls ekki útilokað. Þrátt fyrir þverrandi afla hér á miðum og þrátt fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar var það ekki fjarri huga þessa hv. þm., að Bretar gætu með þessum hætti náð jafnmiklum afla á ársgrundvelli og þeir höfðu jafnvel hæst náð áður þrátt fyrir útfærslu landhelginnar. Nú skal ég ekki leggja dóm á þessa skoðun hv. þm., hvort það er í raun og veru rétt, að útfærslan sé svona vitagangslaus. Ég hafði þó vonað, að þetta væri ekki svo og það gæti e. t. v. verið eitthvað til í því, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að Bretar vildu bera sig mannalega og gefa upplýsingar um mikinn afla á Íslandsmiðum þrátt fyrir útfærsluna. En ef þetta er svo, að Bretar taka jafnmikinn afla og áður, meðan okkar eigin skip fá minni afla og meðan okkar eigin togarar eru bundnir við bryggju í verkfalli í 6 eða fleiri vikur, þá finnst mér, að við verðum að hugsa okkar gang.

Þótt landhelgismálið sé tilfinningamál hjá okkur öllum Íslendingum, þá er það þess eðlis, að við verðum að kanna með kaldri, raunsærri skynsemi, á hvern hátt við tryggjum bezt friðun fiskistofna og yfirráð okkar yfir veiðunum. Við höfum átt í samningaviðræðum við Breta og Vestur-Þjóðverja. Þar hefur verið talað um magntakmarkanir, og af þessum fréttum og upplýsingum um leyniáætlun Breta sést, að þær eru ekki einhlítar, enda er haft fyrir satt, að sá fiskur, sem Bretar fái fyrir Austurlandi, sé fremur þyrsklingur en þorskur, svo smár sé hann. Þess vegna duga ekki magntakmarkanir einar, það verða til að koma sóknartakmarkanir, svæðistakmarkanir, tímatakmarkanir og friðunarráðstafanir, bæði almennar, er gilda fyrir alla, bæði Íslendinga og útlendinga, svo og sérstakar friðunarráðstafanir, er virða rétt íslenzkra línu- og netabáta.

Almennar friðunarráðstafanir, sem við hefðum getað sett einhliða, hafa verið vanræktar og undirbúningur að þeim látinn undir höfuð leggjast af hæstv. sjútvrh. allt fram til þess, að landhelgin var færð út. Síðan hefur n. alþm. að vísu að þessu starfað, en haft takmarkaðan tíma til svo umfangsmikils verkefnis.

Það er rétt, að við gerum okkur grein fyrir því, — og ég vona, að ég verði leiðréttur, ef það er misskilningur, — að í sumum þessum atriðum, sem ég gat um, að samningaviðræður hefðu snúizt um, þá er ekki eingöngu verið að tala um fiskveiðar útlendinga í hinni nýju 50 mílna landhelgi, heldur á Íslandsmiðum almennt, sem eru af Norðaustur-Atlantshafsnefndinni skilgreind sem svæði 5A, en það er 161 þús. ferkílómetrum stærra svæði en 50 mílna lögsagan, sem er 216 þús. ferkílómetra, ef ég fer rétt með.

Það er nokkurs virði, að við höfum yfirráð yfir þessu stóra hafsvæði og þar með í raun og veru landgrunninu öllu. Ég er ekki að segja, að við eigum að gera samninga, það fer eftir því, hvaða samningar eru í boði. En matið á því, hvort við eigum að gera samninga eða ekki, hygg ég eiga að byggjast á því, sem hæstv. félmrh. Hannibal Valdimarsson sagði eitt sinn hér á Alþ., að hann teldi það velta á því, hvort við með samningum takmörkuðum meira veiðar útlendinga hér við land en án slíkra samninga og hvort við með þeim hætti gætum komið í veg fyrir viðvarandi hernaðarástand og hættuástand, sem við vitum öll af fréttum, nú síðast í dag, að eru fyrir hendi á fiskimiðum hér. Þetta verður auðvitað að meta af rósemi og raunsæi. Það verður að skiptast á skoðunum, og það verður að vera óhætt að skiptast á skoðunum í þessu efni, án þess að landráðabrigzlun sé beitt.

Hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur sagt, að hann vildi taka upp samninga. Hann gat um samþykkt Alþ. frá 15. febr. 1972, réttilega að því er snertir útfærslu í 50 mílur 1. sept., en gleymdi að geta þess, að samþykkt Alþ. lagði svo fyrir, að áfram yrði leitað samninga til lausnar á þessari fiskveiðilögsögudeilu. Sú skylda hvílir á núv. hæstv. ríkisstj.

Það er ástæða til að benda á, að sá tími getur komið, að það þurfi að birta greinargóða skýrslu um gang samningaviðræðna frá fyrstu tíð. Það getur verið, að andstæðingar okkar í þessu máli verði fyrri til ella, og það væri réttara, að við hefðum þá þegar lagt plöggin á borðið.

Hæstv. sjútvrh. gat um það í ræðu sinni í gær, að Alþ. hefði samþykkt með ályktun sinni 15. febr. 1972 að segja upp landhelgissamningunum við Breta og Vestur-Þjóðverja frá 1961. Þetta er rangt. Alþingi samþykkti aldrei að segja

þessum samningum upp. En í ályktun Alþ. fólst heimild fyrir ríkisstj. að segja þeim samningum upp, og það var skýrt tekið fram af hálfu formanni Sjálfstfl., að slík ákvörðun væri á ábyrgð ríkisstj. einnar. Nú stöndum við í þessum efnum gagnvart því, að Alþjóðadómstóllinn hefur talið sig eiga lögsögu um lögmæti útfærslunnar, og þá verðum við og hljótum að taka til meðferðar, með hvaða hætti við eigum að reka mál okkar fyrir Alþjóðadómstólnum. Við skulum ekki leyfa okkur að fara út í harðvítugar deilur um það, en skulum hugleiða þá kosti, sem fyrir hendi eru.

Það er margt og ég hygg flest, sem bendir til þess, að við eigum að reka mál okkar til sóknar og varnar fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Það er í fyrsta lagi alveg ljóst, að það er skaði fyrir málstað okkar, ef við gerum það ekki, ef málsástæður okkar eru ekki skýrðar og rök okkar ekki tilgreind. Það er í öðru lagi ljóst, að það er ávinningur fyrir okkur að mæta. Við fáum með málflutningi fyrir Alþjóðadómstólnum vettvang til þess að kynna þörf okkar fyrir stærri fiskveiðilögsögu. Við fáum vettvang til þess að skýra þeim, sem mestan áhugan hafa á fiskveiðiréttindum, í hverju ráðstafanir okkar eru fólgnar og hvaða lífshagsmunir liggja þar að baki. Það væri ófyrirgefanlegt að glopra úr höndum okkar þessum möguleika, þessu tækifæri til þess að vinna málstað okkar lið. Í þriðja lagi mundi það vera þá á valdi okkar, hver gangur málsins yrði, hver hraði væri á málsmeðferð dómstólsins. Hér á ég ekki við, að við eigum með réttarfarslegum brögðum að tefja málsmeðferðina, en eðlilegar óskir okkar mundu felast í því að leggja fram margvísleg gögn um fiskistofnana hér við land og önnur atriði málsins, sem geta skipt máli við dómsúrskurð. Það er og alveg ljóst, að úrskurður dómstólsins gengur þá ekki, fyrr en hafréttarráðstefnunni er lokið. Í fjórða lagi tel ég, að við séum í raun og veru jafnháð úrskurði dómstólsins, hvort sem við mætum eða mætum ekki. Við getum með sama hætti framfylgt lögsögu okkar. En í fimmta og síðasta lagi er trú okkar á málstað okkar svo sterk, að við höfum lög að mæla, að úrskurður dómstólsins hljóti að ganga okkur í vil. Verður hann þá lokasigur okkar í þessu máli.

Það er algerlega útilokað, miðað við þær fréttir, sem við höfum af undirbúningsfundum hafréttarráðstefnunnar, annað en að meiri hluti þjóða á þeirri ráðstefnu muni aðhyllast réttarreglur, sem fela í sér heimildir okkur til handa til þess að gera a. m. k. þær ráðstafanir, sem við erum þegar búnir að gera varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar, og jafnvel er allt útlit fyrir, að meiri hluti slíkrar ráðstefnu mundi fallast á mun rýmri heimildir fyrir strandríki til útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar. Sé gengið út frá þessu sem staðreynd, og þótt ekki náist tilskilinn aukinn meiri hluti, eins og þurfti á fyrri hafréttarráðstefnunum, 1958 og 1960, eða ⅔ atkvæða, þá er samt útilokað, að dómur Alþjóðadómstólsins gangi okkur á móti, á móti meiri hluta þjóða á hafréttarráðstefnu.

Að öllu þessu athuguðu ber okkur að kanna ítarlega í landhelgisnefnd og utanrmn., með hvaða hætti við eigum nú að haga meðferð málsins. Við höfum því miður látið margt miður fara við meðferð landhelgismálsins, og verst af öllu er, ef raunin er nú eftir missiris reynslu af útfærslunni á hagstæðasta tíma fyrir okkur og óhagstæðasta tíma fyrir andstæðinga okkar, að útfærslan er ekki virt.

Ýmsir ráðherrar létu í veðri vaka í umr. í gær, að goðgá væri að skipta um stjórn eða láta fara fram kosningar vegna landhelgismálsins, og ýmsir aðrir bættu við eldgosum, mannamissi og skiptöpum. Ég hygg, að það sé aldrei eins mikil nauðsyn á styrkri stjórn, ákveðinni stjórnarstefnu, eins og þegar slíkir atburðir steðja að og þegar svo mikilvæg mál eru til úrlausnar eins og landhelgismálið. Þess vegna tel ég, að einmitt slík viðfangsefni renni stoðum undir till. okkar sjálfstæðismanna um vantraust á núv. ríkisstj., miðað við frammistöðu hennar í þeim málum og öðrum.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég vil aðeins drepa á nokkur ummæli frá umr. í gær um sjálfa till. um þingrof og nýjar kosningar. Hæstv. forsrh. taldi að vísu um sýndarmennsku að ræða. Það hefði verið unnið svo vel að málefnasamningi núv. ríkisstj., að umbjóðendur stjórnarflokkanna mættu vel við una, og stjórnarflokkarnir hefðu ekki brugðizt trausti kjósenda sinna. Hæstv. forsrh. var þannig borubrattur. Nú vildi ég skjóta því að honum, að það er háttur margra forsrh. erlendis að efna til þingrofs og nýrra kosninga, þegar þeir telja sig standa vel í áliti kjósenda. Vill hann nú ekki taka það til athugunar, úr því að hann stendur svo vel hjá kjósendum sínum að eigin mati, hvort það borgi sig ekki fyrir hann að fá traustsyfirlýsingu. Ég þykist vita, að ýmsir stjórnarliðar muni taka þessa ábendingu mína sem gamanmál, og lái ég þeim það ekki.

Hæstv. menntmrh., Fagnús Torfi Ólafsson, sagði, að vantrauststill. væru annaðhvort fluttar vegna þess, að stjórn hafi ekki lengur stuðning innan þingsins, og ættu þá rétt á sér eða sýndarmennsku, og taldi hann augljóst, að sýndarmennska væri á ferðinni hjá sjálfstæðismönnum við flutning þessarar till. Nú er það svo, að einn flokksbróðir hans, hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, hefur sagt upp hollustu við núv. stjórn og lýst yfir, að það sé sama, hvort hér sitji hægri eða vinstri stjórn. Vitað er, að tveir aðrir flokksbræður hæstv. menntmrh. og ýmsir aðrir stjórnarliðar úr öðrum stjórnarflokkum hafa lýst yfir andstöðu við stjórnarfrv., ýmist stjórnarfrv., sem ekki hefur verið sýnt hér innan þingsalanna, eða stjórnarfrv., sem ekki hefur komið frá n. Og hv. 6. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, hefur sagt, eftir því sem Alþýðublaðið hefur eftir honum, að hefði það frv., sem ríkisstj. hafði í smíðum og hæstv. iðnrh. talaði sem mest um, verið lagt fram, þá mundi hann hafa brugðizt við á þennan hátt, með leyfi forseta: „Bætti hann“, þ. e. Björn Jónsson, „því við, að hefði þetta frv. komið fram í þinginu, hefði hann á sömu stundu snúizt gegn stjórninni.“ Ég held þess vegna, að það sé ástæða til að kanna fylgi stjórnarinnar innan þings, með tilvísun til þess, sem ég hef rakið.

Ég vil svo að lokum minnast á og vitna til ummæla hæstv. iðnrh., en hann sagði í ræðu sinni orðrétt: „Engum manni dylst, að mikið djúp er nú staðfest milli Alþ. og þjóðarinnar". Og enn fremur: „Andrúmsloftið hér í þingsölunum er allt annað en meðal landsmanna". Ef þetta er rétt hjá hæstv. iðnrh., að mikið djúp sé nú staðfest milli Alþ. og þjóðarinnar og allt annað andrúmsloft sé hér í þingsölunum en meðal landsmanna, hver eru þá sterkari rök fyrir því að efna til nýrra kosninga? Fyrsti fylgismaður till. um þingrof og nýjar kosningar ætti því að vera hæstv. iðnrh., ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur, því að auðvitað er það skilyrði fyrir þingræðislegum og lýðræðislegum stjórnarháttum, að það sé sams konar andrúmsloft innan veggja þingsala og meðal landsmanna, og það á ekki að vera djúp staðfest á milli Alþ. og þjóðarinnar.

Það er m. a. til að fá úrskurð um það, hvort landsmenn beri traust til þess Alþ., sem nú situr, til þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið, að till. okkar sjálfstæðismanna er borin fram. Það er trú okkar, að landsmenn hafi misst allt traust á núv. stjórn og stjórnarstefnu. Það er þjóðarnauðsyn, að frá þeirri stefnu verði horfið og ný, traust stjórnarstefna upptekin.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður skaut að mér persónulegu skoti hér áðan. Það var ekki fast skot, það var laust skot, eins og þeir segja í landhelgisgæzlunni, það var púðurskot. Hann minntist á, að það hefði verið samið leikrit fyrir nokkrum árum. Þetta leikrit var byggt á sögunni um Jörund hundadagakonung. Það var samið undir viðreisn. Það var samið, þegar viðreisnarstjórnin hafði setið í ein tíu ár án þess að hafast nokkurn tíma nokkuð að í landhelgismálinu, án þess að manna sig nokkurn tíma upp í það að gera eitt né neitt í landhelgismálinu. Og í lokasöng þessa leikrits er þetta erindi:

Þjóð sú með andlitin armæðufull,
sem ofan á bringuna hanga,
mun e. t. v. seinna meir eignast menn,
sem uppréttir þora að ganga.

Annars var erindi mitt hingað í stólinn fyrst og fremst að koma á framfæri upplýsingum, sem ég tel vert, að menn gefi nokkurn gaum. Hv. þm. Geir Hallgrímsson fullyrti það hér í þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum, að Bretar hefðu fiskað meira á miðum okkar, eftir að við færðum landhelgina út í 50 mílur. Það var á honum að skilja, að útfærslan hefði orðið til þess að auðvelda Bretum veiðarnar. Hann byggði þetta á aflaskýrslum frá landbúnaðarráðuneytinu brezka, en fiskveiðar heyra, sem kunnugt er, einnig undir það rn. Það voru aflaskýrslur frá októbermánuði s. l., hygg ég, og nóvember. Þessar aflaskýrslur segja að sjálfsögðu ekki mikið. Það fylgdu ekki neinar upplýsingar um það, hversu mörg skip hefðu verið þarna að veiðum og hversu marga togtíma hefði þurft til þess að ná aflanum. En Morgunblaðið gerði mikið úr þessu daginn eftir, og það þurfti raunar engum að koma á óvart.

Það þarf ekki lengi að fletta Morgunblaðinu til þess að sannfæra sig um það, að fregnir þær frá Bretlandi, sem hingað berast og túlkaðar eru af andstæðingum okkar sem sönnun þess, að við Íslendingar séum að tapa í landhelgismálinu, — þessar fréttir fá alltaf sérstaklega mikið pláss á síðum Morgunblaðsins. Þegar t. d. Austin Laing, talsmaður brezka togaraeigendasambandsins, segir eitthvað, — þegar sá maður lætur frá sér fara einhverja fullyrðingu um þetta, þá fá þær fullyrðingar í Morgunblaðinu — og það athugasemdalaust — miklu meira pláss en þær fá í blöðum úti í Grimsby t. d. og Hull,-blöðum, sem eru þó aðalmálgögn andstæðinga okkar þar ytra. Og meðan þessar fullyrðingar og fréttir eru flenntar yfir síðurnar í Morgunblaðinu, þá er kannske örlítil klausa í Times í London og Guardian, svona álíka klausur og þar eru birtar, þegar eitthvað kemur fram, sem er okkur til styrktar í landhelgismálinu. En allt slíkt, sem er okkur til framdráttar, ef á það er minnzt á annað borð í Morgunblaðinu, þá er það í örstuttum athugasemdum og á þeim stöðum í blaðinu, þar sem minnst ber á því. Og þegar menn rísa upp þar ytra okkur til stuðnings, eins og t. d. nú fyrir einum mánuði, þegar sá mæti maður, Willis lávarður, kom fram í sjónvarpsþætti, sem um 6 millj. manns sáu þar ytra, og sagði, að málstaður okkar í landhelgismálinu væri réttur, og hvatti landa sína til að styðja okkur, þá var ekki á það minnzt einu orði í Morgunblaðinu. Spámaður Morgunblaðsins í landhelgismálinu, er nefnilega Austin Laing, en ekki menn eins og Willis lávarður.

Það var líka athyglisvert, þegar fregn barst um það, að Sir Alec Douglas Home, utanrrh. Breta, hefði sagt Nd. Brezka þingsins, að Einar Ágústsson, utanrrh. Íslendinga, hefði heitið sér einhverju vestur í New York á einkafundi, þá var þessu slegið upp í Morgunblaðinu. Og jafnvel eftir að utanrrh. okkar Íslendinga, Einar Ágústsson, lýsir því yfir, að annað tveggja hafi gerzt, að Sir Alec Douglas Home hafi þarna vísvitandi ekki farið með rétt mál eða eitthvað hafi skolast til í kollinum á honum, — jafnvel eftir að þessi yfirlýsing kemur frá utanrrh. okkar Íslendinga, er haldið áfram að staglast á því í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, og gott ef ekki ritstjórnargreinum líka, að utanrrh. Íslendinga hafi sýnt þá ósvífni að standa ekki við eitthvað, sem hann á að hafa sagt við Sir Alec Douglas Home á einkafundi vestur í New York. Ég segi fyrir mig, að ég trúi Sir Alec Douglas Home miklu frekar til þess að fara með rangt mál heldur en utanrrh. okkar Íslendinga, Einari Ágústssyni, og liggur til þess siðferðilegt mat, sem ég hirði ekki, að rekja hér frekar. En mat Morgunblaðsins er allt annað: Sir Alec Douglas Home hlýtur að hafa á réttu að standa. Það er eins og þar stendur:

„Annar eins maður og Oliver Lodge fer ekki með neina lygi."

„Tilgangurinn með þessum fréttaflutningi og málflutningi Morgunblaðsins yfirleitt er ekki eingöngu sá að vekja með þjóðinni vantraust á núv. ríkisstj., vantraust á stefnu hennar í landhelgismálinu, veikja þar með samstöðu þjóðarinnar í þessu mikilvæga máli. Áhrifin eru líka

þau, eða gætu orðið þau að lama siðferðisþrek þjóðarinnar, draga úr henni kjark og búa hana undir nýja smánarsamninga í þessu máli.

Og nú er ég kominn að þeim upplýsingum, sem ég vildi koma á framfæri.

Eins og menn muna, var landhelgisgæzlan íslenzka athafnasamari í janúarmánuði s. l. en hún hafið nokkru sinni verið. Snemma í mánuðinum hófust aðgerðir og stóðu alveg þangað til 23. jan., þegar gosið hófst í Vestmannaeyjum. Væri ekki fróðlegt að athuga, ef hægt væri, hvaða áhrif þessar aðgerðir höfðu? Það liggja ekki fyrir neinar skýrslur frá landhrn. brezka mér vitanlega, en í vikuritinu Fishing News er alltaf birtur listi yfir þá togara, sem landað hafa mestum afla næstu viku á undan. Ég hef komizt yfir eintök af þessu blaði frá því í janúar s. l. og einnig frá janúar í fyrra, og þar hef ég getað borið saman aflann hjá aflahæstu skipunum, eins og hann var 3 fyrstu vikurnar í janúar í fyrra og núna. Landanirnar eftir fyrstu vikuna í fyrra og eftir fyrstu vikuna núna eru að magni til nokkurn veginn þær sömu, enda er þá ekki farið að gæta áhrifa af aðgerðum Landhelgisgæzlunnar. Þeir togarar, sem lönduðu þá, voru annað hvort komnir í heimahöfn eða á leiðinni heim, þegar þessar aðgerðir hófust. En skýrslurnar um 2. og 3. viku sýna annað. Það eru tekin 6 aflahæstu skipin. Í Hull er landað aðra vikuna í jan. 1972 af 6 aflahæstu togurunum 11 635 kittum, en núna er aflinn á 6 aflahæstu togurunum 9 008 kitt. Minnkunin er um 22—23%. Í Grimsby Landa 6 aflahæstu togararnir í fyrra aðra vikuna í janúar 12 795 kittum, en núna 8 278, u. þ. b. 27% minnkun. Og um 3. vikuna er svipað að segja. Í fyrra landa 6 aflahæstu togararnir í Hull 10 830 kittum, en núna 8 466, 26% minnkun. Og í Grimsby í fyrra er talan 10 259 kitt, en núna 8 229, hátt í 26% minnkun.

Hvað segja þessar tölur okkur? Þær segja, að það bendi allt til þess, að aðgerðir Landhelgisgæzlunnar í janúarmánuði hafi orðið til þess að minnka verulega afla brezkra togara frá því, sem hefði ella verið. Ég er alveg sannfærður um, að afli hinna togaranna, þeirra, sem eru undir stjórn manna, sem ekki eru eins harðskeyttir og duglegir og skipstjórar aflahæstu togaranna, — að afli þeirra hefur minnkað hlutfallslega enn þá meira. Ég gæti vel trúað því, að minnkunin hafi verið hátt í 30%. Og þó er það svo, að í jan. voru aðgerðir Landhelgisgæzlunnar ekki nándar nærri eins miklar og þær hefðu getað verið. Það sannar t. d. síðasti sólarhringur. Fram til þess, að hléið varð 23. jan. vegna eldgossins í Eyjum, hafði verið klippt aftan af 20 togurum, en núna s. l. sólarhring hefur verið klippt aftan af 7.

Það er athyglisvert, að hv. þm. Geir Hallgrímsson sá enga ástæðu til að fagna sérstaklega þessum fréttum, sem borizt hafa um aðgerðir Landhelgisgæzlunnar s. l. sólarhring. Ég verð að segja, að ég sé sannarlega ástæðu til þess að fagna þeim. Ég tel, að þarna hafi varðskipsmenn okkar sýnt, hvað þeir geta. Þeir hafa sannað okkur leikni sína, og þeir hafa sannað okkur kjark sinn, og hann er svo sannarlega ærinn. Það er ástæða til þess að óska hæstv. dómsmrh. og okkur öllum til hamingju með það, að við skulum eiga á að skipa slíku liði. En hv. þm. Geir Hallgrímsson sá enga ástæðu til að fagna þessu. Hann sagði, að nú, þegar farið er verulega að verja íslenzku landhelgina, hefði skapazt hættuástand. Hættuástand vegna hvers? Vegna þess, að við höfum móðgað Breta — eða hvað?

Ég vek athygli á því líka, að þau skip, togskipin Statesman og Englishman, sem að brezka stjórnin sendi hingað norður samkv. kröfu brezkra togaraeigenda með þeirri fullyrðingu gagnvart kröfum brezkra togaramanna um, að þeir fengju vernd brezka flotans, að þessi skip mundu vernda þá fyrir íslenzku landhelgisgæzlunni, — þau hafa ekkert dugað. Og það má mikið vera, ef ekki heyrist núna hljóð úr horni, að við heyrum aftur kröfurnar, sem við heyrðum rétt áður en að gosið hófst í Vestmannaeyjum, þegar brezku togaraskipstjórarnir kröfðust þess að fá vernd flotans, ella mundu þeir sigla heim. Þeir voru að gefast upp þá, það vantaði aðeins herzlumuninn.

Ég vænti þess, að þetta verði upphaf þeirra aðgerða, sem muni duga til þess að beygja þessa andstæðinga okkar, svo að þeir skrifi undir þá samninga, sem við teljum viðunandi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, aðeins þetta að lokum: Með tilliti til málflutnings Morgunblaðsins, stærsta blaðs þjóðarinnar, málgagns stærsta flokksins, aðalmálgagns stjórnarandstöðunnar, — með tilliti til málflutnings þessa blaðs í sambandi við landhelgismálið og þegar maður hefur í huga fullyrðingar talsmanna stjórnarandstöðunnar um það, að samningurinn frá 1961 hafi verið einhver fyrirmyndarsamningur, — „Stórmerkur samningur," sagði hv. form. Sjálfstfl. hér í gærkvöld, — þeir tala um hann eins og einhvern „samning samninganna", — með tilliti til alls þessa og vegna þess að mig grunar, að þeir, sem svona tala, hafi fullan hug á því, ef þeir fá tækifæri til þess, að gera aftur slíkan „fyrirmyndarsamning", slíkan „samning samninganna", — þetta er ein ástæðan, ein helzta ástæðan til þess, að ég mun við þessari till., sem hér liggur fyrir, segja nei.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, sagði hér áðan, að samningurinn frá 1961 væri með þeim hætti, að hann vildi þess vegna fyrirbyggja, að til valda gætu komizt menn, sem stæðu að einhverju slíku. Mig langar til að vekja athygli þessa hv. þm. á því, að samningurinn frá 1961 er fyrsti samningurinn, sem gerður er um 12 mílna landhelgi. Landhelgin var færð út árið 1958, en það er fyrst 1961, sem tekst að fá viðurkenningu á 12 mílna landhelgi. Þetta er fyrsta viðurkenningin, sem til er um 12 mílna landhelgi. Á eftir komu svo fjölmargar þjóðir. Ég segi hiklaust, að hefði þessi samningur ekki verið gerður, hefði þróunin í landhelgismálunu ekki orðið sú, sem hún hefur orðið. Við Íslendingar stæðum þá ekki frammi fyrir því í dag að verja 50 mílur. Það hefði dregizt á langinn að koma áfram okkar málum um landhelgi, ef þessi samningur hefði ekki verið gerður.

Í gærkvöld vörðu ræðumenn ríkisstj. eðlilega

störf hennar og stefnu og lýstu því sem sinni skoðun, að till. sú, sem hér er til umr., væri flutt vegna óróleika sjálfstæðismanna yfir því, hvernig það drægist, að þeir kæmust aftur í ráðherrastólana. Það er alveg rétt. Þjóðarinnar vegna má það ekki dragast miklu lengur, að skipt verði um forustu í þjóðmálunum og þar með menn í ráðherrastólunum. Það, sem farið er fram á, er, að ríkisstj., sem telur málstað sinn svo frábæran, að aldrei hefur þekkzt annað eins í stjórnmálum á Íslandi, rjúfi þing og láti fara fram kosningar, svo fljótt sem auðið er, og gefi þannig þjóðinni tækifæri til að kveða upp dóm yfir verkum hennar. Því var og haldið fram, að till. þessi væri tilefnislaus og fyrir fram dæmd til að falla. Sú verður að öllum líkindum raunin. En ég spyr: Verður þessi till. felld með atkv. allra þeirra þm., sem í upphafi studdu hæstv. ríkisstj? Nei, í útvarpsumr. í gærkvöld gaf einn af þeim þm., sem í upphafi studdu ríkisstj., yfirlýsingu þar að lútandi.

Það var ekki langt liðið frá valdatöku núv. ríkisstj., þegar ljóst var, að hún mundi ekki hafa að neinu þau kosningarloforð, sem núv. stjórnarflokkar höfðu sett fram fyrir síðustu alþingiskosningar. Eftir því sem lengra leið, kom þetta æ betur í ljós, og þannig var málum komið í desembermánuði, að stjórnarherrarnir lögðu til, að gengisfellingarleiðin skyldi farin, sú leið, sem fordæmd hafði verið og lofað í kosningunum, að aldrei skyldi farin, ef þeir kæmust til valda. Samkvæmt ábendingum sérfræðinga var gengisfelling þá skynsamlegasta leiðin til úrbóta í efnahagsmálum, enda yrðu gerðar hliðarráðstafanir, til þess að gengisfellingin kæmi að gagni. Þær hliðarráðstafanir væru ekki gerðar, enda varð sjútvrh. örfáum vikum síðar að grípa til sérstakra ráðstafana fyrir sjávarútveginn. Gengisfelling sú, sem gerð var, var út af fyrir sig algiörlega tilbúið fyrirbrigði af núv. ríkisstj. Hún var afleiðing beinnar benslu í efnahagslífinu, sem ríkisstj. stóð fyrir 1971 og 1972, og var grundvölluð á því af hálfu Seðlabankans, að þær spár, sem gerðar hefðu verið fyrir framleiðsluaukningu 1972, væru ekki eins og skyldi. Útflutningsverðmætið hafði ekki aukizt eins og stjórnvöldunum hafði þóknazt að áætla. Hingað til höfðum við neyðzt til þess að fara í gengisfellingar vegna þess, að útflutningsverðmætið hafði minnkað. En ég held, að slíkt hafi aldrei átt sér stað, að farið hafi verið í gengisfellingu vegna þess, að útflutningsverðmætið jókst ekki eins mikið og valdhafarnir höfðu óskað.

Þegar hér var komið, lá ljóst fyrir, að stór hluti þeirra kjósenda, sem greitt höfðu ríkisstjórnarflokkunum atkv. í kosningunum 1971, hafði snúið baki við ríkisstj., og háværar raddir heyrðust: Hvenær fer þessi ríkissti. frá? Það var því eðlilegt, að vantraustsstill. væri borin fram hér á Alþ. Síðan í des. hafa þessar raddir orðið enn háværari og alltaf stækkað sá hópur kjósenda, sem veitti þessari ríkisstj. þrautargengi, sem spyr: Hvenær getum við losað okkur við ríkisstj.?

Það var af skiljanlegum ástæðum hjá hinum varfærna ráðh., Magnúsi Torfa Ólafssyni, þegar hann í gærkvöld taldi eðlilegt að ræða till. miðað við þær aðstæður, sem hún var flutt við, þ. e. a. s. í des., og taka ekki með í myndina það stjórnleysi og þá ringulreið í efnahagsmálum, sem einkennt hefur það, sem af er þessu ári, síðustu tvo mánuðina, og nú síðast hinar geigvænlegu hækkanir á landbúnaðarvöruverðinu. Hafi nokkur efazt um réttmæti vantraustsstill. í des. s. l., þá efast enginn um það í dag. Og hvað hefur ekki komið í ljós? Ríkisstj. hefur misst einn af sínum stuðningsmönnum. Þannig mun aðeins 31 hv. þm., ef þeir verða þá 31, greiða atkv. gegn þessari till., þ. e. a. s. verja ríkisstj. vantrausti. Í upphafi naut ríkisstj. stuðnings 32 þm. Það er þegar farið að kvarnazt úr þingliði ríkisstj. Hvað þá um kjörfylgi ríkisstj.? Við heyrðum einnig í gærkvöldi heimiliserjur innan Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þær voru gerðar þjóðinni kunnar í útvarpsumr., og ég held, að þær heimiliserjur séu talandi tákn fyrir það samkomulag, sem er í stjórnarflokkunum um þessar mundir. Ég held, að slíkt hafi ekki átt sér stað í um það bil þrjá áratugi, ef ekki lengur, að ríkisstj. hafi misst á valdatíma sínum einn þm. úr hópi síns þingfylgis. Er hægt fyrir hæstv. forsrh. að koma hér í ræðustól og lýsa undrun sinni yfir flutningi till., þegar umr. og tillöguflutningurinn leiðir í ljós, að ríkisstj. hefur misst þingfylgi? Strúturinn stingur höfðinu í sandinn og heldur, að enginn sjái hann.

Ég veit, að hæstv. menntmrh., þegar hann í gærkvöld taldi, að eðlilegast væri að ræða þessa till. miðað við þær aðstæður, sem voru, þegar hún var flutt, gerði sér einnig grein fyrir þeirri furðulegu ræðu, sem hæstv. iðnrh. hélt, þegar hann á mjög óviðurkvæmilegan hátt dró atburðina á Heimaey inn í pólitískar umr. hér á Alþ. Málflutningur hæstv. iðnrh. hefur verið fordæmdur af öllum sönnum Íslendingum. Það var vissulega til þess að taka eftir, hvað hæstv. iðnrh. þótti slæmt, að formaður Sjálfstfl. skyldi ekki í ræðu sinni hér gera að árásarefni á ríkisstj. þau vinnubrögð, sem við voru höfð í þessu máli. Iðnrh. hafði augsýnilega vonazt til þess. En hann lét sér ekki að kenningu verða afstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu mikilvæga máli. Hann lét sér ekki það að kenningu verða, að um þetta mál hafði náðst samstaða hér á Alþ., og hann notaði ræðutíma sinn svo ósmekklega, að lengi mun í minnum haft. Ég skal ekki taka hér upp deilur um Vestmannaeyjamálin við hæstv. ráðh., en ég vildi ekki láta hjá líða að benda á málflutning þessa ráðh., eins af æðstu klerkum kommúnista hér á Íslandi.

Það var auðheyrilega mikil gremja inni fyrir hjá þessum ráðh., gremja yfir því, að það, sem hann vildi í þessum málum, skyldi ekki ná fram að ganga. Við heyrðum það hér í sölum Alþ. skömmu eftir myndun ríkisstj., þegar Alþ. var komið saman og einn af yngstu þm. leyfði sér að koma í ræðustól og hafa aðrar skoðanir á máli en hæstv. iðnrh., að þá kom hann í ræðustólinn og sagði, að sú stefna, sem hann hefði barizt fyrir í 8 ár, skyldi framkvæmd. Nú væri hann kominn í ráðherrastól, og nú varðaði sig ekkert um það, hvað löggjafarsamkoma Íslendinga, Alþingi, segði um málin. Við sáum til þessa sama hæstv. ráðh. hér í þingsölunum rétt fyrir jólin, þegar honum var ljóst, að áform hans í viðkvæmum málum varðandi tryggingar sjómanna mundu ekki ná

fram að ganga. Hann gekk hér um sali og hellti úr skálum reiði sinnar yfir þá stjórnarþm., sem vildu ekki styðja verk þessa forustumanns kommúnista á Íslandi. Sem betur fer tókst honum ekki að skamma þá sér til hlýðni.

Það var auðheyrt á þessari furðulegu ræðu iðnrh., að Alþ. var ekki í hans augum til þess að marka stefnuna. Alþ. var, eins og hann sagði, hópur fárra manna, sem væru ekki í snertingu við lífið, það væri djúp staðfest á milli Alþ. og þjóðarinnar og því væri miður farið, að Alþ. skyldi fá að ráða ferðinni, m. a. í því máli, sem hann gerði svo smekklega að umræðuefni sínu. Við skulum aðeins rifja upp, hverjar þær till. voru, sem fyrst sáu dagsins ljós varðandi þetta mál og þessi hæstv. ráðh. vildi í gærkvöld gera að sínum. Það hefur hins vegar nokkuð verið á huldu, hvort hér hafi verið um að ræða till. ríkisstj. eða embættismanna ríkisstj. Hæstv. forsrh. tók þó af allan vafa hér fyrir skömmu, og í gærkvöld gerði hæstv. iðnrh. þær að sínum, hvað svo sem hæstv. sjútvrh. segir um málið. Í þessum till. fólst skerðing á persónufrelsi einstaklingsins, — persónufrelsi, sem engir nema kommúnistar, þar sem þeir hafa komizt til valda, hafa lagt til, að tekið væri af þjóðinni. Þarna kom nefnilega úlfurinn undan sauðagærunni. Maðurinn, sem um marga áratugi hefur rekið erindi alheimskommúnismans, að vísu dulbúinn sem fulltrúi lýðræðislegs sósialisma, var nú kominn til valda, og nú skyldi stefna hans framkvæmd. En hvaða vandræði voru þetta? Alþ. hafði ekki verið afnumið. Þjóðin átti sína fulltrúa, sem voru málsvarar hennar á Alþ., sem voru ekki reiðubúnir til að láta forustumanni lýðræðissósíalisma á Íslandi eftir einræðisvald.

Við þekkjum vel söguna frá Austur-Evrópu, og við skulum vona, að Alþingi Íslendinga beri gæfu til að fyrirbyggja, að sams konar atburðir og þar geti gerzt hér. En það voru einmitt forustumenn lýðræðissósíalismans í þessum löndum, sem leiddu kommúnismann þar til valda.

Svo ræðir hæstv. iðnrh. um, að stjórn og stjórnarandstaða geti unnið saman af heilindum. Ég spyr: Gefur slíkur málflutningur, sem hæstv. iðnrh. viðhafði í gær, tilefni til að vonast eftir heilindum af hans hálfu um lausn vandamála? Þegar slíku er slegið fram, er ekki úr vegi, að gerður sé samanburður á stjórnarandstöðunni 1959—1971 og þeirri, sem nú er á Alþ. Ég man ekki þess dæmi allan þann tíma, að þáv. stjórnarandstaða tæki nokkurn tíma með ábyrgum hætti þátt í lausn þeirra stærstu vandamála, sem þá voru til afgreiðslu hér á Alþ. Tóku þeir með ábyrgum hætti þátt í lausn efnahagsvandamálanna eftir vinstri stjórnina? Tóku þeir þátt í undirbúningi stóriðju á Íslandi, lausn vandamálanna vegna verðfalls og aflabrests 1967 og 1968, inngöngu Íslands í EFTA, samþykkt Alþ. í landhelgismálinu 1971, þar sem landgrunnsstefnan var ítrekuð? Stuðningsmenn núv. ríkisstj. hafa að sjálfsögðu tækifæri hér til að koma að leiðréttingum, ef ég fer rangt með, og þá gera þeir það. Vinnubrögð núv. stjórnarandstöðu eru með allt öðrum hætti. Á því aðeins 1½ ári eða rúmlega það, sem liðið er frá því, að núv. ríkisstj. tók við völdum, hefur stjórnarandstaðan tekið þátt í lausn mikilsvarðandi mála og Alþ. orðið sammála. Ef möguleiki hefur verið á því að ná samstöðu um lausn mála hér á Alþ., hefur það verið gert. Við skulum minnast samþykktarinnar frá 15. febr. 1972 í landhelgismálinu, samþykktar Alþ. um vandamál Vestmanneyinga, samþykktar Alþ. um lögfestingu á samningi við Efnahagsbandalag Evrópu. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa séð ástæðu til þess hér á Alþ. að flytja stjórnarandstöðunni þakkir fyrir störf hennar í sambandi við lausn þessara mála. Þegar sjálfstæðismenn, sem oft hefur verið, hafa verið í andstöðu við afgreiðslu mála hér á Alþ., hafa þeir í ítarlegum nál. gert grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem þeir vilja láta ráða við afgreiðslu mála, og flutt í framhaldi af því fjölmargar till., sem allar hafa hins vegar verið felldar og ekki hafa séð náð fyrir augum meiri hl. Á þessu er líka mikill munur frá því í tíð fyrrv. stjórnarandstöðu.

Það voru sjálfumglaðir ráðh., sem fluttu mál sitt hér í gærkvöld. Vitaskuld reyndu þeir að fegra störf og stefnu ríkisstj. með mismunandi háfleygum og fallegum lýsingarorðum og með samanburði eins langt aftur í tímann og þeim var mögulegt, til þess að út úr því kæmu einhverjar hagstæðar niðurstöður. Hefði samanburðurinn verið gerður miðað við daginn í dag, hefði niðurstaðan hjá þeim orðið þeim óhagkvæm, og þess vegna var það látið vera. Ég er sannfærður um, að slíkur málflutningur nær ekki að blekkja kjósendur. Þeir gera sér grein fyrir aukinni skattbyrði, fyrir skefjalausri verðbólgu, fyrir algeru stjórnleysi í efnahags- og fjármálum ríkisins, og þeir munu ekki gleyma því. Enda þótt okkur sjálfstæðismönnum takist ekki nú að losa þjóðina við þá ríkisstj., sem situr, og koma fram kosningum, þá mun þjóðin, þegar hún fær tækifæri til þess, losa sig við núv. ríkisstj.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þessu vantrausti hafa verið gerð svo ítarleg skil af hálfu talsmanna Sjálfstfl. og svo ljós rök leidd að orsökum þess, að þess gerist naumast þörf að fara að fjalla um það í löngu máli. Ég tel þó ekki annað auðið, m. a. að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., en að eyða hér nokkrum tíma hv. þm. til að ræða vissa þætti þessara mála. Mun ég þá láta hjá líða að ræða landhelgismál og utanríkismál, varnarmál þar á meðal, en víkja eingöngu í stórum dráttum að því, sem ég álít, að sé hvað geigvænlegast nú í dag og fólk hugsar mest um, en það er hin ömurlega þróun efnahags- og fjármála, sem ég held, að hljóti að vekja öllum mönnum ugg og kvíða, hvort sem þeir sitja á stjórnarbekkjum eða í stjórnarandstöðusætum. Trúi ég í raun og veru ekki öðru en sú þróun veki mestan ugg hjá hæstv. ráðh. Ég vil telja, að þeir hugsi svo ábyrgt, að ekki geti annað verið.

Til þess að skilja, hvað hér er að gerast og hefur verið að gerast, og átta okkur á því, hversu ríkan þátt núv. hæstv. ríkisstj. á í þessari óheillavænlegu þróun, neyðist ég til þess að fara örlítið aftur í tímann, en skal þó reyna að stikla á stóru.

Um síðustu kosningar var það höfuðárásar-

mál þáv. stjórnarandstöðuflokka gegn þáv. ríkisstjórnarflokkum, að öllu hefði verið siglt í kaldakol í efnahagsmálum þjóðarinnar. Talað var um, að hrollvekja biði á næsta hausti, og þá vitnað í orð, sem einn af þm. þáv. stjórnarliðs hafði að vísu látið falla, en slitin úr samhengi við annað, sem hann sagði. En látum það vera. Kjósendur voru hræddir með þessari hrollvekju, sem átti að vera fram undan, og því öngþveiti, sem þáv. ríkisstj. hefði skilið eftir sig eftir 12 ára valdaferil.

Hver var svo reyndin um þessa hrollvekju, og hvernig litu núv. hæstv. ráðh. og stjórnarliðar á hrollvekjuna að kosningum loknum? Þeir gerðu það einfaldlega með því að birta þjóðinni það einstæðasta skrumplagg, sem ég hygg, að nokkur ríkisstj. í víðri veröld hafi sett saman. Það hlaut að vísu nafnið Ólafskver, og mönnum var sagt af hæstv. forsrh. að lesa það kvölds og morgna. En ég býst við því, að í dag mundu flestir hæstv. ráðh. vilja, að ekkert eintak væri til af því kveri. Satt að segja hraus mönnum hugur við að sjá, hvað þarna var sett á pappír, vegna þess að vitanlega var, jafnvel þó að allt væri í blóma, gersamlega útilokað að standa við nema lítinn hluta af því, sem þar var sagt. En það, sem var þó eftirtektarverðast í þessu plaggi, var, að hrollvekjan var horfin.

Ég hef áður bent á það í umr. hér á Alþ., að enginn hafi afsannað hrollvekjukenninguna betur en hæstv. núv. ríkisstj. Annaðhvort sé það svo, að það hafi í raun verið blómlegra ástand í atvinnumálum og fjármálum þjóðarinnar en jafnvel við stjórnarliðar þá töldum vera, eða þá að hæstv. núv. ríkisstj. hafi hagað sér við samningu loforðaplaggsins mikla af slíku ábyrgðarleysi, að ég vil ekki ætla neinni ríkisstj. að leyfa sér slíkt, því að hún hlaut fyrr eða síðar að verða að taka afleiðingunum af því sjálf. Hafi hrollvekja verið fram undan haustið 1971, var auðvitað fullkomið ábyrgðarleysi, að ríkisstj. skyldi beinlínis hvetja til þeirra launahækkana í ýmsu formi, m. a. stórfelldrar vinnutímastyttingar í einum áfanga, eins og hún þá gerði. Það voru í rauninni ekki verkalýðssamtökin, sem höfðu forustuna um að knýja fram sem mestar launahækkanir, heldur ríkisstj. sjálf. Þetta held ég, að sé nægilegt svar við kenningunni um, hvernig viðskilnaður fráfarandi ríkisstj. hafi verið í efnahagsmálum. Og þetta er jafnframt fullnægjandi staðfesting á því, að það er hæstv. núv. ríkisstj., sem hefur myndað og skapað þá hrollvekju, sem við stöndum andspænis í dag og er sannkölluð hrollvekja.

Nú er það að vísu svo, að skoðun mín er, að stjórnarliðar hafi hagað sér af ábyrgðarleysi, vegna þess að ástandið í efnahagsmálum, þegar fyrrv. ríkisstj. skildi við, hafi ekki réttlætt þær stórkostlegu verðbólguaðgerðir, sem núv. ríkisstj. hófst þegar handa um, þar hafi hún gengið feti framar en verjandi var, þó að viðskilnaðurinn væri vissulega góður. Þessa sögu skal ég ekki rekja, en aðeins leggja áherzlu á það, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur sjálf afsannað allar fullyrðingar sínar frá síðustu kosningum um, hvað hún hafi tekið við slæmu búi. Hæstv. fjmrh., sem ég mun kannske víkja svolítið að síðar, byrjaði á því — ég veit að vísu ekki, með hvað glöðu geði — að eyða 650 millj. úr ríkissjóði umfram allar heimildir, til þess vissulega að gera gott. En ef menn ætla að gera gott, verða þeir þó að vera nokkuð öruggir um, að það þurfi ekki að taka gjafirnar aftur til baka innan lítils tíma. Það er ákaflega óskemmtilegt form á gjöfum. En það er því miður þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera. Hún var gjafmild á fyrstu mánuðum tilveru sinnar. Það voru glaðir menn, sem sátu í ráðherrastólum eftir langa veru úti í kuldanum, og nú átti að sýna þjóðinni, að margt átti að gera, og hins vegar ekki alveg eins horft á það, hvað það kostaði að gera allt það, sem gera átti. Það var næstum því, að manni dytti í hug, að hæstv. ríkisstj. héldi, að hún færi frá innan 6—7 mánaða. En það hefur nú einhvern veginn slampazt svo, því miður, fyrir hæstv. ríkisstj., að enn situr hún í stólnum og situr í sínu eigin feni. Það er í rauninni hennar óhapp, að hún skuli ekki vera farin, en okkar happ. Nú má enginn skilja það svo, að ég vilji ekki gjarnan, að þessi vantraustsstill. sé samþ., en það er með hálfum huga. Það kemur að því, að hún verður samþ. og það kannske við öllu óheppilegri aðstæður fyrir hæstv. ríkisstj., svo að ég held, að hún ætti að láta nokkuð af fylgismönnum sínum sitja hjá, — auk þess sem einn hefur þegar lýst því yfir, að hann muni af sannfæringu sitja hjá, — til þess að vantraustið nái fram að ganga — hennar vegna sjálfrar.

Kjarasamningarnir og kostnaðaraukinn, sem leiddi af þeim haustið 1971, tóku að segja til sín eftir nokkra mánuði. Vissulega væri gleðilegt, ef hefði verið hægt að auka kaupmátt launa, eins og þá var ætlunin að gera, ofan á þau 30%, sem áður hafði tekizt að auka kaupmáttinn um á tveimur árum. En það er jafnljóst, að allt að 50% kaupmáttaraukning launa á þremur árum er óhugsandi. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, það vita allir í dag. Þess vegna er hinum óskemmtilegu eftirkröfum ríkisstj. að rigna yfir landslýðinn í ýmsu formi þessar síðustu vikur og mánuði. Strax að ári liðnu var byrjað að taka gjafirnar aftur. Það var gert í því formi að setja á nýja verðstöðvun. Það var flett upp í frv., sem fyrrv. ríkisstj. hafði lögfest og þá var fundið allt til foráttu, til þess að finna úrræði til að stöðva þá verðbólguöldu, sem ríkisstj. sá, að var að skella yfir. Þegar þetta frv. var til meðferðar hér á Alþ. og hæstv. forsrh. talaði fyrir því á s. l. hausti og það með nokkrum þjósti, að það væri furðulegt, ef stjórnarandstöðuflokkarnir ætluðu að vera á móti þessu máli, þar sem þeir hefðu gert þetta sama, þá lét ég í ljós nokkra undrun yfir því, miðað við allar lýsingar hæstv. núv. ríkisstj. og ráðh. á aðgerðum fyrrv. ríkisstj. Það er næstum því eins og hún geti ekki ímyndað sér neina æðri hugsjón en þá að fylgja þeim aðgerðum, sem fyrrv. ríkisstj. hafi framkvæmt. Hún hefði að vísu gengið miklu lengra, í ýmsum efnum, en það er allt önnur saga. En einhvern tíma var okkur sagt, að þær aðgerðir hefðu ekki verið góðar, og ég

held, að kjósendum hafi verið sagt fyrir kosningar, að það væru slæm ráð, sem fyrrv. ríkisstj. hefði haft á boðstólum. Nú allt í einu eru þetta orðin þjóðráð og eins og áðan sagði í því formi að ganga hvarvetna lengra. Nægir að benda á aðeins eitt lítið dæmi, sem snertir till., sem hér hafa legið fyrir þinginu um skerðingu vísitölunnar varðandi tóbak og áfengi, að þar átti að ganga meira en helmingi lengra í skerðingu en fyrrv. ríkisstj. hafði gert. Var það harðlega fordæmt og talið nauðsynlegt, að það yrði eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. að lagfæra aftur, svo að launþegum yrði að fullu bætt.

Verðstöðvunin 1970, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir, hefði fullkomlega náð tilgangi sínum, ef skynsamlega hefði verið á málum haldið haustið 1971. Staða atvinnuveganna var þá slík að það hefði verið auðið fyrir þá að taka á sig þær kvaðir, sem leitt hefði af því, að þær verðstöðvunaraðgerðir, sem auðvitað hljóta alltaf að vera tímabundnar, hefðu verið látnar niður falla og verðlag og kaupgjald látið þróast með eðlilegum hætti. En hins vegar skipti þar algerlega sköpum, og það höfðum við sagt í kosningunum, hvernig kjarasamningarnir 1971 yrðu meðhöndlaðir. Í því lá gæfumunurinn. Í því lá ógæfa núv. hæstv. ríkisstj., hvernig þá var á málum haldið og eftir það.

Það hefur verið minnzt á hvað síðar gerðist, og ég skal ekki rekja þá sögu í einstökum atriðum. Allt hefur það gerzt með þeim eindæmum, að þar hefur ekki verið samstaða um neitt, þó að menn í stjórnarliðinu hafi að vísu, meira og minna fúlir, fallizt á að beygja sig fyrir þeim ráðstöfunum, sem ofan á hafa orðið. En niðurstaðan hefur eðlilega orðið sú, að engin heilsteypt stefna hefur verið mörkuð. Það hefur verið gutlað við að leysa vandamálin og raunverulega ekki verið um neina lausn að ræða, eins og sást bezt á meðferð efnahagsmálanna nú í des. Undirbúningur að þeim var með ágætum, enda voru þar úrvalsmenn settir til starfa, sem að vísu höfðu verið fordæmdir margir hverjir af núv. hæstv. ríkisstj. (**Forseti:** Ég hafði hugsað mér að hafa kaffihlé, líka vegna flokksfunda, og vildi gjarna geta tekið það núna, ef hv. þm. gæti fundið heppileg greinaskil í ræðunni.) Þau geta verið eftir atvikum, hæstv. forseti, það er alltaf hægt að byrja aftur, jafnvel í miðri setningu. Á ég þá að hætta? (**Forseti:** Nei, ég geri ekki svo strangar kröfur, að það sé hætt í miðri setningu.) Það er nú eftir því, hvað setningin er löng. (**Forseti:** Ef hv. þm. fellst á, vil ég gefa fundarhlé núna til kl. 17.00. Það er vegna flokksfunda.) Maður safnar kröftum á meðan. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég lauk þar ræðu minni, er ég hafði nokkuð vikið að verðstöðvunarráðstöfunum hæstv. ríkisstj. og framhaldi þeirra, sem var sú heildarathugun efnahagsvandans, sem ríkisstj. lét fram fara á s. l. hausti. Í framhaldi af því kom að sjálfsögðu að því að velja úrræði til að mæta þessum vanda. Skýrsla sú, sem samin var af sérfræðinganefndinni, er með eftirtektarverðari plöggum, sem gerð hafa verið um eðli og orsakir efnahagsvandamála yfir höfuð og þó fyrst og fremst þess vanda, sem hér var við að glíma. Það leynist engum, sem les þetta plagg, að það var niðurstaða sérfræðinganna, að hér væru mjög alvarlegar horfur, verðbólguskriða á næsta leyti og fjármálaöngþveiti, ef ekki yrði gripið til sérstakra og þá róttækra aðgerða. Það fór ekki heldur á milli mála, að sérfræðingarnir mæltu með því, að gengisfelling, sem þeir að vísu kölluðu hinu nýja nafni uppfærslu, yrði valin til þess að mæta þessum vanda, með þeim rökum, að hún ylli minnstri kjaraskerðingu. Það hlaut að vekja nokkra athygli, hvað ríkisstj. gerði í þessum efnum, þar sem hún hafði fordæmt mjög harðlega gengisfellingar og hæstv. forsrh. hafði alveg nýlega lýst því yfir, að núv. ríkisstj. mundi aldrei fella gengið. Þess var því beðið af nokkurri eftirvæntingu, hvað úr yrði. Vitanlega fór það svo í þessum efnum sem öðrum, að lítið varð úr fyrri yfirlýsingum og nákvæmlega sú leið var valin, sem ríkisstjórnarflokkarnir höfðu áður sagt, að helzt skyldi forðast. Að vísu urðu um þetta deilur, sem ég skal ekki rekja hér, og skiptir ekki máli, hver lagði annan að velli innan stjórnarinnar, en um þetta urðu átök eins og flest annað, sem ríkisstj. hefur fengizt við. Mér þykir þó rétt að vitna hér í Þjóðviljann, ekki vegna þess, að það sé sérstaklega sannleikanum samkv., heldur til þess að sýna, hver hugur var að baki þessum efnahagsráðstöfunum, sem áttu að vera bjargráð fyrir atvinnuvegina. Þjóðviljinn sagði í ritstjórnargrein 19. des. 1972:

„Gengisfelling er engin lausnarráðstöfun. Eftir rétt ár eða fyrr" — menn taki eftir — „verður enn að gera ráðstafanir, enn verður að leita lausnar á vanda. Þá dugir ekkert hálfkák, þá duga engar frestunaraðgerðir, þá dugir ekkert minna en breyting, róttæk breyting, sem rýfur vítahringinn."

Þetta er aðalmálgagn ríkisstj., þ. e. a. s. málgagn þess hluta hennar, sem mestu ræður, og þess vegna hlýtur þessi yfirlýsing rétt um það leyti, sem aðgerðir eru gerðar í efnahagsmálum, að vekja sérstaka athygli. Ég held, að það sé einsdæmi, að slík yfirlýsing sé gefin af hálfu ríkisstj. um stórfelldar efnahagsaðgerðir, um leið eða nokkrum dögum eftir að þær eru gerðar. Alþb.-menn hafa að vísu reynt að komast undan— og reyndar ríkisstj. öll — því ámæli, sem hún hlaut að fá frá sínum stuðningsmönnum, sem höfðu trúað orðum hennar um það, að gengi krónunnar skyldi ekki framar fellt, með því, að þessi gengisfelling hafi verið alveg sérstæð umfram aðrar gengisfellingar. Það er alveg rétt, gengisfellingin er sérstæð. Það hefur aldrei verið framkvæmd svona gengisfelling á Íslandi, vegna þess að hún var gerð án þess að gera nokkrar ráðstafanir til að hindra, að hún yrði innan skamms tíma að engu. Þetta er frábrugðið við þessa gengisfellingu og aðrar, sem hafa verið framkvæmdar. Valkostanefndin lagði á það höfuðáherzlu í sínum ábendingum, að ef ætti að velja svokallaða uppfærsluleið, þá yrði samstundis eða samhliða að gera ýmsar ráðstafanir, sem ætíð hafa verið gerðar, til þess að koma í veg fyrir, að gengisfellingin eða áhrif hennar rynnu út í sandinn og hleyptu af stað nýrri verðbólgu-

skriðu. Þetta var forðazt, og þetta telur ríkisstj. sér til lofs, eins og flest það, sem miður hefur farið.

Það er svo enn einstakt við efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj., að nokkrum dögum eftir að gengisfellingin er framkvæmd, kemur á daginn, að það þarf einnig að taka upp annað kerfi, nýtt uppbótakerfi. Að vísu var því svo meistaralega fyrir komið að leggja þann bagga á hæstv. fjmrh. og ríkissjóðinn, enda gerir það víst ekki til, hann segir, að hann sé vel stæður núna, að ekkert muni um þetta, þá er það náttúrlega allt í lagi. En í eðli sínu var þetta nýtt uppbótakerfi, að ég hygg tæpum hálfum mánuði eftir að gengisfelling var framkvæmd. Þetta hygg ég, að sé líka einstætt.

En þetta kom ekki heldur að notum, því að þegar dollarinn er felldur, þá er talið óumflýjanlegt, að krónan falli að fullu á móts við dollar, eini gjaldmiðill Vestur-Evrópu, að ég hygg, a. m. k. norðurhluta Vestur-Evrópu. Það hefur enginn annar gjaldmiðill Evrópuþjóða verið felldur á móts við dollarann nema krónan, heldur hafa flestir staðið stöðugir eða þá verið lítið eitt lækkaðir, sbr. gjaldmiðla Norurlandaþjóðanna.

Í sambandi við þetta mál gerðust þau undur, sem ekki er hægt að komast hjá að vekja athygli á, að sama dag og Seðlabankinn, sem vitanlega starfar þar í umboði ríkisstj., lýsir því yfir, að það sé óumflýjanlegt vegna afkomu atvinnuveganna, fyrst og fremst sjávarútvegsins, að láta krónuna falla til jafns við dollar, heldur hæstv. sjútvrh. ræðu á fundi Kaupmannasamtakanna, sem til allrar ógæfu fyrir hann er til á segulbandi, sem ég veit ekki, hvort hann hefur vitað um. Þar lýsir hann því yfir, að hefði verið vitað um þær nýju verðhækkanir á útflutningsvörum sjávarútvegsins, sem urðu nú eftir áramótin, hefði gengisfellingin í des. aldrei komið til mála. Nú hefur ráðh. reynt af sinni alkunnu viðleitni til þess að hafa 2—3 skoðanir í einu, að komast út úr þessu og segja: Jú, þetta er alveg rétt, við hefðum ekki gert þetta í des., en engu að síður er bráðnauðsynlegt núna að fella gengið að fullu til jafns við dollar, vegna þess, eins og hann orðaði það efnislega séð, að gengisfellingin frá í des. væri öll runnin út í sandinn, hún væri öll komin inn í verðlagið. Auðvitað er þetta algerlega út í hött og á sér enga stoð í veruleikanum, að gengisfelling éti sig upp í verðlagi á örfáum vikum. Þetta er auðvitað viðleitni til þess að komast út úr stórkostlegri klípu eftir að hafa talað af sér, eins og hann gerði.

Ég læt algerlega liggja milli hluta, hvort þessi gengisfelling var fullkomlega þörf eða ekki. Ég býst við, að framleiðsluatvinnuvegunum hafi ekkert af því veitt. En það er ekki það, sem skiptir meginmáli í þessu, heldur sú óskaplega tækifærisstefna, sem hér er fylgt, þar sem á nokkurra daga fresti, svo að segja, eru gerðar nýjar og nýjar ráðstafanir, sem reynast vera ófullnægjandi með öllu innan jafnstutts tíma og ég hef hér gert grein fyrir. Það er sem sagt engin heilsteypt lína til í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstj. fram að þessum tíma.

En hefur þá ekkert gerzt síðan? Jú, það hefur gerzt síðan, að ríkisstj. hafði tilburði til þess að leysa efnahagsvandann, að nokkru leyti a. m. k. og sennilega að nokkuð verulegu leyti, en það var í sambandi við það frv., sem hv. þm. vita um. Að vísu hefur farið á milli mála, hverjir hafi samið það, en nú liggur það nokkuð ljóst fyrir. Án þess að ég ætli að fara að ræða hina furðulegu ræðu hæstv. iðnrh. í gærkvöld, sem er rannsóknarefni út af fyrir sig, þá vitum við, að hún var ekki ádeila á stjórnarandstöðuna, enda hafði enga þýðingu að vera að deila á hana um, að ríkisstj. kæmi ekki fram málum, ef hún hafði þingmeirihl. til þess, heldur hlaut hún að vera að deila á aðra menn, sem sitja í þessum sal, og voru ekki nægilega þægir til að ljá sitt til að fara að blanda lausn efnahagsvandamálanna saman við þær hörmungar, sem skullu yfir Vestmanneyinga og allur þingheimur var sammála um, að yrði að bregðast við af einingu, eins og gert var að lokum, eftir að ríkisstj. var knúin til að taka út úr frv. ýmsa þætti varðandi efnahagsvandamál þjóðarinnar, sem áttu ekkert skylt við vandamálin í Vestmannaeyjum. Það hefur verið reynt að halda því fram, að með þessu hafi stjórnarandstaðan — eða Sjálfstfl. — lýst andstöðu sinni og reynt að setja fótinn fyrir nauðsynlegar aðgerðir til aðstoðar atvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta er auðvitað algerlega rangt. Við höfum ekki sagt eitt né neitt um það. Við höfum sagt það eitt, að þessum vanda ætti ekki að blanda saman. Það ætti ekki að fara að skella því á Vestmanneyinga, að það þyrfti að grípa til að banna verkföll, skerða vísitölu og jafnvel að safna í sjóði sjávarútvegsins, sem koma þessu máli ekkert við, og margt annað furðulegt, sem gera átti, — allt þetta ætti síðan að skrifast á reikning ófaranna í Vestmannaeyjum. Þetta var það, sem við mótmæltum, og ég hygg, að Vestmanneyingar mundu hafa mótmælt mjög harðlega líka.

Eins og hér hefur verið sagt áður í dag, var ræða hæstv. iðnrh. með endemum. En væri henni að vísu snúið við, þá átti hún ákaflega vel við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í málinu. Eftirtektarverðast í ræðunni var þó, að hæstv. iðnrh. staðfesti algerlega það, sem sagt hefur verið um tilorðningu þessara till., og upplýsti, að ekki hefði verið til staðar það vitneskjuleysi flokksbróður hans, hæstv. sjútvrh., sem hann hefur alltaf borið fyrir sig, heldur hafi þeir ósköp vel vitað um þessi mál, en þetta ekki verið neinar einkatill. hæstv. forsrh. eða till. embættismanna, eins og hefur verið reynt að halda fram af hálfu ráðh. Alþb. og málgagns þeirra með mjög ósmekklegum hætti.

Nei, það, sem allt strandaði á, var skortur á einingu í stjórnarherbúðunum. Og engar till. í efnahagsmálum hafa síðan séð dagsins ljós, þangað til till. kom frv. um þá hluti, sem maður hefði haldið, að ekki ætti eftir að henda þessa hæstv. ríkisstj. Það var að taka hækkun á áfengi og tóbaki aftur út úr vísitölunni, sem var svo mikil þjóðarnauðsyn að koma inn í vísitöluna í byrjun stjórnarferilsins, að gefin voru út sérstök brbl. til að láta þessa hækkun verka að fullu þá þegar á kaupgjaldsvísitöluna. Sjálfstfl. hefur ekki stöðvað þetta mál. Það hef-

ur ekki verið tekið til meðferðar hér í tæka tíð. Það hefur ekkert reynt á það. Við höfum lýst því yfir ýmsir, og ég hef ekkert farið dult með þá skoðun mína, að áfengi og tóbak, eða a. m. k. sá hluti áfengis og tóbaks, sem er hrein tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð, eigi alls ekki að vera í vísitölunni. Ég vil segja meira: ég er þeirrar skoðunar, að tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs, t. d. óbeinir skattar, eigi ekki heldur að vera í vísitölunni, því að það er auðvitað alger svikamylla að vera að afla tekna til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs og láta þá tekjuöflun jafnframt verka til hækkunar kaupgjalds og alls tilkostnaðar í landinu. Það getur ekki gengið, og það er yfirleitt ekki gert í þeim löndum, sem hafa einhvern hemil á því. Held ég í raninni, að menn geri sér orðið grein fyrir þessu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þetta verði að takast upp sem samningamál, eins og hefur verið sagt í dag. Vísitalan var endurskoðuð í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég fór þá með þau mál og átti um það viðræður við ýmsa verkalýðsleiðtoga, m. a. bæði forseta Alþýðusambandsins og formann verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar o. fl., þegar sá vísitölureikningur lá fyrir, en hann var gerður af kauplagsnefnd, sem er skipuð, eins og menn vita, fulltrúum launþega og vinnuveitenda og hagstofustjóra. Þeim var gefinn kostur á að velja um nýjan grundvöll eða hinn eldri grundvöll, og niðurstaðan varð sú, að þessi grundvöllur, sem nú gildir, var valinn. Það var því með fullum friði og samkomulagi, sem þessi vísitölugrundvöllur var settur. Það kann vel að vera tímabært — og ég er þeirrar skoðunar — að endurskoða þennan grundvöll, ekki vegna þess, að neyzluvenjur hafi breytzt svo mikið frá því, að hann var settur, heldur vegna þess, að það eru ýmis atriði í sambandi við hann, sem hafa sýnt sig, að eru svo óhagstæð fyrir eðlilega þróun efnahagskerfisins, að það þarf breytinga við. Ég trúi ekki öðru en að verkalýðshreyfingin sé eins og þá reiðubúin fyrir sitt leyti, ef það er gert með skynsamlegum hætti og samkomulagi, að taka þetta kerfi allt til endurskoðunar og ná þeim tilgangi, sem stefnt er að, ef þannig er að málum unnið.

Það hefur verið enn eitt ógæfuatriði hæstv. ríkisstj. að vinna að þeim málum með þeim hætti, að það er erfitt um alla samvinnu við hana, og hlýtur það að vera gáta út af fyrir sig, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fresta öllum efnahagsvanda til næsta hausts og semja þá við verkalýðshreyfinguna um lausn vandans í heild, en byrja á því æ ofan í æ að ráðast að verkalýðshreyfingunni og eigin stuðningsmönnum innan hennar og nánast hálshöggva þá og ætlast svo til þess, að þeir setjist eins og góðu börnin að samningaborði við hana í haust. Það er eftirtektarvert við allar þessar svokölluðu ráðstafanir hæstv. ríkisstj., ef ráðstafanir eiga að kallast, að þær eiga allar saman að gilda til næsta hausts. Ég veit ekki af hverju, hvort hún býst við að finna gullkistu fyrir þann tíma eða verða búin að milda verkalýðshreyfinguna þá og hún eigi að axla þann vanda að leysa hæstv. ríkisstj. niður úr snörunni eða hvort hún ætlar sér að segja af sér þá. Það eru ekki margir kostir til, því að það að miða allt við haustið 1973 er manni óskiljanlegt. Þetta verður enn óskiljanlegra fyrir þá sök, að þetta skuli allt vera komið í þennan hnút, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur fengið tveggja ára frið, hún hefur fengið kjarasamninga til tveggja ára, sem fyrrv. ríkisstj. fékk aldrei. En það endar með þeim ósköpum, sem við stöndum andspænis í dag, stærstu dýrtíðaöldu, sem hefur blasað við nokkru sinni hér á landi frá stríðslokum a. m. k., ég fer ekki lengra aftur og tjóar þá ekkert að vera að gera einhverja útreikninga um hækkun vísitölu nokkur ár aftur í tímann og þar fram eftir götunum.

Við skulum horfast í augu við vandann eins og hann er í dag. Það er hann, sem þarf að leysa. Sá vandi er vissulega þess eðlis, að það er ástæða til þess uggs hjá þjóðinni, sem menn verða hvarvetna varir við, þegar í ofanálag á þær hörmungar, sem hljóta að valda þjóðarbúinu stórfelldum erfiðleikum, þ. e. a. s. vandræðin í Vestmannaeyjum og ýmis önnur efnahagsvandamál bætist, að togaraflotinn skuli liggja bundinn og ríkisstj. ekkert hafast að í einar 6 vikur. Það er satt að segja að verða borgurum landsins gersamlega óskiljanlegt. Það er eins og hæstv. ríkisstj. sé slegin algerri blindu. Og þegar það var upplýst hér fyrir nokkrum dögum af hæstv. sjútvrh., að það hafi aðeins borið á milli smáatriði, þegar verkfallið skall á, þá verður það enn óskiljanlegra, að ekki skuli vera búið að leysa þessa deilu. En hvað um það, út í þá sálma skal ég ekki nánar fara. En við stöndum nú andspænis því, að 1. marz hækkuðu laun í landinu um 12—14%. Þá tók gildi umsamin launahækkun verkalýðsfélaga, úrskurður kjaradóms varðandi laun opinberra starfsmanna og auk þess hvorki meira né minna en 7.32 k-vísitölustiga hækkun eða 7.32 stiga hækkun á kaupgjaldsvísitölu. Auðvitað er það gott og blessað að fá hækkuð laun. En ég held, að það dyljist engum, að hér er tjaldað til einnar nætur og varla það. Hér er hleypt af stað skriðu, sem er uggvekjandi. Og strax næstu daga, eftir að þessi launahækkun kom, og hæstv. ríkisstj. hælir sér að vísu af, þ. e. a. s. þeir Alþb.-menn sérstaklega, að nú hafi verið gerðar stórar umbætur fyrir almannatryggingaþega, — en ég held, að ekki síður þeir en aðrir hafi tekið þessum hækkunum með miklum kvíða, — þá kemur þar til stórkostleg hækkun landbúnaðarvara. Ég er ekki að segja, að hún hafi verið óeðlileg. Hún er afleiðing af því dýrtíðarflóði, sem hafði að þessu leyti verið frestað að nokkru leyti. En hér er ekki numið staðar. Eftir því sem bezt verður vitað, mun kaupgjaldsvísitalan 1. júní hækka enn um 9—10 k-stig. Hér er því á hálfu ári orðin kaupgjaldsvísitölustigahækkun, sem nemur 16—17 stigum. Ég man ekki til, að nokkurn tíma hafi slík þróun átt sér stað, og hefur þó margt gengið á tréfótum í okkar þjóðfélagi í sambandi við verðlagsþróunarmál. Og vitanlega er þetta ekki endirinn, því fer víðs fjarri. Það eru áreiðanlega engar öfgar að segja, að við búum við hrollvekju, hver sem á að kljást við þann vanda. Um það, hvort ríkisstj. tekst að fá verkalýðshreyfinguna, þ. e. a. s. þá menn,

sem þar ráða, til að fallast á einhverja viðhlítandi kjaraskerðingu til að mæta þessum vanda, skal ég ekkert segja. En ég held, að ég þurfi ekki að nefna nema þessar tvær tölur til að sýna, hversu geigvænleg þessi þróun er, og ekkert bólar á úrræðum. Það er auglýst eftir úrræðum okkar stjórnarandstæðinga. Það er gott og blessað. Við skulum koma fram með þau, þegar ríkisstj. hefur vikið úr stólum sínum og við höfum þá aðstöðu að geta fylgt þeim fram, eftir að kosið hefur verið og þjóðin fengið að segja sína skoðun á því, sem hér er að gerast.

Það hlýtur að vera skylda sérhverrar ríkisstj., — það var einnig skylda fyrrv. ríkisstj. að sjálfsögðu og sjálfsagt að krefjast þess — að hafa forustu um að leggja fram till. um úrlausn jafnstórfellds efnahagsvanda og hér er um að ræða. Það gerði fyrrv. ríkisstj. líka á árinu 1967 og 1968. Á árinu 1968 var að vísu reynt að hafa stjórnarandstöðuna með, hún hljóp burt. Þegar búið var að láta hana hafa nokkra tugi kg af pappírum til að lesa, eyða tímanum í að safna þeim handa henni, þá hlupu þeir og vildu ekki taka á sig neinn vanda. Meðan hið háa Alþ. stendur ekki andspænis neinum till. um úrlausn efnahagsvandans, meðan hæstv. ríkisstj. lætur allt fljóta sofandi að feigðarósi, þá er þetta allt á hennar ábyrgð, og það tjóar ekki að segja, að við höfum ekki viljað taka þátt í aðgerðum. Þær hafa annaðhvort ekki séð dagsins ljós eða ekki einu sinni verið reynt að láta þær koma til atkv. hér á hinu háa Alþ. En það hefur ekki verið okkar sök.

Herra forseti. Ég hef vikið að efnahagsvandamálunum almennt og langar þá til að lokum að víkja nokkuð að öðrum þætti, sem er að sjálfsögðu nátengdur þeim vanda, sem ég hef verið að lýsa, en það er ríkisbúskapurinn. Ég skal að vísu taka undir það, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur sagt, eftir að hann tók við völdum, og ég sagði áður og held, að hann hafi þá líka fallizt á, að fjárlagaafgreiðsla væri spegilmynd af efnahagsþróuninni á hverjum tíma. Ég er enn sammála um þetta. En hver er þessi spegilmynd? Hún er ofboðslegri hækkun útgjalda ríkissjóðs, ofboðslegri skattheimta og álögur en við höfum áður þekkt dæmi til. Að vísu voru beinir skattar til hér áður hærri en þeir eru nú, en það er langt síðan horfið var frá þeim skattakvöðum, stríðsgróðaskattinum, sem áður fyrr var við lýði, og því skattkerfi, sem var í gildi fyrir árið 1960. Það þarf ekki að útskýra það fyrir nokkrum manni, hvaða mynd það sýnir, þegar fjárlög hækka um allt að 100%. Hæstv. fjmrh. sagði hér í gærkvöld, að hér væri óheiðarlegur samanburður, vegna þess að annars vegar væru tekin fjárlög fyrir árið 1973 og hins vegar fjárlög 1971, sem hafi farið langt fram úr áætlun. Heldur hæstv. ráðh. virkilega, að fjárl. 1973 fari ekki fram úr áætlun? Hann er þá víst eini maðurinn á Íslandi, sem álítur það. Það er þegar búið að samþykkja slíkar kvaðir á ríkissjóðinn. Þær tölur, sem ég hef nefnt um hækkun kaupgjaldsvísitölu, jafngeigvænlegar og þær hækkanir eru, segja sína sögu, hækkanir almannatrygginga, sem af því leiðir og eru auðvitað hliðstæðar hækkanir, ekki er séð fyrir neinu af þessu nema 7% hækkun til opinberra starfsmanna. Við eigum enn eftir að sjá, hvort hægt er að skera niður útgjöld fjárl. eins og hæstv. ráðh. stefndi að. Ég vona, að honum takist það, en við eigum eftir að sjá það. Það voru 500—600 millj., sem vantaði á fjárl, þegar þau voru afgreidd nú um áramótin, þannig að hér er vitanlega ekki um neinn óheiðarlegan samanburð að ræða. Því fer víðs fjarri.

Hæstv. fjmrh. byrjaði, eins og ég sagði áðan, á því eftir samþykkt ríkisstj., — ég vil ekki ætla, að hann hafi haft um þetta forustu, — að greiða úr ríkissjóði 650 millj. kr. umfram heimild fjárl. Mér fannst næsta broslegt, þegar hann var að lýsa því í ræðu sinni í gærkvöld, hvað hefði þurft að borga mikið úr ríkissjóði umfram fjárlög af kvöðum, sem hafi verið fallnar á sjóðinn og orðið að borga. Hann orðaði þar m. a. launahækkun opinberra starfsmanna og sagði, að launaútgjöldin hefðu verið færð tekjumegin. Ég skildi ekki þá skýringu. Það voru skildar eftir 270 millj., það er rétt, til þess að mæta þeim hækkunum. Þær urðu meiri, vegna þess að launaskriðið var meira en gert hafði verið ráð fyrir. En ef hæstv. ráðh. hefur vitað um það, — eða honum bar a. m. k. að kynna sér það, áður en hann ákvað að dæla út 650 millj. kr., þó að það væri til þarfra hluta, það skal ég taka undir, — þá bar honum að kynna sér, hvaða kvaðir mundu falla á ríkissjóðinn af þegar gerðum hlutum, hvort sem það hafði verið til góðs eða ills. Ekkert af því, sem hæstv. ráðh. hefur sérstaklega nefnt, hefur hann hingað til talið, að hafi verið hægt að komast hjá að gera. Ég ætla svo ekki að fara út í neinar deilur um það að öðru leyti, hvaða þarfir þarna var um að ræða. Þetta var á fallið, og það var staðreynd, sem fjmrh. verður að horfast í augu við, þegar hann tekur við embætti, hvort sem honum líkar betur eða verr. Þetta leiddi að sjálfsögðu til þess, að hallabúskapur varð hjá ríkissjóði á árinu 1971, öfugt við það, sem var árið 1970, og þetta á einnig sinn þátt í því að efla verðbólguvandann. Það getur verið gott og blessað að auka framlög til verklegra framkvæmda og félagsmála. Ekki skal maður hafa á móti því. Nú er það aftur á móti orðið, eins og á öðrum sviðum, að hæstv. ríkisstj. er hér að reyna að berjast við það, sem hún hefur vakið upp, — ég vil ekki í þessu tilfelli nefna draug, vegna þess að þetta eru góð mál, — á þann veg, að hún hamast við að reyna að skera niður og draga úr öllum þessum liðum, bæði opinberum framkvæmdum og að vísu ekki beint félagsumbótum, en þó er auðvitað sumt af því þess eðlis. Nú er hamazt við að draga úr þessu öllu saman, og þó standa málin þannig í dag, að það er ómögulegt að ná saman endum.

Eitt af því, sem valkostanefndin varði við og lagði ríkasta áherzlu á, var að þenslan í ríkisútgjöldum og almennum framkvæmdum í landinu á vegum opinberra aðila væri orðin með ódæmum. Í ofanálag á þetta hafa safnazt ofboðslegri skuldir við útlönd á skömmum tíma en nokkru sinni hafa áður þekkst, 7 milljarðar á tveimur árum eða um 50%, og er áætlað af

valkostanefndinni, að þessi tala — og miðar hún þó við verulegan samdrátt erlendra lána — verði ekki undir 70% í árslok 1973, og stefnir líklega heldur í þá átt, að hún verði hærri. Og það er eitt af því, sem valkostanefndin og hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar leggja hvað ríkasta áherzlu á í sambandi við efnahagsmálin, að hér verði að koma til samdráttur og þessi skuldasöfnun geti ekki átt sér stað áfram né sá framkvæmdahraði á öllum sviðum, sem að var stefnt og er góðra gjalda verður, ef þjóðfélagið þolir hann, en það þolir hann ekki á þeim verðbólgutímum, sem nú eru.

Það hefði verið brýn nauðsyn, að áfram hefði verið haldið eins og var gert 1970 að reyna að stefna að verulegum afgangi hjá ríkissjóði. Það hafði ekki tekizt árinu áður, það er alveg rétt, og við stóðum þá andspænis stórkostlegum erfiðleikum, sem auðvitað eru ekkert sambærilegir við þann vanda, sem ríkisstj. stendur andspænis í dag. Í dag er ekki um neinn samdrátt að ræða að öðru leyti en því, að það er samdráttur frá áður gerðum áætlunum um aukningu, sem er auðvitað gersamlega allt annað mál en það, þegar verður beinn samdráttur í útflutningstekjum þjóðarinnar, sem nemur allt að 50% á tveimur árum. Er auðvitað fjarri öllu lagi að bera slíkt saman, og þarf ekki að ræða það frekar.

Hæstv. fjmrh. hefur verið að leita og leita að úrræðum til þess að sýna fram á, að ríkisbúskapurinn sé nú ekki svo slæmur, og ég segi út af fyrir sig, að það væri ekkert að þakka, þó að hann væri ekki slæmur. Á tveimur árum hafa tekjur ríkissjóðs hækkað með þeim ofsahraða, að slíkt hefur aldrei áður þekkzt, og raunverulega ætti að vera hundruð millj. afgangur og hefði getað verið, ef skynsamlega hefði verið á haldið 1971 og einnig 1972, þannig að auðvitað væri nú lágmarkið, að ríkisbúskapurinn væri hallalaus. Það var hann ekki 1971. En það eru góð ráð dýr. Þó að það liggi fyrir í ríkisreikningum fyrir árin 1970 og 1971, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fyrir Alþ., að greiðsluafgangur hafi verið hjá ríkissjóði 1970 um 460 millj., en greiðsluhalli 1971 um 340 millj., eða um 800 millj. kr. versnandi staða ríkissjóðs á þessu tímabili, — þetta er í reikningum, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir Alþ., og er í samræmi við þær aðferðir, að afkoma ríkissjóðs hefur alltaf verið reiknuð eftir á, — þá lætur hæstv. ráðh. setja upp nýtt dæmi, sem út af fyrir sig er eins og um allar tölur þannig, að það er hægt að hagræða þeim, og það hefur verið snoturlega gert, — ég skal hæla honum fyrir það, — þannig að hann fær út, að 1972 sé bezta afkomuár ríkissjóðs. Vel kann þetta að verða. Það hafa aðeins legið fyrir spár um útkomu þessa árs, og það er vitað, að tekjurnar í ár verða óhemjulegar. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að það er einum söluskattsmánuði fleira, sem kemur hér til tekna, en árið áður, og þróunin, sem var síðari hluta ársins, leiddi af sér hreint og beint kaupæði. Sala Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins hefur farið svo stórkostlega fram úr áætlun, að slíkt hefur aldrei áður þekkzt, og kaup á bæði bifreiðum og ótalmörgum öðrum vörum fyrir áramótin, þegar fólk var að reyna að koma peningum sínum í önnur verðmæti, sem því miður virðast verðmætari í dag en peningar, hafa leitt til þess, að tekjur ríkissjóðs frá í des. urðu stórkostlegar. Ofan á þetta bætist svo það, að vegna skattpíningarstefnu hæstv. ríkisstj. urðu álagðir skattar, — ég segi álagðir til að fara ekki rangt með, — 1000 millj. kr. meiri á árinu 1972 heldur en gert var ráð fyrir í fjárl. Það eru auðvitað afföll af þessu vegna innheimtuvanhalda, en þar koma líka á móti eftirstöðvar frá fyrri árum, þannig að ég held því ekki fram, að hæstv. ráðh. hafi fengið 1000 millj. í kassann, en álagður tekju- og eignarskattur var nærri 1000 millj. meiri en árið áður, þannig að ég lofa ekkert hæstv. ráðh., þó að honum hafi ekki tekizt að eyða meiru en þessu. Ég veit ekki, hver heildartalan er, ég hef hana ekki fyrir mér. En öll þessi ósköp af tekjum á árinu 1972 hafa ekki dugað. Engu að síður, þó að allt sé tínt til, sjóður hjá ríkisféhirði og allar krónur, sem til eru, þá er 5.9 millj. kr. greiðsluhalli áætlaður. Ekki skal ég vefengja töluna, en hún er sennilega höfð til þess að sýna, hvað þetta sé allt nákvæmt og trúverðugt. Ég er ekki búinn að sjá, að það verði nákvæmlega þessi tala. Ég skal ekki fara út í þessar aðferðir, það er flókið mál. En það er auðvitað hægt að setja upp svona dæmi. Það breytir engu. Það, sem ég áður gat um varðandi niðurstöður ríkisreiknings, er auðvitað það, sem skiptir máli, og það, sem hefur snúið að hv. alþm. alla tíð og hlýtur enn að snúa að þeim, vegna þess að þetta dæmi, sem hæstv. ráðh. er að reyna að setja upp, er svo flókið, að það er engin leið að átta sig á því nema hafa fyrir sér mörg önnur atriði, sem hæstv. ráðh. hefur hér sett á blað og las fyrir okkur í gærkvöld í belg og biðu. Það þarf t. d. að gera sér grein fyrir því, hvað hefur verið tekið mikið af lánum. Það þarf að gera sér grein fyrir því, hvað er með innheimtufé, sem ríkissjóður á að standa skil á til annarra aðila, ef við ætlum að setja dæmið svona upp. Og það þarf að gera sér grein fyrir því, hverju er frestað af greiðslum fram yfir áramót. Það verður líka að gera það upp. Ótalmargt af þessu tagi verður að gera upp, til þess að það sé stætt á að bera fram slíkar tölur sem hæstv. ráðh. bar fram og ætla að sanna mönnum, að hér hafi verið vel og dyggilega á málum haldið, að eyða þó ekki fram úr þeim óhemjutekjum, sem honum áskotnuðust þessi ár. Og ég verð að segja, að jafnvel þó að hann skili sléttu nú 1972, þá er ekkert sérstakt að þakka.

Herra forseti. Ég hef þegar orðið of langorður um þessi mál, en þó væri margt hægt að segja enn, sem athyglisvert er. Ég held, að það dyljist engum, þó að við sleppum öðrum málum en efnahagsmálunum og fjármálunum, sem ég hef hér vikið að, að við stöndum andspænis geysilegri hættu í okkar efnahags- og fjármálalífi, og eins og ég sagði í upphafi míns máls, ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. geri sér ekki einnig grein fyrir þeirri verðbólguskriðu og ógnaröldu, sem fram undan er og setur í hættu alla atvinnuvegi þjóðarinnar innan skamms tíma, ef ekkert verður aðhafzt. Ég trúi því ekki, enda þótt það sé furðulegt, að ekki skuli vera komnar fram á Alþ. till. frá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig eigi að mæta þessum vanda. Hefur hún

ekki samstöðu um slíkar till. í sínu stuðningsliði, eða hvað er að? Ég trúi því ekki heldur, að hæstv. ráðh. séu, það skyni skroppnir að gera sér ekki grein fyrir því, að lengur er ekki hægt að bíða, og það er búið að bíða of lengið með aðgerðir til þess að stöðva skriðuna. Það hlýtur því eitthvað að vera að. Innviðirnir eru eitthvað farnir að bogna eða jafnvel að bresta í hv. stjórnarflokkum, þegar jafnmiklir atorkumenn og þar sitja láta þetta lönd og leið. Þeir gera að vísu smátilraunir öðru hverju, en sumar sjá ekki dagsins ljós eða þá að það er ekki einu sinni reynt að fá þær til atkvæða hér á Alþ. Þetta er auðvitað algerlega nægjanlegt til að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir. Ég sagði áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði bezt af því sjálf, að hún yrði samþykkt. Og það getur verið freistandi, — en þannig hefur maður auðvitað ekki leyfi til að hugsa, — að hún fengi að fást við vandann nokkru lengur til að sýna vanmátt sinn, en það er of dýrt fyrir þjóðina. Henni ber því skylda til þess í rauninni, hvað sem líður þessu vantrausti, að leita á ný, við skulum segja: trausts þjóðarinnar, ef hún treystir því, að það sé enn fyrir hendi, þegar það liggur fyrir, að hún hefur hegðað sér á yfirleitt allan hátt andstætt því, sem hún lofaði kjósendum sínum í síðustu kosningum.

Svo aðeins að lokum: Ég veit ekki, hver ætlunin er í þessu efni, en það vakti nokkra undrun, að einn hv. þm. úr stjórnarliðinu skyldi rísa hér á fætur til að lýsa því yfir, að hann ætlaði að greiða atkvæði gegn vantraustinu. Ég veit ekki, hvort hann er sá eini eða hvort hann hefur óttazt, að honum væri eitthvað sérlega vantreyst, að hann mundi styðja stjórnina. Ég held nú, að eins og hefur verið búið að þessum hv. þm. með ýmsu móti af stjórnarliðinu og vegna þeirra fríðinda, sem hann hefur notið, og þess valds, sem honum hefur verið fengið til að mæta fyrir Íslands hönd víðs vegar úti um heim, — að vísu með misjöfnum árangri fyrir þjóðina, látum það liggja milli hluta, — þá verð ég að segja, að mig undraði, að þessi hv. þm. skyldi finna alveg sérstaka hvöt hjá sér til að lýsa því yfir, að hann styddi enn þá stjórnina. Við eigum eftir að sjá, hve margir feta í fótspor hans.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég ætla að gera lítillega grein fyrir því, hvers vegna ég mun greiða atkvæði með vantrausti á ríkisstj. Það er ekki fyrst og fremst vegna landhelgismálsins, hvernig á því hefur verið haldið. Ég er að sumu leyti alls ekki óánægður með það, hvernig t. d. dómsmrh. hefur látið reka það mál undir sinni stjórn. Ég hef að vísu heyrt það töluvert gagnrýnt meðal almennings, að ríkisstj. hafi ekki notað sér þá aðferð að reyna að reka fleyg á milli Vestur-Þjóðverja og Breta í andstöðunni gegn okkur. Ég hef líka heyrt það töluvert gagnrýnt, að ekki skuli vera sótt og varið mál okkar fyrir Haagdómstólnum. Samt sem áður vil ég ekki taka þátt í deilum um það mál hér. Ég ætla ekki heldur að fara sérstaklega út í efnahagsmálin, þau hafa verið rædd mikið og skýrð á báða bóga. Ég tel að vísu, að þar hafi verið haldið mjög slælega á málunum, og það er ein ástæðan fyrir því, að ég greiði atkvæði með vantraustsyfirlýsingunni, en það koma fleiri ástæður til.

Þegar þessi ríkisstj. tók við völdum, var það eitt af hennar yfirlýstu málum, að hún skyldi hafa náið samstarf við verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin. Í dag lýsir forseti Alþýðusambands Íslands því yfir, að 8 sinnum á þessum stutta valdaferli sínum hafi ríkisstj. reynt að ganga af kjarasamningum á einhvern hátt ómerkum eða skemma þá fyrir verkalýðshreyfingunni. Er ekki nokkuð lítið skap hjá forseta Alþýðusambands Íslands, fyrrverandi forseta Alþýðusambands Íslands og formanni stærsta verkalýðsfélags á Íslandi að ætla að styðja slíka ríkisstj. áfram? En nú kem ég að því atriðinu, sem veldur því, að ég kvaddi mér hljóðs.

Eitt af því, sem þessi ríkisstj. þóttist ætla að standa vel að, betur en fyrrv. ríkisstj., var að vinna að byggðajafnvægi í landinu. Hvernig hefur hún staðið að því? Þar getur hver og einn þm. úr mismunandi kjördæmum svarað fyrir sig, en mig langar að rekja lítillega, hvernig að þeim málum hefur verið staðið í Norðurlandskjördæmi eystra. Allir vita, að fyrir Norðurlandskjördæmi eystra hafa verið kjörnir þrír framsóknarmenn af sex þm. Ekkert kjördæmi er líklega sterkara hvað Framsókn snertir heldur en einmitt það. Í þessu byggðarlagi er einhver blómlegasta atvinnustöð, sem SÍS rekur, og mér hefur skilizt og sjálfsagt fleirum en mér, að Framsfl. telji sér SÍS dálítið nákomið. En hvernig hefur verið búið að þessari stóru verkstöð á Akureyri? Það hefur verið búið þannig að henni, að í vetur varð hún fyrir milljónatjóni vegna raforkuskorts. Önnur stór verkstöð norður þar er bæjarútgerðin, sem ég kalla svo, en heitir Útgerðarfélag Akureyringa h/f. Það er rekið fyrst og fremst á snærum Akureyrarbæjar. Þar er stórt frystihús, sem hefur verið rekið með mikilli prýði, stundum svo, að þar hefur verið gróði, þegar víða annars staðar um land hefur allt verið að farast í tapi undanfarin ár. En nú er búið að binda togarana, sem öfluðu hráefna fyrir þetta hraðfrystihús, í 4 vikur, og togarasjómennirnir, sem voru á þessum skipum, eru komnir hingað og þangað annars staðar í atvinnu, og enginn veit, hvort hægt verður að koma þessari atvinnustofnun af stað, þó að togaraverkfallið leysist kannske næstu daga. Hvers konar byggðajafnvægisstefna er að halda þessu stóra hraðfrystihúsi í svelti? Og ekki er tölunni lokið með þessu. Við höfum þurft og barizt fyrir því undanfarið að fá endurbyggt sjúkrahúsið okkar á Akureyri. Maður skyldi halda, að framsóknarþm., sem eiga a. m. k. einn af sínum fulltrúum norðan úr Norðurl. e. í fjvn., hefðu staðið vel í ístaðinu þar í vetur. Ekki aldeilis. Það mátti heita, að alveg væri skorin niður fjárveiting til sjúkrahússins. Er ekki nokkuð lítið skap þessara þriggja ágætu framsóknarþm. að ætla nú áfram að styðja ríkisstj., sem hefur hegðað sér svona?

En ég er ekki búinn að skilja alveg við raforkumálin okkar norður frá. Núv. ríkisstj. tók við slæmum arfi eftir fyrrv. ríkisstj., það skal ég verða fyrsti maður til að viðurkenna. En sú deila var þó komin á það stig, að þar varð annaðhvort að hrökkva eða stökkva. Og ég trúi

ekki öðru en að fyrrv. ríkisstj. hefði gert það. En þessi ríkisstj. hefur hvorki hrokkið né stokkið. Ég kalla það ekki að stökkva að byggja svolitla línuspotta suður á Sprengisandi til að vita, hvernig „hundurinn" að sunnan mundi þola vetrarveðráttu á Sprengisandi. Ég kalla það ekki heldur að stökkva að senda nú í fyrri viku vinnuflokk suður í Laugafell, sem er ferðamannaskýli suður á fjöllum, láta hann búa til aðra línu til að vita, hvernig hún þyldi á þeim stað vetrarveðráttu. Þeir voru enn veðurtepptir í Laugafelli, þegar ég fór að norðan. Ég kalla það ekki heldur að stökkva að ætla þessum sömu mönnum seinna að byggja þriðja spottann vestur á Eyvindarstaðaheiði til að vita, hvernig veturinn hagaði sér gagnvart línu þar. Það virðist sem sagt algert ráðleysi ríkja þarna, algert ráðleysi — og þó, eitthvað býr þó víst í pokahorninu. Það á að neyða okkur Akureyringa til að skrifa undir samninga um það, að ekki verði Laxá rafvædd meira en 6.5 megawött í viðbót, þó að lög séu fyrir því, að það megi virkja þar allt upp í 12 megawött. Og það á ekki að láta þar staðar numið, heldur eigum við að borga 50 millj. í bætur fyrir skaða, sem enginn veit hver er og alls ekki er hægt að reikna út. Ekki nóg með það, það á að setja það á raforkuneytendur norður þar að byggja fiskveg úr Laxá neðri upp í Laxá efri, þó að aldrei hafi lax komizt og gengið upp í Laxá efri og enginn viti, hvort heppilegt sé að sleppa þangað laxi. Hinir ágætu byggðajafnvægismenn láta sig engu varða, þó að rafmagnið sé svo lítið, að bændur verði stundum að hlíta þeirri skömmtun, að þeir geta ekki mjólkað fyrr en einhvern tíma og einhvern tíman. Þeir láta sig engu varða, þó að SÍS hafi svo litla raforku, að það verði að byggja varastöð til að geta rekið verksmiðjur sínar norður frá. Þeir láta sig engu varða, þó að t. d. elliheimilin á Akureyri neyðist til þess í haust að setja upp vararafstöðvar, svo að ekki verði kuldi og myrkur einn góðan vetrardag á þeim, sem þar búa. Fleira og fleira mætti þannig telja upp. Þeir láta sig engu varða, þó að iðnrh. hafi lýst því yfir, sem einum af sínum vísa vilja, að hér verði notuð raforka til upphitunar sem allra mest og enginn bær á landinu sé líklegri en einmitt Akureyri til þess að geta notað sér slíkt. En alveg nýlega, rétt áður en ég fór suður, varð Rafveita Akureyrar að neita heilu byggðahverfi sem á að fara að skipuleggja og byggja ofan til í bænum, um raforku til upphitunar, og hefði það þó verið drjúgt, sem hægt hefði verið að nota af fyrirhugaðri raforku þarna um þessar slóðir.

Það er þetta, sem mér þykir kannske allra dapurlegast frá sjónarhóli þeirra, sem búa hingað og þangað um landið, að ríkisstj., sem þóttist ætla að styðja byggðajafnvægi í landinu, — og margir hafa sjálfsagt gert sér vonir um, að hún ætlaði að standa þar í ístaðinu, a. m. k. í Norðurl. e., hefur algerlega brugðizt í þeim málum, og hv. þm. Framsóknar úr því kjördæmi styðja þessa ríkisstj.

Og svo að ég endurtaki varðandi mál verkalýðsstéttarinnar og mál launþeganna: Forseti Alþýðusambands Íslands lýsti því yfir, að núv. ríkisstj. hafi átta sinnum á 1½ ári reynt að rjúfa á verkalýðshreyfingunni samninga. Ætlar hann samt að styðja ríkisstj.? Fyrrv. forseti Alþýðusambands Íslands situr í ráðherrastóli. Hvernig má það vera, að hann sitji þar kyrr, þegar þetta er upplýst? Formaður stærsta verkalýðsfélags á landinu situr hér innan dyra. Hvernig hugsar hann sér að styðja þessa ríkisstj. eftir þessa framkomu? Það verður gaman að sjá, hvernig atkvgr. fer fram, þegar að henni kemur.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Svo margt hefur þegar komið fram í þessum umr. í dag, sem ég ætlaði að ræða, að ég get mjög stytt mál mitt og mun gera það, þótt raunar kunni að vera ástæða til að hamra frekar á ýmsu því, sem hæstv. ríkisstj. er til ávirðingar og dregið hefur verið fram í þessum umr., ef það mætti verða til að opna augu þeirra, sem hafa ekki þegar áttað sig á, hvert stefnir undir núverandi stjórnarstefnu.

Ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir málflutningi fulltrúa stjórnarflokkanna í útvarpsumr. í gærkvöld. Þótt ýmislegt hafi heyrzt úr þeirri áttinni undanfarin missiri, held ég, að sá málflutningur, sem þar var hafður í frammi, hljóti að slá öll fyrri met. Hæstv. forsrh. taldi þessa vantrauststill., sem hér er til umræðu, einbera sýndarmennsku, sem flanað væri að á þeim tíma, sem þjóðin þarf að standa saman, og að þjóðin ætlist til annars af þm. sínum en blása að ófriðareldi. Hæstv. samgrh. afgreiddi till. með því að lýsa fögnuði sínum yfir því, að hún skuli hafa komið fram, hann hafi verið farinn að óttast, að sjálfstæðismenn bæru traust til ríkisstj. Það er mesti misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Sjálfstfl. hefur aldrei borið traust til þessarar ríkisstj. og allra sízt nú. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að till. hafi verið flutt, þegar Bjarni Guðnason, hv. 3. landsk., sagði sig úr þingflokki SF, en ráðh. bendir um leið á, að lítið traust sé í hálmstrái. Þetta eru nafngiftirnar, sem fyrri samherjar fá. Eftir þeim orðahnippingum, sem farið hafa fram á milli þessara tveggja manna, kann þetta að vera gagnkvæmt álit. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er lítið hald í hálmstráum, en mér segir svo hugur, að það verði fleiri en hv. 3. landsk., sem verða hálmstrá í augum hæstv. ríkisstj. á næstunni. Þá taldi hæstv. samgrh. það gleðilegan tímamótaatburð, að Alþfl. hafi verið ófáanlegur til að standa að vantrauststill. Það hlýtur að hafa dregið nokkuð úr gleði ráðh., þegar form. Alþfl. lýsti því yfir nokkrum mínútum síðar, að Alþfl. styddi till. Það er satt að segja furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera betur upplýstur um fyrirhugaðar gerðir Alþfl. í allra nánustu framtíð. Er ekki stefnt að sameiningu? Eða er kannske verið að kljúfa Alþfl. einu sinni enn? E. t. v. tekst einhverjum ónefndum að verða fjögurra flokka kljúfur, áður en lýkur.

Hæstv. fjmrh. talar enn um blessun skattalagabreytinganna á s. l. vori fyrir allan landslýð og allt það hagræði, sem sveitarfélögin í landinu hafi hlotið fyrir tilverknað núv. ríkisstj. Það þarf satt að segja meira en meðalgamansemi til að halda svona löguðu fram enn

þá. En hér er ekkert gamanmál á ferðinni og ekki mál til að hafa í flimtingum.

Og hæstv. iðnrh. hefur mál sitt með þeim hjartnæmu orðum, að meðan þetta tilgangslausa málþras fari fram hér á hv. Alþ., haldi hraun áfram að renna í Vestmannaeyjum, og síðan gengur öll ræðan út á að reyna að sýna fram á, að stjórnarandstaðan hafi viljað nota það mál til að koma höggi á ríkisstj. Alþb. hafi hins vegar, til þess að rétta við sóma Alþ., fallist á leið út úr vandanum, leið, sem væri hins vegar leið verðbólgunnar. En Alþb. ber auðvitað enga ábyrgð á neinu því, sem miður fer.

Ég þarf ekki að ræða það hér, hverjir það voru, sem ætluðu að nota þessar hörmungar í Vestmannaeyjum sér til pólitísks framdráttar. Það hefur þegar verið gert og rakið rækilega á hv. Alþ., og það er algjör misskilningur hjá hæstv. ríkisstj. að halda, að henni muni haldast það uppi, án þess að á það sé bent.

Hæstv. ráðh. sagði, að form. Sjálfstfl. hefði beðið um frestun á umr. um þessa vantrauststill., þegar Alþ. kom saman eftir jólaleyfi, nú sé hins vegar rétti tíminn, segir ráðh., fullur hneykslunar. Það er rétt, að sjálfstæðismönnum þótti eðlilegt að fresta umr. um vantraustið, meðan verið var að ráða fram úr vandanum vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum. Þótt sá vandi sé ekki að fullu leystur, þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstj. að gera enn eina tilraunina til að lengja líf sitt með því að slá á þá strengi, að nú þurfi allir að standa saman og þá auðvitað um þessa ríkisstj. Stjórnin lifir nefnilega ekki á þessu óláni, og hún mun falla á eigin lánleysi.

Þetta, sem ég hef nefnt, er lítið dæmi um þann sérstæða málflutning, sem hér var hafður í frammi í gærkvöld. Það er ástæða til að líta nokkru nánar á þetta og skýra út með nokkrum orðum, hvers vegna þessi vantrauststill. er flutt. Hún er flutt vegna þess, að það er krafa þjóðarinnar, að þessi ríkisstj. fari frá. Þessi krafa er risin vegna þess, að það fer ekki fram hjá neinum, að ríkisstj. er óhæf til að stjórna landinu. Aðgerðir hennar í efnahagsmálum eru í hrópandi ósamræmi við gefin loforð. Meðferð stjórnarinnar á landhelgismálinu hefur orðið þjóðinni til vanvirðu, og úrslitum málsins hefur verið stefnt í beinan voða, annaðhvort vitandi vits eða með fávíslegum aðgerðum eða aðgerðaleysi. Þróun verðlagsmála er svo yfirþyrmandi, að engu tali tekur. Vegna þessa og skattamálastefnu stjórnarinnar berst atvinnureksturinn í landinu í bökkum. Allur almenningur stynur undir ofurþunga skattbyrðanna, — skattbyrðanna, sem eru afleiðing stöðugrar útþenslu ríkisbáknsins og sífellt aukinna afskipta ríkisins af högum borgaranna. Menn hafa sífellt minni ráðstöfunarrétt á aflafé sínu. Ríkið á að sjá fyrir öllu.

Þessi ríkisstj. á að fara frá þegar af þeirri ástæðu, að henni er ekki treystandi fyrir hinum mikilvægasta málaflokki, þar sem eru öryggis- og varnarmál. Yfirlýst ósamkomulag stjórnarflokkanna frá upphafi um þau mál hefur ekkert breyzt. Varkárari mönnum í ríkisstj. hefur að vísu tekizt að draga þessi mál á langinn, en það vill enginn bíða þess tíma, að skoðanir Alþb.-manna verði ofan á í ríkisstj. í þeim málum, eins og gerzt hefur í öðrum málum.

Svo segir hæstv. forsrh., að það detti víst engum í hug, að stjórnarflokkarnir hlaupi frá hálfunnu verki, þeir séu siðferðilega bundnir við að uppfylla gefin loforð. Hvers konar siðferðismat er þetta? Ríkisstj. hefur þegar svikið fjöldann allan af gefnum loforðum. Má ég nefna aðeins í því sambandi gengisfellingar og óðaverðbólgu. Það er mikill misskilningur að halda, að kjósendur í landinu vilji prófa það lengur, hvort stjórnin geti staðið við eitthvað af því, sem hún lofaði í upphafi. Vegna þessa vill meiri hl. þjóðarinnar, að þessi stjórn fari frá. Þessi vantrauststillaga er flutt til þess að flýta fyrir falli stjórnarinnar. Hún stendur ef til vill af sér atkvgr. að lokinni þessari umr., en það dettur hins vegar engum í hug, að hún sitji út allt kjörtímabilið, nema þá e. t. v. hæstv. ráðh, sem með því sýna, hversu gjörsamlega óvitandi þeir eru um álit almennings á gerðum þeirra.

Vegna þess, hvernig komið er eftir þennan tiltölulega stutta tíma, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, vill Sjálfstfl. þingrof og nýjar kosningar. Þessi krafa er örugglega studd af meiri hl. kjósenda í landinu. Þeir vilja fá tækifæri til þess að gera upp reikningana við núv. ríkisstj. Og þetta tækifæri mun gefast fljótlega, þótt ríkisstj. standi af sér atkvgr. um þessa till. Og þetta tækifæri mun gefast, þótt stjórnarandstaðan kæmi þar hvergi nærri, vegna þess að sprengingin mun koma að innan. Óánægjan heldur áfram að magnast innan stjórnarflokkanna sjálfra. Hv. 3. landsk., Bjarni Guðnason, sættir sig illa við flokksræðismennina. Hann situr hjá við afgreiðslu þessarar till. og greiðir atkv. hér á eftir eins og honum sýnist, eftir því sem hann sagði í umræðunum í gærkvöld. Og honum sýnist, að ekki eigi að styðja mál, sem eru ekki í samræmi við málefnasamninginn margnefnda. Kannske fara að koma fram mál frá stjórninni, sem verða í samræmi við hann. Þeir hv. þm., Björn Jónsson og Karvel Pálmason, eru þegar farnir að hlaupa út undan sér og eru að mynda þriðja flokksbrotið í minnsta þingflokknum. Af eðlilegum ástæðum munu stjórnarflokkarnir halda áfram að greinast í fleiri og fleiri hluta.

Hæstv. forsrh. sagði í gærkvöld, að óviðráðanleg atvik geti gert það æskilegt að færa eitthvað út stjórnargrundvöllinn, m. ö. o. að taka fleiri flokka inn í ríkisstj. Þetta er nú í annað skipti á tiltölulega skömmum tíma, sem hæstv. ráðh. lætur opinberlega í ljós hugleiðingar um það, að eitthvað verði að gera, til þess að tryggð verði áframhaldandi vera a. m. k. einhverra ráðh. í núv. ríkisstj. Fyrst var það till. um, að ráðh. yrðu kjörnir hlutfallskosningu á Alþ. Það mundi tryggja Framsfl. nokkuð öruggt sæti í ríkisstj., þótt því sé reyndar valt að treysta eftir þegar unnin afrek. Nú er verið að biðla til stjórnarandstöðuflokkanna, annars eða beggja, — ég veit það ekki, — um að koma inn í ríkisstj., að því er manni skilst vegna óviðráðanlegra atvika, sem gert hafa stjórnin valta í sessi. Sannleikurinn er sá, að hér hafa engin

óviðráðanleg atvik átt sér stað. Það, sem veldur, er stjórnleysi og úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. Þessi tilmæli benda hins vegar til þess, að hæstv. ráðh. sé sú hugsun afar ógeðfelld að þurfa að yfirgefa ráðherrastólana. En Sjálfstfl. vill nýjar kosningar, til þess að hægt verði að þeim loknum að snúa við af þeirri óheillabraut, sem gengin hefur verið undanfarin misseri.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil byrja með því að lýsa ánægju minni yfir aðgerðum varðskipanna okkar á s. l. sólarhring, og ég vænti þess, að fast verði haldið áfram með sama hætti. Mál var til komið að hefjast handa við að verja landhelgina og sýna öðrum þjóðum, að útfærslan á ekki að vera pappírsplagg. Við erum hér að verja lífshagsmuni okkar, og það má öllum vera ljóst, að til þess verðum við að takast á við þann vanda, sem þar er við að eiga, þótt við höfum rýran skipakost. Það var samþykkt hér á Alþ. fyrir löngu að hefjast handa um endurnýjun eða kaup á skipi. Ég hef ekkert frétt af, hvað hefur gerzt í því máli. En það væri fróðlegt að vita, hvernig þeim undirbúningi líður. Það er óþolandi, ef þær fregnir eru réttar, að Bretar hafi í skjóli hjálparskipa sinna og ytri aðstæðna hér á Íslandi tekið upp meiri fisk á okkar miðum nú eftir útfærsluna en verið hefur.

Við myndun núv. ríkisstj. var gerður langur og ítarlegur málefnasamningur, svo sem margfrægt er orðið og oft hefur verið vitnað til hér á Alþ. Í þessum umtalaða samningi var nánast allt milli himins og jarðar, er snerta kunni íslenzk málefni og tillögur um draumaríki hér. Margir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. voru vonglaðir yfir þessu og sáu fram á bjartari dag. Því hafði mjög verið lofað í kosningabaráttunni, að með nýjum mönnum mundu koma nýjar hugmyndir og ný úrræði, það ætti nú alls ekki að gripa til hinna vesælu viðreisnarúrræða og hugmynda íhaldsins og þar fram eftir götunum. Þetta hreif, og nýr meiri hl. náðist með myndun þessarar ríkisstj. af fyrrv. stjórnarandstöðu. Það var stofnaður nýr flokkur og hann hrósaði sigri og lofaði miklu á hv. Alþ. Ríkisstj. tók rösklega til höndunum, og það hefur verið talað um, að hún hafi haldið nokkurs konar reisugildi strax í upphafi án þess að huga að traustum tekjustofnum í sambandi við útgjöld af því tilefni. Nú upplýsti hæstv. fjmrh. í gærkvöld, að staða ríkissjóðs hafi verið einkar ömurleg, ef ég hef skilið orð hans rétt. Í ljósi þessara orða finnst mér því athyglisverðara, ef miklum útgjöldum hefur verið ráðstafað án þess að hafa hugmynd um, að staðan væri svona slæm, eins og hann upplýsti í gær. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu áramót kom í ljós, að útgjaldahækkun á tveimur árum hefur orðið um 100% á tveggja ára tímabili.

Í málefnasamningnum góða var talað um, að það ætti að hefta verðbólgu og gæta hófs. Þó var markið ekki sett hærra en það, að við áttum að fylgjast sem næst með nágrannalöndum. En er þetta ekki verðbólguaukandi? Hvað er þá verðbólguaukandi, ef það er ekki tvöföld hækkun ríkisútgjalda á svona skömmum tíma? Og það hefur oft verið talað um, að fjárlögin væru spegilmynd af stefnu viðkomandi ríkisstj., og hefur núv. fjmrh. oft vitnað í og notað það orðalag. Nei, þrjár gengisfellingar hafa átt sér stað, ein ekta íslenzk, að því er hæstv. viðskrh. hefur sagt hér, aðrar vegna ytri aðstæðna. Þó hefur því verið lýst yfir, að verðlag á okkar útflutningsafurðum sé nú með þeim ágætum, að slíkt hafi ekki átt sér stað áður. Um 63% afurða okkar eru að vísu skráð á dollara og bundin dollara, þannig að það hlýtur í eðli sínu að vera nokkuð erfitt að fylgja óbreyttu gengi, þegar dollarinn fellur mikið. En skv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist manni þrátt fyrir allt ekki hafa verið nein ástæða til þess að fylgja dollaranum að fullu nú í síðasta skipti, þegar hann féll. Og ekki var hugleitt neitt um það tjón, sem sparifjáreigendur verða fyrir, þegar dollarinn fellur um 10% og annar gjaldeyrir hækkar um 10% eða jafnvel meira. Sparifjáreigendur verða fyrir tjóni á annan milljarð, og það er ekki rætt hér í þingsölunum, það skiptir þjóðina engu máli. Afleiðingin af þessu er sú, eins og drepið hefur verið á fyrr í dag, að menn fjárfesta nú eins og þeir geta, eyða sparifénu eins og þeir hafa möguleika til, og þetta kyndir allt undir verðbólguna, hefur þveröfug áhrif. Fólkið sér fram á, að það er um að gera að koma peningunum í lóg: í bíl, fasteign eða einhvern veginn, svo að þeir rýrni ekki um of, þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. í málefnasamningnum um, að hún mundi alls ekki beita gengisfellingu til úrræða í efnahagsvanda. Ríkisstjórn hinna vinnandi stétta, eins og þeir vilja kalla sig, er sem sagt einhver mesti hvati til aukinnar verðbólgu hér á landi vegna ráðleysis, vegna innbyrðis samstöðuleysis um lausn efnahagsmála.

Það var alveg rétt hjá síðasta ræðumanni, að sprengingin mun koma innan frá. Það er þegar búið að kveikja þann neista, sem á eftir að sprengja hæstv. ríkisstj. innan frá. Þetta er ömurleg staðreynd. Á þetta getur íhaldið bent og sætt hinn almenna borgara við hægri stjórn á Íslandi óákveðinn tíma. Þetta er hættulegt fyrir framtíðina. Vinstri öflin verða að ná saman og bera gæfu til þess að ráða við efnahagsmálin á Íslandi, annað er þeim ekki sæmandi. Ég tel og hef aldrei farið dult með það, að kommúnistar séu hér einn mesti skaðvaldurinn, og það mun alltaf verða svo, meðan sú deild er svo sterk á Íslandi sem raun ber vitni um. Stór hluti manna í Alþb. er ágætisfólk, en hinn sterki armur kommúnistanna ræður þar miklu og hefur enn undirtökin á mikilvægum sviðum. Hann gefur ekkert eftir, það er þeirra takmark, og þeir fara ekki dult með það. Það var auðheyrt líka, hvernig tónninn var í hæstv. iðnrh. í gær, er hann ræddi fyrst og fremst um eldgosið og ræddi í allri sinni ræðu fram og aftur um eldgosið. Maður gat skynjað það, að þeir væru ekki ánægðir með þá hjálp, sem kemur utanlands frá, enda sagði hann í sjónvarpinu, að það væri rislágt Norðurlandaþingið, og svo fréttist síðar, að hann hefði ekki tekið til máls. Manni kemur til hugar, að þeim sé illa við það, að kommúnistalöndin skuli ekki bjóða

hjálp. Mér vitanlega hafa þau ekki boðið neina aðstoð. Þetta er ekki mál til að blanda hér saman við. Það hefur margoft verið undirstrikað, að þetta er sérmál, sem öll þjóðin vill standa saman um að leysa. Og við fáum góða hjálp erlendis frá líka.

Efnahagsmálin eru okkar eigin vandi, og við verðum að fást við hann, vegna þess að hann er heimatilbúinn. Og hvað um allar verðhækkanirnar undanfarna daga? Hvernig hefur Þjóðviljinn slegið þeim upp? Verðhækkun á mjólkinni, kjötinu og því um líku? Það fer ekki mikið fyrir því á síðum Þjóðviljans núna. En mér segir svo hugur um, ef slíkt hefði átt sér stað undir viðreisninni, að þá hefði farið dálítið af prentsvertu í stærri staði á síðum Þjóðviljans við slíkar verðhækkanir, sem eðlilegt er, þegar mjólk og kjöt hækkar frá 25% upp í 40%. Nei, nú telja þeir betra að fara varlega og tala varlega og segja sem allra minnst, af því að ráðherrar þeirra sitja í ráðherrastólunum, og það er bezt að tala mjög varlega, svo að þetta sjáist varla.

Hér var fyrir nokkru rætt mikið um togaraverkfallið og það að vonum, og það er nú ljóst, að enn er það í hnút og jafnvel í verri hnút en nokkru sinni áður. Það er líka orðið ljóst, að togaraverkfallið er deila á milli togaraeigenda, hvort sem menn vilja nefna þá eigendur einkaútgerðar eða bæjarútgerðar, þá er það orðin deila milli eignaraðila og ríkisvaldsins. Og þessa deilu verður að leysa. Það er hneisa, að þessi stórvirku nýju tæki liggi hér viku eftir viku bundin og ekki sé ráðizt á þann vanda, sem hér er um að ræða, og hann leystur. Það er staðreynd, að þó að þessi skip séu glænýj, verður ríkissjóður strax að gefa með þeim, áður en þau hefja reksturinn. Menn réðust í það að kaupa togarana, vegna þess að þá var von um, að hægt væri að reka þá við þau skilyrði, sem viðreisn hafði búið þeim. En því miður er sú von brostin, og þess vegna er verkfallið komið. Og togarasjómenn eru ekki of sælir af þeim tekjum, sem þeir hafa, og mundi koma lítið hjá hæstv. fjmrh. í ríkiskassann, ef allir hefðu slíkar tekjur eins og þeir hafa, a. m. k. tryggar. Þó að einn og einn togarasjómaður á beztu togurum beri gott úr býtum, þá er það vel maklegt og vel til þess unnið að öllu leyti.

Það fór líka lítið fyrir hæstv. viðskrh. hér í þingsölunum, þegar atkvgr. um samninginn við EBE var hér til meðferðar. Hvers vegna fór lítið fyrir honum? Hann var ekki viðstaddur hér í borginni. En ætli einhverjar aðrar ástæður hafi ekki legið til? Ætli honum hafi verið vel við það, að samningurinn fékk gildi strax? En framsóknarráðh. eiga þakkir skilið fyrir að taka af skarið með það að fá samninginn staðfestan, vegna þess að við höfum allt að vinna þar, en engu að tapa. Okkur veitir sannarlega ekki af því að ná öllum þeim viðskiptakjörum, sem eru okkur til hagsbóta og möguleikar eru á, bæði varðandi sjávarútveg og iðnað. Og þótt við fáum ekki staðfestingu varðandi sjávarútveg, þá vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. beri gæfu til þess að leysa deilu okkar við nágrannaþjóðir varðandi landhelgina á þann veg, — eins og ég held, að hv. þm. Jónas Árnason hafi komizt að orði, — „sem við gætum vel við unað". Það viljum við auðvitað allir saman.

Menn hafa víða tekið eftir því, þegar þeir hlustuðu á útvarpið í gærkvöld, að hæstv. forsrh. gaf í skyn ósk um breiðara samstarf. Ekki er mér ljóst, með hvaða hætti hann ætlast til, að það eigi sér stað. Augljóst er, að meðal kjósenda hefur hæstv. ríkisstj. ekki meiri hl. í dag og því vonlaust að biðla til okkar í Alþfl. nú um aðild með andrúmsloft innanborðs eins og ljóst er, að ríkir á stjórnarheimilinu.

Hæstv. menntmrh. hafði yfir þau orð hér í gærkvöld, sem ég vil nú mótmæla, að eigi nú við nokkurn þm., en þau voru þannig, ef ég man þau orðrétt: Ómerk eru ómaga orð. — Þetta tel ég einum of langt gengið, og verð að segja: Aumt hlutskipti er það fyrir hæstv. ríkisstj. að eiga líf sitt undir ómaga orðum og allan tilverurétt. Getur sú ríkisstj. setið lengur við völd, sem svo er komið fyrir? Nei, alls ekki að mínu mati. Það er siðferðislega ekki hægt að hanga við ráðherrastólana við slíkar aðstæður.

Ég get ekki séð, þótt hæstv. félmrh. hafi talað um harða stjórnarandstöðu frá okkur í Alþfl. Við höfum ekki verið svo harðir í Alþfl., að þeir hafi þurft að kveina undan því undanfarna mánuði. En ég sé ekki annað en að samtökin séu að riðlast undir hans forstöðu og það fari lítið fyrir þeim eftir næstu kosningar, svo að hann ætti að fara að hætta að kvarta undan því, að við séum harðir við hann.

Það er nú orðið liðið mjög á þessar umr. og margt búið að ræða hér um efnahagsmál, sem maður hefði gjarnan viljað minnast á, og því get ég raunar stytt mál mitt. Það er löngu ljóst, að mennirnir hafa ekki ráð undir rifi hverju, þegar þeir sitja nú í ráðherrastólum, þótt þeir lofuðu því mjög í kosningabaráttunni og segðu, að háv. ráðh. væru orðnir þreyttir og úrræðalausir. Frægt er orðið álit valkostanefndar, sem kom hér fram. Það var engin leið farin, það var ekki einu sinni farin „hin leiðin", það var búið til eitthvert samsull, sem núv. hæstv. ríkisstj. er að fást við að reyna að framkvæma og stefnir í öngþveiti. Útlitið er þannig, að á komandi vori jafnvel eða haustmánuðum megi búast við fjórðu gengisfellingunni eða breytingu á skráningu stofngengis íslenzku krónunnar, eins og það er orðað núna mjög laglega, þegar ekki má kalla það hreina gengisfellingu.

Ég fæ ekki betur séð en það sé aðeins spurning um tíma, hvenær þessir hæstv. ráðh. gefast upp og þá fyrir heimatilbúnum vanda að mestu leyti. Þá má gera ráð fyrir, að krafa verði gerð um kosningar frá hendi íhaldsins, eins og ég sagði áður. Það verður mjög hamrað á því, að vinstri öflin í þjóðfélaginu geti með engu móti starfað saman og tryggt þjóðinni heilbrigða efnahagsstefnu. Vinstri menn verða að finna, hvað er til hindrunar hjá þeim sjálfum, til þess að geta mótað breiða samfylkingu til sigurs og mótunar þeirrar efnahagsstefnu, sem metur að verðleikum ráðdeildarsemi, vinnusemi og heiðarleik í samskiptum manna. Þetta á að

viðurkenna sem hornstein undir efnahagsstefnu vinstri manna og móta ríkisstj. samkv. því og framkvæma hlutina samkvæmt því. Það er tilgangslaust að hafa langan loforðalista, sem ómögulegt er að framkvæma og engin samstaða er um að framkvæma. Það hefur nú gerzt varðandi hæstv. ríkisstj., og því hlýtur skammur tími að verða, þar til hún hrökklast frá.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara út í almennar umr., en það var ein setning í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., sem ég þarf að leiðrétta. Hún virðist vera byggð á misskilningi, hvorum okkar sem er um að kenna. Ég ætla aðeins í leiðinni að segja honum það, að eins og hann á sitt Ólafskver, á ég Viðreisn og líka framkvæmd á gengilækkun með viðbótarathugun á mánuðunum þar á eftir, en um þetta getum við talað síðar. Það, sem ég þurfti að leiðrétta, var það, að hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði, að ég hefði í sambandi við yfirlit það, sem ég gaf um afkomu ríkissjóðs og Seðlabankans og sjóðreiknings ríkissjóðs, talið þetta beztu afkomu ríkissjóðs. Hér liggur misskilningurinn, því að það, sem ég taldi hér upp, var, eins og ég sagði hér, með leyfi hæstv. forseta, þetta, að ég vildi gefa hv. þm. og öðrum áheyrendum yfirlit yfir viðskipti ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands miðað við áramót um nokkurt árabil, og væri jafnframt tekin inn í það dæmi sjóðseign ríkissjóðs í árslok og skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann, hvort sem þær hafi verið á hlaupareikningi eða skuldabréfi. — Eftir að ég hafði lesið þetta upp, endurtek ég þetta einnig, með leyfi hæstv. forseta: Þessi er niðurstaðan af áramótauppgjöri ríkissjóðs og Seðlabankans, þegar sjóðseign ríkissjóðs er tekin með, skuldabréfalán Seðlabankans og innistæður á hlaupareikningi. — Ég vildi leiðrétta það, að þetta er yfirlit um viðskipti Seðlabankans og ríkissjóðs og niðurstaða á sjóðreikningi, en ekki heildarniðurstaða um afkomu ríkissjóðs, eins og síðar kom fram í ræðu minni. Hv. 2. þm. Norðurl. e. skildist, að ég hefði sagt, að þetta væri bezta afkoma ríkissjóðs á einu ári. Þetta sagði ég ekki, heldur var hér um að ræða beztu stöðu við Seðlabankann, þótt sjóðseign væri þar með talin miðað við þann árafjölda, er ég tilgreindi. Ef hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur ekki fengið þetta yfirlit, eins og ríkisbókari gerði það fyrir mig, — og það var ekki gert upp með neinum sérstökum hætti, — þá mun ég sjá um, að hann fái það, til þess að það fari ekkert milli mála, hvernig þessi viðskipti eru gerð upp.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ræða hæstv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, í útvarpsumr. í gærkvöld var óheiðarlegasta ræða, sem flutt hefur verið á Alþ. árum saman. Hann hóf ræðu sína á einstaklegan ósmekklegu tali um náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum og örlög Vestmanneyinga, á slepjulegu tali, sem átti ekkert erindi inn í stjórnmálaumr. á hinu háa Alþ. En síðan kom kjarni ræðu ráðh. Hann var sá, að Íslendingar hafi vegna náttúruhamfaranna verið að þjappa sér saman í einn hóp, þeir hafi verið að verða að einni fjölskyldu, eins og raunar sjálsagt var. En þá, sagði hæstv. ráðh., að nokkrir æðir stjórnmálamenn stjórnarandstöðunnar hér innan veggja hins háa Alþ. hafi tekið höndum saman um að spilla þjóðareiningunni. Einhverjir góðir menn mér skildist sjálf ríkisstj., hafi gert tilraun til þess að bjarga áliti Alþ. á yfirborðinu, en það hefði ekki tekizt. M. ö. o.: þegar þjóðin lifir örlagaríka daga, örlagaríkar vikur, og vill standa saman, þá gerist það, að vondir menn í stjórnarandstöðunni á Alþ. taka höndum saman um það að spilla þessari einingu.

Ég ætla að leyfa mér að rifja upp — með leyfi hæstv. forseta — þau orð, sem hæstv. ráðh. lét um þetta falla, því að þau eiga sannarlega að geymast í þingsögunni. Þegar menn heyra þau aftur í dag, þá kannske skilja menn betur það, sem ég kem til með að segja hér á eftir. En hæstv. ráðh. sagði:

„Ég talaði áðan um samstöðu allrar þjóðarinnar. En það er hópur manna, sem hugsar á aðra lund en óbreyttir þegnar hins íslenzka þjóðfélags. Þetta eru hinir æðu stjórnmálamenn, sá litli lokaði hringur, sem daglega hittist hér í sölum Alþ. Það kom fljótlega í ljós, að hinir æðu stjórnmálamenn Sjálfstfl. og Alþfl. tóku að veita fyrir sér annarri hlið jarðeldanna á Heimaey en þeirri, sem þjóðin hugsaði um. Þeir lögðu ekki á ráðin um það, hvernig unnt væri að leysa þann stórfellda vanda, sem upp væri kominn, hvort ekki væri rétt að slíðra sverðin í hinu pólitíska pexi um stundarsakir, hvort stjórnin og stjórnarandstaðan gætu ekki unnið saman með heilindum. Það viðhorf varð hins vegar æ ríkara í hugum þeirra, hvernig hægt væri að nota náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, þau hrikalegu áföll, sem Vestmanneyingar og þjóðin öll hafa orðið fyrir, til þess að valda ríkisstj. sem mestum örðugleikum og helzt steypa henni.“ Og síðan sagði hæstv. ráðh.: „Þessi litilsigldu viðhorf stjórnarandstöðuflokkana mögnuðust dag frá degi, löngunin til að nota jarðeldana í þeim tilgangi einum að koma pólitísku höggi á ríkisstj. Og þegar á reyndi og ríkisstj. hafði frv. sitt tilbúið, kom í ljós, að Gylfi Þ. Gíslason var fallinn frá fyrri stefnu sinni og stjórnarandstaðan í heild neitaði allri samvinnu um lausn samkvæmt þeirri raunsæju stefnu, sem ríkisstj. hafði markað. Einni viku eftir að gosið hófst,“ heldur ráðh. áfram, „á sama tíma og fólkið í landinu var gagntekið brennandi vilja til þess að takast sameiginlega á við vandann, voru þannig allar líkur á því, að Alþingi Íslendinga riðlaðist í tvær stríðandi fylkingar og reynt yrði að nota náttúruhamfarirnar í lágkúrulegum pólitískum tilgangi. Ég efast um, að Alþingi Íslendinga hafi nokkurn tíma sett jafnmikið ofan í mínum huga.“

Svo mörg voru þau orð.

Einkenni þessara orða er tvennt: annars vegar litilsvirðingin á Alþ. og hins vegar litilsvirðingin á alþm. og starfi þeirra. Það er ekki nýtt, að þessi maður tali með fyrirlitningu um Alþ. Það er frægt, hvernig hann á sínum tíma tók til orða um alþingi götunnar annars vegar og Alþingi Íslendinga hins vegar. Það er engum blöðum um það að fletta, að innst inn í hjarta þessa hv. þm. leynist innileg fyrirlitning á starfsemi stofnana eins og Alþingis Íslendinga.

Hann vill láta stjórna þjóðfélaginu með allt öðrum hætti og hefur dáð stjórnarfar, sem einkennist ekki af lýðræðislegri löggjafarsamkomu, heldur allt annars konar valdaskipan. En þetta er þó aukaatriði. Lítilsvirðingin á Alþingi og ósannindin um Alþingi eru þó hégómi hjá þeim ósannindum, sem hann viðhafði um alþingismenn, störf þeirra og það, sem var að gerast þessa daga.

Hann teflir fram hvoru gagnvart öðru: vilja þjóðarinnar til einingar annars vegar og löngun æfðra stjórnmálamanna í stjórnarandstöðunni til þess að spilla þessari þjóðareiningu og koma illu einu til leiðar. Hann talar með fyrirlitningu um æfða stjórnmálamenn í sama skilningi og talað er um atvinnupólitíkusa. En hver er sá maður, sem þannig leyfir sér að tala? Ég fæ ekki betur séð en að hann sé eini atvinnupólitíkusinn hér á Alþingi, eini þm., sem aldrei hefur unnið ærlegt verk á starfsæfi sinni, nema það að standa í pólitísku stússi. Þetta hygg ég, að eigi ekki við nokkurn annan mann af þeim 60, sem nú eiga sæti á Alþingi. Það vita allir, sem til þekkja, að barnungur tók hann ofstækistrú á eina mestu óheillastefnu, sem komið hefur upp á 20. öldinni í stjórnmálum, kommúnismann. Hann hvarf frá námi til þess að geta gengið í þjónustu stjórnmálablaðs og stjórnmálaflokks, sem hann hefur helgað bókstaflega allt starf sitt síðan. Hann hefur ekki stundað neitt starf síðan, hvorki hér á Íslandi né heldur annars staðar, annað en pólitísk störf. Hann hefur ferðazt um hálfan heiminn sem gestur erlendra kommúnistaflokka og sem gestur ríkisstj. í kommúnistískum löndum. Aldrei hefur hann þó sinnt neinu opinberu starfi í þágu þjóðar sinnar utan landssteinanna, heldur verið erindreki síns blaðs eða síns flokks og gistivinur skoðanabræðra sinna annar staðar. Það er slíkur maður, sem telur sig þess umkominn að tala með fyrirlitningu um æfða stjórnmálamenn í merkingunni atvinnupólitíkusar. Manni þarf ekki að vera sérlega klígjugjarnt til þess að klígja við öðru eins og þessu. Nei, flestir gátu leyft sér að hreykja sér aðrir en þessi maður, með þessa fortíð og þessar skoðanir.

En mergur málsins er auðvitað þessi: Sagði maðurinn satt, eða sagði hann ósatt? Sagði hann satt í því, sem ég las eftir honum áðan um störf, skoðanir og athafnir „æfðra stjórnmálamanna" (innan gæsalappa) í stjórnarandstöðuflokkum? Nei, því fer víðs fjarri, að það hafi verið orð eða atriði satt í því, sem hann sagði um þetta efni. Ég skal rifja upp í örfáum orðum það, sem raunverulega gerðist. Ríkisstj. gerði tvo flokka tillagna í Vestmannaeyjamálinu, í viðlagasjóðsmálinu. Hið fyrra var frv., sem samið var í tveimur útgáfum, og fékk 7 manna n. seinni útgáfuna senda sem till. ríkisstj. Í þessum till., þessu frv., fólst hugmynd um að fresta kauphækkunum frá 1. marz til haustsins og láta þær renna í viðlagasjóð. En í frv. fólst ekki bara þetta, það fólst líka í því ákvæði um vísitöluskerðingu, það fólst í þriðja lagi í því ákvæði um bann gegn grunnkaupshækkunum til hausts, og til viðbótar þessu ákvæði um 2% hækkun á söluskatti. Hvaða heilvita maður getur nú í dag haldið því fram, að þessar ráðstafanir allar hafi verið nauðsynlegar vegna Vestmannaeyjavandans? Ekki einu sinni hæstv. ráðh. getur verið svo ósvífinn að halda því fram, að vegna Vestmanneyinga hafi verið nauðsynlegt að skerða vísitöluna, að banna grunnkaupshækkanir og hækka söluskattinn um 2% til viðbótar kaupfrestuninni. Kaupfrestunin ein átti að gefa 2050 millj. kr. Það var nokkurn veginn sú upphæð, sem sérfræðingar höfðu talað um, að nauðsynleg væri vegna hörmunganna í Vestmannaeyjum. Kaupfrestunin ein var því nægileg til þess að leysa þann vanda, sem fyrir lá samkv. skýrslum sérfræðinganna, sem bæði ríkisstj. og við í 7 manna n. fengum afhentar. En ríkisstj. ætlaði að gera meira en þetta, henni nægði ekki að fá 2000 millj. kr. í viðlagasjóð vegna Vestmanneyinga. Hún vildi líka skerða vísitöluna. Gat það verið vegna Vestmanneyinga? Hún vildi líka banna grunnkaupshækkanir. Gat það verið vegna Vestmanneyinga? Og til viðbótar vildi hún hækka söluskatt um 2%, sem hefði gefið um 900 millj. kr. Þá var framlagið í sjóðinn orðið u. þ. b. 50% hærra en sérfræðingarnir töldu nauðsynlegt. Ekki hefur það verið vegna Vestmanneyinga. Vegna hverra var það þá? Það var vegna efnahagserfiðleika þeirra, sem ríkisstj. sjálf hafði skapað og áttu ekkert skylt við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Þeir voru komnir til, áður en eldgosið í Vestmannaeyjum byrjaði. En ríkisstj. vildi nota tækifærið, eins og ég hef hér oft bent á áður, til að leysa eigin vanda, um leið og hún leysti vanda Vestmanneyinga.

Þegar leitað var eftir afstöðu okkar í stjórnarandstöðuflokkunum, svöruðum við í þingflokki Alþfl. strax þannig, að okkur væri alveg ljós sú staðreynd, að á þessu ári gæti ekki orðið um raunverulega kjarabót íslenzkra launþega að ræða, fyrst og fremst vegna hörmunganna í Vestmannaeyjum, og að við værum reiðubúnir til þess að viðurkenna þá staðreynd. Ég lýsti því yfir á ráðherrafundi, eins og ráðh. tók fram í gær, fyrir hönd einhuga þingflokks Alþfl., að við fyrir okkar leyti værum reiðubúnir til að fallast á, að kaupgjaldshækkunin frestaðist til hausts, enda væru þá ekki aðrar ráðstafanir gerðar, sem væru Vestmanneyingum og þeim vanda algerlega óviðkomandi.

En hvað gerðist svo seinna um þessa sömu helgi? Þessa yfirlýsingu gaf ég á laugardagsmorgni. Hvað gerðist svo um þessa sömu helgi? Gerðist það, að það hæfist hér upp samsæri innan Alþfl. eða innan Sjálfstfl.? Nei, það gerðist allt annað, og það veit hæstv. ráðh. jafnvel og ég. Þess vegna er það jafnósvífin ósannsögli og raun ber vitni um, að hann skuli þegja um það, sem gerðist. Það vita flestir þm. líka, ef þeir kæra sig um að vita það. Samt talar hæstv. ráðh. eins og hann talaði í gærkvöld. Það, sem gerðist, var það, að upp kom óeining innan stjórnarflokkana. Nokkrir þm. stjórnarflokkana neituðu að styðja það frv., sem okkur Jóhanni Hafstein hafði verið afhent á laugardagsmorgni. Það kom í ljós daginn eftir, á sunnudegi. Ef stjórnarflokkarnir hefðu staðið saman, ef um einingu af þeirra hálfu hefði verið að ræða, hefði verið alveg óþarfi í sjálfu sér að tala við okkur. Við þökkum fyrir, að það var gert. Við vildum gjarnan, — ég veit, að það sama

á við um Sjálfstfl., — við vildum gjarnan láta það koma fram, að við vildum allir standa saman um að hjálpa Vestmanneyingum. En þó við hefðum verið með einhvern uppsteyt, sem við alls ekki vorum, sbr. það, sem ég lýsti áðan, þá hefði stjórnin auðvitað getað haft sinn vilja fram, ef hennar menn hefðu staðið saman. Það, sem gerðist hér innan veggja Alþ. eða meðal alþm., var því ekkert samsæri af hálfu stjórnarandstöðu á móti ríkisstj. Það, sem gerðist var einfaldlega það, að nokkrir stuðningsmenn ríkisstj. sögðu: Þessa leið samþykkjum við ekki. — Ríkisstj. hefði getað reynt að spyrja okkur í Alþfl. og sjálfstæðismennina: Viljið þið samþykkja kaupfrestunina, þó að nokkrir af okkar eigin mönnum vilji það ekki? — Þeirrar spurningar var aldrei spurt. Við í Alþfl. hefðum tvímælalaust staðið við samþykkt okkar frá föstudeginum, sem ég lýsti á laugardagsmorgni á ráðherrafundi, að láta kauphækkunina 1. marz til hausts renna í viðlagasjóðinn. En eftir að upp var komið, að menn í stjórnarliðinu sjálfu, í tveim flokkum þar, vildu ekki á þetta fallast, þá féll ríkisstj. frá hugmyndinni. Ég þykist líka vita, að ef um samkomulag hefði orðið að ræða, þá hefði Sjálfstfl. getað fallizt á þessa lausn, — það er mér kunnugt um af umr. í 7 manna n. Það hefði m. ö. o. getað orðið samstaða, ef það hefði verið samstaða í stjórnarliðinu. En það var hún, sem á skorti. Það var hún, sem brást. Og samt sem áður leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að viðhafa þau orð, sem hann viðhafði hér í gærkvöld. Samsærið, sem hér hófst, var innan stjórnarflokkanna, óeiningin var innan þeirra, en það var ekki deila á milli ríkisstj. og stjórarandstöðu fyrst og fremst. Þetta er sannleikurinn í málinu.

Það er svo annað mál, að þær till., sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir 7 manna n., eftir að hún hafði fallið frá kaupfrestunartill. sinni, voru ekki heldur að öllu leyti aðgengilegar fyrir okkur í stjórnarandstöðunni. Ríkisstj. hugðist hækka söluskatt um 3%, en ekki fresta neinum opinberum framkvæmdum. Þetta var óaðgengilegt frá sjónarmiði okkar í Alþfl., og það reyndist líka óaðgengilegt frá sjónarmiði Sjálfstfl. Það, sem umr. þróuðust smám saman upp í, var sú till. Alþfl. að hækka söluskattinn ekki nema um 2%, en fresta hins vegar opinberum framkvæmdum um 450 millj. kr. Þetta voru þau tvö deilumál, sem síðast stóðu eftir, að samkomulag var orðið um útsvarshækkunina, um eignarskattshækkunina og aðstöðugjaldshækkunina. Það var deilan um þetta: Á að hækka söluskattinn um 3% eða 2%, og á á móti þessu að fresta opinberum framkvæmdum um 450 millj. kr. eða einhverja lægri tölu eða ekki neitt? Ríkisstj. stóð á því til síðustu stundar að krefjast þess, að söluskatturinn hækkaði um 3%, en opinberum framkvæmdum yrði ekki frestað. Þarna var um að ræða deilu á milli stjórnarflokka annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar. En ríkisstj. gaf sig þarna fyrir stjórnarandstöðunni, eins og hún áður hafði gefið sig gagnvart eigin mönnum. Hún féllst á að hækka söluskattinn ekki nema um 2%, en frestaði opinberum framkvæmdum um 160 millj. kr. og tók 160 millj. kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það, sem við vildum hafa 450 millj., varð ekki nema 320 millj. En á þetta samkomulag féllumst við í stjórnarandstöðunni, þannig að um allsherjarsamkomulag varð ræða undir forustu hæstv. forseta Sþ.

Á þessa deilu minntist hæstv. ráðh. ekki. Af hverju ekki? Af því að hún var deila á milli stjórnar annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar um það, hvort söluskatturinn skyldi hækka um 2% eða 3%. Stjórnin vildi hækka hann um 3%, við í stjórnarandstöðunni aðeins um 2%. Um þetta þagði hæstv. ráðh., og hefur honum þó ekki getað verið ókunnugt um staðreyndir í þessu máli, hvað hvor vildi á þessu sviði. En það mun ekki þýða að reyna að leyna þjóðina því, að það er stjórnarandstöðunni að þakka, að söluskattur er nú ekki 3% hærri en hann var fyrir nokkrum vikum, það er ekki ríkisstj. að þakka, að svo er. Það er stjórnarandstöðunni að þakka, að hann hækkaði ekki nema um 2%, en ekki, eins og stjórnin vildi, um 3%.

Þessi málflutningur af hálfu hæstv. iðnrh. er einsdæmi. Það er einsdæmi, að ráðh. leyfi sér að segja Alþ. og þjóðinni beinlínis ósatt, vísvitandi ósatt um atburði, sem hér gerðust fyrir örfáum vikum og eru á vitorði flestra þm., allra þeirra, sem vilja vita sannleikann í málinu. Það er einsdæmi, að þegar uppreisn verður í liði ríkisstj. og hún verður af þeim sökum að breyta till. sínum, þá skuli einn maður í ríkisstj. leyfa sér að steinþegja um þessa staðreynd, en brigzla síðan stjórnarandstöðuflokkum, stjórnarandstæðingum, um óheilindi, rangindi og flárræði. Sérstaklega er þetta ósmekklegt og óviðeigandi eftir þær undirtektir, sem ríkisstj. hafði fengið af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna beggja og þá ekki sízt af hálfu míns flokks, sem hafði mjög skjót viðbrögð í frammi gagnvart miklum vanda og svaraði að því er ég taldi þá og tel enn, mjög jákvætt. Þetta eru þakkirnar, sem Alþfl. vegna ábyrgrar stjórnarandstöðu fær eftir á, að það er sagt algerlega og vísvitandi ósatt um afstöðu hans og honum brigzlað um óheilindi og flárræði. Þetta er málflutningur, sem er engum ráðh. og engri ríkisstj. til sóma. Hafi Alþ. sett niður undanfarna viku, hefur það aldrei sett jafnmikið niður og í gær við það, að slík ræða var flutt héðan úr sölum Alþ. til þjóðarinnar allrar.

Nei, staðreyndir þessa máls eru ofureinfaldar. Ríkisstj. hefði átt að hafa meiri hl. fyrir þeirri till., sem hún sýndi þm. En það er dæmi um vinnubrögð ríkisstj., að hún gáði ekki að því á laugardegi, hvort hún hefði meiri hl. fyrir frv., sem hún ætlaði sér að leggja fram á Alþ. á mánudegi. Hún gáði ekki að því. Hún talar ekki við sína eigin menn, ekki einu sinni við þá valdamestu í hópi þeirra, svo sem forseta Alþýðusambands Íslands. Hún hefur afhent formönnum stjórnarandstöðuflokkanna frv., áður en forseti Alþýðusambandsins sér það. Þetta eru auðvitað algerlega óverjandi vinnubrögð og ekki von, að vel fari, þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð. Ef ríkisstj. hefði haft meiri hl. fyrir því, sem hún vildi gera, fyrir fyrra frv. umræddan laugardag, þá hefði það orði að lögum strax eftir helgina, hvað sem við segðum í stjórnarandstöðunni. En hún hafði ekki þann meiri hl. Það var auðvitað ástæðan fyrir því, að kauphækkuninni var

ekki frestað. Og af hverju var vísitalan ekki skert? Ekki vantaði ríkisstj. viljann. En hún hafði ekki stuðning eigin manna til þess. Og af hverju voru grunnkaupshækkanir ekki bannaðar? Ekki vantaði ríkisstj. viljann. Það var af því að hennar eigin menn vildu ekki samþykkja, að það væri gert. Og enn má spyrja: Af hverju er áfengi og tóbak ekki tekið út úr vísitölunni? Stjórnarflokkarnir eiga að heita að hafa meiri hl. á Alþ. Það er ekki gert. Af hverju? Er það vegna andstöðu okkar í Alþfl. eða Sjálfstfl.? Nei, auðvitað ekki. Það er vegna andstöðu manna innan stuðningsliðs stjórnarinnar sjálfrar. Þetta eru auðvitað augljósar staðreyndir. Það, sem veldur því, að ríkisstj. hefur ekki komið fram vilja sínum í hverju málinu á fætur öðru á undanförnum vikum, er ekki andstaða stjórnarandstöðuflokkanna, — auðvitað ekki. Það er andstaða manna innan stjórnarliðsins sjálfs. Það er þess vegna, sem mér blöskraði jafnmikið og mér gerði, þegar ég heyrði þá lýsingu hæstv. ráðh. hér í ræðustólnum í gærkvöld, að innan stjórnarandstöðunnar væru að verki öfl, sem hefðu viljað vinna gegn sjálfsagðri þjóðareiningu við lausn Vestmannaeyjavandans, þegar hann hélt því fram, að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu haft í frammi óþjóðhollt athæfi, þegar hann hélt því fram, að ástæðan til þess, að fyrsta hugmynd ríkisstj. hefði ekki náð fram að ganga, væri sök óþjóðhollra athafna af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna. Þessi maður hlaut að vita það og hlýtur að vita það, að ástæðan til þess, að hugmyndin náði ekki fram að ganga, var andstaða meðal stuðningsmanna hans sjálfs, stuðningsmanna ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. Óeiningin var m. ö. o., — og það verða síðustu orð mín, — óeiningin var ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Vestmannaeyjamálinu, óeiningin var innan stjórnarflokkanna sjálfra. Þetta vissi og veit hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson. En hann kaus að segja þingi og þjóð ósatt.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni fyrir að lesa hér aftur alllangan kafla úr þeirri ræðu, sem ég flutti hér í gær. Ég hef sannarlega ekkert við það að athuga, að það efni, sem í henni fólst, sé rifjað upp á nýjan leik, einmitt í því formi, sem ég flutti það. Vanstilling þessa hv. þm. sýnir mér einnig, og það er ánægjuefni, að hann á enn þá til dálítinn snefil af sómatilfinningu og samvizku. Þetta, sem ég sagði hér á þingfundi í gær, hefur greinilega komið við hann. Hins vegar er dálítið djúpt á hvoru tveggja hjá hv. þm., því að í gær svaraði hann einnig þessari ræðu minni, og ég tók alveg sérstaklega eftir því, hvernig orðalag hans var þá. Hann var þá að ræða um viðlagasjóðinn og lagasetninguna um hann. Og hann komst svo að orði: „Stjórnarandstaðan var ekki í neinni klípu. Það var ríkisstj., sem var í klípu.“ Þarna er um að ræða einhverjar mestu náttúruhamfarir, sem orðið hafa á Íslandi, gífurlegt áfall fyrir allan okkar þjóðarbúskap. En í munni þessa hv. þm. var þetta bara klípa ríkisstj. Þetta orðalag sýnir ákaflega vel viðhorf hins æfða stjórnmálamanns, sem getur ekki horfið úr því hlutverki. — (Gripið fram í.) Ég hlustaði á þetta með eigin eyrum. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði, að stjórnarandstaðan væri ekki í neinni klípu, það væri ríkisstj., sem væri í klípu. (GÞG: Það var ekki það, sem ég sagði áðan um efnahagsvandann, það er allt annað.) Er Vestmannaeyjavandinn og efnahagsvandinn tvennt ólíkt? Það er líka sú kenning, sem fram kemur hjá þessum hv. þm., að það sé tvennt ólíkt. Mér er spurn: Hver er skilningur hv. þm. á Vestmannaeyjum? Veit hann ekki, að Vestmannaeyjar hafa verið forustustöð í útflutningsiðnaði Íslendinga, að þar hefur verið framleiddur um ½ hluti af öllum útflutningsverðmætum í fiskiðnaði okkar? Veit hann ekki, að þegar slík miðstöð hverfur út úr efnahagskerfi þjóðarinnar, þá er þar um að ræða óhemjulegt efnahagsáfall fyrir þjóðina alla? Og það er eins fráleitt og nokkuð getur verið að ætla að skilja þetta tvennt að og tala um að hjálpa Vestmanneyingum, eins og hér er alltaf gert. Við verðum að hjálpa sjálfum okkur, þjóðin öll, allir Íslendingar. Við erum ekki að hjálpa Vestmanneyingum, við erum að hjálpa okkur sjálfum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara þeim persónulega skætingi, sem hv. þm. hreytti í mig. Ég hef heyrt þennan hluta ræðu hans nokkrum sinnum áður hér á Alþ. Ég heyrði hann m. a. skömmu fyrir kosningarnar 1971. Þá var málflutningur af þessu tagi lagður undir dóm kjósenda hér í Reykjavík. Kjósendur áttu að dæma um okkur hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason. Hann kom svo fram fyrir kjósendur hafandi verið ráðh. í 15 ár og þeirrar skoðunar, að hann ætti að vera ráðh., meðan hann gæti setið í stólnum. Hann hefur vafalaust litið þannig á, að hann væri sjálfkjörinn forsrh. á Íslandi. En kjósendur í Reykjavík reyndust vera æðimikið á annarri skoðun. Sá flokkur, sem þessi hv. þm. veitir forstöðu, og listi hans beið einhvern herfilegasta kosningaósigur, sem um getur í sögu þjóðarinnar. En sá flokkur, sem ég heyri til, vann mjög myndarlegan sigur, sem leiddi til þess, að núv. ríkisstj. var mynduð, en þessi hv. þm. varð að hverfa úr ráðherrastóli. Þetta er sá dómur, sem máli skiptir, þegar um slíkt er að ræða. Mér er alveg sama, hvað þessi hv. þm. segir um mig. Það eru kjósendur, sem skera úr um það, hvað máli skipti og hvað skipti ekki máli í þessu sambandi.

Mér þótti ákaflega fróðlegt, þegar hv. þm. sagði, að það hefði legið fyrir, að bæði Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu getað fallizt á meginatriðin í því frv., sem ríkisstj. hafði upphaflega samið. Þetta þótti mér ákaflega fróðlegt. En hann sagði, að viðhorfin hefðu gerbreytzt, þegar í ljós hefði komið, að ágreiningur hefði verið innan stjórnarflokkanna. Það er vissulega rétt, að það var ágreiningur um þetta innan stjórnarflokkanna, og það hefur oft komið upp ágreiningur innan stjórnarflokkanna. Ég hef verið óánægður með margt, sem gert hefur verið á vegum þessarar ríkisstj., en ég hef talið það alveg sjálfsagt mál að beygja mig fyrir — ja, flokksbræðrum minum stundum og samstarfsmönnum til þess að halda stjórnarsamstarfinu áfram, vegna þess að þar hefur verið um að ræða stórmál, sem ég taldi

miklu meiru skipta en slík minni háttar ágreiningsefni. Ég tel, að um þetta hefði einnig getað tekizt samstaða. En þá tók við þessi leikur hinna æfðu stjórnmálamanna.

Ég vil vekja athygli á, að því fer ákaflega fjarri, að þær till., sem við lögðum fram í þessu frv., væru í samræmi við almennar þjóðfélagslegar hugmyndir t. d. okkar Alþb.-manna. Þarna var verið að grípa til ráðstafana, sem menn grípa ekki til á eðlilegum tímum. Það var ekki auðvelt fyrir okkur að gera ýmsar þær till., sem í þessu frv. fólust. Við vorum þar ekki neitt að sýnast. Við vorum að leggja á þjóðina í landinu, almenning, líka það fólk, sem við erum hér sérstakir fulltrúar fyrir, þungar byrðar, vegna þess að við töldum það óhjákvæmilegt. Þetta var engin sýndarmennska. En það voru þessir æfðu stjórnmálamenn, sem sáu, að þarna væri kannske möguleiki á að komast inn í einhverjar sprungur í stjórnarsamstarfinu, og þá tóku þeir þetta fram yfir öll önnur viðhorf. Ég fylgdist nákvæmlega með þessu frá degi til dags, og ég verð að segja það, að það fór hreinlega hrollur um mig, þegar ég sá, hvernig reynt var að nota áföll af þessu tagi í mjög lágkúrulegum pólitískum tilgangi. Ég fylgdist með þessu dag frá degi, og það, sem ég sagði um þetta í gær, er allt staðreyndir.

Ég held, að þær umr., sem hafa farið fram á þinginu bæði í gærkvöld og nú í dag, séu í ákaflega miklu ósamræmi við viðhorf almennings utan þessara sala. Ég held, að við eigum öll að íhuga það í fullri alvöru, að sá hráskinnsleikur, sem nú er iðkaður í sölum Alþ., er ekki í samræmi við þá löngun almennings, að menn snúi nú bökum saman og komi sér á sem skemmstum tíma út úr þeim miklu örðugleikum, sem þjóðin á við að etja. Þegar það er búið, getum við farið að takast á á nýjan leik. En svona tilburðir, till. um vantraust, till. um, að nú skuli allt snúast um heiftarlega pólitíska baráttu í landinu á næstu mánuðum, að við sinnum ekkert um þessi alvarlegu vandamál, sem blasa við þjóðinni, — þetta átti allt að leysast upp í pólitískt þvarg og þex, — þær sýna ákaflega vel, hvað vissir menn hér á þingi eru orðnir fjarlægir þjóðinni og fjarlægir þeim vandamálum, sem við erum kjörnir á þing til þess að leysa.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka aftur til máls í þessum vantraustsumr. og ekki heldur þó að ærið tilefni hafi verið gefið til þess af hæstv. iðnrh. í umr. í útvarpinu í gærkvöld. Sannast að segja er ég orðinn svo vanur að heyra þann ósóma, sem hann ber á borð fyrir þm. og þjóðina, að mér bregður ekki eins mikið og eðlilegt væri.

Nú kemur hæstv. iðnrh. og segir hér: Það voru allt staðreyndir, sem ég sagði í gærkvöld um Vestmannaeyjamálið. — Það er varla ein einasta setning sönn í ræðu ráðh., — varla ein einasta setning. Og nú vitna ég til hæstv. forsrh. og hæstv. forseta Sþ. Stjórnarandstaðan gekk strax í öndverðu með heilum hug til samstarfs við hæstv. forsrh. og til samstarfs við hæstv. forseta Sþ. sem formann 7 manna n., og mér þætti vænt um, ef það er svo, að annar hvor þessara manna geti borið stjórnarandstöðunni á brýn, að hún hafi sýnt lágkúruskap í samvinnu sinni við þá um lausn þessara mála. Ef þeir taka ekki undir þessi orð hæstv. iðnrh., þá skil ég það þannig, að þeir staðfesti með mér, að það sé rangt og ósatt, sem hann hefur sagt í þessu efni.

Auðvitað er vandi Vestmannaeyja vandamál allrar þjóðarinnar. En það var eitt af því, sem fyrst varð samkomulag um innan 7 manna n. að blanda ekki þeim sérstæða vanda við annan efnahagsvanda, sem m. a. hæstv. iðnrh. hefur verið fremstur manna í að skapa hér í þjóðfélaginu með óstjórn sinni. Um þetta varð samkomulag innan 7 manna n. Við skulum öll taka höndum saman um að leysa þennan sérstæða vanda Vestmanneyinga, sem að sjálfsögðu hefur áhrif á þjóðfélagið í heild. En það liggur utan við þjóðfélagsvandann í efnahagsmálum almennt, eins og t. d. visitöluskerðingu, heimild til grunnkaupshækkana o. s. frv. Ég skýrði frá því, á laugardegi, 27. jan., held ég, að það hafi verið, eftir að þingflokkur sjálfstæðismanna hafði haldið fund, að það væri ýmislegt í þeim till., sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. höfðu fengið okkur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna, sem lægi utan við lausn Vestmannaeyjavandans. Hæstv. forsrh., — það voru tveir menn aðrir, sem hlustuðu á þessi viðtöl okkar, — tók þá fram sjálfur: Er það t. d. þetta, sem liggur utan við vandann, við skulum segja t. d. að afla fé í fiskveiðasjóð? Er það t. d. visitöluskerðing, sem liggur utan við vandann? — Já. Er það kannske fleira? — Já, það er fleira, sem við þurfum að gefa okkur tóm til þess að ræða um alvarlega, og þess vegna á ekki að hrapa að afgreiðslu málsins, en láta nægja að semja yfirlýsingu fyrst í stað, eins og raun varð á á mánudeginum eftir, 29. jan., og síðan gefa okkur tóm til þess að leysa vandann.

Ég held, að það megi með sanni segja um alla þá, sem í 7 manna n. áttu sæti, og það voru menn frá öllum flokkum, þ. á m. flokksbróðir hæstv. iðnrh., hæstv. viðskrh., að þeir hafi allir lagt sig fram, og ég skil ekki, að í þeim hóp sé nokkur ein rödd, sem ber aðra brigzlyrðum, enda tókst á skömmum tíma að leysa vandann. Ég held, að þeir eigi allir skilið lof þjóðarinnar fyrir það, þingmanna og þingsins, fremur en annan eins óhróður og þann, sem hæstv. iðnrh. leyfði sér hér að bera á borð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 6. marz, að loknum 54. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Sameinað þing, 56. fundur.

Miðvikudaginn 7. marz, kl. 2 miðdegis.

Minning látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti. (EystJ): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég minnast Karls Guðjónssonar fyrrv. alþm., sem lézt s. l. nótt, hálfsextugur að aldri.

Karl Guðjónsson var fæddur 1. nóv. 1917 í Hlíð í Vestmannaeyjum. Foreldrar hans voru Guðjón fiskmatsmaður í Breiðholti í Vestmannaeyjum Einarsson bónda í Hallgeirsey í Landeyjum Sigurðssonar og kona hans, Guðfinna Jónsdóttir bónda á Þorgrímsstöðum í Ölfusi Jónssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi í Vestmannaeyjum árið 1933 og kennaraprófi í Reykjavík 1938. Veturinn 1964—1965 var hann við framhaldsnám við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn.

Karl Guðjónsson var kennari við barnaskólann í Vestmannaeyjum 1938—1963, kennari við Vogaskólann í Reykjavík 1963—1966 og fræðslufulltrúi og fræðslustjóri í Kópavogi frá 1966. Hann var alþm. á árunum 1953—1963 og aftur 1967—1971, en tók auk þess sæti sem varamaður á þingi 1965, sat á 16 þingum alls.

Karl Guðjónsson vann mikið starf að félagsmálum og honum voru falin margs konar trúnaðarstörf önnur en þau, sem talin hafa verið hér að framan. Hann átti sæti í skólanefnd og síðar fræðsluráði í Vestmannaeyjum um langt skeið. Bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum var hann 1958—1963. Hann var kosinn í orkunefnd á Alþ. 1955, í mþn. í samgöngumálum 1956 og í úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár 1959. Í bankaráði Framkvæmdabanka Íslands átti hann sæti 1957—1966. Hann var kjörinn í Norðurlandaráð 1968 og átti þar sæti um eins árs skeið. Formaður Stéttarfélags barnakennara í Vestmannaeyjum var hann 1952—1954 og formaður Sambands ísl. lúðrasveita 1964—1965. Hann var í hópi forustumanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og vann ötullega að eflingu bandalagsins.

Ævistarf Karls Guðjónssonar beindist einkum að kennslu, félagsmálum margs konar og stjórnmálaafskiptum. Hann var glöggur starfsmaður og átti létt með að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri í töluðu og rituðu máli. Hann var í útgáfustjórn Eyjablaðsins í Vestmannaeyjum um langt árabil og ritaði margar greinar í það blað á árunum 1938—1968. Í ræðustóli flutti hann mál sitt skörulega og kjarnyrt. Á Alþ. var hann áhugasamur og dugandi fulltrúi. Hann fjallaði hér um ýmis landsmál, átti sæti í sjávarútvegsnefnd, samgöngumálanefnd og landbúnaðarnefnd, og á mörgum þingum var hann í fjárveitinganefnd og um skeið formaður hennar. Skammt er síðan hann átti hér sæti meðal okkar, en er nú fallinn frá fyrir aldur fram.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Karls Guðjónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Vantraust á ríkisstjórnina, þáltill. (þskj. 207). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, LárJ, MJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG, SteinG, SvH, ÞK, AuA, BrS, EggÞ, EBS, FÞ.

nei: GilsG, GíslG, HES, HV, HFS, IG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, MÓ, ÓLJ, TÁ, RA, SV, StH, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, AS, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EÓS, EÁ, GS, GeirG, EystJ.

BGuðn greiddi ekki atkv.

Till. þar með fallin.

Efri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 7. marz, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur verið nokkurt hlé á því, að við gætum hafið fundarstörf hér í dag. Raunar undirstrikar það nú það, sem ég vil koma að, hve mikið er að gera í Nd., þar sem ég vildi mjög gjarnan, að hæstv. forsrh. væri viðstaddur, en hann var störfum hlaðinn þar.

Þegar við lítum á dagskrá Alþ. í dag, sjáum við, að þar er eitt mál á dagskrá þessarar hv. d., en 15 mál á dagskrá Nd. Á þessu væri ekki orð gerandi, ef þetta væri einsdæmi, en svo hefur verið, frá því að við tókum til starfa eftir jólaleyfi, að oftast nær hafa verið eitt eða tvö mál — kannske komið einu sinni fyrir 3 mál — á dagskrá í Ed., en þetta milli 10 og 20 mál að öllum jafnaði á dagskrá í Nd.

Þegar haft er í huga, að báðar d. þingsins eru jafnréttháar og að það skiptir verulegu máli fyrir vinnubrögð Alþingis, að verkefnum sé skipt nokkuð jafnt á milli beggja þd., þá sjá menn strax, að hér er nokkuð að. Það er ekki svo, að þetta sé í fyrsta skipti, sem ástæða hefur verið til þess að hreyfa aths. sem þessum, og ég er ekki að segja, að það hafi ekki komið fyrir, að það hafi verið ástæða til þess áður fyrr, áður en núv. ríkisstj. tók við völdum, og raunar hefur það verið gert. En mér þykir, að nú keyri alveg um þverbak í þessum efnum, og til stuðnings þeirri skoðun minni vil ég láta þess getið, að frá því að Alþ. tók til starfa eftir jólaleyfið hafa dagskrármál í þessari hv. d. verið 23, en í Nd. 103. En frv., sem hafa verið tekin fyrir á þessum tíma, hafa verið 12 í Ed., en 30 í Nd. Af þessum tölum er augljóst, að hér er mikið misræmi á ferðinni og þetta hlýtur að hafa veruleg áhrif á störf Alþ. Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara að flytja hér langt mál til þess að færa sönnur á það. En þessar tölur, sem ég nefndi, gefa þó raunar

ekki rétta mynd af ástandinu, því að ástandið er mun lakara en þessar tölur gefa til kynna. Það sjáum við, ef við athugum, hvers eðlis þau frv. eru, sem liggja fyrir hv. Nd. og hafa verið lögð fram á þessum tíma, sem hér um ræðir, og berum saman við þau frv., sem liggja fyrir þessari hv. d. og hafa verið borin fram á þessum sama tíma. Þá kemur í ljós, að það skiptir algerlega í tvö horn. Það er ekki að sjá, að ríkisstj. líti á báðar deildir sem hliðstæður í þessu efni.

Ríkisstj. hefur, á sama tíma og hún hefur látið þessa hv. d. vera nær verkefnalausa, hlaðið á Nd. fjölda stjfrv. um hin þýðingarmestu efni, sem varða heila lagabálka um flókin og vandasöm mál. Ég nefni sem dæmi frv. um framkvæmd eignarnáms, frv. um dvalarheimili aldraðra, frv. um breyt. á l. um skólakostnað, frv. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. um skólakerfi, frv. um grunnskóla, frv. um skipulag ferðamála, frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970. Það er ekki einu sinni hægt að treysta þessari d. fyrir tölum ríkisreikningsins, og hefur það þó verið í anda þess, sem d. hefur verið treyst fyrir, og kem ég nánar að því. Ég held áfram upptalningunni á stjfrv. í Nd. Þar er enn fremur um að ræða frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, frv. um heilbrigðisþjónustu, frv. um Lyfjastofnun ríkisins, frv. um lyfjaframleiðslu, frv. um breyt. á orkulögum, frv. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar.

Af þessari upptalningu er ljóst, að það er rétt, sem ég sagði hér áðan, að ríkisstj. hefur hlaðið á hv. Nd. stórkostlegum verkefnum, frá því að Alþ. tók til starfa eftir jólaleyfi, hinum þýðingarmestu og margbrotnustu málum. Hvers vegna gerir hæstv. ríkisstj. þetta? Manni verður að spyrja: Hefur hv. Ed. haft svo mikið fyrir stafni? Raunar var ég búinn að segja, og okkur er öllum ljóst, að við höfum verið meira og minna aðgerðalaus, frá því að þing kom saman á þessu ári. En ríkisstj. er ekki alls varnað, ef svo mætti segja, og kannske er það ofmælt að hafa þetta orðalag. Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þessa hv. d. á sama tíma? Það er frv. um breyt. á útflutningsgjaldi sjávarafurða og frv. um breyt. á l. um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu. Það er naumast hægt að nefna annað. Bæði þessi mál eru ekki umfangsmikil og ekki til þess fallin, að það megi gera ráð fyrir miklum umr. eða miklum störfum í sambandi við þau. (Gripið fram í.) Látum ríkisstj. njóta sannmælis. Hún hefur lagt fyrir þessa hv. d. frv. til l. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála. Hvað er það, sem ríkisstj. treystir þessari hv. d. að gera í þeim efnum? Það er að leiðrétta tölur í þessum l., sem á að breyta, til samræmis við verðlag, ekkert annað, — leiðrétta tölur til samræmis við verðlag. En svo hefur ríkisstj., hvort sem hún hefur ekki treyst sér til að gera það sjálf eða af hvaða ástæðum sem það nú er, farið fram á það við allshn. þessarar hv. d. að bera fram frv. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar. Það er frv., sem allshn. hefur borið fram á þskj. 327. Um hvað fjallar þetta frv? Ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa grg.

„Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmrn. og fylgdi svofelld grg.:

Er frv. núgildandi l. um stofnun og slit hjúskapar var lagt fram á Alþ. vorið 1971, varð meðferð þess ekki lokið, og var frv. þá lagt fram að nýju á næsta þingi. Við framlagningu láðist að leiðrétta eitt ártal í l., og er þeirri leiðréttingu komið hér á framfæri."

Ég hef þá gert grein fyrir því, hvað hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þessa hv. d. á sama tíma og hún hefur hlaðið á hv. Nd. þeim stórmálum, er ég áður greindi. Ég tel með tilliti til þessa, að það hafi ekki verið að ófyrirsynju að hreyfa þessu máli hér. Hverjar eru ástæðurnar fyrir þessu? Er hér um að ræða algert hirðuleysi af hálfu hæstv. ríkisstj.? Eru vinnubrögð hennar algerlega skipulagslaus í þessum efnum? Er þetta tilviljun? Eða eru einhverjar sérstakar ástæður fyrir þessu? Telur hæstv. ríkisstj., að hv. Nd. sé betur til þess fallin að fá þessi verkefni, hin stærstu verkefni, yfirleitt fyrst og fjalla um þau þannig? Ég sé, að hæstv. forsrh. hristir höfuðið, og mér kemur það ekki á óvart. Ég hygg, að naumast enginn geti verið í efa um það, að þessi hv. d. er fullkomlega eins fær um að fjalla um hin vandasömustu mál og hv. Nd. En eigum við að gera ráð fyrir, að algert skipulagsleysi og hirðuleysi ráði gerðum ríkisstj. í þessu efni?

Áður en við gerum það væri ekki óeðlilegt, að við athuguðum samt málið nánar, hvort einhverjar skýringar kynnu að leynast, sem mönnum væru ekki ljósar, eitthvað sérstakt væri hér á ferðinni, sem ekki hefur áður verið. Við erum nýkomin af fundi í Sþ., þar sem atkvgr. var um vantraust á ríkisstj. og þar kom í ljós, að ríkisstj. hefur tapað einu atkv. Hv. þm. Bjarni Guðnason vildi ekki með atkv. sínu verja stjórnina falli. Hann lýsti þessu yfir í umr. um vantraustið. En það er ekki upphaf þessa máls. Þessi hv. þm. lýsti því yfir í umr. í Sþ. fyrir áramót, að hann hefði sagt sig úr þingflokki SF, og hann gaf það fullkomlega í skyn, að hann mundi fara sínar eigin götur, ekki láta skipa sér fyrir verkum. Þetta gerðist nokkru fyrir síðustu áramót, á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi. Getur verið, að það sé eitthvert samband milli þessa atburðar og þess, að hæstv. ríkisstj. hefur síðan tekið upp þau óeðlilegu vinnubrögð, sem ég var að lýsa áðan, að flytja hin þýðingarmestu mál fyrst í Nd.? Kann það að vera, að hæstv. ríkisstj. þyki ekki annað vogandi, eins og nú er komið og ljóst er af yfirlýsingu hv. þm. Bjarna Guðnasonar fyrir jól, en að leggja málin fyrst fyrir Nd., vegna þess að þessi þm. hefur sagt, að hann telji sig ekki bundinn af því að fylgja ríkisstj. nema í þeim málum, sem hann telur sjálfur, að verðskuldi slíkt.

Þessi hv. þm., sem á sæti í Nd., hefur sett sig í dómarasæti yfir hæstv. ríkisstj., og það er vitað, að þessi hv. þm. er harður dómari. Er það svo, að það sé það samband hér á milli, að hæstv. ríkisstj. óttist mannin með ljáinn í hv. Nd. og telji ekki ómaksins vert að hreyfa

hér málum, fyrr en dómur er þar genginn? Ég hef ekki getað látið mér koma til hugar nokkra aðra skýringu á framferði ríkisstj., ef það er ekki svo, að hér sé um að kenna algeru hirðuleysi og skipulagsleysi í vinnubrögðum.

Nú þykir mér, að þessi hv. d. eigi rétt á því að fá skýringar frá hæstv. forsrh. um það, hvað hér er á seyði. Er hér um yfirsjón að ræða, og ætlar hæstv. forsrh. að lofa bót og betrun, eða eru dýpri ástæður fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hagað sér í þessum efnum á síðustu vikum? Er það í sambandi við þann bláþráð, sem hæstv. ríkisstj. hangir á eftir yfirlýsingu hv. þm. Bjarna Guðnasonar?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að taka ábendingar hv. þm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar til athugunar og kanna þetta mál nánar. Það er nauðsynlegt, að sem mest jafnræði ríki á milli d., þannig að verkefnum sé skipt nokkurn veginn jafnt milli þeirra. Ég mun láta fara fram athugun á því, hvernig mál hafa verið af stjórnarinnar hálfu lögð fyrir deildir. En þá vil ég taka fram, að ég tel að sjálfsögðu allt þingið í heild, og ekki aðeins tímabilið frá jólaleyfi. Ef þetta á að meta réttilega, verður að líta á allan þingtímann í heild og athuga hvaða stjfrv. hafa verið lögð fram á þessu Alþ. og hvernig þeim hefur verið skipt á d. Ég hef einmitt lagt á það áherzlu við ráðh., að þeir skiptu málum, sem þeir flyttu, nokkurn veginn jafnt á d. Það má vel vera, að þetta hafi farið öðruvísi en gert var ráð fyrir og það hafi orðið hlutfallslega meira af málum í Nd., og til þess getur það óneitanlega bent, sem hv. þm. sagði áðan, hve mislöng dagskráin er hjá d. að þessu sinni. En sjálfsagt er að athuga og ganga úr skugga um þetta, og ég skal með ánægju ítreka það, sem ég hef áður lagt áherzlu á við ráðh., að þeir skipti málefnum sínum jafnt á deildir.

Ég held, hvað sjálfan mig varðar, að ég hafi gætt þessa mjög nákvæmlega. Ég vona, að sú verði útkoman. Að vísu er ekki hægt að mæla frv. alveg að gildi, en ég hygg, að að tölu til skakki ekki miklu á þeim frv., sem ég hef lagt fyrir Ed., og þeim frv., sem ég hef lagt fyrir Nd. Ég held t. d., að það hafi verið misminni hjá hv. þm., að frv. um eignarnám hafi verið lagt fyrir Nd. Ég held, að ég hafi lagt það fyrir hv. Ed. Ég held líka, að það hafi verið rangt talið, en þó kann það að hafa verið misheyrn hjá mér, en ég tók ekki eftir því, að hann minntist á það, að ég lagði nú fyrir nokkrum dögum fram í þessari hv. d. frv. um lögreglustjóra á Höfn í Hornafirði. En þetta er sem sagt sjálfsagt að athuga, og ég tek þessum ábendingum þm. mjög vel og skal reyna að gera mitt til, að úr verði bætt, ef hér hefur orðið misbrestur á. En ég hygg, að skýringin sé að nokkru leyti sú, að Ed. virðist vera miklu skjótvirkari en Nd. og miklu röskari að skila af sér málum. Þess vegna er það t. d., að listinn í hv. Nd. núna verður langur, að það eru a. m. k. 3 mál á dagskránni, sem eru komin héðan frá hv. Ed. Þannig hefur það verið yfirleitt eða með litlum undantekningum um þau mál, sem ég hef lagt fyrir hv. Ed., að þeim hefur hún skilað af sér, þau eru komin til Nd. Að vísu á það ekki við um alveg öll, það eru enn í n. hér mál, sem ég hef lagt fram. Á hinn bóginn er það svo um þau mál, sem ég hef lagt fram í Nd., — ég man ekki í svipinn, hver þau eru, en t. d. frv. um málflytjendur og fleiri mál, sem eru til meðferðar í Nd., — að þau hafa ekki komizt hingað til hv. Ed. Ég hygg, að skýringin á því sé sú að einhverju leyti, að hv. Ed.-þm. séu leiknari í meðferð mála og fljótari að afgreiða þau. Enda væri ekki eðlilegt ef svo væri ekki, þar sem það er venjulegt, að menn komist ekki upp í Ed., fyrr en þeir hafa verið einhvern tíma í Nd. og fengið þar æfingu, þó að þar séu að vísu undantekningar, eins og um þann, sem hér stendur, sem hefur orðið að hrapa niður í Nd. á eftir.

Ég ætla ekki að fara að hafa neitt framhald af þeim eldhúsdagsumr., sem fram fóru í gær og ætla þess vegna ekki að fara neitt að þræta út af hugleiðingum hv. þm. um það, að nafngreindur þm. væri harður dómari í Nd. yfir okkar verkum. Mér sýnist raunar, að sú ályktun, sem hann dró þar af, ætti ekki að vera rétt. Ég held, að það hlyti að verka öfugt. Ef þetta væri svo, hylltumst við frekar til að leggja málin fyrir Ed., þar sem væri fyrir fram vitað, að þau ættu greiðari framgang. En ef það stendur á því og er eitthvað í veginum fyrir því, að mál séu lögð fyrir hv. Ed., að hér sitja ekki menn, sem hafa jafnsérstakar skoðanir á hlutunum og þessi nafngreindi þm., sem hann minntist á, þá væri náttúrlega hægt að bæta úr því, ef t. d. einhver úr stjórnarandstöðuliðinu vildi gerast hér alveg sérstaklega uppvöðslusamur. Þá gæti vel verið, að það yrði farið að óttast þann dómara með einhverjum slíkum hætti. En ég held nú, að það sé ekki ástæða til að eyða orðum að þessum hugleiðingum hv. þm., enda geri ég ekki ráð fyrir, að hann hafi ætlazt til þess, að þau væru tekin mjög alvarlega. En ég skal endurtaka það, sem ég hef sagt nú þegar, að ég skal láta athuga þetta nánar og skil vel það sjónarmið, sem hér hefur komið fram, að Ed. sé óánægð yfir því, ef svo er sem virðist vera, að hún fái ekki verkefni til jafns við Nd.

Til viðbótar því, sem ég hef sagt, verður að hafa í huga, að það eru helmingi fleiri menn í Nd., þeir tala kannske helmingi meira, og þess vegna gengur málaafgreiðslan þar dálítið seinna. En ég hygg, að þetta sé nokkuð í samræmi við þá starfshætti, sem tíðkast í þingum, að það eru minni ræðuhöld, sem fara fram í efri deild en í þeirri neðri. En þegar gerð hefur verið skýrsla um það, hvernig málum hefur verið skipt af hálfu stjórnarinnar á milli d., er fyrst hægt að gera sér glögga grein fyrir þessu. Auðvitað getur ekki annað beinzt að stjórninni í því efni en það atriði, hvernig hún skiptir sínum málum, því að það fer svo eftir frumkvæði, atorku og dugnaði þm., hve mörg mál þeir flytja. Ég býst ekki við því, að það sé út af fyrir sig munur á því milli Ed. og Nd., nema að því leyti sem svarar til tölunnar á þm.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri. Ég er sem sagt ekki viðbúinn því að svara þessu nánar og get í rauninni á þessu augnabliki ekki svarað fyrir aðra en sjálfan mig, en um

það tel ég mig alveg geta svarað án þess að fara yfir þau frv., sem ég hef lagt fram, að ég hef skipt þeim mjög jafnt á milli deilda.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans og sérstaklega það, sem kom fram í hans ræðu, að hann er mér sammála um, að það sé rétt að hafa skynsamlega og jafna verkaskiptingu á milli deildanna. Ég átti raunar ekki von á öðru en að hæstv. forsrh. lýsti þessari skoðun, því að ég minnist þess, að hann hefur sjálfur staðið í stjórnarandstöðu og í þeim sporum, sem ég stend nú, og haldið fram því sjónarmiði, sem ég hef hér verið að túlka.

Ég lít þannig á, að hæstv. forsrh. hafi ekki verið að bera brigður á þær upplýsingar, sem ég gaf hér áðan. En það er rétt, að þær tölur, sem ég nefndi, eru ekki miðaðar við allt þinghaldið í ár. Og það er að sjálfsögðu ágætt að gera heildarskýrslu, það kann að breyta einhverju. En hugboð mitt er, að það breyti ekki neinu verulega í þessu efni. Það er staðreynd, að vinnubrögð ríkisstj. hafi verið óeðlileg í þessu efni á öllu þinginu. En hæstv. forsrh. sagði og lagði áherzlu á, að hann teldi, að hann sjálfur hefði gætt sín í þessum efnum. Ég vil ekki bera brigður á það. Ég vil enn fremur segja það, að það urðu þau mistök í því, sem ég sagði áðan, að ég nefndi frv. um framkvæmd eignarnáms sem dæmi um verkefni Nd. Það er rétt, að það frv. var borið fram í Ed. og er í mínum frumgögnum fært þannig.

En hæstv. forsrh. getur ekki látið sér nægja, að varðandi þau frv., sem hann ber fram, gæti jafnvægis í þessum efnum. Það getur verið fullkomlega óviðunandi ástand, þó að svo sé háttað. Hæstv. forsrh. ber skylda til þess að sjá svo um, að hans undirmenn í ríkisstj. hagi störfum þannig í þessum efnum, að úr verði bætt. Það er það, sem máli skiptir, og það er með það í huga, sem ég geri aths. Ég vil mega treysta því, að það verði einhver lagfæring í þessum efnum.

Ég skal að öðru leyti ekki fjölyrða um annað í þessu sambandi. Hæsv. forsrh. ræddi nokkuð um samanburð á Nd. og Ed. og sagði lofsamleg orð um þessa hv. d. í því sambandi. Allt, sem hæstv. ráðh. sagði um það, er til stuðnings því sjónarmiði, að það ætti að treysta Ed. fyrir meiru en raun hefur orðið á undanförnum vikum.

Hæstv. forsrh. sagðist ætla að leiða hjá sér það, sem ég vék að varðandi það ástand, sem skapazt hefur í þinginu vegna yfirlýsingar hv. þm. Bjarna Guðnasonar. En þó að hæstv. ráðh. vildi leiða þetta hjá sér, fannst mér hann gefa nokkuð athyglisverða yfirlýsingu í því efni. Það má segja, að það sé óbein yfirlýsing, þegar hann sagði, að það mætti þá jafna metin milli d. með því að fá hér harðan dómara í þessari d. úr stjórnarandstöðunni. Þetta er algerlega rétt, ef hæstv. forsrh. lítur svo á, að hv. þm. Bjarni Guðnason sé þegar kominn í stjórnarandstöðuna. Annars er ekki hægt að líkja þessu saman. En ég held, að hæstv. forsrh. þurfi ekki að óttast það, að stjórnarandstaðan í þessari d. muni ekki gegna sinni frumskyldu, að berjast móti ríkisstj. og gagnrýna hana.

Fleira, sem hæstv. forsrh. sagði, var á sömu lund. Mér fannst það ekki vera rök gegn því, sem ég var að ræða, heldur því til stuðnings, ef eitthvað væri. Hann sagði m. a., að það væru fleiri menn í Nd. og þeir töluðu meira. Það virðist þá rökrétt, ef við höfum þetta í huga, að leggja ekki svo mikið á þann hóp manna, sem þarf að tala svo mikið og miklu meira en þarf að ræða í þessari d. Hæstv. ráðh. talaði um, að störf d. færu ekki einungis eftir því, hvað ríkisstj. legði til málanna eða legði fram af frv., heldur líka eftir þmfrv. Það er alveg rétt. Ég fór ekki nákvæmlega út í þau litlu störf, sem fram hafa farið í þessari hv. d. eftir jólaleyfið. Ég taldi ekki ástæðu til þess að vera að tíunda það, en bróðurparturinn af því, sem hér hefur verið fengizt við, er meðferð á þmfrv. En ég skal ekki vera að lengja þessar orðræður með því að fara að rekja nánar, hvaða frv. þetta eru og hve miklar umr. hafa verið um þau. Það hafa sáralitlar umr. verið um annað.

Með því að ég fór ekki að tíunda öll þau mál, sem hér hafa komið fyrir, þá nefndi ég ekki stjfrv. um lögreglustjóra á Höfn. Það er alveg rétt, að hæstv. ríkisstj. hefur borið það frv. fram, eins og við vitum allir. Hins vegar var nokkuð sögulegt, þegar það kom til 1. umr. Það var í upphafi ekki mælt fyrir því, því að hæstv. forsrh. var ekki viðstaddur í d., hvort sem það hefur verið vegna þess að hann hefur verið önnum kafinn í hv. Nd., eða af öðrum ástæðum. En ég minntist ekki á einstök mál, vegna þess að ég vildi ekki tefja umræðu þessa of lengi. Ég hygg, að það verði að líta svo á, að það sé vegna hugsunarleysis, hirðuleysis og skipulagsleysis í vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft þessi vinnubrögð, að fela þesari hv. d. svo lítil verkefni. Ég hygg, að það hafi komið fram. Hitt, hvort hér er eitthvað meira, sem býr undir, og eitthvað í sambandi við ástandið á stjórnarheimilinu og yfirlýsigu eins af fyrrv. stjórnarstuðningsmönnum, skal ég láta ósagt. Ég bíð þess að sjá, hverju fram vindur í þeim efnum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Af því að þessi d. hefur svo góðan tíma, þá vona ég, að mér fyrirgefist, þó að ég segi hér aðeins örfá orð. Það verða aðeins fá orð og þá fyrst og fremst vegna þess, að ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur hreyft hér. Það er allt of ójafnt skipt verkefnum á milli d. og sérstaklega stjfrv. En þetta er því miður ekki neitt einsdæmi. Ég hef átt sæti í þessari hv. d. nú í nokkur ár, 6 ár, held ég, nánar til tekið, og ég minnist þess ekki, að í eitt einasta skipti þessi ár, sem ég hef átt hér sæti, hafi ekki rekið að því, að einhver þm. úr stjórnarandstöðuliðinu stæði hér upp og kvartaði undan því, að verkefni Ed. væru of við nögl skorin. Hv. 5. þm. Vestf. lét þess sjálfur getið, að hæstv. forsrh. hefði staðið hér í þeim sporum, meðan hann var aðaltalsmaður okkar framsóknarmanna í stjórnarandstöðu í þessari hv. d. Ég minnist þess, að ég hef haldið margar áþekkar ræður, kannske ekki alveg eins langar, en álíka efnisríkar, held ég, um það, að Ed. hefði of lítil verkefni. Og ég vil styðja þá kröfu hv. þm., að þessu verði breytt. Ég held, að skýringin á þessu sé nærtæk. Hún er vafalaust sú, að af 7

ráðh. sitja 5 í Nd. Þegar svo þar við bætist, að annar af þeim ráðh., sem eiga sæti í Ed., sá, er hér stendur, flytur ekki eitt einasta mál í samræmi við það, sem tiðkazt hefur í tíð fyrirrennara hans í sæti utanrrh., verður þessi mismunur milli d. enn meiri en tölurnar 5 og 2 gefa tilefni til. Ég held, að það sé mannleg árátta ráðh. *að flytja málin í þeirri d., sem þeir eiga* sæti í, og að þetta sé skýringin, bæði nú á þessu þingi og á fyrri þingum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, að mönnum þyki hægara að flytja málin í þeirri d., þar sem þeir eiga sæti. En þetta er rangt. Þetta á ekki að vera svona. Það á að skipta verkefnunum jafnt á milli d., eftir því sem föng eru á. Ég er algerlega sammála hv. þm. um það.

Ég veit, að hæstv. forsrh. hefur brýnt það fyrir samráðh. okkar að dreifa málum á milli d., þó að reynslan hafi ekki orðið í samræmi við það algerlega, og ég veit og treysti því, að hæstv. forsrh. taki þessi mál til nýrrar meðferðar nú eftir aðfinnslu hv. þm.

Ég hef raunar ekki meira um þetta að segja, en mér fannst viðeigandi að taka undir þessa réttmætu kröfu þm. um, að verkefnunum verði skipt réttlátar og jafnar milli d. en verið hefur, — ekki af því, að Ed.-menn þurfi að fyllast leiðindum yfir því að vera vantreyst, — ég held, að það sé alls ekki ástæða til þess, — heldur fyrst og fremst vegna þess, að vinnan á Alþ. þarf *að ganga fyrir sig og hún gengur ekki réttlátlega* og réttilega fyrir sig, nema verkefnunum sé skipt og frv. séu flutt jöfnum höndum í Ed. og Nd. Og ég vona, að það verði á því lagfæring.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 351). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af sjútvn. þessarar hv. d. í fullu samráði við sjútvrn.

Hinn 12. febr. s. l. flutti hæstv. sjútvrh. framsögu fyrir stjfrv. á þskj. 287 um breytingar á gildandi l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Því frv. var þá vísað til sjútvn. að lokinni 1. umr. Þegar sjútvn. fór að ræða það frv., komu strax fram ábendingar um, að full þörf væri á að taka saman í ein lög gildandi ákvæði um útflutningsgjaldið. Var hæstv. sjútvrh. tjáð, að n. hefði hug á að vinna þetta verk og þá, ef svo yrði talið rétt að flytja nýtt frv. um þetta efni, þar sem þær breytingar, sem gera þyrfti nú varðandi útflutningsgjaldið, yrðu felldar inn í hið nýja frv. Enda þótt ráðh. óskaði eindregið eftir því, að máli þessu yrði hraðað eins og kostur væri, varð fullt samkomulag við hann um, að málið yrði athugað í n. með samningu nýs frv í huga. Var haft fullt samráð við ráðuneytisstjórann, Jón Arnalds, og veitti hann n. fúslega aðstoð og upplýsingar, eftir því sem óskað var.

Þegar sjútvn. fékk frv. til meðferðar sendi hún það til umsagnar, bæði til Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Þegar þær umsagnir lágu fyrir, var farið í það að taka saman þetta frv., sem hér liggur fyrir. Í frv. eiga að felast öll gildandi ákvæði eldri l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, jafnframt því sem tekin eru inn í frv. þau ákvæði, sem samkomulag er nú um að breyta. Í frv. eru engin ákvæði nema þau, sem fullt samkomulag er um milli aðila, þ. e. milli samtaka sjómanna, útvegsmanna og fiskframleiðenda, svo og verðlagsráðs sjávarútvegsins í einu tilfelli, enda er hér um að ræða brúttógjald framleiðslu, og það felur í sér jöfnum höndum gjaldskyldu á sjómenn og útgerðarmenn.

Jafnhliða því að nú eru sameinuð í ein lög gildandi ákvæði úr ýmsum l. í þessu efni, eru eldri lög um útflutningsgjaldið felld úr gildi. Þau lög, sem úr gildi falla, eða viss ákvæði eldri l., eru lög nr. 4 frá 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 4 1971 og lög nr. 17 1972, sem bæði varða útflutningsgjaldið, svo og II. kafli l. nr. 79 frá 1968, en það eru lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. des. 1968, en II. kafli þeirra l. fjallar um útflutningsgjaldið, þ. e. 10. gr. þeirra l. Enda þótt lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum taki vafalítið hér eftir sem hingað til nokkuð oft breytingum eðli málsins samkv., þykir þó til bóta að taka rögg á sig öðru hverju og fella gildandi ákvæði úr ýmsum eldri l. í eina röð til að auðvelda málið.

Í frv. þessu felast töluverðar breytingar á útflutninsgsgjöldum af sjávarafurðum. Þau hækka allverulega, og hækkunin er við það miðuð að auka tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa, en verulegur halli hefur verið á rekstri hans bæði árin 1971 *og* 1972. *Tryggingasjóður fiskiskipa* greiðir iðgjöld fiskiskipanna að verulegu leyti af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum eftir tilteknum reglum, sem sjútvrn. setur. Gera má ráð fyrir, að tekna til tryggingakerfisins verði áfram aflað á sama hátt eða með svipuðum hætti og verið hefur undanfarandi ár, þ. e. með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Halli tryggingasjóðs á undanförnum árum hefur verið allverulegur, og þrátt fyrir hækkun útflutningsgjalda nú verður halli á rekstri tryggingasjóðs á árinu 1973, ef miðað er við óbreyttar áætlanir um greiðslu úr sjóðnum. Þær breytingar á útflutningsgjöldum eru, eins og ég tók fram hér í upphafi, gerðar í fullu samráði við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og er aðallega eftirfarandi:

1. Að magngjald, sem verið hefur, er hækkað til samræmis við verðhækkanir, þannig að greiðsluhlutfall af þeim vörum, sem magngjald er greitt af, breytist ekki miðað við aðrar vörur. Á undanförnum árum hafa afurðir, sem háðar eru magngjaldi, dregizt nokkuð aftur úr, og er því eðlilegt, að breyting á útflutningsgjaldi felist í hækkun magngjaldanna, því að þau útflutningsgjöld hafa lækkað verulega í hlutfalli við útflutningsverðmætið.

2. Þá hækkar gjaldaprósentan af fiskmjöli og loðnuafurðum, en verðlag á þessum vörum hefur, sem kunnugt er, hækkað mjög mikið, og því þykir rétt að hækka þetta gjald verulega til samræmis við það, sem er á öðrum vörum.

3. Lækkað magngjald af ufsa- og karfaafurðum,

en verðlag á þessum afurðum er nú mjög óhagstætt. Magngjaldið af þessum vörum lækkar úr 2300 kr. á tonn í 1700 kr. Magngjald af saltfiski og vörum, sem taldar eru í 2. tölul. 2. gr. þessa frv., hækkar hins vegar úr 2300 kr. í 3000 kr. á tonn. Magngjald af freðfiski og öðrum vörum í 3. tölul. 2. gr. þessa frv. hækkar úr 2300 kr. á tonn í 3400 kr., en nemi magngjaldið meiru en sem svarar 4½% af fob-verði verðmæta útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark. Þá hækkar gjald af loðnumjöli og loðnulýsi úr 4% í 8% af fob-verði. Gjald af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli og lifrarmjöli hækkar úr 6% í 7% af fob-verði. Í gildandi l. er magngjald af skelfiski. Í því frv., sem sjútvrh. lagði fyrir þessa hv. d. og mælti fyrir hinn 12. febr., var lagt til, að það gjald breyttist í 6% af fob-verði. I frv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir, að gjaldið verði 4% af fob-verði. Er þar m. a. farið að tilmælum Landssambands ísl. útvegsmanna, en það kom fram í umsögn þess, að eðlilegt mætti teljast, að þetta gjald yrði lækkað frá því, sem var. Einnig kom það fram í umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins, og hefur n. orðið ásátt um að taka þær aths. til greina. Hér er um mjög smávægilega breytingu að ræða, nánast það, að gjaldið verði óbreytt frá því, sem er nú í gildandi l. Gjald af frystri loðnu hækkar úr 4% í 6% af fob-verði, og er þar um hækkun að ræða af sömu ástæðu og ég hef áður tilgreint vegna hækkandi útflutningsverðs.

Ég hef hér stuttlega rakið þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, en breytingar þessar munu auka tekjur af útflutningsgjaldi um 177 millj., miðað við spá um útflutningsframleiðslu ársins 1973. Breyting á skiptingu teknanna samkv. þessu frv. miðar að því, að nær öll hækkunin renni í Tryggingasjóð fiskiskipa. Samkv. gildandi l. renna nú 82% af tekjum útflutningsgjaldsins í tryggingasjóð, en samkv. því frv., er hér liggur fyrir, er ætlað, að 85% af útflutningsgjaldinu renni í tryggingasjóðinn. Þetta nægir þó ekki, eftir því sem fróðir menn telja, til að tryggja hallalausan rekstur sjóðsins, þó sennilega rekstur sjóðsins á árinu 1973, en alls ekki til að greiða halla, sem eftir er skilinn frá fyrri árum.

Við ákvörðun fiskverðs í ársbyrjun 1973 var gert ráð fyrir þeim breytingum á útflutningsgjöldunum, sem þetta frv. felur í sér, enda er hér ekki vikið frá þeim grundvelli, sem undanfarið hefur gilt í þessum efnum, en hækkanir, sem eiga sér stað, eiga rót sína að rekja til hækkandi útflutningsverðs.

Í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv. er heimild til að fella niður útflutningsgjald af frystum karfaflökum framleiddum á tímabilinu 1. júní til 30. sept. 1972. Þetta er gert vegna lélegrar afkomu karfafrystingar, og var í sambandi við fiskverðsákvörðun á s. l. sumri gefið fyrirheit um að fella þetta gjald niður.

Í ákvæðum til bráðabirgða í hinu fyrra frv. var heimild til þess að greiða kostnað af framkvæmd l. um skipulag á loðnulöndun af þeim tekjum, sem hér um ræðir. Í þessu frv. er þessi heimild felld niður. Þessu ákvæði var skotið inn í hið fyrra frv., en snertir ekki þessa löggjöf. Þess vegna þótti ekki ástæða til að rýra tekjur tryggingasjóðs, heldur verði flutningasjóði gert að greiða þennan kostnað. Það var haft samráð við ráðuneytisstjórann í sjútvrn., Jón Arnalds, svo og Svein Finnsson hjá Verðlagsráði sjávarútvegsins í sambandi við þetta atriði, og höfðu þeir enga aths. við það að gera þótt þetta yrði fellt niður.

Hins vegar kemur inn í nýtt ákvæði til bráðabirgða, heimild sjútvrh. til að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld til síldarútvegsnefndar. Heimild þessi er veitt til þess að auðvelda heimflutning síldar af Hjaltlandseyja- og Norðursjávarmiðum og til þess að afla sölumarkaða fyrir þá síld.

Þá er loks að geta smábreytingar í ákvæðum til bráðabirgða, en sú breyting er gerð eftir ósk sjútvrn. í bréfi til sjútvn., dags. 23. febr. s. l. Þessi breyting er í því fólgin, að heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Hér er um að ræða, að til þess að tryggja beitufrystingu á s. l. sumri og hausti var ríkisábyrgð veitt þannig að ríkissjóði ber að greiða mismun á fáanlegu söluverði erlendis fyrir þessa framleiðslu og auglýstu verði beitunefndar sem var 24 kr. á kg. Ríkissjóður verður að greiða með þessum útflutningi, þar sem ekki fæst nógu hátt verð fyrir útflutning á þessari síld. Verið er að kanna sölumöguleika á þessari síld og sennilegt, að takist að selja hana, er verðið er ekki nógu hagstætt til þess að ná hinni tilskildu upphæð, 24 kr. á kg. Þess vegna er lagt til, að heimilt sé að fella niður útflutningsgjaldið eða endurgreiða það, og lækkar þar með sú upphæð, sem ríkissjóður þarf að greiða með þessum útflutningi.

Herra forseti. Ég hef stuttlega gert grein fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir, og þeim breytingum, sem gerðar hafa verið frá fyrra frv. á þskj. 287. Þar sem n. flytur þetta frv. eftir að hafa fjallað um það á fundum sínum, sé ég ekki ástæðu til að gera till. um, að það fari aftur til n. Hins vegar var í upphafi sú ósk borin fram af hæstv. sjútvrh., að frv. þetta mætti fá greiðan gang í gegnum þessa hv. d., og leyfi ég mér að flytja þá ósk nú, að d. sjái sér fært að hraða afgreiðslu þessa máls.

Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. sjútvn., hefur frv. þetta verið nú um nokkurn tíma hjá n. til sérstakrar athugunar, og varð fljótlega, eftir að n. tók þetta mál til meðferðar, samkomulag um það, að vinna skyldi að málinu eins og fram kemur með flutningi þessa frv. Það eru ýmsir annmarkar á því að vera með svo náskyld mál og eru í þessu frv. í mörgum lögum og miklu fyrirhafnarmeira fyrir þá, sem þurfa að nota löggjöfina, að því sé þannig skipað, en að hafa það eins og felst í frv., sem n. flytur.

Efni frv. er, að því leyti sem því er breytt frá gildandi l., eins og frsm. greindi frá í samræmi við það, sem samið hefur verið um af hinu opinbera í þeim samningum, sem áttu sér

stað varðandi sjávarútveginn um s. l. áramót.

Hér er um verulega auknar tekjur af útflutningsgjaldi að ræða, eins og greint hefur verið frá. Er gert ráð fyrir, að það séu um 177 millj. kr. Ráðstöfun á upphæðinni að þessu sinni verður hins vegar þannig, að meginhlutinn af þessum nýju tekjum rennur beint í vátryggingarsjóð fiskiskipa. Vissulega var full þörf á því, eins og staða þess sjóðs er í dag, að þar yrði ráðin einhver bót á.

Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi mælast til, að yrði tekið til athugunar á milli umr. Það hefur verið komið að máli við einstaka menn úr n. um það, nú eftir að n. afgreiddi frv., eins og það liggur hér fyrir, að taka til endurskoðunar, hvort ekki væri hægt að fallast á að færa gjald af útfluttri saltsíld úr 6. lið, eins og það er nú, þar sem gert er ráð fyrir að greiða 6% gjald af saltsíldinni, í 4% liðinn undir tölul. 4. Það má segja, að þetta eigi nokkurn rétt á sér vegna þeirra erfiðleika, sem saltsíldarframleiðslan á við að búa, sérstaklega eins og hefur verið á síðasta ári og nú eru horfur á. Ef hægt verður að stunda síldveiði í Norðursjó á yfirstandandi ári, er svo kostnaðarsamt að eiga við þá framleiðslu og fyrirhafnarmikið, að það á fyllilega rétt á sér, að það sé heldur létt á þessari framleiðslugrein og gjaldið lækkað úr 6% í 4%, eins og er um þá vöruflokka, sem falla undir 4. lið. Ég vildi mælast til þess, að þetta yrði tekið sérstaklega til athugunar á milli umr., og mér finnst, að margt mæli með því, að þessu sé breytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 7. marz, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 303). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Með ályktun Alþ. hinn 10. maí 1972 var ríkisstj. falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um skyldu stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða. Í grg. fyrir till. til þeirrar þál. er m. a. minnt á, að eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þurfi hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Enn fremur er bent á, að leynd á þessu sviði dragi mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og geri erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Eins og sjá má af þessari þál. og rökstuðningi hennar, er aðaláherzlan lögð á lýðræðislega nauðsyn þess að opna borgurunum aðgang að því að fylgjast með verkum og vinnubrögðum stjórnvalda. Um þáltill. þessa urðu ekki verulegar umr., en hún var samþ. shlj. Til fullnustu þessara óska þingsins er frv. þetta um upplýsingaskyldu stjórnvalda nú lagt fyrir hv. Nd.

Svo sem fram kemur í grg. frv., er það samið með náinni hliðsjón af nýlegri löggjöf annarra Norðurlanda um þetta efni, einkum danskri og norskri. Skal sú hliðstæða ekki rakin meira að sinni, en nokkur grein gerð fyrir innlendum forsendum löggjafar um þetta efni.

Það er ljóst, að ekki hafa verið í íslenzkri löggjöf almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Ýmis dreifð lagaákvæði eru í l. um leyndar- eða þagnarskyldu, og á hinn bóginn kemur fyrir, að í lagaákvæðum séu fyrirmæli um, að ákveðið efni skuli gera almenningi kunnugt með tilteknum hætti. Ekki verða af slíkum ákvæðum dregnar neinar ályktanir um almennar reglur íslenzkrar löggjafar um leyndarskyldu eða upplýsingaskyldu. Allar rannsóknir skortir til þess, að fullyrt verði um raunverulega framkvæmd í hinu íslenzka stjórnsýslukerfi í þessu efni, en viðbúið er, að sú framkvæmd hljóti að vera nokkuð á reiki, þegar engin almenn lagaákvæði setja henni úrlausnarmark. Það verður að hafa í huga, að hið íslenzka þjóðfélag hefur á ýmsan hátt sérstöðu í þessu efni sem öðru vegna smæðar sinnar. Að vissu marki er því styttri leiðin milli borgarans og stjórnvaldsins sem stjórnvaldstigin eru færri, og enn gildir það í okkar samfélagi miklu fremur en í flestum öðrum, að allir þekkja alla og vita meira um einstaka þætti almennra málefna en annars staðar er mögulegt. Hins vegar er ekki því að neita, að einnig okkar þjóðfélagskerfi er að verða flóknara en það áður var þrátt fyrir fámennið, þannig að þörf getur verið á að marka lagareglur um vinnubrögð á þessu sviði.

Ég sagði áðan, að lagafrv. þetta væri mjög sniðið eftir norrænni, einkum danskri og norskri löggjöf, nýlegri, um þetta efni, og það er vissulega ekki ofmælt. Má reyndar segja, að öll meginákvæði frv. séu úr þeirri löggjöf fengin. Í Danmörku og Noregi eru lög þau í báðum löndunum, sem sett voru á árinu 1970 um þetta efni, almenn lög um efnið þar. Hins vegar eru í löndunum báðum margra ára rannsóknir, nefndastörf og grg. undanfari lagasetningarinnar. Enn fremur hafa um efnið verið nokkuð umfangsmiklar umr. á fræðilegum vettvangi um áratuga skeið. Það er því ekki óeðlilegt, að byggt sé í frv. þessu nokkuð náið á þeim niðurstöðum, sem þar er um að ræða. Jafnframt verður þá og að hafa í huga, að okkar stjórnsýslukerfi, þótt smátt sé og eflaust á margan hátt frumstætt, að segja má, er þó að verulegu leyti kvistur af þeim sama meiði, af því að þangað höfum við sótt fyrirmyndir. Það er viðbúið, þrátt fyrir svo umfangsmikinn undirbúning, að reynslan eigi eftir að skera úr því og þurfi reyndar alllangan tíma til, hvort þessi löggjöf nágranna okkar samsvari þörfum þeirra samfélaga. Og auðvitað má því fremur ætla, að vandséð muni reynast, hvað bezt muni henta okkar aðstæðum eða okkar samfélagi í reynd.

E. t. v. mun mörgum þeim, sem hugmyndir hafa gert sér um reglulega opin stjórnkerfi,

þykja undantekningar 2. gr. frv. ógnvekjandi margar. Þykir rétt að minna á, svo sem öllum hlýtur að vera ljóst, að hagsmuna þarf að gæta í fleiri áttir. Einstaklingarnir eiga rétt á því, að með einkamálefni þeirra, þótt um hendur stjórnvalda fari, sé farið með viðhlítandi gát. Einnig má vera ljóst, að gæzla almenningshagsmuna geri nauðsynlegt, að á framkvæmdastigi sé hún ekki trufluð á þann hátt, að raskað sé hagsmunum heildarinnar. Rétt þykir að minna einnig á, að mörkuð skylda stjórnvalda til að veita upplýsingar og mjög umfangsmikil skylda er þrátt fyrir allar undantekningar lögð á stjórnvöldin með lagafrv. þessu og getur leitt til aukins vinnuálags á stjórnsýslukerfið. Það er að sjálfsögðu erfitt að meta fyrir fram, hve mikið slíkt aukið vinnuálag mundi verða. Augljóst er, að það hlýtur í einhverjum mæli að leiða til aukinna útgjalda. Þá er og rétt að minna á, að slík upplýsingaskylda, sem jafnframt takmarkast af gæzlu réttmætra hagsmuna, getur oft leitt til vandasamra úrskurðarefna og þá jafnframt til mistaka, sem raska slíkum hagsmunum.

Um einstök ákvæði frv. mun ég verða stuttorður nú. Eins og fram kemur í 1. gr. þess er mótuð sú aðalregla, að hver maður eigi rétt á að kynna sér skjöl í máli, sem til meðferðar hefur verið hjá stjórnvaldi, en undantekningarnar eru svo raktar í 2. gr. frv. Þær undantekningar frá almennri upplýsingaskyldu eru af ýmsum toga spunnar, svo sem gerð er grein fyrir í grg. Þær byggjast m. a. á öryggi ríkisins, réttmætum hagsmunum einstaklinga um friðhelgi einkalífs eða varða fjárhagslega hagsmuni einstaklinga og samfélaga, og skal ég ekki rekja það nánar. Rétt er að minna á, að undantekningar leysa undan upplýsingaskyldu, en banna í sjálfu sér ekki að veita upplýsingar, ef stjórnvald metur, að hagsmunum sé ekki raskað, þótt upplýsingar séu veittar um málefni, sem gætu verið undanþegin upplýsingaskyldu.

Stjórnvöld þau, sem upplýsingaskyldan nær til, eru bæði stjórnvöld ríkisins og sveitarfélaga og stofnanir þeirra aðila. Geta má þess, að til athugunar gat verið, hvort upplýsingaskyldan ætti einnig að ná yfir Alþ. og dómstóla. Svo er ekki í Danmörku og Noregi, en aftur á móti í Svíþjóð og Finnlandi. Hér sýnast ekki eðlileg rök fyrir því fremur en í Danmörku og Noregi að beita þessari löggjöf inn á þau svið. Eins og kunnugt er, eiga Alþ. og dómstólar sammerkt í því, að með sérstakri löggjöf — í þingskapalögum að því er varðar Alþ. — er mælt fyrir um það, að fundir Alþ. skuli háðir í heyranda hljóði, nema annað sé ákveðið, en nefndarfundir og flokksfundir eru hins vegar, eins og allir vita, lokaðir, og í réttarfarslöggjöf er það meginreglan, þó að kannske kveði minna að því í framkvæmd en skyldi, að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, þannig að í löggjöf er þegar að verulegu leyti mörkuð starfsemi þessara stofnana, sem ég nefndi, Alþ. og dómstóla, í heyranda hljóði. Ef vankantar þykja á þeirri löggjöf eða framkvæmd hennar, virðist vera eðlilegra, að endurbætur um það efni séu gerðar í þeirri löggjöf, sem þar að lýtur.

Í 4.—15. gr. þessa frv. er fjallað um tæknileg atriði varðandi framkvæmd upplýsingaskyldunnar, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það efni hér frekar, þó að þar geti verið um að ræða ýmis vandasöm atriði. Í lokagr. frv. er sú regla mótuð, að það skuli ekki verka aftur fyrir sig, ef að lögum verður. Er sú regla í samræmi við hin dönsku og norsku lög. Þá er ráðgert þar, að gildistaka sé miðuð við 1. okt. 1973. Áherzlu verður að leggja á að ætla rúman tíma til undirbúnings gildistöku löggjafar sem þessarar, svo að nægur tími vinnist til að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd hennar, en eins og áður segir, skapar hún stjórnvöldum, hærri sem lægri, margvíslegan vanda, sem full ástæða er til að gefa gaum. Sjálfsagt kemur þar til athugunar hjá þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki væri jafnvel rétt að hafa gildistímann enn síðar en þetta.

Ég vil segja það, að hér er að mínu áliti á ferðinni mjög merkilegt mál, en það er mál, sem þarf vel að athuga, og þess vegna mun ég fyrir mitt leyti ekki reka neitt á eftir þeirri n., sem fær frv. til meðferðar. Ég tel eðlilegt, að hún fái góðan tíma til að fjalla um það og kynna sér það á allan máta, og í sjálfu sér tel ég ekkert óeðlilegt, þegar um mál eins og þetta er að tefla, að það geti legið fyrir tveimur þingum til athugunar.

Ég gat þess áðan, að lög um þetta efni hefðu verið sett í Danmörku og Noregi árið 1970 og reynslan ætti eftir að sýna, hvernig þessi löggjöf hefði reynzt þar. Það ákvæði var sett í dönsku lögin, að þau skyldu endurskoðuð eftir 3 ár, og það vill einmitt svo til, að um síðustu mánaðamót var sett á stofn n. í Danmörku til að endurskoða þessi dönsku lög, og þeirri n. eru ætluð nokkur atriði, sem hún á að taka sérstaklega til athugunar. Ég sé ekki ástæðu til að breyta hv. d. á því að fara að lesa þau upp hér eða benda á, hver þau atriði eru, en að sjálfsögðu getur n., sem fær frv. til athugunar, fengið hjá mér bréf um það efni. Það getur auðvitað komið til athugunar, hvort hv. Alþ. þætti rétt að bíða með afgreiðslu máls sem þessa eftir því, að þessari endurskoðun, sem er fyrirhuguð og komin af stað í nágrannalandi okkar, verði lokið.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en vil enn leggja áherzlu á það, að ég tel hér vera um mjög merkilegt mál að ræða. Það er mjög mikilsvert í nútímaþjóðfélagi, með hverjum hætti því er hægt að koma fyrir, að almenningur eigi greiðan aðgang að opinberum skjölum og gögnum. En þar verður að gæta þess að þræða vissan meðalveg, þannig t. d. að ekki sé gengið of nærri friðhelgi einkalífs manna. Og ég verð að segja það, að ég tel einmitt það mál, spurninguna um friðhelgi einkalífs, mjög nátengt þessu máli, þó að þar sé um aðra hlið að tefla. En það er alveg sama viðfangsefnið að því leyti til, að í nútímaþjóðfélagi eru að skapast alveg ný verkefni og viðhorf einmitt í sambandi við nauðsyn á vernd einkalífsins, ekki sízt vegna þeirrar tækni, sem til er komin og gerir það að verkum, að menn njóta á stundum mjög takmarkaðrar verndar

fyrir einkalíf sitt. Og það er ekki vafi á því, að það er talsverð hætta á misnotkun í sambandi við það atriði. Auðvitað dettur mér ekki í hug, að það eigi að blanda því máli saman við þetta mál um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ég vil segja, að það sé annar flötur á sama hlutnum og ekki þýðingarminna, að menn fái að vera í friði um það, sem þeir eiga að fá að vera í friði með, og friðhelgi þeirra sé ekki raskað. En að því er farið að kveða mjög í mörgum þjóðfélögum, og ég held því miður, að ekki sé laust við, að þess sé farið að gæta í okkar þjóðfélagi einnig, að menn hafi ekki nægilega vernd fyrir friðhelgi síns einkalífs. En þetta frv. er sem sagt um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Það leggur stjórnvöldunum skyldur á herðar. Það opnar möguleika fyrir almenning til þess að fylgjast með gerðum stjórnvalda, að vísu með ýmsum takmörkunum. Það má gera ráð fyrir því, að þetta frv. snerti alveg sérstaklega fjölmiðla og blaðamenn, af því að það er ætlandi, að það verði þeir aðilar, sem fyrst og fremst leiti eftir þeim upplýsingum, sem þar er um að tefla, og miðli þeim svo til almennings.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 312). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði inn í lög um atvinnuleysistryggingar nýrri gr., þar sem stjórn Atvinnuleysistryggingasj. sé heimilað að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem má nema allt að því jafnhárri upphæð og atvinnuleysisbætur eru samkv. 18. gr. a fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu slíkra styrkja. Frv. er þannig ætlað að heimila stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að veita eins konar námsstyrki til verkafólks, sem tekur þátt í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum. Er gert ráð fyrir, að upphæð styrksins geti numið allt að því jafnhárri fjárhæð og bætur atvinnuleysistryggingа á hverjum tíma, auk þess sem sjóðnum er heimilað að taka þátt í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum, sem leiðir af þátttöku í slíkum námskeiðum.

Frv. þetta samdi Hjálmar Vilhjálmsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að beiðni minni sem trmrh., og ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég tel eðlilegt að gera þessa breytingu á lögum sjóðsins.

Í grg. með frv. er minnt á, að vaxandi iðnaður og aukin fjölbreytni í atvinnulífi krefjist markvissrar starfsþjálfunar ýmissa starfshópa. Einnig er á það bent, að hér muni í ríkara mæli en hingað til verða þörf á algerri endurmenntun fólks til nýrra starfa. Á undanförnum árum hafa bæði ýmsar tæknistofnanir, iðnskólar og ýmis samtök atvinnuveganna efnt til námskeiða af ýmsu tagi til að bæta úr brýnni þörf. Samtök launamanna og atvinnurekenda hafa upp á síðkastið sótt mjög á um, að hið opinbera hefði meiri forustu um eflingu og samræmingu þessarar starfsemi en verið hefur. Þetta verða að teljast mjög eðlilegar kröfur. Á vegum iðnrn. er nú í samstarfi verkafólks og atvinnurekenda unnið að því að koma á fót starfsþjálfunarnámskeiðum fyrir ýmsa starfshópa. Í samstarfi við iðnskólann í Reykjavík hafa verið haldin námskeið fyrir starfsfólk í fataiðnaði eða í verksmiðjusaum, og nú innan skamms er að hefjast námskeið fyrir stjórnendur þungavinnuvéla, svo að eitthvað sé nefnt.

Ekki mun raunsætt að gera ráð fyrir því, að t. d. fjölskyldufólk almennt, hvort heldur það er atvinnulaust eða í starfi, muni sjá sér fært að setjast á skólabekk um lengri eða skemmri tíma án þess að njóta einhvers fjárstyrks, meðan á námsdvöl stendur. Þetta á vafalaust fyrst og fremst við um fólk utan af landsbyggðinni, sem þarf að sækja slíkt námskeið hingað á þéttbýlissvæðið og e. t. v. þarf — auk þess að vera kauplaus — bæði að greiða ferða- og dvalarkostnað hér eða annars staðar fjarri heimabyggð.

Þetta frv. miðar ekki að því að koma á reglulegu námslaunakerfi fyrir þá, sem þurfa að afla sér viðbótar- eða endurmenntunar. Með því er ekki heldur ætlunin að draga úr því, að fyrirtæki greiði fólk laun, meðan á starfsþjálfun stendur, eins og á sér sem betur fer oftast stað. Með þessari lagabreytingu er fyrst og fremst verið að gera stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs kleift að jafna aðstöðu fólks, atvinnulausra og annarra, til að sækja umrædd námskeið. Eins og fram kemur í grg., er gert ráð fyrir, að sjóðsstjórnin setji sérstakar reglur um veitingu þessara styrkja.

Ekki leikur á því neinn vafi, að brýn nauðsyn er á að koma fræðslustarfsemi þeirri, sem hér um ræðir, í miklu fastara formi en nú á sér stað og ekki sízt að tryggja henni eðlileg tengsl við iðn- og verkmenntun í landinu. Hér er um ákaflega mikilvægt mál að ræða, sem ég ætla ekki að fjölyrða um að þessu sinni, en ég tel eðlilegt, að n. sú, sem nú vinnur að endurskoðun iðnfræðslul., hafi jafnframt í huga, hvernig haga beri verkmenntun óiðnlærðs fólks.

Þess má geta hér til fróðleiks, að ýmsar grannþjóðir okkar hafa komið fastri skipan á hliðstæð starfsþjálfunarnámskeið, bæði hvað snertir tilhögun þeirra og fjárhagslegan stuðning við þátttakendur. Árið 1960 settu Danir t. d. sérstaka löggjöf um menntun sérþjálfaðs verkafólks, og sett var heildarreglugerð við þessi lög árið 1971. Samkv. þessari reglugerð fer starfsfræðslan fram á 1—6 vikna námskeiðum, sem jafnframt opna þátttakendum leið til framhaldsmenntunar. Till. um námsefnið eru gerðar af sameiginlegum fræðslunefndum samtaka launafólks og atvinnurekenda, en síðan fjallar sérstakt fræðsluráð um námsefnið. Ráð þetta er skipað fulltrúum hins opinbera og

fulltrúum frá samtökum atvinnurekenda. Námið fer fram í sérskólum víðs vegar í Danmörku, en þeir eru um 35 talsins, og er kennslan ókeypis. Ríkið greiðir 85% af heildarkostnaðinum, en samtök vinnumarkaðarins og sveitarfélög 15%. Fólk, sem hefur einhverja á framfæri sínu, greiðir hvorki fæðis- né húsnæðiskostnað og einhleypir aðeins lítinn hluta. Þátttakendur, sem eru atvinnulausir, og þeir, sem tapa vinnu vegna námsdvalar, njóta styrks úr Atvinnuleysistryggingarsjóði. Lágmarksupphæð styrksins er sú sama og atvinnuleysisbætur, en getur verið allt að 25% hærri eftir ástæðum. Ég er ekki í vafa um, að við getum að ýmsu leyti hagnýtt okkur þá reynslu, sem bæði Danir og Norðmenn búa yfir í þessum efnum.

Með frv. þessu er aðeins tekið á einum afmörkuðum þætti mikils og aðkallandi vandamáls, og eins og ég sagði áðan, er nauðsynlegt að skoða þetta mál í samhengi við væntanlegar breytingar á núverandi skipan verk- og tæknimenntunar í landinu. Í þessu frv. er aðeins um að ræða nýja lagagr. í hin almennu lög um atvinnuleysistryggingar á Íslandi, nýtt verksvið, sem þessum sjóði er ætlað. En mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi og eins í sambandi við frv. til l. um atvinnuleysistryggingar frá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að þessi löggjöf hefur um skeið verið í endurskoðun í heilbr.- og trmrn., og hafði ég gert mér vonir um að geta lagt fram frv. um heildarendurskoðun atvinnuleysistryggingalaganna mun fyrr á þessu þingi. Þetta tókst því miður ekki af ástæðum, sem rn. voru óviðráðanlegar, en einmitt nú er þessari endurskoðun lokið, og ég geri mér vonir um, að frv. um heildarendurskoðun þessara laga, þar sem m. a. sé tekið á atriðum eins og bótaupphæðum, sem eru orðnar algerlega úreltar, og eins tekið mið af lögum um styttingu vinnuvikunnar og gerðar ýmsar aðrar veigamiklar breytingar, — að slíkt frv. geti legið fyrir hér á næstunni. Og ef samstaða tekst um heildarendurskoðun á l. um atvinnuleysistryggingar, bæði út frá þessu stjfrv., sem ég var að gera grein fyrir, og með hliðsjón af frv. hv. þm. Bjarna Guðnasonar, þá væri að sjálfsögðu eðlilegt, að þetta litla frv., sem ég var að gera grein fyrir, yrði fellt inn í þá heildarendurskoðun af þeim þn., sem um þetta mál fjalla.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 279). — 1. umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Það frv. til l., sem ég flyt hér á þskj. 279, varðar breytingar á l. um atvinnuleysistryggingar. Meginefni þessara breyt. er hækkun bótagreiðslna úr sjóðnum, og um leið fylgja svo aðrar minni háttar breytingar.

Aðalástæðan fyrir breyt. þeim, sem hér eru fluttar, er sú, að um rúmlega þriggja ára skeið hefur engin breyting verið gerð til hækkunar á bótagreiðslum l., þegar frá eru taldar hækkanir vegna vísitölubreytinga. Sem dæmi skal á það bent, að í okt. 1969 voru byrjunarlaun hafnarverkamanna í Reykjavík 66.09 kr. á klst. í dagvinnu, en þá voru dagpeningagreiðslur atvinnuleysistrygginga til kvæntra manna 341 kr., en eru í dag 427 kr., hafa aðeins hækkað um 25%, en byrjunarlaun hafnarverkamanna hafa frá því í okt. 1969 til dagsins í dag hækkað úr 66.09 kr. í 118.04 kr. eða hækkað um 78.7%. Sama gildir að sjálfsögðu um aðrar bótagreiðslur. Af þessu leiðir, að í þessu frv. er gert ráð fyrir, að bótagreiðslur hækki um 78.7%, þannig að í frv. er gert ráð fyrir, að dagpeningagreiðsla til kvænts manns eða giftrar konu skv. 5. gr. núgildandi l., sem nú er 266 kr., hækki í 610 kr. á dag, 230 kr. til einstaklinga hækki upp í 527 kr. og til bótaþega fyrir hvert barn á framfæri yngra en 16 ára hækki úr 25 kr. í 57 kr. og aðrar breytingar í samræmi við það. Hér er því í raun aðeins verið að leiðrétta misræmi, sem skapazt hefur, síðan lög þessi voru síðast endurskoðuð á árinu 1969.

Um fjárhagshlið þessa máls er það að segja, að gildandi lög gera ráð fyrir, að iðgjöld til trygginga hækki samhliða hækkun verkamannakaups, og greiðslugeta sjóðsins verður því ekki lakari, þótt bótagreiðslurnar hækki í sama hlutfalli og iðgjöldin. Það er því enginn vafi á því, að sjóðurinn er fullkomlega fær um að standa undir þeim hækkunum, sem hér er gert ráð fyrir. Í þessu sambandi má og benda á, að nágrannaþjóðir okkar hafa stórhækkað dagpeningagreiðslur, þannig að þær nema nú allt að 90% þeirra dagvinnutekna, sem bótaþegi hafði, áður en hann varð atvinnulaus. Einnig má benda á það, að í undirbúningi eru till. um að afnema biðtíma vegna atvinnuleysisbóta í þessum löndum.

Þetta er m. ö. o. meginatriði frv. En um leið fylgja aðrar breyt., sem eru í raun og veru minni háttar. Þar er fyrst að geta breytingar á sjóðsstjórninni. Í núgildandi l. er gert ráð fyrir því, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipi 7 menn, 2 tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af Sþ. með hlutfallskosningu. Nú má á það benda, að á Norðurlöndum, þar sem um svipaða löggjöf ræðir, koma hv. alþm. ekki nálægt slíkum sjóðsstjórnum, heldur skipa þær menn vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. fulltrúar vinnuveitenda og vinnuþega. Er að vísu ekki gengið svo langt í þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, en þó a. m. k. stigið nokkurt skref í þá átt, sem tíðkast annars staðar. Í samræmi við það eru gerðar till. um, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipi enn 7 menn, tveir séu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og tveir kosnir af Sþ. með hlutfallskosningu, þ. e. a. s. í stað þess, að Alþ. kjósi 4 í sjóðsstjórnina, þá komi inn 2 nýir aðilar vinnumarkaðarins, sem fái þá hvor sinn

fulltrúa, þ. e. a. s. Farmanna- og fiskimannasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Með þessu er tryggt, að þessir stóru aðilar hafi eitthvað að segja í stjórn þessa volduga sjóðs. Jafnframt er gerð sú breyting á sjóðsstjórninni, að ráðh. er heimilt að skipa þann formann sjóðsstjórnarinnar, sem honum sýnist, en formannsskipunin ekki bundin við fulltrúa Alþingis.

Aðrar minni háttar breytingar, sem hér eru gerðar á 5. og 15. gr. frv., eru til samræmis við lög um 40 stunda vinnuviku. Breytingar á 16. gr. eru tvær. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að ekki sé hægt að svipta mann bótum, þótt hann færist undan eða neiti að taka upp starf utan heimabyggðar sinnar. Rétt þykir, að umsækjendur um bætur séu ekki beittir þvingunum eða nauðungarflutningum með hótunum um sviptingu bóta. Þá er og gert ráð fyrir, að vinnumiðlunarskrifstofur kynni sér, hvort nokkurt vanhæfi sé á þeirri vinnu, sem þær bjóða. Það vill nokkuð brenna við, að fólk fær vinnu í þeirri góðu trú, að hún sé goldin samkv. samningum og vinnutími og annað sé í samræmi við samninga. En oft vill verða misbrestur á því, og er þá oft óhægt fyrir launþegana að ná rétti sínum, sérstaklega þegar vinna er sótt til fjarlægra staða. Þetta á t. d. við ýmiss konar vinnu, t. d. við sumarhótel og skóla og alls konar rekstur, sem er stundaður utan þéttbýlis, þar sem varðstaða verkalýðsfélaganna er minni.

Ég skal nú ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, þar sem hæstv. heilbr.- og félmrh. tilkynnti hér áðan, að hann mundi á næstunni leggja fram nokkra endurskoðun á atvinnuleysistryggingal., m. a. um bótagreiðslur og ýmsar aðrar breyt. En ég vil láta þess getið, að ég mun að sjálfsögðu leggja mig í líma, að þær breytingar, sem eru í þessu frv., komist til skila í því frv., sem hæstv. heilbr.- og trmrh. kemur til með að leggja fram.

Að lokum vænti ég þess, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Lyfjastofnun ríkisins, frv. (þskj. 308). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Svo sem hv. þm. er kunnugt, liggja nú hér fyrir hv. Nd. tvö stjfrv., sem varða endurskipulagningu lyfjaverzlunar. Upphaf þeirra er að finna í málefnasamningi ríkisstj., en þar er stefnumark, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn."

Eins og fram kemur í grg. með þessum frv., skipaði ég í febrúar í fyrra 5 manna n. til að gera till. um slíka endurskipulagningu. Í þessari lyfjamálanefnd eiga sæti Almar Grímsson deildarstjóri, en hann er formaður n., Árni Einarsson framkvstj., Einar Benediktsson lyfjafræðingur, dr. Kjartan Jóhannsson verkfræðingur og Steingrímur Kristjánsson lyfsali. Lyfjamálanefnd hefur skilað áliti í formi tveggja frv. Annars vegar er það frv., sem hér er til umr., um Lyfjastofnun ríkisins, og hins vegar frv. til l. um lyfjaframleiðslu. N. starfar enn að þeim þætti lyfsölu, sem einkum snýr að almenningi, þ. e. a. s. rekstri lyfjabúða. Þess er að vænta, að leggja megi fram frv. um þann þátt á þessu þingi. En rétt er að benda á, að í fskj. með frv. til l. um lyfjaframleiðslu gerir n. grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem hún vinnur eftir í sambandi við tillögugerð um rekstur lyfjabúða. Þar kemur fram, að n. telur, að velja skuli lyfjabúðum og undirstofnunum þeirra stað í fullu samræmi við læknishéraðaskipan í landinu. Þá kemur og fram veigamikið nýmæli, sem n. hyggst leggja til, og er það stofnlána- og jöfnunarsjóður lyfjabúða. Hlutverk slíks lyfsölusjóðs skal vera: 1) Að greiða fyrir með lánum við nýstofnun og eigendaskipti, nýbúnað, breytingar og flutning lyfjabúða. 2) Að styrkja í undantekningartilvikum lyfjabúð, sem af eðlilegum orsökum skilar leyfishafa ekki lágmarkslaunum lyfsala. 3) Að annast framkvæmdir, þegar heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að leggja niður lyfjabúð. Hugmyndin er að afla tekna til þessa sjóðs með iðgjaldagreiðslum lyfjabúða.

Ég hygg, að þessi sjónarmið lyfjamálanefndar muni miða að mjög auknum tengslum við heilbrigðisþjónustuna og starfsemi sjóðs af því tagi, sem hér hefur verið greint, muni fella lyfsölueiningarnar í heildarkerfi. Væri þar um veigamikið skref til framfara að ræða, bæði hvað snertir þjónustu og ekki síður, að með því yrði smásala lyfja felld saman í mun sterkara heildarkerfi en nú er. Ég geri ráð fyrir, að um sameiginlegt sjónarmið heilbrigðisyfirvalda og lyfsala sé að ræða, og rekstur smásölu lyfja liggi ljós fyrir og sé ekki talinn sá myrkviður, sem hingað til hefur legið orð á.

Ég taldi rétt, að þessi meginsjónarmið kæmu fram hér, sem unnið mun verða eftir í sambandi við tillögugerð og endurskipulagningu þessa þáttar lyfsölu, þannig að engar getspár yrðu um þann þátt. Hann er í rauninni mjög aðgreinanlegur frá hinum tveimur, sem liggja hér fyrir í frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins og frv. til l. um lyfjaframleiðslu. Hins vegar verða þessir þættir að tengjast í skipulegu kerfi.

Svo að aftur sé vikið að þeim frv., sem hér liggja fyrir Alþ. og koma til umr., er þess að geta, að heilbr.- og trmrh. fékk dr. Kjartan Jóhannsson verkfræðing til að annast gagnasöfnun og gera skýrslu um lyfjamál. Hóf hann starf að þessu verkefni samhliða starfi lyfjamálanefndar, og liggur skýrsla hans nú á borðum hv. þm. Lyfjamálanefnd hefur haft einstaka þætti rannsókna Kjartans til stuðnings við tillögugerð sína, svo sem fram kom í skýrslu n. í nóv. s. l. Sú skýrsla var send nokkrum aðilum til kynningar, og var endanlega gengið frá frv. af hálfu rn. í samvinnu við Ólaf Ólafsson landlækni.

Svo sem ég nefndi áðan, er upphaf þeirrar endurskipulagningar, sem felst í frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins og frv. til l. um lyfjaframleiðslu, að finna í málefnasamningi ríkisstj., en að baki stefnumarkinu um að endurskipuleggja

lyfjaverzlunina liggur vilji til að koma félagslegri og nútímalegri skipan á lyfsölumál, miðað við þær skyldur og þá ábyrgð, sem ríkisvaldið hefur með höndum í þessum málaflokki. Lyf eru viðkvæmur og hættulegur varningur, og er heilbrigðisyfirvöldum skylt að vaka yfir meðferð þeirra. Lyf kostar samfélagið verulegar fjárupphæðir, bæði gegnum tryggingakerfið og notkun sjúkrahúsa á lyfjum. Í raun er ríkissjóður langstærsti greiðandinn á öllum lyfjakostnaði á Íslandi. Verzlun með lyf og meðferð lyfja almennt eru liðir í almennri heilsugæzlu og því eðlilegt, að tengsl komist á með beinni aðild ríkisins að verzlun með lyf. Lyfjafræðingar eru til þess menntaðir að annast framleiðslu lyfja, rannsóknir og eftirlit með lyfjum og gæzlu lyfjabirgða. Enn fremur er það í verkahring lyfjafræðinga að hafa eftirlit með höndum um afhendingu lyfja til almennings. Í því sambandi vil ég einmitt geta þess hér, að ég taldi mjög mikilsvert, að till., sem gerðar yrðu um endurskipulagningu lyfjaverzlunarinnar, mótuðust af þekkingu fagmanna á viðfangsefninu. Til þess að svo mætti verða, tók ég þann kost að skipa í lyfjamálanefnd 3 nm. af 5, sem væru lyfjafræðingar að mennt. Ég tel, að störf n. beri þess glöggt vitni, að þessir menn hafi gjörla þekkt verkefni sitt. Með augum leikmannsins vil ég halda því fram, að n. hafi sameinað hinar samfélagslegu og faglegu kröfur eins og bezt verður á kosið.

Ég vil þá víkja sérstaklega að frv. því, sem hér er til umr., frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins. Það frv. fjallar um fyrirkomulag innflutnings og heildsölu lyfja. Í því felst nær alger nýskipan þeirra mála, og mun ég rekja hér, í hverju sú breyting er fólgin. Nú eru talin vera 12 innflutnings- og heildsölufyrirtæki með sérlyf hér á landi. Þar að auki flytja nokkrar hinna stærri lyfjabúða allverulegt magn af sérlyfjum inn til eigin þarfa. Þeir innflytjendur, sem nú annast lyfjainnflutning, skiptast í þrjá flokka. Í fyrsta lagi eru það einkaumboðsmenn, þ. e. a. s. þeir aðilar, sem flytja einir inn eða hafa fulla yfirsýn með innflutningi ákveðins erlends umbjóðanda. Í öðru lagi má telja innflytjendur, sem flytja inn lyf frá erlendum umbjóðanda, en eru aðeins einir af mörgum innflytjendum þess umbjóðanda hérlendis. Í þriðja lagi eru það svo lyfjabúðirnar sjálfar, eins og ég nefndi áðan, þ. e. a. s. hinar stærri, sem annast verulegan innflutning til eigin þarfa. Einn mesti ókostur þessa kerfis hefur verið skortur á yfirsýn yfir þann lyfjainnflutning, sem hefur átt sér stað hingað til lands.

Ef litið er á þróun lyfjaheildsölunnar hér á landi, má segja, að hún hafi þróazt samhliða rekstri lyfjabúða á þann veg, að allt frá upphafi, þegar hér var einungis ein lyfjabúð á landinu, að Nesi við Seltjörn, þá annaðist sú lyfjabúð og þær, sem síðar komu, eigin innflutning á lyfjum. Síðan kemur að því, að einstakar lyfjabúðir mynda heildsölur, og var sú skipan mála allt til loka fjórða tugs þessarar aldar. Þá fóru að hasla sér völl ýmsir aðilar í innflutningi á lyfjum og heildsölu þeirra, og væri of langt mál að tíunda það, en eins og ég sagði áðan, eru um 12 aðilar, sem flytja inn og selja í heildsölu nú, og auk þess flytja nokkrar lyfjabúðir inn til eigin þarfa.

Hvernig er þá ástand lyfjaheildsölunnar um þessar mundir? Þetta er spurning, sem að sjálfsögðu verður að svara, þegar svo viðamiklar brtt. sem um ræðir eru til meðferðar. Í stuttu máli skal því haldið hér fram, að þeir séu sárafáir, sem taka að sér að verja ástandið í innflutningi og heildsölu lyfja hér á landi um þessar mundir. Menn kann að sjálfsögðu að greina á um leiðir til úrbóta. Það er mjög athyglisvert að sjá sem dæmi, hversu margir aðilar annast þann litla lyfjamarkað, sem er hér á landi. Á það má t. d. benda, að lyfjaheildsala í margfalt stærri löndum að íbúatölu, bæði í Danmörku og Svíþjóð, er á hendi 5 aðila í hvoru landi að langmestu leyti. Einnig má benda á fyrirkomulagið í Noregi, þar sem ríkisvaldið tók sér með lögum einkarétt á innflutningi og útflutningi og heildsölu lyfja, en þessi skipulagsbreyting í Noregi átti sér stað fyrir rúmlega 15 árum, eftir að norska Stórþingið hafði samið löggjöf um miðskipaða lyfjaheildsölu árið 1953 eða fyrir hartnær tveimur áratugum. Það þarf engan sérfræðing til þess að sjá, að hinu dreifða innflutningskerfi á lyfjum hlýtur að fylgja mjög mikil óhagkvæmni, og er þá einnig ástæða til þess að spyrja, hvort núverandi innflutningsaðilar hafi myndað með sér einhvers konar samtök til þess að auka á hagkvæmnina. Eftir því sem bezt er vitað, hefur engin slík viðleitni af hálfu lyfjainnflytjenda átt sér stað, og getur því hver maður séð, hvílík óhagkvæmni og aukakostnaður er hér með í ferðum.

Ég hygg, að lyfjadreifingin, öryggið við hana og kostnaður sé mál alls þjóðfélagsins. Þessu til stuðnings má benda á þá staðreynd, að sá aðili, sem greiðir langmestan hluta af lyfjakostnaði landsmanna, er tryggingakerfið og heilsugæzlan, þ. e. a. s. sjúkrahúsin. Af þessum sökum er augljóst, að allir liðir lyfjadreifingarinnar, hvort sem það er lyfjainnflutningur, heildsala, framleiðsla eða smásöludreifing, eru tengdir heilbrigðisþjónustunni, og er afar nauðsynlegt, að þeir séu undir öflugu eftirliti hjá heilbrigðisyfirvöldum. Þetta er hreint heilbrigðis- og öryggissjónarmið. Ríkisvaldið hefur verið aðili að innflutningi, heildsölu og framleiðslu lyfja um áratugaskeið. Lyfjaverzlun ríkisins hefur verið rekin í tengslum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, hefur sameiginlegt skrifstofuhald, en aðskilinn fjárhag frá Áfengisverzluninni. Löggjöfin hefur lagt því fyrirtæki þá skyldu á herðar að útvega lyf, sáraumbúðir og hjúkrunargögn fyrir ríki og ríkisstofnanir, þó ekki til endursölu einstaklingum, ennfremur fyrir lækna og dýralækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, svo og fyrir sjúkrahús. Enn fremur er Lyfjaverzlun ríkisins skylt að útvega hvers konar efni til ónæmisaðgerða. Þá fer Lyfjaverzlun ríkisins með einkaréttindi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, að því er varðar verzlun með vínanda til lyfja og vínandalyf. Verksvið Lyfjaverzlunar ríkisins hefur þannig verið fyrst og fremst sniðið að þörfum sjúkrahúsa, bæði sjúkrahúsa ríkisins og annarra sjúkrastofnana. Þá hefur Lyfjaverzlun ríkisins verið nánast eini

aðilinn, sem annazt hefur heildsölu á hráefnum til lyfjagerðar svo að einhverju magni nemi.

Það er ekki aðeins sjónarmið hagræðingarinnar, eins og áður er getið, sem lögð skulu til grundvallar við uppbyggingu nýs kerfis. Minnzt hefur verið á það sjónarmið, að þjóðfélagið eða réttara sagt tryggingakerfi þess sé stærsti lyfjakaupandinn. Þá verður að geta mjög mikilvægs atriðis, sem er öryggissjónarmiðið. Á það hefur verið lögð áherzla af hálfu þeirrar nefndar, sem samdi meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, að tryggja beri lyfjabirgðir í landinu á hverjum tíma, eins og bezt verður á kosið. Nefndin hefur m. a. bent á, að nauðsynlegt kynni að verða að koma öryggisbirgðum lyfja fyrir utan Reykjavíkur, t. d. á Akureyri eða á öðrum hentugum stað eða stöðum. Þarna er í raun um almannavarnasjónarmið að ræða, og að sjálfsögðu mun þetta verða til aukins kostnaðar. En þetta er þó mjög mikilvægt, þegar haft er í huga, hvers konar aðstæður geta komið upp, bæði að lyfjabirgðir eyðileggist og einangrist frá stórum hluta þjóðarinnar.

Þá vil ég telja fram hin faglegu sjónarmið, sem lyfjaflutnings- og heildsölukerfið ættu að þjóna. Þar má t. d. nefna upplýsingaskyldu gagnvart yfirvöldum um lyfjanotkun og þá ekki sízt notkun ávana- og fíknilyfja hér á landi. Þetta er stjórnunarlegt atriði, sem verður mjög einfalt í framkvæmd með miðskipaðri lyfjaheildsölu. Þá er einnig það sjónarmið, að innflutningur á lyfjum frá útlöndum, eigi að greiða að einhverju leyti uppbyggingu lyfjaframleiðslu innanlands, og má telja það mjög eðlilega ráðstöfun út frá því sjónarmiði, að Ísland sem smáþjóð sé miklu meiri hætta búin í samkeppni við erlenda framleiðslu en öðrum þjóðum.

Þau sjónarmið, sem ég hef hér í stuttu máli reifað, liggja til grundvallar því frv., sem hér er til umr. um Lyfjastofnun ríkisins. Mun ég nú leitast við að skýra að nokkru þau ákvæði, sem frv. hefur að geyma.

Gert er ráð fyrir, að Lyfjastofnun ríkisins sé ríkisstofnun með sjálfstæðum fjárhag og reikningshald og lúti sérstakri stjórn undir yfirstjórn heilbrrh. Stjórn stofnunarinnar á samkv. 11. gr. frv. að vera skipuð 5 mönnum til þriggja ára í senn, þar á að vera einn starfandi lyfsali samkv. tilnefningu Apótekarafélags Íslands, einn starfandi læknir samkv. tilnefningu Læknafélags Íslands, einn fulltrúi samkv. tilnefningu fjmrn. og tveir fulltrúar án tilnefningar, og skal annar þeirra vera lyfjafræðingur að mennt. Skipun stjórnar stofnunarinnar ætti að tryggja bæði fagleg sjónarmið, sjónarmið ríkisvaldsins og ekki síst sjónarmið þeirra aðila, sem mest skipti eiga við þessa grein, sem eru lyfsalar og læknar. Þannig er gert ráð fyrir því í þessu frv., að samtök lyfsala og lækna tilnefni fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, og ættu með því að fást bæði tengsl milli þessarar starfsgreinar og stofnunarinnar og ekki síður aðhald frá þeim um stjórn og framkvæmdir þess málaflokks, sem stofnuninni er ætlað að annast.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að Lyfjastofnun ríkisins hafi einkarétt á Íslandi til að selja sérlyf, bóluefni og ónæmisefni í heildsölu, að flytja inn og út og selja í heildsölu hráefni til lyfjagerðar, að flytja inn og út og selja í heildsölu lyf samkv. löggiltri lyfjaskrá, lyfsalasöfnum og forskriftum. Frv. gerir ráð fyrir, að heilbrn. sé heimilt að veita einstakar undanþágur frá einkaréttinum að fengnum till. stjórnar stofnunarinnar. Undanþáguákvæði getur átt við ýmiss konar tilvik. Og þá er þess helzt að geta hér, að eðlileg ráðstöfun má teljast að veita öðrum ríkisstofnunum, þ. e. a. s. rannsóknastofnunum á vegum háskólans eða sjálfstæðum rannsóknastofnunum á vegum ríkisins, undanþágu til að flytja inn til eigin rannsókna og í sérstökum tilvikum lyf eða hráefni til lyfjagerðar. Ég vil taka það fram hér, að ég mun flytja brtt., sem mundi lögfesta rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum til framleiðslu innflutnings og sölu á eigin framleiðslu undir umsjón dýrayfirlæknis, enda sé það háð almennu lyfjaeftirliti.

Auk þeirra atriða, sem einkaréttur stofnunarinnar mundi ná til, er henni ætlað að flytja inn t. d. eiturefni og hættuleg efni, hjúkrunar- og sjúkragögn og aðrar skyldar vörur, sem lyfjabúðir og sjúkrahús selja og nota. Stofnuninni er einnig ætlað að vinna með stöðugum athugunum gegn hvers konar óhóflegri notkun lyfja og stuðla að hagsýni í lyfjanotkun meðal almennings og á sjúkrahúsum. Henni er og gert að vinna úr og safna upplýsingum um lyfjanotkun í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Með þessu ákvæði um athuganir á lyfjanotkun og stuðlun að hagsýni í henni meðal almennings og á sjúkrahúsum felst mjög yfirgripsmikil og veigamikil skylda. Þessi starfsemi Lyfjastofnunarinnar mun að sjálfsögðu kosta nokkra fjármuni. En mjög eðlilegt er, að einmitt það fé, sem þetta kostar, komi frá sjálfri lyfjadreifingunni í landinu. Þá verður það að teljast mjög athyglisvert framfaraspor, að þeim aðila, sem annast lyfjainnflutning og lyfjaheildsölu, séu settar þær skyldur á herðar að veita gagnlegar upplýsingar um lyf og vara við hættum af þeim.

Með frv. er gert ráð fyrir, að umboðsmannakerfinu verði haldið áfram. Er jafnvel gert ráð fyrir því, að umboðsmaður erlends sérlyfjaframleiðanda geti flutt inn sérlyf umbjóðanda síns, enda uppfylli hann kröfur um geymslu lyfja, eins og þær eru á hverjum tíma, þ. e. a. s. hann er einnig háður almennu lyfjaeftirliti. Þess skal þó getið og það skýrt tekið fram, að stofnuninni sem slíkri er ætlað að halda innlendri heildsöluálagningu óskertri. Ef innflutningur fer fram í gegnum umboðsmann, er ætlað, að Lyfjastofnunin kaupi birgðir af honum gegn staðgreiðslu á kostnaðarverði, þar sem með eru talin umboðslaunin. Það getur verið mikið matsatriði, hvort umboðsmenn eigi rétt á sér í einkasölukerfi, en að mati fróðra manna er það nauðsynlegt í þessu tilviki, þar sem lyfjaaðföng byggjast oft á skjótum viðbrögðum. Umboðsmenn geta verið hentugir aðilar til fyrirgreiðslu í slíkum tilvikum. Þá eru og verkefni umboðsmanna að vera hér á landi í forsvari fyrir umbjóðendur sína í sambandi við málefni sérlyfjaskráningar og allt, er að því lýtur. Innkaupsverð á sérlyfjum er liður í mati lyfjaskrárnefndar á sérlyfjaumsóknum. N. getur

t. d. lagt til, að umsókn verði hafnað, ef verð þykir of hátt. Til viðmiðunar í þessu tilviki er að sjálfsögðu ekki annað en verð á markaði erlendis, og er í sjálfu sér ekki flókin aðgerð að fylgjast með því á hverjum tíma, því að flest sérlyf hér á landi eru skrásett í nálægum löndum og viðmiðun því einföld. Öðru máli gegnir um öflun hráefna. Þar er um að ræða frjálsan markað og er verð á erlendum mörkuðum mjög háð magninnkaupum. Nú er staðreyndin sú, að innflutningur á hráefnum til landsins hefur verið mjög dreifður, þannig að hver innflytjandi, smár eða stór, á mælikvarða, sem við höfum, hefur annazt sinn eigin innflutning frá aðila erlendis, sem oftast er heildsöluaðili, og liggur þannig í hlutarins eðli, að verð á því hráefni, sem hingað hefur komið, hefur oft verið óhóflegt. Með miðskipuðum innflutningi á hráefnum er um beinan hag að ræða, þannig að öll innkaup verða gerð í einu lagi og ákvæði um rannsóknir á aðkeyptum hráefnum þurfa einungis að uppfyllast á einu stóru vörumagni í staðinn fyrir fjölda rannsókna á dreifðum innflutningi. Hér er um mjög mikið hagkvæmnisatriði að ræða og því rétt að taka það sérstaklega fram hér.

Til að undirstrika þá faglegu stöðu, sem Lyfjastofnun ríkisins er ætlað, skal bent á ákvæði í frv., þar sem segir, að stofnunin skuli stuðla með fjárframlögum í mennta- og rannsóknarskyni, að framförum í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum. Þetta atriði minntist ég á hér áðan, en í frv. er gert ráð fyrir, að þróunar- og vísindasjóður stofnunarinnar veiti sérstakar fjárupphæðir í þessu skyni. Að öðru leyti er greindur þróunar- og vísindasjóður varasjóður stofnunarinnar og til þess að þróa hana sjálfa og byggja hana upp með tíð og tíma.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir, að hin nýja stofnun taki við eignum og skuldum Lyfjaverzlunar ríkisins. Hins vegar er ekki um að ræða, að ríkissjóður láti af hendi óafturkræft framlag til hennar. Í 17. gr. frv. er ákvæði um 25 millj. kr. framlag, sem endurgreiðist með jöfnum ársgreiðslum á 5 árum. Auk þess er gert ráð fyrir ríkisábyrgð á lánum, allt að 100 millj. kr.

Heildarinnflutningur á tilbúnum lyfjum og vörum til lækninga er áætlaður 222.6 millj. kr. á cif-verði á árinu 1971. Árleg aukning þessa innflutnings á undanförnum árum hefur numið að meðaltali um 13%, þegar leiðrétt hefur verið fyrir gengisbreytingu. Samkv. því er þessi innflutningur áætlaður um 255 millj. kr. á árinu 1972. Í þessum tölum er ekki meðtalinn innflutningur ýmissa hráefna til lyfjagerðar. Heildarverðmæti innflutnings reiknað á verðlagi þessa árs hefur vaxið úr 56.5 millj. kr. á árinu 1965 í 222.6 millj. kr. á árinu 1972, og árleg meðalaukning er því 13% á ári, eins og ég gat um áðan. Innflutningsaukningin er þannig 14.4% á árinu 1966, 12.8% á árinu 1967, 14.1% á árinu 1968, 26.7% á árinu 1970 og 12% á árinu 1971. Hins vegar varð minnkun á árinu 1969 um 1%. Hin mikla aukning á árinu 1970 á vafalaust rót sína að rekja til birgðaminnkunar árið áður, sbr. samdrátt innflutningsins á því ári. Samkv. þessu mætti áætla innflutning næstu ára þannig, að því er varðar cif-verðmæti í millj. kr.: árið 1972 255 millj., árið 1973 286 millj., árið 1974 324 millj. og árið 1975 366 millj. Mestur hluti lyfjainnflutningsins hefur komið frá Bretlandi og Danmörku. Árið 1970 voru 58% af öllum innfluttum vörum samkv. 30. tollflokki til lækninga flutt inn einmitt frá þessum tveimur löndum, Bretlandi 30% og Danmörku 28%. Þrjú önnur lönd, Vestur-Þýzkaland, Sviss og Holland, seldu samtals 31% af lækningavörum, sem fluttar voru til Íslands, þannig að 89% af vörunum voru fluttar inn frá 5 af þeim ca. 20 löndum, sem flutt var frá árið 1970. Árið 1965 voru flutt frá þessum 5 löndum 81% cif-verði innfluttra lækningavara, og hafa hlutföllin breytzt lítið síðan. Nokkrar breytingar hafa orðið á innflutningi frá öðrum löndum, en fáar verulegar, enda hefur í fæstum tilvikum verið um svo mikinn innflutning að ræða, að máli skipti. Undantekning er þó innflutningur frá Bandaríkjunum. Þaðan voru flutt 14% af vörum til lækninga árið 1965, en ekki nema 4% árið 1970.

Við ríkjandi skipulag á að heita frjáls samkeppni milli heildsölufyrirtækja um lyfjainnflutning og lyfjaheildsölu. Rúmur tugur heildsölufyrirtækja skiptir markaðinum á milli sín, eins og ég gat um í upphafi. Eitt þessara fyrirtækja er rekið af ríkinu, Lyfjaverzlun ríkisins, og starfar hún í samkeppni við heildsölur einkaaðila. Löggjafinn hefur lagt þessu fyrirtæki ríkisins vissar skyldur á herðar umfram önnur fyrirtæki í greininni. Þannig ber lyfjaverzluninni að útvega lyf, efni til ónæmisaðgerða og hjúkrunargögn fyrir ríkið og ríkisstofnanir, svo og lækna og dýralækna, sem rétt hafa til lyfjasölu. Hins vegar ber þessum aðilum engin skylda til þess að skipta við Lyfjaverzlunina nema varðandi spírituslyf, en á þeim hefur Lyfjaverzlunin einkasölu. Í reynd hefur lyfjaverzlunin ekki haldið fram viðskiptum við sig og ekki leitazt við að halda í eða auka markaðshluta sinn. Verulegur hluti lyfjakaupa sjúkrahúsanna er því frá öðrum heildsölum. Með skyldu Lyfjaverzlunarinnar til þess að útvega lyf er því boðið heim, að hún sé látin ein um óarðbærari hluta lyfjasölunnar. Bendir ýmislegt til þess, að þessi hafi orðið þróunin, en heildsölur einkaaðila hafi náð stærri hlutdeild í þeim lyfjum, sem arðbærari eru í sölu.

Viss miðskipun lyfjainnflutnings verður að teljast óhjákvæmileg vegna smæðar þjóðfélagsins, þar eð ýmsir viðskiptaaðilar eru mjög tregir til að afgreiða mjög litlar vörusendingar. Hefur Lyfjaverzlunin í reynd gegnt þessu hlutverki óhjákvæmilegrar miðskipunar.

Þegar skoða á skipulagsform lyfjaheildsölu verður að hafa í huga þau almennu sjónarmið, sem stefna á að. Þrenns konar sjónarmið verður að hafa að leiðarljósi: þjónustusjónarmið, öryggissjónarmið og hagkvæmnisatriði. Þjónustan verður að vera af því tagi, að jafnan sé tryggt, eftir því sem unnt er, að lyfjagjöf sé sem réttust með tilliti til þess, hvað við á í hverju tilviki. Að þessu markmiði verður helzt unnið með öflugu rannsókna- og fræðslustarfi. Þannig verður að sjá læknum fyrir sem raunbeztum

upplýsingum um lyfin og eiginleika þeirra og auðvelda læknunum að tileinka sér síbreytta og vaxandi þekkingu í þessum efnum með öflugu upplýsinga- og fræðslustarfi. Öryggissjónarmið varðar bæði hindrun rangrar lyfjagjafar eða notkun ónýtra lyfja, svo og að ævinlega séu fyrir hendi nægilegar birgðir hvers konar lyfja, jafnt til venjulegrar notkunar sem við náttúruhamfarir, styrjaldarástand, farsóttir eða aðra óáran. Hagkvæmnissjónarmið varða annars vegar kostnað af innkaupum og dreifingu lyfjanna og hins vegar tilstuðlan þess, að ódýrari lyf séu notuð frekar en dýr að öðru jöfnu, ef vænta má sama árangurs. Séu þessi þrjú sjónarmið, sem fela í sér markmiðsatriði lyfjasölunnar, skoðuð og litið annar vegar á núverandi skipan og hins vegar miðskipan í formi einkasölu, kemur í ljós, að einkasala fellur að ýmsu leyti betur að þessum markmiðum, eins og hér verður nánar rakið.

Við umr. um miðskipun er oft á það bent, að frjáls samkeppni margra aðila geti tryggt lægra verðlag og hærra þjónustustig. Með þjónustustigi er þá m. a. átt við, að ávallt séu nægar birgðir af vörunni, þannig að hún sé ætið á boðstólum. Áður hefur verið vikið að því, að við núverandi fyrirkomulag hafi verið brögð að skorti á vissum lyfjum, og er því ekki unnt að telja, að hin frjálsa samkeppni hafi stuðlað að góðri þjónustu. Augljóst er, að þegar margir aðilar flytja inn sama lyf, skortir yfirsýn yfir það birgðamagn, sem fyrir hendi er. Við einkasölufyrirkomulag yrði yfirsýn betri og aukast mundi öryggi fyrir því, að nægar birgðir séu haldnar. Jafnframt yrði auðleyst að koma upp öryggisbirgðum í hinum ýmsu landshlutum. Áhrif samkeppni á verðlag er erfiðara að meta til nokkurrar hlítar, en þó virðist ekki nema í undantekningartilvikum hafa verið verðsamkeppni í þessari grein, heldur hafi verðbandalag verið tíðara. Þó eru dæmi þess, að lyfjaskrá ríkisins hafi tekizt að ná mjög verulegri verðlækkun á innfluttum lyfjategundum með því að ota saman erlendum framleiðsluaðilum. Þessi þáttur verðsamkeppni mundi haldast, þótt um einkasölu væri að ræða, og er reyndar líklegt, að hann yrði öllu auðveldari við það form en núverandi skipan. Með einkasölu er enn fremur stóraukinn möguleiki á magnafslætti við innkaup. Lyfjaheildsalar og umboðsmenn dreifa upplýsingum og auglýsingum um lyf sín til lækna, en læknarnir ráða í reynd eftirspurninni. Mörgum hefur verið það áhyggjuefni, að þessi sölustarfsemi miðast ekki nægilega vel við að veita læknum sem staðbeztar upplýsingar um verð og eiginleika lyfjanna, heldur stefndi frekar að aukinni sölu vörunnar eða ágóða. Óhætt mun að fullyrða, að ótti við áhrif af þessu tagi hafi ýtt undir þær breytingar, sem hafa verið gerðar í lyfsölumálum í Noregi og Svíþjóð. Einkasalan auðveldar yfirsýn yfir lyfjanotkun og eftirlit með sölustarfsemi. Félagslegri einkasölu má gera að skyldu að leggja fé til fræðslustarfsemi, og ætti það raunar að vera ein af skyldum hennar. Einkasala í höndum opinberra aðila yrði ekki rekin með ágóða eða sölumarkmið í huga og mundi því eiga auðveldara með að beita sér fyrir óhlutdrægu upplýsinga- og sölustarfi.

Að því er varðar upplýsingamiðlun til lækna og skort á vissum lyfjategundum er athyglisvert, að þjónustuskortur á þessu sviði kemur ekki eins glöggt fram og á ýmsum öðrum sviðum, svo sem í almennri verzlun, því að þessi atriði snúa ekki beint að almenningi og áhrifin eru komin undir viðbrögðum lyfsala og lækna.

Ég hef nú reynt að rekja allítarlega stöðu innflutnings og heildsölu lyfja og þær till. til úrbóta, sem hér liggja fyrir í frv.-formi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú gert allítarlega grein fyrir því frv., sem hér er á dagskrá, frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, og einnig vikið nokkuð að efni síðara frv., sem er á dagskránni, en fyrst og fremst hinu fyrra. Ég ætla mér ekki að fella neina dóma um þetta frv. á þessu stigi málsins. Það er að vísu svo, að sumir láta mikið af því, að það sé nauðsynlegt að fjölga stofnunum ríkisins, og það á að vera af einhverjum félagslegum ástæðum. Forsendurnar eru oftast nær þær, að þeir, sem að þessu standa, séu miklu betur hugsandi en aðrir menn í þjóðfélaginu og beri hag almennings og samfélagsins meir fyrir brjósti og þess vegna þurfi að auka ríkisafskiptin. Við höfum mýmörg dæmi þess, að reynsla, sem við höfum í þeim efnum, stefni í neikvæða átt, sé oft neikvæð, og því er það eðlilegt, að menn hafi margir hverjir fyrir fram nokkurn ímugust á því, þegar slík mál eru flutt.

Það á að vera eitt stefnuskráratriði Ólafskvers að setja slíka stofnun á laggirnar. Það mælir út af fyrir sig ekki með frv., þó að það sé í samræmi við stefnuskrá núv. ríkisstj., en þar er mjög mikið gumað af því, eins og kunnugt er, að ríkisstj. vilji starfa á félagslegum grundvelli til hagsbóta fyrir allan almenning í þjóðfélaginu.

Um mál eins og þessi, sem hafa nokkuð sérstæðan aðdraganda og undirbúning, er það í raun og veru svo, að það eru fyrst og fremst þær n., sem málin fá til meðferðar, sem hafa aðstöðu til að vinna að þeim og kynna sér bæði af efni frv. sjálfra og einnig af umsögnum annarra, sem málunum eru kunnugir, hvað kunni að vera til bóta og hvað ekki.

Ég vil ekki við þessa 1. umr. láta undir höfuð leggjast að gera grein fyrir því, að mér hefur borizt sem formanni þingflokks Sjálfstfl. bréf frá Félagi ísl. stórkaupmanna, sem snertir aðallega Lyfjastofnun ríkisins, og er að finna í því og fskj. með því ýmsar aths. við þau frv., sem hér er um að ræða. Félag ísl. stórkaupmanna segir um frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins í ályktun, sem þar var gerð 24. febr., eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Félags ísl. stórkaupmanna 1973 mótmælir eindregið frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, sem lagt hefur verið fram á Alþ., og bendir á, að auk þess að vera beint kostnaðaraukandi fyrir hina almennu skattborgara, leysir

frv. engin vandamál, sem ekki má ráða bót á með einfaldari og ódýrari hætti. Jafnframt ítelur fundurinn mjög þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru við undirbúning þessa frv., þar sem ríkisvaldið hafnaði þáttöku þeirra aðila í undirbúningsnefnd, sem mesta reynslu og þekkingu hafa á lyfjainnflutningi og lyfjaheildverzlun."

Ef hér er rétt með farið, er í sjálfu sér ekki á að lítast að öllu leyti og ber að gjalda varhug við ýmsu, sem hér er fram sett. En eins og ég sagði áðan, er það fyrst og fremst verkefni þeirra n., sem fær málið til meðferðar, að kryfja til mergjar þau atriði, sem sett eru fram í frv. og deilt er á í þessari ályktun, sem ég nú hef lesið.

Með þessu bréfi Félags ísl. stórkaupmanna fylgdi einnig álit svokallaðs lyfjavöruhóps félagsins á frv., en í hópnum eru starfandi 10 lyfjaheildsalar. Ég hef ekki nema að litlu leyti kynnt mér þetta álit, en skýrsla lyfjavöruhóps Félags ísl. stórkaupmanna (FÍS) byrjar á aths. við álit lyfjamálanefndar, og þær eru 4 tölul. Þeir hefjast með þessum orðum. 1. liðurinn: „Það er rangt." 2. liðurinn: „Það er rangt í flestum tilfellum." 3. liðurinn: „Það er rangt." 4. liðurinn: „Það eru bein ósannindi."

Nú vil ég aðeins tilfæra þessa liði til áréttingar, en í 1. lið segir, að það sé rangt, að 15 lyfjaheildsölur stundi innflutning. Lyfjaheildsala mætti kalla 10, af þeim hafa 5 nær 80% alls lyfjainnflutnings, en 11 lyfjabúðir stunda innflutning, þar af 7 í verulegum mæli.

Í 2. tölul. segir: „Það er rangt, að í flestum tilfellum séu fleiri en einn innflytjandi frá hverjum framleiðanda, en hins vegar er rétt, að tilfellin eru of mörg, enda þótt það væri ekki nema eitt."

Í 3. tölulið segir: „Það er rangt, að lyfjaheildverzlanir innan lyfjavöruhóps FÍS hafi ekkert samstarf, og hefur það reyndar verið vaxandi s. l. ár, þ. e. um þau atriði, sem ekki varða beina samkeppni."

Og í 4. tölulið segir: „Það eru bein ósannindi, að ekki sé um samkeppni að ræða innan lyfjaheildverzlunarinnar, enda einum nm. í lyfjamálanefnd fullkunnugt um það, sem og full viðurkenning þess, hvað verðsamkeppni varðar, er í 28. gr. núv. reglugerðar um lyfjaheildverzlun."

Í lok þessarar skýrslu lyfjavöruhópsins er hins vegar viðurkennt, að það sé margt, sem þurfi endurbóta á sviði þessara mála. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Lyfjavöruhópur FÍS telur, að auk þessa," — sem þeir hafa talið upp og tíundað og ég fer ekki meira út í að þessu sinni en nú þegar hefur verið gert, — „séu margir liðir Lyfjaverzlunarinnar, sem enn mætti og þyrfti að athuga, og bendir á, að miklu meira máli skipti, að heildarendurskoðun lyfsölu- og lyfjamála sé framkvæmd og raunverulegar úrbótatill. lagðar fram, því að mál er, að núverandi skipulagsleysi linni, en ekki skiptir máli, hvort slíkar heildartill. koma fram nokkrum mánuðum fyrr eða seinna, innan hóflegs tíma þó."

Hér er viðurkennt, að þörf sé á endurskoðun þessara mála, og í því felst jafnframt viðurkenning á, að málið sé tímabært, en hins vegar, eins og ég sagði, eru ýmsar efasemdir settar fram. Ég efast ekki um, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái tækifæri til þess að kynna sér bæði afstöðu Félags ísl. stórkaupmanna, sem ég vitnaði til í upphafi, og einnig skýrslu lyfjavöruhóps FÍS.

Eins og ég sagði áðan, skortir mig þekkingu til að kveða upp úr um ágæti eða vankanta á þessu frv., en ég vildi við 1. umr. þess hafa þá fyrirvara, sem ég nú hef gert, til þess að vekja athygli þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, á því, að það mun vissulega vera full ástæða til vandlegrar íhugunar á málinu og samráðs við þá aðila, sem telja sig hafa verið sniðgengna við undirbúning frv., eins og ég vék að áðan.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið, en tel eðlilegt, að það gangi sína leið og fái ítarlega meðfefrð í þeirri n., sem lagt er til, að málið fái til meðferðar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins og er það nú til umr., en enn fremur er á dagskrá frv. til l. um lyfjaframleiðslu, og mun ég taka þann kostinn að ræða þessi frv. bæði samtímis, eins og hæstv. ráðh. gerði reyndar að nokkru leyti.

Þessi frv. snerta lyfjaverzlun og lyfjaframleiðslu og gera bæði ráð fyrir afskiptum ríkisvaldsins. Annars vegar er um að ræða stofnun á vegum ríkisins, en hins vegar fyrirtæki með eignaraðild ríkisins. Ég hef gert mér nokkurt far um að kynna mér þessi frv. og vil lýsa því yfir strax, að ég legg þann dóm á þessi frv., að ég er þeim andsnúinn.

Það þarf fæstum að koma í sjálfu sér á óvart, þó að ég lýsi andstöðu minni við frv., þar sem gerðar eru till. um svo mikilvæg eða veruleg ríkisafskipti sem einkasölu, vegna þess að í „prinsipinu" a. m. k. stríða slíkar till. gegn skoðunum mínum á hlutverki ríkisvaldsins. Ég tel enn fremur, að ástand þeirra mála, sem þessi ákveðnu frv. fjalla um, sé ekki með þeim hætti, að það kalli á þá tilhögun, sem hér er lagt til.

Nú skal ég taka fram, að það er að sjálfsögðu ekki trúaratriði af minni hálfu, að ríkisvaldið megi hvergi nálægt slíkum hlutum koma, enda geta þjóðfélagsaðstæður, kringumstæður eða aðrar ástæður gert það óhjákvæmilegt, að ríkið grípi í taumana og mæti þeim kröfum, sem gerðar eru. En það er pólitísk skoðun mín, að slík afskipti eigi aðeins rétt á sér, þegar í hreint óefni er komið eða þegar einstaklingum eða samtökum reynist ekki kleift að valda viðkomandi verkefnum. Ég held því fram, að ríkisrekstur sem þessi kalli á aukna skatta og hærri fjárlög. Það leiðir til burókratískra vinnubragða og óarðbærs rekstrar og skapar allajafna ekki þá þjónustu eða hagræðingu, sem tiltölulega frjálst eða eftirlitsbundið ástand getur gert.

Nú er mér ljóst, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., sem hefur forgöngu um flutning þessara mála, er á öndverðri pólitískri skoðun við mig í þessum atriðum og telur sjálfsagt æskilegast, að verzlun og þjónusta á þessum vettvangi sem öðrum sé nánast þjóðnýtt og ríkisrekin. Ég

geri ráð fyrir því, að þessi grundvallarágreiningur breytist ekki við langar umr. um þessi mál. Vitaskuld virði ég sjónarmið hans og annarra sem slík og geri ekki kröfu til þess, að menn lúti mínum skoðunum sem endanlegum og algildum. Ef það er skoðun meiri hl. þess þings, sem nú situr, að teygja skuli sig enn lengra í átt til slíkra ríkisafskipta og stofna til slíkra ríkisstofnana, mun ég að sjálfsögðu sætta mig við það ástand, meðan það varir.

En ég vildi spyrja í fullri hreinskilni: Finnst nú ekki ýmsum þm. stjórnarliðsins nóg komið að þeirri einstefnu í ríkiskassann, sem ríkt hefur undanfarin 2 ár og jafnvel lengur? Vilja þm. ekki flýta sér hægt í samþykkt enn einnar ríkisstofnunar, sem krefst að sjálfsögðu fjárveitinga í stofnkostnað og rekstur, ráðningar starfsmanna, kaupa á tækjum og aðstöðu fleiri starfsmanna og aukinna útgjalda? Og ég spyr, er reynsla af ríkisreknum þjónustufyrirtækjum svo glæsileg eða svo eftirsóknarverð, að nú sé ástæða til að hlaupa til og hefja starfrækslu eins fyrirtækisins enn? Ég tala nú ekki um það, sem er að sjálfsögðu aðalatriðið í þessu máli, þegar og ef unnt er að koma þeim málum, sem til meðferðar eru, í skaplegra og viðunandi horf án stofnunar og rekstrar nýrrar opinberrar stofnunar.

Ég vek athygli á því, að samkv. frv. til l. um lyfjaframleiðslu á ríkið að leggja fram helming hlutafjár og taka að helmingshluta þátt í rekstrarkostnaði. Jafnvel þótt væntanlega sé gert ráð fyrir, að fyrirtækið sé rekið á þeim grundvelli, að það standi undir rekstrinum sjálft, verður stofnkostnaður að sjálfsögðu verulegur, sennilega nokkrir tugir millj. kr. Í frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins er beinlínis gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 25 millj. kr. framlag ásamt lánsábyrgð ríkissjóðs allt að 100 millj. kr., og er með þessu ekki öll sagan sögð.

Andstaða mín gegn þessum frv. stafar ekki eingöngu af pólitískum ástæðum, ekki einfaldlega því, að ég tilheyri stjórnarandstöðu, sem er treg til að gangast inn á aukinn ríkisrekstur af pólitískum og fjárhagslegum ástæðum. Hún byggist og á þeim ástæðum, að ríkjandi aðstæður í lyfjaverzluninni eru á engan hátt á þann veg, að þær geri óumflýjanlegt, að þessi frv. verði samþykkt. Ég tel eðlilegt, að þau sjónarmið komi hér fram, þar sem bent er á röksemdir, sem mæla gegn samþykkt þessara frv., strax við 1. umr. þessara mála, svo að þm. sé ljóst, hvaða aths. eru gerðar við þessi frv., og verður að sjálfsögðu ekki um að ræða tæmandi upptalningu á því. En menn verða síðan að vega og meta þær röksemdir, sem fram koma með og móti, og gera upp við sig, hvort tilefni sé til svo róttækra breytinga sem hér er gert ráð fyrir.

Það hefur lengi verið á stefnuskrá Alþb., að þjóðnýta beri lyfsöluna í landinu, og í blaðinu Alþýðubandalaginu, sem gefið var út eftir síðustu alþingiskosningar, 1971, áður en ríkisstjórnin hafði gengið frá sínum málefnasamningi, var talið upp, hvaða vinstri stjórn ætti að gera til að gerbreyta stjórn landsins og hvað væri fólgið í kröfunni um róttæka vinstri stefnu. Í 11. lið þessarar upptalningar í blaðinu Alþýðubandalaginu segir, með leyfi forseta:

„Lyfsala verði þjóðnýtt og tengd heilbrigðiskerfinu. Framkvæmd verði endurskipulagning á ýmsum þáttum innflutningsins."

Þetta ákvæði eins og flest, ef ekki allt annað, sem Alþb. setti fram sem kröfur af sinni hálfu, var tekið inn í málefnasamning ríkisstj. og hljóðar svo, með leyfi forseta og í höfundanafni í málefnasamningnum:

„Að endurskipuleggja lyfjaverzlunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn."

Svo var hafizt handa. Í ágripi að sköpunarsögunni, sem svo er kölluð í þessari grg., segir, að skipuð hafi verið n. af hæstv. heilbr.- og trmrh., nefnd, sem nefnist lyfjamálanefnd, og gerðist það 3. febr. 1972, og átti hún að gera till. á grundvelli stefnumarks ríkisstj. Í þessari sköpunarsögu er síðan rakin stutt forsaga núv. ástands lyfjaframleiðslu og gerðar ýmsar aths. Og nú liggja þessi tvö frv. hér fyrir.

Ef við lítum á lyfjaframleiðsluna fyrst, þá hefur það orðið niðurstaða n. og ýmissa annarra aðila, — ég vek athygli á því, — að nýskipan í lyfjaframleiðslu gæti haft ýmsa kosti með tilliti til núverandi ástands. Upplýst er í nál., að a. m. k. 10 aðilar stundi nú lyfjaframleiðslu, og er talið, að ýmsu sé ábótavant varðandi lyfjaeftirlit og gæðamat, framleiðsluhættir séu mismunandi og rannsóknastarfsemi sé af skornum skammti. Nú er þess að geta og því til að svara, að fullkomin rannsóknastarfsemi mun nú þegar vera fyrir hendi í einu stærsta fyrirtækinu á þessum vettvangi, Pharmaco h/f. Þess má líka geta, að með auknum styrk þessa fyrirtækis og Lyfjaverzlunar ríkisins, sem er að sjálfsögðu mjög stór aðili á þessum vettvangi, hafa mál smám saman þróazt í átt til þessarar nýskipunar, sem þarna er um að ræða. Nú má vel viðurkenna, að það hafi vissa kosti í för með sér, ef framleiðendur geta keypt hráefni inn í stærri skömmtum, og sjálfsagt er auðveldara að fylgjast með gæðum og framleiðsluháttum, ef sú framleiðsla er á einum stað. En þessu er líka til að svara á þann hátt, að það hefur ekki haft nein áhrif á verð eða framboð lyfja, hvort hráefni eru keypt inn í stórum eða smáum skömmtum, og getur væntanlega haft óveruleg áhrif á verð vegna verðlagsákvæða og annarra reglugerðarákvæða, eins og nú er háttað. Ég vek líka athygli á því, að varðandi eftirlitið er nú þegar starfandi eftirlit með sérlyfjum og enn fremur er starfandi sérstakur eftirlitsmaður með lyfjabúðum, og að mínu áliti væri það fyrirhafnarminnst að gera það eftirlit bæði raunhæfara og sterkara en nú er. Lyfjaframleiðslan fer fram á tiltölulega fáum stöðum, og lyf eru seld til tiltölulega fárra aðila. Oftast er það jafnvel svo, að það eru apótekin sjálf, sem framleiða til sölu, og það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., að sú framleiðsla verði bönnuð eða leggist niður. Lyfjaeftirlit, gæðamat og hagkvæmni í rekstri knýja því jafnt á, enda þótt nýtt fyrirtæki verði stofnað. Hitt er rétt, að þegar á fót er sett öflugt og fjársterkt framleiðslufyrirtæki í skjóli ríkisvaldsins og með eignaraðild þess, þá má gera ráð fyrir því, að önnur fyrirtæki

eigi erfitt uppdráttar í slíkri samkeppni, eins og reynslan sýnir okkur á öðrum sviðum. Og það er raunar markmið þessa frv., enda segir í grg. á bls. 7: „Á hinn bóginn fullnægja flestar lyfjagerðir, sem nú eru starfræktar, ekki þeim kröfum, er gera verður, og mundu hætta starfrækslu í samkeppni við öflugri fyrirtæki.“ Þetta segir í grg. Hér á sem sé ekki að ganga hreint til verks, láta líta svo út sem verið sé að stofna nýtt fyrirtæki við hlið hinna, allt eigi að vera frjálst áfram, en sverfa síðan að öðrum fyrirtækjum, svo að þau verði ekki samkeppnisfær og þurfi að leggja upp laupana í samkeppni við annað stærra og öflugra fyrirtæki. Hér er ekki verið að stuðla að heilbrigðu ástandi á jafnréttisgrundvelli með því að skapa fyrirtækjum, sem stunda sama rekstur, jafna möguleika. Nei, hér á ríkisfyrirtæki að njóta þess að geta gengið í ríkiskassann setja slíka afarkosti, að önnur fyrirtæki hætti starfrækslu. Svo eru þessir menn að tala um jafnrétti. Það fæ ég aldrei skilið.

Apótekarafélag Íslands hefur ekki hafnað þeirri hugmynd að eiga samstarf við ríkið um rekstur lyfjaframleiðslu. Það mun félagið hafa gert í fyrsta lagi vegna þess, að það er hafið yfir gagnrýni, að rétt sé að koma fastari skipun á framleiðsluna og hún sé háð strangara eftirliti. En slíkt væri hægt að gera eins og fyrr segir, án þess að stofna nýtt fyrirtæki, en með öflugra og sterkara eftirliti. Í öðru lagi er Apótekarafélagið hlynnt starfseminni vegna stöðugs fjármagnsskorts og gerir sér þá væntanlega von um ríflegra framlag frá ríkissjóði. Hugmynd Apótekarafélagsins hefur hins vegar alls ekki verið sú, eftir því sem segir í ályktunum þess, að ríkið eignaðist meiri hl. eða helming hlutafjár í slíku fyrirtæki, enda er að sjálfsögðu auðvelt að koma á samstarfi og aukinni samræmingu, þó að ríkið hafi þar ekki forustu og framkvæmd. Staðreyndin er og sú, að hlutverk ríkisins í þessu sem öðru á ekki óhjákvæmilega að vera í formi framkvæmda, enda þótt það hafi forgöngu fyrir bættu ástandi á viðkomandi sviði. Þau ríkisafskipti geta vitaskuld átt sér stað í formi fyrirgreiðslu, samræmingar, eftirlits eða setningar reglugerða, sem tryggja eðlilega og nauðsynlega þjónustu. Það er auðvelt að gera það á þessu sviði og er reyndar ósk þeirra aðila, sem á þessum vettvangi hafa haslað sér völl.

Ekki er sjáanlegt, að lyf verði ódýrari í sölu við slíkar breytingar. Í frv. um Lyfjastofnun ríkisins og lyfjaframleiðslu er gert ráð fyrir, að verð á framleiðslunni verði á kostnaðarverði með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Ekki er þess nánar getið í sköpunarsögu þessa máls, hvað þróunarkostnaður feli í sér, en allt eins má gera ráð fyrir því, að hann leiði þvert á móti til hækkaðs verðs á lyfjum frekar en hitt.

Þá mun ég víkja að hinu frv., frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins. Þar er sem sé enn ein till. um stofnun á vegum ríkisins, og hún lýtur að innflutningi og heildsölu á lyfjum. Hér er ekki gengið hreint til verks og því lýst yfir, að innflutningur annarra en ríkisstofnunarinnar sé óheimill. Í frv. er tekið fram í 5. gr., að ráðh. geti heimilað umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda að flytja inn skráð sérlyf umbjóðenda sinna, en Lyfjastofnunin skal kaupa birgðirnar og halda innlendri heildsöluálagningu óskertri. Allir sjá, að það er ekki mikill hvati fyrir menn að halda áfram innflutningi, ef þeim er óheimilt að gera kröfu til heildsöluálagningar. Álagning er auðvitað ekkert annað en greiðsla upp í þann kostnað, sem rekstri og þjónustu heildsölu og smásölu fylgir. Virðist reyndar vera nauðsynlegt, að sumir aðilar a. m. k. séu teknir í aukatíma til að sannfærast um, hvað álagning er og þær augljósu og viðurkenndu staðreyndir, sem lúta að henni. Það er ákaflega einkennilegt, sem kemur fram í þessu máli, að það er eins og sumir aðilar og hópar í þjóðfélaginu, sem verða að teljast til ábyrgra hópa, skilji yfirleitt alltaf orðið álagningu sem óskiptar tekjur og einhverja gróðalind þeirra aðila, sem við verzlun fást. En af þessu ákvæði í 5. gr. frv., þessu skýlausa ákvæði, má ráða, að allur innflutningur annarra aðila en þessarar ákveðnu stofnunar mun leggjast niður. Nú er ekki gert ráð fyrir í frv., að menn láti umboð sín af hendi eða falli frá kröfunni um umboðslaun. Má kannske segja, að það sé þægilegast fyrir viðkomandi umboðsaðila að þurfa ekki fyrir sölu eða þjónustu að hafa, en hirða sín umboðslaun á þurru, eins og við þekkjum m. a. úr Áfengis- og tóbakseinkasölunni. Það verður svo að vera mat hvers og eins, hvort menn telja slíkt fyrirkomulag æskilegt, í stað þess að hafa með höndum ásamt umboðinu sölu vörunnar og veita þá þjónustu, sem nauðsynleg er.

Þá er því haldið fram í grg. frv., að heildsala innanlands sé ónauðsynleg, þar sem samkeppnissjónarmið komi þar ekki til greina, vegna þess að verð sé ákveðið með skráningu. Þessum staðhæfingum hefur verið vísað á bug, m. a. í áliti Lyfjafræðingafélags Íslands, og ljóst er, að þegar um t. d. hjúkrunarvörur er að ræða, koma til álita kostir og gæði vörunnar engu síður en á öðrum sviðum. Þá hefur líka verið bent á, að verðsamkeppni hefur verið viðurkennd, m. a. í 28. gr. núv. reglugerðar um lyfjaheildverzlanir.

Enda þótt það sé ekki sagt berum orðum, þá er ljóst, eins og ég hef rakið hér, að hér er verið að koma upp einkasölu, einkasölufyrirtæki ríkisins. Vitaskuld má ýmislegt að núverandi ástandi þessara mála finna, og ég lít ekki svo á og vil ekki, að ræða mín sé skilin svo, að ég sé á móti úrbótum á þessum vettvangi. Ég held, að allir séu sammála um, að það megi gera ýmislegt til þess að koma málum í betra horf en nú er. Það er sjálfsagt að auka öryggi lyfjaneytenda og einfalda eftirlit hins opinbera með innflutningi og dreifingu lyfja og stuðla að hagkvæmnari rekstri. En ég hef ekki fallizt á, að til þess að koma þessu á þurfi að stofna einkasölu ríkisins. Ég held þvert á móti, að til séu aðrar færar leiðir, sem geta orðið til lagfæringar, án þess að stofna til þessarar ríkiseinkasölu og án þess að það þurfi að umbylta núverandi ástandi og stofna til kostnaðar og jafnvel sérsköttunar lyfjaneytenda. Eins og ég hef bent á áður, skal ríkið leggja fram 25 millj. kr. í reiðufé við stofnun þessarar lyfjastofnunar og ábyrgjast lán að upphæð 100 millj. kr. til þess eins, að stofnunin sé sett á laggirnar. Nú má telja

nokkuð öruggt, að verð muni ekki lækka á lyfjum, og er þá dregin reynsla af öðrum ríkiseinkasölum svo og af þeirri staðreynd, að með þessu fyrirkomulagi er áfram haldið í umboðsmenn og umboðslaun, en eingöngu settur á fót nýr milliliður, sem leiðir til aukins kostnaðar.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, að nú þegar er starfandi í landinu stofnun á vegum ríkisins, Lyfjaverzlun ríkisins, sem er mjög öflugur innflytjandi og einn stærsti framleiðandinn. Þessi lyfjaverzlun starfar samkv. sérstakri reglugerð. Nú spyr ég: Hví má ekki gera hennar hlut stærri, eða hver er reynslan af rekstri þessarar lyfjaverzlunar? Ef menn eru svona áhugasamir um að efla ríkisafskipti og koma hér á einkasölu, hvernig væri þá að kanna þessa stofnun og rekstur hennar betur? Hvernig hefur hann gengið, og hvernig hefur hann þróazt? Ég get ekki skilið það satt að segja, þegar við höfum fyrir hendi hér Lyfjaverzlun ríkisins, sem er mjög umsvifamikill aðili á þessum vettvangi, að það eigi að leggja þá stofnun niður og búa til nýja stofnun. Ég hef ekki fengið skýringu á þessu.

En það eru til fleiri aðilar, sem hafa með höndum þessi verkefni, sem hér er fjallað um. Það er rétt að benda á, þegar talað er um hin margbættu hlutverk Lyfjastofnunar varðandi eftirlit, skráningu o. fl., að það er gert ráð fyrir því í núgildandi l., að embætti landlæknis og læknadeild hafi með þetta að gera. Það eru til n., eiturefnanefnd og lyfjaverðskrárnefnd, sem fjalla um álagningu lyfja, og það eru til eftirlitsmenn lyfjabúða. Það er ekkert um það fjallað í þessum frv., að leggja eigi niður þessar n. eða störf þessara starfsmanna, og ég spyr: Er þá gert ráð fyrir því, að kerfið verði tvöfalt?

Nei, ég held, að það sé miklu æskilegra og komi vel til greina að efla hlut þessara aðila og virkni þeirra í þeirra störfum, án þess að byrjað sé á því að stofna sérstaka og mikla stofnun og annan milliliið. Hér hefur verið minnzt á fyrirkomulagið á öðrum Norðurlöndum af hæstv. ráðh. Það er útdráttur eða skýrsla um það í þeirri skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram tekin saman af dr. Kjartani Jóhannssyni. Ég hef því miður ekki haft tíma til að kynna mér það til hlítar, en ég held þó, að það megi vel draga einhverjar ályktanir af ýmissi skipan og nýskipan, sem á hefur verið komið á Norðurlöndum. Enda þótt það fyrirkomulag sé að einhverju leyti, geri ég ráð fyrir, ólíkt því, sem hér er stefnt að, hafa þær breytingar, sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum, í Noregi og Svíþjóð, miðað að aukinni ríkiseinkasölu. Sögur hafa og borizt um það, að einmitt þessi breyting í Svíþjóð hafi leitt til stórhækkaðs verðs á lyfjum. Það hafa verið nefndar tölur um allt að 40% hækkun á lyfjaverði á 1½ ári í Svíþjóð. Nú set ég þessar tölur fram með fyrirvara, en ég nefni þetta vegna þess, að ég held, að það sé full ástæða fyrir okkur Íslendinga að kynna okkur, hvaða afleiðingar slíkar breytingar hafa í för með sér varðandi lyfjaverð. Ég leyfi mér að fullyrða, að ef það vakir fyrir flm. að lækka verð á lyfjum, sé sú leið, sem hér er farin, til lítils árangurs. Þvert á móti held ég því fram, að lyfjaverð muni hækka verulega samkv. því, sem að framan er rakið. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, að í þessari skýrslu, sem ég gat um og tekin hefur verið saman af dr. Kjartani Jóhannssyni, segir á bls. 61, þar sem talað er um miðskipan lyfjaheildsölu, orðrétt, með leyfi forseta:

„Miðskipan lyfjaheildsölu í einkasölufyrirtæki mundi að likindum auka hagkvæmni í rekstri við óbreytt þjónustustig. Hins ber þó að gæta, að núverandi þjónusta er ekki talin nægilega góð, en miðskipuninni í einkasölu mundu fylgja auknar kröfur um þjónustu, sem auðveldlega gæti kostað þennan mismun eða meira."

Þetta er álit þeirra manna, sem hafa útbúið þetta frv., að þessi miðskipan, sem hér er gert ráð fyrir, mundi auðveldlega geta kostað þennan mismun eða meira, sem hagræðið leiddi af sér. M. ö. o., það er ótvírætt gefið í skyn, að lyfjaverð mundi hækka verulega og ég held, eftir því, sem ég hef annars sagt um þetta, að full ástæða sé til að halda, að svo verði.

Þá skulum við líta lítillega á hlutverk og markmið þessarar stofnunar. Í 2. gr. frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins er getið um hlutverk og markmið hennar. Í 1. lið segir, að stofnunin eigi að flytja inn hráefni og umbúðir til lyfjagerðar, sérlyf, eiturefni o. s. frv. Það hefur verið bent á í þessu sambandi, að þessum sjónarmiðum mætti mæta, miðað við núverandi ástand, með því að takmarka innflutning t. d. við eina eða tvær hafnir og koma á einföldu, en áhrifaríku samstarfi tollyfirvalda og heilbrrn. Samkv. 2. lið markmiðsgr. segir: Stofnunin skal „selja í heildsölu vörur, sem taldar eru í lið 1, og auk þess innlenda framleiðslu sömu vöru." Um þetta vil ég segja það, að sjá má í umsögn lyfjamálanefndarinnar, sem samdi frv., að það er skoðun hennar, að birgðahald einkaumboðsmanna veiti mun meira öryggi en hjá öðrum innflytjendum. Það liggur því í augum uppi, að einfaldasta lausnin á þessu vandamáli sé að koma upp einkaupboðsmannakerfi með góðu aðhaldi frá því opinbera, og mun ég aðeins drepa á það síðar. Í 4. lið segir, að stofnunin skuli vinna með stöðugum athugunum gegn hvers konar óhóflegri notkun lyfja og stuðla að hagsýni í lyfjanotkun meðal almennings og á sjúkrahúsum. Bent hefur verið á í þessu sambandi, að þennan þátt heilbrigðismálanna eigi og megi rn. leysa í samráði við háskólann, læknafélagið og e. t. v. sérstaka n., sem setja má á laggirnar til að annast útgáfu leiðbeininga og fleira um lyfjanotkun. Samkv. 5. lið skal stofnunin safna og vinna úr upplýsingum varðandi lyfjanotkun í samráði við rn. Nú þegar eru starfandi eiturefnanefnd og lyfjaskrárnefnd, og er ekki gert ráð fyrir, að þessar nefndir leggi niður störf, eins og ég hef vakið athygli á áður, enda ættu þær að geta fullnægt þessu hlutverki, sem er fjallað um í 5. lið markmiðsgr. Svona mætti áfram halda. Í reynd sýnist mér svo, að flestum markmiðum stofnunarinnar megi fullnægja annaðhvort innan núverandi fyrirkomulags eða með minni háttar tilfæringum.

Ég hef rakið þessi sjónarmið og viljað koma þeim hér á framfæri til að benda á, að margar

leiðir aðrar eru færar til að laga núverandi ástand en að setja ný lög um nýja stofnun. Ég held nefnilega, að það sé ekki alltaf allt unnið við það að hlaupa til og setja ný lög eða telja mönnum trú um, að ekkert megi lagfæra öðruvísi en með margbrotinni löggjöf, sem líta kann vel út á pappírnum, en segir ekkert annað en það, sem vel er framkvæmanlegt án nýrrar lagasetningar.

Ég minntist hér lítillega áðan á einkaumboðsmannakerfið, og gerði ég það vegna þess, að Lyfjafræðingafélag Íslands hefur einkum lagt áherzlu á að taka upp það kerfi. Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að vitna til álits, sem Lyfjafræðingafélag Íslands hefur gert um þetta mál, með leyfi forseta, en sá kafli hljóðar svo:

„Lyfjafræðingafélag Íslands vill þess vegna árétta það, að það er skoðun félagsins, að innflutningur sérlyfja sé bezt tryggður í höndum einkaumboðsmanna, sem gerðir yrðu ábyrgir fyrir því, að skráð umboðslyf þeirra væru alltaf fyrir hendi. Félagið telur ekki nokkurn vafa á því, að ástandið í innflutningi og birgðahaldi sérlyfja mundi stórbatna með því einu að skylda öll erlend fyrirtæki, sem ætla að selja sérlyf á Íslandi, til þess að tilnefna einkaumboðsmann, sem tæki á sig fyrrgreindar skyldur."

Þetta segir í áliti Lyfjafræðingafélags Íslands. Lyfjafræðingafélagið hefur bent á, að það hafi ekki fengið frv. til formlegrar athugunar, og tel ég það vera miður. Það mun hafa verið samkv. sérstakri beiðni þess félags sjálfs, að það fékk eintak af skýrslu n., sem fjallaði um þetta mál, og sú skýrsla var kynnt fyrir félagsmönnum. Félagið gerði sínar aths. við bæði þessi frv., og hafa sumar þeirra verið teknar til greina. Ég tek þetta fram til þess að leiðrétta það, sem segir í grg., að engar aths. hafi borizt við skýrslu lyfjamálanefndar. Lyfjafræðingafélag Íslands eða þeir menn, sem starfa á þess vettvangi, félagið eða þessir menn, hafa ekki mælt með samþykkt þessara frv. Félagið hefur sent frá sér aths., sem ég skora á þm. að kynna sér, og ég tel sjálfur mjög vafasamt að samþykkja umbyltingu á núverandi kerfi í fullri andstöðu við þá aðila, sem með þessi mál fara daglega. Enn frekar er það varhugavert, þegar Lyfjafræðingafélagið bendir á aðrar leiðir til úrbóta, sem engan kostnað hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég spyr: Er ekki hyggilegra að skoða þær hugmyndir og jafnvel framkvæma þær, áður en ráðizt er í meiri háttar breytingar og verulegan kostnað? Það ætti ekki að skaða svo mikið að doka ögn við, reyna þessa leið, sem lyfjafræðingarnir benda á, og ef það gefst ekki vel, þá er hægt að taka þessi frv. aftur til athugunar.

Herra forseti. Ég mun ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi málsins, en það á að vera ljóst, hver viðbrögð mín eru gagnvart þeim röksemdum, sem settar hafa verið fram með þessum frv. Ég þykist hafa bent á, að ef það vakir fyrir flm. að lækka verð á lyfjum, þá muni samþykkt frv. ekki stuðla að verðlækkun. Ég tel reyndar afar ólíklegt, að verðlækkun hafi vakað fyrst og fremst fyrir flm., því að með þessum frv. er ekki ráðizt á garðinn, þar sem hann er hæstur, þ. e. a. s. smásöluna, apótekin. Meðan álagningin í heildsölunum mun vera 16.8%, hefur smásöluálagningin verið allt upp í eða rúmlega 50%, og sést á þessum tölum, að innflutningur eða heildsala hefur ekki verið ráðandi í verðmyndun eða í söluverði. Ég er ekki með þessum orðum að mæla með breytingum á lyfjasmásölunni, það er mál út af fyrir sig. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu og á þeirri nokkuð augljósu staðreynd, að verðlækkun til lyfjaneytenda getur ekki verið forsenda þessara frv.

Hæstv. ráðh. minntist hér á hagkvæmnisþjónustu og öryggissjónarmið og taldi það vera ákveðnar forsendur fyrir flutningi þessa máls. Varðandi hagkvæmnissjónarmiðið er það auðvitað alltaf spurning, sem við verðum að gera upp við okkur, hvort hagkvæmara er og eftirsóknarverðara að hafa verzlun á þessum vettvangi sem öðrum í einni hendi eða viljum við sem sagt, að það séu fleiri aðilar, og stuðla þannig að samkeppni og annarri þjónustu. Ágreiningur er sjálfsagt um þetta meginatriði. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að setja slíka verzlun, hvorki á þessum vettvangi né annars staðar, í hendur eins aðila og allra sízt í ríkiseinkasölu. Ég held því fram, að það muni ekki verða til þess að lækka kostnað, muni ekki verða til þess að bæta þjónustu og jafnvel fara í öfuga átt. Þjónustusjónarmiðið fléttast inn í þetta með hagkvæmnisforsendurnar, en reynsla okkar af ríkiseinkasölu og ríkisfyrirtækjum er því miður ekki sú, að það sé ástæða til þess að halda, að þjónustan batni með því, að þessi mál fari í hendur opinberrar einkasölu. Slík fyrirtæki eru í eðli sínu kyrrstæð, þau hafa ekki frumkvæði, og ég hefði haldið, ef við erum að hugsa um þjónustuna sem slíka, að heppilegra sé, að verzlunin sé áfram í höndum einkaumboðsmanna. Hvað snertir öryggissjónarmiðið, þá hefur því hér verið haldið fram, að það hafi stundum ekki verið til birgðir af ákveðnum lyfjum í landinu. Út af fyrir sig er það náttúrlega slæmt, ef slíkt kemur upp. En ég held, að þær sögur séu mjög ýktar, og bendi á, að það er auðvitað hægt að koma á ströngu og sterku eftirliti, sem gæti fyrirbyggt slíkt. Það mætti vera í höndum Lyfjaverzlunar ríkisins. Og ef verið er að tala um öryggissjónarmið, þá held ég líka, að kerfið með einkaumboðsmönnum, sem lyfjafræðingar sjálfir hafa bent á, ætti að fyrirbyggja slíkt öryggisleysi. Ef það vakir hins vegar fyrir flm. almennt að koma hér á einhverjum faglegum lagfæringum, sem ég hef ekki mælt gegn og tel að ýmislegt þurfi að gera í, þá vísa ég aftur, hvað meginatriðið í því snertir, til álits lyfjafræðinga sjálfra, sem mæla gegn stofnun lyfjastofnunarinnar. Þeir telja ótvírætt, að það megi koma úrbótum á með öðrum skjótvirkari, einfaldari og ódýrari hætti.

Þá er það hins vegar eftir, hvort það vakir fyrir flm. að breyta hér um af pólitískum ástæðum til þess eins að hrinda í framkvæmd ákvæði í málefnasamningi ríkisstj., sem hefur átt sér rætur í kröfum Alþb. Ég tel eðlilegt, að það komi hér skýrt fram, að þetta sé forsendan, og reyndar gaf hæstv. ráðh. það mjög í skyn,

því að hann vitnaði í þennan málefnasamning sem forsendu þessa máls. En það varpar þá ljósi á þau vinnubrögð, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram, að mjög hafi tíðkazt hjá þessari ríkisstj., þ. e. a. s. að ákveða fyrst og athuga svo. Vandamálið á þessum vettvangi er nefnilega það, að komið hefur í ljós við athugun, að upphaflega ákvörðunin er ekki skynsamleg. Ég held, að viðkomandi aðilar ættu að vera menn til að horfast í augu við þessar niðurstöður og staðreyndir og falla því frá þessari ákvörðun sinni.

Ég leyfi mér að halda fram, að þessi frv. séu fóstur Alþb., hugmyndir, sem settar voru fram í hita kosningabaráttunnar og upphaflega í anda þeirrar róttæku vinstri stefnu, að þjóðnýta atvinnurekstrinn, í þessu tilfelli að þjóðnýta lyfsöluna. Ég bendi þá á, að það hafi komið í ljós, að þjóðnýting lyfsölunnar verður ekki rökstudd með skynsamlegum hætti, og held því líka fram, eins og nú er komið í þjóðarbúinu og ríkisútgjöldunum, að það fyrirkomulag, sem hér er stefnt að, sé ekki verjandi. Ég mælist því eindregið til þess, að hófsamari menn í liði stjórnarsinna geri þetta fóstur Alþb. að hugarfóstri einu.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Hæstv. heilbr.-og trmrh. fór í upphafi máls sins hér áðan nokkrum almennum orðum um frv. um Lyfjastofnun ríkisins og einnig um frv. um lyfjaframleiðslu. Ég ætla ekki við þessa 1. umr. þessa máls að ræða ítarlega um það, en sem nm. í heilbr.- og trn. vil ég láta það koma fram hér nú, að við Alþfl.-menn erum þeirri meginstefnu og hugsun samþykkir, sem fram kemur í þessum frv. Það, sem mestu máli skiptir — í stuttu máli sagt — í sambandi við fyrirkomulag lyfjamála, er það, að hægt sé að tryggja almenningi á hverjum tíma, sem ódýrust lyf, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í framleiðslu og framboði þeirra og þjónustan við almenning á þessu sviði sé eins góð og frekast er kostur.

Í grg. með þessum tveimur frv., sem ég geri hér að umtalsefni, eru leidd rök að því, að nauðsynleg sé endurskipulagning þeirra mála, sem þar er fjallað um. Í frv. um Lyfjastofnun ríkisins er gert ráð fyrir, að sú stofnun hafi einkarétt til þess að annast innflutning, útflutning og heildsölu lyfja og skyldra vara. Þó er ætlað, að innflutningur sérlyfja geti að einhverju leyti farið fram í gegnum umboðsmenn sérlyfjaframleiðenda. Í grg. er m. a. bent á það, að í Noregi hafi í 15 ár starfað ríkisfyrirtæki, sem hafi haft einkarétt svipaðan þeim, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þó heldur víðtækari. Er talið að reynslan af þessu fyrirtæki sé góð. Þá kemur einnig fram í grg., að sú verzlun, sem hér um ræðir lúti alveg sérstökum lögmálum, sem sé á margan hátt mjög ólík þeim, er gilda um önnur verzlunarviðskipti, og er það vafalaust alveg rétt, þar sé t. d. ekki unnt að koma við frjálsari samkeppni í þeim mæli, sem unnt er við kaup og sölu ýmissa annarra vara. Ýmislegt annað er tínt til í grg. til að renna stoðum undir það álit, að heppilegt sé að setja á stofn slíkt ríkisfyrirtæki, sem um ræðir í frv. Þess vegna get ég fyrir mitt leyti fallizt á þá skoðun, að það fyrirkomulag sé haft á í þessum efnum, sem lagt er til í höfuðdráttum í umræddu frv.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram að gefnu tilefni, að mér sýnist þetta frv. og grg. þess í alla staði mjög vel og vandlega unnin.

Margt svipað er að mínu mati um frv. til l. um lyfjaframleiðslu að segja. Það er einnig vel úr garði gert og fjallar um mál, sem í alla staði er tímabært, og hefði mátt koma fram fyrr hér á Alþ. frv. í svipuðum sniðum og þar er gert ráð fyrir, því að ástand lyfjaframleiðslu hér á landi er vissulega að ýmsu leyti ábótavant.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þetta. Frv. um lyfjaframleiðslu gerir ráð fyrir, að ríkinu sé heimilt að gerast stofnaðili að fyrirtæki um lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölu- og lyfjafræðingum og eigi þeir helming fyrirtækisins. En í þessu tilfelli er þó ekki gert ráð fyrir því, að ríkið hafi einkarétt, eins og í sambandi við Lyfjastofnun ríkisins. Sem sagt, ég tel einnig, að þetta frv. eigi fullan rétt á sér.

Ég vil að lokum taka það fram aftur, að við Alþfl.-menn munum fyrir okkar leyti stuðla að því, að þessi mál nái fram að ganga.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni fyrir yfirlýsingu um eindreginn stuðning Alþfl. við þetta frv. og raunar frv. um lyfjaframleiðslu líka. Ég hafði hugsað mér að mæla sérstaklega fyrir því, þegar þar að kæmi, því að þessi frv. eru það aðgreind, og ég tel eðlilegt, að fjallað sé um þau í tvennu lagi. Það kom einnig fram í ræðu Jóhanns Hafsteins, að hann taldi mjög eðlilegt, að þessi mál væru tekin hér til skoðunar. Andstaða við þetta frv. kom aðeins fram í ræðu hv. þm. Ellerts B. Schram.

Mér þótti að vísu dálítið fátæklegt hjá hv. þm. Jóhanni Hafstein, sem var heilbrrh. um langt skeið, *að hafa hér eiginlega ekkert til mála að leggja nema vitna í ályktun frá Félagi ísl. stórkaupmanna.* Hér er að vísu um að ræða mjög sérfræðilegt svið, og ekki þykist ég hafa mikla sérþekkingu á því, en engu að síður hljóta þeir menn, sem gegna störfum heilbrrh., að kynnast sínum málaflokkum æðimikið. Ég hefði talið, að það hefði verið fróðlegt að heyra meira um persónulegar skoðanir hv. þm. Jóhanns Hafsteins, einmitt vegan þessarar fyrri reynslu, sem hann hefur. Mér þótti það raunar einnig undarlegt, að hann sá sérstaka ástæðu til þess að vitna í þessar skýrslur lyfjavöruhóps Félags ísl. stórkaupmanna, fyrstu 4 liðina. Honum fannst afar merkilegt, að þeir byrjuðu á orðunum „það er rangt“ og „það eru bein ósannindi“. Mér fannst þetta, þegar ég las þetta plagg, vera til marks um heldur leiðinlegan málflutning, því að þessar athugasemdir eru á engan hátt rökstuddar. Þetta eru hreinir sleggjudómar og ekki gerð nein tilraun til að færa rök að þeim. Ég skal sem dæmi lesa hér lið 2, með leyfi hæstv. forseta: „Það er rangt, að í flestum tilfellum séu fleiri en einn innflytjandi frá hverjum framleiðanda, en hins vegar er rétt, að tilfellin eru of mörg reyndar, þó að það væri ekki nema eitt“. Þarna er

því bent á, að hér sé um að ræða mjög slæmt ástand, en þetta byrjar á þessum mikla sleggjudómi. Raunar er það um þessa ályktun Félags ísl. stórkaupmanna að segja, að í henni er býsna mikill fróðleikur og viðurkenning á því, að nauðsynlegt sé að bæta þarna um á ákaflega mörgum sviðum. Í lokin eru taldar upp till. í 5 liðum um nauðsyn á breyttri skipan þessara mála, en í lokin er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Lyfjavöruhópur Félags ísl. stórkaupmanna telur, að auk þessa séu margir liðir lyfjaverzlunarinnar, sem enn mætti og þyrfti að athuga, og bendir á, að miklu meira máli skiptir, að heildarendurskoðun lyfsölu og lyfjamála sé framkvæmd og raunverulegar úrbótatill. lagðar fram, því að mál er, að núverandi skipulagsleysi linni, en ekki skiptir máli, hvort slíkar heildartill. komi fram nokkrum mánuðum fyrr eða seinna, innan hóflegs tíma þó."

Þannig er það viðurkennt af þessum hópi stórkaupmanna, að ástandið núna sé skipulagsleysi og sé mál, að því linni. Það er ekki hægt að fá öllu afdráttarlausari yfirlýsingu um það, hver nauðsyn er á nýrri lagasetningu.

Það hafa ekki komið mörg atriði fram, sem ég tel ástæðu til þess að svara. Hv. þm. Ellert B. Schram taldi, að ekki væri gengið hreint til verks, vegna þess að fallizt er á, að hér mættu vera umboðsmenn fyrir lyfjaframleiðendur. Ég vék að þessu atriði áðan, að sérfróðir menn telja að þetta geti verið nauðsynlegt í ýmsum tilvikum. Hann taldi, að það væri ekki mikill hvati að mega ekki fá álagningu, heldur þyrfti hún að vera í höndum þessa fyrirtækis, en þar er líkt á komið og með þá menn, sem hafa umboð hér fyrir vissar áfengis- og tóbakstegundir. Ég veit ekki betur en menn hafi sótzt mjög eftir því að verða slíkir umboðsmenn, þó að þeir fái ekki nema þá umbun, sem þeir fá frá framleiðendum erlendis. Menn hafa sótzt ákaflega mikið eftir því. Hins vegar hefur ekki verið hægt að komast hjá því, vegna þess að þessir framleiðendur vilja margir hverjir hafa sína umboðsmenn í löndunum og neita hreinlega að selja vöru, ef þeir hafa ekki aðstöðu til þess.

Hv. þm. Ellert B. Schram taldi, að í þessu frv. fælist hækkun á verðlagi. Þetta er að sjálfsögðu algerlega fráleitt. Hvað verðlagninguna snertir eru allar forsendur fyrir því, að hægt yrði að selja lyf á lægra verði en nú er gert, að hægt yrði að gera hagkvæmari innkaup, draga úr tilkostnaði. Hins vegar er um það rætt í frv., að þarna eigi að gera auknar kröfur til eftirlits, öryggis og upplýsinga. Á þetta sama er lögð áherzla í samþykkt Félags ísl. stórkaupmanna. En þeir telja aðeins, að heilbr.- og trmrn. eigi að taka að sér þessi verkefni, þ. e. a. s. ríkið á að leggja stóraukið fjármagn fram til þess að rækja þessa þætti. Það virðist ekki vera neinn ágreiningur um það, að þessa þætti verði að rækja. Þeir eru hins vegar felldir inn í heildarkerfið í þessu frv., og ætlazt til, að þessi stofnun leggi til þessa þjónustu, sem virðist vera alger samstaða um að eigi að veita. Það getur að sjálfsögðu leitt til aukins tilkostnaðar, en hann ætti varla að vera umtalsverður. Ég tel, að það sé mjög skynsamlegt að afla fjármuna til hans einmitt með því að gera sjálfa lyfjaheildsöluna ódýrari en hún hefur verið.

Hv. þm. Ellert B. Schram taldi að þetta frv. væri sérstakt fóstur Alþb. og væri til marks um yfirgang þess í stjórnarsamstarfinu. Ég rakti það í ræðu minni hér áðan, að ég hefði skipað sérstaka n. til þess að gera till. um þetta frv., og taldi, hverjir áttu sæti í henni. Það eru Almar Grímsson deildarstjóri, Árni Einarsson framkvæmdastjóri á Reykjalundi, Einar Benediktsson lyfjafræðingur, dr. Kjartan Jóhannsson verkfræðingur og Steingrímur Kristjánsson lyfsali. Mér þætti gaman að heyra menn vefengja, að þetta séu menn, sem eru sérfróðir á þessu sviði og hafa fjallað um þetta mál af mikilli sérþekkingu. Ég hef ekki haft uppi neina minnstu tilburði til þess að reyna að pólitísk áhrif á þessa menn. Þeir hafa starfað samkv. erindisbréfi, en að öðru leyti hafa þeir fjallað algerlega faglega um þetta, og þetta er sameiginleg niðurstaða þessara manna.

Ég vil einnig mótmæla því, sem fram hefur komið, að í þessari n. hafi ekki verið menn, sem þekkingu hafi á lyfsölu. Einn nm. hefur starfað við lyfjaheildsölu í 6 ár, annar hefur starfað í lyfjabúðum sem lyfjafræðingur og staðgengill lyfsala í 7 ár, og sá þriðji hefur verið lyfsali utan Reykjavíkur u. þ. b. 8 ár og í Reykjavík í 2 ár með 2 ára reynslu sem lyfjafræðingur.

Það hafa verið kannaðir allir þættir þessara mála. En það, sem hér er á ferðinni í sambandi við ágreining um þetta mál, er það grundvallarsjónarmið, hver eigi að annast þjónustu af þessu tagi. Um þetta er ágreiningur víða um lönd. Það eru til þjóðfélög, þar sem heilbrigðisþjónusta og heilsugæzla er í höndum einkaaðila og litið á það sem atvinnuveg og gróðaveg að stunda starfsemi af slíku tagi. Við Íslendingar og Norðurlandabúar og raunar flestar þjóðir í Evrópu erum andvígir þessari skipan. Með þeirri miklu þróun, sem orðið hefur á sviði heilbrigðismála og heilsugæzlu á Íslandi, er nú svo komið, eins og ég rakti áðan, að lyfsala og notkun lyfja verða ekki með neinu skynsamlegu móti skilin frá heilbrigðisþjónustu og heilsugæzlu. Það er óeðlilegt að setja þessi skil á milli. Það er mjög óeðlilegt, að þessi hluti af heilbrigðisþjónustunni sé stundaður í ábataskyni af aðilum, sem eru í þessu til þess að reyna að hagnast eins mikið á því og þeir hafa tök á. Ég tel, að þetta eigi að starfrækja á félagslegum forsendum, og það sjónarmið er í samræmi við breytingar, sem gerðar hafa verið t. a. m. annars staðar á Norðurlöndum, bæði í Noregi, þar sem heildsalan er í höndum ríkisins, og í Svíþjóð, þar sem ríkisvaldið og heildsalar hafa stofnað sameiginlegt hlutafélag, sem ríkið á mikinn meiri hluta í, um allsherjarviðskipti á þessu sviði. En eins og hv. þm. Ellert B. Schram sagði, þarna er um að ræða grundvallarágreining okkar á milli. Ég tel, að á slíku félagslegu sviði beri ríkinu skylda til að halda uppi þjónustu við þegnana og tryggja sem jafnastan rétt þeirra, en gróðasjónarmið eigi þarna engan rétt á sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Fimmtudaginn 8. marz, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 8. marz, kl. 2 miðdegis.

Lyfjastofnun ríkisins, frv. (þskj. 308). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Lyfjaframleiðsla, frv. (þskj. 309). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsögu minni í gær fyrir frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, er lagt samhliða því fram það frv., sem hér er nú til 1. umr. Þetta frv. er eins og hið fyrra að meginstofni samið af lyfjamálanefnd, sem skipuð var í febr. 1971, og bar þessi mál raunar bæði á góma í þeim umr., sem hér urðu í gær. Ástæðan til þess, að þau ákvæði, sem eru í frv. báðum, eru ekki borin fram í einu lagi, er m. a. sú, að annars vegar fjallar frv. um Lyfjastofnun ríkisins að meginefni um ríkisstofnun, er skuli vera sérhæfð á sviði þjónustu í innflutningi og heildsölu lyfja og skyldra vara. Hér er hins vegar frv. um lyfjaframleiðslu, sem er í senn heimildarfrv. varðandi stofnun sameiginlegs lyfjaframleiðslufyrirtækis ríkisins og lyfsala og lyfjafræðinga og svo hitt, að í frv. felast almenn ákvæði um faglegar kröfur í lyfjaframleiðslu. Er í því sambandi m. a. vísað til alþjóðasamþykkta varðandi samræmdar kröfur í lyfjaframleiðslu og eftirlit með henni. Ég mun síðar víkja nokkru nánar að efnisatriðum frv., en mun fyrst gera nokkra grein fyrir stöðu lyfjaframleiðslunnar í landinu.

Allt fram til síðustu tíma hafa lyfjabúðir þótt eðlilegur vettvangur lyfjaframleiðslu. Þróunin hefur hins vegar verið mjög ör síðustu áratugi, bæði að því er varðar uppgötvun nýrra lyfja, framleiðsluaðferða og gerð nýrri lyfjaforma, og hafa þessari þróun fylgt síauknar kröfur um rannsóknir og gæðamat á lyfjum. Eiginleg verksmiðjuframleiðsla lyfja erlendis fór ekki að þróast að marki fyrr en fyrir svo sem hálfri öld, en svo sannarlega hefur þróunin orðið stórstíg í lyfjaiðnaði frá þeim tíma. Þetta á því miður ekki í sama mæli við um Ísland, þótt ætíð hafi verið uppi viðleitni meðal lyfsala til að framleiða lyf innanlands eftir megni. Við eigum því sífellt meira í vök að verjast gagnvart erlendri lyfjaframleiðslu. Okkur hefur ekki reynzt kleift að keppa við hana á jafnréttisgrundvelli, ekki heldur á þeim sviðum, þar sem slík samkeppni hefði þó átt að vera hugsanleg. Viðleitni til framleiðslu lyfja innanlands hefur verið almenn meðal lyfsala, en á síðari árum eru samt hlutfallslega færri lyfjabúðir í landinu, sem stunda nokkra framleiðslu að marki. Sem dæmi má nefna, að nýrri lyfjabúðir í Reykjavík stunda nær enga framleiðslu, en afla sér tilbúinna lyfja frá starfandi lyfjagerðum eða framleiðslulyfjabúðum. Með þessu er sýnt, að viðkomandi lyfsalar hafa ekki talið neinn hag í því að stunda sömu framleiðslu og aðrir og brjóta með því markaðinn í enn smærri einingar.

Allar eru lyfjagerðirnar hér á landi litlar í sniðum, svo sem vænta má, þegar svo litlum markaði er skipt í marga staði. Þess munu dæmi, að framleiðslan sé aðeins hliðargrein, sem gripið er til, þegar starfskraftar eru lausir, og geta þeir þannig nýtzt betur en ella. Húsakostur lyfjagerðanna er misjafn og sumra þeirra mjög lélegur. Ekki verður séð, að markviss verkaskipting sé milli lyfjagerðanna nema að því leyti, að Lyfjaverzlun ríkisins framleiðir öll dreypilyf. Þannig búa lyfjagerðirnar við tækjakost til sams konar framleiðslu á töflum og stungulyfjum. Að því er varðar öryggi um gæði hinnar innlendu framleiðslu er það að segja, að eftirlit með framleiðslunni hefur verið lítið og ákvæði um rannsóknir á grunnefnum og fullunninni lyfjavöru hefur ekki verið fylgt eftir. Þarf mjög verulegt átak til þess að koma gæðaeftirliti og rannsóknaraðstöðu í viðunandi horf. Þá er ljóst, að mjög verulegt fé þyrfti til þess að endurnýja lyfjagerðirnar, til þess að þær gætu mætt þeim kröfum, sem gera verður til framleiðslufyrirtækja í þessari iðngrein.

Heildarverðmæti innlendrar lyfjaframleiðslu 1971 á útsöluverði er áætlað 39.3 millj. kr. Þar af framleiddi Lyfjaverzlun ríkisins lyf fyrir 22.5 millj. kr. eða um 57% framleiðsluverðmætisins. Aðrir aðilar framleiddu samkv. áætluninni lyf fyrir 16.8 millj. kr. eða um 43% af verðmæti framleiðslunnar. 5 af þeim 11 aðilum, sem þessi markaðshluti nær til, eru taldir hafa á hendi tæpa ¾ hluta af framleiðslunni utan Lyfjaverzlunar ríkisins. Dreypilyf voru framleidd fyrir 8.8 millj. kr., en öll dreypilyfjaframleiðsla er hjá Lyfjaverzlun ríkisins. Stungulyf voru framleidd fyrir 4.4 millj. kr., þar af framleiddi Lyfjaverzlunin fyrir 1.4 millj. kr., eða 32% af heildarframleiðslu stungulyfja. Tvær aðrar lyfjagerðir höfðu 63% stungulyfjaframleiðslunnar, og nam verðmæti þeirrar framleiðslu 2.8 millj. kr. Þá er áætluð nokkur stungulyfjaframleiðsla hjá einu apótekanna. Nú fer stungulyfjaframleiðsla fram hjá 4 aðilum.

Í heild er áætlað, að innlend töfluframleiðsla á árinu 1971 hafi numið um 63 millj. töflum að verðmæti 19.3 millj. kr. á heildsöluverði. Lyfjaverzlun ríkisins var stærsti framleiðandinn á þessu sviði. Hún framleiddi 13.4 millj. taflna að verðmæti 5.6 millj. kr. Svarar það til um 21% magnsins og um 29% verðmætisins. Áætlað er, að um 5 stærri lyfjagerðir, að frátalinni Lyfjaverzlun ríkisins, hafi framleitt samtals um 36 millj. taflna að verðmæti um 10 millj. kr. eða um 57% af heildarmagninu. Framleiðsla annarra aðila hefur verið áætluð um 13.4 millj. taflna. Við áætlun á framleiðsluverðmæti taflna hjá öðrum framleiðendum en Lyfjaverzlun ríkisins hefur verið gert ráð fyrir því, að meðalverð þeirra

væri hið sama hjá þeim aðilum, sem litlar upplýsingar eru frá, og frá hinum tveimur stærri aðilum utan Lyfjaverzlunar ríkisins, sem betri upplýsingar fengust frá. Aætlunin er því bundin fyrirvara um, að þessi forsenda sé rétt.

Eins og sést af framansögðu, er markaður innlendrar lyfjaframleiðslu svo lítill, að hann er engan veginn til skiptanna. Hins vegar er nú mjög lítil verkaskipting milli framleiðenda, nema að því leyti sem Lyfjaverzlun ríkisins annast sérhæfða framleiðslu fyrir sjúkrahús og framleiðslu á vínandalyfjum.

Svo sem ástatt er, vantar mikið á, að hagkvæmni se í innkaupum hráefna, og vék ég að því atriði í framsögurræðu minni hér í gær. Þá er því ekki að leyna, að með þessari dreifingu framleiðslunnar er gert mun örðugra um vik en ella að fylgja fast eftir ákvæðum um gæðamat og rannsoknir á lyfjum. Hér verður því að verða gagngerð breyting til batnaðar, og er í því sambandi fagnaðarefni, að ýmsir aðilar, svo sem lyfsalar og lyfjafræðingar, sem hlut eiga að máli, eru mjög áhugasamir um miðskipun lyfjaframleiðslu. Árið 1967 sendi Apótekarafélag Íslands till. til fjmrn. og heilbrrn. þess efnis, að ríkið og lyfsalar sameinuðust um að setja á stofn hlutafélag um lyfjaverksmiðju og skyldi ríkið eiga 20% í fyrirtækinu. Á þeim tíma starfaði n., sem þáv. heilbrrh., Jóhann Hafstein hafði skipað til þess að gera till. um skipulagningu og fjölda lyfjabúða og hagræðingu í rekstri þeirra. N. þessi fékk erindi Apótekarafélagsins til umsagnar. I umsögn sinni tók n. undir hin almennu hagkvæmnissjónarmið, sem mæla með því, að framleiðsla lyfja fari fram á einum stað frekar en á fjölmörgum stöðum í landinu. Þá taldi hún það rökstuðning fyrir aukinni miðskipan, að kleift yrði að fullnægja strangari kröfum um gæði lyfjanna og eftirlit með framleiðslunni. Á hinn bóginn taldi n., að nauðsynlegt væri að búa svo um hnútana, að meginhagsmunir þeir, sem ríkið hefði af starfsemi Lyfjaverzlunarinnar, yrðu tryggðir í hvívetna, ef af því yrði, að ríkið og lyfsalar rækju í sameiningu eina lyfjaverksmiðju. Ekki varð þá af frekari umr. vegna þessarar málaleitunar lyfsalanna. Eftir að n. sú, sem samið hefur meginefni þessa frv., tók til starfa, átti hún viðræður við fulltrúa lyfsala um hugsanlega samvinnu ríkisins og lyfsala í lyfjaframleiðslunni. Er sýnt af þeim viðræðum, að áhugi er mikill af hálfu þeirra. Hins vegar hefur ekki verið sannreynt, að endanlega takist að mynda sameiginlegt lyfjaframleiðslufyrirtæki, enda verður slíkt ekki gert nema með ítarlegum og skuldbindandi samningum.

Í því helmingaskiptafyrirkomulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er farið bil beggja, og má segja, að á hvorugan sé hallað, enda er þessi helmingaskiptaregla mjög í samræmi við þær staðreyndir, sem ég hef rakið áður um framleiðslumagn annars vegar frá Lyfjaverzlun ríkisins og hins vegar frá einkaaðilum. En í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að taka fram, að hugmyndin er, að algerlega sérhæfð framleiðsla fyrir sjúkrahús verði áfram ein sér. Miðað við verkaskiptingu hefði innlend framleiðsla á árinu 1971 væntanlega skipzt þannig, að lyfjagerð sjúkrahúsanna hefði framleitt fyrir 14—18 millj. kr. að heildsöluverðmæti, en hið almenna framleiðslufyrirtæki fyrir 21—25 millj. kr. Bæði fyrirtækin mundu væntanlega hafa aðstöðu til töflugerðar og stungulyfjaframleiðslu, þótt í misríkum mæli væri. Í því og svo vegna almennrar framleiðsluaðstöðu á tveimur stöðum fælist nokkurt öryggi umfram framleiðslu á einum stað. En sé áherzla lögð á öryggissjónarmið, mæla þau gegn algerri miðskipun framleiðslu í einu fyrirtæki. Sé ætlunin við þetta fyrirtækjaform, að sá helmingurinn, sem ekki er ríkishluti, sé eingöngu í eigu lyfsala eða lyfsala og lyfjafræðinga, verður að gaumgæfa, hvernig halda megi hlutföllunum óröskuðum. Verður í því sambandi að athuga, hvernig fara skuli með hlutabréf látinna eða sölu á hlutabréfum til nýrra aðila í stéttinni. Þótt myndaður yrði félagsskapur lyfsala og lyfjafræðinga um eignarhlutfall þeirra, kemur þetta vandamál jafnt til íhugunar og úrlausnar, enda yrði um stofnfjárframlög frá þessum aðilum að ræða, þótt þau færu í gegnum félagsskapinn.

Svo sem rakið hefur verið, eru félagar áhugasamir um miðskipun í þessari grein. Hins vegar hefur komið fram af hálfu allra aðila, sem hlut eiga að máli, að einkaréttur eigi hér alls ekki við vegna hinna ýmsu verkefna, sem fyrir hendi kunna að vera.

Með því frv., sem hér liggur fyrir um lyfjaframleiðslu, er stefnt að heimild til handa íslenzka ríkinu til að gerast stofnaðili að fyrirtæki í lyfjaframleiðslu ásamt lyfsölum og lyfjafræðingum. Í frv. eru raktar ýmsar skyldur og markmið sameiginlegs fyrirtækis lyfsala, lyfjafræðinga og ríkisins. Þar er getið um eignarhlutföll, sem skulu vera helmingur til handa ríkinu og helmingur til handa lyfsala og lyfjafræðinga, og er áður að því vikið. Skyldur fyrirtækisins eru miklar, og þykir e. t. v. sumum, sem til þekkja, að þær séu einum um of. Því er þó ekki að leyna, að slík fyrirtæki þurfa að vera virk og vera til stuðnings í flestum tilvikum, er varða framleiðslu á lyfjum þeim, sem eftirspurn er eftir á hverjum tíma. Er þá til þess ætlazt eindregið, að þetta fyrirtæki verði verksmiðja í eiginlegri merkingu, þannig að hún sinni þeim verkefnum, sem eru og talizt geta verksmiðjuframleiðsla. En auðvitað er ekki til þess ætlazt, að þetta fyrirtæki annist framleiðslu á lyfjum á einstaka lyfseðla. Slík framleiðsla verður að sjálfsögðu áfram í höndum einstakra lyfjabúða.

Nú á eftir að reyna á það, þótt vilji virðist vera fyrir hendi, hvort takast muni sameiginlegt framleiðslufyrirtæki ríkisins annars vegar og lyfsala og lyfjafræðinga hins vegar, ef frv. þetta nær fram að ganga. Hins vegar gerir frv. einnig ráð fyrir því, að verði ekki af samkomulagi, skuli ríkið reka eigin lyfjaframleiðslu sem deild í Lyfjastofnun ríkisins og undir stjórn þeirrar stofnunar, en með sérstökum framkvæmdastjóra, sem sé lyfjafræðingur að mennt.

Með því frv., sem hér um ræðir, eru auk fyrrgreindra heimilda til ríkisins að stofna framleiðslufyrirtæki með einkaaðilum ákveðnar faglegar kröfur settar um framleiðslu lyfja, og eru þær í sjálfu sér lítið frábrugðnar þeim kröfum,

sem gerðar hafa verið. Þó er þess að geta, að vísað er í kröfur alþjóðasamþykkta um framleiðsluhætti, og er það nýmæli, enda er tiltölulega nýtilkomið, að íslenzka ríkið hafi gerzt aðili að slíkri samþykkt. Sú samþykkt, sem hér um ræðir, er samþykkt EFTA-ríkja frá 1970 um gagnkvæmt lyfjaframleiðsluefitirlit og í framhaldi af því hafa þessi ríki komið sér saman um ákveðna grundvallarstaðla um góða framleiðsluhætti, og eru þeir staðlar byggðir á ályktun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1969.

Á síðustu árum hefur alþjóðleg samvinna og samræming um kröfur til lyfjaframleiðslu og eftirlits með henni farið mjög vaxandi, og er það vel, því að ýmiss konar glundroði hefur verið á þessum vettvangi. Þjóðir hafa gert misjafnar kröfur um gæði lyfja og skráningarskyldur. Einna nánust er þó samvinnan á milli Norðurlanda, og er nú fyrirséð, að á þessu ári eða næsta verði komið á fót norrænni lyfjanefnd, sem eigi að verða til samræmingar á flestum sviðum lyfjamála. Enginn vafi er á því, að við Íslendingar munum ekki hvað sízt njóta góðs af því.

Hér hef ég í nokkrum meginatriðum rakið þær forsendur, sem liggja fyrir þessu frv. til l. um lyfjaframleiðslu, og reynt að skýra þau nýmæli, sem í frv. felast. Ég legg svo til, herra forseti, að heilbr.- og trn. fái málið til meðferðar að lokinni 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 311). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á orkulögum er samið að minni ósk af Ragnari Aðalsteinssyni hrl. ásamt sérfræðingum Orkustofnunar. Í frv. þessu eru jarðhitasvæði skilgreind betur en gert hefur verið til þessa, og þeim er auk þess skipt í háhitasvæði og lághitasvæði.

Jarðhitasvæði er í frv. skilgreint sem uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt, að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði, sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði, sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í 5 háhitasvæði hefur fundizt yfir 200 stiga hiti á Celsíus á minna en 1000 m dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til, að þar megi vænta svipaðs ástands. Því er skilgreining háhitasvæðanna miðuð við þetta samkv. frv. Það telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200 stiga hiti á Celsíus ofan 1000 m dýpis. Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90% alls varmaafls jarðhitasvæða landsins.

Telja má líklegt, að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði ekki á færi neinna einstaklinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum, sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna. Þau gosbelti, sem hér er átt við, eru sýnd á korti, sem fylgir þessu frv. Þar eru einnig merkt inn þau háhitasvæði, sem kunnugt er um, og önnur jarðhitamerki, þar sem líklegt er talið, að háhiti leynist undir. Þekkt háhitasvæði eru Reykjanes, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámur, Námafjall, Krafla og Þeistareykir, og eru þessi háhitasvæði öll talin upp í frv. til frekari skilgreiningar á því, hvað átt er við með háhitasvæðum. Líkleg svæði eru að mati sérfræðinga Orkustofnunar Prestahnúkur, Mýrdalsjökull, Tindfjallajökull, Blautakvísl, Nauthagi, Kaldakvísl og Hrúthálsar. Auk þess er líklegt, að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna, sem mörkuð eru á kortinu, þótt ekki hafi enn fundizt merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því, að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta. Háhitasvæðin eru flest allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og myndar á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðunum og jöðrum þeirra. Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn, sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu. Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, og getur vinnsla á einum stað raskað rennslinu á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt, að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila.

Varmavinnsla á háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar. Af þessum sökum m. a. er nýting varma úr háhitasvæðum svo vandasöm, að einstaklingar hafa ekki sótzt eftir henni. Helzt hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýting lághitavatns.

Fróðlegt er að gera sér grein fyrir því, hversu mikill tæknilega nýtanlegur jarðhiti á Íslandi muni vera. Um það atriði komu fram mjög fróðlegar upplýsingar í erindi, sem Jakob Björnsson orkumálastjóri flutti í gær á vetrarfundi Sambands ísl. rafveitna. Hann greindi þar frá því, að talið væri, að tæknilega nýtanlegur jarðhiti á Íslandi næmi alls 80 þús. gígawattstundum á ári, en til samanburðar má geta þess, að það er talið tæknilega gerlegt að vinna úr vatnsafli landsins 35 þús. gwst. Þarna er því um að ræða tvöfalt meiri orku en þá, sem felst í jarðhitanum. Og af þessum nýtanlega jarðhita á Íslandi er talið, að um 90% séu bundin við svonefnd

háhitasvæði, sem ég hef verið að gera grein fyrir hér á undan. En af þessum 80 þús. gwst., sem er talið tæknilega gerlegt að fá upp úr jörðinni, er tæknilega aðeins unnt að breyta hluta í nothæfa orku. Gagnstætt því, sem er um orku fallvatna, þar sem breyta má 80—90% í raforku, sem er eitt bezt nothæfa orkuform, sem til er, þá er þetta hlutfall fyrir jarðhitann mjög breytilegt eftir því, á hvern hátt hann er notaður. Þannig er talið, að ef unnt væri að nýta allan jarðhitann til hitunar húsa, mætti úr þessum áðurnefndu 80 þús. gwst. fá 70 þús. sem nothæfa hitaorku. Væri jarðhitanum hins vegar öllum breytt í raforku í þéttistöðvum eins og þeim, sem nú tíðkast, þ. e. a. s. rafstöðvum með eimsvala, þá fengjust aðeins úr honum um 6 þús. gwst. Þessar 6 þús. gwst. raforku eru að þessu leyti sambærilegar við þær 35 þús. gwst., sem talið er tæknilega gerlegt að vinna úr vatnsafli landsins, og vafalaust er aðeins hluti þessara 6 þús. gwst. efnahagsleg orkulind til raforkuvinnslu.

Af þessum tölum má sjá, að til vinnslu raforku er jarðhitinn miklum mun þýðingarminni orkugjafi en vatnsorkan. Gildi hans liggur fyrst og fremst á öðrum nýtingarsviðum, þ. e. a. s. í sambandi við ýmiss konar stóriðju og raunar við ýmsar nýjungar, sem fram kunna að koma í sambandi við raforkuvinnslu. Það er víða um lönd vaxandi áhugi á því að nota jarðgufu til orkuframleiðslu, og þar er verið að gera, t. d. í Bandaríkjunum, mjög umfangsmiklar tilraunir, sem kunna að gera þessi hlutföll mun betri en þau, sem ég hef nú verið að gera grein fyrir, ef aðferðir finnast til að nýta þessa orku á hagkvæmari hátt. En í þessu felst sem sé, að til þess að við getum nýtt þessar miklu orkulindir, er enn eftir að framkvæma ákaflega umfangsmiklar og dýrar rannsóknir og tilraunir, og þetta eru tilraunir og rannsóknir, sem munu að sjálfsögðu einvörðungu lenda á opinberum aðilum hér á landi. Það eru engir aðrir aðilar, sem hafa aðstöðu til slíks.

Á undanförnum árum hefur verið unnið allmikið að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita, sem unnin er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessa frv. og þeirrar skiptingar í háhitasvæði og lághitasvæði, sem ég hef gert grein fyrir, er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt á slíkum jarðhita. Samkv. þessu frv. er svo ákveðið, að allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrulegur jarðhiti á yfirborði jarðhitasvæða, sé háður einstaklingsrétti landeigenda, og er þar um að ræða óbreytta skipan frá því, sem verið hefur. Hins vegar er svo ákveðið, að annar jarðhiti á háhitasvæðum skuli vera í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna, hafa þann rétt óskertan áfram. Óheimilt er, að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum. Ráðh. hefur heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal haga hagnýtingu háhita framvegis með löggjöf hverju sinni, og er með því tryggt, að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina. Þarna er sem sé um að ræða, að sami háttur verði á hafður um vinnslu jarðhita og nú tíðkast um vinnslu vatnsorku, og það þurfi sérstaka löggjöf, til þess að hægt sé að ráðast í virkjanir á þessu sviði. Vafalaust verður að telja, að Alþ. muni heimila þeim sveitarfélögum, sem keypt hafa lönd og lagt í verulegan kostnað við að búa sig undir vinnslu jarðhita á háhitasvæðum, að nýta þau jarðhitasvæði framvegis, ef þess verður óskað.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar um mörk háhitasvæða og segja álit sitt á því, hvernig nýtingu háhitasvæðanna verður bezt hagað á hverjum tíma. Til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið, að skylt sé að tilkynna henni allar boranir eftir jarðhita dýpra en 100 m. Þá eru og sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms, og um aðstöðu vegna borunar eða vinnslu jarðhita- og háhitasvæða. Með þessum lögum eru eignarrétti einstaklinga þannig sett tiltekin almenn takmörk, án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólunum. Í grg. með þessu frv. er vísað til ýmissa þeirra manna, sem bezt hafa verið að sér um þessi mál, um skoðanir þeirra. Þarna er vitnað í Ólaf Lárusson prófessor, þarna er vitnað í Ólaf Jóhannesson, núv. hæstv. forsrh., og þarna er vitnað í dr. Bjarna heitinn Benediktsson, en þeir hafa allir staðið að till. um almennar takmarknir á eignarrétti af þessu tagi, sem gengið hafa mun lengra en gengið er í þessu frv.

Það er ljóst, að það er þjóðarheill fyrir beztu, að hin mikla orka, sem bundin er í háhitasvæðum, verði nýtt á skipulegan hátt, en ekki látin ónotuð, eins og verið hefur að mestu fram til þessa. Nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi, sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á einkarétti yfir fasteignum. Verðmæti hennar í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Landeigendur almennt hafa hvorki yfir að ráða þeirri tæknilegu þekkingu né tækjabúnaði, sem þarf til víðtækra rannsókna á háhitasvæðum, til borunar og til vinnslu jarðhitans. Til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé. En þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar, er þess ekki að vænta, að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans á háhitasvæðum hlýtur og að verða einstökum landeigendum ofviða. Nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði þarf að lúta stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir í sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfrar sóunar verðmæta og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum, sem áður hafa verið boraðar, vegna þess að þarna er um að ræða samfelld kerfi. Af þessum ástæðum er þetta frv. flutt, vegna þess að rétt þykir að tryggja með lögum, að jarðhiti á háhitasvæðum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeigenda

af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borana og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, ber honum að sjálfsögðu fullar bætur fyrir.

Á þessu þingi hafa orðið miklar umr. um eignarrétt á landi og öðrum verðmætum, og hefur komið fram meðal þm. mjög verulegur ágreiningur. Ég geri mér þó vonir um, að ákvæði þessa frv. verði talin annars eðlis en þær deilur. Eins og ég hef rakið, er sú orka, sem í háhitasvæðunum felst, ekki tiltæk nema að loknum mjög umfangsmiklum rannsóknum, sem allar hafa verið framkvæmdar af opinberum aðilum. Þessi orka verður aldrei nýtt af einkaaðilum. Til nýtingar hennar þarf mikið fjármagn og svo umfangsmiklar athafnir, að við það mun enginn ráða á Íslandi nema opinberir aðilar. Nýting þessara orkulinda verður vafalaust einnig skipulögð í þágu alþjóðar, hvort sem um verður að ræða orkuvinnslu eða aðrar stóriðjuframkvæmdir. Og því er það rökrétt, að sú orka, sem þannig verður sótt í iður jarðar, verði lýst eign alþjóðar. Ég hygg einnig, að það mundi stríða gegn heilbrigðri réttlætiskennd einnig þeirra manna, sem láta sér annt um vernd eignarréttar, ef einhver héldi því fram, að þessi orka háhitasvæðanna væri eign einhverra tiltekinna einstaklinga hér á landi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Hér er til umr. athyglisvert mál, sem mér virðist, að miði að því að tryggja hagnýtingu jarðvarma til þjóðarheilla, en eins og við vitum, þá er ein helzta auðlind lands okkar jarðhitinn, sem við hlið vatnsaflsins, fiskimiðanna og gróðurmoldarinnar á vafalaust eftir að verða undirstaða framfara, bættra lífskjara og velmegunar þjóðarinnar á komandi árum. Enn sem komið er er þessi orkugjafi lítt nýttur, en framtíðarmöguleikarnir til orkuframleiðslu og ýmiss konar annarra nota eru fjölmargir. En eins og kunnugt er hafa not hans til þessa verið bundin við húsahitun og gróðurhúsarækt fyrst og fremst.

Hæstv. ráðh. benti á það, að um 90% af nýtanlegu varmaafli á Íslandi sé að finna á svæðum, sem nefnd hafa verið háhitasvæði, en svo nefna vísindamenn jarðhitasvæði, þar sem ofan 1000 m dýpis finnst 200 gráðu heitt vatn eða heitara. Frv. gerir ráð fyrir, að ríkið fái allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum með vissum takmörkunum. Sú meginhugsun, sem liggur til grundvallar þessu frv., á að mínum dómi vissulega fullan rétt á sér, þ. e. að ein af helztu auðlindum þjóðarinnar, jarðhitinn, komist í almannaeign, svo að hagnýting hans verði til heilla og hagsældar íbúum viðkomandi byggðarlaga og þjóðinni í heild. En mér sýnist, að til þess að því markmiði verði náð, sé fullnægjandi, að ákvæði frv. nái einungis til þeirra jarðhitasvæða, sem eru í eigu einstaklinga. Ég get ekki séð neina þörf á, að ríkið yfirtaki einnig jarðhitasvæði, sem eru í eigu sveitarfélaga og þau hafa eignazt í sumum tilfellum a. m. k. með ærnum tilkostnaði. Slíkar eignir sveitarfélaga er væntanlega fyrirhugað að hagnýta til almannaheilla. En rétt er, að sveitarfélögum sé gert að skyldu að hafa samráð við Orkustofnun ríkisins um, á hvern hátt þau hyggjast nýta þá orku, sem bundin er á jarðhitasvæðum þeirra, til að tryggja skynsamlega og skipulega nýtingu jarðhitans í landinu, þannig að til mestrar þjóðarheillar megi verða. Ég er andvígur fyrir mitt leyti þeim ákvæðum í frv., sem gera ráð fyrir, að ríkið geti yfirtekið réttindi sveitarfélaga til umráða og hagnýtingar á hitasvæðum þeirra. Og þrátt fyrir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, get ég nú ekki séð gild rök fyrir því, að ríkið taki í hendur sínar þann eignarrétt, sem hér um ræðir. Öðru máli gegnir, þegar einstaklingar eiga hlut að máli. Ég hef því lagt fram brtt. við frv., sem er á þskj. 349, við 1. gr. frv., en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. gr. frv. bætist eftirfarandi mgr:

Sveitarfélög skulu eiga allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum, þar sem landareign er í eign sveitarfélagsins, þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara."

Eitt þeirra háhitasvæði, sem nefnt er í frv. og gert er ráð fyrir, að ríkið fái umráð og hagnýtingarrétt yfir, er Krísuvík, land, sem er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Árið 1941 afsalaði ríkisstj. Íslands jarðhita í Krísuvík til Hafnarfjarðarbæjar til eignar án nokkurrar takmörkunar á jarðhitanum niður á við eða á annan hátt. En jafnframt var Hafnarfjarðarbær skyldaður til þess að selja ríkinu aftur jarðhita, sem bærinn þyrfti ekki að nota, með nánar tilteknum skilyrðum. Ríkið hafði áður tekið þessi réttindi eignarnámi og greitt andvirði réttindanna til fyrri eigenda. Tilgangur Hafnarfjarðarbæjar með kaupum á Krísuvík og hitaréttindunum þar á sínum tíma var að nýta hitaorkuna til hags og heilla fyrir íbúa Hafnarfjarðar og þjóðina í heild. Eðlilegt hefði þess vegna verið að undirskilja í frv. Krísuvík og önnur háhitasvæði, sem svipað stendur á um og eru í eigu sveitarfélaga. Hafnarfjarðarbær hefur lagt í mikinn kostnað við rannsóknir á möguleikum í Krísuvík. Og þá skal bent á, að samkv. núgildandi lögum er Hafnarfjarðarbæ skylt að selja ríkinu jarðhita, sem bærinn þarfnast ekki til eigin nota. Það atriði í þessu frv., sem hér liggur fyrir og gerir ráð fyrir, að ríkið yfirtaki rétt Hafnarfjarðar til umráða og hagnýtingar bæjarfélagsins á háhitasvæðum í landareign þess, hefur komið til umr. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Og það var samdóma álit allra bæjarfulltrúa að mótmæla bæri þeirri fyrirætlun, að ríkið yfirtæki þessi réttindi. Í því sambandi gerði bæjarstjórnin svo hljóðandi ályktun í einu hljóði um þetta efni með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir fram komnu frv. til l. til breyt. á orkul. að því er tekur til eignarupptöku ríkisins á hitaréttindum í Krísuvík, sem Hafnarfjarðarbær keypti af ríkissjóði með afsali, dags. 24. febr. 1941, samkv. heimild í lögum nr. 101/1940, sbr. og lög nr. 11/1936, og skorar á Alþ. að samþykkja brtt. Stefáns Gunnlaugssonar við frv.

Jarðhiti í Krísuvík hefur verið nýttur í mörg ár fyrir þarfir staðarins, og er nú áformuð aukin nýting hitaorkunnar þar, t. d. fyrir skóla. Þá skal á það bent, að Hafnarfjarðarbær hefur lagt

í mikinn kostnað við rannsóknir og boranir á hitasvæðinu og reiknað hefur verið með möguleika á nýtingu jarðhitans fyrir jarðvarma eða raforkuvinnslu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Lítur bæreinn svo á, að ákvæði frv., a. m. k. að því er tekur til Krísuvíkurlands, brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar."

Þessi ályktun er ótvíræð og sýnir, svo að ekki verður um villzt viðhorf bæjarstjórnarinnar til málsins. Ég leyfi mér að vona, að hv. þd., a. m. k. meiri hl. hennar, geti fallizt á þá skoðun, að eðlilegt sé, að ríkið taki ekki í sínar hendur eignarrétt Hafnarfjarðarbæjar yfir Krísuvík eða háhitaréttindunum þar. Ég hef áður í þessum fáu orðum mínum hér leitazt við að sýna fram á, að ekki sé þörf á því, að ríkið yfirtaki hitaréttindi sveitarfélaga í sínar hendur til að tryggja hagnýtingu í þágu almenningsheilla, og ég skal ekki endurtaka það, sem ég hef sagt um það efni. En ég vil að lokum leggja áherzlu á, að megininntak þessa frv. er sú hugsun, að tryggt sé, að jarðhiti í landinu komist í almenningseign með það fyrir augum, að nýting hans verði skipuleg og með hagsmuni þjóðarinnar í heild og einstakra byggðarlaga að markmiði. Er hún í alla staði réttmæt að dómi okkar Alþfl.-manna, en því markmiði er auðvelt að ná, að mínum dómi, án þess að ríkið yfirtaki eignir sveitarfélaga, sem þau hyggjast hagnýta í þágu almennings.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., orkulög, 170. mál á þskj. 311, var rætt á Búnaðarþingi, sem lauk störfum sínum nýlega, og var þar samhljóða gerð svo hljóðandi ályktun, með leyfi forseta:

„Vegna þess að fram hefur verið lagt á Alþ. frv. til l. um breyt. á orkulögum, sem felur í sér ákvæði um, að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar á háhitasvæðum og uppleystum efnum og gastegundum, sem háhitavatni og gufu fylgja, að undanteknum jarðhita á yfirborði, eins og hann er nú, vill Búnaðarþing láta undrun sína í ljós yfir því, að slíkt frv. skuli hafa verið lagt fram. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er umráða- og hagnýtingarréttur tiltekinna landsgæða tekinn af landeigendum bótalaust og lagður til annarra aðila. Yrði hér um gerbreytingu að ræða frá því, sem til þessa hafa verið talin gildandi lög í landinu. Ef unnt er að gera slíkt með einfaldri lagasetningu, að því er tekur til umræddra landsvæða, virðist Búnaðarþingi, að síðar hljóti að vera auðvelt að taka umráða- og hagnýtingarrétt annarra gæða, svo sem hlunnindi og jafnvel jarðargróða, án bóta og leggja undir ríkið. Meðan eignarréttur er virtur í stjórnlögum landsins er það að dómi Búnaðarþings óhæfa, að Alþingi beiti valdi sínu á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Með eignarnámi er unnt að tryggja nýtingu hinna umræddu gæða í almannaþágu, en þá kæmi fyrir eðlilegt verð, sem er viðurkenning eignarréttarins. Búnaðarþing telur, að hér sé um viðurhlutamikið mál að ræða og að samþykkt þess gæti orðið mjög afdrifaríkt fyrir sveitarfélög og alla aðra landeigendur. Fyrir því vill Búnaðarþing eindregið mæla gegn samþykkt frv. um breyt. á orkulögum, eins og það liggur nú fyrir Alþ."

Ég vil vekja athygli á þessari ályktun, og ég mælist til þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, kanni þessa ályktun og þau rök, sem þar liggja á bak við.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins grípa tækifærið til að láta í ljós ánægju mína með þetta fram komna frv., þar sem mér finnst það fara í höfuðatriðum nákvæmlega í þá átt, sem við Alþfl.-menn vorum að forma í þáltill. okkar varðandi eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum, þ. e. a. s. um einn þáttinn, jarðvarmann. Og ég hjó eftir því, að í ræðu hæstv. iðnrh. var einmitt lögð áherzla á þau rök, sem við höfðum fyrir því, að jarðvarminn og vatnsorkan ættu að teljast alþjóðareign. Hann sagði eitthvað á þessa leið: Þetta er orka, sem aldrei verður nýtt af einkaaðilum. — Það er einmitt það, sem að mínum dómi eru höfuðrök á bak við það, að ríkið eða alþjóð skuli eiga jarðvarmann og vatnsaflið, að þetta eru orkulindir, sem einstaklingurinn getur ekki nýtt sér, heldur þarf til þess samátak þjóðarinnar allrar. Mig langar að geta þess, þó að það tefji umr. aðeins, en ég skal vera stuttorður. Hefði ég vitað í vetur eða verið búinn að kynna mér þær umr., sem fóru fram hér á Alþ. á árunum 1919-1923 í sambandi við vatnalögin, þá hefði ég ekki getað staðizt mátið að segja þingfulltrúum dálítið frá því, hvernig hugir manna skiptust þá til eignarráða yfir vatnsaflinu. Svonefnd fossan. hafði fjallað um þessi mál alllengi, og meiri hl. hennar komst að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt væri, að ríkið ætti fallvötnin, og sá, sem talaði harðast og bezt fyrir því máli hér á Alþ. 1919-1923 eða öllu heldur 1921-1923, var Jón Þorláksson, síðar formaður Sjálfstfl. Mig langar að skjóta þessu hér fram til hv. d. og alveg sérstaklega hv. sjálfstæðismanna, að minnast nú í sambandi við þetta mál og þáltill. okkar Alþfl.-manna, að einmitt þeirra fyrrv. ágæti foringi, Jón heitinn Þorláksson, var einn harðasti og ákveðnasti talsmaður þess, að vatnsaflið, fallvötnin, ætti að vera eign alþjóðar. Og ég vil svo ljúka þessum fáu orðum mínum með því að beina því til hæstv. iðnrh., hvort hann vilji nú ekki gera enn betur og koma hér fram með frv. á Alþ., þar sem tekið sé skýrt fram, að alþjóð skuli eiga fallvötnin.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka þessum tveimur fulltrúum Alþfl., sem hér hafa talað, fyrir þær jákvæðu undirtektir við þá heildarstefnu, sem felst í þessu frv. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson vildi þó, að ég gerði enn þá betur, og vafalaust gæti ég gert það. En ég er hér að reyna að koma fram máli, sem ég hygg, að það sé þingmeirihl. fyrir. Hér er um að ræða stjfrv., sem ríkisstj. stendur að í heild, og ég hygg, að það séu allar horfur á því, sem betur fer, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég hygg, að um frv. af því tagi sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson talaði um, sé svo mikill ágreiningur að eins og sakir standa mundi ekki vera meiri hl. fyrir því hér á þingi. Ég er sömu skoðunar og hann um það mál, en sem stjfrv. væri ekki kleift að leggja það fram,

og ég sit nú í ríkisstj. til að koma málum í framkvæmd á þann veg, sem framkvæmanlegt er.

Í sambandi við brtt. hv. þm. Stefáns Gunnlaugssonar, þá finnst mér hún vera byggð á algerum misskilningi. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi tegund jarðhita eða orku á háhitasvæðum sé alþjóðareign, eign okkar allra, og með þá eign fer ríkið að sjálfsögðu. Framkvæmdin á vinnslu þessarar orku verður síðan í höndum Alþingis. Það þarf leyfi Alþingis til allrar slíkrar vinnslu. Ég teldi algerlega óeðlilegt, að þarna yrði skilinn eftir eignarréttur, þótt í höndum sveitarfélags sé, því að þá væri opinn möguleiki, að slíkt sveitarfélag færi að gera kröfur til fjármuna, verulegra fjármuna, ef Alþ. ákvæði að hagnýta háhitasvæði, sem þetta sveitarfélag hefði ekki aðstöðu til eða vilja til eða getu til að hagnýta sjálft. Slík skipan, held ég, að væri óeðlileg með öllu. Með þessu er ég á engan hátt að halda því fram, að ríkið eigi ekki að taka það tillit til Hafnarfjarðar, sem nauðsynlegt er í sambandi við Krísuvík. Því miður hefur orðið miklu minna úr hagnýtingu Krísuvíkur en Hafnfirðingar hugsuðu sér á sínum tíma. Ef eitthvað er í sambandi við þá samningsgerð, sem þyrfti að athuga betur en gert er með þessu frv., þá finnst mér það alveg sjálfsagt. Í frv. eru m. a. ákvæði um það, eins og menn hafa séð, að „sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans, nema til komi leyfi samkv. 1. mgr., en ríkinu sé skylt að greiða honum kostnaðarverð borunarinnar, ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1963 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins." Ef um einhver hliðstæð vandamál þessu getur verið að ræða eða samningsatriði þessu líkt getur verið að ræða milli Hafnarfjarðar og ríkisins, þá er ég reiðubúinn til þess, að það verði kannað. En að skilja eftir hluta af eignarrétti alþjóðar hjá einhverjum sveitarfélögum, það finnst mér stríða gersamlega gegn þeirri meginhugmynd, sem felst í þessu frv., og það gæti leitt til alls konar annarlegs ágreinings síðar, þannig að ég vil beina því til hv. þm., hvort hann við nánari athugun mundi ekki falla frá þessari till., en hugleiða, hvort ekki er hægt að vernda þá hagsmuni, sem Hafnarfjörður telur sig e. t. v. eiga þarna, eftir einhverjum öðrum leiðum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson las hér upp samþykkt Búnaðarþings í tilefni af þessu frv. Ég hafði lesið þá samþykkt áður, og ég verð að segja það, að mér varð hún til sárrar skapraunar. Mér hefur verið það mikið undrunarefni að fylgjast með því á undanförnum árum, hversu ákaflega þrönga og einstaklingshyggjubundna afstöðu kjörnir fulltrúar bænda taka til einkaeignarréttar á þessu sviði. Hafa komið fram margar samþykktir af þessu tagi, og eftir því sem ég þekki til íslenzkra bænda, þá er ég sannfærður um, að sjónarmið af þessu tagi eru mjög fjarlæg viðhorfum alls þorra bænda á Íslandi. Í sambandi við háhitasvæðin er um að ræða hugsanlegan, fræðilegan eignarrétt manna, sem eru áreiðanlega innan við 1% af þjóðarheildinni. Engu að síður telur Búnaðarþing, að það eigi að reyna að tryggja það, að þessi fámenni hópur eigi að geta hirt mjög verulega fjármuni, ef þjóðin í heild reynir að nýta orku úr háhitasvæðum, — orku, sem er þannig geymd, að þessir einstaklingar, sem þarna er um að ræða, hafa ekki nokkra minnstu aðstöðu til þess að nýta hana, — orku, sem til er komin án þeirra tilverknaðar að nokkru leyti. Ég tel þessa afstöðu fulltrúa bænda vera ákaflega furðulega, og ég er eins og ég sagði áðan, sannfærður um, að hún er í algeru ósamræmi við skoðanir bænda. Ég er alveg viss um, að ef talað er við bændur um þetta mál, hvar sem er á landinu, þá mundu þeir telja það algerlega sjálfsagt mál, að með þessa orku yrði farið svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Þessi eignarréttarmál hafa verið á dagskrá um langt skeið og mér finnst, að þau hafi lent úti á æðimiklum villigötum. Mér hefur virzt, að sumir þjóðfélagshópar, þ. á m. nokkrir bænda, séu að ímynda sér, að þeir séu þarna að vernda réttindi, sem þeir eigi, en reynslan vilji verða sú, að með því að reyna að vernda svokölluð réttindi af þessu tagi séu bændur að kalla yfir sig hvers konar gróðabrallsaðila, sem sízt af öllu verða heilbrigðum landbúnaði eða heilbrigðu lífi í sveitum til framdráttar.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti Ég skal ekki lengja þessar umr., en vil bara láta það koma fram hér, að ég er algerlega ósammála því viðhorfi, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. varðandi það, að einhverja brýna nauðsyn beri til þess, að ríkið sölsi algerlega undir sig umráðarétt sveitarfélaga til hagnýtingar á jarðhita. Sveitarfélögin og ríkið eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum efnum, og ég er þess fullviss, að sveitarfélögin og ríkið geta komið sér saman um það, hvernig hagnýtingu þessara auðæfa verði bezt fyrir komið á komandi árum.

Brtt. mín er aðeins við 1. gr. þessa frv. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þurfi leyfi Alþ., þannig að sveitarfélag gæti ekki, þrátt fyrir það að mín brtt. yrði samþ., farið að virkja eða bora á háhitasvæði, án þess að samþykki Alþ. kæmi til. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., að ríkið hafi rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsóknir á jarðhita með borunum og á annan hátt, hvar sem er á landi hér, þannig að þótt mín brtt. yrði samþ., væri á engan hátt verið að leggja stein í götu þess, að meginhugsunin, sem liggur að baki þess frv., nái fram að ganga. Ég virði hana, þ. e. að þessar auðlindir verði hagnýttar með sjónarmið almennings og þjóðarheill fyrir augum. En ég get á engan hátt séð nauðsyn þess, að ríkið sölsi undir sig á þann hátt, sem þarna er lagt til, þau réttindi, sem sveitarfélög eiga, til þess að því takmarki verði náð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 306). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Fyrirhleðslur, frv. (þskj. 302). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 302 höfum við leyft okkur, ég og hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, að leggja fram frv. um fyrirhleðslur og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot. 1969 flutti ég frv. sama efnis. Þetta frv. var sent Búnaðarfélagi Íslands, og umsögn þess þá um málið var á þann veg, að Búnaðarfélagið taldi ekki ástæðu til að setja sérstök lög um þetta efni, heldur bæri að hraða endurskoðun á vatnalögum frá 20. júní 1923. Frá vegamálastjóra kom ítarlegt álit, þar sem fram kom á rökstuddan hátt, að þörf væri á fastari skipun um fjárveitingar og undirbúning framkvæmda varðandi fyrirhleðslu vatna og landbrot en er að finna í vatnalögum. Hins vegar kom fram í hans umsögn, að það frv., sem þá lá fyrir, mundi þurfa endurbóta við að hans dómi, þó að hann kæmi ekki á því stigi fram með ákveðnar till. í þessu máli. Landgræðslan taldi þá, að lagaákvæði um fyrirhleðslur og landbrot þyrftu umbóta við, annaðhvort í formi sérstakra laga eða með endurskoðun á vatnalögum. Eftir að þessar umsagnir bárust, var ekki samstaða um að mæla með því í landbn., og endirinn varð sá, að landbn. hv. Nd. lagði til, að þessu frv. 1969 væri vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún léti fara fram endurskoðun á VII. og XI. kafla vatnalaga með hliðsjón af því frv., sem þá lá fyrir, og það yrði svo lagt fyrir næsta Alþ., eftir að þetta var afgreitt. Nú eru liðin 4 ár, síðan þetta gerðist og ekkert hefur gerzt í málinu. Hins vegar hafa ýmsir aðilar skorað á mig að flytja þetta frv. aftur og þá með breytingum, sem væri álitið, að mundi geta orðið samstaða um. Ég ræddi þetta mikið við verkfræðinga hjá vegamálaskrifstofunni, og voru þeir þess mjög fýsandi, að þetta yrði gert, og eftir miklar vangaveltur gerðum við breytingar á þessu gamla frv. einmitt eftir tilvísun þeirra, sérstaklega Jóns Birgis Jónssonar verkfræðings. Þegar þetta frv. var lagt fram fyrir 4 árum, þá fylgdi því eftirfarandi grg. með leyfi forseta:

„Árið 1932 voru samþ. lög um fyrirhleðslur á vatnasvæðum Þverár og Markarfljóts. Þessi löggjöf mun hafa átt að þjóna tvennum tilgangi: bæta samgöngur og verja nytjalönd fyrir skemmdum af ágangi vatns á þessu svæði.

Árið 1945 voru samþ. lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum. 1. gr. þeirra laga hefst þannig: „Til þess að varna yfirvofandi stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum vestan vatna, skulu gerðar fyrirhleðslur“ o. s. frv. Á þeim 24 árum, sem liðin eru síðan þessi löggjöf var sett, hefur orðið mikil breyting í ræktun og tækni hér á landi. Ræktunin hefur margfaldazt og færzt meira en áður niður á láglendið, eftir að hinar stórvirku skurðgröfur hófu þurrkun þess um allt land. Víða eru sléttir bakkar meðfram fallvötnum. Hafa þeir orðið mikils virði sem slægjulönd, fyrst sem áveitusvæði, en síðari árin hefur verið borinn tilbúinn áburður á þá með mjög góðum árangri, svo að uppskerumagnið hefur orðið litið eða ekkert minna en af þeim svæðum, sem brotin hafa verið og sáð í. Í örum leysingum verða oft miklar skemmdir á þessum löndum, sem hægt væri að koma í veg fyrir í flestum tilfellum með þeirri tækni, sem við höfum nú yfir að ráða.

Víða hafa átt sér stað stórkostleg landbrot á liðnum áratugum, sem kunnáttumenn á þessu sviði telja, að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir, ef framkvæmdir hefðu verið gerðar í tæka tíð, t. d. með því að laga til árfarvegi.

Þó að engin löggjöf sé til nema bundin við þær takmörkuðu aðgerðir, sem að framan greinir, þá hefur verið veitt fé á fjárl. til varnaraðgerða að þessu leyti á öðrum stöðum á landinu. Stuðningur ríkisins við þær framkvæmdir hefur verið miðaður við ákvæði áðurgreindra laga.

En það, sem hefur hindrað skynsamlega framkvæmd og samræmdar aðgerðir í þessu efni, eru ákvæði í vatnalögunum, en sú löggjöf er frá árinu 1923 og er því að mörgu leyti úrelt miðað við nútíma aðstæður. Þar eru t. d. ákvæði, sem valda því, að einn landeigandi getur hindrað sjálfsagðar og eðlilegar framkvæmdir í langan tíma, þó að það hafi mikla eyðileggingu í för með sér á nytjalöndum annarra. Það sýnist því vera kominn tími til að setja löggjöf um þetta efni, sem sniðin er eftir þörf og kröfu okkar tíma og hvetur til virkrar varðstöðu um verndun gróðurlendis í byggð, ekki síður en á afréttarlöndum. Við höfum viðurkennt það í verki hin síðari ár, að þjóðinni beri að koma í veg fyrir upphlástur gróðurlendis, og nú er mikil hreyfing í landinu til að vinna að því, ekki sízt meðal ungmennafélaga, og þeirri hreyfingu ber vissulega að fagna. En það má ekki horfa á það aðgerðarlaust heldur, að fallvötn brjóti niður land í stórum stíl, og því mjög brýnt að setja löggjöf, sem hvetur og auðveldar framkvæmd í því efni. Því er þetta frv. fram borið.

Nú ættu ekki að vera nein vandkvæði á því að hindra landbrot með því að nota hinar stórvirku vinnuvélar til verksins.“

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í hinar ýmsu gr. þessa frv., en meginstefnan í því er sú að gera þessa framkvæmd auðveldari. Í 3. gr. er lagt til, að í hverju sýslufélagi verði matsnefnd, sem meti, hvort aðgerða sé þörf í hverju tilviki. Er lagt til, að formaður þessarar n. sé tilnefndur af sýslunefnd, sem sé fulltrúi land-

eigenda, en aðrir í n. skulu vera formaður búnaðarsambands sýslunnar og jarðræktarráðunautur. En það er meginstefnan í frv., að hægt sé að hefja aðgerðir til að firra frekara tjóni.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23, n. 326, 328). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 326 er prentað álit allshn. þessarar d. um frv. til l. um framkvæmd eignarnáms, en frv. þetta hefur verið samþ. í hv. Ed. N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim.

Gildandi lög um framkvæmd eignarnáms eru frá árinu 1917 og því ekki óeðlilegt, að nauðsyn beri til að aðlaga löggjöf um þetta efni breyttum tímum. Þetta frv. á sér þann aðdraganda, að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fór þess á leit við fulltrúa þingflokka haustið 1969, að flutt yrði á hv. Alþ. till. til þál. um, að fram færi endurskoðun á lögum um framkvæmd eignarnáms. Sú þáltill. var flutt og samþ. í aprílmánuði 1970. Ástæðurnar fyrir þessum tilmælum stjórnar sambandsins voru einkum þær, að mjög mikið misræmi var í einstökum eignarmötum, sem fram höfðu farið vegna ýmissa sveitarfélaga í landinu, einkum að því er varðar greiðslur fyrir eignarnumin lönd og jarðir, einnig það, að hvergi var að finna á einum stað matsgerðir. Þá má einnig nefna ófullkomin ákvæði í lögum um gerð og frágang matsgerða og engin ákvæði um rökstuðning fyrir matsgerðum.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efnisatriði þessa frv., enda var það gert við 1. umr. af hæstv. dómsmrh. Hins vegar vil ég nefna þau atriði, sem n. dvaldist helzt við, og skýra sjónarmið n. um þau atriði, sem gerðar hafa verið aths. við í umsögnum um frv.

Eins og fram kemur í nál., var frv. sent til umsagnar þriggja aðila: Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga og Hús- og landeigendasambands Íslands. Tveir hinir fyrrnefndu mæltu með samþykkt frv., en Hús- og landeigendasambandið gerði aths. við nokkur ákvæði þess.

2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að sérstök matsnefnd ákveði eignarnámsbætur og formaður matsnefndar sé skipaður til 5 ára í senn af ráðh. og varamaður hans einnig, en formaður matsnefndar kveður aftur til 2 eða 4 hæfa og óvilhalla menn til þess að framkvæma einstök möt. Það var gerð aths. við þetta af Hús- og landeigendasambandinu, en nm. voru sammála um, að það væri ekki ástæða til að breyta þessu ákvæði. Með þessu mundi skapast ákveðin festa, og þess vegna er n. þessu ákvæði samþykk.

Þá var einnig aths. við 6. gr. frv., en gr. er svo hljóðandi:

„Nú hefur aðili, sem heimild hefur til eignarnáms, tekið umráð eignar, og getur þá eigandi og aðrir rétthafar krafizt fyrirtöku máls, sbr. 5. gr.“

Þarna kom fram ósk um að bæta inn í, þar sem segir „tekið umráð eignar“, að þar skyldi standa: „tekið eða skert verulega umráð eignar“. En gr. virðist fela þetta í sér. Ef tekin hafa verið umráð eignar, þá hafa þau náttúrlega verið skert, þannig að það virðist ekki ástæða til að kveða þarna öðruvísi að orði en gert er.

10. gr. var einnig nokkuð rædd í n. vegna aths., sem fram höfðu komið, en þær aths. lutu einkum að því, að lagt er á vald matsnefndar að kveða á um, hve mikið eignarnemi skuli greiða eignarnámsþola af þeim kostnaði, sem eignarnámsþoli hefur haft af rekstri máls og hæfilegur verður talinn að dómi matsnefndar. 10. gr. er tvímælalaust til mikilla bóta frá því, sem er í gildandi lögum. Þarna er kveðið á um það, að bótafjárhæðin skuli vera sundurliðuð, og lýst grundvelli útreikninga og það skuli tekin afstaða til ágreiningsatriða.

Í 3. mgr. 12. gr. er talað um, að þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, geti matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans að einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar, sem eignarnemi getur ráðstafað. Þetta ákvæði má sjálfsagt túlka á ýmsa lund. En það er ákveðinn skilningur nm., að þetta geti aðeins átt við, þegar t. d. þarf að taka hluta af landi eða lóð og hægt að bæta það land, sem tekið er, með öðru landi, sem er þá áfast við hitt. Þetta getur átt við, þegar verið er að breyta lóðamörkum vegna breytinga á skipulagi, og þess vegna sýnist mér, að þetta ákvæði eigi fullan rétt á sér, og lýsi þessum skilningi nm. Það er ekki ætlunin með þessu að bæta t. d. töku lands með húseign. Það er alls ekki ætlunin.

Ég held, að það sé ekki miklu fleira, sem ástæða er til að nefna hér af þeim aths., sem fram hafa komið. Það var aths. við 15. gr., sem fjallar um fráhvarf eignarnema frá fyrirhuguðu eignarnámi. Ýmsir telja sjálfsagt slikt ákvæði óeðlilegt. En það er þó svo, að veigamikil rök hníga í þá átt, að eignarnemi þurfi ekki að vera skuldbundinn að standa við eignarnámsáform sín og greiðslu eignarnámsbóta, þótt mat hafi farið fram. Það er einmitt, eins og segir í grg. með frv., oft undir úrslitum matsmáls komið, hvort hagkvæmt er eða forsvaranlegt að ráðast í þær framkvæmdir, sem eignarnám hefur verið heimilað til. Þess vegna er n. sammála þessu ákvæði þrátt fyrir aths.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í hv. allshn., sem afgreiðir þetta mál til þessarar umr., og hef skrifað undir sameiginlegt nál., en áskil mér eins og aðrir einstakir nm. rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég hef notað mér þennan rétt með því að leggja fram á þskj. 328 brtt. við frv., 12. gr. og 14. gr. Þar er um að ræða greinar, sem ég tel óaðgengilegar út frá sjónarmiðum fasteignaeigenda og eignarréttar, og tel því rétt, að hluti af 12. gr. falli

niður og 14. gr. í heild sinni. Ég mun hins vegar ekki á þessu stigi málsins útskýra þessar brtt. mínar efnislega né heldur fara hér út í fræðilegar hugleiðingar um eignarréttinn, þótt hann hafi mjög borið á góma, bæði í dag og eins áður í þessari hv. d., þannig að ég mun nú við þessa umr. draga brtt. mína til baka til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 117 (sbr. 2), n. 342). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. það til l. um Fósturskóla Íslands, sem hér liggur fyrir til 2. umr. Hún hefur rætt það á fundum sínum og kynnt sér umsagnir, er hv. Ed hafa borizt, en frv. hefur áður verið afgreitt þaðan. N. hefur orðið sammála um að flytja tvær brtt. við frv., eins og það liggur fyrir nú, og er önnur brtt. í samræmi við óskir Fóstrufélags Íslands. Þessar brtt. eru prentaðar með nál. á þskj. 342, og mun ég víkja að þeim efnislega síðar.

Megininntak þessa frv. er það, að Fóstruskóli Sumargjafar, sem rekinn hefur verið af Barnavinafélaginu Sumargjöf síðan 1946 með stuðningi ríkis og Reykjavíkurborgar, verði gerður að ríkisskóla og nefnist Fósturskóli Íslands. Var þessi breytta skipan mála löngu orðin tímabær að dómi þeirra, er til þekkja, og ber því sérstaklega að fagna því, að stjfrv. skuli hafa verið lagt fram og að svo mikil samstaða skuli hafa náðst um málið sem raun ber vitni. Skortur á sérmenntuðu starfsliði á dagvistunarheimilum, sérstaklega úti á landsbyggðinni, er tilfinnanlegur. Svo sem fram kemur í grg. með frv. hefur aðeins helmingur þeirra barnaheimila, sem starfrækt eru úti á landi og eru a. m. k. 20 talsins, fóstrulærðar forstöðukonur, og aðeins örfáar þeirra hafa með sér lærðar fóstrur til starfa. Þegar við bætist sú staðreynd, að fyrirhugað er stórt átak til aukinna bygginga davistunarheimila á landinu og að frv. þess efnis liggur nú fyrir hv. Alþ., þá liggur í augum uppi, að búa þarf að Fósturskólanum og fósturmenntun á þann veg, að dagvistunarheimilin geti gegnt hlutverki sínu sem bezt.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að almenningi sé að skiljast æ betur gildi þeirrar menntunar, sem Fósturskólinn veitir. En útilokað er að efla skólann, svo að vel sé, nema honum sé komið á traustan fjárhagslegan grundvöll og honum séð fyrir viðunandi húsnæði, tækjum og útbúnaði, að ógleymdu nægu menntuðu starfsliði. Ég býst við, að öllum hv. þm. megi líka ljóst vera, að ekki er óeðlilegt, að fósturskóli sé ríkisskóli, þar sem honum er ætlað að mennta fólk hvaðanæva af landinu og sjá barnaheimilum alls staðar á landinu fyrir starfsliði. Þess má einnig geta, að starfssvið fóstra fer óðum stækkandi. Minna má á, að í grunnskólafrv. er ákveði þess efnis, að fóstrur skuli starfa í heimavistarbarnaskólum og forskólum. Og í frv. því, sem nú liggur fyrir Alþ. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila, er gert ráð fyrir, að fóstrur starfi einnig á skóladagheimilum.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. mjög ítarlega. Því fylgir nákvæm greinargerð, og frv. var fylgt úr hlaði af hæstv. menntmrh. á sínum tíma. Ég vil aðeins minna á, að gert er ráð fyrir, að starfsemi skólans verði í mörgum greinum með svipuðu sniði og verið hefur að undanförnu. Megináherzla verður hér eftir sem hingað til lögð á að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanum er ætlað að fást við. Kveðið er á um endurmenntun og viðbótarmenntun fóstra og einnig gert ráð fyrir, að í reglugerð verði kveðið á um tengsl skólans við Kennaraháskólann, m. a. varðandi framhaldsmenntun fóstra. Þess má geta, að inntökuskilyrði eru hert. Nú er gert ráð fyrir, að krafizt sé stúdentsprófs eða kennaraprófs frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðaprófs að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla. Ég hygg, að það sé rétt, sem segir í athugasemdum um þessa gr., að óhjákvæmilegt sé að auka kröfur um undirbúningsmenntun til inngöngu í Fósturskólann, til þess að nemendur geti notið þeirrar menntunar, sem skólinn veitir, og rækt störf sín síðar með sem fyllstum árangri. Geta má þess, að hingað til, hefur verið áskilið að umsækjendur hafi lokið landsprófi miðskóla eða gagnfræðaprófi og þá að jafnaði með nokkrum viðbótum.

Vil ég þá víkja, að brtt. n. Fyrri brtt. varðar 5. gr. frv., og leggur n. til, að 2. málsl. þeirrar gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta.: „Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að skólinn haldi námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að dagvistunarheimilum, meðan skortur er á fóstrum.“ Ákvæði þessa efnis voru ekki í upphaflega frv., en var bætt inn í meðförum hv. Ed., og var það gert að tilmælum stjórnar Barnavinafélagsins Sumargjafar. Í frv., eins og það liggur fyrir nú eftir afgreiðslu í hv. Ed., er orðalagið hins vegar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt skal skólinn, svo fljótt sem því verður við komið, annast menntun fólks, er sé til aðstoðar fóstrum. Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.“

Það kom í ljós, að Fóstrufélagið lýsti sig andvígt ákvæðinu, eins og það stendur nú. Menntmn. Nd. barst bréf frá Fóstrufélaginu, og þar segir svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum eðlilegt, að á vegum Fósturskóla Íslands séu haldin námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að barnaheimilum, meðan skortur er á fóstrum. Við teljum, að með þessu sé verið að leysa tímabundinn vanda og sé óeðlilegt að binda slíka starfsemi með lögum, en eðlilegra sé að veita skólanum slíka heimild með reglugerð. Við óskum því eindregið, að þessi viðbót verði felld úr frv.“

Sem frsm. þessa máls var mér falið að hafa samband við skólastjóra Fóstruskólans og bera þessa breytingu undir hana, og kom í ljós í samtali okkar, að hún var á sömu skoðun og Fóstrufélag Íslands, að eðlilegra væri að veita

heimild um námskeið með reglugerð. Taldi hún skólann vanbúinn að taka að sér að svo stöddu menntun annarra en fóstra og yrði skólinn fyrst og fremst að einbeita sér að því verkefni sínu að mennta fulllærðar fóstrur. N. var líka sammála um, að núv. orðalag þessa málsl. 5. gr. væri ekki nógu skýrt og eðlilegra væri eins og Fóstrufélagið bendir á, að menntun þessa fólks færi fram á námskeiðum, en ekki, eins og orðalagið gæti gefið til kynna, með setu í sjálfum skólanum á nánast sama grundvelli og þeir nemendur, sem ætla sér að ljúka þar fullu námi. Rök stjórnar Sumargjafar fyrir þeirri breytingu, sem lögð var til upphaflega við hv. Ed., voru þau, að mikil vöntun væri á menntuðu starfsfólki á barnaheimilum og ekki væri nauðsynlegt, að allir starfsmenn á barnaheimilum hefðu jafnmikla menntun að baki, heldur væri rétt að gera ráð fyrir fóstrulíðum, sem störfuðu með fulllærðum fóstrum. Með þeirri brtt., sem n. leggur nú til, hefur hún í rauninni ekki hafnað þessum rökum stjórnar Sumargjafar, en afmarkað skýrar, hver háttur skuli hafður á þessari tegund menntunar, sem hlýtur að gera nokkuð aðrar kröfur en skólinn sjálfur.

Önnur brtt. n. er á þá leið, að orðin „eða persónuleikapróf“ falli niður úr síðustu málsgr. 10. gr. Sú gr. fjallar um inntökuskilyrði í Fósturskólann, og er gert ráð fyrir, að ákveða megi í reglugerð, að nemendur gangi undir hæfnipróf eða persónuleikapróf. Því er ekki að leyna, að það bögglaðist nokkuð fyrir brjóstum nm., hvers konar próf þetta væri og á hvern hátt mætti mæla persónuleika. Töldu ýmsir, að hæfnipróf hlyti að fela í sér mælingu á öllum þeim verðleikum, sem æskilegt væri, að þessi starfsstétt byggi yfir, og ekki væri rétt að leiða í lög svo þokukennt hugtak sem persónuleikapróf. Var mér þó sem frsm. falið að ræða þetta nánar við skólastjórann, en hún átti einnig aðild að samningu frv. Ég hafði samband við hana til þess að fá á þessu nánari skýringu. Fór svo, að sá nm., sem harðastur var í andstöðu sinni við þetta umrædda persónuleikapróf, fékk stuðning skólastjórans. Upplýsti hún, að próf þessi væru enn ekki til hér á landi, þau hefðu hins vegar eitthvað verið notuð í Finnlandi, og hefði hún haft hug á að innleiða þau hér einhvern tíma í framtíðinni, þess vegna hefði n. sett þetta inn í frv. Hins vegar sagðist hún fyrir sitt leyti geta fallizt á, að hæfnipróf væri nægjanlegt og hlyti að ná til allra þeirra þátta, sem nauðsynlegir væru í mati á nemandanum, og mætti persónuleikaprófið falla burt sér að meinalausu. Að þessum upplýsingum fengnum var n. sammála um þessa brtt.

Herra forseti. Ég hef rakið hér nokkur helztu efnisatriði frv. og brtt. n. Eins og nál. ber með sér, er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með umræddum breytingum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 12. marz, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af aths. þeirri, sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson gerði á síðasta fundi þessrar hv. d. í sambandi við verkefnaskiptingu á milli d., hef ég látið gera skýrslu um framlögð stjfrv. í hvorri d. fyrir sig, og ég hef þegar beðið um að leggja þessa skýrslu á borð hv. þm. og sé, að svo hefur verið gert.

Þessi skýrsla skýrir sig sjálf, og ég þarf ekki að hafa um hana mörg orð. Eins og hún ber með sér, hafa verið lögð fram á þessu þingi 28 stjfrv. í þessari hv. d., en 34 í Nd. Þetta er að vísu nokkur munur á tölu, en þó hygg ég naumast eins mikill og ætla mátti af orðum hv. þm. Mér er að sjálfsögðu ljóst og viðurkenni það fúslega, að talan ein segir hér ekki allt, og ég fellst á, að segja megi, að í Nd. hafi verið lögð fram fremur nokkur þau mál, sem búast hefur mátt við einhverjum deilum og umr. um, — ég vil ekki segja almennt veigameiri mál, því að ég tel, að þessi skrá beri fyllilega með sér, að það hafa verið lögð fram ekki síður veigamikil mál í hv. Ed. Ég nefni það t. d., að ég hef lagt hér fram frv. til l. um breytingu á hæstaréttí, um skipulag og breytta starfsháttu hæstaréttar, sem ég tel mjög mikið mál. Það liggur hér enn í n. Ég hef líka lagt hér fram t. d. frv. um dómara í fíkniefnamálum og rannsóknardeild, og ég lagði hér fram í þessari hv. d. á sínum tíma frv. um staðfestingu á lögum um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Samt sem áður hygg ég rétt vera hjá hv. þm., að vel megi segja, að það hafi viljað svo til, að til hv. Nd. hafi fremur farið þau málin, sem eru umfangsmeiri og búast hefur mátt við meiri umr. um. Ég bendi á, að þrír ráðh. hafa lagt fram fleiri mál í Ed. en í Nd., þannig að ég held, að það sé óhætt að segja, að það kveði minna að misskiptingu á milli deildanna nú en oft áður.

Þetta vildi ég taka fram og taldi mér skylt að gefnu tilefni frá hv. þdm. að gera hreint fyrir mínum dyrum í þessu efni, því að mér er kappsmál, að það sé ekki gert upp á milli d. að þessu leyti. Og ég er þakklátur, eins og ég sagði síðast, fyrir ábendingu hv. þm. og veit, að hún muni verða til þess, að það muni verða hafðar á þessu nánari gætur í framtíðinni. Ég bendi aðeins á, að ekki er hægt að saka hv. Ed.-þm. um, að þeir hafi legið á liði sínu, því að eins og úthýtt dagskrá ber með sér, hafa þeir haldið í Ed., að ég hygg, 68 fundi, en ekki þó nema 63 í Nd. En ég vil ítreka það, að við munum reyna að taka þessa ábendingu þm. til greina og leggja kapp á, að það verði ekki gert upp á milli d. að þessu leyti. Ég minni líka á í þessu sambandi, að sá listi, sem ég hef lagt hér fram, er miðaður við síðasta miðvikudag. Þá er t. d. ekki komið til það mál, sem er á dagskránni hér og ég hygg, að menn séu sammála um, að teljist til veigamikilla **mála.**

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala hér langt mál, þó að af tilviljun séu nokkur blöð hér í skjalamöppu, sem ég er með. Menn þurfa ekki að óttast það. En mér þykir skylt að segja hér nokkur orð. Og þá vil ég byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið af hans hálfu, og fyrir að hafa látið gera yfirlit um það, hvernig háttað er um framlagningu stjfrv. í d., og gera samanburð þar á.

Ég þóttist vita, að hæstv. forsrh. mundi taka alvarlega þetta mál, sem ég hreyfði s. l. miðvikudag, vegna þess, eins og ég sagði þá, að ég minnist þess, að hæstv. forsrh. hefur sjálfur staðið í sömu sporum og ég stóð þá og gert aths. um sama efni. Ég sagði þá, að annaðhvort væri hér um að ræða athugunarleysi, hirðuleysi eða skipulagsleysi í vinnubrögðum eða einhverjar sérstakar ástæður væru fyrir misskiptingu, sem ég taldi vera á milli deilda.

Af því, sem hæstv. forsrh. sagði, mætti ætla, að það hefði kannske verið lítið tilefni fyrir mig að hreyfa þessu máli í síðustu viku. En þegar nánar er að gætt, kemur í ljós, að ég hygg, að það stenzt allt, sem ég sagði um það efni í fyrri viku. En gagnrýni mín beindist að því, hvernig málum hefði verið háttað í þinginu eftir jólaleyfið. Ég tók það fram, að það var tekið fram af hæstv. forsrh., að þetta, sem ég nefndi, hefði ekki verið yfirlit fyrir allt þinghaldið. Nú hefur hæstv. forsrh. gefið yfirlit fyrir allt þinghaldið, og þá kemur í ljós, að það er hvorki ýkjamikill munur á tölu stjfrv. né mikilvægi stjfrv., sem hafa verið lögð fyrir hvora d. fyrir sig. Þannig lítur þetta út, þegar litið er á þinghaldið í heild. En þetta gefur ekki réttar upplýsingar, ef við höldum okkur við þinghaldið eins og það hefur verið frá því eftir jólaleyfi, eins og ég gerði í upphafi. Vil ég aðeins víkja að því til þess að leggja áherzlu á þá gagnrýni, sem ég kom fram með í fyrri viku og hefur ekki verið hrakin með þeim upplýsingum, sem hæstv. forsrh. greindi frá.

Það hlýtur nefnilega að vera eitthvað bogið við það, þegar við horfum upp á það viku eftir viku í Alþ., að það eru 15, 16 og upp undir 20 mál dag hvern á dagskrá í Nd., en 1—2 og hæsta lagi 3 mál í Ed. Og það er ekki tala málanna, sem skiptir höfuðmáli, heldur hver málin eru. Þegar við athugum þetta nánar, eins og ég kom reyndar að í fyrri viku, þá kemur í ljós, að frá því eftir jólaleyfi hafa orðið gagnger umskipti í þessu efni, hvernig ríkisstj. hefur lagt fram stjfrv. og skipt þeim milli d., — gagnger umskipti frá því, sem áður hefur verið. Ríkisstj. hefur lagt fram hin stærstu og veigamestu mál í Nd., svo að segja öll, sem komið hafa fram eftir jólaleyfi, mál sem fjalla um hina þýðingarmestu lagabálka, grundvallarmál og stórpólitísk mál, en hún hefur forðazt að leggja slík mál fyrir Ed.

Þannig hefur hæstv. ríkistj. haft þau vinnubrögð að leggja fyrir Nd. eftir jólaleyfi frv. til l. um skólakerfi, frv. til l. um grunnskóla, frv. til l. um skipulag ferðamála, stóran lagabálk, frv. til l. um breytingu á útreikningi kaupgreiðsluvísitölunnar, stór pólitiskt mál, frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, stórpólitiskt mál, frv. til l. um lyfjaframleiðslu, veigamikið mál,

frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 frá 29. apríl 1967, orkulögum, sem er líka þýðingarmikil breyting, og frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, sem er einnig veigamikið og pólitískt mál. Þetta hefur ríkisstj. allt lagt fram eftir jólaleyfi í Nd. En hvað er það, sem hún hefur lagt fram í Ed.? Það er nánast ekkert, nema hin veigaminni mál og mál, sem líklegt er, að stofni hvorki til deilna né mikilla umr. og í ýmsum tilfellum eru sjálfsögð mál. Það er t. d. frv. til l. um bráðabirgðabreytingu á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, og það er annað frv. um breyt. á þessum lögum. Það er frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum, frv. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. um breyt. á l. um skipulagða löndun á loðnu til bræðslu og frv. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Skaftafellssýslu. Það er upptalið. Berið þetta saman við hin þýðingarmiklu mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur á sama tíma lagt fram í Nd.

Ég sagði, að þetta væri upptalið. Það er ekki alveg nákvæmt. Þegar ég hreyfði þessum málum fyrst, var þetta full talning, en síðar hafa komið til tvö mál. Annað er mál, sem var á dagskrá, þegar ég hreyfði þessu máli í síðustu viku, frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það var lagt inn fyrirvaralaust þá á borð okkar þm. og farið þess á leit, að veitt yrðu afbrigði, til þess að við hefðum eitthvað að gera þann daginn. Og þannig hefur þetta verið. Til þess, að því er virðist, að bjarga andliti d., til þess að við hefðum þó eitthvað að segja í kannske 2—3—5 mínútur dag hvern, þá hefur þráfaldlega verið gripið til þess að leita afbrigða. Ég sagði, að hæstv. forsrh. hefði sjálfur staðið í mínum sporum og rætt þessi mál. Þá tók hann, sem mér er minnisstætt, svo til orða, að það væri óhæfa, ósiður að halda vinnu þessarar d. áfram með því að vera stöðugt að leita afbrigða, og hann sagði, hæstv. forsrh., að í því tilfelli hlyti hann að greiða atkv. gegn afbrigðum, því að hann væri á móti þessum vinnubrögðum. Þetta er einmitt það, sem hefur verið viðhaft í þessari hv. d. frá áramótum eða frá því að þing kom saman eftir jólaleyfið.

En þetta og upplýsingar hæstv. forsrh. gefa tilefni til þess að koma með örfáum orðum nánar inn á það, sem ég taldi helzt koma til greina, að væri ástæðan fyrir þessu ástandi, sem við höfum búið við síðustu vikurnar. Annaðhvort væri um hirðuleysi eða skipulagsleysi eða um sérstakar ástæður að ræða. Ég held, að það sé augljóst mál og m. a. af uppl. forsrh., að hér sé ekki um neina tilviljun eða hirðuleysi að ræða af hálfu ríkisstj. Getur það verið tilviljun, að eftir jólaleyfi skuli öll hin þýðingarmiklu mál vera lögð fyrir Nd.? Getur það verið tilviljun? Þetta vekur aftur þá spurningu, sem ég hreyfði í síðustu viku, hvort það væri samband á milli þessa og þeirrar staðreyndar, að einn af fyrrv. stuðningsmönnum ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki veita stjórninni óskiptan stuðning, eins og hann gerði áður, heldur muni hann dæma um í hverju einstöku tilfelli, hvort mál þau, sem ríkisstj. ber fram, njóti trausts hans og hann vilji styðja þau. Og kann það að vera svo, að hæstv. ríkisstj. sé svo uggandi og vilji fara með svo mikilli aðgát og varúð að þessum hv. þm., að hún telji ekki annað sæmandi en sýna honum málin fyrst eða Nd. til þess að fá þegar á frumstigi málanna úrslit um það, hvort stjórnin kemur hinum þýðingarmiklu málum fram eða ekki? Mér sýnist, að það sé tvennt, sem bendir til þess, að raunverulega sé málum svo háttað sem ég segi nú. Það kann að vera, að það séu nauðsynleg og heppileg vinnubrögð fyrir hæstv. ríkisstj. annnars vegar meðan hún situr í valdastólunum og hins vegar til þess að framlengja valdatímabil sitt. En það eru greinilega ekki heppileg vinnubrögð fyrir Alþ. sjálft. Með því að ég tek hæstv. forsrh. algerlega trúanlegan og veit, að hann meinar það, að hann vill hafa sem skynsamlegust og bezt vinnubrögð í þessum efnum, þá vil ég spyrja hann, hvort það sé réttlætanlegt að fórna því viðhorfi fyrir það sjónarmið að leggja hin þýðingarmestu mál fyrst fyrir Nd. af annanrlegum ástæðum.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um Iðnrekstrarsjóð er þáttur í margvíslegum verkefnum, sem nú er unnið að á vegum iðnrn. í þeim tilgangi að auka framleiðni íslenzks iðnaðar í bráð og lengd, en eins og oft hefur komið fram, er núverandi ástand iðnaðarins á þessu sviði langt frá því að vera ákjósanlegt. Í reynd er það risavaxið verkefni að koma iðnaðinum í það horf, að hann geti staðizt í erlendri samkeppni, hvort heldur er á heimamarkaði eða á milljónamörkuðum þeirra stóru viðskiptaheilda, sem verið hafa að myndast umhverfis okkur á síðustu tímum. Mér þykir rétt að gera stutta grein fyrir þeirri vinnu, sem unnin hefur verið og enn er verið að vinna á vegum iðnrn. á þessum sviðum.

Í fyrsta lagi hefur mikið starf verið unnið við gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Ísland, en hún miðast við árabilið 1973—1980. Það starf hefur einkum verið unnið af starfsmönnum frá UNIDO eða Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, en í des. 1970 hafði fyrrv. ríkisstj. formlega sent umsókn til Sameinuðu þjóðanna, þar sem óskað var aðstoðar við áætlanagerð og aðgerðir til að efla iðnþróunina. Í meðförum Sameinuðu þjóðanna var heildarverkefninu skipt milli tveggja undirstofnana Sameinuðu þjóðanna. Annars vegar var aðstoð við að móta og framkvæma áætlanir um eflingu útflutningsiðnaðar, en það kom, eins og fyrr segir, í hlut UNIDO með Iðnþróunarstofnun Íslands sem samstarfsaðila. Hins vegar var aðstoð við að móta og framkvæma áætlanir til að efla útflutning iðnaðarvara, en það verkefni var falið Viðskiptastofnun Sameinuðu þjóðanna með Útflutningsmiðstöð iðnaðarins sem samstarfsaðila. Ég vil láta það liggja á milli hluta, hvort þessi tvískipting verkefnanna hafi verið æskileg og hvort ekki hefði í reynd verið eins heilladrjúgt, ef Íslendingar hefðu fengið sér sína eigin erlendu sérfræðinga. En slíkar hugleiðingar eftir á eru tilgangslitlar.

Við þetta tækifæri ætla ég mér ekki að gera ítarlega grein fyrir iðnþróunaráætluninni, starfi

við hana eða uppbyggingu á hlutverki hennar, enda mun gefast tækifæri til þess seinna. Áætlunargerðinni *sjálfri er nú lokið, og var iðn*þróunaráætlunin formlega afhent mér 28. febr. s. l. Mun hún þurfa staðfestingu UNIDO, og jafnframt er nú verið að þýða hana á íslenzku, og mun ég síðan kynna hana og dreifa hér á Alþ. Ég geri mér vonir um, að það geti orðið í lok yfirstandandi þings. Að sjálfsögðu verður jafnumfangsmikil áætlunargerð sem þessi ekki framkvæmd án fjármagns, og er iðnrekstrarsjóði þeim, sem þetta frv. fjallar um, m. a. ætlað það hlutverk að auðvelda þá fjármögnun á byrjunarstigi, þótt vissulega þurfi þar að koma til fleiri aðilar.

Í öðru lagi er á vegum rn. unnið að því að efla útflutning iðnaðarvara, eins og ég gat um að framan, og mun ég síðar koma að því verkefni sérstaklega. Það starf er fremur fólgið í margs konar aðgerðum, markaðsrannsóknum, þjálfun og heimsóknum til fyrirtækja en í skriflegum áætlunargerðum, þótt ýmsar uppástungur og hugmyndir liggi þegar fyrir.

Í þriðja lagi eru hafnar aðgerðir innan einstakra iðngreina til að auka hagræðingu og framleiðni. Þetta eru skammtímaaðgerðir unnar í samvinnu við iðnþróunarsjóð. Hafa sérstakar iðngreinanefndir starfað að þessum verkefnum, og hefur starfi þeirra miðað vel. Það liggur í augum uppi, að starfsemi þessara n. hlýtur að falla saman við iðnþróunaráætlunina, þegar hún verður framkvæmd, og munu þá n. að öllum líkindum hætta störfum.

Í fjórða lagi er unnið að mörgum einstökum fyrirætlunum, svo sem athugunum á basaltframleiðslu, vinnslu á perlusteini, sjóefnavinnslu o. fl. Gosefnanefnd er starfandi á vegum rn. og nýlega voru sem kunnugt er samþykkt lög um stofnun undirbúningsfélags til þangvinnslu að Reykhólum við Breiðafjörð.

Í fimmta lagi hefur svo viðræðunefnd um orkufrekan iðnað verið að störfum á vegum rn., en hún kannar möguleika á samstarfi við erlenda aðila um að stofna stóriðjufyrirtæki hér í tengslum við virkjun hjá Sigöldu.

Allt er þetta þó í reynd sama verkefnið, efling íslenzks iðnaðar, og nauðsynlegt er að stjórna því þannig, að tryggt sé, að takmarkaðir fjármunir og sérfræðingar nýtist sem bezt. Sú hætta er einnig fyrir hendi, að um nokkra skörun verkefna sé að ræða, þegar margir aðilar annast ýmsar hliðar sama verkefnis. Rn. mun á næstunni gera ráðstafanir, sem koma í veg fyrir tvíverknað, og samræma meira en verið hefur ofangreinda starfsemi. Augljóst er, að vandaðar og vel unnar áætlanir eru lítils virði, ef framkvæmd þeirra er ekki tryggð sem bezt. Eins eru margvíslegar framkvæmdir gagnslítlar og jafnvel skaðlegar, ef þær byggjast ekki á *áætlunum og útreikningum*.

Frv. það, sem hér liggur fyrir d., þar sem lagt er til, að stofnaður verði sjóður til skipulagsbreytinga í iðnaði, er beint áframhald þeirrar margvíslegu starfsemi, sem ég gat um að framan. Hann á að vera eitt af þeim tækjum, sem tryggja framkvæmd iðnþróunaráætlunarinnar, en án fjármagns verður ekkert gert.

Eins og ég gat um í upphafi, er aukinn útflutningur iðnaðarvara eitt þeirra verkefna, sem nú er unnið að. Verulega aukinn útflutningur er forsenda fyrir þeirri iðnþróun, því að heimamarkaður okkar er allt of lítill til þess, að hagkvæm og ódýr framleiðsla geti átt sér þar stað í stórum stíl. Markaðsöflun og útflutningsstarfsemi eru því mjög mikilvægur þáttur í iðnþróun sérhvers lands, enda tilgangslaust að framleiða vöru, sem enginn vill kaupa, hversu mikil gæðavara sem það annars kann að vera. Mér þykir hæfa að geta þess hér, að fyrstu vikuna í apríl verður haldinn sérstök ráðstefna um útflutningsmál, þar sem sérfræðingar frá Sameinuðu þjóðunum munu halda fyrirlestra um hinar margvíslegu hliðar útflutnings og markaðsstarfsemi. Þátttakendur verða íslenzkir iðnrekendur og aðstoðarmenn þeirra. Einnig er fyrirhuguð sérstök áróðursherferð innanlands og utan til þess að örva útflutning og kynna íslenzkar vörur. Innganga okkar í EFTA og viðskiptasamningur okkar við Efnahagsbandalag Evrópu, sem nýverið hefur verið staðfestur, gera hlutverk útflutningsiðnaðarins enn mikilvægari. Sölu- og markaðsmál hafa hins vegar ætíð verið í heldur lágu gengi hér á landi. En það á orsakir sínar í verðbólgu innanlands, sem hefur gert það að verkum, að hægt er að selja hvað sem er fyrir nærri því hvaða verð sem er. Þess vegna hafa íslenzkir iðnrekendur ekki beitt sér sem skyldi að því að afla markaða erlendis, og er nú svo komið, að við erum komnir nokkuð aftur úr og gera þarf stórátak til að bæta um á þessu sviði.

Skömmu eftir að gosið í Heimaey hófst og þegar sýnt var, að við yrðum fyrir verulegu útflutningstapi vegna þess, kallaði ég á minn fund 20 helztu útflytjendur iðnaðarvara og lagði til við þá, að þeir einbeittu sér að því að auka verulega útflutning iðnaðarvara á yfirstandandi ári til að vega upp á móti útflutningstapi því, sem Vestmannaeyjagosið hefði í för með sér. Rn. hafa þegar borizt svör frá ýmsum aðilum, þ. á m. frá 7 stærstu aðilunum, með grg. um útflutningsstöðu þeirra nú. Samkv. áætlunum þeirra búast þessi 7 fyrirtæki við því að geta aukið útflutning sinn úr 1000 millj. kr. í 1800 millj. kr. á næstu 12—18 mánuðum. En ef allur iðnaðurinn er talinn, telja sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna, að unnt sé að tvöfalda iðnaðarútflutninginn á 12—18 mánuðum eða úr 1200 millj., eins og hann var í fyrra, í ca. 2500 millj. En til þess að þetta geti orðið, þurfa fyrirtækin á ýmiss konar fyrirgreiðslu að halda, einkum í formi rekstrar- eða fjárfestingarlána, sem ætla má, að séu á bilinu 50—80 millj. kr. Iðnrekstrarsjóði er m. a. ætlað að hlaupa hér í skarðið, þótt hann ráði engan veginn einn við þetta verkefni.

Mér þykir rétt til fróðleiks að skýra mönnum frá aðalatriðunum í svörum þessara 7 stærstu útflytjenda um möguleika sína á að auka útflutning sinn á næstu 12—18 mánuðum:

Fyrirtækið Álafoss flutti út á árinu 1972 fyrir 200 millj. kr. Fyrirtækið áætlar, að það geti aukið útflutning sinn upp í 400 millj. kr. á árinu 1973, þ. e. a. s. tvöfaldað framleiðsluna og aukningin verði 200 millj. Til þess að þetta sé mögulegt, telur fyrirtækið sig þurfa aukið

rekstrarfé, sem nemi 50 millj. kr., og aukið fjárfestingarfé, sem nemi 30 millj. kr., og þurfi að bæta við sig um 20 manns.

Samband ísl. samvinnufélaga flutti út á árinu 1972 fyrir 340 millj. kr. Sambandið áætlar, að það geti aukið útflutning sinn á árinu 1973 í 500 millj. kr. eða um 160 millj. Til þess að svo geti orðið, þurfa fyrirtæki Sambandsins að auka rekstrarfé sitt um 8 millj. og fjárfestingarfé um 15—20 millj. og mannaflaþörf þeirra yrði 40—60 manns. Hér er átt við fyrirtækin á Akureyri.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins flutti út á árinu 1972 fyrir 200 millj. kr. Sölustofnunin áætlar, að hún geti aukið þennan útflutning í 400 millj. kr. á árinu 1973 eða um 200 millj. kr. án þess að þurfa á að halda auknu rekstrarfé eða auknu fjárfestingarfé. Hins vegar er mannaflaþörfin um 60 manns, og er það aðallega átt við fólk utan Reykjavíkur.

Kísiliðjan flutti út á árinu 1972 fyrir 195 millj. kr. Hún áætlar að geta aukið útflutning sinn á árinu 1973 í 300 millj. eða um 105 millj. kr., án þess að til þurfi að koma aukið rekstrarfé, fjárfestingarfé eða mannafli.

Sláturfélag Suðurlands flutti út á árinu 1972 fyrir 55 millj. kr. Það áætlar að geta aukið útflutning sinn á árinu 1973 í 100 millj. eða um 45 millj. kr., án þess að til komi aukning á rekstrarfé, fjárfestingarfé eða mannafla.

Fyrirtækið Hekluvikur flutti út á árinu 1972 fyrir 20 millj. kr. Það fyrirtæki áætlar að geta aukið útflutning sinn í 80 millj. eða um 60 millj. kr., en þarf til þess aukið rekstrarfé, sem nemur 10 millj. kr., og tvo menn í viðbót.

Fyrirtækið Glit flutti út á árinu 1972 fyrir 3 millj. kr. Það áætlar að geta tífaldað útflutning sinn á árinu 1973 eða í 30 millj., þ. e. aukning um 27 millj. kr., en þá þurfi að koma til aukning á rekstrarfé, sem nemur 10 millj. kr.

Samtals er þannig háttað um þessi 7 fyrirtæki, að þau fluttu út á árinu 1972 fyrir 1013 millj. kr., en telja sig geta aukið útflutning sinn á árinu 1973 upp í 1810 millj. eða um 800 millj. kr. Það má marka af þessum tölum, að útflutningsaukningin er fyrst og fremst bundin við hærra nýtingarhlutfall véla og mannafla. Sú fjármagnsþörf, sem ég vék að, er alls um 120 millj. kr., og með þeirri upphæð væri hægt að veita 120—140 manns atvinnu, en það þýðir, að það kostar 1 millj. kr. að auka vinnumagn um eina einingu, þ. e. a. s. um einn mann. Þetta er fjármagnskostnaður, sem er tiltölulega mjög lágur í samanburði við það, sem þarf að fjárfesta til að auka mannafla, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, þannig að þjóðhagslega yrði hér um mjög hagkvæma framkvæmd að ræða. Auk þessa er þörf á stórhættu skipulagi í sölustarfsemi, og ýta þarf undir áhuga allra til að auka útflutning okkar, því að hann er hornsteinn afkomu þjóðarinnar.

En þótt aukinn útflutningur skipi háan sess, eru mörg önnur verkefni, sem bíða óleyst og taka þarf sérstaklega til úrlausnar. Breyta þarf öllu innra umhverfi iðnaðarins hér á landi, því að án meiri framleiðslu og betri gæða verður enginn útflutningur aukinn. Þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja þessa útflutningseflingu, koma fram í 6. gr. frv.: „að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu með framlögum eða lánum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins; að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra; að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánum eða styrkjum í þeim tilgangi að byggja upp stærri eða hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.“ Þetta verður hins vegar ekki gert að óbreyttri fjárhagsuppbyggingu fyrirtækja, en hún er í flestum tilvikum slæm. Því er sjóðnum heimilað að kaupa hlutabréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra og afla sér með öðrum hætti eignarhalds í fyrirtækjum. Hér er þó ekki á ferðinni nein þjóðnýtingarstefna, heldur á þetta að vera trygging fyrir því, að ýmis fyrirtæki, sem hafa lítið eigið fé, sem er forsenda fyrir endurbótum í ýmsum tilvikum, geti ekki staðið í vegi fyrir þeirri framleiðsluaukningu og þar með atvinnuaukningu, því að það er skylda ríkisins að tryggja fulla atvinnu, og til þess verður að hafa tæki.

Eins og greint er í 5. gr., er fjármagn sjóðsins þannig til komið, að í hann á að renna gengishagnaður sá, sem heimilað var að taka í sambandi við gengislækkunina í des. s. l., og enn fremur gengishagnaður, sem verið hefur ónotaður á sérstökum reikningi hjá Seðlabankanum og kom til í sambandi við gengislækkunina 1968. Þá er þarna getið um framlög ríkissjóðs, án þess að nokkra upphæð sé hægt að tilgreina. Þegar verið var að semja þetta frv. í haust, stóð til og var raunar fastmælum bundið, að til sjóðsins rynni verulegt fjármagn úr ríkissjóði. Hins vegar er óvissan um stöðu ríkissjóðs þannig nú eftir náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, að það er mjög erfitt að leggja slíkar byrðar á ríkissjóð á þessu stigi málsins, þannig að þetta er haft þarna með sem tekjuliður, án þess að nokkur upphæð sé tilgreind á þessu stigi. Hins vegar hef ég haft samband við íslenzka forráðamenn Iðnþróunarsjóðs og hef spurt þá að því, hvort þeir muni ekki telja það vera eðlilegt verkefni fyrir Iðnþróunarsjóðinn að útvega Iðnrekstrarsjóði fjármagn, sem hægt yrði að nota þegar á þessu ári, því að það skiptir mjög miklu máli, að þessi sjóður geti tekið til starfa á þessu ári. Og undirtektir þeirra hafa verið svo jákvæðar, að ég hygg, að það sé alveg vafalaust, að Iðnþróunarsjóðurinn gæti komið í staðinn fyrir þær upphæðir, sem áður voru ætlaðar úr ríkissjóði, þannig að þessi sjóður gæti á árinu haft til umráða á annað hundrað millj. kr., en það er algert lágmark hygg ég, ef sjóðurinn á að gegna hlutverki sínu. Og í grg. með frv. koma fram ýmsar staðreyndir, sem ég hygg, að fróðlegt sé fyrir menn að velta fyrir sér. Ég vil t. d. benda á töflu á bls. 4 í kaflanum „Vandi iðnaðarins og staða hans nú.“ Þar segir, að stærð þess almenna vanda, sem við er að glíma, megi nálgast með því að bera saman vinnsluvirði á mannár í verksmiðjuiðnaði í Noregi,

Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi á árabilinu 1968—1971. Af töflunni kemur í ljós, að á árinu 1968 var vinnsluvirði á mannár á Íslandi aðeins 35% af því, sem var í Svíþjóð, á árinu 1969 40% og á árinu 1970 49%. Við vorum þannig ekki hálfdrættingar í samanburði við þá Norðurlandaþjóð, sem lengst er kominn á sviði iðnaðar. Og þessi samanburður sýnir okkur einkar vel, hversu mikið verk er óunnið að því að auka framleiðni og hagkvæmni í fyrirtækjunum, og á það verður að leggja aðaláherzlu.

Í verksmiðjuiðnaði, og þá er fiskiðnaður ekki meðtalinn, störfuðu árið 1965 alls tæplega 13 þús. manns, en árið 1970 um 14 200 manns. Á þessum 5 árum hafði heildarmannafli í iðnaði því aukizt um 10%. Þetta er um 16% af heildarvinnuafli þjóðarinnar, en framlag iðnaðarins til þjóðarframleiðslu nam 15.6% árið 1969. Mannaflaþróun innan einstakra iðngreina var þó afar misjöfn. Mest var aukningin í efnaiðnaði, leðuriðnaði og ýmsum nýrri iðngreinum. Árið 1970 störfuðu í ýmiss konar matvælaiðnaði öðrum en lagmeti 2340 manns. Í vefja-, fata- og skóiðnaði um 2030 manns og í málmiðnaði og bifreiðaviðgerðum um 4300 manns. Í öðrum iðngreinum, svo sem mjólkur- og sláturiðnaði, varð samdráttur í vinnuafli, en einnig í skóiðnaði og málmiðnaði, öðrum en smíði raftækja og samgöngutækja, þar sem mikil aukning varð.

Ég vil einnig benda mönnum sérstaklega á töflu, sem er að finna á bls. 5, en þar er á það bent, að verksmiðjuiðnaðurinn á Íslandi einkennist af mörgum litlum fyrirtækjum og tiltölulega lágu tækni- og vinnslustigi. Um stór fyrirtæki með sjálfvirkri framleiðslutækni er varla að ræða. Þetta kemur í veg fyrir nauðsynlega sérhæfingu, en hún er forsenda mikillar framleiðni og samkeppnishæfni á mörkuðum. Ef menn lita á þessa töflu, kemur í ljós, að fjöldi fyrirtækja í iðnaði er alls 2157, en af þessum fyrirtækjum eru 743 eða rúmur þriðjungur, sem aðeins hafa í þjónustu sinni einn mann eða minna í heild, 1087 fyrirtæki, eða um það bil helmingur, hafa í þjónustu sinni 2 menn eða minna. Þetta eru afar lítil fyrirtæki, sem hljóta að eiga mjög erfitt uppdráttar, þegar að því kemur að takast á í fullri alvöru í samkeppni við vörur frá miklu stærri þjóðfélögum, þar sem fyrirtækin eru betur undir það búin að beita nútímatækni og nútimaaðferðum. Taflan sýnir, að vinnuafl í 86.6% allra iðnfyrirtækja er aðeins frá 1—10 mannár og í þeim vinna tæp 40% alls mannafla, 11.3% iðnfyrirtækja eru með vinnuafl, sem jafngildir 10—20 mannárum, en veita 37.6% mannaflans atvinnu, en það eru aðeins 2% stærstu fyrirtækjanna, sem hafa 23% vinnuaflsins í þjónustu sinni. Framleiðsla þessara fyrirtækja hefur verið svo til eingöngu fyrir heimamarkað. Innan við 10% af iðnaðarframleiðslunni er flutt út. Framleiðsla fyrirtækjanna er gerð eftir pöntunum, en ekki er framleitt á lager, eins og tíðkast í þróuðum iðnaði. Þetta bendir til árlegrar nýtingar véla og mannafla.

Iðnaðarhefð er hér hverfandi lítil og margar handiðnir týndar niður, þótt á síðustu árum hafi átt sér stað nokkur endurvakning þar. Ungar iðnaðarþjóðir eiga alltaf í höggi við eitt vandamál, sem oft reynist örðugt fyrir þær að leysa, en það eru hvers konar aðstæður til iðnrekstrar. Framboð hráefna, vélakosts og sérstakra tækja getur verið illa skipulagt. Á vinnumarkaðinum er erfitt að fá nægilegt framboð sérhæfðs fólks, og fjármagnsmarkaðurinn býður ekki fram fjármagn til að fullnægja mismunandi og síbreytilegum þörfum fyrirtækjanna. Síðast, en ekki sízt skortir mjög á ýmsa ráðgjöf og þjálfun á sviði hagfræði, stjórnunar, tækni, markaðsmála, sem sérhæfð framleiðsla þarfnast. Þó að nokkur vísir sé hérlendis til þess að fullnægja þessum þörfum, skortir enn mjög mikið á, að nægilegt sé. Af þessum ástæðum hefur n. á vegum iðnrn. unnið að athugun á samhæfingu á tækniþjónustu iðnaðarins, og hefur hún nýlega skilað áliti til rn., en ráðgert er að leggja fram frv. til l. um það efni á næsta þingi.

Eins og fram hefur komið af þessum orðum, er mikil þörf fyrir umbreytingar í iðnaði, svo að hann geti tekið við þeim aukna mannafla, sem nauðsynlegur er, ef halda á áfram að keppa að fullri atvinnu handa landsmönnum. Nauðsynlegt er að auka mjög verulega fjárframlög til tæknistofnana iðnaðarins, sem til stendur að sameina í Iðnþróunarmiðstöð Íslands. Þótt stefna beri tvímælalaust að því, að iðnaðurinn geti sjálfur greitt í sem mestum mæli þá þjónustu, sem honum er veitt, er ekki hægt að búast við því enn sem komið er, að hann greiði hana að fullu. Skilningur á þessari auknu þörf hefur ekki enn fengizt staðfestur á fjárl., og er því gert ráð fyrir, að veita megi fjárframlög úr sjóðnum til þeirra stofnana, sem starfa í þágu iðnaðarins, hvort heldur er um að ræða aðstoð við þróun framleiðslunnar eða við að koma vörum á markað. Ber að undirstrika það síðarnefnda vegna þess, hve útflutningsverzlunin er mikilvæg landsmönnum. Iðnaðurinn þarf á mjög skömmum tíma að laga sig að markaðsaðstæðum í Evrópu, en þær eru undirorpnar stöðugum breytingum. Stórir markaðir krefjast stórra framleiðslueininga á háu tæknistigi og mikillar sérhæfingar, þar sem knappar auðlindir hagnýtast sem bezt. Þess háttar framleiðslueiningar heyra hérlendis til algerra undantekninga, eins og ég vék að áðan. Ef fyrirtæki eða iðngrein á að geta staðið sig og aukið framleiðslu sína, verða þau að laga sig að þessum ytri aðstæðum, sem geta tekið á sig mjög misjöfn form. Skipulagsbreytingar innan fyrirtækja munu oft hafa í för með sér verulega fjárfestingu, svo sem breytingar á vélakosti, húsnæði, vinnutilhögun og mörgu fleiru. Þegar talað er um vandamál, sem tengd eru innri gerð fyrirtækja, er verið að benda á margs konar aðstæður, sem koma í veg fyrir umbreytingar og aðlögun, sem í sífellu þarf að eiga sér stað í atvinnulífinu. Breytingar eru í sjálfu sér ekki vandamál, heldur er aðlögun atvinnulífsins að ytri aðstæðum erfiðari og krefst stundum stærri fórna en æskilegt og nauðsynlegt er. Þetta gerist, ef lögmál efnahagskerfisins eru látin óheft. Ef leggja þarf niður fyrirtæki og stofna ný eða auka hagkvæmni í rekstri, myndast mörg vandamál, ekki

sízt félagsleg, sem leysast ekki af sjálfu sér og þarfnast utanaðkomandi afskipta. Við samvinnu eða samruna margra fyrirtækja á að vera hægt að nýta sameinaðar auðlindir betur en einstök fyrirtæki geta gert. Það er ekki kappsmál að fá stór fyrirtæki. Samruni tveggja eða fleiri minni fyrirtækja gerir hins vegar oft kleift að ná hærra hagkvæmnistigi, en það getur leitt til lægri meðalkostnaðar eða til þess, að meðalkostnaður hækki minna en ella hefði orðið. Á þessu sviði er afar margt ógert hér á landi, og það hlýtur að vera eitt af helztu verkefnum ríkisvaldsins að aðstoða við að framkvæma þessa aðlögun á sem snurðulausastan hátt og án þess að valda samfélagslegu öngþveiti.

Í sambandi við þá aðferð að stofna hér sérstakan iðnrekstrarsjóð, er rétt að geta þess, að fyrir eru í landinu 3 fjárfestingarsjóðir, sem auk viðskiptabankanna veita fjármagn til iðnaðarins. Þeirra elztur er Iðnlánasjóður. Hann veitir einkum stofnlán til véla- og tækjakaupa og til byggingar verksmiðju og iðnaðarhúsa. Í lögum nr. 68 frá 1967 er Iðnlánasjóði heimilað að veita lán til endurskipulagningar iðnfyrirtækja svo og til hagræðingar í iðnrekstri. Voru í þeim tilgangi boðin til sölu vaxtabréf. Alls á sjóðurinn nú 7.1 millj. kr. útistandandi í hagræðingarlánum, þar af eru tæpar 5 millj. kr. fjármagnaðar með útgáfu vaxtabréfa. Reynt hefur verið að taka tillit til hagræðingaráforma við veitingu lána til vélakaupa og hagræðing orðið þannig tilefni til lánveitinga. Þetta er þá eingöngu við það bundið, að sótt sé um stofnlán til fjárfestingar í vélum eða tækjum. Samkvæmt heimild í lögum skal veita allt að 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til almennra hagsbóta og hagrannsókna í iðnaði. Hefur fé þetta verið veitt til ýmissa verkefna á vegum hagsmunasamtaka atvinnurekenda. Meðal verkefna má nefna fjármögnun hagsveifluvogar iðnaðarins, en á s. l. ári nam framlagið til hagrannsókna 3.6 millj. kr.

Iðnþróunarsjóði er í sérstökum tilvikum heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu eða um 120 millj. kr. alls. Af þessu hafa verið samþykktar 14 millj. kr., en þar hafa verið útborgaðar 11.9 millj. kr., sem skiptast á milli lána að upphæð 3.8 millj. kr. og styrkja 5.1 millj. Til þess að koma í veg fyrir skörun verkefna við Iðnþróunarsjóð er gert ráð fyrir, að hann tilnefni einn mann í stjórn Iðnrekstrarsjóðs.

Þriðji sjóðurinn, sem veitir lán til iðnaðarins, er Útflutningslánasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 47 1970. Hlutverk hans er fyrst og fremst að veita lán til að bæta samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar gagnvart erlendum iðnaði. Minni hætta er á skörun verkefna eða ósamræmdri lánastefnu við hann.

Af þessu yfirliti má sjá, að enginn þeirra sjóða, sem fyrir eru nú, gegnir sams konar hlutverki og Iðnrekstrarsjóði er ætlað að hafa. Sérstaka aðstoð til rannsókna og markaðsathugana er samkvæmt framansögðu hægt að veita úr Iðnþróunarsjóði, en bæði er, að ekki er beinlínis gert ráð fyrir hagræðingar- og framleiðniaukandi framlögum, og einnig mun sjóðurinn aðallega miða við hóp fyrirtækja eða eina iðngrein, þegar slík framlög eru veitt.

Vissulega hefði verið æskilegt að sameina eitthvað af fyrrnefndum sjóðum nú, og verður að stefna að því mjög bráðlega. Það þótti þó ekki tímabært nú, enda þarf að athuga það mál betur, og ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt að geta tekizt á við þetta verkefni þegar á þessu ári. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að þetta heildarverkefni geti fallið inn í þá heildarlöggjöf, sem áformað er að leggja fyrir næsta þing og getið var hér að framan.

Við samningu þessa frv. hefur verið haft samband við ýmsa forustuaðila í iðnaði, og þeir hafa látið í ljós mikinn áhuga á því, að þetta mál gæti náð fram að ganga á þessu þingi. Ég vona, að afstaða hv. alþm. verði á sömu lund og sú meginhugmynd, sem í frv. felst og hljóti hér góðar undirtektir.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. iðnn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í iðnn., skal ég reyna að vera fremur stuttorður, þótt ég finni hvöt hjá mér til þess að drepa á einstök atriði þessa frv. og enn fremur eftir ræðu hæstv. iðnrh. að fjalla e. t. v. um nokkur atriði, sem hann gerði að umtalsefni.

Hæstv. iðnrh. nefndi ýmis þau verkefni, sem iðnrn. ynni nú að, og tiltók þar í 5 liðum iðnþróunaráætlunina, eflingu útflutningsiðnaðarins, sérstakar aðgerðir innan sérstakra iðngreina á vegum Iðnþróunarsjóðsins, einstök verkefni í sambandi við möguleika á vinnslu perlusteins, sjóefnavinnslu og því um líku og loks viðræður þær, sem færu fram um sölu á orku og möguleikum á því að koma á orkufrekum iðnaði umfram það, sem nú á sér stað í landinu. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. iðnrh. og iðnrn. í heild sinni hefur haldið áfram að vinna að þessum verkefnum, en vinnan við öll þessi verkefni var hafin í tíð fyrrv. ríkisstj. Að minni hyggju á hæstv. iðnrh. þakkir skilið fyrir að halda þeirri stefnumörkun fyrrv. ríkisstj. óbreyttri.

Þegar rætt er um iðnaðarmál, kemur fjármagnsþörf iðnaðarins þar hvað greinilegast í ljós, ef við viljum efla iðnaðinn í landinu, að við tölum nú ekki um útflutningsiðnaðinn sérstaklega. Því er eðlilegt, að athyglin beinist að því að kanna, með hvaða hætti unnt er að efla fjármögnun iðnaðarins. Með sjóðmyndun þeirri, sem þetta frv. fjallar um, finnst mér hins vegar ekki á þessu stigi vera um að ræða nýtt fjármagn iðnaðinum til handa, eins og hæstv. iðnrh. gat um. Það er gert ráð fyrir því, að þessi sjóður fái fyrst og fremst gengishagnað samkvæmt lögum frá 1968 og 1972, en hvort tveggja var í löggjöf ætlað iðnaðinum. Þetta frv. fjallar eingöngu um það, með hvaða hætti nýta skuli það iðnaðinum til hagsbóta í einstaka atriðum. Þannig er þarna ekki um að ræða nýtt fjármagn iðnaðinum til handa. Hæstv. iðnrh. gat um, að ætlazt hefði verið til, að

framlag kæmi úr ríkissjóði, en frá því hefði verið horfið vegna erfiðra aðstæðna ríkissjóðs. Í staðinn kæmi væntanleg lánveiting frá Iðnlánasjóði. Með þeirri lánveitingu er ekki heldur um neitt nýtt fjármagn að ræða iðnaðinum til handa. Þess vegna er gildi þessa frv. ákaflega takmarkað að þessu leyti.

Þá vildi ég enn fremur láta þá skoðun í ljós á þessu stigi málsins, að eðlilegra hefði verið að kanna, hvort unnt hefði verið að útvíkka nokkuð hlutverk þeirra lánastofnana og sjóða iðnaðarins, sem fyrir eru í landinu, að svo miklu leyti sem ekki var talið, að lög þeirra og reglur heimiluðu framlög og lán til þess verkefnis, sem þessi sjóður á að sinna, áður en efnt er til stofnunar nýs sjóðs. Í þessu sambandi vil ég taka undir það, sem hæstv. iðnrh. sagði og í grg. frv. segir, að vissulega hefði verið æskilegt að sameina þá sjóði, sem fyrir eru, í stað þess að bæta einum sjóðnum við. Ég tel sem sagt, að þessi sjóðmyndun stefni í þveröfuga átt við það, sem hæstv. iðnrh. og grg. frv. segja æskilega þróun að því er snertir sjóðamál iðnaðarins. Það er sem sagt verið að fjölga sjóðum til þess svo aftur síðar að geta fækkað þeim frá því, sem var, áður en þessi sjóður var stofnaður. Hér finnst mér vera um handarbakavinnu að ræða.

Getið er um það í grg., að Iðnlánasjóður geti veitt lán til hagræðingar í iðnrekstri, þótt það hafi eingöngu verið við það bundið, að sótt sé um stofnlán til fjárfestingar í vélum og tækjum. Þarna hefði vissulega verið möguleiki á því að víkka út starfsemi Iðnlánasjóðs og veita honum víðtækari og rýmri heimildir til þess að vinna sérstaklega að verkefnum, sem þessum nýja sjóði eru ætluð.

Jafnframt gat hæstv. ráðh. þess og í grg. er á það minnzt, að Iðnþróunarsjóður hafi og á stefnuskrá sinni og hafi heimild til að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana og í þeim efnum geti verið um nokkra skörun viðfangsefna að ræða milli Iðnþróunarsjóðs og hins nýja Iðnrekstrarsjóðs. Ég hefði í fljótu bragði haldið, að þarna hefði fremur átt að fara þá leið að veita Iðnþróunarsjóði rýmri heimildir eða gera verkefnaskil hans og Iðnlánasjóðs að þessu leyti skýrari heldur en að bæta nýjum sjóði við, sérstaklega þar sem ekki er ætlazt til, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, að veita nýju fjármagni til þessa nýja sjóðs.

Í tíð fyrrv. ríkisstj. var samþ. ýmiss konar löggjöf til þess að efla möguleika iðnaðarins í landinu til þess að eiga aðgang að lánsfjármagni. Á ég þar við endurbætta löggjöf um Iðnlánasjóð og þ. á m. stofnun sérstakrar hagræðingardeildar innan hans. Þar á ég við stofnun Iðnþróunarsjóðs, sem m. a., eins og ég gat um áðan og hæstv. ráðh. raunar einnig, hefur heimild til ýmiss konar fyrirgreiðslu, sem horfir til hagræðingar í rekstri iðnfyrirtækja. Það var enn fremur samþ. löggjöf um útflutningslánasjóð iðnaðarins, þ. á m. var veitt heimild til sérstakra samkeppnislána íslenzkum iðnaði til handa til þess að auðvelda samkeppnisaðstöðu hans gagnvart erlendum iðnaði á innlendum markaði. Loks voru svo a. m. k. tvívegis samþykkt lög um að breyta lausafjárskuldum iðnaðarins í lengri lán. Allt þetta var út af fyrir sig góðra gjalda vert og hefur gert iðnaðinum mikið gagn, m. a. í sambandi við þá samkeppni, sem hann hefur staðið í, eftir að aðild okkar að EFTA varð að veruleika.

Það fer þó ekki á milli mála, að iðnaðurinn er ekki enn þá nægilega fjármagnaður til þess að takast á við verkefni, sem við ætlum þessari atvinnugrein í framtíðinni og þá ekki sízt í sambandi við þann viðskiptasamning, sem nú hefur verið fullgiltur við Efnahagsbandalagslöndin í kjölfar aðildar okkar að EFTA. Ég get því mjög vel tekið undir með hæstv. iðnrh., að hér verði að taka til hendinni, ef við viljum láta vonir okkar um framtíðarvöxt iðnaðar á Íslandi rætast.

Ég er með þessum orðum mínum og ábendingum ekki að lýsa endanlegri afstöðu minni til þessa frv. eða til þess að stofna þennan sjóð. Ég hef fremur komið með þessar ábendingar á þessu stigi málsins til þess að segja, hvað mér býr í brjósti og hvað ég mun í iðnn. sérstaklega óska eftir, að verði kannað og athugað. Enn fremur geri ég þetta á þessu stigi málsins til þess, að hæstv. iðnrh. geti komið að aths. sínum við þessar hugleiðingar mínar og ábendingar, svo að iðnn. fái það einnig í vegarnesti.

Ég skal svo, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram, að ég er sammála hæstv. iðnrh., þegar hann telur, að sölu- og markaðsmál hafi löngum verið með okkur Íslendingum í lágu gengi. Hann nefndi þá ástæðu sérstaklega, að það væri verðbólgan, sem hér væri orsökin. Ég skal ekki út af fyrir sig draga það í efa, að verðbólguþróun hér innanlands hefur átt sinn þátt í því, að sölu- og markaðsmálum hefur ekki verið sinnt sem skyldi. En ég held, að í þessu eigi nokkurn þátt áróður ákveðinna pólitískra flokka, sem telja sölu- og markaðsstarfsemi til ónauðsynlegrar, ef ekki skaðlegrar milliliðastarfsemi. Ég hygg, að sá áróður hafi átt töluverðan þátt í því að draga úr gildi sölumennsku og útbreiðslu á ágæti okkar framleiðslu. Þetta er út af fyrir sig mjög óheilbrigður hugsunarháttur, því að í góðri sölu- og markaðsstarfsemi er fólgin verðmætaauknin fyrir þjóðarbúið, og hún er grundvöllur þess, að útflutningsiðnaðurinn í landinu fái að þróast.

Ég held líka, að það sé ákaflega athyglisvert, sem stendur í grg. þessa frv., að eigið fjármagn íslenzkra iðnfyrirtækja sé aðeins 26%, og sammála er ég því, er segir í grg., að það hljóti að teljast mjög lágt. Hér er um það að ræða, að til þess að auka þetta eigið fjármagn þarf að bæta rekstrarafkomu iðnaðarins í landinu. Það er skilyrði fyrir því, að eigið fjármagn myndist. Og það er ekki unnt nema með því að breyta svo skattal. í landinu, að unnt sé að safna eigin fjármagni, ef iðnfyrirtækin skila einhverjum hagnaði. Þetta er fyrst og fremst áminning um það, að kostnaðarþróunin innanlands verður að vera slík, að fyrirtækin hafi möguleika til þess að sýna hagnað. Við höfum heyrt, að launakostnaður innlendra fyrirtækja

hafi aukizt á 1½ ári um 56—60% og muni aukast á tveim árum e. t. v. um 70%, ef ekki meir. Hér er um alvarlega þróun að ræða, sem leiðir skýrlega í ljós, að atvinnurekstur okkar getur ekki verið samkeppnisfær við atvinnurekstur í öðrum löndum, þar sem tilkostnaðarþróunin er ekki viðlíka eins og þessar tölur gefa til kynna. Afleiðingin af þeirri þróun, sem við búum við, er auðvitað síendurteknar gengisfellingar til þess að skapa útflutningsiðnaðinum jafnmiklar tekjur í krónutölu og þar af leiðandi vantrú og vantraust á gjaldmiðlinum, auk þess þáttar, sem slík verðbólguþróun á í því að skapa öllum atvinnurekstri óvissu og erfiðleika að meta framtíðarþróun og skapa sér langtímamarkmið, sem unnt er að keppa að. Í þessu er fólgin mikil hætta, að okkur takist ekki að ná þeirri framleiðni, sem nágrannaþjóðir okkar hafa náð á sviði iðnaðar og um er getið í grg. með þessu frv. Í þessu tvennu, afkomumöguleikum atvinnuveganna í landinu annars vegar og skattlagningu á fyrirtækin hins vegar, ef þau skila einhverjum hagnaði á annað borð, er að mínu viti fólgin skýringin á lágri framleiðni íslenzkra iðnfyrirtækja og á því, hve íslenzk iðnfyrirtæki eru lítil og smá, en frá því er líka greinilega skýrt í grg.

Til þess að byggja upp stærri fyrirtæki þarf að koma upp almennum hlutabréfamarkaði, verðbréfamarkaði í landinu, þar sem almenningur getur lagt fram áhættufé í íslenzk iðnfyrirtæki og stuðlað þannig að vexti og viðgangi iðnaðarins. Ég skal svo aðeins gera þá aths. við þá heimild þessarar sjóðsstjórnar, sem ætlað er að koma á fót með þessu frv., að mér sýnist ekki nauðsyn, úr því að hún hefur heimild til að kaupa hlutabréf, að sérstakt samþykki Alþ. þurfi til að koma, til þess að hún geti afsalað sér hlutabréfinu. Í fljótu bragði finnst mér það ekki sambærilegt að selja jarðir og hlutabréf, þar sem annars vegar er um fasteignir að ræða og hins vegar um lausafé.

Ég skal, herra forseti, ekki hafa mál mitt lengra á þessu stigi. Ég tel hér hreyft þörfu máli, að svo miklu leyti sem það er ekki þegar í lögum og reglum annarra lánastofnana iðnaðarins, og tek undir það, að æskilegra væri að samræma lánsstofnanir iðnaðarins og hina ýmsu sjóði, sem vinna eigi iðnaðinum gagn, heldur en að stofna fleiri sjóði á þessu sviði. Ég áskil mér þó rétt til að skoða mál þetta allt betur í n. og afla þar þeirra upplýsinga, sem að lokum hljóta að ráða skoðanamyndun minni og annarra hv. þm.

Jón Árnason: Herra forseti. Hér er vissulega um stórt mál að ræða, og það var ánægjulegt að heyra þær upplýsingar, sem hæstv. iðnrh. gaf hér áðan um þá möguleika, sem ýmsir aðilar telja á því að auka verulega framleiðslu í iðnaði til útflutnings. Ég hygg, að allir séu sammála um, að það þurfi rækilega að gefa gaum að þeim þáttum í okkar framleiðslumöguleikum, sem bezt gætu bætt við sjávaraflann til þess að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Ég hygg einnig, að flestir muni sammála um, að þar sé um iðnaðinn að ræða.

Með tilliti til þess, sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. í sambandi við væntanlega möguleika á þessu sviði, væri ekki óeðlilegt, að hið opinbera eða ríkissjóður kæmi verulega til móts við þessa atvinnugrein og legði af mörkum allverulegt fjármagn til eflingar, þar sem virðist blasa við, að þarna sé hægt að gera stórt átak. En því miður varð ég fyrir vonbrigðum, þegar þetta frv. var lagt fram. Mér sýnist, að það fjármagn, sem lagt er til grundvallar og má segja, að sé beint framlag í þessu skyni, sé aðeins um 15 millj. kr., því að 1. tölul. varðandi stofnfé sjóðsins, sem er áætlaður um 20—40 millj. kr., er fjármagn, sem kemur frá iðnaðinum sjálfum við síðustu gengisbreytingu, sem átti sér stað, og þessi mismunur verður að verulegu leyti til vegna þess, að nú er haldið öðruvísi á málum fyrir iðnaðinn hvað þetta snertir en hefur átt sér stað við undanfarandi gengisfellingar. Það er svo með ýmsan iðnað og ég vil sérstaklega minnast á niðursuðuiðnaðinn, að mikill meiri hluti kostnaðar við framleiðslu niðursuðuvara er erlendur og þar er um mikinn mismun að ræða miðað við þá framleiðslu, sem á sér stað t. d. á öðrum sjávarafurðum, þar sem framleiðslan fer fram á annan hátt, eins og við frystingu fisks, saltfisk og annað þess háttar. Og einmitt með tilliti til þess hefur það verið regla að undanförnu, að niðursuðuiðnaðurinn, sem vitanlega hefur ekki verið stór allt til þessa, hefur fengið til ráðstöfunar það fé, sem hefur komið um leið og gengisskráning hefur átt sér stað, og það hefur verið með tilliti til þess, hvað mikill hluti af framleiðslukostnaðinum, eins og umbúðir og efnivörur til iðnaðarins, er greitt í erlendum gjaldeyri. Vegna fjárhagserfiðleika þessara fyrirtækja, sem hafa átt við mjög þröngan kost að búa, hafa þau orðið að nota sér að geta fengið vörukaupalán til stutts tíma gegn víxlum, bæði efnivörur og umbúðir, sem hafa verið keyptir fyrir framleiðsluna erlendis frá. En með þeirri ráðstöfun, sem hér er ákveðin, kemur þetta af fullum þunga á framleiðendur. Ég tel, að það sé ekki stefnt í rétta átt með þessu frv. að þessu leyti.

Í 1. tölul. 5. gr. segir, að gengishagnaður samkv. 3. og 4. mgr. 2. gr. l. nr. 97 frá 1972, og einnig annars staðar í frv., þar sem er um upplýsingar að ræða varðandi þennan lið, að það verði að vísu ekki að fullu sagt enn þá, hvað hér muni verða um stóra upphæð að ræða, en sennilega muni upphæðin, sem verður til ráðstöfunar, verða eitthvað á bilinu 20—40 millj. kr. En í 3. mgr. 2. gr. laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, sem afgreitt var hér á s. l. hausti, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að þá er skilað er til baka gjaldeyri fyrir útfluttar iðnaðarvörur framleiddar fyrir 1. jan. 1973, skuli hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstj. kveður nánar á um, til hvaða vara þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkv. þessari mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum."

Það er þessi gr., sem kemur til framkvæmda og lendir að þessu leyti, eins og ég hef hér greint frá, á framleiðendum. Það getur verið gott út af fyrir sig að stofna sjóði, og það getur líka verið gott að geta lagt fé og fjármuni inn á sparisjóðsbók og annað þess háttar, en peningarnir verða bara að vera til hjá viðkomandi. Í þessu tilfelli álít ég, að þessar verksmiðjur, sem við þröngan kost eiga að búa og eru að reyna að framleiða til útflutnings, megi ekki við þessu, þó að þær eigi að njóta góðs af peningunum síðar á annan hátt. Ég verð að segja það, að mér finnst, að það hefði verið önnur mynd á þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef það hefði þegar í upphafi legið fyrir, hvað ríkisstj. hugsar sér, að ríkissjóður leggi árlega fram fyrstu árin til þess að efla þennan sjóð. Ég er líka þeirrar skoðunar og ég tel, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, eigi að athuga rækilega, hvort ekki er réttara að efla t. d. Iðnlánasjóðinn, stofna deild við hann, heldur en fara að koma upp nýjum sjóði fyrir iðnaðinn með nýrri stjórn. Ég tel, að það sé mjög hæpin hagræðing í því eða hagkvæmni fyrir hið opinbera að fjölga sjóðunum, nema því aðeins að það sé þá um mjög mikla aukna fjármuni að ræða og verkefni á breiðum grundvelli. En mér sýnist, að eins og hér er lagt til, að lagðar verði fram aðeins 15 millj. kr. umfram það, sem 1. tölul. segir til um og þar til viðbótar sé aðeins um lánsmöguleika að ræða og taka lán hjá Iðnþróunarsjóðnum, þá sé varla tilefni til þess að stofna sérstakan sjóð eða sérstaka stofnun til að láta þetta koma til framkvæmda. Ég hygg, að n. ætti að athuga nánar og reyna að gera sér grein fyrir því, hvort það sé ekki hagkvæmara að láta Iðnlánasjóðinn hafa þessi málefni með höndum.

Ég skal ekki fjölyrða miklu meira um þetta mál, en tek undir það, sem kemur fram í aths. við frv., að inngangan í EFTA og viðskiptasamningurinn við EBE-löndin gjörbreyta aðstæðunum fyrir íslenzkan iðnað og gefa okkur vonir um að geta tekið þátt í þeirri samkeppni, sem á sér stað í markaðslöndunum. Eftir það getum við staðið nokkurn veginn jafnfætis við aðrar þjóðir hvað því viðkemur, að tollar verði felldir niður, og við sitjum við sama borð og aðrir í þeim efnum. Það skiptir vitanlega höfuðmáli, því að það segir sig sjálft, að við yrðum að hafa miklu meiri og betri tækni, ódýrara vinnuafl og ódýrara hráefni til að vinna með, ef við ættum að geta staðið jafnfætis þeim þjóðum, sem við skiptum við og verðum að greiða 20—30—40% af okkar framleiðsluvörum, þegar þær koma til markaðslandanna. Þessi nýi samningur við EBE-löndin og EFTA-samningurinn við fríverzlunarlöndin geta vissulega markað þau spor í sambandi við íslenzkan iðnað, að hann eigi sér mikla framtíð fyrir höndum og möguleikar verði á því að efla hann eitthvað í líkingu við það, sem hæstv. iðnrh. vék hér að áðan.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveimur hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir stuðning við þá megin-hugsun, sem í frv. felst, þótt komið hafi fram miklir fyrirvarar um fyrirkomulag.

Ég held, að það sé varla ástæða til að fara í almenna umr. um iðnþróunarstefnu hæstv. núv. ríkisstj. og þeirrar fyrrv., þó að hv. þm. Geir Hallgrímsson teldi það mér nú helzt til ágætis, að ég hefði haldið fyrri meginstefnu óbreyttri. Hygg ég, að svo muni ekki vera. Hv. þm. sagði hér áðan, að fram færu á vegum rn. viðræður um sölu á orku. Það fara ekki fram neinar viðræður um sölu á orku. Það fara fram viðræður um að stofna fyrirtæki, sem verða að meiri hl. til í eigu Íslendinga, og reynt er að fá erlenda aðila í samvinnu um slík fyrirtæki, sem síðan safni arði, eftir því sem vonir standi til, og sá arður verði að meiri hl. til eftir í landinu, — en ekki bara að selja þeim orku. Einmitt í þessu sjónarmiði koma fram æðiólík grundvallarviðhorf hjá núv. ríkisstj. og fyrrv., án þess að ég ætli að fara að tala lengra mál um það.

Á það hefur verið bent, að ekki sé um að ræða ýkjamikið nýtt fjármagn í sambandi við þetta frv., vegna þess að þarna kemur ekki til framlag ríkissjóðs, eins og upphaflega var áformað og raunar ákveðið, áður en þau vandamál komu upp, sem allir kannast við. Engu að síður er með þessu frv., ef að lögum verður, tryggt mjög aukið fjármagn til notkunar á þessu ári fram yfir það, sem orðið hefði að óbreyttum aðstæðum. Eins og menn vita hefur Iðnþróunarsjóurinn aðeins veitt takmarkaðar upphæðir í því skyni, sem þarna er fjallað um, þ. e. a. s. til að auka framleiðni og hagkvæmni, og framlög hans hafa einvörðungu verið bundin við atvinnugreinar. Það hafa verið kannaðar sérstakar atvinnugreinar út af fyrir sig í heild, en hann hefur ekki talið verkefni sitt að fara ofan í vandamál einstakra fyrirtækja eða leysa úr vandamálum þeirra á þessu sviði nema þá í sambandi við ákaflega stórar umsóknir. Smærri fyrirtækjum hefur verið vísað til Iðnlánasjóðs, og fjárveitingar hans til framleiðni og bættrar stjórnunar hafa numið ákaflega lágum upphæðum og eins og ég rakti áðan fyrst og fremst verið bundnar við tiltekin vélakaup í því sambandi. Hér er hins vegar um að ræða sjóð, sem á að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni með þeim aðferðum, sem raktar eru í 6. gr. frv., og það er enginn annar aðili en þessi sjóður, sem mundi beita sér að slíkum verkefnum. Þarna tel ég vera ekki aðeins um mikilvæg verkefni að ræða, heldur er mjög brýnt, að á þeim verði tekið án tafar.

Ég vék að því hér áðan, að ég hefði átt viðræður við ýmsa forustumenn í útflutningsiðnaði. Það gerðist skömmu eftir að eldgosið hófst í Vestmannaeyjum og þegar sérfræðingar spáðu því, að afleiðingarnar af þeim hamförum gætu leitt til þess, að útflutningsverðmæti okkar minnkuðu um 1—2 milljarða kr. Mér sýndist þá, að sá eini aðili, sem gæti fyllt upp í þetta skarð, væri útflutningsiðnaðurinn, og ég ræddi við þessa forustumenn á þeim forsendum, hvort þeir vildu ekki einbeita sér að því á þessu ári að auka útflutning sinn svo mikið, að bætt yrði eftir megni upp í þetta mikla skarð. Og

eins og fram kom hjá mér, hefur reynzt vera mikill áhugi hjá þeim á því að taka á sig þetta verkefni. En til þess að það gæti orðið, verður iðnrn. og sjóður í tengslum við iðnrn. að hafa tiltækt fjármagn á þessu ári til þess að einbeita sér að þessu verkefni.

Ég er alveg sammála því, sem fram hefur komið, að þetta fyrirkomulag verður áreiðanlega ekki varanlegt. Það verður að finna heildarskipulagningu, sem gerir sjóstarfsemi í þágu iðnaðarins samfelldari en þarna yrði. Þarna er að vísu ekki um mikla breytingarmöguleika að ræða, vegna þess að Iðnþróunarsjóðurinn er sjálfstæð stofnun og honum breytum við ekki. Hins vegar væri hægt að breyta Iðnlánasjóðnum, þannig að það væri þá meira jafnvægi á milli stofnlána annars vegar og hins vegar lána, sem veitt eru í þessum sérstaka tilgangi. En ástæðan til þess, að ríkistj. leggur til, að þessi sérstaki sjóður verði stofnaður, er, að með því er verið að leggja megináherzlu einmitt á þessi atriði, á aukna ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu, á aukna framleiðni með meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra og með því að hvetja til samvinnu og samruna í iðnfyrirtækjum með lánum eða styrkjum. Þetta er ákaflega sérhæft verkefni, en einnig ákaflega brýnt verkefni, og ég hef ekki trú á því, að að þessu yrði unnið á annan hátt en þann að leggja á þetta mjög þunga grundvallaráherzlu þegar á þessu ári og reyna að ná í ár þeim árangri, sem að er stefnt. Ég er alveg sannfærður um, ef þessi árangur næðist, ef okkur tækist að tvöfalda á næstu 12—18 mánuðum útflutning á iðnaðarvarningi, að þá mundu mörg viðhorf breytast mjög ört í okkar þjóðfélagi. Þá er ég sannfærður um, að ýmsir þeir, sem bæði í orði og skki síður í verki hafa verið vantrúaðir á getu íslenzks iðnaðar, mundu breyta um skoðun, og ég er sannfærður um, að þá yrði auðveldara að afla fjármagns í þessu skyni en nú er. Þess vegna held ég, að með þessum aðgerðum, sem alla vega tryggja, að fjármagn í þessu skyni verði tiltækt á þessu ári langt umfram það, sem ella hefði orðið, sé stuðlað ákaflega jákvætt að þróun iðnaðarins og geti, ef skynsamlega er á haldið, stuðlað að enn örari þróun á þessu sviði.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson vék hér dálítið að almennum atriðum og forsendum fyrir iðnþróun á Íslandi. Ég veit ekki, hvort á að fara að vekja miklar umr. um það frekar. Iðnaðurinn hér á Íslandi framleiðir, eins og ég gat um áðan, mestmegnis fyrir innlendan markað. Það eru 90% af iðnaðarframleiðslunni, sem seld eru hér innanlands. Af því leiðir, að framleiðsla í iðnaði er ákaflega háð almennri kaupgetu launafólks á Íslandi. Sú mikla aukning, sem varð eftir 1968 á iðnaðarframleiðslu, var bein afleiðing af þeirri aukningu á kaupgetu, sem þá fór sívaxandi. Iðnaðurinn hefur síðan notið þess, að þessi kaupgeta hefur haldið áfram að vaxa. Jafnvel þótt maður voni, að sú þróun haldi áfram, er þessi markaður svo þröngur, að honum eru óhjákvæmileg takmörk sett, og ef iðnaður okkar ætlar í raun og veru að berjast á þessum stóru mörkuðum, sem við erum nú orðnir tengdir, verður hann að hætta að framleiða einvörðungu fyrir markaðinn við dyrnar hjá sér, hann verður að leggja á sig þann vanda að fara að berjast á erlendum mörkuðum.

Ég á erfitt með að skilja að ástæðan fyrir því, að illa hafi gengið að selja íslenzkar vörur, sé sú, að menn hafi gagnrýnt óeðlilega milliliðastarfsemi. Ég held, að það geti enginn maður verið hlynntur óeðlilegri milliliðastarfsemi. Það þarf auðvitað að stunda sölustarfsemi eins og hvert annað eðlilegt verkefni. Gæta þarf þess vandlega, að engar annarlegar upphæðir fari til annarlegra aðila, heldur skili ágóðinn af iðnaðinum sér til atvinnugreinarinnar sjálfrar.

Hv. þm. taldi, að það ætti að breyta skattal., svo að fyrirtæki í iðnaði skiluðu hagnaði í ríkari mæli en verið hefur. Ég held, að þarna þurfi að gera æðimikið meira en það. Staðreyndin er sú, að það, sem háir iðnaði okkar ekki sízt, er þetta, sem ég rakti áðan í framsögurræðu minni, hvað fyrirtækin eru ákaflega mörg á hverju sviði. Þarna er um að ræða á fjölmörgum sviðum ákaflega mikla yfirfjárfestingu. Þessi litlu fyrirtæki búa yfir tækjabúnaði, sem nægir til að framleiða miklu meira en þau gera. Þar er búið að binda ákaflega mikið fjármagn, sem skilar hins vegar ekki nægilegum arði, vegna þess að tækin og eignirnar eru ekki nýttar eins og vert væri að gera. Ef hægt væri að stuðla að verkskiptingu og samvinnu og samruna slíkra fyrirtækja, þá leiddi það af því, að eigin eign þeirra mundi aukast að sama skapi. Og ég held, að þetta sé ekki síður brýnt en að breyta skattal. Það má vel vera, að það sé nauðsynlegt að breyta skattal., en þá yrði það fyrst og fremst að minni hyggju að vera til þess að ýta undir vaxandi útflutning, til þess að menn sæju ástæðu til að einbeita sér að því að auka útflutning á iðnaðarvarningi.

Það hefur einnig verið talað um launakostnað í þessu sambandi. Sú var tíðin, að það var talið hluti af iðnþróunaráformum fyrrv. ríkisstj., að í vissum starfsgreinum gætum við boðið upp á ódýrt vinnuafl. Af þessu var margsinnis vikið í skýrslu, sem dreift var hér á hinu háa Alþ. um iðnþróunaráform í sambandi við inngönguna í EFTA. Ég er ákaflega andvígur iðnþróun af þessu tagi, og ég held, að hún eigi á engan hátt við aðstæður hér á Íslandi. Það má vel vera, að mönnum, sem búa í stórum þjóðfélögum, þar sem fólk er illa menntað til starfa, finnst eðlilegt að útrýma atvinnuleysi með því að gefa fólki kost á að vinna gegn mjög lágu kaupgjaldi. En hér á Íslandi hlýtur það að vera meginverkefni okkar að hafa sem mest af sérmenntuðu vinnuafli, vel verki förnu, og að flytja út verkmenningu, verkkunnáttu, eins og við erum menn til. Það gera þær þjóðir, sem eru forustuþjóðir í iðnaði og hafa náð lengst á því sviði. Þess vegna held ég, að iðnaðurinn eigi ekki að einbeita sér að því að halda vinnuafli sem ódýrustu hjá sér, heldur eigi að reyna að tryggja það, að launafólk í iðnaði hafi sem beztar tekjur, enda verður naumast á annan hátt hryggt, að iðnaðurinn fái þá festu í vinnuafli, sem hann þarf mjög

á að halda. Ég held, að það sé ein helzta veilan í iðnaði hér, hvað menn eru þar óstöðugir, hvað innstreymi og útstreymi er mikið á hverju ári, og úr þessu verður ekki bætt, fyrr en laun eru orðin svo góð, að mönnum sé keppikefli að starfa í iðnaði, og auk þess, að menn fái þá sérmenntun, sem þarf til iðjustarfa. Þar er ég ekki að hugsa um iðnnám, heldur hvers konar sérmenntun í sambandi við verksmiðjustarfsemi. Um þetta væri hægt að ræða lengi, en ég ætla ekki að gera það nú.

Hv. þm. Jón Árnason gagnrýndi nokkuð, að því er mér skildist, gengishagnað af iðnaðarvörum nú í fyrsta skipti. Þetta hefur ekki áður verið gert. Það er rétt, þetta hefur ekki áður verið gert. En það er til marks um það, að útflutningur á iðnaðarvarningi er nú orðinn mun meiri hlutfallslega en hann hefur nokkru sinni verið áður. Hann jókst á síðasta ári um um það bil þriðjung og hefur haldið áfram að aukast á undanförnum árum. Ég held, að það sé í sjálfu sér metnaðarmál fyrir iðnaðinn, að hann geti borið gjöld af þessu tagi alveg til jafns við sjávarútveginn. Varðandi það að þeir aðilar, sem hafa orðið að borga þennan gengishagnað, hafi orðið illa úti í samanburði við aðra, þá held ég, að það sé ekki hugsað á réttan hátt. Þarna er um að ræða aðila, sem hefðu fengið óeðlilegar tekjur í sambandi við gengislækkunina í samanburði við aðra, og ástæðan til þess, að gengishagnaður er tekinn, er að koma í veg fyrir, að einstakir framleiðendur geti fengið án eigin tilverknaðar tekjur, sem þeir reiknuðu ekki með og fjölmargir aðrir atvinnurekendur fá alls ekki. Ég held, að það sé mjög eðlilegt að taka slíkan gengishagnað og leggja hann í sérstakan sjóð í þágu atvinnugreinarinnar í heild. Hitt er svo annað mál, að ég lít svo á varðandi þá, sem þarna eiga hlut að máli, að það hljóti að verða tekið tillit til þess, hvað þeir hafa greitt til þessa sjóðs, þegar farið verður að veita fjármuni úr honum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja þessar umr. ekki að miklum mun, en vil þó aðeins geta nokkurra atriða, sem komu fram í síðari ræðu hæstv. iðnrh.

Við höfum áður deilt um það, ráðh. og ég, að hve miklu leyti stefnubreyting hefur orðið í tíð núv. ríkisstj., að því er snertir stofnun fyrirtækja, er byggja starfsemi sína á orkufrekum iðnaði. Hann telur þá stefnubreytingu hafa orðið, að nú sé rætt um stofnun slíkra fyrirtækja eingöngu með því skilyrði, að Íslendingar eigi meiri hl. í þeim, svo að ágóðinn af starfsemi fyrirtækjanna fari ekki út úr landinu. Ég vil benda á það, að stefna fyrrv. ríkisstj. var sú, að í þessum efnum ætti að meta hverju sinni, hvort væri hagkvæmara fyrir okkur Íslendinga að eiga hlut í fyrirtækjunum sjálfum, meiri hl. eignaraðildar, eða ekki neitt, um leið og við í báðum tilfellum seldum íslenzka orku til fyrirtækjanna. Það er ekki skoðanaágreiningur okkar á milli um það, að í báðum tilfellum munum við selja íslenzka orku til fyrirtækjanna. Og í tíð fyrrv. ríkisstj. eru dæmi um hvort tveggja, að Íslendingar eignuðust meira en helming af fyrirtækjunum, eins og t. d. í Kísilverksmiðjunni við Mývatn, erlent fyrirtæki hafði að öllu leyti eignaraðildina að iðnfyrirtækinu sjálfu, eins og á sér stað um álverksmiðjuna í Straumsvík. Þar byggðist matið á því, að í fyrstu umferð væri eðlilegt, að áhættan og fjármögnunin væri algerlega á hendi útlendinga, með því að við þyrftum sjálfir að leggja í mikla fjármögnun að því er orkufyrirtækið sjálft snertir. Eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg, verður auðvitað eðlilegt og sjálfsagt, að við tökum meiri þátt sem eignaraðilar í fyrirtækjunum, iðnaðarfyrirtækjunum sjálfum. Um þetta er þess vegna ekki neinn skoðanaágreiningur í grundvallaratriðum, heldur er hér um eðlilega þróun að ræða.

Þá vil ég ítreka það, að mér finnst óþarfi að gera mjög mikið úr því aukna fjármagni á þessu ári, sem fáist með stofnsetningu Iðnrekstrarsjóðs, því að þeir milljónatugir, sem til staðar verða af gengishagnaði 1968 og 1972, nema frá 35—55 millj. kr., og það er skilyrði löggjafans, hygg ég, í báðum tilvikum, að þessu fjármagni verði varið til hagsbóta iðnaðinum. Þá er til viðbótar þessari upphæð eingöngu gert ráð fyrir láni úr Iðnþróunarsjóði, sem auðvitað er skuldbundinn til þess að veita fjármagni sínu iðnaðinum til hagsbóta. Spurningin er þá, hvort þetta fjármagn sé veitt til sérstakra þarfa, sem fjármögnunarstofnanir iðnaðarins hafa ekki heimild til að styðja og efla. Ég dró ekki úr því, að svo kynni að vera. En það þyrfti tiltölulega litla breytingu á l. um Iðnlánasjóð eða l. um Iðnþróunarsjóð til þess að veita þessum stofnunum slíka heimild. Og ég hygg, að það sé eðlilegri málsmeðferð. Það mætti e. t. v. segja, að við séum bundin að því er snertir löggjöf um Iðnþróunarsjóð, þar sem löggjöfin byggist á samningum við Norðurlandaþjóðirnar. En í því efni mætti gjarnan hugsa sér að fara þá leið, að sérstakri deild, sem falin væri forstjórn framkvæmdastjórnar Iðnþróunarsjóðs og skipuð er íslenzkum mönnum eingöngu, væri fengið þetta verkefni til meðferðar.

Hæstv. iðnrh. gat um það um leið og hann var að sannfæra okkur um nauðsyn á fjármagni til þess verkefnis, sem þessum sjóði væri ætlað að sinna, að fjármagnsþörf þeirra 7 fyrirtækja, sem hann hefði upplýsingar frá um útflutningsaukningu á þessu ári, næmi 120 millj. kr. Ég hygg, að þessi fjármagnsþörf sé ekki nema að mjög litlu leyti byggð á ætlunarverki Iðnrekstrarsjóðs. Mér segir svo hugur um, að þarna sé að vísu minni hluti fjárþarfarinnar fólginn í fjárfestingu, en meiri hl. fjárþarfarinnar í auknu rekstrarfé, og það auka rekstrarfé sé bundið fyrst og fremst í auknum hráefniskaupum, í nauðsyn þess að hafa aukið rekstrarfé til að standa undir gjaldfrestum og stuttfimalánum til kaupenda o. s. frv., en þessi fjárþörf stafi ekki af hagræðingaratriðum, sem eru meginhlutverk þessa sjóðs samkv. 6. gr.

Með þessu er ég ekki að draga úr skjótri þörf íslenzks iðnaðar til þess að hafa aðgang að slíkum hagræðingarlánum umfram það, sem heimildir Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs segja til um nú. En ég bendi aðeins á það, að

fjárþörf þessara 7 fyrirtækja verður ekki leyst samkv. orðalagi þessa frv. með lánveitingum úr þessum sjóði, og að því leyti til mun frv. tæpast verða til þess að tvöfalda útflutning iðnaðarvara á þessu ári, eins og stefnt er að. Slík hagræðingarlán eða framlög eru miklu fremur til þess að afla hagnaðar eða stuðla að auknum útflutningi til lengri tíma. Áhrif slíkra hagræðingarráðstafana koma fram almennt séð á lengri tíma en þarna er um að ræða.

Þótt ég geri ekki lítið úr aðgerðum hæstv. iðnrh. til þess að vega upp á móti þeirri minnkun á útflutningi, sem við megum búast við af völdum Vestmannaeyjagossins, verð ég að segja það, að mér finnst hann sérstaklega og kannske ýmsir fleiri nota þá ástæðu á ýmsum þeim stöðum, sem óþarfi er, vegna þess að þörf fyrir aukinn útflutning er til staðar burt séð frá þeim náttúruhamförum. Það hljómar dálítið óeðlilega í munni þeirra manna, sem áður fyrr töldu það engu máli skipta, þegar sú þróun varð, að útflutningsverðmæti okkar minnkaði um helming á 2 árum, að segja í öðru hverju orði nú, að 5% minnkun verði á útflutningi okkar, ef við gerum ráð fyrir rúmlega helmnigsminnkun þess, sem Vestmanneyingar hafa áður flutt út.

Ég vil leggja áherzlu á, að þróun íslenzks iðnaðar hlýtur fyrst og fremst að byggjast á því, að skilyrði skapist fyrir útflutningi iðnaðarvara. Þótt þróunin hafi stundum hingað til byggzt á innlendri kaupgetu og þess vegna sé það ekki einhliða baggi á iðnaðinum að greiða hátt kaupgjald, heldur sé það til þess fallið að skapa betri markað fyrir iðnaðarvörur, þá er þess að geta í því sambandi, að með viðskiptasamningum okkar, bæði við EFTA og Efnahagsbandalagið, opnum við íslenzkan markað fyrir erlendum vörum og innlendi iðnaðurinn verður líka að keppa á heimavígstöðvunum við erlendar vörur. Þess vegna verður tilkostnaðarþróunin á Íslandi að fylgja tilkostnaðarþróuninni erlendis.

Við viljum auðvitað geta greitt hér hæsta kaupgjald, sem nágrannalönd okkar greiða, og ég held, að reynsla okkar af því að hafa gert samninga um orkufrekan iðnað hér og orkusölu til iðnaðarfyrirtækja, sem eru í eigu útlendinga algerlega, sé sú, að það hafi síður en svo orðið til þess, að vinnuafl hér sé ekki greitt með samsvarandi hætti og í nágrannalöndum okkar. Miklu frekar er um það að ræða, að þessi orkufreki iðnaður greiði jafnhátt eða hærra kaupgjald en bæði er um að ræða hér innanlands og í ýmsum okkar nágrannalöndum.

Við erum sammála um það, hæstv. iðnrh. og ég, að fyrirtækin hér á Íslandi séu of mörg, og það er eðlilegt og sjálfsagt að vinna að samruna þeirra, m. a. á þann hátt, að þau séu betur til þess fallin að standa undir og standa að vaxandi útflutningi iðnaðarvara. En hæstv. iðnrh. dró í efa, að breyting á skattal. hefði þar gildi. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að sé rekstrargrundvöllur á annað borð fyrir iðnfyrirtæki í landinu eða atvinnurekstur í landinu, þá sé breyting á skattal. grundvallarskilyrði þess, að fyrirtækin stækki, að rekstrareiningarnar verði stærri en nú er. Oft á tíðum eru iðnfyrirtækin á Íslandi byggð upp sem atvinnuspursmál fyrir eigandann. Það er heilbrigð byrjun í iðnaðarstarfsemi. En í því geta ekki fólgizt áframhaldandi vaxtarskilyrði fyrir iðnaðinn í landinu, sem verður að byggjast á stærri rekstrareiningum. Það verður því að vera svo, að fleiri en eigandinn og þeir, sem vinna við sjálft fyrirtækið, hafi hagsmuna að gæta af rekstri þess. Það verða fleiri að leggja fram áhættufjármagn, til þess að slíkt fyrirtæki geti fjárfest í nauðsynlegum vélum og tækjum, og þessir eigendur verða að sjá eitthvað unnið við það að spara við sig eyðslu til þess að leggja í slík fyrirtæki. Þessir eigendur verða að fá vexti af sínu sparifé, sínu áhættufé, sem þeir leggja fram sem hlutafé. Og til þess að þeir fái slíka vexti og umbun síns sparnaðar, verða að eiga sér stað breytingar á skattal. Það hlýtur einnig að vera ljóst, að breytingar á skattal. eru nauðsynlegar til þess að auka á eigið fjármagn iðnfyrirtækjanna sjálfra með rýmri fyrningarreglum og rýmri möguleikum að leggja í endurnýjunar- og varasjóði til þess að mæta sveiflum, sem ávallt kunna að verða á rekstri iðnfyrirtækja.

Ég held, að ekki sé rétt að orðlengja frekar um þetta mál á þessu stigi, tækifæri gefst til þess við 2. umr. málsins. Við höfum hér talað að ýmsu leyti vítt og breitt um íslenzkan iðnað og skilyrði þau, sem uppfylla verður til þess að auka útflutninginn. Svið þessa frv. er miklum mun takmarkaðra en umr. hér, og ég vil að vissu leyti segja, að það ber fremur að harma, að svið þessa frv. er svo þröngt, að umr. hér byggjast ekki á því, heldur á almennum hagsmunamálum iðnaðarins í landinu. Hitt er svo annað mál, að hér er um verkefni að ræða, sem nauðsynlegt er að sinna ásamt ýmsum og mörgum fleiri til hagsbóta íslenzkum iðnaði. Í ljósi þess tel ég sjálfsagt, að iðnn. kanni málið frá öllum hliðum og sérstaklega kanni það á þeim grundvelli, hvort ekki er unnt, þar sem hér er ekki um að ræða neitt nýtt fjármagn iðnaðinum til handa, að fela verkefni þetta þeim stofnunum og sjóðum, sem fyrir eru í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 12. marz, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (GunnG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. marz 1973.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um

fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Gils Guðmundsson,
4. þm. Reykn."

Forseti (GunnG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf.

„Reykjavík, 9. marz 1973.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykv., Tómas Karlsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinnsson."

Karl G. Sigurbergsson og Tómas Karlsson hafa báðir tekið sæti á þingbekk á þessu kjörtímabili, og býð ég þá velkomna til starfa.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23, n. 326, 328). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
Brtt. 328 tekinn aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 117 (sbr. 2), n. 342). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 342,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 342,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Fyrirhleðslur, frv. (þskj. 302). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Fræðslustofnun alþýðu, frv. (þskj. 320). — 1. umr.

Flm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Við hv. 2. landsk. þm. höfum lagt fram á þskj. 320 frv. til l. um Fræðslustofnun alþýðu. Þetta frv. var fyrst lagt fram í þessari þd. haustið 1971. Fyrsti flm. frv. var Sigurður E. Guðmundsson, sem þá átti sæti á Alþ. um tíma sem varaþingmaður Alþfl. Málið var þá ekki afgr. frá menntmn., sem fékk það til athugunar og umsagnar.

Markmið þessa frv., ef að lögum verður, er að jafna námsaðstöðu fullorðinna og yngra fólks. Samþykkt þess ætti að tryggja, að fullorðið fólk geti átt þess kost að leita þeirrar menntunar eða þjálfunar, sem hugur hvers og eins stendur til, honum að kostnaðarlitlu eða kostnaðarlausu. Eins og málum er nú háttað, skortir mikið á, að námsaðstaða sé fyrir hendi til handa því fólki, sem hér um ræðir. Í þessum efnum munum við Íslendingar standa að baki frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, a. m. k. Svíum og Norðmönnum. Þar hefur fullorðinsfræðslan þróazt um langan aldur. Í Noregi mun t. d. 1% af heildarkostnaði við fræðslu- og skólamál vera varið til fullorðinsmenntunar, en 10% í Svíþjóð.

Það er okkur Íslendingum að jafnaði keppikefli, ef svo mætti segja, að reyna að standa jafnfætis nágrannaþjóðunum á sem flestum sviðum, og svo hlýtur einnig að vera í því tilfelli, sem hér um ræðir. Hitt hlýtur þó að vera þyngra á metunum, hvað það mál áhrærir, sem hér er gert að umtalsefni, að fullorðið fólk, sem orðið hefur af þeirri skólagöngu og fræðslu á yngri árum, sem hugur þess hefur e. t. v. staðið til, en ekki getað notið af ýmsum ástæðum, á þann rétt á hendur samfélaginu nú á tímum, að því sé kleift að ráða þar bót á með viðráðanlegum hætti. Það fólk, sem þannig stendur á um, hefur vafalaust flest unnið fjölskyldu sinni og þjóðfélaginu í heild hörðum höndum, greitt skatta sína ríki og bæ, staðið undir hinu mikla skólakerfi í landinu með vinnu sinni ásamt öðrum þjóðfélagsþegnum, — skólakerfi, sem miðast við uppeldi og menntun æskunnar í landinu fyrst og fremst. Á starfi þessa fólks og annarra skattborgara byggist einnig hið víðtæka og viðamikla styrktar- og lánakerfi námsmanna, sem stunda langskólanám.

Stórstígar framfarir hafa átt sér stað á liðnum árum í allri menntunaraðstöðu ungs fólks hér á landi, og á döfinni eru veigamiklar breytingar í þeim efnum, flestar í framfaraátt. En á þessum tímum vaxandi skilnings á gildi menntunar og góðrar námsaðstöðu fyrir æsku landsins hafa skilyrði til menntunaraðstöðu fullorðins fólks ekki verið bætt, svo að neinu verulegu nemi. Margir, sem nú eru á fullorðinsaldri, fóru á mis við langskólanám vegna þess, að þeir áttu ekki til efnafólks að telja, m. ö. o. það skorti fé til að stunda skólagöngu eða þurfti að hjálpa fjölskyldu sinni á barns- og unglingsaldri til að afla fæðis og klæðis. Af þeim sökum hefur margur efnismaðurinn aldrei notið hæfileika sinna til fulls, sjálfum sér og þjóðinni allri til tjóns. Þetta fólk á þá rétt-

lætiskröfu á hendur þjóðfélaginu, að leiðrétt verði það misrétti, sem það varð fyrir á yngri árum, þegar þjóðfélagsaðstæður, sem aldarandi og fátækt þeirra tíma lét viðgangast, útilokuðu það frá því að geta þroskað hæfileika sína svipað og ungt fólk getur gert í nútímanum. Fyrir ranglætið, sem það varð fyrir að þessu leyti, verður að sjálfsögðu aldrei að fullu bætt, en samtíminn getur komið til móts við óskir þess fólks, sem vill njóta frekari menntunar og fræðslu en það átti kost á í uppvexti sínum, séu því sköpuð skilyrði til þess. Til þess á það ekki aðeins siðferðislegan rétt, heldur er hér einnig um að ræða hagsmunamál út frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, að þeim, sem áhuga og hæfileikum eru gæddir, sé gert unnt að þroska þá þannig, að þeir nýtist viðkomandi einstaklingi og þjóðinni í heild sem allra bezt.

Ýmsir aðilar hafa starfrækt kennslu og fræðslu fyrir fólk á öllum aldri utan við hið almenna opinbera skólakerfi, sem ríkið stendur fyrir. Þeir sem slíkt hafa haft með höndum, hafa yfirleitt ekki notið stuðnings frá hinu opinbera og námið því verið afar kostnaðarsamt og dýrt. Hér er aðallega um að ræða ýmsa málaskóla, námsflokka á vegum nokkurra sveitarfélaga og bréfaskóla. Rétt og skylt er að geta þess, að Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur hafið kvöldkennslu til stúdentsprófs fyrir fólk, sem jafnframt stundar aðra vinnu. Mun aðsókn fullorðins fólks hafa verið miklu meiri að þessari starfsemi en hægt hefur verið að sinna. Er þetta framtak skólans til fyrirmyndar. En aðsóknin sýnir, að áhugi er mikill fyrir að fá notið kennslu með þessum hætti til þess að ná þeim menntunaráfanga, sem stúdentsprófið er. Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur að sínu leyti stigið skref í rétta átt á þessu sviði skólamála.

Af því, sem hér hefur verið drepið á um möguleika fullorðins fólks til menntunar og skólagöngu, er augljóst, að þeir kostir, sem þar er um að velja, eru fáir, óhentugir og dýrir eða svo takmarkaðir, eins og við Menntaskólann við Hamrahlíð, að fjöldinn allur kemst ekki að.

Annað atriði vildi ég nefna, sem liggur til grundvallar þeirri tillögugerð, sem felst í frv., en það er nauðsyn þess að gera einstaklingum, sem komnir eru á miðjan aldur og vilja bæta við þekkingu sína eða rifja upp áður fengna þekkingu, kleift að gera það. Í þessum hópi eru t. d. giftar konur, sem eftir áratuga vinnu á heimili sínu vilja taka til við vinnu utan þess. Kostir þeirra til að afla sér vinnu utan heimilis eru oft mjög takmarkaðir, af því að ekki er um að ræða, að unnt sé að fá tækifæri til endurhæfingar. Þær verða oft að sætta sig við að taka lökustu og verst greiddu vinnuna eða hefja ella margra ára nám. Þá er að engu metinn mikil og dýrmæt lífsreynsla og þroski, sem ekki fæst á skólabekk, en er mörgum mikilvægara til velfarnaðar en skólalærdómur, þótt góður sé og nauðsynlegur hverjum manni.

Meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum hafa alþýðuhreyfingin, þ. e. verkalýðs- og launþegasamtökin, og jafnaðarmannaflokkarnir haft með höndum mikla og öfluga fræðslustarfsemi um áratuga skeið. Hafa þessir aðilar staðið fyrir almennri fullorðinsmenntun, svo og ýmis önnur almenn fræðslusamtök í þessum löndum. Slík fræðslusamtök almennings hafa notið svo ríkulegra fjárframlaga úr hendi hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, að fræðslustarfið hefur verið þeim afar ódýrt, er þess hafa notið. Það er sammerkt öllum fræðslusamtökum alþýðuhreyfingarinnar á Norðurlöndum, að allir geta tekið þátt í náminu kostnaðarins vegna. Þeir, sem helzt notfæra sér það nám, sem þar stendur til boða, mun vera fólk, sem ýmist vill afla sér frekari þekkingar en það hefur þegar öðlazt, endurhæfa sig til nýrri og flóknari starfa eða læra eitthvað nýtt. Þegar ákveðnum þekkingarstigum er náð, geta menn átt þess kost að ganga með einum eða öðrum hætti inn í hið almenna menntunarkerfi og halda þar áfram námi sínu.

Það fyrirkomulag, sem á sér stað í þessum málum á Norðurlöndum, á sér langa sögu og þróun að baki. Mér sýnist, að sú fullorðinsfræðsla, sem nauðsynlegt er að skipuleggja og koma á fót hér á landi að undirlagi ríkisins og með fjárhagslegum tilstyrk þess, verði að verulegu leyti að byggjast upp með ólíkum hætti. Vissulega væri æskilegt, að fullorðinsmenntunin færi fram að einhverju leyti á vegum frjálsra fræðslusamtaka með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar með miklum og góðum árangri. Frv. gerir líka ráð fyrir miklum stuðningi við slíka starfsemi. En ég hygg, að hið opinbera verði að hafa hér virka og ákveðna forustu til þess að hrinda í framkvæmd því máli, sem hér um ræðir. Ýmis fleiri rök liggja að baki nauðsyn þess, að hið opinbera efli fullorðinsmenntun í landinu. Almenningur á nú á tímum meiri tómstundir til að sinna ýmsu, sem hugur manna stendur til, en áður var. Mikilsvert er, að hið opinbera stuðli að því, eftir því sem tök eru á, að sem flestir geti notið slíkra tómstunda þannig, að að sem mestu og beztu gagni verði fyrir viðkomandi einstakling og þjóðfélagið í heild.

Herra forseti. Sú meginhugsun liggur til grundvallar þeirri tillögugerð, sem felst í þessu frv., er, að fullorðnu fólki sé gert fjárhagslega kleift að afla sér fræðslu og menntunar, jafnframt því sem stuðlað er að því, að hið opinbera geti boðið því námsaðstöðu. Við flm. þessa frv., erum þeirrar skoðunar, að allir þegnar þjóðfélagsins eigi að sitja við sama borð hvað snertir möguleika til að afla sér menntunar ókeypis. Viss ókeypis grundvallarmenntun a. m. k. á að standa öllum til boða, hvað sem aldri þeirra, efnahag, fjölskyldustærð og öðrum aðstæðum líður. Sanngjarnast er, að venjulegu launafólki gefist einnig kostur á fjárhagslegum stuðningi vegna launataps, er það kann að verða fyrir vegna námsins. Í því sambandi skal minnt á, að ríkið veitir unglingum í dreifbýli fjárhagslegan stuðning til náms. Einnig veitir hið opinbera námsmönnum, sem stunda langskólanám heima eða erlendis, ákaflega hagstæð lán og góða styrki, svo sem kunnugt er. Það er í alla staði eðlilegt og réttmætt, að þannig sé búið

um hnútana, að fjölskyldufólki verði gert fjárhagslega fært að afla sér þeirrar menntunar eða þjálfunar, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Ég mun nú víkja örfáum orðum að einstökum gr. frv.

1. gr. þess kveður á um, að sett skuli á stofn Fræðslustofnun alþýðu og skuli starf hennar vera grundvöllur fyrir skipulegri eflingu almenningsmenntunar í landinu (fullorðinsmenntunar).

2. gr. kveður á um hið fjórþætta markmið stofnunarinnar:

1) Að hún skuli veita fjölskyldumönnum, körlum og konum, sem til hennar leita um slíkt, fjárhagslegan stuðning í því skyni að afla sér menntunar eða auka þegar fengna þekkingu, menntun eða réttindi, en þó ekki þeim, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi, né þeim, er eiga aðgang að Lánasjóði ísl. námsmanna. Þessi stuðningur skal vera í mynd fræðslubóta, og beiðnir um þær skulu metnar eftir þörfum umsækjenda, efnahag, fjölskyldustærð og þess háttar samkv. reglugerð, sem gert er ráð fyrir, að sett verði þar um af ráðh.

2) Þá fjallar 2. gr. um það, að stofnunin skuli setja vissar reglur varðandi það að veita fjárhagslegan stuðning þeim aðilum, er gefa almenningi kost á sjálfsmenntun, enda á hún að leiða til þess, að hún verði mönnum mun ódýrari og auðfengnari en nú er. Þá er gert ráð fyrir, að stofnuninni sjálfri sé heimilt að efna til slíkrar fræðslustarfsemi og að settar verði reglur, sem tryggi þeim, sem lokið hafa prófum eða náð tilskildum áföngum á vegum slíkrar starfsemi, aðgang að öðrum námsbrautum í eða til hliðar við hið almenna skólakerfi.

3) Þá skal Fræðslustofnun alþýðu standa fyrir og kosta námskeið, sem haldin séu fyrir vinnandi fólk því til endurhæfingar og þjálfunar vegna starfa þess í atvinnulífinu, og einnig er gert ráð fyrir, að stofnuninni sé heimilt að kosta slík námskeið á vegum annarra aðila.

4) Fræðslustofnun alþýðu skal leggja fram fé til að kosta þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fólk, er gegnir trúnaðarstörfum í launþegasamtökunum, og enn fremur er stofnuninni sjálfri heimilt að efna til slíkra námskeiða samkv. ákvæðum þessa frv.

3. gr. frv. segir fyrir um, hvernig skuli ráðstafa fé stofnunarinnar í meginatriðum.

4. gr. kveður á um það, hvernig stjórn stofnunarinnar skuli vera. Þar er gert ráð fyrir, að 5 af 7 stjórnarmönnum skuli vera kjörinir hlutbundinni kosningu á Alþ., einn skuli tilnefndur af miðstjórn Alþýðusambands Íslands og annar af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

5. gr. gerir ráð fyrir, að allur kostnaður við rekstur stofnunarinnar skuli greiðast úr ríkissjóði, og 6. gr. kveður á um, að menntmrh. setji reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd l. að fengnum till. stjórnar og fræðslunefndar stofnunarinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en vil að lokum leggja áherzlu á eftirfarandi: Það hlýtur að vera hið mesta réttlætismál, að allir þeir, sem þess óska, geti átt kost á að nema það, sem hugurinn þráir, án tillits til efnahags, aldurs og annarra ástæðna. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því, að svo geti orðið. Það stefnir að því að mynda grundvöll til skipulegrar almenningsmenntunar á Íslandi utan hins almenna skyldunámskerfis. Nái það fram að ganga, er stigið stórt og mikilvægt spor í átt til aukins jafnréttis og bætts lýðræðis. Það er vissulega markmið, sem stefna ber að á sem flestum sviðum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ingvar Gíslasson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja örfáum orðum að þessu máli, áður en það gengur til n. Ég lít svo á, að hér sé fjallað um mikið nauðsynjamál, að vísu, og ég er sammála mörgu af því, sem hv. flm. hafði að segja um málið. Það er áreiðanlega rétt, að þetta málefni, fullorðinsfræðslan, hefur orðið út undan hjá okkur þó nokkuð mikið, og það hefur miðað of hægt að koma skipulagi á þau mál. Ég held, að hv. flm. hafi orðað það svo, að það vantaði þarna hlekk í okkar menntakerfi og því hygg ég, að þarna sé fjallað um mjög mikilvægt málefni í sjálfu sér.

Við vitum, að sjálfsmenntun hefur verið mjög ríkur þáttur í íslenzku menningarlífi og er það trúlega enn þá. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að íslenzkt alþýðufólk sé bæði menntafúst og fróðleiksfúst. Þess vegna er ég sannfærður um það og hef lengi verið, að það sé jarðvegur fyrir skipulagða fullorðinsfræðslu hér á landi, og vissulega þarf að athuga, hvaða leiðir séu færar í þeim efnum. Ég held, að þar komi að vísu ýmsar leiðir til greina og þurfi að kanna þær.

Það eru áreiðanlega margvíslegir möguleikar til þess að miðla þekkingu og menntun, eins og nú er háttað í okkar þjóðfélagi. Við höfum mjög margvíslega fjölmiðla, bæði blöðin og ekki sízt útvarp og sjónvarp. Vissulega ættu menn að leiða hugann að því, hvað hægt er að nota þessa fjölmiðla til þess að efla sjálfsmenntun og fullorðinsfræðslu í landinu. Þess vegna álít ég, að þetta frv. sé mjög athyglisvert vegna efnisins. Hins vegar er ég ekki alveg sannfærður um það, að flm. hafi endilega ratað á rétta leið í tillögugerð sinni.

Þessi fyrirhugaða stofnun, sem um er getið í frv., á að bera nafnið Fræðslustofnun alþýðu, og er það út af fyrir sig kannske ekki óeðlileg nafngift. En mér finnst nokkuð einkennilegt, að eins og þetta frv. er úr garði gert, ef maður lítur til 4. gr., þá er ein fjölmennasta stétt alþýðunnar í landinu, bændastéttin, útilokuð frá beinni aðild að stofnuninni eða stjórn stofnunarinnar. Ég felli mig ekki við þetta og vil gera aths. alveg sérstaklega við þetta atriði. Eins er ekki minnzt á samvinnuhreyfinguna í þessu sambandi, og þó er þar um að ræða líklega fjölmennustu alþýðuhreyfingu á Íslandi, sem á sér að baki hvað lengsta sögu.

Annars tel ég ákaflega vafasamt að byggja fullorðinsfræðsluna upp á einhverjum stéttargrundvelli. Alveg sérstaklega finnst mér óheppi-

legt að gera það á þann hátt, sem mér virðist koma fram í þessu frv., í 4. gr. sérstaklega, þar sem beina aðild að stjórn stofnunarinnar eiga fyrst og fremst launþegasamtökin, þ. e. Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en það er varla minnzt á aðra starfsstéttir, sem þó eru bæði fjölmennar og láta nokkuð til sín taka.

Þá finnst mér vanta í grg. og raunar einnig í það, sem hv. frsm. hafði að segja, almennar sögulegar upplýsingar um fullorðinsfræðslu og sjálfsmenntun á Íslandi. Það væri miklu betra að átta sig á þessu máli, ef slíkt lægi fyrir. Mér finnst þess vegna, að þetta mál þurfi frekari undirbúnings við og hefði verið eðlilegra, eins og á stendur, að hv. flm., sem eru áhugamenn um þetta, hefðu flutt þáltill. um þetta efni, en ekki þetta frv., sem mér finnst að mörgu leyti gallað. Sem sagt, mér finnst m. a., að það hefði þurft að vera þarna nánari grg. um þá möguleika, sem fullorðið fólk hefur til þess að afla sér fræðslu og menntunar, eins og nú háttar í landinu. Það hefði verið mjög gagnlegt að vita meira um starfsemi t. d. bréfaskólanna í landinu, um námsflokkana, um málaskólana og það, hvað iðnskólar og aðrir sérgreinaskólar gera til þess að koma til móts við fullorðið fólk í sambandi við starfsmenntun og öflun starfsréttinda.

Mér finnst því, að þetta mál þurfi meiri undirbúning og við verðum að átta okkur miklu betur á ýmsum þáttum þessa máls, fá um það betri grg., hvernig þetta mál stendur.

Nú er mér kunnugt um, að n. hefur starfað að þessu máli, og ég hygg, að það sé rétt af okkur að bíða álits þessarar n. Ég veit að vísu ekkert um, hvað störfum þessarar n. líður, en ég held þó, að hún sé að störfum og þess sé að vænta, að hún skili áliti sínu innan ekki mjög langs tíma. Ég held því, að við ættum að bíða álits þessarar n. áður en við ákveðum hér á hv. Alþ., hvað gera skuli. Hins vegar er full ástæða til að minna á það við þessa umr., að sú n., sem fjallar um þetta á vegum ráðh., hraði störfum sínum, því að ég er sammála flm. um, að hér er um nauðsynjamál að ræða og eitt af þeim málum, sem við megum ekki vanrækja.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins, frv. (þskj. 332). — 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 16. maí 1972 samþykkti Alþ. þál. þess efnis, að skorað væri á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að láta á árinu 1972 gera lauslega yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins í samræmi við vegalög og núgildandi vegaflokkun. Þess má geta, að þessi þáltill. í því formi, sem hún var samþ., var flutt af allshn. Sþ. í samræmi við álitsgerð, sem n. barst frá vegamálastjóra um aðra till., sem n. hafði fengið til meðferðar um þessi mál. Í svari við fsp., sem rædd var hér í Sþ. 20. febr. s. l., kom það fram hjá hlutaðeigandi ráðh., að fyrrnefnd þál. hafði ekki verið framkvæmd á árinu 1972, og er ástæðan talin sú, að Alþ. hafi ekki samþ. sérstaka fjárveitingu til verksins. Nú er að vísu fordæmi fyrir því, að ríkisstj. hafi greitt fé úr ríkissjóði samkv. ályktunum Alþ., þótt ekki hafi verið í lagaformi, en rétt þykir eftir atvikum að freista þess að fá efni þál. lögfest, eftir því sem við á nú, og þar með að kostnaður við áætlunargerðina greiðist úr ríkissjóði. Þess vegna er þetta frv. flutt hér á þskj. 332 um, að gerð verði yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal. Allir flm. frv. áttu í fyrra sæti í allshn. Sþ. og stóðu þannig að þeirri till., sem samþ. var og ég hef áður vikið að. Nú er það auðvitað svo, að héðan af verður efni þál. ekki framkvæmt á árinu 1972, og leggjum við til í frv., að áætlunin verði gerð á þessu ári, sem nú er að líða, þ. e. a. s. 1973.

Það verður að teljast fullkomlega tímabært, og þótt fyrr hefði verið, að gera sér grein fyrir því, hve mikið af þjóðvegakerfinu þarf að byggja upp og hvað það kostar, til þess að hægt sé að gera raunverulega framkvæmdaáætlun, sem feli í sér heildaruppbyggingu kerfisins á tilteknum tíma. Fyrsta skrefið í þessa átt er að gera þá lauslegu yfirlitsáætlun, sem frv. fjallar um, en gera má ráð fyrir, að áætlunargerðin sé fyrst og fremst í því fólgin að vinna úr þeim gögnum, sem þegar eru fyrir hendi hjá vegagerðinni. Þar sem þessi gögn eru fyrir hendi, býst ég við og við flm., að það þurfi ekki að verða kostnaðarsamt að gera slíka yfirlitsáætlun. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi gert ráð fyrir, að kostnaðurinn mundi verða 2—3 millj. kr. Ég hygg, að það muni vera mjög ríflega áætlað og fyrir minni upphæð mætti setja saman í áætlunarkerfi þau gögn, sem fyrir liggja hjá vegagerðinni, þannig að Alþ. geti gert sér grein fyrir því, hversu mikið verkefni er framundan.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. fleiri orð. Það er, eins og ég sagði, flutt til þess að heimila fjárupphæð úr ríkissjóði til að inna af hendi þetta nauðsynjaverk. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgn. með 23. shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 78, n. 352, 353). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. menntmn., var n. sammála um að leggja til, að þetta frv. yrði samþ. með þeirri viðbót, að umrædd vélstjóranámskeið megi einnig halda í Ólafsvík, og um þetta er brtt. flutt af n. á þskj. 353. N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á þskj. 353.

ATKVGR.
Brtt. 353 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Menntaskólar, frv. (þskj. 64, n. 341). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Fyrir menntmn. Nd. hefur legið frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla, og eru flm. þess Ingólfur Jónsson og Ágúst Þorvaldsson. Í þessu frv. er lagt til, að reistur verði menntaskóli á Selfossi og yrði þá væntanlega svokallaður valgreinaskóli. N. er fullkomlega ljós þörfin menntaskóla fyrir þetta vaxandi byggðarlag og þann byggðarkjarna, sem er að vaxa upp á Selfossi, en n. er einnig ljóst, að það þarf að móta einhverja heildarstefnu í sambandi við byggingu menntaskóla, ekki sízt eins og fjármálum ríkissjóðs er nú háttað. Því hefur menntmn. samþ. einróma á þskj. 341 svofellt álit: „N. hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég tel það mikið atriði, að hv. menntmn. hefur gert sér ljóst, að mikil þörf er á menntaskóla á því svæði, sem frv. fjallar um. Tel ég það viljayfirlýsingu hv. þn. í þessu máli, sem sé mikils virði. Því verður ekki neitað, að það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að það er þörf á að móta heildarstefnu í þessum málum. Við flm. getum þess vegna eftir atvikum samþykkt þessa afgreiðslu menntmn., sérstaklega með tilliti til þess hugafars, sem á bak við afgreiðsluna er, og yfirlýsingar hv. frsm. um það, að n. sé sammála um nauðsyn menntaskóla á þessu svæði. Það er einmitt þessi skilningur, sem gefur málinu byr, og við flm. munum þess vegna fylgja málinu eftir og óska eftir því, að hæstv. menntmrh. hefji undirbúning að málinu. Á þessum forsendum erum við flm. eftir atvikum samþykkir þessari afgreiðslu menntmn.

ATKVGR.
Till. á þskj. 341 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 13. marz, kl. 2 miðdegis.

Hitaveituframkvæmdir, fsp. (þskj. 318). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 174 að beina fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi hitaveituframkvæmdir í byggðarlögunum hér í nágrenni Reykjavíkur.

Eins og kunnugt er, hafa Reykvíkingar notið þess nú um þrjá áratugi, að hibýli þeirra eru hituð með heitu vatni. Þær framkvæmdir, sem hér hafa átt sér stað, hafa verið mjög til fyrirmyndar og eftir þeim tekið hér á landi, og ýmis sveitarfélög, sem tækifæri hafa haft til þess, hafa fetað í fótspor Reykjavíkurborgar og komið upp hitaveitu til hagkvæmni fyrir íbúa þeirra byggðarlaga. Þessar framkvæmdir hafa ekki aðeins vakið athygli landsmanna, heldur hafa erlendir aðilar, sem hingað hafa komið, mjög veitt því eftirtekt, hvernig Reykjavíkurborg hefur hagnýtt sér jarðvarmann til þess að hita upp hibýli Reykvíkinga. Í byggðarlögunum í nágrenni Reykjavíkur hefur verið mikill áhugi allan þennan tíma á þessum málum, og þeir aðilar, sem hafa setið í sveitarstjórnum þessara byggðarlaga, hafa reynt að vinna að þessum málum þannig, að íbúar hér í næsta nágrenni gætu orðið þess sama aðnjótandi og Reykvíkingar hafa orðið. Því miður hefur ekki tekizt að koma þessum málum þannig fyrir. T. d. hafa niðurstöður athugana og rannsókna í Hafnarfirði orðið með þeim hætti, að of langt hefur verið talið og óhagkvæmt að ráðast í framkvæmdir á þeim grundvelli, sem þar hafði verið hugsað.

Það er nú á síðustu mánuðum, sem hins vegar hefur rofað til í þessum efnum, og íbúar í nágrenni Reykjavíkurborgar hafa litið svo á, að þeir mættu e. t. v. á næstu mánuðum njóta þess, sem þá hefur dreymt um í langan tíma. Það, sem veldur þessu, er annars vegar, að Hitaveita Reykjavíkur með sínum áframhaldandi rannsóknum og borunum hefur fengið meira vatnsmagn en gert hafði verið ráð fyrir og því möguleiki á því, að Hitaveita Reykjavíkurborgar geti tekið að sér og annazt um gerð hitaveitu og upphitun húsa á því svæði, sem hér hefur verið rætt um. Þá hefur einnig komið í ljós, að mun nær Hafnarfirði og þéttbýlinu í Garðahreppi en áður var talið eru möguleikar á heitu vatni, þ. e. a. s. á Álftanesi. Nú hagar málum þannig, að Kópavogur hefur gert samninga við Hitaveitu Reykjavíkur og fyrir liggur möguleiki, að Hafnarfjarðarbær geri samninga við Hitaveitu Reykjavíkur og fyrir liggur möguleiki, að Hafnarfjarðarbær geri samninga við Hitaveitu Reykjavíkur. Garðahreppur bíður og sér til, hvað fara gerir í þessum málum. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur snúið sér til hæstv. iðnrh. og farið fram á aðstoð í þessum efnum, farið fram á, að hann sem iðnrh. beitti áhrifum sínum til þess, að Hafnfirðingar með einum eða öðrum hætti gætu orðið aðnjótandi þess að hita hibýli sín upp með heitu vatni. Þeir hafa óskað eftir því að fá heimild til einkarekstrar á hitaveitu, og er því spurt, hvort ríkistj. hyggist veita Hafnarfjarðarbæ umbeðna heimild. Auk þess er spurt, hvort ríkisstj. hyggist beita áhrifum sínum til þess, að þeir samningar, sem annars vegar Kópavogur og hins vegar Hafnarfjarðarbær hafa gert eða geta gert við Hitaveitu Reykjavíkur, geti náð fram að ganga. Ef ekki, þá er spurt, hvort ríkisstj. hyggist að öðrum kosti veita þessum sveitarfélögum fyrirgreiðslu til sérstakra hitaveituframkvæmda hverju fyrir sig.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen spyr í fyrsta lagi: „Hyggst ríkisstj. veita bæjarstjórn Hafnarfjarðar umbeðna heimild til rekstrar hitaveitu?" Bæjarstjórn Hafnarfjarðar virðist líta svo á, að hún hafi heimild til rekstrar hitaveitu í Hafnarfirði, sbr. 1. gr. samningsuppkasts milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 14.12. 1972, en þar segir svo:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar afsalar Hitaveitu Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar einkaleyfi sínu til þess að starfrækja hitaveitu í Hafnarfirði með þeim skilmálum, sem nánar greinir í samningi þessum."

Ekki liggur fyrir í iðnrn. bréf, er staðfesti slíka heimild til Hafnarfjarðar, en það má vera, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar byggi slíka heimild á ákvæðum l. nr. 11 1936, svo og ákvæðum í afsali ríkissjóðs til handa Hafnarfjarðarkaupstað um hitaréttindi og landsréttindi í Krýsuvík, dags. 20. febr. 1941. Rn. sér ekki af sinni hálfu ástæðu til að vefengja þessa heimild Hafnarfjarðar eða mótmæla skilningi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á þessum málum. Fyrir því verður ekki talið nauðsynlegt að gefa nú út sérstaka heimild til handa bæjarstjórn Hafnarfjarðar til rekstrar hitaveitu þar.

Önnur spurning hv. þm. er: „Hyggst ríkisstj. beita áhrifum sínum til þess, að samningar geti tekizt og komið til framkvæmda milli sveitarfélaganna í nágrenni Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur um hitaveituþjónustu, eða hyggst ríkisstj. að öðrum kosti veita þessum sveitarfélögum fyrirgreiðslu til sérstakra hitaveituframkvæmda hverju fyrir sig?"

Forsvarsmenn sveitarfélaganna sunnan Reykjavíkur hafa skýrt iðnrn. frá áhuga sínum á samningsgerð við borgarstjórn Reykjavíkur um sameiginlegan rekstur hitaveitu fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Hefur rn. skýrt fulltrúum fyrrnefndra bæjarfélaga frá því á fundum í rn., að ekkert væri því til fyrirstöðu að stuðla að því, að slíkum samrekstri yrði á fót komið, ef væntanlegir samningsaðilar yrðu ásáttir um það. Ef svo væri, yrði slík fyrirgreiðsla að gerast með þeim hætti, að núgildandi heimildir til rekstrar hitaveitu fyrir hin einstöku bæjarfélög yrðu afturkallaðar og nýtt heildarleyfi gefið út fyrir allt svæðið í einu lagi. Að því er varðar afstöðu Hitaveitu Reykjavíkur skal þetta tekið fram:

Rn. fól Orkustofnun að athuga þessi mál allnáið, og 27. júlí s. l. skrifaði Orkustofnun Hitaveitu Reykjavíkur og bað um vitneskju um afstöðu Hitaveitu Reykjavíkur til þessara sameiningar. Hitaveita Reykjavíkur svaraði með bréfi 22. sept. 1972 og skýrði frá því, með hverjum hætti viðræður hefðu farið fram milli þessara bæjarfélaga og hvar málin stæðu þá. Telur Hitaveita, að nokkurt hlé hafi verið gert á þessum samningsviðræðum, meðan forráðamenn Hitaveitu Reykjavíkur væru að athuga, hverja lausn væri hægt að fá á gjaldskrá Hitaveitunnar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1973. Og að lokum segir svo í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem lausn verðtaxtamálsins er forsenda fyrir undirskrift samnings eða ákvörðun heildsöluverðs á vatni til Hafnarfjarðar, hefur borgarráð Reykjavíkur ákveðið að fresta frekari ákvörðun um samninga, þar til taxtamálið er til lykta leitt."

Að því er þetta taxtamál Hitaveitu Reykjavíkur varðar, hafa iðnrn. borizt þrjár umsóknir um gjaldskrárhækkun. Upphaflega umsóknin var 13% hækkun miðað við 1. jan. Eftir gengislækkunina í des. var farið fram á 17.9% hækkun, og nú í lok febr. barst umsókn, þar sem farið var fram á 29.6% hækkun 1. marz, en það er talið jafngilda 25% hækkun á ársgrundvelli. Rn. sendi hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar þessa umsókn, en hún taldi, að 20% hækkun á ársgrundvelli næði til þess að tryggja þá 7% arðgjöf, sem Hitaveita Reykjavíkur skuldbatt sig til þess að tryggja, þegar hún fékk lán á sínum tíma hjá Alþjóðabankanum. Í morgun samþykkti svo sérstök gjaldskrárnefnd, sem fjallar um þessi mál á vegum ríkisstj., að fallast á þessa 20% hækkun á ársgrundvelli. Því virðist ekki vera ástæða til þess, að Hitaveita Reykjavíkur fresti lengur viðræðum við sveitarfélögin af þessum ástæðum, og hefjast þær umr. vafalaust aftur nú á næstunni. Strax og sveitarfélögin hafa fundið viðunandi samningsgrundvöll um samrekstur hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu, mun ekki standa á rn. að veita nauðsynleg leyfi og fyrirgreiðslu, ef um það er samkomulag hjá þeim aðilum, sem þar hafa hagsmuna að gæta.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Hann minntist á það í svari sínu, að rn. teldi, að Hafnarfjarðarbær hefði nú þegar þær heimildir, sem til þyrfti í sambandi við hitaveituframkvæmdir. Ég veit, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar sendi hæstv. ráðh. bréf og óskaði eftir því í bréfinu, að Hafnarfjarðarbæ yrðu veitt tilskilin leyfi, eins og það er orðað. Ég geri ráð fyrir því, að þessi beiðni sé sprottin af viðræðum, sem nokkrir fulltrúar sveitarstjórnanna hér sunnan Hafnarfjarðar áttu við hæstv. ráðh. fyrir nokkuð löngu, í byrjun jan. frekar en í des., og þar hafi verið talinn leika vafi á því, hvort Hafnarfjarðarbær hefði þau réttindi eða þau tilskildu leyfi, sem hann þyrfti í sambandi við hitaveituframkvæmdir. Mér þykir vænt um að fá staðfestingu á því hjá hæstv. ráðh., að þau leyfi eru fyrir hendi. Ef hins vegar verður farið út í þá samninga, sem rætt hefur verið um, verður að sjálfsögðu að gera breytingar á þeim leyfum, og ég tók svo eftir, að hæstv. ráðh. héti því, að ekki skyldi standa á þeim leyfum, ef um þau yrði sótt.

Varðandi síðari fsp. mína um, hvort og þá með hvaða hætti ríkisstj. hygðist beita áhrifum sínum, upplýsti ráðh. enn fremur, að í morgun hefði gjaldskrárnefnd ríkisstj. fallizt á að veita Hitaveitu Reykjavíkur 20% hækkun. Eins og hann las upp áðan, hafði Hitaveita Reykjavíkur eða forráðamenn hennar talið, að áður en samningar við Kópavog gætu tekizt, þyrfti breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Ég lít svo á, að með þessari hækkun sé það skoðun ráðh., að ekkert standi í veginum fyrir því, að umræddir samningar verði gerðir, ef talið er rétt að gera þá. Ef svo færi, að úr þessum samningum yrði ekki og viðkomandi sveitarfélög stæðu frammi fyrir því, að þau yrðu með einum eða öðrum hætti að fjarmagna hitaveituframkvæmdir, t. d. ef Hafnarfjarðarbær teldi réttara að hefja hitaveituframkvæmdir og fá vatn frá Álftanesi, þá munu að sjálfsögðu þessi sveitarfélög þurfa á töluvert mikilli fyrirgreiðslu að halda. Ég skildi ræðu hæstv. ráðh. þannig, að á meðan ekki væri úr því skorið, hvort samningar við Hitaveitu Reykjavíkur tækjust teldi hann ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess atriðis, sem ég spurði um í síðari hluta seinni fyrirspurnarinnar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Örstutt aths. Ég vil byrja með því að fagna því, að þessu máli er hreyft. Það er áreiðanlega mjög mikilvægt í okkar þjóðfélagi að hraða hitaveituframkvæmdum, ekki sízt vegna þess, að fróðustu menn telja, að framundan sé gífurlega mikil hækkun á olíu og jafnvel skortur og þá nauðsynlegt fyrir okkur að nýta þessi verðmætu auðæfi okkar. Ég vil hins vegar láta það koma fram, að ég efast nokkuð um þá stefnu, sem tekin hefur verið hér í nágrannasveitarfélögunum, að fela Reykjavíkurborg að annast hitaveituframkvæmdir og rekstur hitaveitu fyrir þau svæði. Ég vil vekja athygli á því, að á Seltjarnarnesinu var borað með ágætum árangri og þar hefur fengizt heitt vatn, að því er mér skilst að góðra manna dómi, með kjörum, sem sízt eru lakari en þau, sem Reykjavíkurborg getur boðið.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um Álftanesið, og leggja ríkari áherzlu á það en hann gerði, að það ber að athuga. Þar er hitasvæði, sem hefur verið kannað og er mjög gott að dómi jarðfræðinga og mjög miklar líkur til þess, að þar megi fá mikinn hita, sem mundi fullnægja þeim svæðum, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. Hafnarfirði, Álftanesi, Garðahreppi og Kópavogi. Ég tel því, að áður en ákveðið er að ganga til samninga við Reykjavíkurborg, beri að athuga, hvort ekki sé rétt að mynda samtök þessara sveitarfélaga, sem ég hef nefnt, um hitaveitu frá Álftanesinu, og komi þar til rífleg fyrirgreiðsla frá opinberri hálfu.

Hitt er svo annað mál, að líklega er æskilegt, að slík hitaveita verði í framtíðinni tengd hinni stóru hitaveitu Reykjavíkurborgar öllum til hagræðis.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að beiðnir Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkanir byggjast á því skilyrði, sem Alþjóðabankinn hefur sett Hitaveitunni vegna lántöku Hitaveitunnar hjá honum þegar á árinu 1961, um 7% arðgjöf Hitaveitu Reykjavíkur í rekstri. Það er enn fremur nauðsyn fyrir Hitaveituna sjálfa að hafa þessa arðgjöf, ef hún á að vera þess umkomin að leggja hitaveitu jafnóðum í ný hverfi innan Reykjavíkurborgar, eins og hún hefur gert á undanförnum árum. Og loks er þetta skilyrði fyrir því, að Hitaveitan geti gengið til samninga við nágrannasveitarfélög um að leggja hitaveitu í ný eða eldri hverfi þar.

Þetta er sem sagt hagsmunamál allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, og þetta er hagsmunamál alþjóðar, því að í þessu felst mikill gjaldeyrissparnaður. Það er og álitið, að það spari hvert heimili helming hitakostnaðar að fá tengsl við Hitaveitu Reykjavíkur eftir 20% hækkunina. Það sparar hverri meðalfjölskyldu 14 þús. kr. á ári, hverjum einstaklingi innan sveitarfélagsins um 4 þús. kr. á ári. Fyrir 25 þús. manna byggð á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur sparar þetta 100 millj. kr. á ári.

Ég hygg, að ríkisstj. hafi með seinkun á afgreiðslu á gjaldskrármálum Hitaveitu Reykjavíkur frestað því um eitt ár, að þetta hagræði til handa íbúum á höfuðborgarsvæðinu hafi komizt á. Það er dæmi um það, hvernig óraunhæf verðlagshöft eru til þess fallin að valda vöruskorti, gera það að verkum, að fólkið fær ekki þá þjónustu, sem því er nauðsynleg á hverjum tíma.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur látið í ljós jákvæðan skilning á nauðsyn þess, að nágrannasveitarfélög Reykjavíkur geti átt þess kost, væntanlega í náinni framtíð, að búa við svipaða aðstöðu varðandi upphitun húsa sinna og íbúar höfuðborgarinnar. Það er staðreynd, eins og hefur komið fram í þessum umr., að verulegur aðstöðumunur er varðandi upphitun húsa á höfuðborgarsvæðinu, þannig að hitakostnaður t. d. í Hafnarfirði, Garðahreppi og Kópavigi og víðar í nágrenni Reykjavíkur er nú um 100% hærri en í Reykjavík. Þess vegna er stórkostlegt hagsmunamál fyrir íbúa í nágrenni Reykjavíkur, að þetta mikla og sívaxandi misrétti verði leiðrétt og þeir geti átt kost á hitaveitu til húshitunar eins og Reykvíkingar og ekki með lakari skilmálum en þeir eiga og hafa átt við að búa.

Varðandi það atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að Hafnfirðingar litu svo á, að þeir hefðu nú þegar einkaleyfi á hitaveitu í Hafnarfirði, það hefði staðið í uppkasti, sem fyrir liggur um samning varðandi þessi mál milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þá vil ég upplýsa, að þetta eru drög að samningi og eru að sjálfsögðu háð samþykki viðkomandi rn. Í framhaldi af viðræðum, sem sveitarstjórnarmenn í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðahreppi áttu við hæstv. ráðh. um þetta mál fyrir skömmu, skrifaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði bréf til hæstv. ráðh., þar sem var formlega óskað eftir þessu leyfi, sem ráðh. taldi, að þyrfti að liggja fyrir.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það var í tilefni af ummælum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, þar sem hann gaf í skyn, að ákvörðun ríkisstj. um gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur kynni að verða til þess, að framkvæmdir frestuðust í eitt ár. Þá vil ég geta þess, að umsókn Hitaveitunnar var, eins og ég gat um áðan, send hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og í grg. þeirrar stofnunar var komizt svo að orði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er unnt að svo stöddu að endurmeta eignir fyrirtækisins sérstaklega með tilliti til gengisbreytingarinnar. En sé notuð aðferð Hitaveitunnar og miðað við áætlaða hækkun byggingarvísitölu til ársmeðaltals 1973, sem að verulegu leyti verður vegna beinna og óbeinna áhrifa gengisbreytinga, verður hækkunarþörfin rúmlega 20% á ársgrundvelli. Er þá ekki gert ráð fyrir sérstakri fyrningu vegna gengistaps, en miðað við rekstraráætlun fyrirtækisins sjálfs að öðru leyti, enda ekki ástæða til sérstakra aths. við aðra liði hennar."

Enn fremur segir svo í þessari álitsgerð:

„Það er álit hagrannsóknadeildar, að til þess að Hitaveita Reykjavíkur geti staðið við arðgjafarskuldbindingar gagnvart Alþjóðabankanum, sé nauðsynlegt að hækka gjaldskrá fyrirtækisins um nálægt 20% á ársgrundvelli miðað við þær forsendur, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan."

Jafnframt skal á það bent, að samningsbundinn framkvæmdahraði við lagningu hitaveitu til Kópavogs og Hafnarfjarðar er háður skilyrði um 7% arðsemi Hitaveitu Reykjavíkur á framkvæmdatíma, en hagkvæmast er að flýta þessum framkvæmdum eftir megni, þannig að þessar ákvarðanir eru í fullu samræmi við niðurstöður hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar um það, að einmitt þessum forsendum sé fullnægt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort úrskurður hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar er fullnægjandi að því er snertir það skilyrði, sem Alþjóðabankinn setur um arðgjöf Hitaveitunnar. Ég vonast til þess, að með skýrslu hagrannsóknadeildarinnar séu Hitaveitunni fengin nægileg gögn gagnvart Alþjóðabankanum í þessu efni. En Alþjóðabankinn gerði á s. l. ári ítrekaðar aths. við það, að Hitaveitan hefði ekki gjaldskrá og hefði ekki fengið leyfi stjórnvalda til þess að hafa gjaldskrá til að fullnægja lánasamningum. Það voru frestun og neitanir hæstv. ríkisstj. á síðasta ári og allt fram til dagsins í dag, þegar fsp. hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen kemur hér á dagskrá, sem hafa valdið töfum á framkvæmd samningsins við Kópavog og töfum á undirritun og frágangi á samningi við Hafnarfjarðarbæ. Ef svo hefði farið fram sem horfði, að Hitaveitan fengi ekki raunhæfa gjaldskrá, þá var í hættu stefnt, að Reykvíkingar fengju áframhaldandi hitaveitu í ný hverfi í borg sinni. En öllum þessum sveitarfélögum er það sameiginlegt hagsmunamál, ef til þess kemur, að sækja þurfi hitaorkuna lengra frá borginni en hingað til, að undir þeim dýru og miklu framkvæmdum standi stór og öflugur markaður. Þess vegna er það óhrakið, sem ég sagði hér áðan, að aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í þessu brýna hagsmunamáli hefur frestað þessum hitaveituframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu um eitt ár og jafnvel stefnt tengslum okkar og samningsaðstöðu við Alþjóðabankann í voða líka, að því er snertir lánsumleitanir okkar í sambandi við Sigölduvirkjun.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi málflutningur hv. þm. Geirs Hallgrímssonar er, eins og þm. almennt vita, ekki í samræmi við staðreyndir. Ég gat þess í svari mínu áðan, að sjálf Hitaveita Reykjavíkur frestaði þessu máli af sinni hálfu með bréfi, sem hún sendi rn. 22. sept. 1972, og taldi ekki tímabært að fjalla um það við nágrannasveitarfélögin, fyrr en hún fengi vitneskju um, hver gjaldskrá yrði á næsta ári á eftir. Um það bárust síðan þrjár umsóknir, sú þriðja í lok febr., og það er ekki liðinn nema hálfur mánuður síðan rn. fékk þá umsókn. Hún hefur verið afgreidd núna, þannig að þær tafir, sem hafa verið á þessu máli, eru síður en svo af hálfu iðnrn. eða ríkisstj. Hafi verið um óeðlilegar tafir að ræða, þá eru þær frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í sambandi við þetta vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. svaraði ekki beint, eins og fyrirspyrjandinn sagði í annað skiptið, þegar hann tók til máls, — svaraði ekki beint seinni lið fsp. varðandi sérstaka fyrirgreiðslu fyrir þessi sveitarfélög, ef þau vildu ráðast sjálf í framkvæmdir. En ég vek athygli á því, að 9. mál, sem lagt var hér fram á Alþ. í haust, var till. frá okkur tveimur þm. um lánsfé til hitaveituframkvæmda, þar sem ályktað var, að Alþ. skori á hæstv. ríkisstj. að gera ráðstöfun til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda, því að það er augljóst mál, að mikill áhugi er á Suðurnesjum og víðar úti á landi um að virkja hið heita vatn, sem við höfum til ráðstöfunar. Það er aðeins spurning um peninga, og þessar framkvæmdir munu allar kosta mörg hundruð millj. Enn hefur þessi till. ekki fengizt afgreidd í fjvn. Hins vegar liggur fyrir jákvæð afstaða frá sveitarstjórnum eða a. m. k. sambandi sveitarstjórna, þar sem lagt er til efnislega, að till. sé samþ. og aukið fjármagn sé tryggt. Það er skýrsla til núna um virkjun á Svartsengi fyrir Suðurnesin, þar sem ótvírætt er mælt með virkjun, en það vantar fjármagn. Og það kom hér fram áðan, að heitt vatn fyrir um 25 þús. manns mun spara um 100 millj. kr. Það er ekki svo lítil hagsbót. Þetta á víðar við en um nágrannabæi Reykjavíkur. Ég vil því undirstrika það og beini því til hæstv. iðnrh., að hann athugi þessi mál í nýju ljósi og leggi því lið, ef hægt er, að tryggja einhverja lágmarksupphæð. Það hefur komið fram, að Alþjóðabankinn gerir kröfu um 7% arðsemi, ef hann lánar hér fé til. Það getur verið, að það sé nokkuð há arðgjöf, ég veit það ekki. En það er brýn nauðsyn að tryggja mikið fjármagn, svo að þessi sparnaður geti átt sér stað.

Öflun skeljasands til áburðar, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um öflun skeljasands til áburðar. Þegar kalið herjaði ræktunarlönd bænda hér á árunum, kom í ljós, svo að ekki varð um villzt, við rannsóknir okkar á áhrifum tilbúins áburðar, sem borinn var á ræktunarlönd langtímum saman, að þau voru ekki svo góð sem skyldi. Það fór fljótlega að bera á því, að glöggir bændur þóttust kenna, að aukin kalkgjöf á tún kynni að einhverju leyti að draga úr kalhættu. Ég trúi, að síðar hafi þessi grunur verið staðfestur af sérfræðingum. Nú hafa um sinn verið hlýrri ár, en menn mega

þó ekki láta slíkar sveiflur í árferði slæva áhuga og athafnir á þessum sviðum.

Alþ. hefur þegar að nokkru sýnt vilja sinn varðandi þessi efni. Við endurskoðun löggjafar um jarðrækt voru teknar upp greiðslur vegna kölkunar túna, en það var nýmæli. Og 8. febr. 1972 var samþ. á Alþ. ályktun um að „skora á ríkisstj. að láta rannsaka, hvar hagkvæmt sé að vinna skeljasand til kölkunar túna, og gera síðan ráðstafanir til þess að auðvelda öflun hans.“ Þannig hefur Alþ. þegar sýnt mikinn skilning á þessu efni.

Í ályktuninni er vikið að þessum tveimur atriðum, rannsókn á því, hvar hagkvæmast kynni að vera að vinna skeljasand til áburðar, en það efni hefur þegar verið notað og fengið frá Sementsverksmiðjunni á Akranesi, og svo hins vegar áskorun um, að gerðar verði ráðstafanir til að auðvelda öflun þess. Fsp. mín er þannig:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþ. frá 8. febr. 1972 um öflun skeljasands til áburðar?“

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 335 er fsp. frá hv. 5. þm. Austf., svo hljóðandi: „Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþ. frá 8. febr. 1972 um öflun skeljasands til áburðar?“ Svar landbrn. er á þessa leið:

Rn. hefur leitað álits Sementsverksmiðju ríkisins um efni þáltill., en Sementsverksmiðjan hefur frá upphafi haft til sölu áburðarkalk. S. l. þrjú ár nam sala áburðarkalks frá verksmiðjunni sem hér segir: 1969 573 tonn, 1970 496 tonn og 1971 522 tonn. Verð á hverjum 50 kg poka var á s. l. ári 60 kr. án söluskatts. Ekki er vitað til þess, að það hafi nokkru sinni verið neinum vandkvæðum bundið fyrir bændur að fá það áburðarkalk, sem þeir vildu kaupa, en eftirspurn hefur verið fremur lítil, svo sem ofangreindar tölur bera vott um. Talið er, að unnt sé að dæla góðum skeljasandi á land víðar en á Akranesi, en það yrði án efa mjög kostnaðarsamt, meðan eftirspurn eftir áburðarkalki er ekki meiri en nú er. En aukist eftirspurn eftir áburðarkalki, verður málið tekið til frekari athugunar. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í jarðræktarlög, sem samþykkt voru á fyrra ári, var tekið upp ákvæði um framlag til kölkunar túna, en þar segir svo í 10. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Til kölkunar á túnum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.“

Mun reynslan af þessu ákvæði væntanlega leiða í ljós, hve mikil þörf er fyrir notkun áburðarkalks.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, enda þótt ég sé ekki alls kostar ánægður með þau. Ég hafði ástæðu til að halda, að hugað hefði verið að möguleikum á vinnslu skeljasands til áburðar víðar en hér í Faxaflóa í sambandi við landgrunnsrannsóknir, sem fram fóru á s. l. sumri. En um það kom ekkert fram í þessum svörum. Skeljasandur sá, sem Sementsverksmiðjan selur, er að vísu ódýr á tonn, en það þarf mjög mikið magn til kölkunar túna og flutningskostnaður verður þess vegna tilfinnanlegur. Ég vil leyfa mér að leggja áherzlu á það, að leitazt verði við að framkvæma þann þingvilja, sem fram kom í ályktuninni frá 8. febr. 1972, og þá bæði atriði ályktunarinnar: að gera sér grein fyrir, hvort ekki er hægt með viðráðanlegum kostnaði að ná upp þessu áburðarefni víðar en hér á einum stað, og svo hins vegar að gera frekari ráðstafanir en þegar hafa verið gerðar til þess að auðvelda bændum öflun þessa áburðar. Ég held, að hvarvetna, þar sem ræktunarmenning er á háu stigi, sé kölkun ræktunarlands talin mjög mikilvægt atriði og það sé því full ástæða til þess, að hið opinbera hafi meiri forustu um að rannsaka þörfina á kölkun ræktunarlands annars vegar og um aðgerðir til þess að fullnægja henni hins vegar.

Tækniháskóli Íslands, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Í l. nr. 66 frá 29. maí 1972 er svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðh. skal jafnframt láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.“

Ég hef leyft mér í tilefni af þessu og vegna þess að nú stendur yfir gerð skipulagsáætlunar á Akureyri, sem gildi næstu 20 ár, að spyrja hæstv. menntmrh. eftirgreindra spurninga á þskj. 335:

„1. Hvað líður framkvæmd bráðabirgðaákvæðis l. nr. 66 frá 29. maí 1972 um könnun á að koma á fót Tækniháskóla Íslands og velja honum stað á Akureyri?“ Ég vek athygli hv. þm. á því, að það hafa orðið mistök þarna í prentun, þarna á að standa Tækniháskóla Íslands.

2. Hversu miklu landrými og aðstöðu þyrfti að gera ráð fyrir í aðalskipulagi fyrir slíkan skóla á Akureyri, en nú er unnið þar að gerð slíks skipulags, sem gilda á næstu 20 ár?“

Ég vil gera örstutta grein fyrir þessari fsp. Öllum hv. þm. er áreiðanlega ljóst, hversu rík tilhneiging er til útþenslu miðstjórnarkerfis ríkisins og ýmissa opinberra stofnana, svo sem sérskóla. Þar sem þessum stofnunum hefur fyrst og fremst verið valinn staður á höfuðborgarsvæðinu, veldur þetta því, að landsmenn allir, við sjó og í sveit, standa undir sívaxandi at-

vinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu, og á það gildan þátt í þeirri misþróun byggðar, sem orðið hefur. Af þessum ástæðum hefur verið ofarlega á baugi, að hér þurfi að spyrna við fótum og kosta nokkru til að velja þeim stofnunum stað utan höfuðborgarsvæðisins, sem kostur er á. Af þessum sökum var tilgreint bráðabirgðaákvæði sett.

Nú er það svo, að rísi Tækniháskóli Íslands í náinni framtíð í svo öflugu þéttbýli sem Akureyri er orðin, hefði það víðtæk áhrif á alla þróun bæjarins. Nemendur og kennarar eyddu þar drjúgum hluta af tekjum sínum til kaupa á vörum og þjónustu, sem framleidd yrði á staðnum. Við þetta efldust þessar atvinnugreinar, nýjar þjónustustofnanir atvinnuveganna kæmust á fót, félagsleg aðstaða batnaði o. s. frv. Þessi þróun hefði miklu örari efnalega og félagslega velferð í för með sér fyrir staðinn og nágrannabyggðir en ella væri. Af þessum sökum er alveg ljóst, að takast verður samvinna með stjórnvöldum og bæjarstjórn Akureyrar um gerð skipulagsáætlunar fyrir bæinn, og er svo raunar um miklu fleiri staði, þar sem stjórnvöld hafa í hendi sér að gera svo áhrifamiklar aðgerðir til eflingar einstakra staða sem hér hefur verið stutt rökum.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari þessu á greinargóðan hátt.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. er þetta, hversu greinargott sem hann metur það nú, þegar lesið hefur verið:

Í fyrra lið fsp. er vitnað til bráðbirgðaákvæðis í l. nr. 66 frá 1972, um Tækniskóla Íslands. Ákvæðið er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og menntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðh. skal jafnframt láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri."

Í framhaldi af þessu lagaákvæði var 16. febr. s. l. skipuð n. til að annast það verkefni, sem framangreint ákvæði lýtur að. Í erindisbréfi n. segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal n. semja frv. að nýjum lögum um verk- og tæknimenntun á háskólastigi og taka m. a. til athugunar í því sambandi, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði innan vébanda Háskóla Íslands sérstakur tækniháskóli, er taki við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi við Háskóla Íslands. Enn fremur skal n. semja frv. til l. um tækniskóla, er veiti tæknimenntun á framhaldsskólastigi. N. skal við gerð frv. taka mið af meginstefnu álitsgerðar verk- og tæknimenntunarnefndar um nýskipun verk- og tæknimenntunar á Íslandi frá því í júní 1971. Þá er n. falið að semja framkvæmdaáætlun, er feli í sér mat á helztu kostnaðaráhrifum, er leiða mundu af framkvæmd frv., ef að lögum yrðu. Loks er n. falið að rannsaka ítarlega, hvort tiltækilegt sé, að fyrrgreindar menntastofnanir, önnur hvor eða báðar, verði starfræktar á Akureyri, sbr. ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 66 frá 1972, um Tækniskóla Íslands. Æskilegt er, að n. hraði störfum eftir föngum og skili frv. fyrir árslok 1973."

Hér lýkur tilvitnun í erindisbréfi n. Í n. eiga sæti Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur, formaður, Bjarni Kristjánsson rektor Tækniskóla Íslands, Magnús Magnússon prófessor, deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Jóhannes Zoëga hitaveitustjóri, tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands, og Jónas Guðlaugsson rafveitustjóri, tilnefndur af Tæknifræðingafélagi Íslands.

Í síðari lið fsp. hv. þm. er spurt um, hversu mikið landrými og aðstöðu mundi þurfa að ætla hugsanlegum tækniháskóla á Akureyri. Ljóst má vera, að á meðan sú könnun, sem stofnað hefur verið til samkv. framansögðu, er svo skammt á veg komin, eru lítil tök á að veita viðhlítandi svör um þetta atriði. Þess má þó geta, að í áætlunum um byggingar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands hefur verið rætt um samanlagt um það bil 2800 fermetra grunnflöt þriggja byggingaráfanga á lóð, sem væri um það bil 15 þús. fermetrar eða hálfur annar ha. að stærð. Hefur þá verið gert ráð fyrir, að samanlagðu gólfflötur í húsunum þremur yrði um 7 þús. fermetrar, þannig að byggingarhlutfall lóðarinnar yrði tæplega 0.5. Í þessum áætlunum hefur verið gert ráð fyrir, að byggja mætti eitt hús til viðbótar með um 1000 fermetra grunnfleti eða 2000 fermetra samanlögðum gólffleti, og mundi þá byggingarhlutfallið hækka í 0.6. Leggja ber áherzlu á, að hér er að verulegu leyti um óstaðfestar áætlanir að ræða. Aðeins 1. áfangi byggðar fyrir kennslu í verkfræði- og raunvísindadeild er risinn af grunni og unnið er að hönnun 2. áfanga.

Loks má minna á, að í álitsgerð verk- og tæknimenntunarnefndar á sínum tíma var gert ráð fyrir, að jafnframt stofnun tækniháskóla yrði komið á fót tækniskóla, er veitti tæknimenntun á framhaldsskólastigi. Víða erlendis er gert ráð fyrir, að þörf sé mun fleiri manna með slíka menntun en sérfræðinga með tæknimenntun á háskólastigi, og er ekki ólíklegt, að svipuð þróun verði hérlendis, þannig að jafnvel reynist þörf á fleiri en einum tækniskóla. Óháð því, hvað ofan á verður um hugsanlegan tækniháskóla, virðist því fyllilega raunhæft að gera ráð fyrir þeim möguleika, að fullkominn tækniskóli verði á Akureyri, en þar starfar nú sem kunnugt er undirbúningsdeild og raungreinadeild, miðaðar við núverandi skipan Tækniskóla Íslands. Er og í 7. gr. l. nr. 66 frá 1972, um Tækniskóla Íslands, kveðið á um, að stefnt skuli að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, sem ég met sæmilega greinargóð miðað við aðstæður. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því, að þetta svar gefur tilefni til ýmissa hugleiðinga

um samstarf ríkisvaldsins og einstakra sveitarstjórna, þegar um slík mál er að ræða sem vikið er að í þessari fsp.

Á s. l. hausti reyndum við að fá ákveðnar línur um það frá nýstofnaðri Framkvæmdastofnun ríkisins, hvaða hugmyndir hún hefði um vaxtarhraða bæjarfélagsins á Akureyri. Eins og hv. þm. muna, átti þessi stofnun að gera áætlanir um allt milli himins og jarðar og vera mótandi afl um stefnu hins opinbera í byggðamálum og atvinnumálum, en engin svör fengust frá þessari hv. stofnun um þetta atriði. Nú kemur það einnig í ljós hér á hv. Alþ., að það er lítið hægt að segja um, hvað gert verður í þessum efnum, sem í raun og veru geta skipt sköpum um það, hversu mikill hraði verður á vexti ákveðins bæjarfélags. Því er í rauninni ákaflega erfitt um forsendur fyrir gerð skipulagsáætlunarinnar fyrir slíkt bæjarfélag um næstu 20 ára skeið. Ég vil vekja athygli hv. þm. og hæstv. ríkisstj. á því, að það er nauðsynlegt að móta fasta stefnu á þessu sviði, þannig að það sé ekki beinlínis rennt blint í sjóinn með slíka skipulagsáætlun. Ég ætla ekki að ræða mál tækniskólans hér og hugsanlegt staðarval hans á Akureyri. Um það hafa orðið svo langar umr. hér áður, að óþarfi er að endurtaka þær.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem síðasti ræðumaður sagði, að mikið hefur verið rætt um að koma á fót tækniskóla eða tækniháskóla á Norðurlandi. Ég ætla ekki að bæta neinu við þær umr. Ég vil aðeins minna á, að það eru mörg ár síðan ákvæði var sett í tækniskólalög um það, að stefnt skyldi að stofnun fullkomins tækniskóla á Akureyri, en af því hefur enn ekki orðið. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að mig langar að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort nokkur þeirra manna, sem hann hefur skipað í undirbúningsnefnd tæknimenntunar, sé búsettur á Akureyri. Ég kannaðist ekki við alla mennina, sem nefndir voru, og má vera, að einhver þeirra sé þaðan. En hvað sem því líður, finnst mér vera þörf á því, að í n. sé maður eða menn búsettir á Akureyri. Ef svo er ekki, vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann vill ekki taka til athugunar að bæta í n. einum eða tveimur mönnum frá Akureyri eða Norðurlandi, sem væru þá t. d. tilnefndir af bæjarstjórn Akureyrar eða Fjórðungssambandi Norðlendinga. Mér finnst það skipta allmiklu máli til þess að tryggja það, að norðlenzk sjónarmið komist að í sambandi við undirbúning þessa máls.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Til svars við fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. get ég skýrt frá því, að enginn þeirra manna, sem skipaðir hafa verið í n. til að athuga um möguleg á sameiningu Tækniskóla Íslands og verkfræðideildar Háskóla Íslands í Tækniháskóla Íslands, er búsettur á Akureyri eða þar í grennd. Hins vegar veit ég, að a. m. k. sumir nm. rekja þangað ættir sínar og eiga ekki allir langt að rekja til Norðurlands eystra.

Því atriði, hvort ekki sé rétt að bæta í n. mönnum eða manni tilnefndum af bæjarstjórn Akureyrar, vil ég svara því, að verkefni n. er ekki í fyrsta áfanga að athuga um staðarval fyrir þær menntastofnanir, sem um er fjallað, þ. e. a. s. Tækniskóla Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands, heldur verður að sjálfsögðu fyrsta verkefnið að athuga, hvort sameina ber þessar stofnanir. Þá fyrst, þegar n. er komin að niðurstöðu um það atriði, getur hún farið að huga að staðsetningu. Það er auðvitað allt annað, hvar á að reisa einn sameinaðan Tækniháskóla eða hvar bera skal niður, verði stofnanirnar áfram tvær, Tækniskóli Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands, hvort út af fyrir sig. Ég er þess fullviss, að þegar að þeim lið kemur í verkefni n., mun hún fús til fyllstu samvinnu við hverja þá fulltrúa sem bæjarstjórn Akureyrar kynni að tilnefna.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Ég leyfi mér að skilja það svo, að þegar að því kemur að velja tækniháskólanum eða tækniskólanum stað, muni hann taka til athugunar að skipa norðlenzka menn til viðbótar í n., ekki eingöngu menn, sem eru ættaðir af Norðurlandi, heldur menn, sem þar eiga heima.

Smíði skuttogara á Spáni, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. ráðh. þriggja spurninga í nokkrum liðum um smíði skuttogara á Spáni. Tilefni þessara spurninga eru fréttir í fjölmiðlum um þessi mál. Í Morgunblaðinu hinn 8. febr. s. l. segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt upplýsingum, sem Morgunblaðið hefur aflað sér, mun spænska skipasmíðastöðin telja, að hún hafi tapað 90 milljónum peseta á smíði fyrstu fjögurra skuttogaranna fyrir Íslendinga eða um 135 millj. kr. Hafa fulltrúar skipasmíðastöðvarinnar farið fram á, að kaupandinn, þ. e. a. s. ríkissjóður, taki á sig helming þess taps eða um 67 millj. kr. Auk þess telja fulltrúar skipasmíðastöðvarinnar allt í óvissu um, hvort stöðin getur staðið við samninga um smíði á tveimur togurum fyrir Útgerðarfélag Akureyringa".

Af þessum sökum hef ég leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. á þskj. 335 eftirgreindra spurninga:

„1. Hve hárri upphæð nema kröfur skipasmíðastöðva á Spáni umfram upphaflega umsamið verð hvers togara, sem þar er í smíðum fyrir ríkissjóð?

2. Hvert verður endanlegt smíðaverð hvers skips, ef gengið verður að þessum kröfum?

3. Hve hátt var tilboð Slippstöðvarinnar á Akureyri við smíði hliðstæðra skipa, reiknað á núgildandi verðlagi?"

Út af 3. liðnum er rétt að rifja upp, að á sínum tíma samdi viðreisnarstjórnin — það mun hafa verið í maí 1971 — við Slippstöðina

á Akureyri um smíði tveggja togara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa. Núv. ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þessir samningar færðust yfir til Spánverja, — þetta mun hafa gerzt í júní 1972, — og þar yrðu smíðuð 6 skip í stað 4, svo sem upphaflega var gert ráð fyrir. Í ljós kom, er samið var um, að spánska skipasmíðastöðin tæki við vélum og tækjum, sem Slippstöðin hafði pantað víða um lönd, að spánska ríkisstj. taldi sig ekki mundu styrkja smíði tveggja síðustu togaranna eins og hinna fyrri, en í þeim voru spánskar vélar og tæki. Ýmsir hafa talið, miðað við það, sem við þetta kom í ljós, að styrkir frá ríkissjóði Spánverja nemi allt að 45 millj. kr. á skip, og þarf að hafa þetta í huga, þegar endanlegt verð á skipum frá spánsku skipasmíðastöðinni er borið saman við samningsverð Slippstöðvarinnar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. fsp. greindi frá, er á þskj. 335 fsp. frá honum til mín í þremur liðum.

Í fyrsta lagi er spurt um, hve hárri upphæð kröfur skipasmíðastöðvarinnar á Spáni nemi umfram upphaflega samið verð hvers togara, sem þar er í smíðum fyrir ríkissjóð. Svarið er á þessa leið:

Hér er um að ræða 6 togara. Samið var um smíði fjögurra þeirra á árinu 1970, en um tvo, sem áður var ætlunin að smíða í Slippstöðinni á Akureyri, var samið á miðju ári 1972. Skipasmíðastöðin, sem í hlut á, hefur ekki gert kröfu um viðbótargreiðslu vegna þessara skipasmíða. Hins vegar skrifaði hún bréf og skýrði frá 90 millj. peseta tapi, eða 150 millj. kr., á smíði fyrstu fjögurra skipanna og erfiðleikum á að fjármagna smíði síðustu tveggja skipanna, eins og fjármálum stöðvarinnar væri komið. Í bréfinu var orðuð sú hugmynd, að ríkissjóður bæri helminginn af tapinu, þ. e. 75 millj. kr., en hækkaði síðan verð togaranna tveggja um 12 millj. kr. hvors.

Spurt er í framhaldi af þessu: „Hvert verður endanlegt smíðaverð hvers skips, ef gengið verður að þessari kröfu?" Því er fyrst til að svara, að ekki hefur verið til umr. að fallast á þessar hugmyndir skipasmíðastöðvarinnar. Henni hefur algerlega verið neitað, og skipasmíðastöðin mun skila 4 fyrstu togurunum á því verði, sem um var samið. Hins vegar, ef að þessum kröfum hefði verið gengið, mundi hvert skip hafa kostað um 204 millj. kr. Um síðari skipin er það að segja, að um þau er meiri óvissa, en ef að kröfum um þau ætti að ganga, mundi verðið á þeim með þeim breytingum, sem orðið hafa á þeim hlutum, sem voru keyptir fyrir þýzk mörk, sem búið var að kaupa til Akureyrartogaranna, verða um 250—260 millj. kr. á skip.

Þá er í þriðja lagi spurt: Hve hátt var tilboð Silppstöðvarinnar á Akureyri í smíði hliðstæðra skipa, reiknað á núgildandi verði? Svarið er á þessa leið: Framreikningur tilboðs af þessu tagi er alltaf erfiðleikum háður. Aðilar, sem á sínum tíma sömdu við Slippstöðina, hafa reiknað út, að sambærilegt smíðaverð hjá Slippstöðinni, miðað við samninga, væri nú nálægt 250 millj. kr. á skip.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Í svari hans kom fram, að síðari togararnir, ef þeir hefðu verið smíðaðir á Spáni, mundu kosta um 250—260 millj. kr., en ef þessir togarar hefðu verið smíðaðir samkv. samningi við Slippstöðina, mundu þeir kosta um 250 millj. kr. Þetta eru fróðlegar upplýsingar í sjálfu sér. En ég verð að gera athugasemdir við síðari töluna í þessu svari. Mér finnst hún heldur hærri en ég hafði gert mér í hugarlund og komið hefur fram a. m. k. hjá forráðamönnum Slippstöðvarinnar á Akureyri. Út af fyrir sig er kannske hægt að segja, að báðar tölurnar séu ekki alveg nákvæmar, en þær sýna þó, að þetta tilboð, sem þótti alveg sérstaklega hagstætt á Spáni, er í raun réttri mjög hliðstætt því, sem innlend skipasmíðastöð gerði á sínum tíma og þótti miklu verra aðgöngu.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á þessu og eins því, að það hefur oft verið rætt um það í blöðum hér innanlands, að það hafi komið fram ýmsir gallar í skipum, sem innlendar skipasmíðastöðvar hafa smíðað, en nú um nokkurt skeið hefur þurft að gera verulegar lagfæringar á því eina skipi, sem komið hefur frá Spáni, en ég hef hvergi séð á það minnzt í íslenzkum fjölmiðlum. Hér tel ég, að sé mál, sem íslenzk stjórnvöld þurfi að athuga vel, hvort ekki er í raun og veru affluttur málstaður íslenzkra skipasmíðastöðva í samanburði við það, þegar verið er að ræða um innlendar stöðvar, bæði að því er varðar verð og framleiðslugæði stöðvanna.

Afhending skuttogara fyrir Útgerðarfélag Akureyringa, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. fjmrh. þeirri fsp., sem er á þskj. 335 um afhendingu skuttogara til Útgerðarfélags Akureyringa, en hún hljóðar svo:

„Er það rétt, sem komið hefur fram í fjölmiðlum, að skipasmíðastöðvar á Spáni muni ekki afhenda togara, sem ætlaðir voru Útgerðarfélagi Akureyringa? Ef svo er, hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til þess, að Akureyringar fái hliðstæð skip á viðráðanlegu verði?"

Eins og ég gat um áðan um fyrri fsp., hefur komið fram í fjölmiðlum, að mikil óvissa sé um það, að þessi skip, sem ætluð voru Útgerðarfélagi Akureyringa, verði afhent frá þessari skipasmíðastöð. Í viðbót við það, sem ég sagði þá, var haft eftir hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu 18. febr. s. l., orðrétt:

„Það virðist eins og það líti ekki svo illa út með þá 3 skuttogara, sem eftir eru frá eldri samningum, en um Akureyrartogarana er allt í óvissu."

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. geti upplýst hv. Alþ. og alþjóð um þetta mikilvæga mál. Það gefur auga leið, að togaraútgerð á Akureyri er beinlínis hætt, ef Útgerðarfélag Akureyringa fær ekki ný skip. Skip þess eru öll, að einu undanteknu, orðin mjög gömul, úr sér gengin og erfið í rekstri vegna mikils viðhalds-

kostnaðar. Hér er því um mál að ræða, sem er mjög alvarlegt fyrir Akureyringa og raunar fyrir togaraútgerð í landinu.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar vil ég svara þessu:

Að tilhlutun fjmrh. og sjútvrh. voru málefni skipasmíðastöðvar þeirrar, sem smíðar áðurnefnda 6 togara fyrir Íslendinga, könnuð sérstaklega, eftir að borizt hafði bréf frá skipasmíðastöðinni, sem um var rætt í svari við fsp. hér á undan. Á grundvelli þeirrar athugunar vonast fjmrn. sterklega til, að skipasmíðastöðin afhendi þá togara, sem ætlaðir eru Útgerðarfélagi Akureyringa, á þeim tíma og á því verði, sem um var samið, þó að sjálfsögðu með tilliti til afhendingardráttar, sem verða kann vegna óviðráðanlegra atvika. Gera þarf ráðstafanir til þess að gæta hagsmuna íslenzka ríkisins til hins ítrasta, ef illa fer fyrir stöðinni. Fari þessir smíðasamningar ekki eins og til hefur verið ætlazt, er þegar kunnugt um tvo aðila, sem reiðubúnir eru til að taka að sér smíðina, en um verð og tímasetningu á þessu stigi er ekki ástæða til að ræða í sambandi við þessa fsp.

Ég vil geta þess til viðbótar þessu, að það liggur ekki endanlega fyrir enn þá, hvort skipasmíðastöðin á Spáni getur staðið við þann samning, sem hún hafði gert um smíði á þessum tveimur togurum. Hins vegar vil ég bæta því við í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., Lárusar Jónssonar, hér áðan, að eins og honum er kunnugt um, var ástæðan til þess, að hætt var við þessa smíði á Akureyri, fjárhagserfiðleikar skipasmíðastöðvarinnar á Akureyri og sú áhætta, sem Akureyrarbær var í vegna þess samnings, sem hafði verið gerður um smíði á þessum tveimur togurum. En það er ekki endanlega öruggt nú, hvort Spánverjar geta tryggt, að smíði á þessum skipum verði hjá þeim.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég vil aðeins gera smáathugasemd við það, sem hann sagði hér síðast, að ástæðan fyrir því, að þessi skip voru ekki smíðuð í Slippstöðinni á Akureyri, væri fyrst og fremst fjárhagsörðugleikar stöðvarinnar. Út af fyrir sig má segja, að það sé rétt. Hitt er annað mál, hvort hafi verið skynsamlega ráðið að semja þá við aðra skipasmíðastöð, sem vitað var að stóð ekki vel að vígi og hefur komið í ljós að allt er í óvissu um að geti afhent þessi skip, þótt úti á Spáni sé. Það er spurning, sem ég held að hæstv. ráðh. ætti að velta svolítið fyrir sér.

Ég vil aðeins að lokum segja það út af þessari sérstöku fsp. um afhendingu togara til Útgerðarfélags Akureyringa, að ég vænti þess, að sem skjótast takist samstarf milli Útgerðarfélagsins og stjórnvalda um það, að Útgerðarfélagið fái þessa togara. Eins og ég sagði áðan, er hér um mjög brýnt mál að ræða, þar sem aðeins einn togari félagsins er tiltölulega nýr, hin skipin eru þegar orðin úrelt og mjög dýr í rekstri. Hér er því um að ræða mál, sem þarf að hafa skjót viðbrögð við og búa þannig um hnúta, að öruggt verði, að þessi skip komi á sem allra skemmstum tíma.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e. í sambandi við breytingu á samningsgerð í sambandi við þessa togara, vil ég taka fram, að það var ekki hlutverk núv. fjmrh. að standa að samningum í sambandi við smíði á þessum togurum úti á Spáni. Mér hafði ekki heyrzt, að þeim aðilum, sem var fengið það verk í hendur, væri vantreyst til þeirra samninga. Það var í framhaldi af því, sem vissum aðilum var fengið það verkefni að semja við Spánsku skipasmíðastöðina um að smíða þessa tvo togara einnig, þegar talið var hyggilegt að færa þá frá Akureyri af þeim ástæðum, sem ég áðan greindi, m. a. vegna þess, að þessi skipasmíðastöð fékkst til að kaupa þau tæki, sem búið var að festa fé í, á um 200 millj. kr. vegna smíði þessara togara. Mér var ekki kunnugt um það, þegar þeir samningar voru gerðir á s. l. sumri, að fjárhagur skipasmíðastöðvarinnar á Spáni væri hæpinn, eins og nú hefur komið í ljós. Hins vegar var brugðið hart við af hálfu rn., þ. e. fjmrn. og sjútvrn., að kynna sér þessi mál, og verður ekki gengið frá þeim við þessa skipasmíðastöð, nema fyrir liggi öruggar tryggingar fyrir því, að skipin verði smíðuð og afhent á því verði, sem um var samið.

Samkeppnishættir erlendra skipasmíðastöðva, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt öðrum hv. þm. till. til þál. um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við erlendan. Till. fékk ekki afgreiðslu á því þingi, en ég endurflutti hana ásamt öðrum flm. þegar í upphafi þessa þings, á þskj. 12. Hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan, einkum í þeim löndum, sem nú eða í náinni framtíð smíða fiskiskip fyrir Íslendinga. Könnunin skal einkum taka til samanburðar á beinni og óbeinni fyrirgreiðslu viðkomandi ríkisstjórna til skipasmíðaiðnaðarins, samanburði á skattlagningu hans, mismunandi vinnulaunum, vinnutíma svo og þeim þáttum, sem valda mestu um misjafnan beinan og óbeinan launakostnað skipasmíðastöðvanna í hinum ýmsu löndum, og enn fremur skal samanburðurinn ná til misjafnrar aðstöðu til innkaupa á vélum, tækjum og efni til smíðanna. Niðurstaða könnunarinnar verði til leiðbeiningar stefnu Alþ. og stjórnvalda um nauðsynlega fyrirgreiðslu við Íslenzkan skipasmíðaiðnað".

Þegar ég mælti fyrir till., en það var 26. okt. s. l., sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil með einföldu dæmi, leitast við að lýsa því, um hversu óeðlilega samkeppni getur verið að ræða milli erlends skipasmíðaiðnaðar og innlends. Mér hefur verið tjáð af mönnum, sem

ættu að þekkja til, að ríkisstyrkir á hvern togara, sem samið var um smíði á suður á Spáni fyrir nokkrum árum á föstu verði, u. þ. b. 150 millj. kr., nemi 45 millj. kr. á skip. Þetta merkir, að upphaflegt tilboð spönsku skipasmíðastöðvanna væri í raun 195 millj. kr. í hvert skip á föstu verði. Nú herma fregnir, að þrátt fyrir þetta tapi stöðvarnar um 20 millj. kr. á hverju skipi og séu fyrir þær sakir að komast í rekstrarþrot. Þetta merkir, að raunverulegt kostnaðarverð hvers skips fyrir Spánverja er 215 millj. kr."

Einnig segir í framsöguræðu minni með þessari till.: „Spurningin er, hvort hægt sé að hugsa sér, að íslenzkur skipasmíðaiðnaður geti raðsmíðað skuttogara, þegar slíkir samkeppnishættir ríkja, við þann aðbúnað, sem honum er nú búinn frá hálfu stjórnvalda."

Út af því, sem komið er á daginn í þessum efnum úti á Spáni og hér hefur verið gert að umræðuefni m. a. í fyrri fsp., vil ég enn ítreka þetta mál, því að mér er það næsta óskiljanlegt, hversu treg stjórnvöld eru til að sinna þessu nauðsyjamáli, þrátt fyrir það að vakin hefur verið athygli á því á þingi bæði í fyrra og núna. Eins og ég gat um áðan, hélt ég þessa ræðu 26. okt. hér á hv. Alþ., en á fyrra þingi flutti ég þessa till. einnig með öðrum flm.

Ég held, að ef þessi könnun hefði verið gerð, hefði komið miklu fyrr í ljós, hvað var þarna að gerast, og þá hefði ekki verið við þann vanda að glíma fyrir íslenzk stjórnvöld, sem nú þarf að ráða fram úr. Því leyfi ég mér að bera fram þá fsp. til hæstv. iðnrh., sem er á þskj. 335.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson spyr: „Hyggst ríkisstj. ekki láta rannsaka samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva út af því, sem nú er að gerast í þessu efni á Spáni, og meta samkeppnishæfni íslenzka skipasmíðaiðnaðarins gagnvart erlendum stöðvum?"

Eins og fram kom af ræðu hv. þm., dregur hann í efa, að í hinu spánska tilboði hafi verið um eðlilega samkeppnishætti að ræða. Hann telur, að þar hafi verið um að ræða raunveruleg undirboð. Ég hef borið þetta atriði undir Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóra í fjmrn., en hann var formaður þeirra fjögurra manna n., sem fór til Spánar í febrúarmánuði á vegum fjmrh. og sjútvrh., og spurt hann að því, hvort hann telji, að þarna hafi verið um að ræða óeðlilega samkeppnishætti. Mat Jóns Sigurðssonar ráðuneytisstjóra er það, að hann telur, að kröfur og viðbrögð hinnar spænsku skipasmíðastöðvar gefi ekkert tilefni til sérstakrar rannsóknar á samkeppnishætti erlendra skipasmíðastöðva út af fyrir sig. Ekkert bendir til þess að hans mati, að hér hafi verið um undirboð að ræða.

Um þessa hlið málsins hef ég ekki ýkjamikið meira að segja. Ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi gæti fengið um þetta vitneskju m. a. hjá flokksbræðrum sínum í fyrrv. ríkisstj., vegna þess að þessi samningur við Spánverjana var upphaflega gerður á árinu 1970, og ég þykist fullviss um það, að þeir ráðh., sem þá fjölluðu um málið, hafi talið sig hafa um það fulla vitneskju, að þarna væri um að ræða algerlega heiðarleg og eðlileg tilboð. Ég held, að hv. fyrirspyrjandi hljóti að hafa mjög greiðan aðgang að þessum fyrrv. ráðh.

Hitt er svo annað mál, að ég er þeirrar skoðunar, að það beri að meta hverju sinni samkeppnishæfni íslenzks iðnaðar og íslenzkra verktaka gagnvart erlendum aðilum, og það á að sjálfsögðu ekki sízt við um skipasmíðaiðnaðinn. Raunin hefur orðið sú, að oft hafa erlendir aðilar getað gert hagkvæmari tilboð á pappírnum og þeim hefur verið tekið samkv. einföldum útreikningum á þeim forsendum, enda þótt það sé augljós staðreynd, að þeir innlendir aðilar, sem við þá hafa keppt, hafa orðið að standa undir miklu meiri þjóðhagslegum skuldbindingum hér á landi en hinir erlendu aðilar. Ég er þeirrar skoðunar, að þennan þjóðhagslega þátt beri okkur að taka inn í dæmið. Það getur í mörgum tilvikum verið skynsamlegra að taka tilboði innlendra aðila en erlendra með tilliti til þess, að á starfsemi þessara innlendu aðila, bæði fyrirtækja og verktaka, hvílir þjóðfélagskerfi okkar að verulegu leyti. Þetta er atriði, sem ég hef minnzt á hér á þingi á undanförnum árum, ekki sízt í sambandi við það, þegar erlendum verktökum hafa verið falin ýmiss konar verk, sem ég tel, að innlendir verktakar hefðu getað tekið að sér.

Af þessari ástæðu skipaði ég í haust, 13. nóv., þriggja manna n., sem ég fól það verkefni að kanna og meta frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að hve miklu leyti megi teljast hagkvæmt að taka tilboðum íslenzkra aðila fremur en erlendra, þótt um einhvern verðmismun sé að ræða. Í þessari n. eiga sæti Árni Snævarr ráðuneytisstjóri, formaður, Páll Hannesson verkfræðingur og Guðmundur Ágústsson hagfræðingur. Í þessu sambandi má benda á það, að í sumum löndum eru ákvæði um það, að við opinberar framkvæmdir skuli taka innlendum tilboðum, þó að þau séu vissri prósentu hærri en tilboð frá útlendingum. Þetta er m. a. regla, sem gildir í Bandaríkjunum. Þessi n., sem ég gat um áðan, hefur nú þegar tjáð mér, að hún hafi aflað sér upplýsinga og gagna, og ég vænti þess, að hún geti skilað áliti fljótlega. Ég hef mikinn áhuga á því, að á grundvelli slíks undirbúnings væri hægt að setja einhverjar almennar reglur, sem tryggðu það, að tekið væri fullt þjóðhagslegt tillit til innlendra aðila í tilvikum eins og þessum, og undir það mundi að sjálfsögðu heyra samkeppnishæfni íslenzka skipasmíðaiðnaðarins gagnvart erlendum stöðvum og önnur atriði, sem þetta vandamál kunna að snerta.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, að svo miklu leyti sem þau voru svör við fsp. minni. Ég vil vekja athygli hans á því, að ég spurði ekki, hvort minn ágæti skólabróðir og vinur, Jón Sigurðsson, hygðist láta rannsaka samkeppnishæfni erlendra skipasmíðastöðva, heldur hvort hæstv. ríkisstj. hygðist gera það. Og hæstv. ráðh. smeygði sér algerlega fram hjá að svara því, hvort það væri mat ríkisstj., að þetta tilvik úti á Spáni gæfi tilefni til þess, að sérstakl. yrðu rannsakaðir samkeppnishættir erlendra skipasmíðastöðva við innlendan skipasmíðaiðnað. Ég vildi mælast eindreg-

ið til þess, að hæstv. ráðh. svaraði þessu afdráttarlaust hér í áheyrn hv. þm., hvort ríkisstj. hyggist gera þetta, en ekki að skjóta sér á bak við skólabróður minn, Jón Sigurðsson.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það kom fram í svari hæstv. fjmrh., að síðari tveir togararnir á Spáni eru taldir munu kosta 250—260 millj. kr., en aftur hinir 4 ekki nema 204 millj. kr. Og mér er tjáð, að meginforsenda fyrir þessum mikla verðmun sé sú, að spánska ríkisstj. greiði ekki niður verð seinni skipanna af þeirri ástæðu, að vélar og tæki eru ekki keypt á Spáni. Þetta merkir það, að þarna er um að ræða niðurgreiðslur, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, sem nema a. m. k. 45 millj. kr. á skip. Þetta get ég ekki fallizt á að séu samkeppnishættir, sem íslenzkur skipasmíðaiðnaður getur keppt við ef að honum er búið af hálfu stjórnvalda eins og gert er.

Ég vísa algerlega á bug því, að ég eigi að fara til minna flokksbræðra og spyrja þá um þetta atriði. Það má vel vera, að þeir hafi borið ábyrgð á því, að samið var við Spánverja um þetta mál. En ég vil í því sambandi aðeins spyrja hæstv. ráðh.: Er hann alveg á sömu skoðun og þeir í þessum málum, þannig að ég geti spurt þá um skoðun hans og hæstv. ríkisstj.?

Sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Tveir hv. þm., Bjarnfríður Leósdóttir og Garðar Sigurðsson, fluttu og fengu samþykkta á síðasta þingi svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sett verði inn í reglugerð um eftirlit með skipum ákvæði um, að öll íslenzk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radíódufl til neyðarkallssendinga."

Í fsp. minni á þskj. 335 leyfi ég mér að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh., hvað líði framkvæmd þessarar ályktunar.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, hver nauðsyn er á því, að þessum radíóduflum verði komið í skip. Nýleg dæmi sanna það, og eru dæmin um það reyndar orðin allt of mörg. Rétt er að geta þess, að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur flutt þáltill., sem mjög er skyld þessu máli. Í grg. með þeirri till. kemur fram sú hugmynd, að radíódufl af þessu tagi verði ekki aðeins í skipunum sjálfum, heldur verði einnig athugaðir möguleikar á því að koma þeim fyrir í björgunarbátunum, gúmmíbátunum, og útbúa þau þannig, að þau fari að senda, strax og bátarnir eru blásnir upp, þ. e. a. s. strax og þörf er á þeim vegna slyss. Ég tel þetta hina þörfustu till., og margt fleira er í henni, sem horfir til mikils öryggis fyrir sjómenn. Ég vænti þess, að hv. Alþ. beri gæfu til að samþykkja þessa till. einnig sem allra fyrst.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er upphaf þessa máls, að hinn 16. maí 1972 ályktaði Alþ. að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sett yrðu inn í reglugerð um eftirlit með skipum ákvæði um, að öll íslenzk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radíódufl til neyðarkallssendinga. Þetta mál var í byrjun júnímánaðar sent til frumathugunar hjá Siglingamálastofnun ríkisins. Umsögn Páls Ragnarssonar aðstoðarsiglingamálastjóra barst rn. 12. júní þess árs, og er þar bent á ýmis vandkvæði, sem séu á framkvæmd þál., aðallega vegna mikils kostnaðar, sem slíkt hefði í för með sér fyrir útgerðina. Páll taldi, að líklegur kostnaður af þeim duflum, sem að gagni mætti koma, væri um 96 þús. kr. eða fyrir allan flotann 185 millj. kr. Þetta átti við, ef keypt yrðu japönsk dufl, en af annarri gerð, brezkri, sem til greina kom, mundi kostnaður verða alls, fyrir allan íslenzka flotann, 431 millj. kr. Í bréfi frá Páli persónulega, dags. 12. júlí s. á., sem fylgdi með umsögn stofnunarinnar, sagði hann m. a.:

„Meðan skipaeigendur eru svo til daglegir gestir á skrifstofu siglingamálastjóra til að sækja um fresti og undanþágur á algengustu viðgerðum skipa sinna vegna féleysis, sýnist mér harla óraunhæft að ætlast til þess, að þeir kaupi umrædd dufl. Á þetta sérstaklega við um eigendur minni bátanna, en þar mundi slíkra dufla helzt vera þörf."

Rn. lét ekki hér við sitja, heldur sendi 1. ágúst fyrra árs málið og þ. á m. bréf Siglingamálastofnunarinnar til Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Var óskað umsagnar allra þessara aðila um málið. Umsagnir hafa nú borizt frá öllum þessum aðilum, og skiptast þær í tvö horn, eins og búast mátti við. Samtök útgerðarinnar mæla gegn framkvæmd breytingarinnar, aðallega sakir kostnaðar, en samtök sjómanna og farmanna mæla með breytingunni. Á s. l. hausti komu til viðtals í samgrn. fulltrúar japanska fyrirtækisins, sem framleiðir sjálfvirk radíódufl af hinni svonefndu SOS-gerð, sem talin voru koma til greina sem fullnægjandi samkv. þál., sem að framan getur. Japanirnir staðfestu, að verðið, sem tilgreint er í bréfi Siglingamálastofnunarinnar, væri nokkuð nærri lagi, þó væri um að ræða tvær tegundir og væri verð þeirrar minni 775 Bandaríkjadollarar, en hinnar stærri 1175 Bandaríkjadollarar. Japanirnir kváðu skipum í sínu heimalandi vera skylt að hafa dufl af þessari gerð, en viðurkenndu hins vegar, að japönskum skipum væri almennt ekki skylt að hafa talstöðvar eins og íslenzkum skipum.

Málið hefur þannig verið athugað frá báðum hliðum, og er nauðsynlegt að taka fljótlega ákvörðun um skref í þessu efni, en sem sé, skoðanirnar eru alveg andstæðar. Ég held, að það sé rétt, ef tíminn leyfir, að grípa ofan í umsagnir aðila frá báðum hliðum, og er þá fyrst Landssamband ísl. útvegsmanna. Í bréfi þess segir:

„Vér viljum í upphafi umsagnar vorrar láta í ljós það álit, að vér erum fylgjandi því, að íslenzk fiskiskip verði ávallt búin þeim öryggisbúnaði, sem á hverjum tíma er talinn beztur, og vísum í því sambandi til mjög jákvæðra undirtekta útvegsmanna við óskum opinberra aðila um öryggisbúnað. Útvegsmenn eiga því rétt á því, að raunhæft mat sé lagt á gildi nýrra örygg-

istækja, sem til álita getur komið að setja um borð í skip. Ekki munu þess dæmi í nálægum löndum, að eigendur skipa hafi verið skyldaðir til að hafa radíódufl um borð í skipum. Oryggi skipverja hefur þótt betur tryggt með því að skylda útvegsmenn til að hafa annað tveggja neyðarsenda fyrir gúmmíbjörgunarbáta eða radíódufl, og hafa neyðarsendarnir undantekningarlítið verið teknir fram yfir radióduflin, því að þeir hafa verið taldir veita sjómönnum meira öryggi. Íslenzkum útvegsmönnum hefur verið gert skylt að hafa neyðarsenda fyrir gúmmíbjörgunarbáta á skipum. Til viðbótar því öryggi, sem felst í að hafa talstöðvar í skipum og neyðarsenda í gúmmíbáta, hefur nýlega verið komið á fót tilkynningarskyldu hjá íslenzkum fiskiskipum, þar sem áhöfn er gert skylt að gera vart um ferðir sínar oft á sólarhring. Hefur kerfi þetta gengið vel og er orðið mjög vinsælt af aðstandendum sjómanna, sem nú geta fengið fréttir af ferðum skipa með einu símtali."

Þetta var úr umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna. Það heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Helst virðist þörf á að hafa umrædd radíódufl í litlum bátum, sem ekki eru búnir talstöðvum eða gúmmíbátum, en fyrirferð þess er hins vegar svo mikil, að ómögulegt er að koma því þar fyrir. Með tilvísun til þess öryggis, sem felst *í öryggisbúnaði fiskiskipa nú þegar, leyfir stjórn* Landssambands ísl. útvegsmanna sér að mæla eindregið gegn því, að skylda verði að hafa radíódufl í skipum, enda ekkert dæmi um, að þau mundu hafa komið að gagni við björgun mannslífa, eftir að tilkynningaskyldan tók til starfa og skyldað var að hafa neyðarsenda í gúmmíbátum. Er hér einnig um svo gífurlega fjárfestingu að ræða eða um 185 millj. kr., að með öllu er útilokað, að útgerðin geti undir risið."

Hér endar bréf Landssambands ísl. útvegsmanna. Umsögn Sjómannasambands Íslands er örstutt og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjómannasambandið hefur móttekið heiðrað bréf rn, dags. 1. ágúst s. l., ásamt þál. um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum og afrit af bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins þar um. Á fundi stjórnar sambandsins 21. þ. m. var samþykkt að mæla með því, að flýtt verði framkvæmd máls þessa eins og möguleikar eru á.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjómannasambands Íslands,

Jón Sigurðsson."

Umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins er líka örstutt, og er efni þeirrar umsagnar á þessa leið:

„Sem svar við bréfi hv. samgrn., dags. 1. ágúst 1972, viljum við segja eftirfarandi:

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mælir eindregið með því, að í reglugerð um eftirlit með skipum verði sett ákvæði um notkun sjálfvirkra radíódufla til neyðarkallssendinga. Meðal nágrannaþjóða vorra eru slík dufl fyrirskipuð í a. m. k. öll skip yfir 30 tonn að stærð. Við getum fallizt á álit Siglingamálastofnunarinnar um, að nokkurn tíma þurfi til undirbúnings reglugerðar.

Virðingarfyllst,
f. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Ingólfur Stefánsson."

Með leyfi hæstv. forseta, tek ég hér efni úr umsögn Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Þar segir:

„Oss barst í dag bréf hins háa rn., dags. í gær, þar sem ítrekuð er ósk um umsögn félags vors um framkvæmd þál. um sjálfvirk radíódufl í íslenzkum skipum. Vér biðjum velvirðingar á því, að vér höfum ekki formlega gert grein fyrir afstöðu vorri til þessa máls, en skýringin er sú, *að félag vort er meðlimur í Landssambandi ísl.* útvegsmanna og á 4 fulltrúa í stjórn þess. Landssambandi ísl. útvegsmanna bárust samhljóða tilmæli frá hinu háa rn. og afgreiddi þau á stjórnarfundi 29. ágúst s. l. á þann hátt, sem fram kemur í bréfi Landssambands ísl. útvegsmanna til hins háa rn., dags. 30. ágúst s. l. Fulltrúar vorir í stjórn L. Í. Ú. stóðu einhuga að afgreiðslu málsins, og var það þar með afgreitt af félagi voru. Oss láðist að óska þess, er bréf L. Í. Ú. var ritað, að þess væri einnig getið, að félag vort væri því samþykkt. Afrit af bréfi L. Í. Ú. fylgir hér með."

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda vísar þannig algerlega til umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna.

Þannig stendur málið að öðru leyti en því, að ég fékk nýlega, fyrir örfáum dögum, upplýsingar um það, að til mundi vera norsk gerð af radióduflum, sem að áliti þess aðila, sem við mig ræddi, gæti komið hér til greina, og hann taldi, að mundi henta vel íslenzkum aðstæðum og vera mun ódýrari en jafnvel japönsku duflin.

Ég vildi svo að fengnum þessum svörum ganga úr skugga um það, hvort ríkisstj. teldi gerlegt að fyrirskipa þessa breytingu á reglugerð, leggja útgerðinni það á herðar. Var sú ákvörðun tekin fyrir alllöngu að gera það ekki að sinni. En málið er áfram til athugunar, og verður þá náttúrlega að leggja dóm á það, hvort við eigum að bæta þessari skyldu við til frekara öryggis og hvort menn telja þessi tæki svo mikils virði, að þau bæti verulega um öryggi íslenzkra farmanna og fiskimanna í viðbót við þau tæki, sem *þegar eru fyrirskipuð í íslenzk skip.*

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Undarleg þykja mér niðurlagsorð hæstv. ráðh. Skal ég þó biðjast afsökunar á því strax, að ég man ekki nákvæmlega orðalag umræddrar þál. En furðulegt er, þegar Alþ. hefur ákveðið slíkt mál sem þetta, ef hæstv. viðkomandi ráðh., sem með málið hefur að gera, ber það undir aðra ráðh. — ríkisstj. — og þeir samþykkja, að þessu beri að fresta vegna kostnaðar.

Ég skal fúslega taka undir það, sem hefur komið fram hjá útgerðarmönnum, að þeim eru að sjálfsögðu bundnir æðimargir pinklar, og ég m. a. verið einn af þeim, sem hafa átt þátt í því. Hins vegar hef ég verið með því á öðrum vígstöðvum og líka hér, á hv. Alþ., að benda á leiðir í vissum málum til þess, að tekinn væri af fé almennings

eða af sameiginlegu aflafé sjómanna og útg.manna sá kostnaður, sem þarf m. a. til að standa undir nauðsynlegustu tryggingum og búnaði skipa á öryggissviði. Þar fyrir utan vil ég þakka fyrirspyrjanda undirtektir við þál., sem ekki er hér til umr. En vegna fsp. er rétt að taka það fram nú þegar, að það kemur ekki fram í minni till., að það eigi að rýra á neinn hátt þá till., sem var samþ. 16. maí 1972, enda hefur það sýnt sig þrátt fyrir umsagnir aðila þar um, að svo er ekki. Þessar stöðvar hafa gert mikið gagn, t .d. þegar hinar venjulegu, lögbundnu sendistöðvar skipanna bila eða menn, sem um borð eru, kunna ekki að fara með þær. Það er því miður svo í fiskiskipaflotanum, að það er kannske nú orðið meiri hluti mannanna, sem er réttindalaus og kann ekki á þau tæki, sem eru um borð í skipunum og skylt er að hafa þar. Vera má, að það mætti bæta úr þessu með því að taka mennina á stutt námskeið til að kenna þeim á tækin, en um það skal ég ekki hafa fleiri orð nú.

Hugmynd mín í sambandi við gúmmíbjörgunarbátana er, að þar verði litlar stöðvar, sem ekki þurfa að vera miög langdrægar, en fara af stað, þegar bátarnir blásast út, á nákvæmlega sama hátt og dælur þær, sem dæla þeim sjó úr bátunum, sem í þá kemst. Það gæti sparað íslenzku þjóðinni, einstökum útgerðarfélögum og opinberum aðilum, milljónir, ef ekki milljónatugi í kostnaði við leit að björgunarbátum skipa, sem farizt hafa, vegna þess að þeir hafa ekki fundizt vegna veðurs eða annarra aðstæðna. Ég tel, að skilyrðislaust eigi að stiga öll spor fram á við til aukins öryggis þessara manna, því að við höfum það sem staðreynd fyrir okkur, að það er engin önnur stétt í þjóðfélaginu og það er engin sjómannastétt í heiminum, sem býr við aðrar eins aðstæður og þeir, sem sækja sjó frá Íslandi. Þess vegna er þetta ekki beint atriði útgerðarmannanna, eins og kemur fram hjá þeim, heldur þjóðarinnar allrar og kannske sjómannanna sjálfra um leið. Undir það skal ég taka, hvenær sem er.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, en verð þó að segja eins og er, að sú yfirlýsing, að ríkisstj. hafi ákveðið að framkvæma ekki þá þál., sem hér er til umr., er hneykslanleg. Ég er engu síður hneykslaður yfir þessu en hv. þm. Pétur Sigurðsson og kannske þeim mun hneykslaðri sem ég er nú einu af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj.

Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. hefur ákveðið að verða ekki við þeirri áskorun, sem fólst í þessari þál., skilst manni, að sé sú, að útgerðarmenn bera sig illa vegna peningaleysis. Þeir kveinka sér undan því að borga 90 þús. kr. á skip til þess að koma þessum radíóduflum fyrir í skipunum. Þeir tala ekkert um það aukna öryggi, sem af þessu fengist. Þeir barma sér einvörðungu undan því að borga 90 þús. kr. á skip, og svo fá þeir út tröllaukna summu með því að leggja svo og svo oft saman 90 þús., komast þá eitthvað yfir 400 millj. Ég verð að segja, að að mínum dómi var það lítill greiði við íslenzka útgerðarmenn að fara að lesa upp úr áliti þeirra hér á þingi og verður sannarlega ekki til þess að auka hróður þeirra. En þetta er ekki álit hæstv. ráðh., þetta er álit þeirra. Hitt er verra, að ráðh. og ríkisstj. öll virðast ætla að verða við þeim tilmælum, sem fólgin eru í kveinstöfum útgerðarinnar, að fylgja ekki fram þessu nauðsynjamáli.

Í áliti frá siglingamálastjóra eða aðstoðarsiglingamálastjóra segir, að meðan skipaeigendur séu daglegir gestir á skrifstofunni til þess að fá undanþágur varðandi alls konar öryggismál, sé það alveg út í bláinn, skilst manni, að ætlast til þess, að þeir setji þessi öryggistæki í skipin. Táknar þetta, að verið sé að veita íslenzkum skipum í stórum stíl undanþágur varðandi kannske nauðsynlegustu öryggismál? Ef svo er, þá sýnist mér, að hér sé annað hneyksli á ferðinni öllu meira en það, sem ég nefndi áðan.

Landssamband ísl. útvegsmanna talar um það, að meðan ekki hafi fengizt nein raunhæf reynsla að því er varðar gildi þessara radíódufla, sé ekki ástæða til þess að kaupa þau. L. Í. Ú. virðist ekki hafa kynnt sér álit Slysavarnafélags Íslands, þess aðila, sem að sjálfsögðu veit bezt um þessi mál, en það álit eða glefsa úr því var birt í nál. allshn. í fyrra. Slysavarnafélagið hafði einmitt gert tilraunir með þetta öryggistæki, og það var í framhaldi af þeim tilraunum og niðurstöðum af þeim, sem þessi till. var flutt. **(Forseti:** Hv. þm. hefur talað í 5 mínútur.) Mætti ég aðeins fá leyfi til að lesa upp þennan örstutta kafla? — Þessi kafli úr áliti Slysavarnafélags Íslands er svo hljóðandi:

„Hvað þessa till. snertir, er félagsstjórninni ánægja að mæla með henni til samþykktar á hinu háa Alþ. Slysavarnafélagið telur, að hér sé um þýðingarmikið öryggismál að ræða. Eins og dæmi sanna, gefst oftast lítill fyrirvari til að kalla á hjálp á neyðarstundu, ef bátar verða fyrir alvarlegu áfalli. Slysavarnafélagið hefur gert tilraunir með slík radíódufl og eins kynnt þau fyrir sjómönnum. Notagildi tækjanna er rétt lýst í grg. með till."

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég held, að rn. geti varla verið ámælisvert fyrir það, þó að það hafi leitað umsagnar þeirra aðila, sem þetta mál varðar. Það er að vísu rétt, að kostnaðarhliðin kemur mjög fram í svörum útvegsmanna, en þó eru það ekki einu rök þeirra. Þeir segjast eiga rétt á því, að raunhæft mat sé lagt á gildi nýrra öryggistækja, sem til álita geti komið að setja um borð í skip. Með þessu virðist mér þeir draga í efa aukið öryggi, sem leiði af þessum tækjum í viðbót við talstöðvar í skipum og neyðarsenda í gúmmíbátum og tilkynningarskyldunna. En þetta eru þær ráðstafanir, sem við Íslendingar höfum gert, og mun óvíða í löndum hafa verið gengið lengra en þetta. Hins vegar skal ég lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel ekkert peningamat koma til greina, ef öruggt er, að þarna sé um þýðingarmikil tæki að ræða, sem geti aukið öryggi íslenzkra sjómanna í viðbót við þau tæki, sem við nú búum við. Þetta vil ég, að menn hugsi um líka, að útvegsmenn vefengja það viðbótaröryggi, sem fengist með þessum tækjum.

Ég fór ekki út í svar Siglingamálastofnunar-

innar um ýmis vandkvæði á framkvæmd þáltill., en nokkur atriði vil ég láta koma fram í umr. Þeir segja á þessa leið, með leyfi forseta:

„Áður en hægt er að láta hefjast handa við að láta setja sjálfvirk radíódufl í skipin, verður að gefa út reglugerð, og í henni verður að koma fram, hverjar radíótæknilegar kröfur skuli gerðar til slíkra dufla, og í þeim efnum er sjálfsagt, að höfð verði samvinna við póst- og símamálastjórnina. Þegar lokið væri útgáfu reglugerðar, þarf að tryggja, að seljendur þeirra dufla, sem kynnu að verða viðurkennd, væru ávallt afgreiðslufærir, þannig að skipaeigendur gætu ekki borið fyrir sig, að duflin væru ófáanleg, þegar þeirra væri krafizt. Sennilega væri mögulegt að koma málinu í framkvæmd á einu ári, eftir að ofangreindu væri fullnægt, nefnilega við næstu skoðun skips eftir þann tíma, en sem kunnugt er fer fram skoðun á skipum árlega. Yrði þá að neita þeim skipum um haffæriskírteini, sem ekki væru búin að útvega sér duflið, er til næstu skoðunar þeirra kæmi."

Ég læt þetta nægja. Þetta eru aðalatriðin, sem ekki komu þá fram hjá útvegsmönnum. En þeir segja, að þetta sé rétt, vitna til þess í sinni umsögn, að nokkurn aðdraganda þurfi til þess að koma þessu í fulla framkvæmd. Það mundi sem sé gerast við skipaskoðun, sem fer fram einu sinni á ári, og þá yrði að neita þeim um haffæriskírteini, ef búið væri að setja reglugerð um, að þessi dufl skyldu vera fyrir hendi.

Bygging leiguhúsnæðis, fsp. (þskj. 345). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram ásamt nokkrum öðrum hv. þm. till. til þál. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Till. þessi var samþ. með smávægilegum breytingum, en að undangengnum mjög ítarlegum umr., þar sem komu fram nokkuð skiptar skoðanir á mikilvægi þessa máls.

Nú hygg ég, að komið hafi í ljós, að þörfin fyrir leiguhúsnæði í flestum sveitum og byggðum þessa lands er mjög mikil. Ekki sízt hefur þetta komið í ljós í sambandi við fjölgun atvinnutækja í dreifbýlinu og eflingu þeirra, m. a. í sambandi við kaup á nýjum togurum, endurbætur á frystihúsunum, sem allt krefst að verulegu leyti aukins mannafla. Hefur þá oft verið komið að tómum kofunum að þessu leyti, leiguhúsnæði ekki verið fáanlegt fyrir ýmsa, sem hafa viljað reyna búsetu í dreifbýlinu.

Í þessari þáltill. gerðum við ráð fyrir í fyrsta lagi, að fram færi könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði um land allt, og í öðru lagi, að að undangenginni þessari könnun yrði lagt fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess í því skyni að byggja leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga og fleiri aðila, eins og bætt var við þessa þáltill.

Með tilvísun til þess, að margir hafa spurt mig að því, hvað liði þessari athugun, og þess, sem ég sagði áðan um augljósa þörf, hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. félmrh. um framkvæmd fyrrnefndrar þáltill., og er þessi fsp. í tveimur liðum:

1. Hvað líður samþykktri athugun á þörf fyrir leiguhúsnæði?

2. Er hafinn undirbúningur að frv. um byggingu leiguhúsnæðis?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Með bréfi, dags. 18. júlí 1972, fól rn. húsnæðismálastjórn að kanna þörf þá fyrir leiguhúsnæði í sveitarfélögum um land allt, sem um ræðir í 1. tölul. þál. Alþ. frá 18. maí 1972, og láta síðan rn. í té niðurstöður þessarar könnunar. Rn. hefur nú borizt ítarleg skýrsla húsnæðismálastjórnar um þessa könnun, og mun ég hafa þann háttinn á að afhenda hv. fyrirspyrjanda þessa ítarlegu skýrslu.

Hinn 21. sept. 1972 sendi húsnæðismálastofnun ríkisins út fsp.-bréf til bæjar- og sveitarstjórna allra þéttbýlissvæða á landinu, þar sem viðkomandi aðilar voru beðnir að gefa upplýsingar um vöntun á leiguhúsnæði o. fl. í því sambandi. Send voru út 84 fyrirspurnabréf, og bárust svör frá 47 þessara aðila. Helztu niðurstöður, sem fram koma í svörum áðurnefndra aðila, eru þær, sem nú skal greina:

1. Allir telja, að skortur sé á leiguhúsnæði, og sé gert ráð fyrir, að þeir, sem ekki svara, hafi nægilegt húsnæði, skortir þá aukið leiguhúsnæði á 46 þéttbýlisstaði af 84 á öllu landinu eða 55% staðanna. En á þessum 46 þéttbýlisstöðum býr 91% þess mannfjölda, sem í þéttbýli býr, eða 164 481 maður af 181 540. Sé eingöngu rætt um þéttbýlisstaði utan Reykjavíkursvæðisins, þá er um leið um íbúðaskort að ræða á 41 stað af 78 eða á 53% staðanna, og búa þar 53 144 manns af 69 467 eða sem sé 76% þess mannfjölda, sem í þéttbýli býr utan Reykjavíkursvæðis.

Þetta er að segja um skýrsluna og könnunina á þörf fyrir leiguhúsnæði, en að öðru leyti talar skýrslan sjálf og svarar því ítarlegar.

2. Utan Reykjavíkursvæðisins vantar 461 íbúð í kaupstöðum og 298 íbúðir í hreppum og kauptúnum. Ef reiknað er með fjögurra manna fjölskyldu í hverri íbúð, þá jafngildir þetta því, að það vanti leiguíbúð fyrir 4.7% allra íbúa kaupstaða og 3.9% allra íbúa hreppa og kauptúna, hvort tveggja utan Reykjavíkursvæðis.

3. Af 759 íbúðum, sem þannig telst til að vanti utan Reykjavíkursvæðisins, eru 613 á stöðum, sem búa við stöðugan og jafnan húsnæðisskort allt árið, 139 á stöðum, þar sem vöntunin er algerlega árstíðabundin. Samkv. þessu má áætla, að þörf sé fyrir um 700 leiguíbúðir á þessum stöðum allt árið.

4. Flestir staðirnir nefna fjölbýlishús sem heppilegustu lausnina, ef byggt væri leiguhúsnæði, en margir nefna þó einbýlishús og raðhús. Nokkrir staðir nefna verbúðir. En í þeim tölum, sem hér eru nefndar um íbúðaskort, eru verbúðir ekki meðtaldar, að því er virðist samkv. skýrslunni.

5. Spurt var um, hverjir þurfi á húsnæðinu að halda. Eru svörin misítarleg, misgóð og almennt orðað þannig, að ekkert virðist vera á þeim að græða, sérstaklega þar sem sundurliðun er yfirleitt ekki töluleg. Þó má segja, að svo virðist sem hér sé að verulegu leyti um að ræða íbúðaskort vegna aðflutts fólks, en hvort það þýðir,

að þörfin sé verulega minni en fram kemur í þessari skýrslu, eða ekki, er ómögulegt að segja um, þar sem ekki er vitað, milli hvaða staða fólkið er að flytjast.

6. Mjög fáar sveitarstjórnir virðast hafa aðhafzt nokkuð til þess að auka framboð á leiguhúsnæði.

7. Af 461 íbúð, sem vantar í kaupstöðum, þarf 279 strax. Af 298 íbúðum í hreppum og kauptúnum þarf 290 þegar í stað.

8. Mjög litlir, ef nokkrir möguleikar virðast vera á endurbyggingu eldra húsnæðis.

Með bréfum sínum, dags. 13. nóv. 1972, til Sambands ísl. sveitarfélaga á Austurlandi og Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur rn. vakið athygli á ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 202 frá 1970, sem fjallar um lán til byggingar leiguíbúða. Í 21. gr. þessa kafla segir, að leigusala sé heimilt að gefa út handhafaskuldabréf tryggð með 2. veðrétti í leiguíbúð fyrir allt að fjórðungi kostnaðarverðs íbúðanna. Bréf þessi skulu vera til allt að 10 ára með venjulegum útlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sá, sem kaupir skuldabréf þessi, skal að jafnaði sitja fyrir öðrum um leigu í íbúð. Rn. er kunnugt um, að Öryrkjabandalag Íslands hefur notfært sér þessa heimild og mun nú um eða fyrir næstu áramót hafa lokið við byggingu um 160 leiguíbúða, sem eingöngu eru leigðar öryrkjum, og hefur nú hafið byggingu sambýlishúss með 84 leiguíbúðum til viðbótar. En Öryrkjabandalagið nýtur algerlega og nákvæmlega sömu aðstöðu og sveitarfélög til að byggja leiguhúsnæði samkv. gildandi löggjöf. Öryrkjabandalagið hefur notað heimildina til útgáfu þessara handhafaskuldabréfa að mjög takmörkuðu leyti og hefði getað aflað sér miklu meira viðbótarfjár til byggingarframkvæmda með þessum hætti en gert hefur verið. Ástæðan til þess, að útgáfa þessara bréfa hefur verið svo mjög takmörkuð, er sú, að bandalagið hefur viljað láta þá öryrkja sitja fyrir um leiguíbúðir, sem við mesta örorku eiga að stríða og hafa þess vegna brýnni þörf á leiguíbúð en aðrir. Rn. er hins vegar ekki kunnugt um, að neitt sveitarfélag hafi notfært sér ákvæði 21. gr. reglugerðarinnar, og virðist það þó furðu sæta. Að sjálfsögðu er geta sveitarfélaganna, a. m. k. kaupstaðanna og stærri kauptúna, ólíkt meiri en Öryrkjabandalags Íslands, sem er samband ýmissa fjárvana áhugamannafélaga um velferðarmál þeirra þjóðfélagsþegna, sem miður eru settir vegna líkamlegra og andlegra ágalla. „Rn. vill fara þess á leit við yður," sagði í þessu bréfi til sveitarfélaganna, „að þér kannið rækilega, hvort ekki sé unnt að leysa þessi vandamál með þeim hætti, sem Öryrkjabandalag Íslands hefur gert, og gerið síðan rn. grein fyrir athugun yðar við fyrsta tækifæri. Ef þér komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé úrbóta á ákvæðum reglugerðarinnar um þessi efni, eru ábendingar í þá átt ætíð kærkomnar."

Rn. hefur síðan átt viðræður við ýmsa aðila, þ. á m. húsnæðismálastjórnina, um það, hvort hægt sé að gera breytingu og þá með hvaða hætti á húsnæðismálalöggjöfinni varðandi leiguhúsnæði, hvort það væri tiltækilegt að aðgreina landið í tvær heildir, Reykjavíkursvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar, og veita kannske eitthvað ríflegri aðstoð til þess að koma upp íbúðarhúsnæði með leigukjörum úti á landsbyggðinni, eða hvort hægt væri að setja einhverjar aðrar reglur til aðstoðar við landsbyggðina, líkt og þær sérreglur, er hafa gilt að því er snertir Breiðholtsframkvæmdirnar varðandi Reykjavík, og jafna þannig kannske metin. Sumir hafa verið að tala um það. Þessi mál eru til rækilegrar athugunar í rn., og ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til þess að ræða sérhverja góða hugmynd, sem gæti orðið til þess að leysa þennan vanda, ef hann er ekki leysanlegur af sveitarfélögunum með svipuðum hætti og Öryrkjabandalag Íslands hefur notfært sér lögin til þess að koma upp leiguhúsnæði.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. ágæt svör. Ég sé, að það er unnið ötullega að framkvæmd þessarar þáltill., og met ég það. Ég þakka fyrir þá skýrslu, sem hann hefur nú afhent mér, og mun ég að sjálfsögðu kynna mér hana vandlega. Mér sýnist, að í ljós komi, svo að ekki verður um villzt, að þörfin fyrir leiguíbúðir er mjög mikil. Ég hygg raunar, að ætla megi, að hún sé jafnvel enn meiri, því að þótt ekki hafi borizt svör frá allmörgum aðilum, sýnist mér varhugavert að álykta, að þar sé engin þörf, þótt eflaust hafi þeir svarað fyrst og lagt áherzlu á að svara, þar sem þörfin er mest. Er ég að því leyti sammála hæstv. ráðh.

En hvað sem því líður, er þörfin mikil, ekki sízt utan Reykjavíkur, og allmjög í samræmi við það, sem ég taldi, þegar ég mælti fyrir þeirri þáltill., sem ég nefndi áðan og liggur til grundvallar þessari athugun.

Um þetta ætla ég ekki að ræða meira, enda ekki tími til að ræða almennt um þessa miklu þörf í þeim stutta tíma, sem nú er til umráða. Hitt vildi ég aðeins minnast á, hvernig úr þessum vanda verði leyst. Ég heyrði á hæstv. ráðh., að uppi eru ráðagerðir, og fagna ég því einnig. Ég vil hins vegar leyfa mér að efast um, að geta sveitarfélaganna sé meiri en jafnvel Öryrkjabandalagsins, a. m. k. sumra. Staðreyndin er sú, að geta mjög margra sveitarfélaga, ekki sízt þar sem þörfin er mikil, er afar lítil. Þau hafa mörg miklar byrðar af öðrum orsökum, hafnarkostnaður mikill, gatnagerð mikil og margt fleira, sem ekki er ástæða til að rekja hér. Er fjárhagur þeirra margra mjög bágborinn. Ég er því þeirrar skoðunar, að þarna þurfi að koma til sérstakt átak, t. d. átak, sem er sambærilegt við Breiðholtsframkvæmdirnar svonefndu, eins og hæstv. ráðh. minntist á og ég fagna. Ég vil leggja áherzlu á, að það er sannfæring mín, að sú verði raunar niðurstaðan af þeirri athugun, sem nú er í gangi og hefur verið falin sveitarfélagasamtökum, að þarna sé þörf á sérstöku átaki. Og ég vona, að þetta verði til þess, að mjög fljótlega verði í samræmi við þáltill. undirbúið frv. til l. um slíkar framkvæmdir, um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga o. fl.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir þakkir hv. 1. þm. Vestf.

fyrir það, sem gert hefur verið til athugunar þessu máli, sem hér er til umr. Það er að vísu liðinn nokkur tími, síðan þáltill. var samþ., og með tilllti til mikilvægis málsins hefði verið æskilegt, að þetta mál hefði verið lengra komið. En það kann að vera, að gert hafi verið meira en ráða mátti af ræðu hæstv. félmrh. og það megi finna í hinni góðu skýrslu, sem hann afhenti 1. þm. Vestf. Ég vil mega vænta þess, að það fái fleiri þessa ágætu skýrslu, og ég hefði gaman af því að glugga í þá skýrslu. Mér finnst, að hún eigi raunar erindi til fleiri en hv. 1. þm. Vestf.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál, en mér þykir nauðsynlegt að vekja athygli á því, að hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þessi till. hefði verið samþ. með smávægilegri breytingu. Þetta er ekki rétt. Till. var samþ. með mikilvægri breytingu, og urðu einmitt um þau mál ákaflega miklar umr. á síðasta þingi, þegar till. var afgreidd. Sú breyting, sem gerð var, var sú, að þessi rannsókn, sem á að gera, og þær aðgerðir, sem á að gera til þess að ýta undir byggingu leiguhúsnæðis, á ekki að miða einungis við sveitarfélögin, eins og gert var ráð fyrir í upphaflegri till. hv. 1. þm. Vestf. og þeirra félaga, heldur á þetta að miðast líka við aðra þá aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, þ. e. a. s. þetta á að vera fyrirgreiðsla við alla. Þessi veigamikla breyting var samþykkt eftir till. okkar hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar. Ég vildi aðeins leggja áherzlu á það, að við undirbúning og framhaldsaðgerðir í þessu máli verði tekið tillit til þess, að till. er svona orðuð og aðgerðir eiga að miðast við alla aðila, sem hafa áhuga eða vilja á því að byggja leiguíbúðir.

Rannsókn á jafnrétti þegnanna, fsp. (þskj. 350). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Hinn 5. apríl 1971 var samþ. á Alþ. þál. um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta framkvæma rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að því, hvernig háttað er raunverulegu jafnrétti karla og kvenna að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers kyns þátttöku í félagslegum verkefnum. Jafnframt skal kanna, hverjar breytingar á gerð þjóðfélagsins gætu stuðlað að því að auka jafnrétti manna. Að rannsókn lokinni skulu niðurstöður hennar birtar."

Mál þetta var á sínum tíma flutt af núv. hæstv. iðnrh., og óhætt er að segja, að samþykkt þál. á hv. Alþ. markaði viss tímamót í jafnréttisbaráttunni hér á landi. Í öðrum löndum, t. d. öllum Norðurlöndum nema Íslandi, höfðu stjórnvöld þá þegar talið skyldu sína að láta kanna raunverulega stöðu kvenna í þjóðfélögum sínum og látið rannsaka, að hve miklu leyti konur gætu talizt búa við raunverulegt jafnrétti. Er afrakstur inn af þessum könnunum ítarleg nál. stjórnskipaðra nefnda eða bækur unnar og gefnar út af rn. og opinberum aðilum. Var vitað mál, að ekki var síður þörf á, að slík rannsókn færi fram hér á landi, sem síðan, eins og þál. segir, gæfi vísbendingu um, hverjar breytingar þyrfti að gera á gerð þjóðfélagsins, sem stuðlað gætu að auknu jafnrétti. Slíkar kannanir geta því eðli málsins samkv. engan veginn talizt einkamál einstakra áhugahópa, enda þótt slíkum aðilum hafi orðið talsvert ágengt á þessu sviði. Því vil ég spyrja hæstv. félmrh., hvað líði framkvæmd þessa máls, hvaða aðilar hafi hana með höndum og hvenær megi vænta niðurstaðna.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þegar ég fór að hugleiða þáltill., sem samþ. var á Alþ. um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi, komst ég fljótlega að þeirri niðurstöðu, að þetta væri svo víðtæk rannsókn og umfangsmikil, að ekki væru tök á því fyrir rn. að framkvæma hana, og fór því að hugleiða, hvaða aðila hægt væri að fá til þess að takast þetta verkefni á hendur. Mér kom þá í hug að leita til námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands og fara þess á leit við þá deild háskólans, að hún tæki þessa rannsókn að sér. Ég fékk við þessu jákvæð svör, og rn. ákvað að taka á sig að greiða kostnað af slíkri þjóðfélagsrannsókn. Ég vil því hér í svari mínu vísa til þeirra bréfaskipta, sem fram hafa farið um þetta, og er þá fyrst bréf frá dr. Ólafi Ragnari Grímssyni, svo hljóðandi:

„Með bréfi, dags. 25. maí s. l., fól félmrn. námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands að annast rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi samkv. þál., sem samþ. var á Alþ. 5. apríl 1971. Námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum hefur framkvæmt þessa rannsókn á eftirfarandi hátt:

Undir umsjón lektora námsbrautarinnar hefur Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir safnað margvíslegum heimildum um jafnrétti þegnanna. Þessar heimildir snerta einkum menntun, laun, félagslega þátttöku og ýmis trúnaðarstörf. Söfnun þessara heimilda og úrvinnsla úr þeim hefur reynzt vera mun umfangsmeiri en búizt var við í upphafi. Vegna almennra vetraranna við námsbrautina hefur því ekki unnizt tími til að fullgera skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar, en þegar vetrarönnum lýkur, mun Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir ásamt lektorum einbeita sér að skýrslugerðinni og skila rn. niðurstöðum fyrir næsta haust.

Með þessu bréfi fylgir skýrsla Guðrúnar Sigríðar Vilhjálmsdóttur um störf hennar fram til þessa.

F. h. lektora við námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum,
Ólafur Ragnar Grímsson."

Hér er svo örstutt skýrsla frá Guðrúnu Sigríði Vilhjálmsdóttur, og segir þar:

„Í júlímánuði s. l. var mér falið að gera rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi, einkum með tilliti til menntunar, launa og félagslegrar þátttöku karla og kvenna. Þann 1. ágúst hóf ég þessa rannsókn, og vann ég samfellt að henni til 10. sept. Á þessum tíma leitaðist ég við í fyrsta lagi að afla þeirra kannana, sem þegar hafa verið gerðar og snerta jafnrétti þegn-

anna á einhvern hátt, í öðru lagi að safna nýjum upplýsingum og gera kannanir á sviði menntunar, launa og félagslegrar þátttöku þegnanna og í þriðja lagi að vinna úr þessum gögnum. Vegna gagnasöfnunarinnar hef ég þurft að leita til margra aðila, bæði opinberra aðila og einkaaðila, og hafa viðkomandi aðilar nærri undantekningarlaust verið reiðubúnir að greiða götu mína.

Eftir 10. sept. hef ég verið önnum kafin við nám í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, en jafnframt haldið áfram gagnasöfnun og úrvinnslu, þegar tími hefur gefizt til þess.

Hér á eftir fer yfirlit yfir þau atriði, sem aflað hefur verið upplýsinga um.

Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir."

Hér með hefur hún svo gefið mér yfirlit yfir byrjunarstarf sitt að þessu víðtæka verkefni, og sýnist mér, að hún komi þar víða við og afli margvíslegra gagna. Mér sýnist því allt stefna í þá áttina, að merk ritgerð komi frá hendi þessarar ungu konu um þetta efni. Ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi hafi mestan áhuga á því að sjá, hvernig verkið er grundvallað, og mun ég því afhenda það fskj., sem hér er, um byrjun þessarar rannsóknar. Það gefur til kynna, á hvaða grundvelli þetta rannsóknastarf er byggt, og sýnir okkur, á hvaða vegi það er, þó að það sé langt frá því, að því sé lokið.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör hans. Ég býst við, að það sé alveg rétt mat að fela þeirri stofnun, sem heitir „námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum" þessa rannsókn. Það er mjög mikilvægt að fá til þess menn, sem búa yfir félagsfræðilegri þekkingu og kannske umfram allt þekkingu á þeim aðferðum, sem beita þarf við rannsóknir af þessu tagi. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa skýrslu. Ég mun kynna mér hana og hlakka raunar til að sjá, hvar þetta mál er á vegi statt, en vil þrátt fyrir þær upplýsingar, sem ráðh. gaf, leggja áherzlu á, að allt kapp verði lagt á, að þessu verki verði lokið sem fyrst.

Endurvarpsstöðin á Gagnheiði, fsp. (þskj. 357). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um bætta þjónustu sjónvarps á Austurlandi.

Eftir að ég lagði hér inn fsp. mína, hefur ýmislegt komið fram varðandi mál þetta í sjónvarpsviðtali við yfirverkfræðing Landssímans, og er það sannarlega að vonum, að ástandið í sjónvarpsmálum eystra sé gert að umtalsefni. Austfirðingar greiða afnotagjald af sjónvarpi eins og aðrir landsmenn, og það hlýtur að vera krafa þeirra að fá eins jafna aðstöðu við aðra til að njóta sjónvarpsefnis og mögulegt er. Það er því ekki aðeins spurning mín, heldur og Austfirðinga yfirleitt, sem hér er fram borin. Hér er hún fram borin vegna óvenjuslæms ástands í vetur, eins og glögglega kom fram í nefndu sjónvarpsviðtali, þar sem upplýst var, að í Neskaupstað t. d. hefðu 12 útsendingardagar fallið brott frá miðjum des. Hér um hafa illviðri að nokkru valdið, og skal það viðurkennt. En þeir eru líka töluvert margir, dagarnir, sem falla brott um sumartímann, og manni býður í grun, að ekki sé alltaf brugðið svo fljótt við sem vera ætti til viðgerða.

Í öðru lagi og ekki síður eru það svo myndgæðin, sem oft eru vægast sagt léleg. Ég hef orðið þess var í vetur, að ef myndin á skerminum er örlítið óskýrari en venjulega, þ. e. a. s. hér í Reykjavík, er beðizt auðmjúklega afsökunar af hálfu sjónvarpsins. Ef fyllsta jafnréttis væri gætt í þessum efnum, er ég hræddur um, að afsökunarbeiðni til Austfirðinga yrðu nokkru rúmfrekari í dagskránni, en þar munu gilda aðrar reglur og óæðri hjá þessari ágætu stofnun.

Vegna hvors tveggja: tíðra og langvarandi bilana á Gagnheiðarstöðinni og eins hinnar óskýru myndar, sem við Austfirðingar þurfum oft að búa við, er þessi fsp. fram borin.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 6. landsk. þm. er byggt á upplýsingum frá Sigurði Þorkelssyni yfirverkfræðingi Landssímans, en Landssíminn hefur sem kunnugt er með höndum dreifikerfi fyrir Ríkisútvarpið.

Stöðin á Gagnheiði er ein af svokölluðum aðalstöðvum sjónvarpsdreifikerfisins og er útbúin á sama hátt og aðrar slíkar stöðvar. Allur tækja- og loftnetabúnaður er einfaldur, án varatækja. Stöðin fær rafmagn með línu frá Egilsstöðum, en hefur vararafstöð, sem er sjálfvirk. Stöðin er ómönnuð, en stöðvarstjóri hljóðvarpsstöðvarinnar á Eiðum sér að mestu um viðhald og viðgerðir. Erfiðleikar í rekstri stafa í fyrsta lagi af því, að varatæki vantar. Bilun, sem verður á tækjabúnaði seinni hluta dags eða um kvöld, leiðir oft til þess, að meiri eða minni hluti dagskrár fellur niður, jafnvel þó að brugðið sé skjótt við til viðgerðar. Á veturna er færð oft erfið, og í slæmum veðrum hafa liðið 2—3 dagar, áður en hægt var að komast upp að stöðinni, þó að það sé undantekning, en ekki regla. Í öðru lagi hafa orðið bilanir á rafmagnslínunni, sem hefur ekki alltaf verið hægt að gera við samstundis vegna veðurs. Því miður hefur búnaður vararafstöðvarinnar stundum brugðizt í slíkum tilvikum, þannig að stöðin hefur orðið rafmagnslaus.

Um úrbætur í þessum málum er það að segja, að ekki hefur verið gert ráð fyrir tvöföldun á tækjabúnaði á næstunni vegna kostnaðar. Má því ekki búast við, að truflunum á dagskrá vegna tækjabilunar út af fyrir sig á stöðinni fækki. En hvað snertir rafmagnslínuna, hafa þegar verið gerðar endurbætur á upphaflegri línu og verður þeim haldið áfram, þar sem sýnir sig, að þeirra er þörf. Þá verður einnig reynt eftir megni að komast fyrir bilanir á vararafstöðinni, svo að hún geti sinnt sínu hlutverki. Standa vonir til, að með þessu tvennu verði hægt að bæta rekstraröryggi stöðvarinnar.

Um myndgæði á svæði stöðvarinnar er það að segja, að í slíku endurvarpskerfi eins og hér

er notað, verða myndgæði óhjákvæmilega lélegri, eftir því sem lengra dregur frá upptökusal. Hinar löngu leiðir milli Skálafells og Skipalóns og Vaðlaheiðar og Gagnheiðar hafa sérlega slæm áhrif. Meðal annarra þjóða eru notaðar dagskrárrásir milli upptökusalar og sendistöðva, og gerðar hafa verið áætlanir fyrir Ríkisútvarpið um slíkar dagskrárrásir í örbylgjukerfi, sem mundi ná til allra aðalstöðva sjónvarps. Kostir slíks kerfis eru:

1. Kerfið getur flutt sjónvarpsmynd langar leiðir með mjög lítilli rýrnun á myndgæðum.

2. Vegna miklu minna sendiafls en í sjónvarpssendunum er rekstraröryggi tækjabúnaðarins miklu meira. Af sömu ástæðu er hægt að reka tækin á rafgeymum í marga daga, ef bilanir verða í rafmagnslínum.

3. Á tíðnisviði því, sem örbylgjukerfið notar, er ekki hætta á erlendum truflunum.

Hægur vandi er að byggja örbylgjukerfi frá Reykjavík til Gagnheiðar í þremur áföngum, og mundu gæði útsendrar myndar batna við hvern þessara áfanga út af fyrir sig. Þá mundi útsending falla sjaldnar niður, þar eð bilanir á öðrum aðalstöðvum sjónvarps á leiðinni austur hefðu ekki lengur áhrif á flutning dagskrár til Gagnheiðar. Miðað við núverandi verðlag er kostnaður örbylgjukerfis, sem tengdi saman allar aðalstöðvar sjónvarps og væri eingöngu byggt fyrir Ríkisútvarpið, áætlaður 150—190 millj. kr., og gildir lægri talan, þegar kerfið er byggt á einföldum tækjabúnaði, en sú hærri, ef varatæki eru keypt með. Væri slíkt kerfi hins vegar byggt með hliðstæðar þarfir Pósts og síma fyrir símrásir í huga, mundi kostnaðarhluti Ríkisútvarpsins verða minni en ofangreindar tölur segja til um.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um, hvenær hægt verður að hefjast handa um byggingu örbylgjukerfis fyrir sjónvarp.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er vissulega ánægjulegt, ef eitthvað hefur verið hugsað fyrir því að bæta þetta ástand, eins og hann greindi frá í svari sínu. Hins vegar sýnist mér á öllu, að þær hugmyndir, sem þarna voru uppi um örbylgjukerfi, muni eiga langt í land, miðað við þá kostnaðarhlið, sem þarna var á minnzt, svo að ekki hef ég trú á, að við njótum góðs af því í náinni framtíð, þó að vel kunni að vera, að eitthvað verði reynt að gera í þeim efnum. En það er áreiðanlegt, að það er full ástæða til þess að reyna allt, sem hægt er, til þess að auka myndgæði þar eystra, því að þau eru vægast sagt oft þannig, að segja má, að óhorfandi sé á sjónvarpið.

Ég vil líka taka það fram, að þrátt fyrir þessi svör um það, að þarna sé allt gert, sem hægt er, til þess að gera við um leið og mögulegt er, þá veit ég það frá ýmsum þeim starfsmönnum, sem að þessu vinna á vegum Landssímans eystra, að þeir eru ekki fullkomlega ánægðir með, hvernig að þeim er búið af hálfu Landssímans hér syðra með tækjakost og annað því um líkt til viðgerðanna. Það væri a. m. k. mjög æskilegt, ef það væri allt gert, sem hægt væri, til þess að leggja þeim upp í hendur þau tæki, sem þeir þurfa á að halda, til þess að þeir geti sem fyrst sinnt þeirri sjálfsögðu viðgerðarþjónustu, sem þarna hlýtur að eiga rétt á sér.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð af minni hálfu til að leggja áherzlu á það atriði, hversu unnt er að bæta myndgæði á viðtökusvæði stöðvarinnar á Gagnheiði og reyndar öðrum stöðvum, sem langt liggja frá upptökusalnum hér í Reykjavík. Eina ráðið, sem ræður verulega bót á myndinni, sem fram kemur, er örbylgjukerfið, sem var lýst lítillega í fyrra svari mínu. Tæknivandkvæði eru ekki á að hefja gerð slíks örbylgjukerfis. Þótt það kæmi í áföngum, mundi hver áfangi um sig skila sér með auknum myndgæðum, þó að fullnaðarbót væri ekki náð, fyrr en örbylgjukerfið næði alla leið frá upptökustað til útsendingarstaðar. Það er því fyrst og fremst spurning um fjármagn, hvenær unnt verður að koma myndgæðum í viðunandi horf á þessu sjónvarpssvæði og öðrum, sem lengst liggja frá Reykjavík.

Menningarsjóður félagsheimila, fsp. (þskj. 357). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina tveim fsp. til hæstv. menntmrh. um menningarsjóð félagsheimila. Það kann að þykja hér nokkurt bráðræði vera á, þar sem sjóðurinn tók fyrst að sér verkefni á s. l. ári, að því er ég hygg. Ég tel hins vegar rétt að fá upplýst hér, hvernig að hefur verið staðið, þó að ég viti, að hæfur maður sé í fyrirsvari sjóðsins og til alls góðs líklegur. Það hlýtur nefnilega að vera aðalatriðið varðandi sjóð þennan, ef ég hef skilið reglur hans rétt, að örva og styrkja menningarstarfsemi á vegum félagsheimilanna sjálfra og þeirra aðila, sem að þeim standa. Ég á hér ekki við flutning á aðfengnu dagskrárefni, t. d. frá einhverjum menningaraðilum hér á höfuðborgarsvæðinu, þó að ágætt sé með, heldur einnig og raunar öllu fremur sjálfstæðan dagskrárflutning heima fyrir og samvinnu félagsheimila í einstökum landshlutum um menningardagskrá á eigin vegum í þessu efni. Mjór er mikils vísir, og því vildi ég gjarnan fá upplýst, í hvaða átt hefur verið stefnt í upphafi. Mér er að vísu kunnugt um sumt, sem með ágætum hefur þegar tekizt, en vildi fá um það nokkru gleggri upplýsingar, einkum um hlut einstakra félagsheimila í þessari þörfu og merku starfsemi.

Spurningarnar eru svo hljóðandi:

„1. Í hverju var aðalstarfsemi menningarsjóðs félagsheimila fólgin á s. l. ári? Hverjar voru aðalstyrkveitingar, og hversu miklu fé var varið til þeirra?

2. Hvaða félagsheimili fengu styrk til sjálfstæðs dagskrárflutnings samkv. reglum sjóðsins, og hversu miklu fé var varið á þann hátt?“

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 6. landsk. þm. um

starfsemi menningarsjóðs félagsheimila er á þessa leið:

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkv. ákvæðum í 2. gr. l. nr. 107/1970, um félagsheimili. Reglur um starfsemi sjóðsins voru settar af menntmrn. 1. marz 1972 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda, þar sem þær eru nr. 42/1972. Reglurnar voru sendar öllum félagsheimilum á landinu með bréfi frá starfsmanni sjóðsins, þar sem jafnframt var gerð grein fyrir athugunum, sem fram höfðu farið varðandi fáanlegt dagskrárefni til listflutnings, og óskað eftir till. og ábendingum af hálfu félagsheimilanna. Þá hefur starfsmaður sjóðsins og unnið að frekari kynningu á sjóðnum með viðræðum við forráðamenn félagsheimila, og haft hefur verið samráð við menntamálaráð til þess að tryggja samstarf, eftir því sem hagkvæmt þykir, vegna starfsemi þeirrar, sem menntamálaráð hefur beitt sér fyrir og nefnist „List um landið." Hér fer á eftir grg. um helztu atriði þeirrar starfsemi, sem menningarsjóður félagsheimila styrkti eða var heitið styrk til á árinu 1972.

1. Nokkur félagsheimili á Vestfjörðum sóttu um styrk til að fá í heimsókn strengjasveit Tónlistarskólans í Reykjavík undir stjórn Ingvars Jónassonar. Tónleikar voru haldnir í Bolungarvík, á Flateyri, Þingeyri og Patreksfirði. Ferðakostnaður var greiddur af menningarsjóðnum, 38 580 kr. Tilmæli um nokkurn viðbótarstyrk vegna halla á tónleikunum hafa nýlega borizt frá einu félagsheimilanna, og verður sú umsókn væntanlega samþ. samkv. heimild í reglum sjóðsins. Tónleikaför þessi var farin í júní 1972.

2. Í sama mánuði barst beiðni frá nokkrum félagsheimilum á Austurlandi varðandi heimsókn Karlakórs Reykjavíkur. Menningarsjóður greiddi vegna ferðakostnaðar 30 þús. kr. Kórinn kom fram í félagsheimilinu á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Höfn í Hornafirði.

3. Í sept. kom fram ósk af hálfu félagsheimila í Neskaupstað og á Egilsstöðum um, að sjóðurinn veitti fyrirgreiðslu til, að Sinfóníuhljómsveit Íslands héldi tónleika á þessum stöðum, en sams konar beiðni hafði einnig borizt frá Vestmannaeyjum. Sjóðurinn tók að sér að greiða ferðakostnað hljómsveitarinnar, og voru tónleikar haldnir í Neskaupstað, á Egilsstöðum og í Höfn í Hornafirði, en af ferðinni til Vestmannaeyja gat ekki orðið vegna veðurs. Ferðakostnaðurinn, sem menningarsjóðurinn greiddi, nam 216 þús. kr.

4. Með styrk frá menningarsjóði félagsheimila var efnt til tónleika og listdanssýninga í nokkrum félagsheimilum á Norðausturlandi og Austfjörðum s. l. haust. Frumkvæðið kom frá félagsheimilinu á Þórshöfn í samráði við félagsheimili á Raufarhöfn og Vopnafirði. Rétt þótti að gefa fleiri félagsheimilum kost á efnisskránni, og var hún flutt í félagsheimilum á eftirtöldum stöðum: Mývatnssveit, Húsavík, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði, Egilsstöðum, Neskaupstað, Seyðisfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Höfn í Hornafirði. Á efnisskránni var einsöngur Guðmundar Jónssonar óperusöngvara við undirleik Guðrúnar Kristinsdóttur og ballettsýning á vegum Félags ísl. listdansara, þar sem kynntur var listdans og þróun hans. Greiðslur úr menningarsjóði félagsheimila vegna þessa listflutnings námu samtals 179 812 kr.

5. Félagsheimili Seltjarnarness var veittur styrkur vegna heimsóknar Samkórs Vestmannaeyja, sem sýndi óperettuna Meyjaskemmuna í félagsheimilinu. Styrkurinn nam 50 þús. kr.

6. og 7. Veittur var 40 þús. kr. styrkur vegna söngskemmtana Kvennakórs Suðurnesja í félagsheimilum á Austurlandi, og samþykkt hefur verið styrkveiting, 50 þús. kr., vegna tónleika karlakórsins Þryms á Húsavík í nokkrum félagsheimilum norðanlands á árinu 1972.

Samtals nema samþykktar styrkveitingar úr menningarsjóði félagsheimila vegna starfsemi á árinu 1972 samkv. framansögðu 546 392 kr.

Í síðara lið fsp. er spurt, hvaða félagsheimili hafi fengið styrk til sjálfstæðs dagskrárflutnings samkv. reglum sjóðsins og hversu miklu fé hafi verið varið á þann hátt.

Í 5. gr. reglna um menningarsjóð félagsheimila segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Óskum og till. forráðamanna félagsheimila um dagskrá til flutning með stuðningi menningarsjóðs félagsheimila skal beint til starfsmanns sjóðsins, sem ráðinn er af menntmrn. Hann getur og af sinni hálfu leitað samráðs við félagsheimilin um flutning á dagskrárefni, er hann telur falla undir verksvið sjóðsins."

Eins og fram kom í grg. hér á undan, var mikill hluti þeirra styrkja, sem veittir voru úr menningarsjóði félagsheimila á árinu 1972, veittur samkv. beinni ósk félagsheimila, en í nokkrum tilvikum var um það að ræða, að félagsheimilum í nágrenni við staði, þar sem listflutningur var ráðgerður með styrk úr sjóðnum, var gefinn kostur á að hagnýta sér þau tækifæri, sem þannig buðust. Eigi fyrirspyrjandi með orðunum „sjálfstæður dagskrárflutningur" við dagskrárefni, sem skipulagt hafi verið af heimamönnum til flutnings í félagsheimilum, er því til að svara, að beinar umsóknir um styrki til slíks flutnings bárust ekki til sjóðsins á árinu 1972.

Í kynningarbréfi því, er sent var félagsheimilunum og getið var um hér að framan, var m. a. bent á, að til greina kæmi, að menningarsjóður félagsheimila veitti atbeina til að fá gesti til aðstoðar við uppsetningu leikrita eða söngleikja á vegum heimafélaga og gerði þannig kleift að ráðast í veigameiri verkefni en ella væru tök á. Hefur nýlega verið veitt vilyrði um slíka fyrirgreiðslu við eitt félagsheimili samkv. umsókn þess.

Minnt skal á, að samkv. reglunum um menningarsjóð félagsheimila skal hugsanlegur hreinn ágóði af aðgangseyri að dagskrárefni, sem styrks nýtur úr sjóðnum, renna í menningarsjóð viðkomandi félagsheimilis. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili. Er þannig stefnt að því, að styrkveitingar menningarsjóðs félagsheimila geri ekki einungis kleift að koma á tilteknum listflutningi í hvert skipti, heldur geti og, ef svo ber undir, stuðlað að frekari menningarstarfsemi á vegum viðkomandi félagsheimila.

Tekjustofn menningarsjóðs félagsheimila er 10% af tekjum félagsheimilasjóðs. Ekki liggur

endanlega fyrir, hverjar reynast muni tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti á árinu 1972, en þær voru í fjárl. áætlaðar tæplega 18.3 millj. En horfur eru á, að það muni ekki reynast ofáætlað, þannig að tekjuhluti menningarsjóðsins verði a. m. k. 1.8 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. skýr og greinargóð svör varðandi fsp. mína. Ég lagði einmitt aðaláherzlu á það, að fé og kröftum yrði varið til þess að efla hvers kyns menningarstarfsemi hjá félagsheimilunum, og mér sýnist, að þarna hafi nokkuð áunnizt hvað snertir annan liðinn. Ég vil alveg sérstaklega fagna því, hvað þarna hefur verið vel af stað farið hvað snertir menningarstarfsemi einmitt í félagsheimilum eystra. Ég sé, að þau eru þarna mjög drjúg. Félagsheimilin hafa í raun og veru fengið það orð á sig að vera fyrst og fremst til dansleikjahalds og reyndar af lakari gerðinni, þó að ég hef reyndar ekki séð mun á þeim samkomum og þessum svokölluðu siðmenningarsamkomum hér í höfuðborginni. En hvað sem því líður, þá er áreiðanlega aldrei nóg að gert til að efla hvers konar félags- og menningarstarfsemi í félagsheimilunum, svo að þau kafni ekki undir nafni.

Mér þykir það miklu miður, að engar umsóknir skuli hafa á árinu borizt um það frá félagsheimilunum sjálfum, að þau eða aðilar, sem að félagsheimilunum standa, efni sjálfir til dagskrárflutnings. Ég hygg, að þetta hafi verið mikið fyrir það, að stjórnir félagsheimilanna hafi litið svo á, að þessi menningarsjóður væri í rauninni eingöngu til þess að fá aðfengið skemmtiefni og þá auðvitað af hámenningarsvæðinu hér í höfuðborginni. Ég álít hins vegar, að aðalverkefni sjóðsins í raun og veru, annað aðalverkefnið a. m. k., sem á að hafa fullkomlega jafnan aðgang að þessum sjóði, séu þau verkefni, sem félagsheimilin sjálf taki að sér eða einstakir aðilar innan þeirra, eins og t. d. leikfélög, sem eru oft virkasti aðilinn í félagsmálastarfsemi hvers staðar, og sjóðurinn eigi alveg sérstaklega að styrkja þessa aðila og vekja þá hreint og beint til lífsins með að efla þessa starfsemi sína, því að að öðrum kosti tel ég hann ekki gegna því hlutverki, sem hann á að gegna.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 13. marz, að loknum 57. fundi.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 14. marz, kl. 2 miðdegis.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. til laga um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem hér liggur fyrir, mun ekki fá langa fylgd úr hlaði. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna er um þessar mundir að ljúka 19. starfsári sínu, en til happdrættisins var stofnað með lögum á árinu 1954. Fyrsta heimild til happdrættisins var til 10 ára, en á árinu 1963 var heimildin framlengd til ársloka 1974. Upphaflega var öllum ágóða af happdrættinu varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en með lagabreytingunni 1963 var ákveðið, að ágóðinn rynni í byggingarsjóð aldraðs fólks, þó svo, að 60% ágóðans skyldi varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Einnig var stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna heimilað að veita styrki og lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Stjórn Sjómannadagsráðs hefur óskað eftir, að heimild til happdrættis þessa verði framlengd til næstu 10 ára, og er með frv. þessu lagt til, að svo verði gert. Frv. felur ekki í sér aðrar breytingar á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna en þessa framlengingu, en þó er það svo, að þar sem nokkrar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegu lögunum, þótti rétt að leggja fram heildarfrv. um happdrættið, og er það lagt fram hér í því formi. Eins og áður hefur verið sagt, rennur ágóði af happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna í byggingarsjóð aldraðs fólks, þó svo, að 60% ágóðans renni til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu á þeirri skipan.

Um byggingarsjóð aldraðs fólks er það að segja, að hann starfar samkvæmt sérstakri löggjöf. Skal hann stuðla, bæði með lánveitingum og styrkveitingum, að því, að byggðar verði hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Ég veit, að ég þarf ekki að fjölyrða hér um Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Það þekkja allir byggingarnar að Hrafnistu, og allir hv. þdm. þekkja þá merku starfsemi, sem þar fer fram. Á Hrafnistu dvelja nú alls 452 vistmenn. En stjórn Sjómannadagsráðs hefur ekki látið hér staðar numið, og er nú í undirbúningi dvalarheimili við Hafnarfjörð, sem mun ætlað fyrir 220—230 vistmenn. Þrátt fyrir að hér hafi verið gert mjög myndarlegt átak, eru þó enn mörg verkefni óleyst á sviði byggingar heimila fyrir aldraða, og með framlengingu á happdrættisleyfinu er stuðlað að úrlausn þeirra verkefna.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til að fara um frv. þetta fleiri orðum. Ég veit, að ef þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, þykir þörf á frekari upplýsingum, verða þær látnar í té af stjórn happdrættisins eða Sjómannadagsráði. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. Það er ekki meira en svo, að mér sé ljóst, til hvaða n. þetta mál ætti að fara, kannske til fjh.- og viðskn. Ég legg þetta mál í hendur hæstv. forseta.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að lýsa stuðningi mínum við þetta

frv. Við vitum það öll, að happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefur leyst af hendi mikið nauðsynjaverk, með því að stuðla að byggingu dvalarheimilisins að Hrafnistu. Það er nú svo, að aðbúð aldraðra er okkur mikið áhyggjuefni og ekki sízt nú sem stendur. Eftir því sem meðalaldur fólks í landinu hækkar, þeim mun erfiðara verður að leysa þetta vandamál, og ég held, að sjaldan hafi ríkt jafnmikið öngþveiti í málefnum langlegusjúklinga og nú er í dag. En gamla fólkið er einmitt verulegur hluti langlegusjúkra. Þetta happdrætti, sem hér stendur til að framlengja, hefur gert stærsta átakið, sem gert hefur verið til þess að sinna þessum málum. Elliheimilismál okkar eru allmikið á eftir, og ég vona, að þetta frv. hljóti góðan stuðning og Hrafnista geti haldið áfram að stækka og reisa sér útibú úti um landið, því að á fáum sviðum er okkur meiri þörf stórra og skjótvirkra aðgerða en einmitt á þessu sviði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 3, n. 359, 361, 364, 370). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. N. hefur fengið um það margar umsagnir og mælir nú með samþykkt frv. með tilteknum breytingum, en einstakir nm. áskilja sér allan rétt til að fylgja öðrum brtt. eða flytja þær sjálfir.

Meginefni þess frv., sem hér er um að ræða, er að hvetja og styrkja sveitarfélögin og aðra aðila, sem þar geta komið til greina, til að byggja og koma upp dagvistunarheimilum af ýmsum tegundum. Við undirbúning þessa máls var gert ráð fyrir, að þar kæmu fyrst og fremst þrenns konar dagvistunarheimili til greina: 1) Dagheimili, sem væru ætluð börnum allt frá 3 mánaða aldri til skólaskyldualdurs, og að börnin væru þar a. m. k. 5 stundir á degi hverjum. 2)Leikskólar, sem væru fyrst og fremst ætlaðir börnum frá 2 ára aldri til skólaskyldualdurs og þá til nokkuð styttri dvalar á hverjum degi, eða 3—4 stundir. 3) Skóladagheimili, þar sem starfsemin væri með líku sniði og á dagheimilunum, en börnunum væri þar veitt hjálp við námið, ef ástæða þætti til, þannig að þau gætu sótt skólann frá skóladagheimilinu og dvalizt þar jafnan 5—6 klst. á degi hverjum.

Aðstoð ríkisins, sem er raunverulegt nýmæli í okkar kerfi, er samkv. frv. fólgin í því, að ríkinu er ætlað að greiða 50% af áætluðum stofnkostnaði, þegar um er að ræða dagheimili og skóladagheimili, en 25% af áætluðum stofnkostnaði, þegar um er að ræða leikskóla. Rétt er að undirstrika, að það eru ekki aðeins sveitarfélög, sem hugsanlega geta fengið slíkan styrk, heldur og aðrir aðilar, ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Annar megintilgangur frv. er sá, að ríkið eigi sinn þátt í því að lækka daggjöldin á heimilum af þessu tagi með því að taka þátt í rekstrarkostnaðinum. Er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði til dagheimila og skóladagheimila allt að 30% af rekstrarkostnaði og til leikskóla allt að 20%. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þessu fylgi sú kvöð, að aðstandendum barna verði ekki gert að greiða meira en 30% af heildarrekstrarkostnaði dagheimilanna og skóladagheimilanna og ekki meira en 50% af rekstrarkostnaði leikskólanna. Þarna er að sjálfsögðu staðfest þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaðinum og skylda heimilanna til að takmarka greiðslur aðstandenda barnanna við svo lágar prósentutölur.

Ég leyfi mér að vísa til ágætrar grg., sem fylgir þessu frv., um efni þess að öðru leyti og sé ekki ástæðu til að fara nánar út í þá sálma.

N. hefur sent ýmsum aðilum frv. til umsagnar, og skal þeirra getið hér.

Fóstrufélag Íslands hefur sent n. umsögn sína og gerir þar nokkrar athugasemdir, en mælir hins vegar eindregið með samþykkt frv. N. hefur haft þær aths., sem gerðar eru af hálfu Fóstrufélags Íslands, til athugunar.

Frv. var einnig sent Félagsmálaráði Reykjavíkurborgar. Þar komu fram öllu ákveðnari aths. en frá Fóstrufélaginu, en þar var bent á, að til greina kæmi, að þátttaka ríkisins í stofnkostnaði yrði verulega aukin frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, en þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði félli algerlega niður. Sú till. var raunverulega byggð á því, að tekjustofnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga yrði senn breytt sveitarfélögunum meira í hag en áður var. En röksemdir fyrir þessu sjónarmiði voru þær, að þetta væri málefni sveitarfélaganna og væri óeðlilegt, að bæði ríki og sveitarfélög ættu hlut að rekstrarkostnaði.

Frv. var einnig sent Sambandi ísl. sveitarfélaga, og án þess að fara að rekja hér þá ítarlegu grg. og umsögn, sem barst frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þá er óhætt að segja, að þar komu fram svipuð sjónarmið, þ. e. a. s., að það hefði verið stefnt að nánari verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og væri því óeðlilegt, að báðir þessir aðilar yrðu aðilar að rekstri þessara heimila. Væri því að mörgu leyti eðlilegra að skera þarna á milli, þannig að ríkið tæki hugsanlega meiri þátt í stofnkostnaðinum, en engan þátt í rekstrarkostnaðinum.

Aðrar umsagnir, sem bárust, voru frá Kvenfélagasambandi Íslands, Barnavinafélaginu Sumargjöf, og stjórn Kvenréttindafélags Íslands. Ég get leyft mér að segja, að allar þessar umsagnir voru eindregið jákvæðar um meginefni frv.

Eins og ég hef nú getið, voru helztu ágreiningsefni, sem fram komu í umsögnum um frv., einmitt þau, að það var sjónarmið ýmissa, að ríkið ætti ekki að taka þátt í rekstrarkostnaðinum. Ég get leyft mér að fullyrða, að einmitt þetta atriði hefur verið talsvert ítarlega rætt innan n., og því miður hefur ekki náðst samkomulag um þetta efni. Ein af þeim hugmyndum, sem þar komu fram, var sú, að gerð yrðu skýrari verkaskil milli ríkis og sveitarfélaga hvað þessi dagvistunarheimili snerti með því, að ríkið tæki aðeins að sér að greiða launakostnaðinn, en sveitarfélögin bæru ábyrgð á rekstrarkostnaðinum að öðru leyti, þannig að þessu yrði þá

farið með líkum hætti og er um rekstur skóla. Þessi hugmynd var ítarlega skoðuð, en að athuguðu máli var ekki talið fært að fara þessa leið, enda hefði það óhjákvæðilega leitt til þess, að hlutur ríkisins hefði orðið enn hærri en frv. gerir ráð fyrir. Það var yfirleitt ekki skoðun manna, að það væri eðlilegt, að hluti ríkisins yrði meiri en hér er gert ráð fyrir.

Aðalsjónarmiðið, sem liggur til grundvallar því skipulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, er, eins og ég rakti hér áðan, að verið er að fá ríkið til að stuðla að því, að aðstandendum barna sé ekki gert að greiða allt of stóran hluta af rekstrarkostnaði þessara heimila, þannig að sem allra flestir geti átt þess kost að njóta þessarar þjónustu. Þetta sjónarmið er á bak við þá afstöðu meiri hl. n. að láta þetta ákvæði standa óhreyft. Afgreiðsla n. var, eins og ég hef áður rakið, að mæla með samþykkt frv., þó með þeim fyrirvara, að einstakir nm. áskilji sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

N. í heild flytur nokkrar brtt. á þskj. 359, sem ég skal víkja hér lítillega að.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að 2. mgr. 3. gr. falli niður, og það er í tengslum við 4. lið brtt. n., ákvæði til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir því, að sú hugsun, sem fólgin var í 2. mgr. 3. gr., verði orðuð á nokkuð annan veg. Það er talið óeðlilegt, að það verði einfaldlega skipt þannig á milli, að þau dagheimili, sem væru fullbyggð, fengju engan stuðning frá ríkinu, en þau, sem kannske ættu eftir að ljúka 5—10% byggingar, gætu fengið styrk að fullu, þarna væri eðlilegt að hafa nokkurn tröppugang og ekki eins skörp skil og fælust raunverulega í þessu ákvæði, eins og það er í frv. Þess vegna er gert ráð fyrir að setja ákvæði til bráðabirgða, eins og hér segir, þannig að það yrði á valdi rn. að kveða á um, að hve miklu leyti byggingar, sem þegar eru hafnar, fengju styrk.

N. var einnig sammála um að breyta 17. gr. frv., þar sem minnzt er á fóstrunarstörf og fóstrunarmenntun, í samræmi við niðurstöðu þá, sem fékkst í atkvgr. hér í Ed. ekki alls fyrir löngu, þar sem d. felldi till., sem hljóðaði á þá leið, að skóli, sem á að annast menntun þeirra, sem þessum störfum gegna, yrði nefndur Fóstrunarskóli í frv. Till. kom fram um, að hann yrði annaðhvort nefndur Fóstraskóli eða Fóstrunarskóli, og báðar brtt. voru felldar. Við teljum því rétt, að Alþ. dragi þá rökréttu ályktun af þessu að samræma orðin, eins og þau birtast í þessu frv. En ég tek það fram, að þessi brtt. er af hálfu n. tekin til baka til 3. umr., þar sem okkur þykir rétt, að málið verði fullfrágengið í Nd., áður en þessi breyting er gerð.

Í þriðja lagi gerir n. í heild brtt. við 2. mgr. 18. gr., þar sem bætt er við setninguna, þar sem segir, að tengja skuli sálfræði- og ráðgjafaþjónustu við slíka þjónustu skólanna, að hún geti einnig tengzt slíkri þjónustu á vegum félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Fleiri brtt. flytur n. ekki í heild sinni.

Á þskj. 361 flytjum við Steingrímur Hermannsson tvær brtt., sem mér þykir rétt að gera hér grein fyrir í leiðinni.

Í fyrsta lagi er brtt. við 11. gr., þar sem segir: „Sé fallizt á umsókn“ — um styrk frá rn. eða ríkinu — „gerir rn. grein fyrir væntanlegum till. sínum um fjárframlög vegna fjárlagagerðar á fyrirhuguðu framkvæmdartímabili.“ Án þess að skýra þetta miklu nánar, skal þess einungis getið, að við yfirlestur frv. fannst nm., að þessum orðum væri hér ofaukið, þau væru aðallega til þess fallin að rugla menn í ríminu og hefðu enga efnislega þýðingu og væri því eðlilegra, að þau féllu niður. Mér er næst að halda, að n. öll hafi verið þessarar skoðunar. En vegna þess að okkur láðist að taka sameiginlega afstöðu til þessa atriðis á nefndarfundi, taldi ég ekki rétt að hafa hana með í sameiginlegum till. n. Við flytjum þetta þess vegna á sérstöku þskj., þó að ég geri að vísu ráð fyrir, að allir nm. séu sammála um þessa niðurfellingu.

Í öðru lagi gerum við till. við 15. gr., að hún verði umorðuð og þá fyrst og fremst tvær síðustu mgr. gr., en þar er fjallað um, við hvað skuli miðað, þegar ríkisframlag er greitt. Í gr., eins og hún er í frv., er talað um, að ríkisframlagið skuli miðað við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð. Nú vita allir, að um langt skeið hefur verið í landi okkar ákaflega ör verðbólguþróun. Menn gera sér því grein fyrir því, að orðalag á þessari gr. er ekki fyllilega eðlilegt, miðað við það, að langur tími líði frá því, að áætlunin er gerð, og þar til verkið er framkvæmt. Því hefur í till. okkar verið bætt við gr., og hljóðar þá niðurlag hennar þannig:

„Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, sem áætlunin er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð“ — og við höfum þá bætt við: „að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.“ Síðan er þarna aðeins hagræðingaratriði, sem enga efnislega þýðingu hefur, að 6. mgr. fellur niður.

Minni hl. n. hefur flutt brtt. á þskj. 364 og þskj. 370, en þessar brtt. fjalla allar um þau atriði, sem ég hef áður gert að umtalsefni, þ. e. a. s. þau miða að því að hækka hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði, en fella niður hlutdeild ríkisins í rekstrarkostnaði, þó með nokkuð mismunandi hætti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar till. sem slíkar. Eins og ég gat hér um áðan, er auðvitað enginn vafi á því, að þessi tilhögun gæti vel komið til greina og er ekki í sjálfu sér neitt fráleit. Það varð samt niðurstaða meiri hl. n. að fallast ekki á þessar hugmyndir, heldur standa við frv. óbreytt, eins og það er. Ég skal fúslega viðurkenna, að bæði ég og margir aðrir getum fallizt á þá skoðun, að nú sem stendur sé brýnast að leggja höfuðáherzlu á, að sem flest dagvistunarheimili séu byggð. Að mörgu leyti væri æskilegt, að fjármagnið gæti gengið til þeirra nota. En við höfum rekið okkur á, að það er einnig mikil þörf á því að reyna að halda rekstrarkostnaðinum niðri, að sem allra flestir geti notið þessarar þjónustu. Nú síðustu dagana hef ég m. a. fengið upplýsingar um það, að ýmis starfsmannafélög og húsfélög, sem hafa á síðustu missirum sett í gang sameiginlega þjónustu af þessu tagi, hafa einmitt bundið ríkar vonir við, að frv. yrði að l. í þeim búningi, sem það birtist hér í þinginu,

og hafa miðað áætlanir sinar við það, að ríkið taki þátt í rekstri þessara nýju dagvistunarheimila, sem að sjálfsögðu eru að einhverju leyti bráðabirgðafyrirbæri, meðan svo erfitt er að koma börnum á dagvistunarheimili sem raun ber vitni hér í Reykjavík. Forsendur væru raunverulega brostnar fyrir því, að hægt væri að reka þessi heimili, ef rekstrarkostnaðarákvæðið væri fellt niður. Með hliðsjón af þessu og eins með hliðsjón af hinu, að ekki tókst að ná samkomulagi í n. um neina aðra skipan þessara mála, hefur það orðið niðurstaðan hjá okkur, sem skipum meiri hl. n., að halda þessum ákvæðum óbreyttum.

Ég held, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. Ég vil aðeins að lokum undirstrika það, að hér er tvímælalaust stórmerkilegt mál á ferðinni, enda eitt merkasta stefnuskráratriði í málefnasamningi núv. ríkisstj., sem þarna er verið að koma í framkvæmd, og vil ég eindregið skora á hv. þm. að veita þessu frv. brautargengi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. v. Hér er um að ræða merkilegt mál, framfaramál, sem sjálfsagt er, að komist í framkvæmd. Hann vitnaði í þessu sambandi til málefnasamnings ríkisstj. Það er gott og blessað. Ég leyfi mér í því tilefni að vitna til þess, að við nokkrir sjálfstæðismenn undir forustu hv. 2. þm. Vesturl. vorum flm. að frv. um sama efni á síðasta þingi. Þetta sýnir, að flokkur minn og flokksmenn hafa ekki síður haft áhuga á þessu máli en ríkisstj., og skal ég ekki vera að metast um það.

Félmn. mælir einróma með þessu frv. Það er enginn ágreiningur um það, að þetta mál nái fram að ganga. En það er ágreiningur um viss atriði og grundvallaratriði eins og það, hvort ríkið eigi að greiða rekstrarkostnað, eins og frv. gerir ráð fyrir, eða ekki, og hv. 4. þm. Norðurl. v. vék lítillega að þessu atriði. En hér er um grundvallarmál að ræða, Þetta mál varðar beinlínis verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og það er mjög mikilvægt að bæta það ástand, sem hefur verið í þeim efnum, en ekki að gera það lakara.

Það, sem hefur verið ábótavant í verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga, er það, að verkaskiptingin hefur verið óljós og hún hefur ekki heldur verið rökrétt. Þannig hefur þetta gengið lengi, en menn hafa séð ástæðu til þess að bæta hér um. Mig minnir, að meira að segja í sjálfum stjórnarsáttmálanum sé eitthvað vikið að þessu. Það kann að vera misminni, en það gerir ekki svo mikið til, vegna þess að við þekkjum það, að svo er um flest loforðin í stjórnarsáttmálanum, að þau hafa reynzt öfugmæli. En ég tel, að þetta frv. stefni í öfuga átt hvað varðar að bæta verkaskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga.

Þegar við gerum okkur grein fyrir því, hvaða verkefni á að setja undir sveitarfélögin, koma að sjálfsögðu til greina ýmis sjónarmið. En ég hygg, að tvennt sé grundvallarsjónarmið, sem eigi að líta á. Annars vegar er það, hvort verkefnið varðar öll sveitarfélög jafnt eða hliðstætt, hvar sem er á landinu, og hins vegar, hvort það er nauðsynlegt og rétt við framkvæmd mála, að það gæti staðarþekkingar. Ef á að gera þessar tvær kröfur til mála, sem eiga að heyra algerlega undir sveitarfélögin, eiga dagvistunarheimilismál að heyra algerlega undir sveitarfélögin, en ríkið ekki að koma þar nálægt. Hvað varðar fyrra skilyrðið, er það vegna þess, að það er svo mismunandi, hvað þetta varðar sveitarfélögin miklu. Hér er um allt annað mál að ræða í Reykjavík og stærri kaupstöðum en í minni sveitarfélögum og hreppum í sveitum landsins. Hvað varðar síðara skilyrðið, þá er greinilegt, að hér er um slíkan rekstur að ræða, þar sem er rekstur dagvistunarheimila og bygging, að það er miklu farsælla, að þar komi til staðarþekking, en slíkum málum sé ekki stjórnað á ábyrgð ríkisstj.

En hvers vegna mæli ég þá með því, að þetta frv. sé samþykkt, að vísu með breytingum? Það er vegna þess, að ég tel, að hér sé um að ræða svo mikið framfara- og hagsmunamál, að það megi ekki láta stranda á framkvæmdum, þó að ríkið þurfi að koma til. En ef hér á ekki að stranda á framkvæmdum, verður ríkið að koma til vegna þess, að það er svo illa séð fyrir tekjustofnum sveitarfélaga. Það hefur lengi verið svo, að sveitarfélögin hafa barizt í bökkum. En nú hygg ég, að flestir þeir, sem gleggst vita um þau efni, séu sammála um, að keyrt hafi um þverbak, frá því að núv. ríkisstj. tók við. Það verður að taka þessu eins og er og snúast við vandanum eins og hann liggur fyrir, og þess vegna er ég ekki andsnúinn því, að í þessu tilfelli taki ríkið að sér hlutverk við stofnun og byggingu dagvistunarheimila, þó að undir venjulegum kringumstæðum hefði verið eðlilegra, að sveitarfélögin sjálf sæju ein um þessi mál. Við hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason flm. brtt. á þskj. 364, teljum, að ástandið hjá sveitarfélögunum sé alvarlegt. Um leið og við leggjum til, að ríkið greiði ekki rekstrarkostnað dagvistunarheimila, viljum við þess vegna að ríkið hækki stofnkostnaðarframlög sín frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að sveitarfélögin séu ekki verr sett en áður þrátt fyrir brtt. okkar.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, höfum við borið fram brtt., sem fjalla um það að fella niður úr frv. öll ákvæði um rekstur, þannig að frv. fjalli einungis um hlutdeild ríkisins í byggingu dagvistunarheimila. Samkv. þessu leggjum við til, að felld verði niður úr 2. mgr. 2. gr. orðin „og rekstrar". Við leggjum til, að við 6. gr. verði gerð sú breyting, að í stað 50% styrks úr ríkissjóði komi 60% styrkur, og einnig við 6. gr., að í stað 25% styrks úr ríkissjóði komi 50%. Í samræmi við það, sem ég hef áður sagt, leggjum við til, að bæði 8. og 9. gr. verði felldar niður. Enn fremur leggjum við til, að í 10. gr., sem verði 8. gr., falli niður úr 1. mgr. orðin „og/eða reka", úr 2. mgr. falli niður orðin „og/eða reka" og 4. mgr. 10. gr. falli algerlega niður.

Auk þessa gera brtt. á þskj. 364 ráð fyrir breytingu á 15. gr. frv., sem verði 13. gr. Þar gerum við till. um, að 4. mgr. verði svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur Alþ. samþ. slíka fjárveitingu, og

ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan fjögurra ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi."

Þannig hljóðar till. okkar. Við fyrstu sýn sýnist hún e. t. v. lík 4. gr., eins og hún er í frv., en svo er ekki við nánari aðgæzlu. Þar er gert ráð fyrir, að fjögurra ára fresturinn miðist við upphaf kostnaðaráætlunar. Það er bæði mjög óljóst orðalag og óhagkvæmt. Í brtt. okkar er gert ráð fyrir, að fjögurra ára fresturinn miðist við það, hvenær fyrsta framlag er innt af hendi.

Í frv. er gert ráð fyrir þeim möguleika, að það sé samið um lengri greiðslutíma. Við teljum, að það sé ekki ástæða til að gera ráð fyrir neinum slíkum möguleika og það sé óþarfi. Það geti hins vegar komið til framkvæmda, ef vilji er á báða bóga, og þurfi enga sérstaka heimild til þess, og því er lagt til, að þetta ákvæði sé felld niður.

Þá gerum við þá brtt. við 15. gr., að ný mgr. bætist við og verði 7. mgr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fer á byggingartímanum heildarbyggingarkostnaður dagvistunarheimilis fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, og skal þá sá ríkisstyrkur, sem umfram er, greiðast á næstu tveim árum eftir fjögurra ára tímabilið samkv. 4. mgr."

Við teljum rétt og nauðsynlegt að setja skýr ákvæði um það, hvernig fara skuli að, ef byggingarkostnaður fer fram úr áætlun. Í frv. eru ekki nein ákvæði um það, hvernig á að mæta slíku tilviki.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. okkar félaga á þskj. 364. Ég vil aðeins víkja að öðrum brtt., sem fram hafa komið og gerð hefur verið grein fyrir af hv. 4. þm. Norðurl. v. Það eru brtt. á þskj. 361 í tveim tölul. Mér virðist, að það sé ekkert við að athuga fyrri brtt., í 1. tölul. á þskj., og skal ekki fjölyrða um hana frekar. En í brtt. undir 2. tölul. a er gerð till. um breytingu, sem varðar sama efni að nokkru leyti og síðasta brtt., sem við hv. 2. þm. Vesturl. flytjum. Við töldum rétt, eins og ég sagði áðan, að setja ákvæði um það, hvernig fara skyldi, ef byggingarkostnaður fer fram úr áætlun. Flm. hinnar brtt., þeir hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf., vilja einnig setja ákvæði um þetta, en binda það einungis við það tilvik, að byggingarkostnaðurinn hækki vegna hækkaðrar byggingarvísitölu. Það er góðra gjalda vert út af fyrir sig, en það er ekki nægilegt. Það kann að vera, að af öðrum ástæðum geti byggingarkostnaðurinn hækkað. Þess vegna er rétt að hafa ákvæðið víðtækara en að miða það einungis við hækkun á byggingarvísitölu, hafa það víðtækt eins og við hv. 2. þm. Vesturl. gerum, láta þetta ákvæði ná til allra tilvika, sem til kunna að falla.

Ég sé ekki ástæðu að svo stöddu til að fjölyrða frekar um málið.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef eins og aðrir nm. í menntmn. mælt með samþykkt þessa frv. og áskilið mér rétt til að flytja brtt., auk þeirra till., sem ég stend að ásamt öðrum nm. Ég hef svo flutt brtt. við frv. á þskj. 370, en áður en ég vík að þeim, vil ég segja hér nokkur orð almennt í sambandi við þetta mál.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram áður við umr., að rekstur og bygging dagvistunarheimila er í rauninni dæmigert sveitarstjórnarverkefni, því að við vitum, að þarfir sveitarfélaganna fyrir þessar stofnanir eru svo gerólíkar. I strjálbýli er vart um þörf á slíkum stofnunum að ræða, en í þéttbýlinu er aftur aðra sögu að segja. Og ég get líka tekið undir það, að þegar þátttaka ríkisins er talin eðlileg, a. m. k. í byggingarkostnaði eða stofnkostnaði, þá byggist sú afstaða mín að verulegu leyti einnig á því, að það er búið að þrengja svo að tekjumöguleikum sveitarfélaganna í tíð núv. hæstv. ríkisstj., að ef þau eiga að geta sinnt þessu verkefni af einhverjum myndarskap, þá neyðast þau til, satt að segja, að sækja á önnur mið til að fá til þess fjármuni og stuðning. Dagvistunarheimili eru, eins og við öll vitum, talin ómissandi í nútímaþjóðfélagi. Sífellt aukast kröfur um, að þessar stofnanir séu fyrir hendi, og þær kröfur haldast í hendur við aukna sókn kvenna út fyrir veggi heimilisins, út í atvinnulífið, og aukið þéttbýli. Alls staðar í okkar nágrannalöndum er sáran kvartað yfir skorti á þessum stofnunum, og þykir konum, að ekki sé nóg að gert. Fallegar tölur, sem standa í lögum, segja í rauninni ekki nema hálfan sannleikann í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að hemillinn á þetta er sá mikli kostnaður, sem þessum stofnunum er samfara, bæði stofnkostnaður og geysimikill rekstrarkostnaður, því að þegar rekstrarkostnaður á barn á dagheimili fer kannske hátt í 100 þús. kr., þá sjáum við, að það er ekkert smáverkefni að sjá öllum börnum fyrir vistun á slíkum stofnunum, — ja, ekki segi ég þó: öllum börnum, vegna þess að ekki mundu öll heimili óska þess að setja börn sín á dagheimili, en fjöldinn er vaxandi og það þýðir ekkert annað en horfast í augu við þróunina og reyna, eftir því sem viðráðanlegt og hyggilegt er talið, að koma til móts við kröfurnar, en á því verður einmitt kostnaðurinn áreiðanlega alltaf hemill.

Það eru orðin mikið breytt viðhorf til þessara stofnana frá því, sem áður var. Áður fyrr var af mörgum litið á þær með tortryggni. Nú má segja, að þær hafi almennt verið viðurkenndar, og örlar þó jafnvel á oftrú á þessar stofnanir, því að við skulum gera okkur ljóst, að þær koma aldrei í stað heimilis fyrir barnið. Í því sambandi er sjálfsagt rétt að gefa gaum að og hafa í huga þær niðurstöður, sem sálfræðingar hafa látið í ljós, einmitt varðandi tengsl barns við foreldri eða þann, sem gengur barni í móðurstað. Sú skoðun sálfræðinga, að það að rjúfa að verulegu leyti tengslin milli barns og foreldris eða þess, sem gengur barni í móður stað, fyrstu 2—3 aldursárin geti haft óbætanleg áhrif á sálarlíf og þroska barnsins um alla framtíð er margra ára gömul. Það er sjálfsagt misjafnt, hve mikið sérfræðingar leggja upp úr þessu, en almennt mun þetta vera viðurkennt. Það má draga úr hugsanlega neikvæðum áhrifum, eftir því sem tekst að gera stofnanir betur úr garði og gera þeim betur kleift að sinna uppeldis- og fóstrunarhlutverki því, sem þeim er ætlað, en það er eðlilegt, að

samt setji að manni nokkurn ugg, þegar hugsað er til þess, hvað þeir vísu sérfræðingar segja. Í því sambandi kemur mér það í hug, að ég rakst nýlega á það í dönsku blaði, að sagt var frá bók eftir konu, sem er háskólalektor í því, sem Danir kalla Udviklingpsykologi, — ég veit satt að segja ekki, hvaða íslenzkt nafn væri yfir það, hvort hægt er að tala um sálarþroskafræði, — og hefur um áraraðir fengizt við rannsóknir á sálarlífi ungbarna. Ég man ekki, hvort ég nefndi nafnið, en þessi kona heitir Inge Bernth. Hún hefur nýlega gefið út bók, þar sem hún birtir niðurstöður sínar, og nefnist þessi bók Institutionsbörn og hjemmebörn, eða Stofnanabörn og heimilabörn. Þar skýrir hún frá niðurstöðum af rannsóknum sínum og samanburði á þroskaferli barna, sem hafa hlotið uppeldi á stofnunum að verulegu leyti, og hins vegar börnum, sem hafa dvalið alfarið á heimilunum. Þessi kona telur, að niðurstöður sínar bendi til þess, að barninu sé hagstæðast að alast upp á eigin heimili. Hún leggur á það áherzlu, að það sé skaðlegt að rjúfa tengsl við svona ungt barn, kannske frá morgni og þangað til seint að deginum. Það stangast á við það, sem margir foreldrar og margar konur — og reyndar ekki aðeins konur — hafa haldið fram, að það sé nóg, ef foreldrið eða foreldrar eða sá, sem gengur barni í móður stað, sé í samvistum við það í nokkrar klst. úr sólarhring.

Ég nefni þetta til þess að víkja aðeins að því, sem hafa ber í huga um hugsanlega vankanta á ofnotkun slíkra dagvistunarheimila. Hitt er annað mál, að við vitum, að ekki verður umflúið, að þau séu til staðar, og þau í mörgum tilfellum alger nauðsyn. Í sambandi við rannsóknir þessarar dönsku konu kemur mér það í hug, að dönsk þingkona, fyrrv. þm. Vinstri flokksins danska, sem heitir Merete Björn-Hansen, sem hefur lagt til, að mikill hluti af fjölskyldubótunum, eða „börnebidrag", sem Danir kalla, og getur einnig tekið til meðlags, sé greiddur fyrstu aldursár barnsins til þess að gera móðurinni fjárhagslega kleift að vera heima og annast barn sitt fyrstu aldursár þess.

Ég skal nú ekki fara lengra út í þá sálma, vangaveltur um hugsanleg neikvæð áhrif á þroska barnsins og þroskaferil með stofnanauppeldi, en snú mér aftur að sjálfu frv. Hv. formaður menntmn. og frsm. drap lauslega á þær umsagnir, sem hafa borizt menntmn. um frv., sem var sent ýmsum aðilum, og fór þar fljótt yfir sögu. Ég ætla að leyfa mér að kynna hv. þdm. dálítið ítarlega það, sem í þessum umsögnum fólst.

Þá vil ég fyrst nefna til umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem minnzt er á verkefnaskiptingu sveitarfélaganna og ríkisins. Þeir segja orðrétt í umsögn sinni, með leyfi hæstv. forseta, m. a. svo: „Svo sem nánar er frá greint í téðu riti," — þ. e. a. s. grg. um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem áður er minnzt á í umsögninni," — var talið óumflýjanlegt, að nokkrir málaflokkar yrðu áfram sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaganna, m. a. skólar á skyldunámsstigi og hafnamál. Talið var eðlilegt, að ríkisvaldið eitt hefði með höndum ýmis verkefni, sem varða alla landsmenn nokkurn veginn jafnt og ekki kölluðu á staðarþekkingu eða bein náin tengsl við borgarana. Með sama hætti var talið eðlilegt, að sveitarfélögin ein hefðu með höndum verkefni, sem væru mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum, verkefni, sem væru staðbundin, og verkefni, þar sem bein náin tengsl við borgarana væru nauðsynleg og eðlileg. Meðal slíkra verkefna voru talin ýmiss konar félagsmál, svo sem umönnun borgaranna á öllum aldri, barnaverndarmál, dagvistunarstofnanir, æskulýðsstarfsemi, heimilishjálp og umönnun fyrir aldraða, þ. á m. bygging og rekstur elliheimila, félagsstarfsemi fyrir aldraða og heimilishjálp fyrir aldraða." Síðan segja þeir, að stjórnin sé mótfallin þeirri meginstefnu, sem fram komi í framangreindu frv., þ. e. a. s. að bygging og rekstur þessara stofnana verði sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaganna, og telur sveitarstjórnarsambandið ýmis vandkvæði á slíkri skipan og að frv., eins og það liggur fyrir muni stofna til óþarflega flókinna samskipta ríkis og sveitarfél. En meðan tekjustofnaskipting ríkis og sveitarfélaga sé ekki komin í viðeigandi horf að dómi sambandsins, telur stjórnin þó rétt, að ríkið taki verulegan þátt í stofnkostnaði þessara stofnana, — stofnkostnaði, segja þeir, — aukinn frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, en telur, að þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði horfi til aukinnar skriffinnsku og með henni sé hætta á, að stofnað verði til ágreinings milli ríkis og sveitarfélaga í sambandi við uppgjör. Síðan vill sveitarstjórnasambandið láta taka frv. allt til endurskoðunar í samræmi við þau sjónarmið, sem það hefur sett fram.

Þá vil ég leyfa mér að lesa úr umsögn félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar. Undir félagmálaráð falla dagvistunarstofnanir, og eins og eðlilegt er og allir vita, er Reykjavíkurborg langöflugasti aðilinn á þessu sviði og með langsamlega mest umsvif og meiri en allt landið samanlagt utan borgarinnar. Þetta ráð hefur því mjög góða yfirsýn yfir þessi málefni, bæði rekstur og eins framkvæmdir. Í umsögn félagsmálaráðs segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðið hefur haft tækifæri til að kynna sér umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. og hefur í meginatriðum sömu skoðun um þá verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem þar er gerð grein fyrir. Þá telur félagsmálar., að ákvæði 15. gr. frv. séu til þess fallin að draga fremur úr en stuðla að byggingu þessara mjög svo nauðsynlegu stofnana, og bendir á, að ríkisframlag samkv. gr. á að miða við áætlun, sem gerð er áður en framkvæmdir hefjast, en á að greiðast á 4 árum, en slíkt verður að teljast mjög óhagstætt fyrir þá, sem dagvistunarstofnanir reisa. Að óbreyttum reglum um tekjustofnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga telur ráðið þó óhjákvæmilegt, að ríkið taki þátt í raunverulegum stofnkostnaði dagvistunarstofnana, þar sem einstök sveitarfélög hafa ekki bolmagn til að mæta síaukinni þörf fyrir dagvistunarstofnanir. Í því sambandi kæmi til greina, að þátttaka ríkisins í stofnkostnaði verði verulega aukin frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, en þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði falli niður."

Í framhaldi af þessu hafa komið fram brtt. við frv., sem miða mjög í rétta átt, að því er snertir að auka þátttöku ríkisins í stofnkostnaðinum. Þær ganga að vísu misjafnlega langt.

Ég er flm. að einni þeirra brtt. og skal víkja að henni síðar. Það kemur fram í umsögnum, m. a. frá sveitarstjórnasambandinu, að bent er á þá leið að auka stofnkostnaðarframlagið, en fella þá niður rekstrarframlag ríkisins.

Varðandi rekstrarframlagið getur verið fróðlegt að athuga, hve örar breytingar verða og hve allt færist í hækkunarátt. Ég vil þá fyrst víkja að því, að á bls. 12 í grg. með frv. er sagt og reyndar víðar í grg., að í Reykjavík séu — og er þá miðað við 1970 — 580 börn á dagheimilum, en 1175 á leikskólum. Þróunin hefur verið það ör í þessum efnum, að í grg. með fjárhagsáætlun fyrir Reykjavíkurborg fyrir 1973, þ. e. fyrir yfirstandandi ár, er reiknað með dagheimilaplássum fyrir 737 börn. Það er sem sé töluvert mikið á annað hundrað börn, sem fjölgað hefur á þessum stofnunum. Og í leikskólunum, þar sem voru 1175 börn 1970, er reiknað með 1424 börnum á árinu 1973. Að vísu er eitt dagheimili, sem tekur ekki til starfa fyrr en væntanlega í maímánuði, og leikskóli, sem tekur ekki til starfa strax, ekki í byrjun árs. En þetta sýnir, hvert þróunin stefnir, og sýnir, hve útgjöldin aukast geysilega. Í þessari grg. með frv. að fjárhagsáætlun fyrir Reykjavíkurborg er rekstraráætlun dagheimilinna í borginni, og hún er að sjálfsögðu gerð í samráði við Sumargjöf, en Barnavinafélagið Sumargjöf sér um rekstur þessara heimila. Þar er áætlað, að rekstrarkostnaður dagheimila verði 68 millj. 526 þús. kr. og leikskóla 37 millj. 150 þús. Þetta er hvorki meira né minna en nærri 106 millj. kr. Ég hef ekki neinar tæmandi upplýsingar um rekstur þessara stofnana utan Reykjavíkur. Þó eru talin upp nokkur heimili á bls. 12 í aths. við frv. Að vísu eru það allt gamlar tölur eða frá árinu 1970, en búast má við, að börnum á stofnunum í þessum sveitarfélögum hafi einnig fjölgað. Í aths. eru dagheimilin utan Reykjavíkur talin tæpur hálfdrættingur við Reykjavík, að plássafjölda. Þótt við segðum, að plássafjöldi væri ekki nema 40% á móti Reykjavík og rekstrarkostnaður sambærilegur, þá væri þetta komið upp í 150 millj. fyrir landið, þ. e. 45 millj. kr. í rekstrarframlag samkv. 6. gr. þessa frv., ef það verður samþ. óbreytt. Út af því, að hv. frsm. n. minntist á, að rætt hefði verið í n., að ríkið borgaði launakostnað á þessum heimilum, þá hefði það orðið ljóta útkoman, því, að launakostnaðurinn á dagheimilunum er 76% af öllum rekstrarkostnaðinum og yfir 80% af leikskólunum. Ég held, að það sé alveg borin von að halda, að hægt sé að þrýsta þessum kostnaði mikið niður. Launakostnaður er langstærsti pósturinn þarna, og ég á eftir að sjá, að hægt verði að þrýsta niður launum starfsfólks eða þá fjölga börnum í deildum umfram þær reglur, sem almennt eru látnar gilda og talið, að gilda þurfi um fjölda barna í umsjá hverrar fóstru.

Ég skal þá ekki víkja frekar að kostnaðarmálunum, en það er eins gott að gera sér grein fyrir, að kostnaðurinn er geysilegur af þessum stofnunum og þess vegna er kannske erfitt fyrir dreifbýlisþm., sem vita, að þeirra umbjóðendur munu að ákaflega takmörkuðu leyti njóta góðs af þessu frv., ef að lögum verður, að kingja þessum geysilega háu tölum. Þó verður að vona, að a. m. k. stofnkostnaðarframlög fái byr almennt hjá þm. Ég skal þá, enda orðin nokkuð langorð, reyna að stytta mál mitt og víkja að brtt., sem ég flyt á þskj. 370.

1. brtt. er um hækkun á styrk til byggingar leikskóla, að í stað þess, að hann er í frv. áætlaður 25%, verði hann áætlaður 50% og þá 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis. Í frv. er ekki talað um fullkomið húsnæði og þá líklegt átt við byggingunа uppkomna, áður en hún er búin húsgögnum.

Þá flyt ég þá brtt. við 9. gr., að sú gr. falli niður. Ég er andvíg því, að það sé loku skotið fyrir það, að foreldrar greiði meira en 30% af þessum mikla kostnaði fyrir að koma börnum sínum á dagheimili. Það er nú í dag þannig áreiðanlega annars staðar á landinu eins og hér í Reykjavík, að meðan ekki er hægt að anna eftirspurninni, verða að hafa forgang þeir foreldrar, — það eru þá aðallega mæður, sem eru einar að baslast með sín börn, — sem geta ekki stundað vinnu sína nema eiga kost á því að koma barninu í gæzlu að deginum. Þetta er yfirleitt fólk, sem hefur ekki mikil fjárráð. Enda er það svo, að Reykjavíkurborg greiðir mjög mikinn hluta af rekstrarkostnaði þessara stofnana. Árið 1971 borgaði borgarsjóður 58%, foreldrar 42% af rekstrarkostnaði dagheimilanna, en af rekstrarkostnaði leikskóla borgaði borgarsjóður 31% og foreldrar 69%. Þá segir einnig í 9. gr. frv., að foreldrar eða aðstandendur greiði ekki meira en 50% af rekstrarkostnaði leikskóla. Ég get ekki heldur fellt mig við þetta. Mér finnst, að möguleiki eigi að vera á því, að fólk, sem á kost á, að barnanna sé gætt, og losnar þannig við þann kostnað, sem það ella hefði, ef það fengi t. d. ungling til að gæta barnsins, borgi meira en helminginn af rekstrarkostnaði, en börnin dvelja ekki í leikskólum nema annaðhvort fyrir hádegi eða eftir hádegi. Ég tel, að þrátt fyrir það, sem tíðkast í okkar nágrannalöndum og ég er ekkert ginnkeypt fyrir því öllu saman, eigi þessi gr. ekki að standa í lögum. Þróunin gengur í þá átt, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að konan sæki af heimilinu út í atvinnulífið og þá kemur auðvitað upp vandamálið með börnin. Ég er ekki á því, að það eigi endilega að ýta undir þessa þróun með því að bjóða stofnanauppeldi á stórkostlega niðurgreiddu verði. Við eigum að hjálpa þeim, sem verður verulega tilfinnanlegt fyrir fjárhagslega að borga fyrir börn sín á slíkum stofnunum og eru tilneyddir að hafa þau þar, en hitt á að mínu viti ekki að gera. Það má vel vera, að þar ráði nokkru um það, sem ég áður vék að, að ég er óneitanlega dálítið uggandi út af því, sem sérfræðingarnir, sálfræðingarnir, segja um hugsanleg áhrif þessa stofnanauppeldis á börnin.

Þá er næsta brtt. mín, sú 3., við 14. gr. og er nokkuð tengd brtt. minni við 15. gr. Breytingin, sem í þessari till. minni felst, er fyrst og fremst sú, að þar sem í frv. stendur í niðurlagi 14. gr., að rn. heimili, „að hafin verði tæknilegur undirbúningur“, þá legg ég til, að rn. heimili, að framkvæmdir verði hafnar. Þá er 2. mgr. í minni brtt., hún er tekin út úr 15. gr., eins

og hún er í frv., því að ég legg til, að sú gr. orðist um. Brtt. mín við 15. gr. felur í sér þá breytingu frá því, sem í frv. er, að þegar rn. hefur séð um samningsgerð og heimilað, að framkvæmdir verði hafnar, þá þurfi ekki að bíða líka eftir fjárveitingu, en hins vegar sé ríkið ekki skylt til þess að greiða það, sem því ber að greiða í stofnkostnaðinum, fyrr en á 4 næstu árum eftir að fyrsta fjárveiting er samþykkt. Ég verð að segja, að þetta er líka nokkuð tengt ákvæðum frv. um reksturinn, sem ég hef tilhneigingu til, að sé dregið úr eða honum fórnað á kostnað aukins styrks í stofnkostnaði. Ef á að borga rekstrarkostnað, sem lauslega áætlað gæti orðið milli 40 og 50 millj. kr. á ári og á að koma strax, er ég hrædd um, að Alþ verði kannske ekki allt of fúst til þess að samþ. jafnframt háa styrki til byggingarframkvæmda. Ég er alveg sannfærð um það, að styrkur til byggingarframkvæmda mun gjalda rekstrarstyrks, sem bersýnilega mun verða 40—50 millj. kr. á ári. Ég hef að vísu ekki flutt brtt. um að fella alveg niður III. kaflann, kaflann um rekstrarstyrkina, nema 9. gr. En ég verð að segja samt, að ég hef mikla tilhneigingu til þess að hallast að þeirri brtt., sem fram er komin og gengur í þá átt.

Um brtt. við 15. gr. að öðru leyti þarf ég ekki að fara fleiri orðum. Ég ætla, að hún skýri sig sjálf. Og eins og ég áðan sagði, eru komnar fram úr þrem áttum brtt., sem allar horfa til bóta á 15. gr., þó að ég telji, að brtt. mín, sem óneitanlega gengur lengst, muni verða til þess að greiða mest fyrir framkvæmdum. Eins og kom hér fram við fyrri umr., munu þær hömlur, sem í frv. eru settar á það, að hefja megi framkvæmdir án þess þó að brjóta af sér allan rétt til þess að fá byggingarstyrki, fyrirsjáanlega draga úr framkvæmdum, sem við öll viðurkennum sjálfsagðar og eru mjög aðkallandi í þéttbýlinu.

Umr. frestað.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 299, n. 362). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Sjútvn. athugaði frv. þetta um skipulag á löndun loðnu til bræðslu og varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni smávægilegri breytingu. Sú breyting er aðeins til að staðfesta það samkomulag, sem varð í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en er á þá leið, að við 1. gr. verði svofelld breyting, að á eftir orðunum „landaðrar loðnu" í 1. efnismgr. 1. gr. komi orðin: til bræðslu. — Þetta er aðeins til þess að taka af öll tvímæli um það, að þeir, sem kaupa loðnu til frystingar, þurfi ekki að borga 15 aura í flutningasjóðinn. N. var sammála um að mæla með samþykkt frv.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en mig langaði aðeins til að drepa á eitt eða tvö atriði í sambandi við loðnuna og þá alveg sérstaklega drepa á það fyrst, hversu stór þáttur loðnan er að verða í okkar atvinnulífi og þjóðarbúskap. Ég hef látið gera smáyfirlit yfir þau verðmæti, sem ætla má, að sköpuð verði eða unnin verði til útflutnings úr því loðnumagni, sem þegar hefur borizt á land á þessari vertíð. Það eru um 330 þús. smálestir af loðnu, sem þegar hafa veiðzt, og talið, að úr þessu magni megi vinna frysta loðnu, sem nemur 17 þús. smálestum, loðnumjöl 46 950 smálestir og loðnulýsi 9400 smálestir. Áætlað fob-verðmæti þessara sjávarafurða eru: loðnan 470 millj. kr., loðnumjölið 1560 millj. kr. og loðnulýsið 170 millj., eða samtals 2200 millj. eða 2.2 milljarðar kr. Það er ástæða til að ætla, að á þessari loðnuvertíð muni aflast, eins og horfir, a. m. k. 400 þús. smál. af loðnu, e. t. v. meira. Ef 400 þús. smál. berast á land, mundi verðmætið í útflutningi nema um 2.6 milljörðum kr.

Þegar gerðar voru áætlanir um loðnuvertíðina í vetur, sem birtust í „Úr þjóðarbúskapnum" á s. l. hausti, var gert ráð fyrir því, að um 380 þús. lestir af loðnu mundu veiðast. Í millitíðinni gerðist það svo, að langsamlega stærsta og öflugasta verstöðin, Vestmannaeyjar, hefur orðið nær því að öllu leyti úr leik, en í Vestmannaeyjum er hægt að vinna á hverjum sólarhring í tveimur fiskimjölsverksmiðjum úr 2 þús. tonnum af loðnu, og það er þróarrými í Vestmannaeyjum fyrir um 25 þús. smál. af loðnu. Ef við berum þetta saman við helztu loðnugöngusvæðin, þá eru Austfirðir frá Vopnafirði suður til Hornafjarðar með afkastagetu, sem nemur tæplega 4 þús. smál. á sólarhring og þróarrými um 53 þús. smál. Ef Vestmannaeyjar eru bornar saman við allt þetta svæði, lætur nærri, að þær séu með afköst og þróarrými, sem nemur um helmingi af öllu Austfjarðasvæðinu. Reykjanessvæðið mundi svo koma með um 2500 smál. afköst, þar af Reykjavík ca. 1000 smál., og um 35 þús. smál. þróarrými, þannig að allt Reykjanesið er litlu stærra en Vestmannaeyjar einar. Þrátt fyrir þetta hefur það gerzt, að þær áætlanir, bjartsýnar áætlanir, sem gerðar voru um loðnuvertíðina, virðast ætla að standast og fullkomlega það.

Það, sem ég vildi undirstrika í þessum fáu orðum, er, hversu mikill þáttur loðnuveiðarnar eru nú í þjóðarbúskapnum. Það er áætlað, að á þessu ári muni útfluttar sjávarafurðir nema um 15500 millj., miðað við loðnuafurðir 2200 millj. kr. Ef hlutur loðnunnar verður 2.6 milljarðar, þá er hér um að ræða um 17% af heildarútflutningi sjávarafurða á öllu árinu. En þetta leiðir aftur hugann að því, hvort hægt sé með sæmilegu móti og án þess að festa mjög mikið fjármagn að auka þessi afköst frá því, sem nú er. Nú er það á almannavitorði, að þrátt fyrir meiri skipulagningu í loðnulöndun og meiri flutninga frá einu svæði til annars, þá er það samt svo, að veiðiskipin liggja sólarhringum saman án þess að geta losnað við aflann. Þess vegna hlýtur það að vekja menn til umhugsunar um nauðsyn þess að athuga möguleika á aukningu móttökuskilyrða, þróarrýmis fyrir loðnuna, og einnig afkastagetuna.

Það hefur á undanförnum árum verið uppi mikil gagnrýni í sambandi við uppbyggingu síld-

arverksmiðjanna viðs vegar um landið, og margir hafa talið, að það hafi verið fest of mikið fjármagn í síldarverksmiðjunum. Þetta er alveg rétt, ef miðað er við árin, þegar síldin gengur ekki að landinu og loðnan ekki heldur. En í ár er augljóst mál, að hundruð millj. fara forgörðum, vegna þess, að við höfum ekki aðstöðu til þess að vinna þennan afla, sennilega meira en hundruð millj., kannske milljarður eða meira. Þetta vekur upp hugleiðingar um okkar land og okkar auðlindir, sérstaklega við sjávarsíðuna, sem eru þannig, að fiskigöngurnar ganga misjafnlega að landinu, á misjöfnum tímum og með misjöfnum hætti. Þetta eru okkar mestu auðlindir, og þess vegna er nauðsynlegt að fjárfesta í vinnslustöðvum, bæði í fiskimjölsverksmiðjum eða síldarverksmiðjum og hraðfrystihúsum, miklu meira fjármagn en nauðsynlegt er til þess að vinna allan aflann. Aflinn berst að í toppum, aflatoppum, og þá verður að grípa aflann, hráefnið, og gera úr honum sem mest verðmæti. Það er deilt um þetta, eins og kunnugt er. Sumir telja, að það sé sóun að festa of mikið fé t. d. í hraðfrystihúsum og í síldarverksmiðjum og miða þar mjög við aflatoppana. Ég er á þeirri skoðun og vil leggja áherzlu á það sjónarmið, að miða eigi fjárfestinguna að mjög verulegu leyti við það, að við getum hagnýtt það hráefni, sem að berst og gert úr því verðmæta vöru, þó að því miður hagi svo til, að á milli standi þessar vinnslustöðvar stundum auðar. En svona er okkar land, og svona eru okkar auðlindir.

Ég vildi aðeins vekja máls á þessu í sambandi við þetta mál. Um þetta mætti tala langt mál, en ég vildi nota tækifærið og koma þessum hugleiðingum á framfæri í sambandi við þetta sjálfsagða mál, sem hér er til meðferðar.

ATKVGR.
Brtt. 362 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 351). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, kom fram við 1. umr. þessa máls, eftir að sjútvn. hafði gengið frá frv., ósk um að útflutningsgjaldi af fob-verði saltsíldar yrði breytt úr 6% í 4%, og þess farið á leit við n., að hún athugaði þetta á milli umr. Þetta hefur verið gert, og niðurstaðan hefur orðið sú, að samkomulag hefur orðið um að flytja brtt. við frv., þannig að ákvæði til bráðabirgða breytist. Breytingar, sem þessi till. gerir ráð fyrir, eru í fyrsta lagi, að heimilt verði að fella niður útflutningsgjald af saltaðri síld, en ekki að færa það á milli töluliða í 2. gr. frv., en það gildir bara til ársloka 1973. Önnur breyting felst einnig í þessari brtt. okkar við þetta frv. og er varðandi þurrkaðan saltfisk. Þar er gert ráð fyrir, að komi inn heimild í ákvæðum til bráðabirgða fyrir sjútvrh. til að endurgreiða útflutningsgjald af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973. Sú ósk um endurgreiðslu stafar af því, að erfiðleikar munu vera á að láta enda ná saman varðandi þurrkaða saltfiskinn, en komið hefur fram, að það muni verða bætt á annan hátt fyrir framleiðsluna 1972, en reiknað með að fella niður útflutningsgjaldið á þurrkuðum saltfiski á árinu 1973. Um þetta er fullt samkomulag milli aðila. Leyfi ég mér að lesa upp þessa brtt., þ. e. að ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

„Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkv. lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. sept. 1972, svo og af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld framleiðddri á árinu 1972 og 1973 og af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973.

Þá skal sjútvrh. heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum."

Þessi síðari mgr. er óbreytt frá fyrri ákvæðum til bráðabirgða.

Ég leyfi mér að leggja fram þessa brtt. skrifl. og mælist til þess, að hún verði tekin til afgreiðslu. Að öðru leyti var n. sammála um að leggja til, að frv. þetta yrði samþ.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 375) samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 375 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 14. marz, að loknum 69. fundi.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 376). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 377 (sbr. 351)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 14. marz, kl. 2 miðdegis.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 301, 347). — 3. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni nú við 3. umr. að flytja nokkrar brtt. við þetta frv. Þannig stóð á, að þegar frv. var til 1. umr., var ég við störf í opinberri þágu erlendis og síðan veðurtepptur úti á landi ásamt meðflm. mínum, þegar 2. umr. var hér í d., þannig að ég vil nú bæði þakka hæstv. ráðh. og meðdm. mínum fyrir þá biðlund, sem þeir hafa haft með, að lokameðferð málsins í d. væri frestað að okkar ósk.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða málið efnislega á þessu stigi, nema það komi fram í sambandi við brtt. mínar. Ykkur er öllum kunnugt um, að málið á langan aðdraganda. Það var sýnt alþm. á síðasta þingi, lagt þá fram og rætt nokkuð og svo aftur í byrjun þings, og í millitíðinni höfðu fjölmargir aðilar fengið frv. til umsagnar. Mér er tjáð, að mjög margir aðilar hafi sent inn umsagnir sínar um frv. og tjáð sig um það, einnig hafi margir aðilar, þ. á m. þeir, sem hafa kannske hvað mest afskipti haft af þessum málum hér á landi um síðustu áratugi bent á ýmsar breytingar, sem þeir töldu, að væru til bóta fyrir frv. Hins vegar hefur engin þeirra verið tekin til greina í meðferð n., og þess vegna höfum við meðflm. minn viljað freista þess nú við 3. umr. að benda á nokkrar þeirra, ef vera mætti, að dm. hugsuðu öðruvísi en hæstv. ráðh. og hv. n., sem með málið hafði að gera.

1. brtt. okkar er við 2. gr. frv., á þá leið að fella niður úr 2. gr., eins og þar stendur nú, að ekki sé heimilt að gera breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana, á þann veg, að slíkt bann gildi aðeins fyrir þær byggingar, sem styrktar hafa verið úr ríkissjóði. Ég fæ ekki séð, að það þurfi endilega að fá ráðherraleyfi til breytinga á húseignum þeim, sem eru fyrir hér á landinu og eru annaðhvort í einkaeign, í eign sjálfseignarstofnana eða í eign opinberra aðila eins og sveitarstjórna, ef ekki koma t. d. fram jafnframt kröfur um breytingar á daggjaldi. Mér finnst hér vera um óþarfa skriffinnsku að ræða, og við leggjum því til, að þessi breyting verði gerð, enda eru margs konar önnur ákvæði í frv., sem hafa algeran hemil á öllum afleiðingum, sem gætu fylgt slíkum breytingum.

Við 3. gr. leggjum við til, að það verði gerð nokkur breyting á 2. málsl. 1. mgr. og hann orðist eins og segir í okkar brtt. Persónulega tel ég, að ákvæðið í frv. sé óraunhæft með öllu. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, sem þarna er ætlazt til, t. d. á löngum byggingartíma, á löngum undirbúningstíma, þá er ekki hægt að gera grein fyrir fjárhagsástæðum eða gera fullkomna starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag. Virðist vera nokkuð vel í tímann lagt að ætla sér að gera þetta. Ég tel hins vegar, að sú hugsun, sem þarna komi fram, sé fyllilega réttmæt, að aðilar, sem hyggjast hefja slíkan rekstur, verði að gera ítarlega grein fyrir fjárhagsástæðum og auðvitað um leið skýrslu um stjórn þá, sem við völd er, þegar bygging er hafin, hverjir fari með stjórn byggingarinnar, og þá væntanlega áætlun um starfið sjálft. Ég held, að það sé ekki hægt að ganga lengra í þessu. Hitt gæti skapað allt of mikla skriffinnsku og tog milli aðila. En ég er fyllilega samþykkur meginhugsun þessarar gr., að áhugasömum bjartsýnismönnum, sem fara út í slíkar byggingar, sem í dag eru mjög dýrar, verði gert skylt, þegar þeir óska eftir slíkum styrk sem frv. gerir ráð fyrir, að skila mjög ítarlegum áætlunum. Það má líka við þetta bæta, að það eru opinberir aðilar, sem mest áhrif hafa á rekstrargrundvöll slíkra heimila og allra annarra heilbrigðisstofnana. T. d. má geta ákvörðunar pólitiskra aðila, Alþ. t. d., um stórstyttingu á vinnutíma og stórhækkuð laun og samningsákvæða annarra aðila en ráða slíkum stofnunum um 5 daga vinnuviku. Þetta þýðir stórbreytingu fjárhagslega fyrir öll slík heimili, þannig að segja má, að það séu þessir aðilar, sem helzt geta sagt um, hvernig hagur heimilanna verði, eftir að þau eru komin í starf.

Við 4. gr. gerum við þá till., að gr. orðist eins og þar segir. Tel ég þar nógu langt gengið, því að satt að segja skil ég ekki, hvað við er átt í 4. gr. frv., eins og það er, að heilbrigðisyfirvöld skuli ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum. Ég veit ekki, hvort það á að vera þannig, að þau komi að nóttu eða degi, kanni, hvort starfsmenn séu til staðar, hvort skrifstofufólk sé við vinnu, eða þau geti kallað út starfsfólk stofnana, sem eru að reyna í sparnaðarskyni að halda sér frá aukinni yfirvinnu. Á að vera hægt að vekja þetta fólk upp um miðja nótt og krefjast þess, að það komi og opni allar hirzlur og annað? Ég held, að þetta sé heldur langt gengið. Hins vegar þurfa þessir aðilar af ýmsum orsökum að eiga ætíð greiðan aðgang að reikningum viðkomandi stofnana og svo öllum upplýsingum frá stjórnendum þeirra. Það verður auðvitað að vera barna ekki aðeins einhliða ákvörðun, heldur tvíhliða á milli þessara aðila, því að alla vega er þó ekki ætlazt til, að ríkið leggi nema ⅓ af kostnaði til þessara bygginga, en hins vegar aðrir aðilar það, sem á vantar.

Við 5. gr. leggjum við til, að felldur verði niður síðasti málsl.: „svo og um starfslið dvalarheimilis.“ Á það var bent í einni umsögn, sem n. barst, að samkvæmt því, sem á undan kæmi, svo og ákvörðun daggjaldanefndar og annarra yfirvalda, sem hafa með hina opinberu hlið slíks rekstrar að gera, væri að mestu leyti ákvarðað um fjölda vistmanna, þannig, eins og er um fleiri greinar, að ég skil ekki hugsunina, sem á bak við þetta er hjá flm., enda kemur engin skýring þar um fram í frv. Það er sagt, að það þurfi ekki skýringa með. Ég get hins vegar fyllilega fallizt á, að það þurfi að koma fram í reglugerð, eins og það gerir og ákveðið er í frv. sjálfu og reyndar þegar tiltekið í reglugerð, að það eigi að veita ákveðna þjónustu. Það ákvæði eitt ákvarðar auðvitað, hvað þurfi af starfsliði. En ég fæ ekki skilið, að það sé endilega meinað stjórnendum á slíku heimili, sem vilja reyna að spara, t. d. með ýmsum hagræðingarákvörðunum, auka framleiðni stofnunarinnar, auka vélbúnað, svo að hægt verði að fækka starfsliði, þá þurfi einhver reglugerð frá ráðh. að kveða á um, að fólkið eigi að vera fleira. Þetta rek ég helzt

hornin í. Ég þykist hins vegar skilja, að með þessu eigi hæstv. ráðh. við, að þarna eigi að koma fram fyrst og fremst skilyrðislausar kröfur um ákveðna þjónustu og starfsfólk til þess að veita þá þjónustu. Ég held hins vegar, að bæði aðrar gr. og orðalag í þessari gr. nái fullkomlega því marki, sem að er stefnt. En ég held, að til þess að fyrirbyggja misskilning, sem gæti orðið, eins og ég hef bent á í orðum mínum varðandi þessa gr., þá ætti að breyta gr. og fella niður síðasta málsl.

Við 6. gr. leggjum við til nokkrar breytingar. Við leggjum til, að á eftir orðunum „fundum stjórnarinnar" í 2. málsl. bætist: þegar rædd eru mál, sem varða vistfólkið sérstaklega". Enn fremur, að á eftir þessum málsl. komi nýr málsl., sem orðist svo: „Sama gildir um starfsfólk stofnunar, ef ekki er til staðar samningur um samstarfsnefnd." Þarna þekki ég til af langri reynslu við stjórnun slíkrar stofnunar, að það getur t. d. verið ákaflega erfitt að hafa það skilyrðislaust í lagaákvæðum, að gamla fólkið eigi fulltrúa í stjórn, og ég bendi á það eitt sem dæmi, ef fyrir þarf að taka í stjórn t. d. agaspursmál, sem oft koma upp á slíkum stofnunum, þá getur verið ákaflega erfitt að hafa fulltrúa frá þeim hinum sama, sem getur skaðað viðkomandi einstakling kannske meira með orðum sínum. Í þessu eru ekki nein ákvæði um skilyrðislausa þagnarskyldu, eins og sjálfsagt væri, um það, sem fram fer, né heldur hægt kannske að krefjast þess. Þetta er eitt dæmi, sem ég bendi á, og ég gæti bent á fleiri, en ég tel þetta nægja. Auk þess tel ég vegna þess mikla tals, sem hefur farið fram í sölum hv. Alþ. og margir menn haft orð á um langa hríð, að það væri auðvitað sjálfsagt að gera þarna þá till. og samþykkja hana, að þegar það á við, eigi starfsfólkið sinn fulltrúa í stjórn. Í slíkum stofnunum verður það æ meira tíðkað, að þær komi á móti sínu starfsfólki utan samninga með ýmiss konar fyrirgreiðslu, jafnvel komi á móti félögum þeirra með byggingu orlofshúsa og sitthvað fl., auk þess sem oft þarf að ræða sérstaklega um ákveðin vandamál innan viðkomandi stofnunar, þar sem kannske er ekki rétt að blanda stéttarfélaginu í, en viðkomandi aðilar, fulltrúar þeirra, sem vinna á staðnum, gætu komið þar fyrir þeirra hönd á þessum vinnustað, þannig að ég tel sjálfsagt, að ákvæði um þetta sé sett í lögin.

Við gerum þá brtt. einnig, að í stað 3. og síðasta málsl. komi, að stjórnin ráði stjórnendur heimilisins, eins og þar segir. Það má kannske segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að taka fram „forstöðumann eða konu", því að konan er manneskja eins og hinn aðilinn. En við vildum láta koma rækilega fram, að auðvitað eru konur sízt óframbærilegri til slíkra starfa heldur en karlmenn, og kannske er ágætt, að það komi skýrt fram. En ég er ekki á því, að ef um hreint vistheimili sé að ræða, þá eigi að vera skilyrðislaus skylda að hafa fastráðinn lækni. Það getur komið upp og hefur þegar komið upp og hefur sýnt sig á slíkum heimilum, að þess á ekki að þurfa. Það getur verið margvíslegur og mikill sparnaður fyrir stofnunina, ef læknisþjónustan verður að hætti heimila, einstaklinga eða fjölskyldna, á þann veg þó, að það séu alltaf bæði heimilislæknar og sérfræðingar til staðar til þess að koma, þegar kallað er eftir, auk fastra viðtalstíma á staðnum. En ég held, að hæstv. heilbrmrh. geri sér kannske fyrst og fremst grein fyrir því og kannske fyrrv. heilbrmrh. líka, að þetta er ekki orðinn mjög ódýr liður í landi voru. Ég held, að það þurfi líka að hafa nokkuð í huga, um leið og kannske er verið að gera gamla fólkinu í landi okkar gyllivonir um einhverjar kóngaíbúðir í framtíðinni, þá verði líka nokuð að taka til greina, hvernig er hægt að reka slík heimili fjárhagslega.

Við 8. gr. gerum við till. um nokkra breytingu. Við gerum þá till., að sjúkragjöld, sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins, greiðist fjórum sinnum á ári. Það er ákaflega erfitt eins og er fyrir stórar stofnanir að fá þetta aðeins tvisvar á ári, ég tala nú ekki um, þegar dýrtíð fer mjög vaxandi, þá getur þetta komið sér mjög illa, og þegar almennur lánsfjárskortur er samhliða, þannig að ég held, að þetta sé atriði, sem verði að telja sjálfsagt að samþykkja. Við leggjum einnig til, að ársreikningar, — það er ekki ákvæði um það í frv., — að ársreikningar slíkra dvalarheimila verði endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ætið sendir rn.

Ég hef aðeins hlaupið yfir. Við skulum halda okkur við 7. gr., en þar er meginbrtt., sem við leggjum til, og hún er sú, að þessi skilyrðislausi styrkur verði ekki eingöngu bundinn við sveitarfélag, heldur einnig við viðurkennda aðila. Persónulega hef ég þá í huga aðila, sem hafa sýnt þessum málum áhuga og gjarnan vildu koma til starfs til að hjálpa til í þeirri miklu þörf, sem er á þessu sviði. Ég á þar t. d. við verkalýðshreyfinguna í heild, Alþýðusambandið, þjóðkirkjuna íslenzku. Rauði kross Íslands hefur sagzt vilja styrkja slíkt málefni. Stéttarsamband bænda hefur byggt stórt hótel hér í Reykjavík. Það hefði kannske verið hugsanlegt, að næst mundi það byggja dvalarheimili fyrir aldraða bændur. Þannig mætti lengi telja. En ég tel ekki, að það eigi að vera undir ráðh. komið, hvort þessir aðilar, sem hljóta strax, þegar nöfnin eru nefnd, að teljast viðurkenndir aðilar í þessu þjóðfélagi, eigi að fá þetta, heldur eigi þeir að fá þetta ekki síður en sveitarfélögin. En eins og annars staðar segir, þá verður auðvitað að hafa fulla gát á, hvernig í þetta er farið, og það verður — og það tek ég fullkomlega undir — að vera á valdi ráðh. og um leið fjvn. Alþ., hvað hratt í þetta er farið og hvernig að þessu eigi að standa. Það er auðvitað fjárhagur ríkissjóðs, sem þar segir til um.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að í 2. málsl. falli niður orðin „en sveitarfélög". En við leggjum einnig til, að við gr. bætist liður þess efnis, að frágangur lóðar, girðingar og skreytingar listaverka á lóð og húsakynnum teljist til byggingarkostnaðar, þannig að ríkið yrði samkv. þessu að styðja það að 1/3 og þó með hliðsjón af því, sem hér segir, að síðast nefnda framkvæmdin, þessi sem sagt, skuli þó háð sérstöku samþykki rn. Þetta er orðið viðurkennt í sambandi við opinberar byggingar, að það skuli tekið tillit til slíkra skreytinga, skreytinga listaverka. Þarna er nokkuð lengra gengið, enda má segja, að það sé ekki hægt að telja slíkt heimili fullbyggt, fyrr en frá lóð er gengið. Þá leggjum við einnig til, að það sé tekið skýrt fram, hvenær þessi ríkisframlög skuli greidd. Ef ráðh., sem situr í sæti sem pólitískur fulltrúi síns flokks eða sinna

stuðningsflokka, ákveður og gefur leyfi til slíkrar byggingar, þá teljum við, að í lögum þurfi að vera ákvæði um það, að við ákveðið byggingarstig verði þessi styrkur greiddur. Við teljum, að með þessu t. d. verði dregið úr ofurkappi sýndarmennsku og annars slíks, sem við teljum ekki eiga heima í sambandi við þessi mál, og er eg þó ekkert að væna hæstv. ráðh. um það, hann hefur sýnt þessu máli verðugan áhuga, gert sitt til þess, að það næði fram. En ég held, að í framtíðinni og strax þurfi slík ákvæði að vera fyrir hendi, þannig að fjárveitingarvaldið og viðkomandi ríkisstj. og ráðh. hafi fulla gát á, þegar áætlun er gerð um, hvaða framkvæmdir eigi að taka fyrir. Ég er ekki frá því, að það mætti breyta orðalagi í þessum síðasta lið þessarar tillgr. okkar, hvort sem það yrði gert hér, eða ef það verður fellt, þá kannske verður það tekið upp í Ed., þar sem það fer til n., og mætti lagfæra það, en ég held, að mjög nauðsynlegt sé að hafa ákvæði þessa efnis í sambandi við þessa grein.

Ég var búinn að ræða um brtt. við 8. gr. um að greiða vistgjöldin fjórum sinnum á ári, og einnig er það um 8. gr., að í henni segir nú í frv.: „Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir rn.“ En við viljum orða það þannig, að þeir séu „endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ætíð sendir rn.“, sem sé komi þarna inn ákvæði um löggilta endurskoðendur.

Við 9. gr., það virðist kannske ekki mikil breyting, en við leggjum til, að þar bætist við: „eða inntökunefndar“. Við gerum þetta af því sérstaka tilefni, að það geta verið margir aðilar, sem standa að stjórnun slíks heimilis. Það geta staðið að því mörg sveitarfélög og margir aðrir aðilar, og þá þurfa þeir að koma sínum sjónarmiðum að. En þetta hefur ekkert að segja, ef okkur tekst að byggja það hratt, að við komumst nokkuð fyrir þá miklu þörf, sem nú ríkir í þessum málum hjá okkur. En ef hins vegar svo verður ekki á næstu árum, þá tel ég rétt að hafa skýr ákvæði í lögum, til þess að það sé þá ekki einhliða ákvörðun þeirra, sem sitja í æðstu stjórn, heldur komist að fleiri sjónarmið, ef á þarf að halda, og er þetta að fenginni reynzlu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi. Eins og ég tók fram áðan og hef reyndar áður gert í umsögn, sem send var frá samtökum, sem ég á sæti í, þá fögnum við, að þetta frv. skyldi koma fram, töldum það tímabært. Ég hef nokkuð lesið þær umr., sem fram fóru við 1. umr. málsins, og tel, að sumt af því, sem þar var sagt, hefði betur mátt kyrrt liggja, ekki aðeins hjá óbreyttum dátum, hv. þm., heldur og hjá hæstv. ráðh. Ég vil hins vegar láta það koma hér fram, að ég fagna því mjög, að þetta frv. er komið fram og að lög verði sett um þetta. Þótt ekki hafi tekizt að ákvarða ákveðna fjárveitingu nú þegar á þessu ári, þá veit ég hins vegar, að það er mikill meiri hl. fyrir því hér á hv. Alþ., að það verði gert við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna það, að ég varð dálítið undrandi, þegar ég sá röð af brtt., sem fram komu hér við 3. umr. málsins, og undraðist, að þær skyldu ekki hafa komið fram fyrr. Nú hefur hv. fyrri flm., Pétur Sigurðsson, gefið á því skýringu, að hann hafi verið bundinn við önnur störf, meðan þessi d. var að fjalla um málið. Mér er það mikið kappsmál að koma þessu frv. áfram, en hins vegar get ég ekki fallizt á þessar till., nema þá sárafáar þeirra. Ég er andvígur þeim flestum. Nú stendur hins vegar þannig á fyrir mér, að ég þarf að fara og vera við jarðarför. Ég hafði gert mér vonir um, að við gætum lokið þessari umr. af fyrir tilsettan tíma, en það er greinilega ekki hægt, svo að ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að umr. verði enn einu sinni frestað, þannig að ég geti gert grein fyrir afstöðu minni til þessara till.

Umr. frestað.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23, 328). — 3. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja 2 brtt. við frv. til l. um framkvæmd eignarnáms, og eru þær brtt. á þskj. 328. En áður en ég geri grein fyrir þeim till., tel ég óhjákvæmilegt og raunar viðeigandi að víkja nokkrum almennum orðum að forsendum þessa frv., sem hér er á dagskrá, þ. e. eignarréttinum og eignarnáminu. Þær umr., sem átt hafa sér stað hér fyrr í vetur um eignarréttinn, gefa mér og tilefni til að hafa þann formála, er ég nú fylgi þessum brtt. úr hlaði.

Nú er það svo, að flestöll frv. eða lög fela í sér meiri eða minni eignarskerðingar eða takmarkanir á rétti borgaranna, en viðurkennt er, að slík almenn löggjöf brjóti ekki í bága við stjórnarskrárákvæðið um friðhelgi eignarréttarins né heldur valdi lögfræðilegum og pólitískum deilum út frá sjónarhóli eignarréttarins. En það vill svo til, að einmitt þessa dagana eru til meðferðar mál hér í hv. Nd., sem snerta mjög eignarréttinn með hliðsjón af stjórnarskrárákvæðinu um friðhelgi hans. Og þessi mál hafa sum hver vakið upp umr. og kallað eftir afstöðu manna til þessa grundvallarspursmáls eða eru þess eðlis, að þau gefa þar fullt tilefni til. Við höfum rætt hér um Lyfjastofnun ríkisins, sem er einkasölufrv. og er vissulega þess eðlis, að eignarréttarsjónarmið, jafnvel eignarnámssjónarmið koma þar til álíta. Frv. um Ferðamálastofnun ríkisins og kaflar þess um náttúruvernd fela í sér vissar eignarskerðingar. Frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda snertir friðhelgi einkamuna, og frv. um orkulög orka tvímælis í augum margra út frá sjónarmiði eignarréttar, eins og við heyrðum reyndar hér í umr. í síðustu viku. Ekki þarf að taka fram, að frv. um framkvæmd eignarnáms, sem hér er til umr., snertir ekki sízt grundvallaratriði varðandi eignarréttinn. Fyrr í vetur var til umr. í Sþ. till. um, að landið, gögn þess og gæði, yrði alþjóðareign, og um það spunnust athyglisverðar umr. og allverulegar deilur. Og svona mætti áfram telja.

Hvort þetta er tilviljun ellegar tímanna tákn, að sótt sé að eignarréttinum með svo áberandi hætti, læt ég ósagt, en hitt er vafalaust, að afstaða manna til eignarréttar er í beinum tengslum við stjórnmálaskoðanir, afstöðu stjórnmálamanna og ráðandi stjórnvalda til hlutverks ríkis annars vegar og einstaklinga hins vegar. Það kann í þessu að felast einhver skýring, þegar

höfð er í huga tilhneiging núverandi stjórnvalda til aukins ríkisvalds og ágangs á einstaklingsumsvif.

Ég hef hér fyrr í vetur minnt á það, að stjórnarskrárákvæði okkar um friðhelgi eignarréttarins á sér uppruna í mannréttindaskrá Frakka frá 1789 og var þá borið fram sem vernd borgaranna gegn yfirgangi ófyrirleitins ríkisvalds. Þetta mannréttindaákvæði var sett við ólíkar aðstæður og frumstæðara þjóðfélag en nú er, ekki sízt hér á Íslandi, en engu að síður er í því fólgin mikilsverð vernd og viðurkenning, sem á jafnmikinn rétt á sér nú og á liðnum tímum. Öllum eða flestum er ljóst, að margbrotið þjóðfélag kallar á margvíslega og fjölþætta löggjöf, sem gengur í þá átt að skerða fortakslausan eignarrétt manna, en sú þróun er óhjákvæmileg og helzt í hendur við sjálfsagða jafnréttisbaráttu og almennari jöfnuð. Um það eru flestir stjórnmálaflokkar eða stjórnmálahreyfingar sammála.

Jafnvel og ekki sízt í augum þeirra, sem hafa skilning á eignarréttinum og þýðingu hans, má eignarrétturinn og á ekki að vera skálkaskjól misréttis né hemill á framfarir og jafnrétti. En sú spurning vaknar jafnframt, hversu langt skuli ganga til skerðingar á eignarréttinum. Hvar eru takmörkin? Á að virða að vettugi viðleitni manna til að eignast fjármuni eða réttindi? Má ekki eignarrétturinn vera hvati til sjálfsbjargarviðleitni, og getur eignarrétturinn ekki verið ein meginforsendan fyrir einmitt því jafnrétti eða jöfnuði, sem menn sækjast eftir og til var stofnað í upphafi? Þessi sjónarmið verða vissulega höfð í huga, og þau eiga rétt á sér. Við hér á Íslandi höfum verið blessunarlega laus við öfgar auðs og fátæktar, og eignir hafa ekki fært mönnum forréttindaaðstöðu í efnalegu eða menningarlegu tilliti, a. m. k. ekki í seinni tíð. Ég er þeirrar skoðunar, að ein höfuðástæðan fyrir þroskuðu og þróuðu þjóðfélagi hér á Íslandi í þeim efnum sé ekki sízt sterkt, en heilbrigt séreignarskipulag. Séreignaskipulag á sér rótgróna hefð og sterk ítök, jafnt meðal bænda og borgarastéttar, og möguleikar flestra til séreignar og sjálfstæðs efnahags fara ekki eftir stéttum eða þjóðfélagsaðstæðum. Þetta fyrirkomulag hefur ekki leitt til ójafnaðar eða óhóflegra forréttinda, heldur þvert á móti verið hvati fyrir framsækið þjóðfélag og framtakssama einstaklinga.

Ég sagði áðan, að afstaða manna til eignarréttarins mótaðist að einhverju eða verulegu leyti af stjórnmálaskoðunum þeirra. Þannig segjast t. d. mjög róttækir vinstri menn vera andsnúnir hvers konar eignarrétti, og jafnaðarmenn gera stundum tilraun til þess að láta skoðanir sínar í ljós, eins og t. d. kom fram hér á þingi í vetur, þegar þeir fluttu frv. eða till. um alsherjarþjóðnýtingu á landinu, gögnum þess og gæðum. En í rauninni er þetta meira „ideallogi" en raunverulegur vilji þeirra manna, sem aðhyllast þessar stjórnmálaskoðanir. Í því sambandi vek ég athygli á afstöðu hv. 5. landsk. þm., Stefáns Gunnlaugssonar, sem hann hafði til frv. um breyt. á orkulögum, en þessi hv. þm. varði mjög skeleggla eignarrétt sveitarfélaga í því sambandi. Ég minni á afstöðu Búnaðarþings, sem snerist öndvert gegn hvers konar skerðingu á eignarrétti á þeim landssvæðum, sem þar var um að ræða. Og ég vek athygli á því, að enda þótt í þessu frv. sem borið var fram af hæstv. iðnrh., hafi verið klórað lítils háttar í eignarréttinn, var augljóst, að hann treysti sér ekki eða vildi ekki ganga þar hreint til verks, eins og hann hefði þó sjálfsagt átt að gera skv. kennibókum strangtrúaðra. Öðrum þræði felst í þessari afstöðu viðurkenning á því, að út frá þjóðhagslegu eða praktísku sjónarmiði sé óæskilegt að ganga til bols og höfuðs á eignarréttinum. Að hinu leytinu er hér um að ræða óbeina staðfestingu á því, að sjónarmið eignarréttarins og tilvist hans á sér rætur víðar en hjá harðsoðnustu íhaldsmönnum.

Ég vil einnig vekja athygli á annarri hlið þessa máls. Nú á tímum beinist athygli og orka að stærri samsteypum og heildum, bandalögum þjóða, samtryggingu stórvelda. Smáþjóðirnar virðast ekki fá rönd við reist eða mega sín a. m. k. lítils. Við Íslendingar lokum ekki augunum fyrir þessari þróun, og vissulega verðum við að taka þátt í henni, ef við eigum ekki að einangrast og forpokast. En við viljum halda sjálfstæði okkar brátt fyrir smæðina, og við teljum okkur vissulega geta það. Það varðar ekki aðeins þjóðarmetnað okkar inn á við, heldur líka stolt og reisn þessa einstaklings, Íslands, í samfélagi þjóðanna. Við heyjum landhelgisbaráttu, af því að við teljum okkur eiga eignarréttarlegar kröfur til ákveðinnar landhelgi. Og við teljum okkur og heiminum bezt borgið, meðan hér býr sjálfstæð þjóð, sem gerir eignarréttarlega kröfu til eigin lands.

Það sama á við um einstaklinga þessa þjóðfélags. Um leið og við gerum okkur grein fyrir þýðingu samstöðu og samstarfs, hlýtur athyglin að beinast að einstaklingnum sjálfum, sjálfsvirðingu þeirra og sjálfstæði í samfélagi þjóðarinnar. Einn þýðingarmesti þáttur þess er vernd eignarréttarins, ekki með þeim hætti, að hann skapi óeðlileg forréttindi, rangláta misskiptingu auðs og eigna, heldur með réttlátri dreifingu þessara efnalegu gæða og ótvíræðum rétti manna til þess, að á þeim og áunnum eignum þeirra sé ekki troðið og níðzt. Í mínum augum er eignarrétturinn ekki heilagur, en hann er kjölfesta og sá sjónarhóll, sem standa ber á, þegar róttækar tilfærslur eða breytingar eru gerðar í þjóðfélaginu, annaðhvort með lagasetningu eða öðrum stjórnvaldsákvörðunum. Og ég skal fyllilega viðurkenna, að í þeim efnum er ég íhaldssamur, og á meðan ég er þátttakandi hér á löggjafarsamkundunni, þá mun ég ekki standa að löggjöf, sem brýtur í bága við þessa lífsskoðun mína.

Þetta er orðinn langur formáli að stuttu máli, það skal ég játa. En hér er til umræðu frv. til l. um framkvæmd eignarnáms. Skv. stjórnarskránni má grípa til eignarnáms, þegar almannaheill krefst, og skulu þá koma fullar bætur fyrir. Eignarnámsheimildin í stjórnarskránni er samtvinnuð eignarréttarákvæðinu og raunar hugsuð upphaflega og á að vera í raun til að vernda enn frekar eignarréttinn. Í bók sinni Eignarnám segir prófessor Gaukur Jörundsson um eignarnámsákvæðið, — en þess skal geta, að hann hefur samið þetta frv. til l. um framkvæmd eignarnáms, — þar segir prófessorinn, með leyfi forseta:

„Eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar miðar í fyrsta lagi að réttaröryggi, þar sem því er ætlað að sporna við því, að handhafar ríkisvaldsins geti beitt einstaklinga ofsóknum með þeim hætti að hrifsa til sín eigur þeirra. Verður

að telja, að ákvæði þetta sé á því byggt, að menn eigi að geta treyst því, auðvitað með vissum undantekningum, að þeir fái að njóta óáreittir þeirra eignarréttinda, sem þeir hafa öðlazt á löglegan hátt."

Og áfram heldur prófessor Gaukur:

„Í öðru lagi á eignarnámsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar að tryggja visst jafnrétti. Er á því byggt, að ákveðnar eignarskerðingar eigi þeir einstaklingar, sem fyrir þeim verða, ekki að bera einir. Hefur verið viðurkennt af íslenzkum dómstólum, að við skýringu á 67. gr stjórnarskrárinnar beri einnig að hafa þessi sjónarmið í huga."

Þetta eru tilvitnanir úr fræðibókinni Eignarnám eftir prófessor Gauk Jörundsson. Hvenær um er að ræða eignarnám eða eignarskerðingu, mun ég ekki fjalla um hér. Það hafa verið skrifaðar um það margar fræðibækur og menn ekki á eitt sáttir. En vernd eignarréttarins er höfð til grundvallar, þegar rætt er um eignarnám, og við megum ekki missa sjónar á því aðalatriði. Við megum ekki missa sjónar á því, enda þótt okkur finnist málefnið lítilvægt og hagsmunirnir ekki mikilvægir. Það skiptir ekki máli, hvort í hlut á stórt sveitarfélag eða einstaklingur: rétturinn, grundvöllurinn er ætíð hinn sami.

Það er af þessum ástæðum, sem ég flyt brtt. hér. Í þessu frv. til l. um framkvæmd eignarnáms, sem er, eins og ég hef rakið, til verndar eignarréttinum og jafnréttinu, eru viss ákvæði, sem halda ekki í heiðri þessari grundvallarhugsun. Þau bera ekki nægilega virðingu fyrir rétti eða hagsmunum þess, sem fyrir eignarnáminu verður, og þau fela í sér óeðlilega heimild til handa eignarnema.

Fyrri brtt. mín lýtur að 12. gr. frv., en síðasta mgr. þeirrar gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, getur matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans að einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar, sem eignarnemi getur ráðstafað."

Nú er það svo í fyrsta lagi, að það er hefðbundin og reyndar ófrávíkjanleg regla í ísl. rétti, að þegar bætur eru dæmdar, þá eru það fébætur, og það er hinn viðurkenndi gjaldmiðill hér á landi. Ef um annað er að ræða, þá er það að sjálfsögðu undir samkomulagi komið og háð vilja eða óskum eignarnámsþola eða þess, sem fyrir tjóninu verður. En skv. síðustu mgr. þessarar 12. gr. á hér beinlínis að ákveða með lögum, að reiða megi fram bætur í öðru formi, í þessu tilfelli fasteign. Það er að vísu skýrt svo af þeim, sem sömdu þetta frv., og var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum við fyrri umr. þessa máls, að þarna séu hafðar í huga landskikabætur, þ. e. a. s. að bæta eignarnám landskika með öðrum landskika, bæta eignarnám jarðar með annarri jörð. En þær skýringar nægja vitaskuld engan veginn. Þegar til framkvæmda á þessu ákvæði kemur, verður að sjálfsögðu litið á ákvæðið sjálft, eins og það lítur út og stendur í lögum. Og þar sem rætt er um fasteign í þessu ákvæði, þá er fasteign ýmislegt annað en landskiki. Ef það er ætlun flutningsaðila eða semjanda þessa frv., að ákvæðið sé skilið svo, að það eigi eingöngu við makaskipti á landssvæði eða landskikum, þá á auðvitað að segja það og taka það fram. Ég trúi ekki öðru en allir sjái og viðurkenni, að það er óaðgengilegt með öllu fyrir eignarnámsþola að una því að eignarnemi geti bætt töku fasteignar, eins og t. d. húseignar, með annarri húseign. Og löggjöfin má alls ekki halda því opnu, að sú leið sé farin. Lög eiga að sjálfsögðu að vera skýr og skiljanleg, í þeim á að standa það, sem við er átt, svo að engum deilum eða ágreiningi valdi. En jafnvel þó að ákvæðið verði túlkað svo, að það eigi aðeins við land eða landskika, þá getur einn landskiki eða jörð verið eignarnámsþola verðmætari en annað land, sem að honum er rétt. Og auðvitað á það að vera í hans valdi, eignarnámsþolans, að ákveða, hvers konar bóta hann óskar, og meginreglan á að vera sú, að þær bætur séu fébætur. Ef hann óskar annars, getur hann sett fram þær óskir sínar við matsnefnd og hún eftir atvikum tekið tilllit til þeirra. Ef makaskipti á landi koma til greina, er slíkt samningsatriði og á algerlega að vera háð ákvörðun eignarnámsþola, hvort hann vill hlíta slíkum makaskiptum eða ekki.

Niðurstaða mín varðandi þetta ákvæði er því sú, að hagsmunir eignarnámsþola séu algerlega virtir að vettugi og gangi þess vegna þvert gegn meginanda þessara laga.

Síðari brtt. mín lýtur að 14. gr., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þótt mati sé ekki lokið, getur matsnefnd heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis, sem taka á eignarnámi, og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins. Ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola, skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Ákveður matsnefnd fyrninguna.

Matsnefnd er og heimilt að hafa þann hátt á, sem segir í 1. mgr. þessarar gr., ef vandkvæði eru á að ákveða bætur fyrir fram, eða mat er að öðru leyti vandasamt."

Það, sem ég hef við þessa gr. að athuga, er fyrsta setningin, sem ég les aftur: „Þótt mati sé ekki lokið, getur matsnefnd heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis, sem taka á eignarnámi, og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins." Í þessari gr. er sem sagt gert ráð fyrir því, að mögulegt sé að svipta eignarnámsþola umráðum yfir eign sinni, áður en mat liggur fyrir og reyndar áður en fyrir liggur, hvort yfirleitt sé lagaheimild fyrir eignarnáminu eða ekki. Ég held, að allir hljóti að sjá, til hvers slík heimild getur leitt. Eignarnámsþoli er gersamlega varnarlaus gagnvart yfirgangi eignarnema, og hann verður að una því að missa umráð sín yfir eigum sínum með einfaldri stjórnvaldsákvörðun. Slík framkvæmd eða ráðstöfun brýtur fullkomlega gegn því grundvallaratriði, sem liggur að baki stjórnarskrárákvæðinu um eignarnámið, og þeirri hugsun, sem býr að baki þessu frv., sem hér er til umr., þ. e. a. s. þeirri hugsun, að eignarréttur inn og eignarnámið eigi að vera vörn gegn yfirgangi eða valdníðslu eignarnema, hver sem

það kann að vera hverju sinni. Röksemdir með þessu ákvæði eru þær, að mér skilst, að eignarnám sé ekki framkvæmt, nema almenningshagsmunir séu í húfi, og þegar svo standi á, megi það ekki verða til tafar, að einn aðili hindri framgang málsins með óþarfa málavafstri eða málalengingum. Vel má fallast á það sjónarmið eitt út af fyrir sig, og ég held reyndar, að fyrir það sé girt. Ég vek athygli á því, að í 13. gr. segir:

„Þegar mat liggur fyrir, getur eignarnemi tekið umráð eignarnumins verðmætis gegn greiðslu matsfjárhæðar og kostnaðar af mati."

Í þessari gr. er sem sagt heimilt að svipta eignarnámsþola umráðum yfir eigninni, þegar mat liggur fyrir. Og ég tel það vera alls kostar fullnægjandi og alls ekki megi ganga lengra. Ég held líka, að þetta ákvæði í 13. gr. um það, að eignarnemi geti tekið umráð eignarnumins verðmætis, þegar mat liggur fyrir, girði fyrir það, að mál sé dregið á langinn með málaferlum eða ósanngjarnri stífni af hálfu eignarnámsþola. En að mínu áliti er það fráleitt, — algjörlega fráleitt — að heimila slíka eignartöku án undangengins þessa lágmarksúrskurðar um bætur og það sé reyndar lágmarkskrafa, að eignarnámsþoli viti og gangi að því vísu, að hann fái bætur og hversu miklar þær muni verða. Ég tel, að einhver fyrirvari verði að vera á umsvifalausri og bagalegri og harkalegri eignarupptöku. Það er tilgangur þessa frv. öðru fremur að hraða matsgerð og málsmeðferð, og það á ekki að vera matsnefnd ofvaxið að kveða matsúrskurð sinn upp, áður en eign er tekin af einstaklingi eða eignaraðila. Ég tel, að sú setning, sem í þessari gr. er, sem fjallar um tryggingunna, breyti engu og dragi engan veginn úr því tillitsleysi, sem eignarnámsþola er sýnt með þessu ákvæði, og það er að sjálfsögðu engan veginn tryggt, að hann fái þær bætur fyrir þann miska eða tjón, sem eignarnámið hefur valdið honum.

Því hef ég gert að till. minni, að ákvæði þetta sé fellt niður í heild sinni, og undir slíkum kringumstæðum, að töf megi ekki verða á eignarnámi, þá sé 13. gr. fullnægjandi. Hins vegar hefur brottfall þessa ákvæðis engin afgerandi áhrif á framkvæmd eignarnáms.

Herra forseti. Það má vel vera, að einhverjum finnist ekki vera mikil ástæða til að bera fram hér þessar brtt. og hér sé fulllangt mál um lítið efni. Um það má að sjálfsögðu ætíð deila, hversu smámunasamir þm. eiga að vera í athugun sinni á einstökum frv. En það er engu að síður hlutverk okkar og skylda að leggja blessun okkar yfir fram borin frv. og taka ábyrgð á löggildingu þeirra. Ef það er sannfæring okkar þm., að betur megi fara, þá ber okkur að sjálfsögðu að gera till. þar um. Og það hlutverk hef ég tekið alvarlega. Ég geri það sérstaklega í þessu máli og ekki sízt, því hér er á ferðinni ákvæði og væntanleg löggjöf, sem lýtur að viðkvæmu og vandmeðförnu viðfangsefni.

Eignarréttur er eflaust á undanhaldi, og stöðugt er reynt að ganga á hlut hans með lagasetningu, stjórnvaldsákvörðunum og ýmsum öðrum takmörkunum. En einstaklingarnir í þessu landi, hvar í flokki sem þeir standa, eru umbjóðendur okkar þm., og við eigum að gæta hagsmuna þeirra, og ég held, að það þurfi að gera í stóru sem smáu. Ég held, að þm. eigi að veita viðnám gegn ásókn valdboðs og löggjafar, þar sem stöðugt eru flutt fleiri réttindi á hendur ríkisvaldsins og bera þann keim, að þar sé verið að troða ádeilulaust á rétti og verðmætum einstaklinga. Það má vera, að þessar brtt. fái ekki náð fyrir augum þingmeirihl., en þá hafa þessi sjónarmið a. m. k. komið hér fram.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langan formála að mínu máli, og ekki ætla ég að fara að hefja hér deilur við hv. 9. landsk., en þótt ég sé sammýkur þessu frv., sem hér er til 3. umr., og andvígur brtt. hv. 9. landsk. þm., vil ég ekki sitja undir því, að ég sé á nokkurn hátt aðdáandi þeirra stjórnmálastefna, sem leggja sig fram um það að skerða eignarrétt manna. Ég lít ekki svo á, að með þessu frv. sé gengið frekar á rétt einstaklinganna en áður var, þvert á móti eru með þessu frv. settar ákveðnari reglur og á ýmsan hátt tryggður réttur eignarnámsþola frekar en áður var. Þar vil ég t. d. nefna ákvæði í 14. gr., sem hv. 9. landsk. leggur til, að verði felld brott. Þar er beinlínis tekið fram, að ef krafa komi fram um það af hálfu eignarnámsþola, skuli eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Þessi ákvæði eru ekki til í núgildandi löggjöf. Það er sett sú meginregla í 13. gr., að eignarnemi geti ekki krafizt þess að fá umráð þess verðmætis, sem eignarnám beinist að, fyrr en hann hefur innt af hendi eignarnámsbætur. 14. gr. er hins vegar undantekning frá þessari höfuðreglu, og eins og ég sagði áðan, fær eignarnemi ekki umráð eignar, þótt mati sé ekki lokið, nema hann setji tryggingu fyrir greiðslu eignarnámsbóta, ef sú krafa kemur fram frá eignarnámsþola.

Varðandi 12. gr. og till. um, að 3. mgr. hennar falli brott, get ég verið stuttorður. Ég nefndi þetta um daginn í framsögurræðu minni fyrir nál. Ég greindi þar frá, hver væri skilningur nm. í hv. allshn. á þessu ákvæði, og þarf ekki að endurtaka það, en okkur þótti liggja í augum uppi, að það væri ekki hægt að greiða fasteign, sem tekin er eignarnámi, með annarri óskyldri fasteign. Við töldum, að þetta ákvæði ætti fyrst og fremst við, ef tekinn væri hluti af landi og hægt væri að bæta það með öðrum landskika og þá jafnverðmætum og samtengdum hinum. Mér sýnist ekki vera ástæða til að fara mörgum orðum um þetta, það liggur svo í augum uppi, að landskiki, sem tekinn er eignarnámi, verður ekki greiddur með t. d. húseign einhvers staðar annars staðar á landinu. Þetta hljóta allir að sjá. Það þarf enginn að sætta sig við slíka málsmeðferð. Í 1. mgr. 12. gr. sýnist mér líka, að eignarnámsþoli fái fullgilda tryggingu, vegna þess að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skerðist fasteign með þeim hætti við eignarnám, að sá hluti hennar, sem eftir er, verður ekki nýttur á eðlilegan hátt sem sjálfstæð eign,

getur matsnefnd ákveðið að kröfu eiganda, að eignarnámið skuli ná til eignarinnar allrar."

Þá verður það vitanlega greitt með peningum, en ekki annarri fasteign. Með þessu ákvæði get ég ekki betur séð en eignarnámsþoli fái fullnægjandi tryggingu.

Ég ítreka svo þá skoðun mína, að ég tel, að þetta frv. eigi að verða að lögum, vegna þess að það er til mikilla bóta frá því, sem nú er.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ummæli síðasta hv. ræðumanns gefa mér ekki mikið tilefni til að flytja hér langt mál aftur. Hann lauk ræðu sinni með því að segja, að þetta frv. væri til mikilla bóta frá því, sem nú er. Ég hef alls ekki mótmælt því, að það geti sem slíkt verið til bóta. Þetta frv. hefur ekki verið gagnrýnt af mér í heild sinni, og ég tel vissulega, að þörf sé á að setja ný lög um framkvæmd eignarnáms, því að núgildandi lög eru orðin gömul, þannig að frv. sjálft er til bóta, ef það verður að lögum. Enda er það svo, að ég hef skrifað undir nál. um það, að þetta frv. nái fram að ganga, en áskildi mér rétt til að gera einstakar brtt., hvað ég nú hef gert. Það er ekki sanngjarnt að halda því fram, að ég hafi verið að gagnrýna frv. í heild sinni, enda þótt ég geri athugasemdir við tvær einstakar gr., sem að mínu áliti brjóta fullkomlega gegn meginanda frv. í heild sinni.

Út af hinum einstöku gr., sem minnzt er hér á eða til umr. eru, þ. e. a. s. 14. gr. og 12. gr., gat hv. síðasti þm. þess, að það, sem í 14. gr. er, væri ekki í núgildandi lögum. Það getur vel verið og er sennilega rétt, að það er ekki nákvæmlega um það fjallað í núgildandi lögum, hvernig með þetta skuli fara, sem hér er rætt um. En það breytir ekki því og fær mig ekki til að samþykkja einhverja gr., sem brýtur í bága við skoðanir mínar, enda þótt ekkert sé til um það áður í lögum. Það eru engin rök í málinu. Nú er verið að reyna að ráða bót á einhverri hugsanlegri eyðu, sem í lögunum hefur verið, og þá er sett þarna inn ákvæði, en þetta ákvæði er allsendis ófullnægjandi og stangast á við grundvallarhugsun málsins. Ég er þeirrar skoðunar og held því fram, að einmitt 13. gr. sé fullnægjandi varðandi meðferð og umráð á eignarnumdum hlut á fyrsta stigi málsins. Þ. e. a. s. að það megi taka umráð eignarnumins verðmætis af eignarnámsþola, þegar matið liggur fyrir. Það stendur tvímælalaust og ótvírætt í 13. gr., en í 14. gr. er síðan gefin heimild til undantekningar, eins og hv. frsm. gat um, en sú undantekning er óaðgengileg í mínum augum, vegna þess að þar er gefinn heimild eða undantekning, — hvernig sem við orðum það, — til þess að taka umráð hins eignarnumda hlutar, áður en matinu er lokið, áður en það liggur fyrir, hver matsupphæðin verður, jafnvel áður en nokkuð liggur fyrir um það, hvort eignarnámið er heimilt samkv. lögum eða ekki. Ég tel það vera útilokað og forkastanlegt að ætlast til þess, að þeir, sem fyrir eignarnámi verða og þurfa að hlíta því, þurfi jafnframt að láta af hendi umráð eigna sinna, áður en nokkuð liggur fyrir, hver úrslit málsins verða. Það er það, sem ég geri athugasemdir við. Ég held því líka fram, að sú trygging sé ófullnægjandi, sem setja á, ef eignarnámsþoli krefst, — það er nú ekki gengið lengra en það, hann verður að krefjast þess, að sett sé trygging, til þess að hún sé lögð fram, — engu að síður held ég, að tryggingin sé ekki fullnægjandi og komi ekki í veg fyrir það tillitsleysi, sem einstaklingnum, eignarnámsþola, er sýnt með þessu ákvæði. Ég fer ekki af þeirri skoðun minni.

Varðandi 12. gr., þá virðist gæta einhvers misskilnings hjá hv. þm. um, að ég hafi viljað skilja þessa gr. svo, að það mætti bæta t. d. húseignir með landskika eða öfugt. Það fólst alls ekki í mínum orðum, og ég hef ekki skilið þessa gr. svo. Ég skil gr. svo, eins og hún er reyndar orðuð, að það megi bæta fasteign með annarri fasteign, og ég hef gert ráð fyrir því, að t. d. ef tekinn er jarðarskiki, þá sé meiningin að bæta það eignarnámsþola með öðrum jarðarskika, a. m. k. hafa verið gerðar tilraunir til að skýra þetta ákvæði svo. Hv. þm. taldi það liggja í augum uppi og ætti að skilja ákvæðið svo. En ég er þá ekki betur gefinn en það, að ég hef ekki skilið annað en að fasteign geti náð yfir ýmislegt annað en jarðir, og ég held, að hv. þm., sem er hámenntaður lögfræðingur, eigi að vera kunnugt um, að fasteign er ýmislegt annað en jarðir. Ef við tökum ákvæðið eins og það liggur fyrir og lítur út, þá er talað um fasteignir: „Þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, getur matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans með einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar." Ég met mikils skilning hv. ræðumanns á þessu ákvæði, en engu að síður held ég, að þegar kemur að því, að dómstólar þurfi að fara að dæma eftir þessu ákvæði og þarf að fara að framkvæma það í reynd, að þá líti menn á ákvæðið eins og það stendur í lögunum. Ef átt er eingöngu við landskika, er ekkert einfaldara en að taka það fram í lögunum. Lög eiga yfirleitt að vera þannig gerð og þannig orðuð eins og á að skilja þau, en ekki á neinn annan hátt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 59. fundur.

Fimmtudaginn 15. marz, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti, þáltill. (þskj. 338). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Gjaldskrá Landssímans, þáltill. (þskj. 344). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lífeyrisréttindi sjómanna, þáltill. (þskj. 356). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun fræðslulaga, þáltill. (þskj. 180). — Ein umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Till. þessi á þskj. 180 um framkvæmd og endurskoðun fræðslulaga var flutt hinn 15. des. s. l. 1. flm. till., Halldór Blöndal kennari, sat þá á Alþ., en á ekki sæti hér nú, svo að það kemur í minn hlut sem 2. flm. að mæla fyrir till. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að eftirtalin atriði verði tekin til athugunar við þá endurskoðun fræðslulaga, sem nú stendur yfir:

1. Skólskyldan verði ekki látin ná til eldri aldursflokka en nú er og árlegur námstími ekki lengdur. Skóla- og námskostnaður skal greiddur með sama hætti úr ríkissjóði á skyldunámsstigi og í 3. og 4. bekk gagnfræðaskóla.

2. Áherzla sé lögð á að framkvæma lögákveðna skólaskyldu í öllu landinu.

3. Ráðstafanir séu gerðar til þess að velja verkefni við hæfi þeirra nemenda, sem enga getu eða vilja hafa til að tileinka sér kennsluna eða hrökklast úr skóla á skyldunámsstigi. Skal það m. a. gert með því að auðvelda foreldrum að koma börnum sínum í skóla í öðru umhverfi og með því að útvega unglingum hagnýt störf í þjóðfélaginu undir eftirliti fræðsluyfirvalda.

4. Því fólki, sem ekki hefur lokið nauðsynlegu námi fyrir sérskóla, sé auðveldað að öðlast sérstök inntökuréttindi með sérstökum námskeiðum.

5. Námsefni í skyldunáms- og framhaldsskólum skal eftir föngum tengja atvinnuvegunum og gefa því þannig nýjan tilgang."

Síðan till. þessi var flutt, sem var, eins og áður sagði, 15. des. s. l., hafa verið lögð fram hér á hv. Alþ. frv. til l. um skólakerfi og frv. til l. um grunnskóla. Þessi frv. hafa nú verið allmikið rædd, og er kannske ekki ástæða fyrir mig að hafa hér langa framsögu fyrir þessari till. Það er þó rétt að gera sér grein fyrir því, að þegar till. var flutt, var ekki vitað, á hvaða stigi endurskoðun grunnskólafrv. væri, og var till. ætlað að koma til athugunar hjá þeirri n., sem hafði endurskoðun grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi með höndum. Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið síðan, vænti ég, að till. verði tekin sem innlegg í þær umr., sem fram fara um þessi mál, og tekin til athugunar af hv. menntmn., sem nú hefur frv. um grunnskóla til meðferðar, enda þótt henni verði vísað til hv. allshn., eins og efni standa til hér í Sþ.

Í till. kemur fram, að flm. eru algerlega andvígir lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins, eins og nú er stefnt að með flutningi frv. um grunnskóla og skólakerfi. Flm. líta þannig á, að lenging skólaskyldunnar sé ekki til bóta og sé stórlega varhugaverð, m. a. að því leyti, eins og fram kemur í grg. með till., að með því sé enn verið að stefna í þá átt að auka á námsleiða nemenda, sem lýsir sér í því, að þeir rækja skólastarfið illa, meðan þeir eru undir skyldukvöðinni, en skipta svo gjarnan um, eftir að skyldunámi lýkur. Þá rækja þeir námið betur, vegna þess að þá er það sótt af eigin hvötum og unnið samkv. því að því að ná þeim árangri, sem til þarf til þess að afla þeirrar menntunar, sem stefnt er til. Það er athyglisvert, að mjög margir og sennilega flestir skólastjórar og kennarar á gagnfræða- og miðskólastigi eru andvígir lengingu skólskyldunnar. Þetta eru þeir menn, sem þekkja þennan hluta fræðslukerfisins bezt. Þeir hafa reynslu af að kenna unglingum á þessu aldursskeiði, og reynsla þeirra segir þeim, að eftir að skyldunámi sleppir, eru nemendur betri nemendur og rækja nám sitt af meira kappi en áður, og reynsla þeirra er einnig slík, að meðan skyldukvöðin hvílir á nemendum, ber meira á því en ella, að hins svokallaða námsleiða gæti, og einnig, að þar leynist undirrót þeirrar uppreisnargirni, sem verður vart í skólunum og hefur bersýnilega farið vaxandi á undanförnum árum.

Flm. líta svo á, að það sé mjög vafasamt, að lenging skólaársins sé framkvæmanleg í strjálbýli, enda hefur það að nokkru verið viðurkennt í þeim umr., sem fram hafa farið um þessi efni á undanförnum vikum. En flm. líta einnig svo á, að lenging skólaársins og lenging skólaskyldunnar hafi vandkvæði í för með sér fyrir þéttbýli landsins og nemendur úr þéttbýli. Við lítum sem sé svo á, að það sé hverjum unglingi nauðsynlegt að fá tækifæri til að kynnast atvinnulífinu til sjávar og sveita af eigin raun, og það megi verja einhverju af fjármunum ríkisins til þess, að svo megi verða. Í þessum efnum vitum við til þess, sem fram kom í samþykktum fjórðungsþings Norðlendinga á Akureyri á s. l. hausti, þar sem lengingu skólaársins var algerlega hafnað. Það er augljóst mál, að ef svo fer, að unglingum frá 7-16 ára aldurs verður gert að skyldu að sækja skóla 9 mánuði á ári hverju, þá styttist mjög sá tími, sem þetta unga fólk hefur til að kynnast atvinnuháttum þjóðarinnar. Það styttist sá tími, sem það hefur í efri bekkjum á þessu aldursskeiði til þess að afla sér nokkurra tekna og létta þannig undir með foreldrum sínum að kosta skólanámið, og margt fleira mætti telja, sem líta má á sem vandkvæði í þessum efnum.

Ég skal ekki fara um þetta efni mjög mörgum orðum til viðbótar. Þetta hefur verið rætt töluvert hér á Alþ. nú undanfarið. En í sambandi við lengingu skólaskyldunnar og hvort hennar sé þörf, þá vil ég ítreka, að fræðsluskylda, sem ríki og sveitarfélög rækja í öllum landshlutum, er nauðsynleg. Hún hefur það fram yfir skólaskylduna, að hún veitir nemendum réttinn til að afla sér þeirrar menntunar, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þeir séu þvingaðir til þess, og það ættu allir að vita, sem eitthvað hafa kynnzt börnum og unglingum, að á þessu tvennnu er mikill munur. Í þeim miklu umr., sem fram hafa farið um þessi efni á undanförnum vikum, hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh., að fræðsluskylda sé ekki fullnægjandi, a. m. k. ekki í strjábýli, vegna þess að ríki og sveitarfélög, þ. e. opinberir aðilar, muni ekki leggja fram fjármuni til þess að byggja skólamannvirki, nema unnt sé að segja fyrir um það, hve margir nemendur muni sækja þessa skóla. Það er vitaskuld góðra gjalda vert, ef unnt er að skipuleggja skólasókn með slíkum ágætum fram í tímann. En með sama hætti mætti þá segja, að opinberir aðilar yrðu að skipuleggja fæðingar í hverju skólahverfi með hliðsjón af því rými, sem skólar þess skólahverfis hafa að bjóða. Þetta er álíka röksemdarfærsla og fær ekki staðizt, ef hún er skoðuð til hlítar.

Það er vert að vekja athygli á því, að fræðslul.

frá 1946 eru enn ekki komin til framkvæmda eftir meira en aldarfjórðung. Flm. þessarar till. leggja á það áherzlu, að þessi fræðslulög verði framkvæmd um land allt, en ekki sé svo mikið misrétti látið viðgangast sem raun er á eftir landshlutum í framkvæmd fræðslulaga. Ef horfið hefði verið að því á síðustu árum að gæta þess, að fræðslul. yrðu framkvæmd, hefði verið leiðrétt mikið misrétti, sem viðgengizt hefur um langan tíma. Því miður er það svo, að enda þótt ný fræðslulög tækju gildi, þá má búast við með hliðsjón af fyrri reynslu, að þau yrðu ekki nema pappírsgagn eitt og framkvæmd þeirra drægist áratugum saman. Þess vegna er ekki allt fengið með setningu laga, ef þeim er ekki framfylgt, og verðugt verkefni og nærtækara hefði verið að framkvæma gildandi fræðslulög án undantekninga heldur en stefna að þeirri lengingu skólaskyldunnar og lengingu skólaársins, sem nú eru uppi till. um.

Ég skal taka það fram, að þess hefur orðið vart í umr. um þessi mál, að lenging skólaskyldu og skólaársins sé meira gagnrýnd af fulltrúum strjábýlismanna heldur en þeirra, sem búa í þéttbýli, og þetta kann að vera rétt að vissu marki. Ég vil taka það fram, að ég lít svo á, að það megi alls ekki setja lög, sem gefa fólki úr strjábýli minni rétt en fólki úr þéttbýli, og þess vegna sé höfuðatriði, að nemendur eigi sama rétt, hvar sem þeir búa á landinu. Að öðru leyti sýnist mér, að gagnrýni á lengingu skólaskyldunnar og skólaársins sé nokkuð samhljóma um land allt, þegar tekið er tillit til þeirra sterku radda, sem koma fram hjá skólamönnum um þessi efni. Ég vil þar enn vitna til samþykktar skólastjóraþings gagnfræðastigsins á Reykjum í Hrútafirði, sem haldið var 1971. Þar var lengingu skólaskyldunnar algerlega hafnað.

Í till. er vikið að því, að auðvelda þurfi þeim nemendum, sem af einhverjum orsökum hverfa út úr skólakerfinu á einhverju stigi þess, að komast inn í skólakerfið aftur, þegar hugur þeirra stendur til frekara náms. Þetta má gera með námskeiðum, sérbekkjum fullorðinna og ýmsum fleiri atriðum, og leggjum við flm. á það ríka áherzlu. Það er alls ekki réttmætt að koma fræðslul. og fræðslukerfi svo fyrir í landinu, að það sé ófrávíkjanleg krafa, að fræðslubrautin sé óslitin. Við verðum að hafa augun opin fyrir því, að af ýmsum orsökum detta einstakir nemendur út úr fræðslukerfinu í vissum tilvikum. Þetta mun fara svo, hvað sem líður setningu laga um grunnskóla, og þessu fólki þarf að gefa gætur. Það þarf að gefa því kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem það fær áhuga á, kannske 1-2 árum seinna, eftir að það hefur leitað annarra starfa um hríð og aflað sér á þann veg aukins þroska, og þetta fólk má ekki verða út undan, heldur verður að gefa því kost á því að komast síðar inn í fræðslukerfið, annað hvort í sérskólana eða í menntaskólana, þegar hugur þess stendur til.

Í þessu efni er auðvitað hægt að minna á það, að nokkuð hefur verið gert að slíku á síðustu árum. T. d. má minna á menntadeild við Hamrahlíðarskólann, sem starfaði á síðasta vetri. Einnig var á s. l. ári haldið námskeið við Gagnfræðaskóla Austurbæjar hér í Reykjavík fyrir 18 ára og eldri, og sóttu það þá um 100 manns og milli 40 og 50 manns nú í vetur. Á fleiri stöðum hafa slík námskeið verið haldin, og þau hafa sannað, að fólk, sem orðið hefur útundan á einhverju stigi fræðslukerfisins, en kemur inn í það að nýju, hefur þroska, getu og vilja til að afla sér þeirrar menntunar á tiltölulega skömmum tíma, sem þarf til að geta orðið fullgildir nemendur á síðari stigum fræðslukerfisins.

Ég hygg, að það sé ekki ástæða til þess fyrir mig að hafa um þetta öllu fleiri orð. Svo virðist sem það mikill ágreiningur sé um frv. um skólakerfi og grunnskóla hér á hinu hv. Alþ. og utan þess, að þess sé naumast að vænta, að þessi frv. verði a. m. k. afgreidd á þessu þingi, og gefst þá nægilegt ráðrúm til þess að taka til greina við framhaldsathugun þær röksemdir, sem fluttar eru í þeirri þáltill., sem ég hef hér mælt fyrir. Eru þar þó miklu fleiri atriði, sem þarf að taka til rækilegrar athugunar. En það má ekki að mínu mati móta skólakerfi og fræðslulög einvörðungu af því sjónarmiði, sem virðist gæta hjá hluta fólks í sumum þéttbýlissveitarfélögum, að það sé þægilegt, að skólarnir verði eins konar gæzlustofnanir fyrir börn sem mestan hluta ársins. Það er miklu eðlilegra að veita fjármunum í þjóðfélaginu til þess að finna börnum og unglingum viðfangsefni nokkurn tíma á ári hverju, sem gætu aukið þroska þeirra meira en vistun í slíkum gæzlustofnunum eins og skólarnir mundu verða, ef 9 mánaða skólar yrðu algild regla á 7—16 ára aldursskeiði. Ég legg á það áherzlu, að með námskeiðum í beinum tengslum við atvinnulífið mætti verja fjármunum betur til þess að auka þroska unglinganna á þessu aldursskeiði heldur en með slíkri lengingu skólaársins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta mál almennt. Ég trúi, að mér fyrirgefist það, vegna þess að ég á sæti í Ed. og þar af leiðandi hef ég ekki komið neitt inn í þær grunnskólaumr., sem hér hafa orðið miklar og að mörgu leyti merkar í hv. Nd.

Ég vil lýsa því alveg sérstaklega yfir, að ég fagna því, að grunnskólafrv. er komið fram í þeirri mynd, sem það er. Ég er í meginatriðum hlynntur því aðalmarkmiði, sem grunnskólafrv. felur í sér, og tel, að með því sé stefnt í rétta átt í langflestum atriðum, þótt þar kunni að mega um bæta um sumt. Ég held nefnilega, að allar umr. um grunnskólafrv. á undanförnum vikum hafi leitt í ljós, að þarna er orðið nokkuð skammt öfganna á milli, því að ef það er svo, að fylgjendur frunnskólafrv., m. a. sú n., sem það samdi, séu farnir að líta á það, eins og ég heyrði sagt nú á dögunum, sem eins konar biblíu sína, sem ekki megi neitt við hagga, þá er áreiðanlegt, að helztu andmælendur þessa frv. hafa líka lent býsna langt í sinni gagnrýni, hafa m. a. lent út í svo miklar öfgar að mínu viti, að maður bíður bara eftir því, að sumir þeirra segi, að það sé bezt að leggja alla skólaskyldu hreinlega niður. Nú á þetta ekki við umr. hér á Alþ., að því er ég hef bezt fengið séð, en það á a. m. k. við um töluvert af þeim umr., sem fram hafa farið utan veggja þingsins.

Það er mikið talað um námsleiða nemendanna, og mér þykir svolítið leitt, hvað margir skólamenn taka drjúgan þátt í þessu námsleiðatali,

ýkja það jafnvel og margfalda á þann veg, að mig furðar á því. Þó að ég sé með því, að sjálfsgagnrýni geti verið nokkuð góð, má hún ekki ganga út í öfgar, þannig að kennarastéttin má örlítið vara sig á því að taka of djúpt í árinni. Hér á hún of stóran hlut að máli til þess, að mér finnist það réttmætt, að kennarar geri svo gífurlega mikið úr þessu, þ. e. a. s. hvað skólarnir og þeir sjálfir um leið séu drepleiðinglegir fyrir nemendurna og hvað í raun og veru allt annað sé betra fyrir þessa sömu nemendur heldur en í raun og veru að vera í skólunum. Það liggur nefnilega við, að svo langt sé gengið í tali og jafnvel skrifum sumra þessara sjálfspyntingaraðila. Það er alveg rétt, að námsleiði er til, og ekki skal ég úr honum draga. En ég vil líka nefna það, að líka er til starfsleiði, og hversu algengur er ekki starfsleiði hins fullorðna fólks? Verður ekki þetta fólk þó að þrauka við sitt starf ævina út og ödlast af því óneitanlega nokkurn þroska að berjast við ýmsa erfiðleika í sínu starfi? Ég held nefnilega, að nemendurnir hafi að sumu leyti gott af því að berjast við vissa fyrirhöfn í sínu starfi. Hitt er svo annað mál, að skólinn á auðvitað að reyna að koma til móts við þessa nemendur, sérstaklega þá seinfærari, á allan þann hátt, sem mögulegt er, og það tel ég, að grunnskólafrv. geri einmitt mjög greinilega. Ef það markmið þess, sem mér sýnist vera aðalmarkmiðið, verður að veruleika, er ég ekki hræddur við þetta eina ár, sem þarna á við að bætast.

Það er talað um, að skólamenn viti þetta vel, þeir viti ósköp vel, hvað þeir nemendur, sem eru komnir upp fyrir skylduna, geri það með miklu glaðara geði að læra heldur en hinir, sem enn þá eru í skyldunni. Ég hef að vísu lítil kynni af þessu, aðeins einn bekk til viðbótar þessari skyldu, en ég fullyrði, að á þessu hefur verið sáralítill munur í mínum skóla. Aðrir kunna kannske að segja aðra sögu í þessu efni. En ég held, að þarna sé líka nokkuð málum blandið, þegar gengið er eins langt af sumum í þessu efni og raun ber vitni. Ég held, að þessum nemendum veiti einmitt ekki af því að fá þetta eina ár til viðbótar, sem þarna er ráð fyrir gert. Þegar það er framkvæmt á þann máta, sem ráð er fyrir gert í grunnskólafrv., að strax í 7. eða 8. bekk sé farið að velja töluvert úr um námsgreinar og kennsluval, þá held ég, að það hljóti að vera hægt að finna leiðir, sem duga til þess, að hver nemandi finni þar eitthvað við sitt hæfi, þ. e. a. s. þeir, sem eru ekki svo vangefnir, að þeir eigi í raun og veru ekki heima í venjulegum skólum.

Ég hef haft af þessu töluverða reynslu í sambandi við þetta eina ár. Ég hef barizt fyrir því í mínum skóla að fá þetta ár viðurkennt, og það hefur gengið misjafnlega að fá það frá ári til árs. Ég hef venjulega spurt nemendur mína að því, áður en ég hef nokkuð farið að minnast á það við foreldra þeirra eða aðra, hvort þeir mundu vilja skuldbinda sig til þess að vera eitt ár í viðbót, til þess að fá þessa kennslu, og af þessum nemendum, sem ég tel lauslega að séu milli 70 og 80, hefur einn verið, sem hefur ekki viljað skuldbinda sig til þessa. Nú segja einhverjir, að þarna sé einmitt frelsið í sinni fegurstu mynd. En það er alls ekki svo, vegna þess að nemendunum er vel ljós sú kvöð, sem þeir eru að taka á sig með þessu, og þeir vita vel í öllum sínum námsleiða annars bekkjarins, öllum þessum námsleiða, sem þeir verða að þrauka í gegnum, eins og fólk segir, — þeir vita þá vel, hverju þeir eiga von á einmitt hjá sömu kennurunum næsta vetur, sömu drepleiðinglegu kennurunum sem þeir hafa haft að undanförnu og þeir verða að þola aftur veturinn eftir. Ég kannast þess vegna ekki af eigin reynd við raddir þessara skólamanna. Þær eru ekki í takt við það, sem ég veit bezt sjálfur í þessum efnum.

Ég held, að við megum mjög vara okkur á því að láta þetta atriði eitt skyggja á hið raunverulega markmið grunnskólafrv., það markmið, að skólinn lagi sig að nemandanum, en nemandinn lagi sig ekki skilyrðislaust að skólanum, eins og oft hefur viljað við brenna. Þetta var greinilega undirstrikað, bæði hér á Alþingi og þó sérstaklega í sjónvarpsþætti um daginn. Ef að þessu verður stefnt í alvöru, að skólinn lagi sig að nemendunum, að þörfum hvers nemanda og alveg sérstaklega þörfum þeirra, sem hafa á einhvern hátt önnur áhugasvið en beint hið bóklega nám, þeirra, sem eiga í einhverjum erfiðleikum með bóklega námið, þá held ég, að það sé fyllilega rétt, að þetta frv. nái fram að ganga og þessir nemendur endi ekki á þann hátt, sem þeir enda nú, í einhverri vitleysu varðandi unglingastigið, sem gefur ekki í raun og veru nein réttindi, heldur endi þeir með sem allra jafnasta aðstöðu, eins og ráð er fyrir gert í frv. Annars er ekki ástæða til að vera að tala um þetta nú, og ég ætla ekki að fara að vekja neinar umr. um þetta, það er sjálfsagt ekki rétt á þessu stigi.

Um þessa einstöku till. vil ég aðeins það segja, að sjálfsagt er rétt að taka ýmis atriði hennar til athugunar. En ég tek ýmsu af því, sem hún hefur inni að halda, með töluverðri varúð, svo að ekki sé meira sagt. Ég held, að hún sé svolítið í ætt við þær öfgar, sem þarna hafa fram komið og ég gat um áðan. Ég hef reynt í mínu starfi að laga kennsluna að nemendum, eftir því sem ég hef getað, með takmarkaðri getu að vísu og takmörkuðum möguleika til þess að gera það. En ef við gerum þetta, þurfum við ekki að vera að tala um þennan óskaplega námsleiða. Þá skulum við bara hreinlega tala um leti, því að hún er líka til. Það er rétt, að menn gái að því, það eru alveg eins til löt börn eins og latt fullorðið fólk. Það er mjög mikið um það, að börn eiga til að svíkjast um í sínu námi, nákvæmlega eins og það er mikið um það, að fullorðið svíkist um í sínu starfi. Þetta er þess vegna ekkert annað en spegilmynd í raun og veru af sjálfu lífinu og ástæðulaust að vera að láta það út af fyrir sig villa sig af réttri braut í þessu efni.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er síður en svo að efna á ný til almennra umr. um frv. þau, sem fyrir Nd. liggja um grunnskóla og skólakerfi. Aðeins vildi ég segja nokkur orð vegna eins atriðis í ræðu hv. 6. landsk. þm. Að sjálfsögðu fagna ég mjög eindregnum stuðningi, sem hann lýsti við þau mál, sem hér hefur verið á drepið, en í einu atriði gætti misskilnings í máli hans. Hann kvaðst hafa heyrt, — ég held ég hafi tekið rétt eftir, að hann hefði það eftir öðrum, — að

grunnskólanm. hefðu tilhneigingu til að líta á frv., sem þeir gerðu úr garði, sem biblíu, þar sem engum stafkrók mætti hagga. Vegna þess að mér er málið nákunnugt, vil ég ekki láta slíku ómótmælt. Ég benti á það þegar í framsöguræðu minni í hv. Nd., að strax á því stigi, þegar hálfnuð var fundarumferð grunnskólanm. um landið að kynna frv., tóku þeir undireins til greina þó nokkrar ábendingar, sem komið höfðu fram í fundahöldunum, og breyttu frv. í nokkrum atriðum, a. m. k. tveim allveigamiklum. Nú er fundaferð grunnskólanm. lokið, henni lauk um síðustu helgi, og áður en þeim fundi lauk og nú allra síðustu daga hafa grunnskólanm. setið við að ganga frá till. um breytingar á þessum frv., sem þeir munu bera undir mig og koma síðan á framfæri við hv. menntmn. Nd., einmitt breytingum í samræmi við sjónarmið, sem þeir hafa orðið varir við, og ábendingar, sem komið hafa fram á nær tveim tugum funda í öllum landshlutum. Þetta mál er að sjálfsögðu eins og önnur, annars vegar stefnumótun, þar sem hvað bindur annað að verulegu leyti, hins vegar fyrirkomulagsatriði, sem lengi má athuga og umbæta.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnulýðræði, þáltill. (þskj. 278). — Ein umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í lýðræði felst það, að sérhver einstaklingur hefur rétt til þess að hafa áhrif á stjórn sameiginlegra mála í þjóðfélagi, óskoraðan rétt og jafnan, frjálsan rétt og óháðan öllu valdi annarra, bæði að því er snertir málefni ríkis og einstakra stjórna innan þess, svo sem sveitarfélaga. Forsenda lýðræðis er frelsi á öllum sviðum, málfrelsi, prentfrelsi, fundarfrelsi, trúfrelsi, frelsi til þess að mynda hvers konar samtök til þess að berjast fyrir skoðunum og hugsjónum, þar með talið frelsi til að mynda stjórnmálaflokka. Því fer því miður víðs fjarri, að meginhluti mannkyns búi nú við lýðræði. Það er ekki aðeins í vanþróuðum löndum í efnahagstilliti, þar sem menntun er ábótavant, sem stjórnarfar er ekki grundvallað á lýðræði. Það á einnig við um þróuð iðnaðarríki, þar sem almenn menntun er á mjög háu stigi. En í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku fyrst og fremst á lýðræðið sér langa sögu að baki og hefur náð miklum þroska. Í þessum hluta heims hefur það orðið grundvöllur þeirra þjóðfélaga, sem náð hafa lengst á sviði velmegunar og velferðar og orðið undirstaða andlegs þroska og framþróunar í menningarmálum, sem fært hefur hundruðum milljóna hamningju.

Á undanförnum áratugum hafa menn í lýðræðisríkjum smám saman gert sér æ ljósara, að það lýðræði, sem nefna mætti stjórnarfarslegt lýðræði og hefur andlegt frelsi að forsendu, er eitt sér ekki nægilegt til þess að tryggja einstaklingnum að fullu það jafnrétti, sem er þó höfuðtilgangur þess, að hann öðlist. Þótt það sé einstaklingi auðvitað mikilvægt að geta haft frjáls og jöfn áhrif á skipan sameiginlegra mála í þjóðfélagi, getur ójöfnuður í efnahagsmálum valdið ranglæti. Þótt einstaklingurinn geti haft áhrif á stjórn ríkis og sveitarfélaga getur rangsleitni siglt í kjölfar þess, ef hann hefur engin skilyrði til áhrifa á stjórn atvinnutækja, sem starfrækt eru í þjóðfélagi og ráðið getur úrslitum um afkomu hans og hag.

Jafnaðarmenn tók að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum fyrir meira en einni öld. Það var kjarni í kenningakerfi þeirra, jafnaðarstefnunni, að áhrif einstaklinganna á atvinnulífið og réttláta skiptingu eigna og tekna þyrfti að tryggja með því að þjóðnýta atvinnutækin. Síðar var þeirri kenningu bætt við, að haga ætti framleiðslu og neyzlu í samræmi við gerðar áætlanir þ. e. að stunda áætlunarbúskap.

Á undanförnum áratugum hafa skoðanir jafnaðarmanna í þessum efnum smám saman verið að breytast. Grundvallarhugsjónin, um réttlátt og frjálst þjóðfélag, er enn hin sama, að einstaklingarnir eigi rétt til áhrifa á stjórn atvinnutækja og nauðsynlegt sé, að framleiðslu og neyzlu sé hagað í samræmi við skynsamlega áætlunargerð. En aukin fræðileg þekking á lögmálum markaðshagkerfis og vaxandi skilyrði ríkisvalds og opinberra stofnana til þess að hafa áhrif á framleiðslu og neyzlu og þar með skiptingu tekna og eigna hafa rennt rökum undir þær skoðanir, að allsherjarþjóðnýting allra atvinnutækja sé ekki vænlegasta leiðin til að auka framleiðslu og tryggja réttláta tekjuskiptingu né heldur að miðstýrð allsherjaráætlanagerð sé líkleg til að tryggja hin hagkvæmustu not framleiðsluafla, — þá framleiðslu, sem sé í nánustu samræmi við óskir neytenda og þá tekjuskiptingu, sem talin er réttlátust. Reynsla kommúnistaríkja í Austur-Evrópu virðist og hafa orðið einmitt þessi. Þar hafa komið í ljós margs konar ágallar á hinni algeru þjóðnýtingu, sem þar hefur verið framkvæmd, og hinni miðstýrðu allsherjaráætlanagerð, sem beitt hefur verið. Þess vegna hafa sum kommúnistaríkjanna vikið í verulegum atriðum frá hinum gömlu kenningum, svo sem Júgóslavía. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnendur Tékkóslóvakíu vildu á sínum tíma hverfa frá þessum hugmyndum í verulegum atriðum, en fengu því ekki ráðið vegna erlendra afskipta. Í Sovétríkjunum sjálfum er einnig rætt um áberandi galla á allsherjarþjóðnýtingunni og hinum miðstýrða áætlunarbúskap þar í landi, og ýmsar hugmyndir eru uppi um breytingar.

Skoðanir jafnaðarmanna um víða veröld eru nú yfirleitt á þá lund, að í þjóðfélagi, sem búa eigi þegnum sínum sem bezt lífskjör og sem mest réttlæti í efnahagsmálum og eigi því skilið nafnið velferðarríki, eigi rekstur atvinnutækja sumpart að vera í höndum opinberra aðila þ. e. ríkis og sveitarfélaga, sumpart í höndum samvinnufélaga og sumpart í höndum einkaaðila, síðan eigi ríkisvald og opinberar stofnanir að hafa aðstöðu til þess að hafa heildaráhrif á það, hvernig framleiðsluskilyrðin eru hagnýtt og hvernig þjóðartekjum er skipt, með heildaráætlanagerð, sem sé leiðbeinandi fyrir alla atvinnustarfsemi, og með stefnu sinni í fjármálum ríkisins og bankamálum, jafnhliða því sem almannatryggingakerfi og skattakerfi sé beitt til réttlátrar tekjujöfnunar, auk þess sem hið opinbera telur skyldu sína að sjá borgurunum fyrir fullkominni heilsugæzlu og sem mestri menntun,

sem auðveldustum aðgangi að hvers konar menningarverðmætum og skilyrðum til heilbrigðs lífs á öllum sviðum. Auðvitað er hér um að ræða markmið, sem ekki er auðhlaupið að ná, en jafnaðarmenn telja þó, að keppa beri að.

Einn þáttur í þeirri viðleitni að efla áhrif einstaklinga á stjórn atvinnutækja hefur á undanförnum árum og áratugum verið sá að veita starfsmönnum fyrirtækja aðild að stjórn þeirra. Hefur þetta verið nefnt atvinnulýðræði. Í ýmsum löndum hefur verið sett löggjöf um þetta efni, og má þar tilnefna Noreg, Vestur-Þýzkaland, England, Holland og fleiri lönd. Á allra síðustu árum hefur verið gengið enn lengra í þessum efnum. Á það hefur verið bent, að ekki sé nóg að veita starfsmönnum fyrirtækja aðild að stjórn þeirra, þeir eigi einnig eðlilegan rétt á því að öðlast aðild að eignarréttindum á fyrirtækjunum. Framleiðsla sérhvers fyrirtækis sé árangur af samstarfi vinnu starfsmannanna, fjármagns og náttúruauðlinda. Starfsmennirnir láti í té vinnuna, framleiðslutækin og náttúruauðlindirnar séu eign einstaklings eða einstaklinga og þeir séu nefndir eigendur fyrirtækjanna. Verðmætin, sem fyrirtækin skapi, séu árangur af samstarfi þeirra, sem vinna, og hinna, sem eiga. Þess vegna sé réttlæti fullnægt með því einu, að hreinn árangur starfsins, þ. e. ágóði fyrirtækjanna, verði með einum eða öðrum hætti sameign þeirra, sem hafa skapað hann, starfsmannanna og þeirra, sem hafa eignarráð yfir framleiðslutækjunum og náttúruauðlindunum. Hér er í raun og veru um að ræða náskyldar hugmyndir þeim, sem vöktu fyrir fyrstu jafnaðarmönnunum, þótt ekki sé hér tilætlunin að jafna metin milli vinnu og eignarréttar með þjóðnýtingu.

Löggjöf þeirra landa, sem sett hafa lög um atvinnulýðræði, grundvallast fyrst og fremst á því að tryggja starfsmönnum aðild að stjórn fyrirtækjanna. Þannig er t. d. um norsku löggjöfina um atvinnulýðræði, sem sett var 1969. Í henni er ákvæði um, að séu færri en 50 starfsmenn við fyrirtæki, sé heimilt að ákveða hlutdeild starfsliðs í stjórn, en það sé samningsatriði. Um fyrirtæki með 50—200 starfsmenn gildir hins vegar sú regla, að óski helmingur starfsmanna skriflega eftir aðild að stjórn fyrirtækis, skuli veita hana. Fá þeir þá ekki færri en tvo stjórnarmenn, en ekki meira en þriðjung stjórnar. Þessi skipan mun nú taka til rúmlega 750 fyrirtækja í Noregi, og er starfsmannafjöldi þeirra um 72 þús. Þegar fyrirtæki eru stærri en þetta, er skylt að koma á fót svonefndu rekstrarráði. Skulu í því vera 12 fulltrúar. Kýs starfsliðið þriðjung þeirra, en aðalfundur hlutafélagsins ⅔. Hefur ráð þetta talsverð völd og er aðili að þýðingarmiklum ákvörðunum um rekstur fyrirtækisins.

Jafnaðarmannastjórnin danska hefur nýlega lagt fram frv. um atvinnulýðræði, sem er mun víðtækara en norska löggjöfin. Þar er ekki einungis um að ræða ákvæði um aðild starfsmanna að stjórn fyrirtækja, heldur má segja, að aðalatriði till. dönsku stjórnarinnar séu ráðstafanir til að tryggja eignarrétt starfsmannanna að fyrirtækjunum, ekki í skyndingu, heldur með ráðstöfunum, sem smám saman eiga að koma til framkvæmda. Grundvallaratriðið er það, að atvinnurekendur eiga að greiða launaskatt í sérstakan sjóð, 1% á fyrsta árinu, en síðan á tillagið að vera komið upp í 5% á árinu 1981. Þessi sjóður á að verða eign launþega, og geta þeir fengið hann greiddan, ef fyrirtækið hættir störfum. Sérstakar reglur eiga þó að gilda um það, hvernig launþegar eiga að geta fengið hlutdeild sína í sjóðnum greidda. Sjóðurinn á hins vegar fyrst og fremst að vera starfsfé hlutaðeigandi fyrirtækja, og er því í rauninni um það að ræða, að haldið er eftir í fyrirtækinu hluta af hagnaði þess, en þessi hluti verður eign starfsmannanna. Fyrirtækin mega greiða allt að ⅔ hluta af launaskattinum með hlutabréfum, þar til starfsliðið nær því marki að eiga helming hlutafjárins. Semja má um, hvort hlutabréfagreiðsla verði meiri eða minni eftir því, hverjar aðstæður eru hjá fyrirtækinu og hvað starfsfólkið fellst á. Mergur málsins er sá, að sjóðurinn á að vera starfsfé atvinnufyrirtækjanna sjálfra, en ekki leggjast í lánastofnanir. Stjórn hins nýja sjóðs á að vera þannig skipuð, að launþegasamtökin skipa ⅔ hluta stjórnarinnar, en ríkisstj. skipar ⅓ hluta hennar. Hins vegar á starfslið hvers fyrirtækis að velja fulltrúa til að fara með þau atkv. á aðalfundi, sem hlutafjáreign sjóðsins veitir rétt til. Þannig öðlast fulltrúar starfsfólksins áhrif á stjórn fyrirtækjanna. Eru þetta merkar till. og róttækar.

Við þm. Alþfl., sem flytjum þessa till., tökum ekki afstöðu til þeirra hugmynda, sem löggjöf einstakra landa um atvinnulýðræði byggist á, né heldur annarra hugmynda, sem fram hafa komið í nálægum löndum um þessi efni. Tilgangur okkar með flutningi till. er sá að vekja athygli á þessu máli, sem tvímælalaust má telja mikið hugsmunamál alls almennings í öllum lýðræðisríkjum og mundi gera lýðræðisréttindi fullkomnari en þau eru nú. Við teljum tímabært, að þetta mál sé kannað til þrautar, og líklegustu leiðina til þess vera þá, að ríkisstj. skipi n. til að semja frv. til l. um þessi efni og verði það meginefni frv., að launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Þetta teljum við þm. Alþfl., að verði stærsta og raunhæfasta sporið, sem nú væri hægt að stiga til eflingar raunverulegs lýðræðis á Íslandi.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. að loknum fyrri hluta umr. vísað til hv. allshn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér er hreyft við ágætu máli, og án þess að ég ætli mér að fjölyrða um þetta mál, sem hér er til umr., vil ég einfaldlega leyfa mér að fullyrða, að það sé löngu orðið tímabært, að átak verði gert á þessu sviði. Í nálægum löndum hefur átt sér stað merkileg þróun í þá átt að koma á a. m. k. einhverjum vísi að svokölluðu atvinnulýðræði. Í málefnasamningi núv. stjórnarflokka er ákvæði í þessa átt, en þar segir, með leyfi forseta, að ríkisstj. hafi sett sér það höfuðmarkmið í félagsmálum að beita sér fyrir setningu löggjafar um hlutdeild starfsfólks í stjórn fyrirtækja og tryggja, að slíkri skipan verði komið á í ríkisfyrirtækjum. Nú er það að vísu svo, að nokkur dráttur hefur orðið á, að þessu ákvæði málefnasamningsins væri komið í framkvæmd, en ég vil leyfa mér að vona, að svo verði fljótlega. E. t. v. er skýr-

ingin að einhverju leyti sú, að beðið hafi verið eftir endanlegri afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til þessa máls, en um það var fjallað á síðasta Alþýðusambandsþingi. Að sjálfsögðu þarf ekki að taka fram, að það er algerlega óhjákvæmilegt, að álit aðila vinnumarkaðarins liggi fyrir, áður en löggjöf af þessu tagi er sett. Hitt er svo annað mál, að ekki verður séð, að neitt sé á móti því, að Alþ. lýsi yfir vilja sínum í þessum efnum, lýsi yfir þeim vilja sínum, að löggjöf af *þessu tagi verði undirbúin.*

Ég vil láta þess getið hér, að ég hef flutt æðimargar till. í þessum sama anda hér á hv. Alþ., í fyrsta sinn 1964 og síðan á hverju ári, meðan ég átti sæti á þingi, fram til 1967. Þessar till. fjölluðu sem sagt um þróun í átt til atvinnulýðræðis, og í þeim var gert ráð fyrir, að gerð yrði langtímaáætlun um rétt starfsmanna til áhrif á stjórn fyrirtækja, sem þeir starfa hjá, og var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að fyrsta stóra skrefið yrði á vegum opinberra fyrirtækja. Nú er það að vísu svo, að till. þessi hlaut heldur dræmar undirtektir hér á Alþ. Jafnvel Alþfl.-þm. vildu ekki veita þessu máli liðsinni þá, og enginn úr þeirra hópi tók til máls til stuðnings till. öll þessi ár. Enda verður það að segjast, að ræða á borð við þá, sem hv. 7. þm. Reykv. Gylfi Þ. Gíslason, flutti hér áðan, er í dag býsna óvenjuleg af hans munni og hefði að sjálfsögðu þótt algert „raritet" fyrir fáeinum árum. En hvað um það. Frumkvæði Alþfl. nú er alls ekkert verra fyrir það, þótt undirtektir flokksins hafi verið slælegar áður fyrr, og ég vil undirstrika það, að ég fagna mjög eindregið þessari þáltill., og lýsi því yfir, að ég styð eindregið efni hennar.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og síðasti ræðumaður fagna ég mjög fram kominni till. Alþfl.-þm. um atvinnulýðræði, að ríkisstj. verði falið að skipa n. til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði, þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í rekstri þeirra. *Þetta er, eins og kom fram hjá frsm.,* löngu tímabært, og við getum dregið góða lærdóma af nágrannalöndum okkar og ekki sízt af þeim þjóðum, sem einna næst okkur standa í lífsviðhorfum.

Ég ætla ekki að vera langorður um þetta, bara lýsa yfir stuðningi mínum og fullri þörf, að hafizt sé nú þegar handa. En ég vil benda á eitt í þessu sambandi, sem mér fannst ekki koma fram nógu rækilega hjá þeim tveim hv. þm., sem töluðu hér á undan, og það eru einmitt ríkisfyrirtæki. *Ríkið rekur nokkur stórfyrirtæki, þar sem* auðvelt er að koma á nokkurs konar atvinnulýðræði með því að veita starfsliðinu hlutdeild að stjórn þeirra. Þetta eru fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Landssmiðjan. Ég vil líka tala um fyrirtæki eins og Ríkisútvarpið. Þar er hið eðlilega, að a. m. k. einn starfsmaður hljóðvarps og einn starfsmaður sjónvarps sitji í útvarpsráði. Hér er vettvangur til að kanna þessi mál og hefja brautryðjendastarfið.

Hins vegar vil ég benda á, að ég tortryggi dálítið *þá ræðumenn, sem töluðu hér á undan,* að því leyti, hvort flokkarnir vilja missa spón úr aski sínum. Mér sýndist vera þannig, þegar kosið var hér fyrir áramót í stjórn Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju, að það væri svo mikið hjartans mál flokkanna að fá einhvern fulltrúa í stjórn þessara stofnana, að það væri fjarri lagi, að þeir væru reiðubúnir til þess að missa af þessum fulltrúum sínum. Ég tek ekki ræðumenn flokka alvarlega, nema þeir sýni í verki, að þeir séu reiðubúnir til þess að missa þessa fulltrúa sína í stjórnum þessara fyrirtækja. Þeir geta talað um atvinnulýðræði einhvers staðar á atvinnumarkaðinum, þar sem það snertir flokkana ekki neitt. Það er auðvelt. En ég trúi ekki á málstað þeirra, fyrr en þeir eru reiðubúnir til að sjá til þess, að flokksmenn þeirra víki úr ýmsum meiri háttar ríkisstofnunum og aðrir einstaklingar komi inn, jafnvel starfsmenn þessara fyrirtækja. Þá fyrst veit ég, að hugur fylgir máli.

Ég vil að lokum beina því til ríkisstj., að hún taki þegar fyrir ríkisfyrirtækin og gefi starfsfólkinu tækifæri til að fá aðild að stjórn þeirra, og *það eru þessi fyrirtæki, sem ég taldi upp, og* vafalaust einhver fleiri. Síðan má fara út á hinn frjálsa vinumarkað. En á meðan ríkisstj. heldur að sér höndum, pólitísku flokkarnir glamra um atvinnulýðræði, en vilja ekki missa neinn spón úr aski sínum, verður ekki tekið mark á þeim, — hreint ekki. Það er þetta atriði, sem ég vil minna á. Það á að byrja hjá ríkisvaldinu, þar sem auðvelt er að koma á einhvers konar atvinnulýðræði, og þá gæti það orðið til fyrirmyndar fyrir hinn frjálsa vinnumarkað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almenn stefna í byggðamálum, þáltill. (þskj. 294). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á undanförnum áratugum hafa orðið mjög miklar *breytingar á byggð í okkar landi. Um* síðustu aldamót var landið furðulega jafnt byggt. Kemur þetta m. a. glögglega fram í töflu í Fjármálatíðindum frá 1961. Eins og lesa má út úr þessari töflu, má heita, að byggð hafi verið alls staðar á landinu, miðað við núverandi kjördæmaskipun, á bilinu frá 11.2-17.0% af íbúafjölda landsins, að vísu þá tekið saman Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Nánar tilgreint var skiptingin þannig, að íbúar voru flestir á Suðurlandi eða 17.0%, þá á Vestfjörðum 15.9%, á *Norðurlandi eystra, 14.6%, á Austurlandi 13.6%,* á Vesturlandi 12.4%, á Norðurlandi vestra 11.2%, en í Reykjavík voru þá aðeins 8.5% og á Reykjanesi eða Reykjaneskjördæmi, sem nú heitir, 6.8%, þannig að samtals voru íbúar Reykjavíkur og Reykjaness 15.3%.

Eftir aldamótin hins vegar fer þessi skipting að raskast. Reykjavík tekur að stækka. Árið 1910 er íbúafjöldi Reykjavíkur þegar kominn upp í 13.6%. Á öllum öðrum svæðum er hins vegar nokkur fækkun nema á Reykjanesi. Þannig heldur *þróunin síðan áfram með vaxandi hraða allt* fram á síðasta áratug. Árið 1960 er íbúafjöldi í

Reykjavík kominn upp í 40.8% og Reykjanes orðið næststærst með 14.6%. Norðurl. e. kemur næst með 11.1%, þá Suðurl. með 9.1%, Miðvesturl. með 6.8%, Vestfirðirnir með 5.9% og Austurland með sama hundraðshluta, 5.9%, en það er Norðurl. v., sem rekur lestina með 5.8%.

Við þessa töflu hef ég bætt á árinu 1970. Þá virðist fjölgun í Reykjavík að vísu hafa stöðvazt, en það er fyrst og fremst og raunar eingöngu vegna þess, að þéttbýlissvæðin í kring taka við fólksflutningunum. Samtals voru í Reykjavík og á Reykjanesi um 58.7% íbúa landsins árið 1970, en nú munu íbúar þessa landshluta vera orðnir nálægt 60.0%. Í öllum kjördæmum landsins öðrum hefur fækkað. Á Norðurlandi e. er íbúafjöldinn kominn niður í 10.9%, á Suðurl. niður í 8.85%, á Vesturl. var óbreytt, 6.5%, árið 1970, á Austurlandi hafði fækkað í 5.5%, á Vestfjörðum niður í 4.9% og á Norðurl. v. niður í 4.85%.

Fólksfækkun hefur þannig orðið einna mest á Vestfjörðum. Á Norðurlandi e. verður fólksfækkun eina minnst, á Akureyri eflaust sinn þátt í því. Hins vegar virðist lítið lát hafa orðið á fólksfækkun í þessum landshluta síðari árin. Ekki er síður athyglisvert, að fólksfækkun, sem verður mjög mikil á Suðurlandi og Austurlandi á fyrri áratugum þessarar aldar, virðist nokkurn veginn hafa stöðvazt. Njóta þessir landshlutar þar eflaust nálægðar við þéttbýlið og stórbatnandi samgangna.

Heldur virðist þannig hafa dregið úr byggðaröskun á síðasta áratug. Af þessu gæti einhver ályktað, að fram undan væri jafnvægi í þessum málum. Það tel ég vægast sagt mjög vafasamt. Margt bendir til þess, að önnur stórfelld skriða sé fram undan í röskun byggðar í landinu, verði ekki gripið til áhrifameiri aðgerða en beitt hefur verið til þessa. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vísa til kafla úr ályktun samstarfsnefndar Vestfirðinga, Austfirðinga og Norðlendinga frá fundi þessara aðila á Akureyri 9. og 10. nóv. s. l. Fundurinn taldi, að eftirgreind atriði gæfu til kynna enn vaxandi byggðaröskun, a. m. k. með tilliti til þessara landshluta, og vil ég leyfa mér að lesa nokkur atriði úr þeirri ályktun með leyfi hæstv. forseta:

„1. Vegna óvenjulegrar aldursskiptingar þjóðarinnar mun miklu fleira ungt fólk koma til starfa og velja sér búsetu í þjóðfélaginu á þessum áratug en nokkru sinni fyrr og að öllum líkindum hlutfallslega fleira en verða mun síðar. Meðalmenntun þessa fólks almennt verður meiri en verið hefur, og því mun það gera kröfur um víðtækara úrval atvinnutækifæra og þjónustu en nú er fyrir hendi.

2. Atvinnuvegir utan Reykjanessvæðisins eru einhæfir, og horfur eru á, að framleiðsluaukning verði mjög mikil á næstu árum í þeim atvinnugreinum, sem hinir strjábýlli landshlutar byggja nær alla afkomu sína á, þannig að þótt framleiðsla aukist til muna, fjölgi fólki ekki í þessum atvinnugreinum.

3. Þjónustugreinarnar, sem taka munu til sin mjög verulegan hluta viðbótarvinnuafls, vaxa nær eingöngu á Reykjanessvæðinu, en eru mjög vanþróaðar utan þess, sem er ein meginástæða búseturöskunarinnar.

4. Rík tilhneiging til að staðsetja öll stóriðjufyrirtæki og önnur ný og þýðingarmeiri á Reykjanessvæðinu.

5. Mismunur á aðstöðu til menntunar, þjónustunota og hvers kyns menningarlífs á Reykjanessvæðinu og í öðrum landshlutum fer vaxandi.

6. Raunhæfur skilningur þjóðarinnar á gildi jafnvægis í byggðaþróun er of lítill.

7. Mótun á framkvæmd byggðastefnu hefur ekki fengið þann sess í stjórnkerfi ríkisins, sem henni ber og bráðnauðsynlegt er, að hún fái."

Það, sem ég hef nú lesið, eru staðreyndir. Sú spurning hlýtur að vakna, hvað hafi valdið þessari þróun. Fyrst vil ég telja byltingu í atvinnuháttum. Á fyrri öldum var landbúnaðurinn aðalatvinnuvegur landsmanna, en þeir, sem við sjóinn bjuggu, höfðu einnig útræði. Bátar voru þá smáir. Aflanum mátti landa nokkurn veginn hvar sem menn vildu. Verstöðvum var dreift um firði og útnes. Þá var byggðin einkum þar, sem beitilönd voru góð eða fiskur nógur við landsteinana. Ýmis hlunnindi önnur juku jafnframt á dreifingu byggðarinnar, eins og t. d. rekaviður á ströndum, æðarvarp í eyjum og fleiri hlunnindi. Í nálægt því 1000 ár var byggðin þannig furðujöfn um landið allt og lítið, sem hvatti til fólksflutninga eða samþjöppunar byggðar á einum stað fremur en öðrum.

Fyrir fáum árum ræddi ég allítarlega við gamlan mann vestur á fjörðum. Þetta var afar greindur og athugull maður, og hann lýsti á áhrifamikinn máta þróun byggðarinnar í sínu byggðarlagi. Þegar hann var ungur, sagði hann, þyrptist fólkið í verbúðirnar úti með firðinum. Um vertíðina var róið stutt og mikill afli fluttur á land. Síðan kom vélin í bátinn. Þá var auðvelt að sigla lengri leið á miðin, og meira þurfti ekki til þess, að fólkið fluttist inn í þorpið við botn fjarðarins. Verbúðirnar lögðust þar með niður. Mér hefur oft virzt þessi litla saga gamla mannsins lýsa betur en flest annað þeim miklu áhrifum, sem tækniþróunin sem slík hefur haft á þróun byggðar. Í þessu tilfelli olli hún fyrst og fremst röskun innan byggðarlags, en fyrir byggðarlagið var um byltingu að ræða.

Upp úr aldamótunum hófst togaraútgerðin. Útgerð fyrsta togarans hófst frá Hafnarfirði 1904. Þetta varð til þess, að íbúafjöldi Hafnarfjarðar meira en þrefaldaðist fyrsta áratug aldarinnar. Í Reykjavík varð einnig á þeim árum mikil fjölgun, og átti togaraútgerðin áreiðanlega verulegan þátt í því. Önnur þorp, þar sem hafnir voru góðar, stækkuðu einnig, eins og t. d. Ísafjörður, Seyðisfjörður, og fleiri staðir.

Þessi þróun hélt síðan áfram jafnt og þétt og gerir enn. Ný og stórvirkari atvinnutæki komu til sögunnar og þau voru yfirleitt sett niður á hinu vaxandi svæði við Faxaflóa, en einkum í Reykjavík. Þar var fljótlega meiri hluti togaraflotans og stöðugt vaxandi iðnaður.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga, að áhrif styrjaldarinnar voru mikil á búsetuna í landinu. Fyrir síðustu heimsstyrjöld var atvinnuleysi. Það hvarf eins og dögg fyrir sólu með hersetunni. Framkvæmdir á vegum herjanna urðu hins vegar langtum mestar við sunnanverðan Faxaflóann. Fyrst og fremst af þessum sökum

fjölgaði Reykvikingum um 18. þús. á árunum 1940-1950. Einnig var mikil fjölgun í Hafnarfirði, Keflavík og á Akranesi.

Þessi þróun atvinnumála hefur að sjálfsögðu leitt til mikillar tekjuröskunar. Fróður maður hefur áætlað, að meðaltekjur í dreifbýlinu séu 15 þús. kr. lægri á hvern íbúa en á þéttbýlissvæðinu á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu eða að svo hafi verið á síðasta ári.

Í öðru lagi vil ég nefna opinbera starfsemi. Árið 1845 voru íbúar Reykjavíkur 950. Þá hafði bærinn verið valinn sem höfuðstaður landsins. Þjóðin fór smám saman að koma upp ýmsum stofnunum, og yfirleitt þótti ekki annað koma til greina en að staðsetja þær í eða við Reykjavík. Þetta eitt leiddi til verulegrar fjölgunar í bænum og ójafnaðar, sem enn eykst.

Í þriðja lagi má telja verzlunina. Þróun hennar hafði svipuð áhrif. Hún jókst mest í Reykjavík, þangað komu stærstu skipin, og svo varð raunar í vaxandi mæli. Siglingum erlendis frá til hafna úti um land fer stöðugt fækkandi.

Í fjórða lagi vil ég nefna hinar ýmsu þjónustugreinar. Í Reykjavík og á þéttbýlissvæðinu í kring eru þær allar mestar og beztar. Þar er heilbrigðisþjónusta langsamlega bezt og sumar greinar þeirrar þjónustu nálægt því ófáanlegar annars staðar á landinu, t. d. skurðlækningar, tannlækningar, og fleira mætti nefna. Þar eru hinir æðri skólar. Þar eru þjóðleikhúsið og sinfóníuhljómsveitin, sem allir landsmenn standa þó að. Sérfræðiþjónusta t. d. verkfræðinga er fyrst og fremst fáanleg í Reykjavík, og fjölmargt fleira mætti nefna. Til Reykjavíkur verða íbúar dreifbýlisins að sækja flestalla þjónustu, stóra og smáa, enda verða ferðirnar margar.

Í fimmta lagi vil ég nefna ýmsar félagslegar framkvæmdir af hálfu hins opinbera. Það er furðulegt, en þó hygg ég, að það sé satt, að ýmsar merkar framkvæmdir á þessum sviðum hafa aukið á ójöfnuð á milli landsmanna eða a. m. k. dregið hann fram í dagsljósið og það þrátt fyrir þá staðreynd, að í margar slíkar framkvæmdir hefur verulegu fjármagni verið varið í dreifbýlinu. Í þessu sambandi má nefna talsímann. Sjálfvirkur sími er nú víða kominn, en enginn samaburður er á símakerfi Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og dreifbýlisins hins vegar, einkum er náð skal á milli byggðarlaga, sem ég hygg, að flestir þm. þekki af eigin raun. Staðreyndin er jafnframt sú, sem allir munu sjá, að íbúar dreifbýlisins verða að hafa langtum meiri samskipti símleiðis við hinar fjölmörgu opinberu stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og leita símleiðis margháttaðrar þjónustu, sem aðeins er unnt að fá þar. Allir, sem hafa reynt að nota þennan síma, vita hins vegar, að stundum er ógerlegt að ná sambandi jafnvel klukkutímum saman. Auk þess fer því víðs fjarri, að nokkur jöfnuður ríki í talsímakostnaði. Þar ríkir þvert á móti ójöfnuður. Sjónvarp er orðið mikil lyftistöng fyrir hinar dreifðu byggðir eins og aðra landsmenn. Enn eru þó mörg byggðarlög afskekkt að þessu leyti. Þannig eykur sjónvarpið á ójöfnuð gagnvart íbúum slíkra byggðarlaga, og úr því verður að bæta. Mikið fé hefur verið lagt til vegabóta út um land, eins og ég mun minnast á síðar, og fleira, sem fjármagn hefur verið ráðstafað til, en það virðist ekki hrökkva til. Bilið virðist aukast. Framfarirnar í vegamálum hafa orðið mestar á höfuðborgarsvæðinu.

Í sjötta lagi vil ég nefna húsnæðimálin, sem eru e. t. v. einhver stærsti þrándur í götu eðlilegrar byggðaþróunar víðast um landið, ef ekki alls staðar. Þar hefur hið opinbera gengið fram fyrir skjöldu og þegar látið reisa um eða yfir 1000 íbúðir í Reykjavík með kjörum, sem eiga sér engan samanburð um landið.

Í sjöunda lagi vil ég nefna erfiðan fjárhag sveitarfélaga úti um land. Þau bera mörg, sveitarfélögin þar, miklar fjárhagsbyrðar, sem eru þéttbýlinu ókunnar. Svo er t. d. um flest eða öll sjávarþorp, þar sem útgerð er stunduð. Kostnaður við nauðsynlegar hafnir er þar víðast svo mikill, að hann sligar algerlega fjárhag viðkomandi sveitarfélags. Um þessar hafnir er þó fluttur á land aflinn, sem er grundvöllurinn að allri velmegun þjóðarinnar í dag.

Í áttunda lagi vil ég nefna skort á atvinnu fyrir menntað fólk. Það hefur þegar leitt til mikilla flutninga og getur gert í vaxandi mæli, eins og ég hef þegar minnzt á og mun minnast á síðar.

Ýmislegt fleira mætti telja, sem valdið hefur byggðaröskun, en ég vil ljúka þessari upptalningu með því að minnast á það atriði, sem gengur eins og rauður þráður þvert í gegnum flest eða allt það, sem ég hef talið hér að framan. Það er lífskjarabreytingin sjálf. Á fyrri áratugum og öldum var einskis annars krafizt en að hafa sæmilega vinnu og sæmilega í sig og á. Með auknum tekjum þjóðarinnar breyttist þetta. Menn fóru að leita eftir alls konar lífsþægindum, sem of langt mál yrði að telja hér upp, en allir þekkja. Meðal þeirra eru hins vegar ýmis atriði, sem ég hef nefnt að framan. Mörgum þessum óskum var aðeins fullnægt í þéttbýlinu, en hins vegar var fyrri kröfum í mörgum tilfellum betur fullnægt í dreifbýlinu en í þéttbýli, sem þá var að vísu mjög lítið.

Eins og ég hef áður rakið með tilvísun til ályktunar samstarfsnefndar Vestfirðinga, Austfirðinga og Norðlendinga, er margt, sem bendir til, að þessi þróun muni halda áfram. Ofangreind áhrif munu að ýmsu leyti haldast, og jafnframt hafa bætzt við ný. Sérstaklega vil ég leggja áherzlu á háa fæðingartölu á 6. áratugnum, sem fram kom í þessari ályktun, en lága á þeim 7., sem veldur því, að aldursskipting þjóðarinnar er mjög óvenjuleg um þessar mundir. Nálægt því 40 þús. Íslendingar verða tvítugir á þessum áratug. Það er athyglisvert, að hlutfallslega meiri hl. þessa unga fólks býr eins og er úti á landi. Hins vegar má telja öruggt, að það kjósi að ganga menntaveginn í vaxandi mæli eins og annað æskufólk þessa lands, og er það eðlilegt og sjálfsagt. Þá blasir hins vegar við sú staðreynd, að atvinna fyrir menntað fólk er sáralítil úti á landi. Það dregst því til höfuðborgarsvæðisins. Ef svo fer, mun það reynast mikil blóðtaka fyrir dreifbýlið.

Því miður hafa ýmsir lengi neitað að viðurkenna, hve alvarleg sú þróun er, sem ég hef nú rakið. Það er þó furðulegt. Fram á það má jafnvel sýna með tölum. Það kostar a. m. k. 2—3

millj. kr. að byggja yfir hverja fjölskyldu á nýjum stað. Umferðin eykst auk þess, og vegakerfið verður að bæta, ekki sízt á Reykjavíkursvæðinu, við aðflutninga. Atvinnu verður að skapa, og það kostar einnig fjármagn. Áætla má, að beinn útlagður kostnaður við að flytja t. d. Austfirðinga alla í annan landshluta yrði a. m. k. 4500—5000 millj. kr. vegna húsnæðis, gatna og annars, sem því fylgir, eingöngu, en heildarkostnaðurinn yrði vitanlega langtum og margfalt meiri. Gífurleg verðmæti í atvinnufyrirtækjum, höfnum, félagslegum aðbúnaði o. fl. færi forgörðum. Það má því verja miklu fjármagni til þess að bæta aðstöðu í dreifbýlinu og koma í veg fyrir brottflutninga. Ef til vill hafa hörmungarnar í Vestmannaeyjum opnað augu manna fyrir þessari staðreynd.

Ég er einnig sannfærður um, að fjárhagslega er það mjög óæskilegt fyrir þjóðfélagið og ekki sízt Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, að hlutfallsleg aukning verði meiri á þessu svæði en annars staðar á landinu. Þetta eru þó að mínu viti smámunir einir hjá hinum óbeinu áhrifum. Víða eru sveitirnar að tæmast í kringum þorpin. Þorpin fá ekki lengur nýtt blóð úr sveitunum, og þá mun þess ekki langt að bíða, að þorpin tæmast einnig. Að sjálfsögðu verða landgæðin ekki nýtt, þar sem fólkið er flutt á brott. Að vísu segja sumir, að eins gott sé að flytja inn landbúnaðarafurðir. Þá gleymist hins vegar hinn mikilvægi þáttur landbúnaðarins, ekki aðeins í matvælaframleiðslu þjóðarinnar, heldur einnig sem undirstöðuframleiðsla fyrir fjölþættan og mikilvægan iðnað. Einnig er rétt að minnast þess, að góð matvara verður stöðugt eftirsóttari í fjölgandi heimi. Það er sannfæring mín, að þess verði ekki langt að bíða, að okkur Íslendingum eða öðrum verður ekki talið heimilt að nýta ekki hvert það landsvæði, sem nýtanlegt er til matvælaframleiðslu. Það mun skorturinn, sem fram undan er í heiminum, ákveða.

Ég hef einnig heyrt grjótharða þéttbýlismenn fullyrða, að við gætum alveg eins sótt sjóinn á togurum frá Faxaflóasvæðinu. Þetta er að sjálfsögðu svo mikil fjarstæða, að varla er svaravert. Hinir fjölmörgu litlu bátar og fiskvinnslustöðvarnar mörgu úti um landið eru mikilvægustu hlekkirnir í hráefnaöflun landsmanna og vinnslu. Slíku verður aldrei sinnt frá einum landshluta við breytileg veður og aðstæður. Nægir í þessu sambandi að benda á loðnuveiðarnar og þá erfiðleika, sem það hefur valdið þjóðinni, að fiskvinnslustöðvarnar í Vestmannaeyjum eru ekki starfræktar eins og stendur.

Þótt ofangreindar raddir hafi heyrzt, viðurkenna þó margir hins vegar hina alvarlegu þróun í byggðamálum. Á Alþ. hafa verið fluttar ýmsar till. til úrbóta, en því miður hefur oft orðið minna úr framkvæmdum en undirtektir hafa gefið til kynna upp á síðkastið.

Sem dæmi má nefna till., sem samþ. var árið 1963 um 5 ára áætlun til stöðvunar á fólksflótta frá Vestfjörðum. Hún hefur ekki enn verið framkvæmd nema að mjög litlu leyti.

Einnig má nefna till. um jöfnun á kostnaði við vöruflutninga um landið, þáltill., sem flutt var fyrir tveimur árum og hefur ekki enn komið til framkvæmda.

Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum, að vinna hefur hafizt við landshlutaáætlanir, einkum samgönguáætlanir. Byggðaáætlanir eru fyrst nú að hefjast.

Á sumum sviðum hefur að vísu verið gert stórt átak og myndarlegt. Svo er t. d. með rafvæðingu dreifbýlisins, sem hófst með miklum myndarskap fyrir allmörgum árum. Síðan var mjög dregið úr þeim framkvæmdum á tímum viðreisnarstjórnarinnar, en nú á að reka endahnútinn á þetta mál með myndarlegu átaki.

Töluverðu fjármagni hefur verið veitt til dreifbýlisins til atvinnuuppbyggingar, einkum nú upp á síðkastið. Hefur þar á orðið mikil breyting til batnaðar. Nefna má atvinnujöfnunarsjóð, sem nú nefnist byggðasjóður og í tíð núv. ríkisstj. var stórkostlega aukinn, eins og allir þekkja. Mikið fjármagn hefur runnið til uppbyggingar togaraútgerðar um landið, og ráðgert er að veita þúsundir millj. til endurbóta á frystihúsunum. Fleira má vissulega nefna, sem vel hefur verið gert eða a. m. k. reynt. Leitazt er við að bæta heilbrigðisþjónustu og menntun.

Staðreyndin er þó sú, að árangur hefur orðið minni en til hefur verið stofnað. Um það tala tölurnar, sem ég hef fyrr rakið. Spurningin verður því sú: Hvers vegna? Þeirri spurningu verður að svara, annað væri ábyrgðarleysi og leiðir fyrst og fremst til sóunar á kröftum og fjármagni.

Ég er sannfærður um, að þetta stafar fyrst og fremst af því, að ekki hefur verið unnið að þessum málum nógu samhliða eða alhliða. Það er ekki nóg að veita fjármagni til nýrra frystihúsa eða togara eða annarrar atvinnuuppbyggingar. Slíku verður að fylgja átak í húsnæðismálum, þjónustugreinum, starfsaðstaða fyrir menntað fólk, fjölbreyttara félagslíf, góð heilbrigðisþjónusta, aðstaða til menntunar og fjölmargt fleira. Þessi mikilvægi þáttur stjórnsýslu hefur ekki heldur náð að verða metinn til jafns við aðra þætti. Segja má, að dreifbýlishugsjónin hafi verið eins konar aukastarf í ríkisbákninu.

Ég er því þeirrar skoðunar, að í okkar dreifbýlismálum skorti viðurkennda stefnu. Slík stefna þarf að verða fastur þáttur í stjórnkerfi landsins og í öllum opinberum aðgerðum. Það er með þetta í huga, sem ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni að leggja fram till. til þál. um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum.

Við leggjum til, að Alþ. feli 7 manna n. þm., sem kosin verði hlutfallskosningu í sameinuðu Alþ., að gera till. um markmið og leiðir og mörkun almennrar stefnu til jafnvægis í byggð landsins. Skal að því stefnt, að markviss stefna á því sviði verði viðurkenndur og fastur þáttur í íslenzkri stjórnsýslu.

Einhver segir e. t. v., að réttara sé að fela ríkisstj. sjálfri að marka slíka stefnu. Á það get ég ekki fallizt. Til þess eru dæmin allt of mörg um þáltill., sem samþ. hafa verið og sendar ríkisstj. og rykfallið þar í skúffum. Þetta er allt of mikilvægt mál til þess, að svo megi um það fara.

Öðrum sýnist e. t. v., að fela ætti þetta n. sérfræðinga. Því er ég einnig ósammála. Þetta mál er engu síður mannlegs eðlis en sérfræðilegs, og það er í grundvallaratriðum stjórnmálalegs eðlis.

Eðlilegast virðist, að stjórnmálamenn marki hina almennu stefnu og skipi henni sess í stjórnkerfinu. Að sjálfsögðu munu þeir nota til hins ítrasta og í ríkum mæli starfskrafta sérfræðinga við þá tillögugerð.

Í till. eru síðan talin upp nokkur atriði, sem n. er m. a. falið að skoða.

Í fyrsta lagi er nefnt, að kanna skuli, hvaða atriði valda fyrst og fremst mismunum á milli landsmanna eftir búsetu, bæði fjárhagslegri og félagslegri. Þetta hef ég rakið að nokkru fyrr í ræðu minni. Slíkar grundvallarupplýsingar eru hins vegar mikilvægar og þurfa að skoðast langtum nánar. Mér sýnist eðlilegt að fela t. d. þjóðfélagsfræðingi að rannsaka þetta til hlítar.

Í öðru lagi á n. að kanna eins og unnt er hin þjóðhagslegu áhrif þeirrar þróunar í byggðamálum, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum. Það skal viðurkennt, að hér er um allerfitt verkefni að ræða. Þó hygg ég, að tilraun í þessa átt mundi varpa nokkru ljósi á þetta mikilvæga mál.

Í þriðja lagi ber n. að kanna, hvaða ráðstafanir nágrannaþjóðirnar hafa gert á þessu sviði og hvaða almenna stefnu þær hafa markað. Staðreyndin er sú, að aðrar þjóðir hafa tekið þessi mál langtum fastari tökum en við Íslendingar höfum gert. Svo er t. d. með Norðmenn. Þar var þegar á árunum 1945—1951 lagður grundvöllur að markvissri þróunarstefnu fyrir Norður-Noreg. Síðan hefur sú starfsemi margfaldazt og tekið á sig fastara form. Starfið nær til allra þátta þjóðlífsins á þessum svæðum. Um starfsemina eru reglulega gefnar ítarlegar skýrslur til Stórþingsins. Ég hef hér undir höndum skýrsluna frá árunum 1972—1973, sem fjallar um markmið og leiðir í dreifbýlisþróun. Þar er að finna mjög mikinn fróðleik, sem of langt mál yrði að rekja hér. En ég vil geta þess jafnframt, sem hv. þm. geta séð í síðasta hefti af Nordisk kontakt, að í norska Stórþinginu hafa verið lagðar fram tvær yfirgripsmiklar till. tveggja síðustu ríkisstj. um endurskoðun á þessum málum með nánari útfærslu en til þessa hefur verið, og er þar enn lögð rík áherzla á almenna stefnumótun með byggðaþróun í landinu öllu í huga. Í öllu þessu má finna mjög mikinn fróðleik, sem of langt mál yrði að rekja hér. Slíkt þarf n. hins vegar að skoða ítarlega. Það er sannfæring mín, að af Norðmönnum megi mikið læra í þessu sambandi. Ég vil að vísu geta þess, að stefna Norðmanna á þessu sviði hefur einnig verið mikið gagnrýnd þar í landi. Má í því sambandi benda á hina athyglisverðu bók Ottars Brooks: „Hvad sker i Nord-Norge, en studie i norsk utkantpolitik.“ Ottar Brooks fullyrðir, að um of hafi verið einblínt á hin stórvirku nýju tæki atvinnuveganna, eins og togaraútgerð og frystihús. Hitt hafi gleymzt, að víða megi tryggja betri lífskjör á ódýrari máta, með búskap og trilluútgerð. Hvað sem því líður, er víst, að sama lausnin hentar ekki öllum byggðarlögum landsins. Slíkt þarf n. einnig að hafa í huga og kynna sér.

Í fjórða lagi er n. ætlað að athuga, hvað unnt er að gera af opinberri hálfu til þess að jafna metin á milli landsmanna, og gera tilraun til þess að meta áhrif slíkra aðgerða og kostnað við slíkar aðgerðir. Fjölmargt kemur að sjálfsögðu til greina í þessu sambandi. Sumt hef ég nefnt. Benda má á aukið fjármagn til uppbyggingar í dreifbýlinu. Þetta er þó líklega það sviðið, sem einna skást hefur verið sinnt á síðustu árum. Staðreyndin er sú, að í þessu sambandi hefur nú verið gert myndarlegt átak, sem stundum gleymist og ég hef bent á hér áður. Það er mikið fjármagn, sem til dreifbýlisins rennur, ekki aðeins í gegnum stórefldan byggðasjóð, endurbætur á frystihúsunum, til vegamála, til opinberra framkvæmda, heldur einnig í gegnum aðra stofnlánasjóði eins og stofnlánasjóð landbúnaðarins, lánasjóð sveitarfélaga o. fl. Þótt sjálfsagt sé að skoða þetta atriði vandlega, hygg ég þó, að leggja beri meiri áherzlu á aðra þætti.

Ég vil nefna flutning opinberra stofnana. Það er nú í athugun hjá sérstakri n., og vænti ég mikils af störfum þeirrar n., en gera má ráð fyrir, að hún skili áliti á þessu ári. Slíkt þarf hins vegar að fella inn í þá heildarmynd, sem stefnt er að með þessari till. Auka þarf jöfnuð fjárhagslega. Ég hef bent á erfiðleika sveitarfélaganna. Um það liggja nú fyrir miklar upplýsingar. Ég hef nefnt hafnirnar. Þar standa fyrir dyrum endurbætur, en ég óttast, að meira þurfi að gera, ef duga skal.

Sjálfsagt er að stefna að sem mestum jöfnuði í talsímakostnaði, og ber í því sambandi að taka tillit til aðstöðumunar dreifbýlisins, sem talsíminn verður að brúa að verulegu leyti.

Á sviði húsnæðismála getur hið opinbera haft mjög mikil áhrif til bóta, en þá verður stefnan að gerbreytast frá því, sem nú er, dreifbýlinu í vil. „Breiðholtsframkvæmdir“ fyrir dreifbýlið verða að hefjast hið fyrsta.

Benda má á skattaívilnanir, sem geta stuðlað að flutningi fyrirtækja út á land og eru notaðar í ríkum mæli t. d. í Noregi. Opinberar álögur, sem auka ójöfnuð, þurfa að hverfa, t. d. söluskattur af vöruflutningum.

Á sviði félagsmála má benda á ýmislegt. Ekki virðist óeðlilegt, að þjóðleikhús og sinfóníuhljómsveit okkar landsmanna allra leiki meira úti um land eða sjónvarpað verði frá slíkum sýningum fyrir landsmenn alla. Skoða þarf aukna áætlanagerð og framkvæmd hennar. Og fjölmargt fleira mætti nefna, sem að liði getur komið.

Í fimmta lagi er n. ætlað að gera till. um markmið í byggðamálum. Að hverju viljum við stefna á þessu sviði? Þetta á ekki aðeins við um landið sem heild, heldur einnig um einstakar byggðir. Gert er ráð fyrir aukinni áætlanagerð á næstunni, og er það góðra gjalda vert. En mér hefur oft virzt, að markmiðin vanti, og vil ég líta á dæmi.

Í Vestur-Barðastrandarsýslu búa nú tæplega 2 þús. manns. Fyrir þetta svæði þyrfti að gera sérstaka svæðisáætlun. Við gerð slíkrar áætlunar er vitanlega fjarstæða að miða við að viðhalda 2. þús. íbúum. Miða verður við a. m. k. tvöföldun þessa íbúafjölda, t. d. á næstu 10 árum. Ekki er heldur nægilegt, að slík áætlun nái til eins þáttar atvinnulífsins eða atvinnulífsins eins. Hún verður að ná til þeirra allra og einnig þjónustugreina, húsnæðismála og hinna fjölmörgu annarra þátta, sem ég hef oft nefnt.

En einnig þarf að setja markmið fyrir landið í heild. Líklega er tiltölulega lítil hætta á veru-

legri byggðaröskun á Vesturlandi og Suðurlandi á næstu árum. Þessi landhlutar eru í nágrenni þéttbýlisins og munu njóta góðs í vaxandi mæli af bættum samgöngum. Þetta sýna raunar þær tölur, sem ég las í upphafi mins máls. Öðru máli gegnir hins vegar um Vestfirðina, Norðurlandið og Austfirðina. Þar verður að gera sérstakt átak. N. þarf að athuga, hvert markmiðið á að vera einnig að þessu leyti.

Í sjötta lagi er n. ætlað að gera till. um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum. M. ö. o. er n. ætlað að velja úr þeim fjölmörgu atriðum, sem til greina koma og hún hefur áður skoðað. Henni ber að velja þau, sem hún telur, að bezt henti okkar staðháttum, séu árangursríkust og auðveldust í framkvæmd.

Loks er n. ætlað að leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum. Með þessu á n. að gera till. um eins konar nýjan ramma um allar framkvæmdir í byggðamálum. Henni er ætlað að gera till. um þá stefnu, sem verði ríkisvaldinu og stofnunum þess leiðarljós við framkvæmd byggðastefnunnar. Það er t. d. mikilvægt í mínum huga, ef viðurkennt fæst, að opinberar aðgerðir skuli ekki stuðla að ójöfnuði meðal landsmanna, ef með skynsamlegu móti er hægt að koma í veg fyrir slíkt. Það er ekki síður mikilvægt að fá viðurkennt, að réttmætt sé og þjóðhagslega nauðsynlegt að verja verulegu fjármagni til að viðhalda byggð í landinu öllu. Ég er að vísu sjálfur heldur vantrúaður á einhverja allsherjaráætlun um byggð í landinu. Ég er hræddur um, að framkvæmdir á einstökum svæðum og í einstökum landshlutum kunni að drukkna í gerð slíkrar áætlunar. Hins vegar þarf að marka almenna stefnu að þessu leyti. Á að stefna að sömu hundraðshlutadreifingu íbúanna um landið og nú er? Það er í mínum huga fjarstæða. Fjölgun verður að verða tiltölulega meiri úti í dreifbýlinu. Blóðtakan er þegar orðin svo mikil, að á hættulegt stig er komið. Á að leggja áherzlu á byggðakjarna, eins og nokkur áherzla hefur verið lögð á upp á síðkastið, eða á dreifingu byggðarinnar?

Það eru slíkar spurningar og þá fyrst og fremst svörin við þeim, sem marka munu hina almennu stefnu.

Í þessu sambandi þarf n. einnig að gera till. um það, hvernig stjórn byggðamálanna verði háttað. Mér virðist vel koma til greina að fela einu rn. að fylgjast með þessum málum. Það yrði eins konar þverfaglegt rn., eins og nú er mjög rætt um í mörgum tilfellum, og hefði yfirumsjón með framkvæmd byggðastefnunnar. Því bæri að gæta þess, að ekki sé brugðið út af þeirri stefnu, sem samþ. hefur verið. Ég tel einnig sjálfsagt að fela landshlutunum sjálfum í vaxandi mæli verkefni við framkvæmd slíkrar stefnu. T. d. er nauðysnlegt, að þar verði unnið að verulegu leyti að ýmsum byggða- og svæðisáætlunum. Einnig er eðlilegt, að stofnanir landshlutanna eða fulltrúar fái í vaxandi mæli tillögu- og ákvarðanarétt um úthlutun fjármagns til ýmiss konar framkvæmda. Þaðan þurfa að koma till. um forgangshröðun verkefna, og mér virðist sjálfsagt að skoða, hvort til greina geti komið aukin sjálfstjórn landshlutanna að einhverju leyti.

Það er hins vegar ekki á valdi n. að ákveða slíka stefnu, því að n. er aðeins ætlað að leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum. Þessi drög þyrfti að ræða á Alþingi. Alþ. þarf að ákveða, hver stefnan verður. Mér sýnist einnig sjálfsagt, að Alþ. sé reglulega gerð grein fyrir því, hvað líður framkvæmd þeirrar stefnu, sem ákveðin hefur verið.

Að lokum er n. ætlað að fá eðlilega starfsaðstöðu og sérfræðiþjónustu. Eðlilegt virðist, að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið að veita n. þá aðstoð, sem hún þarfnast. Sömuleiðis sýnist flm. eðlilegt, að byggðasjóður greiði kostnað við störf nefndarinnar.

Sjálfsagt segir einhver, að rétt sé að fela Framkvæmdastofnun ríkisins þetta verkefni. Það er í tízku að vísa öllu til Stofnunarinnar (með stóru S). Þetta er hins vegar misskilningur að mínu viti. Framkvæmdastofnunin starfar innan þess ramma, sem nú ræður og ég hef leitazt við að sýna að er mjög ófullkominn. Auk þess vinnur Framkvæmdastofnun ríkisins fyrst og fremst á sviði atvinnumála og nokkuð á sviði samgöngumála. Það eru aðeins tveir þættir af fjölmörgum, sem áhrif hafa á byggðaþróun, eins og ég hef margendurtekið. Þegar ný stefna hefur verið mörkuð, er hins vegar sjálfsagt, að Framkvæmdastofnun ríkisins hagi starfsemi sinni í samræmi við þá stefnu.

Ég vil taka það fram, að þótt með þáltill. þessari sé rætt um að marka almenna stefnu í byggðamálum, og ég hef lagt áherzlu á, að sem flestir þættir þessara mála þurfa að fylgjast að, sé ég ekkert athugavert við það, að stöðugt sé ýtt á á einstökum sviðum. Fyrir Alþ. liggja athyglisverðar till. um endurbætur á takmörkuðum sviðum byggðamála. Þeim hyggst ég yfirleitt fylgja, og ég hef einnig í huga að hreyfa öðrum málum svipaðs eðlis. Slíkar framkvæmdir þurfa hins vegar að falla inn í þann almenna ramma, sem lagt er til, að ákveðinn verði með þessari þáltill.

Að lokum vil ég leggja sérstaka áherzlu á það, að alls ekki má vinna að byggðaþróun með því að ota einum landshluta gegn öðrum, enda er það algerlega óþarft. Viðbótarkostnaðurinn, þótt á hann einan sé litið, við hvern nýjan íbúa í höfuðborginni eða í nærliggjandi þéttbýli hennar er meiri en nemur meðalkostnaði vegna þeirra, sem fyrir eru. Reykjavík og þetta svæði er m. ö. o. komið fram úr hagkvæmnismarkinu. Öðru máli gegnir um dreifbýlið. Það er alls staðar komið niður fyrir það mark. Þar er aukinn íbúafjöldi höfuðforsenda aukinnar hagkvæmni. Þannig má vera ljóst, að það er þjóðhagslega hagkvæmt frá rekstrarlegu sjónarmiði að jafna byggðina betur en nú er orðið. Byggðastefnunni er því ekki beint gegn neinum. Um þjóðarhag er að ræða. Ég hygg einnig, að stöðugt fleirum verði ljóst, að sú velmegun, sem þéttbýlið býr við, á að verulegu leyti rætur sínar að rekja til öflunar og vinnslu hráefnis í dreifbýlinu. Gera þarf mönnum ljóst, að það er sannarlega þess virði að leggja töluvert af mörkum til þess að viðhalda þeirri framleiðslu og nýtingu landsins alls.

Ég hef farið allmörgum orðum um þetta málefni. Það hef ég gert vegna þess, að það er sannfæring mín, að jafnvægi í byggð landsins er

enn stærra mál en landhelgismálið og efnahagsmálin til samans. Við munum lengi þrauka og höfum raunar gert það, þótt gengið falli. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að ná tökum á fiskveiðilögsögunni allri. En við munum aldrei nýta þessa fiskveiðilögsögu, ef við gerumst borgríki, öll búsett á suðvesturhorni landsins. Enda er það sannfæring mín, að þá munum við ekki lengi geta gert tilkall til lands okkar.

Það er vitanlega fjarstæða, að jafnvægi náist í byggð landsins með einu stóru allsherjarátaki. Að því þarf að vinna jafnt og þétt á mörgum sviðum og löngum tíma. En ég vona, að mér hafi tekizt að sýna fram á, að því aðeins muni þetta takast, ef unnið verður alhliða með markvissa stefnu að leiðarljósi. Að mótun slíkrar stefnu er þessari þáltill. ætlað að stuðla.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leggja til, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á að segja það, að það er dálítið erfitt að byrja mál sitt fyrir strjálbýlismann eins og mig eftir að hafa hlustað á jafnviðkvæma og hjartahreina strjálbýlisræðu hér á hv. Alþ., í miðborg Reykjavíkur. En ég ætla samt að reyna málefnisins vegna að gera þessi mál nokkuð að umræðuefni.

Ég verð að segja það, að þegar sú till., sem hér liggur fyrir, kom á borð okkar þm., var ég ekki eins meyr eftir að hafa lesið hana, því að mér fannst hún í raun og veru ekki hafa átt að heita „Till. til þál. um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum", heldur hefði ég talið miklu líklegra að kalla hana: Till. til þál. um könnun á mörkun almennrar stefnu í byggðamálum, því að till. fjallar ekki um nokkra stefnu í byggðamálum eða mörkun neinnar almennrar stefnu, en hins vegar má segja, að töluverður kafli af ræðu hv. 1. flm. hafi einmitt fjallað um mörkun stefnu í byggðamálum. Þess vegna furða ég mig nokkuð á því, að hv. flm. skuli ekki hafa orðað þessa till. sína ákveðnar en þeir hafa gert, og þá hefði hv. síðasti ræðumaður getað tekið úr ræðu sinni í tillöguna mörkun á stefnu.

Þessi till. er í 7 liðum, eins og flm. gat réttilega um. 1. liðurinn er um það að kanna, 2. liðurinn er um að kanna og 3. liðurinn er um að kanna, 4. liðurinn er að athuga, 5. liðurinn er að gera till. um markmið í byggðamálum, 6. liðurinn er að gera till. um leiðir til þess að ná fyrrgreindum markmiðum og 7. og síðasti liðurinn er að leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum. Og um það hefðu jafnágætir strjálbýlismenn og hér eiga hlut að máli átt að flytja till. og leggja fram drög að almennri stefnu í byggðamálum, heildarstefnu, ákveðinni stefnu. Síðan kemur það, að í samráði við forsrn. skal n., sem á að kanna allt þetta, fá eðlilega starfsaðstöðu, og henni skal heimilt að leita álits sérfróðra manna. Og loks skal kostnaður við störf n. greiðast úr byggðasjóði.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að mikið af því, sem till. upprunalega fjallar um, eru verkefni, sem hafa verið unnin á mörgum undanförnum árum, — verkefni, sem stofnanir, sem eru starfandi, hafa verið að vinna að og eru að vinna að og í sumum tilfellum búnar að vinna að. Ég vil nefna það, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, kynnti hún margumræddan málefnasamning, og í þeim málefnasamningi segir, að stofna skuli til Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem þegar hefur verið gert, og segir svo í þessum málefnasamningi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skal starfa sjóður undir sérstakri stjórn, sem veiti fjárstuðning til þess að treysta sem bezt eðlilega þróun í byggð landsins. Eignir og tekjur atvinnujöfnunarsjóðs gangi til þessa sjóðs og aðrar tekjur, eftir því sem ákveðið verður síðar.

Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun.

Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meira en nú er gert."

Í 1. um Framkvæmdastofnun ríkisins segir um hlutverk byggðasjóðs, að hlutverk hans sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Að vissu leyti er hér um stefnumörkun að ræða, að vísu ekki nýja stefnumörkun, því að fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. ríkisstjórnir höfðu haft álíka stefnu og unnið að. Við skulum ekki loka augunum fyrir því, að á undanförnum árum og áratugum hefur margt verið mjög vel gert í málefnum byggðarlaganna úti um land. Og það, sem er einna sterkast og hefur verið á síðustu árum, þegar undan er skilið rúmt ár, er það, að atvinnulíf hefur verið víðast hvar mjög gott úti um land. Við getum nefnt fjölmörg dæmi þess, að fyrir nokkrum áratugum yfirgáfu hundruð manna byggðirnar úti á landi vegna skorts á atvinnu. En slíkt er ekki fyrir hendi nú á síðustu áratugum nema að verulegu litlu leyti og þá um stuttan tíma í einu. En það eru margar aðrar ástæður, sem liggja til grundvallar því, að fólkið hefur flutzt af landsbyggðinni og hingað suður til Faxaflóasvæðisins og þá ekki eingöngu til Reykjavíkur, eins og mörgum strjálbýlismanni verður oft að orði, því að á fólksfjölda í Reykjavík hefur ekki nú á allra síðustu árum verið mikil aukning, heldur fyrst og fremst í nágrenni Reykjavíkur eða í núv. Reykjaneskjördæmi. Og það er mjög eftirtektarvert, að á árinu 1910 búa 26.66% þjóðarinnar í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu, en í árslok 1971 búa 58.95% þjóðarinnar á þessu sama svæði. Til samanburðar er rétt að geta þess, að í Vestfjarðakjördæmi bjuggu 15.71% þjóðarinnar á árinu 1910 og þá var það kjördæmi fjölmennasta kjördæmi landsins, en í

árslok 1971 er það orðið fámennasta kjördæmið ásamt Norðurl. v. með 4.79% þjóðarinnar. M. ö. o.: meðan Íslendingar voru 85 183, þá voru 13 386 í þessu fjölmennasta kjördæmi landsins, en þegar þeir eru orðnir 207 174, þá eru aðeins 9 927 íbúar í þessu fjölmennasta kjördæmi landsins, sem þá var. Ástæðurnar eru margar, og m. a. er ein ástæðan sú, að fulltrúar strjálbýlisins á Alþ. Íslendinga hafa ekki alltaf komið sér nógu vel saman um raunhæfar aðgerðir til þess að sporna við fólksflótta af landsbyggðinni og hingað suður á Faxaflóasvæðið. Það hefði farið betur oft og tíðum, ef menn hefðu getað slíðrað sverðin og reynt að ná sameiginlegum markmiðum til þess að ná sem mestum og beztum árangri. Þá væri kannske ástandið eitthvað skárra.

Ég skal taka það fram, að ég er meðflm. að till., sem fjallar um mörkun stefnu í byggðamálum. Þessi till. er nú í prentun og mun sjást hér á Alþ. mjög fljótlega, og hún er flutt undir forustu 5. þm. Norðurl. e. Við flytjum þá till. nokkrir þm. Sjálfstfl., og við höfum í margar vikur og marga mánuði unnið að þessari stefnumörkun með undirbúningi þessarar till. Við höfum náð fullu samkomulagi í okkar flokki, þannig að flm. till. eru þm. úr öllum kjördæmum landsins, og ég tel, að sú till. sé þess virði, að hún verði tekin til mjög ítarlegrar meðferðar hér á Alþ., því að þar er um ákveðna stefnumörkun að ræða, en ekki sífelldar kannanir, sem eru búnar að taka allt of langan tíma hjá mörgum ríkisstj. bæði vinstri stjórn og öðrum ríkisstj., sem hafa verið við völd.

Mér er bæði ljúft og skylt að segja það, að frá þeim tíma, að ég kom hér inn á þing, hef ég viljað vinna að því að ná meiri og betri árangri fyrir strjálbýlið, og ég er ekkert að fara í felur með það, að ég var ekki alls kostar ánægður undir öllum kringumstæðum, á meðan minn flokkur fór með aðild að stjórn landsins. Þá var ég ekki allt of ánægður með þann árangur, sem náðist, þó að ég hafi oft verið mjög ánægður, sérstaklega yfir þeim mikla árangri, sem náðst hefur í samgöngumálum og atvinnumálum og auðvitað ýmsum öðrum málum. En ég hefði viljað fara lengra og hraðara í þessum efnum.

Hv. framsóknarmenn voru mjög harðir og ákveðnir í mörkun byggðastefnu á 12 ára valdatíma viðreisnarstjórnarinnar, og sannarlega gerði það ekkert til og var ekki nema góðra gjalda vert, að þeir væru það. Þeir fluttu mörg mál, bæði till. og frv., sem voru mikið rædd hér í Alþ. og af hjartans einlægni, eins og mál var flutt hér áðan, og það er ekki nema gott um það að segja. En hitt finnst mér ekki eins gott hjá sumum af þeim ágætu mönnum, að láta sér nú nægja að flytja ákaflega ófullkomnar till., sem eru mjög á reiki, en krydda svo aftur framsögurræður sínar með ákaflega fögrum fyrirheitum um, að þetta og hitt verði strax að komast í lag.

Ég skal styðja hv. 1. flm. og þá aðra að því að efla hafnamálin, en hafnamálin eru víða mjög illa á vegi stödd í fámennum byggðarlögum úti á landi. Það eru dæmi þess, eins og ég leyfði mér að segja í vetur, þegar hafnalagafrv. var til 1. umr., að ákveðnir staðir verða að nota rúmlega fjórðung af útsvörum sínum til þess að standa undir afborgun og vöxtum af hafnalánum, á sama tíma og slík útgjöld eru óþekkt fyrirbrigði í stærstu kaupstöðum landsins og þeir þurfa ekki að leggja neitt á í útsvörum í þessum efnum. Ég skal líka styðja að því af heilum hug og hvar sem hægt er, að uppfyllt verði þau heimildarákvæði fjárl., þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast lán vegna hafnabótasjóðs að upphæð allt að 30 millj. kr. vegna endurgreiðslna á eldri lánum sjóðsins og jafnframt að taka lán að upphæð 40 millj. kr. til að létta greiðslubyrði þeirra hafnasjóða, sem verst eru settir vegna langra lána.

Það liggja nú fyrir Alþ. allmörg frv., sem upprunalega voru samin til þess að bæta mjög verulega fyrir landsbyggðinni og sérstaklega fyrir þeim stöðum, sem verst eru settir. Í því sambandi vil ég lítillega nefna frv. um heilbrigðisþjónustu. Það hefur verið mikið rætt á undanförnum árum, að neyðarástand sé ríkjandi í ákveðnum landshlutum hvað snertir heilbrigðisþjónustu, og þá á ég sérstaklega við Austfirði, Vestfirði og Norðausturland. Það frv. að löggjöf, sem nú liggur fyrir Alþ., er mjög merkt frv. En ég get ekki séð, að það sé neitt í því frv., sem tryggi það, að bætt sé úr þessu neyðarástandi, þannig að það sé tekið fram fyrir önnur verkefni, þannig að það sé tryggt, að þeir, sem búa núna við neyðarástand, verði í framkvæmd á undan þeim, sem búa við mjög sæmilegt og jafnvel gott ástand í þessum efnum. Þetta tel ég vera höfuðgallann á því frv. og vil mjög eindregið stuðla að því sem jafnvægismáli, að fyrir þennan agnúa verði komizt og verkefni verði tryggð eftir því, hvernig ástandið er í þessum málum.

Sama má segja um menntamál. Þar hefur strjálbýlið auðvitað í mörgum tilfellum orðið að búa við allt aðrar ástæður og aðstæður heldur en þéttbýlið, og að mörgu leyti er það kannske eðlilegt. En þó er óeðlilegt að stiga stór og dýr skref fyrir landið allt, á sama tíma og við erum ekki menn til þess að fullnægja gildandi lögum þó að þau séu orðin þetta gömul, eins og menn vita.

Hv. 1. flm. þessarar till. ræddi réttilega um húsnæðismálin. Ég er honum algerlega sammála í þeim efnum. Ég tel, að það verði að koma hliðstæðar framkvæmdir og hafa verið hér syðra, þó að þær hafi komið til undir kannske nokkuð þungri pressu á sínum tíma. Ég er honum mjög sammála í þeim efnum og hefði talið, að þessi mál öll hefðu átt að koma undir hina almennu stefnumörkun í byggðamálum.

Eitt er það, sem ég vil vekja athygli á, hvað viðskiptalíf úti á landsbyggðinni hefur dregizt saman á síðustu áratugum. Ég gerði það raunar nokkuð að umræðuefni, þegar ég mælti fyrir till. um vöruflutninga, sem hér var á dagskrá fyrir nokkru. En þegar höftin voru tekin upp, þurftu þeir, sem viðskipti stunduðu, að stunda skrifstofurnar og kerfið hér syðra, bíða eftir leyfunum, og þá dró mjög úr beinum innflutn-

ingi til landsins. Það var eitt af verstu óþurftarverkum, sem dreifbýlinu voru gerð, þessi andstyggilegu höft, sem voru í gildi í mörg ár. Þá voru samgöngur erlendis frá til flestra verzlunarhafna úti um land mjög góðar, en þær samgöngur hafa mjög versnað á síðustu árum, eins og ég þá ræddi um.

Núv. ríkisstj. skipaði n., eins og hv. fyrri ræðumaður sagði hér áðan, til þess að athuga um staðsetningu ríkisstofnana úti um land. Ég heyrði einn nm. lýsa störfum þessarar n. á fundi á s. l. hausti vestur á Patreksfirði, og ég verð að segja það eins og er, að þegar ég hafði hlýtt á þetta ágæta erindi, hugsaði ég sem svo: Hvaða ár skyldi það vera, sem þessi n. lýkur störfum sínum, því að þar var búið að ákveða að safna svo miklum gögnum, að ég hefði talið, að það mundi taka nokkur ár. Því gleður það mitt dapra hjarta nú að heyra frá hv. 1. flm. þessarar till., að till. frá þeirri n: sé að vænta og það á þessu ári, svo að ég hef þá verið of svartsýnn í þessum efnum.

Hv. 1. flm. þessarar till. sagði, að það væri skortur á atvinnu fyrir menntað fólk í strjálbýli. Ég er honum ekki sammála í þeim efnum. Ég held, að það sé fyrst og fremst skortur á menntuðu fólki í strjálbýli vegna þess, að það hefur ekki fengizt til þess, hefur ekki talið sig hafa aðstöðu, sem það ágæta fólk telur sér samboðna til starfa, í litlum byggðarlögum. En það er mikill skortur einmitt á sérmenntuðu fólki í ágætum byggðarlögum úti um land. Og ég er honum auðvitað algerlega sammála um, að það sé nauðsynlegt að vinna að því að fá hér bætt úr.

Hann taldi líka, að það væri nauðsynlegt að efla sjálfstæði sveitarfélaganna og gera hlut þeirra betri en verið hefði. Og hann mun líka hafa fengið afrit af bréfi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar sendi hæstv. félmrh., og þar segir, að bæjarstjórn Ísafjarðar mótmæli þeirri ákvörðun félmrh. og ríkisstj. að heimila ekki í ár 10% hækkun útsvara, svo sem leyft var á s. l. ári. Þessu bréfi fylgir löng grg. yfir ástand og horfur í þessu stærsta sveitarfélagi á Vestfjörðum. Ég held, að ekki sé verið að auka sjálfstæði sveitarfélaga með þessari ákvörðun hæstv. félmrh. og þá sennilega hæstv. ríkisstj. um leið, og ég tel því, að þarna þurfi að breyta nokkuð um stefnu. En ég fékk líka í dag annað bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, þar sem fjallað er um niðurskurð fjárl. 1972. Þar er sagt, um hve margar millj. eru skornar niður fjárveitingar til hvers einstaks kjördæmis, og síðan reiknað út á íbúa. Niðurskurður þessara fjárveitinga er 700 kr. á íbúa í Reykjavík, 298 kr. á íbúa í Reykn., þar sem hv. 1. flm. á heima, sem er hreppsnm. í Garðahreppi, í Vesturl. eru það 1202 kr., í Norðurl. v. 1401 kr., í Norðurl. e. 967 kr., í Austf. 1767 kr., í Suðurl. 656 kr. En svo kemur að þeim, sem eiga um sárast að binda í sambandi við fólksflóttann, Vestf., og þar er niðurskurðurinn á íbúa 2145 kr. Þetta er ekki að efla rétt strjálbýlisins, — ekki að mínum dómi.

Hv. 1. flm. ræddi nokkuð um áætlanir og samgönguáætlanir, sem hafa verið gerðar og framkvæmdar, og ég verð að segja það, að það voru gerð mikil átök í því kjördæmi, sem ég er umboðsmaður fyrir eða fulltrúi fyrir hér á Alþ., einkum í vegamálum, hafnamálum og flugvallamálum. Ég var afar ánægður með þann áfanga, sem náðist. Hins vegar voru mínir ágætu samstarfsmenn úr núv. stjórnarandstöðu yfirleitt mjög óánægðir með þetta og töldu aldrei nóg að gert. Sérstaklega man ég eftir því, hvað þeim fannst leiðinlegt og lágkúrulegt að þiggja lán til þessara framkvæmda úr sjóði, sem var kallaður á íslenzku máli Viðreisnarsjóður. Þeir töldu, að þetta væri alls ekki rétt þýðing, þessi sjóður ætti að heita á íslenzku máli Flóttamannasjóður. Og það var aldrei talað um þessi lán og fjárveitingar til uppbyggingar í þessu kjördæmi öðruvísi en í niðrandi tón, að hafa gerzt svo lágkúrulegir að þiggja lán úr flóttamannasjóði. Hvað skeði svo á s. l. ári? Þá er hringt til okkar stjórnarmanna í Framkvæmdastofnun ríkisins og það er borið undir okkur, hvort við viljum samþykkja að taka lán úr Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, — það var ekki kallað flóttamannasjóður, ég skal geta þess, ekki þá. Jú, ég hélt það nú, að ég væri til í það, og samþykkti það alveg orðalaust. Og ég veit ekki annað en allir stjórnarmenn hafi samþykkt þetta. Þessu fé er ætlað fyrst og fremst að verja til Austfjarða- og Norðurlandsáætlunar, sem ég styð alveg af heilum hug og af hjartans einlægni. En svona breytast nú tímarnir og mennirnir með.

Atvinnujöfnunarsjóður var að mörgu leyti og verulegu leyti merkur sjóður, sem gengdi töluvert þýðingarmiklu hlutverki fyrir strjálbýlið, og hann er nú sameinaður Framkvæmdastofnun ríkisins. Að sjálfsögðu mátti hann ekki heita atvinnujöfnunarsjóður, en heitir byggðasjóður, og í raun og veru er mér alveg sama um það. Hlutverkið skiptir höfuðmáli. Þessi sjóður hefur eins og áður lagt strjálbýlinu töluvert lið. En það hvílir einn skuggi á starfsemi hans, að það hefur verið gengið töluvert á hann fyrir aðrar lánveitingar á síðasta ári. Það þekkjum við, sem erum þar í stjórn. Og sömuleiðis finnst mér nú vera fremur dauft, ekki sérstaklega mikið líf yfir starfsemi þessa sjóðs, það sem af er þessu ári, því að það er nú kominn nálega ársfjórðungur, síðan við stjórnarmenn í Framkvæmdastofnun og stjórn byggðasjóðs höfum fengið að sjá þær lánsumsóknir, sem þar liggja fyrir, en þær munu víst vera á leiðinni til okkar, til þess að vita, hverjir hafa sótt þar um lán. Mér finnst þetta ekki bera vott um mikið fjör eða þrótt. Það kemur mér ekki þannig fyrir sjónir.

Ég hygg, að það sé langeðlilegasta leiðin til þess að ná árangri að reyna að ná samstarfi við þá menn, sem í þéttbýli búa, um mun ákveðnari og heilladrýgri stefnumörkun í byggðamálum og ná síðan samstöðu um að fylgja þeirri stefnu fast eftir. Ég hygg, að sú till., sem ég nefndi hér áðan og mun koma fyrir sjónir þm., verði almennt álitin miklu sterkari till. og miklu ákveðnari stefnumörkun en þessi till. En það er fjarri mér að halda því fram, að sú till. sé algerlega fullkomin. Og ég a. m. k. fyrir

mitt leyti get fyrir fram lýst því yfir, að ef strjálbýlismenn í öðrum flokkum benda á eitthvað, sem betur megi fara í þeirri till., þá erum við flm. áreiðanlega mjög opnir fyrir því að lagfæra þá till. og fallast fúslega á slíka lagfæringu. En því miður verð ég að segja það, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er fjarri því að vera um nokkra mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Hún er aðeins könnun á mörkun almennarar stefnu í byggðamálum. Það tel ég engan veginn ganga nógu langt, og því hef ég kannske verið heldur neikvæður í undirtektum við samþykkt þessarar till. og kannske nokkuð afundinn í sambandi við hana. Ef till. hefði verið í sama anda og framsögurræðan, sem fylgdi henni, þá hefði ég verið miklu ánægðari og kannske sleppt mörgum köflum úr þessari ræðu, sem ég hef þegar lokið við að flytja.

Umr. frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 19. marz, kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl. frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 374 er frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá. Eins og fram kemur í aths. frv., er þetta frv. flutt í kjölfar þeirrar samþykktar, sem Alþ. gerði fyrir nokkru, að staðfesta samning Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, og hefur verið skipzt á tilkynningum samningsaðila um, að samningurinn hafi hlotið þá meðferð, sem nauðsynleg er hjá hvorum samningsaðila um sig, til þess að hann taki gildi. Tilkynningaskiptin fóru fram 28. febr. s. l., og tekur samningurinn því gildi 1. apríl n. k.

Lagafrv. þetta er bein afleiðing af staðfestingu Íslands á samningi Íslands við Efnahagsbandalagið og felur eingöngu í sér nauðsynlegar orðalagsbreytingar á 1. gr. l. um tollskrá o. fl. nr. 1. frá 1970, til þess að tollfríðindum þeim, sem innflutningur frá EFTA-löndunum hefur notið, verði jafnframt beitt gagnvart innflutningi frá Efnahagsbandalaginu. Jafnframt eru tiltekin þau 21 tollskrárnr., sem samningur Íslands og EBE tekur ekki til varðandi innflutning til Íslands, en falla hins vegar undir ákvæði EFTA-samningsins um fríverzlun.

Það þótti rétt að hafa þennan hátt á breytingunum gagnvart Efnahagsbandalaginu nú. Hins vegar er tollskráin í endurskoðun, og er gert ráð fyrir að leggja fram heildarfrv. til l. að tollskrá í byrjun næsta þings, svo að samþykkt laga um tollskrá geti farið fram fyrir 1. jan. 1974, en þá kemur og til afgreiðslu breyting vegna samninganna við EFTA og Efnahagsbandalagið. Þá munu einnig verða tekin til meðferðar þau önnur atriði, sem hafa sérstaklega verið til endurskoðunar í sambandi við heildarendurskoðun á tollskránni. Frv. þetta felur hins vegar ekki í sér neina aðra breytingu en sem leiðir af þessum samningi, og er þess vænzt, að hv. Alþ. geti afgreitt frv með þeim hætti.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn. d., og treysti því, að það fái fljóta afgreiðslu hér í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Leigunám hvalveiðiskipa, frv. (þskj. 31, n. 363). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl. frá 14. sept. s. l. Það kom fram í umr. um þetta mál, m. a. í allshn. Nd., en n. ræddi við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, að skipakostur Landhelgisgæzlunnar var talinn ónógur, þegar aukin verkefni komu til vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Landhelgisgæzlan hafði athugað bæði hérlendis og erlendis möguleika á að fá keypt eða leigt skip, en að athuguðu máli var talinn bezti kosturinn, sem um var að tefla. að fá hvalveiðiskip til gæzlunnar. Það tókust hins vegar ekki samningar í upphafi um að fá skipið leigt, og því voru þessi brbl. gefin út. Meiri hl. n. leggur til, að það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér skilst, að það hafi verið skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, en ekki skilað séráliti.

Í sambandi við þetta mál, vil ég koma því á framfæri, að eins og hv. allshn.-mönnum er kunnugt, er umsaminn leigutími fyrir Týr til 1. maí 1973, en ef leigutaki óskar að framlengja leigusamninginn fram yfir þann tíma, þá á að endurmeta leiguna. Samkv. samningnum, sem legið hefur fyrir hv. allshn., ber að tilkynna fyrir 1. marz 1973, hvort óskað verður eftir að framlengja samningstímann. Að beiðni rn. hefur þessi frestur verið framlengdur til mánaðarloka.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur verið fengin heimild fyrir að kaupa, taka á leigu eða láta smíða skip til gæzlustarfa, og ég hef skipað n. til að athuga það mál. Í þeirri n. eru Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Egill Sigurgeirsson hrl. og Óttar Karlsson skipaverkfræðingur. Það fer fram athugun á því nú, hvort muni verða möguleikar að fá skip annaðhvort keypt eða leigt, fyrir þann tíma, sem leigusali þarf á þessu skipi að halda til hvalveiða, en hvalveiðar munu að jafnaði byrja fyrir mailok, og það er fullur vilji til að leysa það mál þannig, að skipið geti orðið nothæft við hvalveiðar. Það er þó ekki alveg séð fyrir um það nú. En sá frestur, sem þarna er og hefur orðið samkomulag um, að framlengdur sé til mánaðamóta, er líka talinn nægilegur fyrir leigusala, sem væntanlega yrði að taka á leigu skip til hvalveiðanna, ef svo færi, að ekki fyndist jafnhentugt skip til gæzlunnar eins og Týr hefur reynzt og yrði vegna þeirra aðstæðna, sem þá væru fyrir hendi, óhjákvæmilegt að halda honum áfram við þau störf. En ég hygg, að það sé út af fyrir sig möguleiki á því, eins og nú stendur, að fá leigð hvalveiðiskip. En sem sagt, ég endurtek, að það er vilji minn og rn., að það verði hægt að skila þessu skipi, svo að það geti verið við hvalveiðar, ef mögulegt verður.

Ég vildi láta þetta koma fram hér, en hvort sem verður, er auðvitað jafnsjálfsagt, að brbl. verður að staðfesta, af því að það er ekki gert ráð fyrir tímatakmörkunum í lögunum að öðru leyti en því, sem ég hef greint.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Við fulltrúar Sjálfstfl. í allshn. höfum ekki skrifað undir nál. Það er ekki vegna þess, að það sé nokkur minnsti ágreiningur um nauðsyn þess að tryggja skip til viðhlítandi landhelgisgæzlu, heldur vegna hins, að við teljum, að eins og málin standa nú sé þarflaust að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hafi einhvern tíma þurft á því að halda, þá hefur það a. m. k. náð tilgangi sínum. Það tókust samningar milli rn. og Hvals hf um leigu á einu hvalveiðiskipi, sem mér skilst, að hafi reynzt ágætlega til þessara starfa, og það skip er enn í leigu og ekkert, sem bendir sérstaklega til þess, að þurfi á að halda á næstunni slíkum lögum, sem hér er farið fram á að staðfesta. Brbl. hafa því, ef þau hafa að einhverju leyti stuðlað að samningum um skipið,

gert sitt gagn. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort það hafi nokkurn tíma verið þörf á þeim, en við skulum ekki deila um það. En eins og sakir standa í dag þykir okkur mjög óeðlilegt að framlengja þessi lög ótímabundin og slíkt eigi ekki að gera, að ákveða um leigunám eða veita leigunámsheimildir, nema brýna nauðsyn beri til.

Við þetta er einnig því að bæta, að hæstv. forsrh. hefur gefið hér ýmsar eftirtektarverðar upplýsingar í sinni ræðu, sem í rauninni eru nægileg rök fyrir þeirri skoðun okkar í minni hl. n., að þetta frv. eigi ekki að staðfesta eða sé þarflaust að staðfesta og veita slíka heimild sem hér um ræðir. Ef ég hef skilið hann rétt, þá er ekkert, sem bendir til þess, að ekki sé fullur vilji fyrir hjá báðum aðilum, bæði ríkisstj. að mæta sanngjörnum óskum Hvals hf, því að auðvitað má ekki stöðva hvalveiðar, — við sjáum, hvaða þýðingu þær hafa við þjóðarbúið, — og einnig af hálfu Hvals að verða við sanngjörnum óskum ríkisstj. um framhaldandi leigu skips, ef hægt verður að fá annað skip til hvalveiðanna. Mér sýnist því allt benda til þess, að það sé alveg ástæðulaust að veita heimild þá, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. með þeim hætti að samþykkja þetta frv.

Nú skilst mér, ef ég hef tekið rétt eftir, að það hafi orðið um það samkomulag að fresta til næstu mánaðamóta endanlegri ákvörðun um, hvað gert yrði í þessu máli. Ég held, að það liggi a. m. k. alveg ljóst fyrir, að Alþ. verði ekki lokið fyrir næstu mánaðamót, og ég held þess vegna, að undir öllum kringumstæðum eigi að fresta afgreiðslu þessa máls hér í hv. d. og sjá til, hvort gerist nokkur þörf á að vera að veita þá heimild, sem hér um ræðir. Ég hygg í rauninni, að það sé enginn hér í hv. d., sem telur það út af fyrir sig æskilegt að þurfa að grípa til heimilda sem þessara, og úr því að ríkisstj. sjálf hefur talið, að hægt væri að fresta þessu máli um skeið og sjá, hvernig til tækist, þá sýnist mér, að það væri í bili æskilegast að láta málið liggja, en að öðru leyti, ef það fæst ekki fram, þá er það skoðun okkar í minni hl. n. með hliðsjón af öllum atvikum málsins, eins og þau eru, að þetta frv. eigi ekki að samþykkja, það sé þarflaust. Þurfi hins vegar á því að halda að grípa til einhverra aðgerða til að tryggja Landhelgisgæzlunni nauðsynlegan skipakost, hvort sem það verður með þessum hætti eða öðrum, þá mun ekki standa á okkur til liðsinnis við hæstv. ríkisstj. í því efni, en við væntum þess, að hún vilji taka með sanngirni á málum og heimta ekki sér til handa leigunámsheimildir, nema brýna nauðsyn beri til. En það er sýnilegt, að málin standa nú þannig, að þessi brýna nauðsyn er ekki fyrir hendi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að hefja deilur um þetta mál, en ég vil undirstrika það, að leigunámsheimildin var nauðsynleg, til þess að samningar gætu tekizt. Samningar náðust ekki án þess að þessi brbl. væru sett um leigunámsheimildina. Þá og þá fyrst reyndist unnt að ná samningum, þannig að það var út af fyrir sig full nauðsyn á því að gefa þessi brbl. út, þó að svo vel tækist til á eftir, að samkomulag yrði um leigukjörin.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er ekki ætlunin, ef unnt er að komast hjá því, að framlengja þennan leigusamning, en hins vegar er ekki hægt að fullyrða um það í dag og þess vegna sjálfsagt að hafa heimildina.

Hvað sem því líður, þá veit ég, að hv. síðasti ræðumaður er svo þingvanur og skilningsgóður á eðli brbl. og afstöðu stjórnvalda til þeirra, að honum hlýtur að skiljast, að það liti dálítið einkennilega út, ef ríkisstj. hefði gefið út brbl. um leigunám, sem hún fengi svo ekki staðfest á Alþ. Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt og liggur í hlutarins eðli, að ríkisstj. hlýtur að fara fram á þá viðurkenningu, sem felst í því, að brbl. séu staðfest, því að annars mætti túlka það svo, eins og hv síðasti ræðumaður, hv. þm. Magnús Jónsson, lét að liggja, að e. t. v. hefðu þessi brbl. verið gefin út að nauðsynjalausu. Þess vegna er alls ekki um það að ræða, eins og hann tæpti á, að það sé réttmætt undir þessum kringumstæðum að fresta afgreiðslu þessa máls.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég held, að þeir, sem hlýddu á ræðu mína áðan, ef ég hef ekki komizt því klaufalegar að orði, hljóti að hafa tekið eftir því, að ég fullyrti ekkert um það, að þessi brbl. kynnu ekki á sínum tíma að hafa leitt til þess, að samningar náðust. Það vildi ég ekkert fullyrða um, ég veit það ekki, þannig að það var ekki verið út af fyrir sig að deila á brbl sem slík. En þau hafa hins vegar komið að fullum notum. Það þurfti ekki að beita þeim nema þá með óbeinum hætti, eins og hæstv. forsrh. vill halda fram, að þau hafi verkað, og því er á þessu stigi málsins a. m. k. þarflaust að gera ráð fyrir því, að til þessara heimilda þurfi að grípa, og ástæðulaust að hafa slíka svipu yfir mönnum með þessum hætti, þegar allt virðist horfa í þá átt, eins og ég vitnaði áðan í fyrri ræðu hæstv. forsrh., að samkomulag muni takast nú varðandi sumarið í sumar, annaðhvort með framhaldandi leigu á þessu skipi eða þá að skipið verði afhent, ef Hvalur getur ekki útvegað sér skip eða málið verður leyst með öðrum hætti. Auðvitað má vel hugsa sér að taka einhver önnur skip til landhelgisgæzlustarfa heldur en endilega þetta skip, sem hér um ræðir.

Um hitt atriðið, sem hæstv. forsrh. lagði meginháherzlu á, að það mundi eða gæti skoðazt sem fylgisskortur, skulum við segja, við hæstv. ríkisstj. varðandi setningu þessara brbl., ef þau eru ekki staðfest, þá veit ég, að honum er mætavel kunnugt um það sjálfum, að það hefur hvað eftir annað komið fyrir, að brbl. hafa ekki verið samþ. eða staðfest af Alþ., og hefur engum dottið í hug að túlka það á þann hátt, að með því væri verið að lýsa vantrausti á þá lagasetningu eða vanþóknun þingsins á henni, heldur hefur hitt verið staðreynd málsins, að lögin hafa þegar á þeim tíma gert sitt gang, alveg eins og þessi lög hafa gert sitt gagn, ef þurft hefum á þeim að halda. Um það atriði er ég ekkert að deila við hæstv. forsrh. Það er því alger misskilningur hjá honum, að þó að þessi lög verði ekki staðfest hér á hinu háa Alþ., eins og málum er háttað nú, þá sýni það einhverja van-

þóknun á brbl.-setningu út af fyrir sig á sínum tíma. Hitt vil ég leggja áherzlu á, að staðfesting þeirra nú kynni frekar að verka til leiðinda, að vera yfir mönnum með svipu sem þessa og það með ótímabundinni lagasetningu, sem er mjög óeðlilegt að gera, veita ríkisstj. slíka heimild ótímabundið. Eins og ég gat um áðan og vitnaði til ræðu hæstv. forsrh., hefur orðið samkomulag um að fresta til næstu mánaðamóta samningum um endanlega ákvörðun varðandi notkun þessa skips eða skipa Hvals, og mér sýnist það a. m. k. ekki gera hið minnsta til og vera ósköp sanngjörn málamiðlun að sinni, að fallizt yrði á það af hæstv. forsrh., að frv. yrði ekki knúið fram til atkvgr. í gegnum þingið, áður en séð er, hvort þarf á slíkum heimildum að halda, ef endanleg ákvörðun verður um það tekin um næstu mánaðamót. Alþ. mun þá áreiðanlega verða að störfum, og þá ætti að grípa til þess að staðfesta brbl, ef það sýnist vera æskilegt að fá þá heimild áfram, sem hér um ræðir, enda falla lögin ekki úr gildi, fyrr en þá er þingi lýkur, þannig að það sýnist ekkert vandamál, að ríkisstj. geti gert það, sem henni þóknast í þessu efni, hvað sem þeirri staðfestingu líður, sem nú er lögð áherzla á af hálfu hæstv. forsrh., að eigi sér stað nú þegar.

Ég vil þess vegna skjóta því að hæstv. forsrh., hvort hann geti ekki fallizt á þá málamiðlunarósk, að málið yrði látið bíða fram yfir mánaðamót, og ef hann telur nauðsynlegt að hafa þessa svipu á lofti, þá er það í fullu gildi og er þá hægt að afgreiða það hér með mjög skjótum hætti, þar sem þetta er í seinni d. Mér finnst það sanngirnisósk. Verði ekki hægt að sinna þeirri ósk, hljótum við í minni hl. n. að standa við þá skoðun okkar, að rétt sé að samþykkja ekki frv., og leggja til, að það verði fellt, þar sem staðfesting þess er þarflaus.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umræðu með 11:3 atkv.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131, n. 369). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur rætt frv. þetta um sérstakan dómstól og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum. Hún hefur fengið umsagnir frá Læknafélagi Íslands og lögreglustj. í Reykjavík. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umsagnir komu aðeins frá tveimur aðilum um þetta frv., enda þótt við hefðum sent það til fleiri. Læknafélag Íslands sendi svo hljóðandi umsögn:

„Stjórn Læknafélags Íslands fagnar flutningi þessa frv., sem getur, ef að lögum verður, samræmt og eflt til muna varnir gegn ólöglegri meðferð ávana- og fíkniefna. Læknafélag Íslands sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við frv."

Lögreglustjórinn í Reykjavík sendi grg. og leyfi ég mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp úr þeirri umsögn. Þar segir m. a.:

„Sérstakur samstarfshópur löggæzlumanna hafði hér vinnuaðstöðu og leitaðist við að staðreyna, hvort og hvað mikil brögð væru orðin að dreifingu, neyzlu og annarri meðferð ávana- og fíkniefna meðal íslenzkra ungmenna. Könnunin beindist í fyrstu einkum aftur í tímann, og leiddi hún í ljós, að neyzla fíkniefna var þegar orðin umtalsverð á landi hér, þannig að frekari ráðstafana væri þörf."

Lögreglustjórinn er algerlega fylgjandi fyrra meginefnisatriði þessa frv., þ. e. skipun sérstaks dóms. Aftur á móti segir hann svo, þar sem hann ræðir um stofnun sérstakrar deildar lögreglunnar:

„Frv. því, er lagt hefur verið fram á hinu háa Alþingi, er m. a. ætlað að tengja nánar frumrannsóknir mála. Uppljóstrun um misferli getur beinlínis oltið á góðri samvinnu dómara og lögreglumanna, en lögreglumennirnir hafa oft aflað gagna og fylgzt með aðilum, er hafa fellt á sig grun um misferli, nokkurn tíma, áður en til beinna aðgerða dregur. Þegar svo er komið, að þeirra sé þörf, er mjög nauðsynlegt, að lögreglan eigi greiðan aðgang að dómara, til þess að fá hjá heimild til húsrannsóknar eða annan úrskurð, sem atbeina dómara þarf til samkvæmt lögum."

Enn fremur segir hann að rétt þyki að benda á, hvort eigi væri hagkvæmt út frá hagsýnissjónarmiði að tryggja dómaranum starfsaðstöðu hjá einhverju þeirra dómaraembætta, sem fyrir hendi eru.

Lögreglustjórinn í Reykjavík er þess vegna ekki hlyntur því, að sérstök rannsóknardeild lögreglumanna starfi við þetta nýja dómaraembætti. Hins vegar var n. sammála um, að hér væri um svo aðkallandi og mikið vandamál að ræða og mál, þar sem þyrfti svo mikla sérhæfingu einstakra lögreglumanna, að okkur fannst sjálfsagt að leggja til, að þarna yrði sérstök rannsóknardeild undir stjórn eða í samvinnu við þann nýja dómstól, sem hér skal setja upp.

Eins og hv. alþm. er kunnugt um, þá eru tvö meginefnisatriði þessa nýja frv. Það er í fyrsta lagi stofnun sérstaks dóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem skal hafa aðsetur í Reykjavík. Og í öðru lagi er það svo 8. gr., að við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.

Síðan þetta frv. kom fram hér í þinginu, hafa gerzt ýmsir atburðir, er benda eindregið til þess, að enn þá sé langt í land hjá okkur að hafa hemil á þessum málum, svo sem vera skyldi. Hins vegar eru þær gleðilegu fréttir að fá utan úr löndum, að á ýmsum stöðum virðist margt benda til þess, að heldur sé að draga úr þeirri ofneyzlu, sem verið hefur í okkar nágrannalöndum á undanförnum árum. Eitt er víst, að við erum sammála um það, að mikil þörf sé fyrir sérstakan dómstól hér og mikil þörf fyrir sérstaka deild lögreglumanna, er hafi verið sérmenntaðir, ekki sízt í því að fara mannlega og þó valdsmannlega með þau ungmenni, sem oftast er hér um að ræða. Þess vegna höfum við komizt að þessari niðurstöðu að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 146, n. 360, 381). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til athugunar frv. til l. um heimild til að stofna fjölbrautaskóla. Efni þessa frv. er það, að menntmrn. og Reykjavíkurborg er heimilað að stofna tilraunaskóla, sem beri það heiti, er fram kemur í frv., fjölbrautaskóli. Þessi skóli á að vera sérstaklega fyrir nemendur, sem hafa lokið skyldunámi, og hann á að veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntunarþjálfun í ýmsum starfsgreinum. Þetta er sem sagt tilraunastarfsemi, sem hér er farið á flot með, og að öðru leyti eru ákvæði um skólann að því leyti frábrugðin ákvæðum um byggingu annarra skóla, að ríkissjóður greiðir í þessu tilviki, sbr. 4 gr. frv., 60% af stofnkostnaði skólans á móti 40% frá Reykjavíkurborg, í stað þess að samkv. almennum reglum um þetta efni greiðir ríkissjóður 50% af stofnkostnaði skóla, ef ekki er um að ræða heimavistarskóla eða aðra sérstakar tegundir skólabyggingar.

Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. á s. l. þingi og var þá ekki útrætt, en nú er það borið fram á nýjan leik og þá með þeirri viðbót, sem felst í 6. gr. frv., að menntmrn. sé heimilt að stofna til slíkra skóla í samvinnu við önnur sveitarfélög en Reykjavíkurborg.

Menntmn. hefur leitað umsagnar nokkurra aðila um frv. Í fyrsta lagi borgarráðs Reykjavíkurborgar og borgarstjórans í Reykjavík, í öðru lagi Sambands ísl. barnakennara og í þriðja lagi fræðslumálastjóra, og er þar skemmst frá að segja, að þessir þrír aðilar mæla mjög eindregið með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einnig leitaði n. umsagnar stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara, og umsögn sambandsins er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Stjórn Landssambandsins telur sig ekki geta tekið afstöðu til téðs frv., fyrr en séð verður, hverja afgreiðslu frv. um skólakerfi og grunnskóla hljóta í meðförum hins háa Alþ. og hvaða tengsl verða milli grunnskólans annars vegar og framhaldsskólanna hins vegar."

Eftir að þetta mál var rætt, taldi n. sig ekki geta fallizt á nefnda ábendingu stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara, og n. mælir sem sagt einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar frv. um stofnun fjölbrautaskóla var rætt við 1. umr., gat ég ekki verið viðstaddur, og því langar mig að gera nú að þessu sinni í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þess.

Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að ég hef áhuga á því, að frv. nái fram að ganga. Í annan stað tel ég, að þörf sé á að koma slíku samræmdu fræðslukerfi á eins víða og nokkur kostur er. Í fræðsluráði Árnessýslu höfum við rætt nokkuð um skipulag skólamála, og fræðslustjórinn á Suðurlandi, Valgarð Runólfsson, hefur oftlega rætt við mig um möguleika á því að skipuleggja skólastarf á Suðurlandi á þann hátt, að jafngildi fjölbrautaskóla, og erum við á einu máli um, að að því beri að keppa.

Mér sýnist, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, leysi ekki þann vanda, svo að óyggjandi sé, og því hef ég leyft mér að bera fram brtt. við 7. gr. þess, sem ég ætla, að nægi til þess að opna möguleika fyrir strjálbýlis byggðarlög að koma slíku kerfi á, ef áhugi er fyrir hendi um það, því að þótt í 6. gr. sé getið um það, að stofna megi fjölbrautaskóla víðar en í Reykjavík með samkomulagi við fleiri sveitarfélög, þá leysir það ekki þann vanda, sem ég hef hér gert að umræðuefni, og kem ég betur að því síðar.

Ég vil í framhaldi af þessu gera nokkru nánari grein fyrir till. minni, en kemst þó ekki hjá því að rekja í örstuttu máli nokkra þætti, sem til þess liggja, að frv. þetta er fram komið, svo og ástæðuna til þess, að ég vil með þessum tillöguflutningi opna leiðir til þess að stofna til fjölbrautaskóla við önnur skilyrði en frv. gerir ráð fyrir.

Ég hygg, að það hafi verið í júlí 1971, að fræðsluráð Reykjavíkur samþykkti till. um stofnun tilraunaskóla á gagnfræða- og menntaskólastigi, sem það sendi borgarstjórninni ásamt grg. Borgarstjórnin samþykkti till. fræðsluráðs, og fljótlega fram af því hófust viðræður við fulltrúa ríkisvaldsins um málið. Árangur þeirra viðræðna varð samningur um stofnun tilraunaskóla, sem á síðara stigi var nefndur sameinaður framhaldsskóli. Það frv. til l., sem hér er til umr. um fjölbrautaskóla, er í öllum megin atriðum byggt á þeim samningi, sem Reykjavíkurborg og ríkisvaldið hafa gert um sameinaðan framhaldsskóla. Í till. fræðsluráðsins í Reykjavík segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólanum verði valinn staður í Breiðholtshverfi og verði hann hverfisskóli, er taki við öllum nemendum hverfisins að skyldunámi loknu."

Eins og þessi tilvitnun ber með sér, var skólanum ætlað að þjóna tilteknu hverfi innan stærra heildarsvæðis, en ekki ætlað að ná til alls fræðsluumdæmisins.

Mér skilst, að þetta frv. geri einnig ráð fyrir því, að fjölbrautaskóli sé sérstök stofnun, sem undir sama þaki gefur fólki kost á mörgum valbrautum. Einnig er gert ráð fyrir því, að kennsla í ákveðnum greinum verði stöðluð og geti verið sameiginleg fyrir nemendur í mismunandi valgreinum. Þá byggir þetta skólaform á þeirri skipulagningu í námi, sem nefnd hefur verið einingarkerfi, þ. e. a. s. að hver námseining, sem lögð er að baki, verði metin nemandanum til ávinnings í framhaldsnámi, þótt hann skipti um aðalvalgrein. Það segir sig sjálft, að slíkt skólaform er mjög hagkvæmt fyrir ungt fólk, sem oft er leitandi um staðfasta ákvörðun um framtíðarstarf. Með þessu móti falla síður gagnslaus niður þau námsár, sem fara til þess að leita fyrir sér og finna verkefni við þeirra hæfi. Sú skoðun á vaxandi fylgi að fagna, að skóli í þessu formi muni leysa margan vanda

þessara unglinga og að nauðsynlegt sé að stuðla að því, að hver einstaklingur nái góðri starfsmenntun á sem skemmstum tíma, ella muni innan skamms verða mjög tilfinnanlegur skortur á sérhæfðum starfskröftum í þjóðfélaginu. Þessi skoðun kemur víða fram, og má m. a. finna hana í till. verk- og tæknimenntunarnefndar. Þar kemur fram, að talið er nauðsynlegt að tengja saman allar námsbrautir og skóla á framhaldsskólastigi í samræmt kerfi.

Í fyrrnefndum till. fræðsluráðs Reykjavíkur um tilraunaskóla kemur þetta líka fram, en þar er lagt til, að í því hverfi, sem honum var ætlað að þjóna, verði allt almennt framhaldsnám sameinað í einni kennslustofnun. Þá kemur þetta og fram í ályktun frá ráðstefnu háskólamenntaðra kennara, sem haldin var sumarið 1972, ef ég man rétt. Þar er bent á nauðsyn þess, að sameinuðum framhaldsskólum verði komið upp í strjálbýlinu, og er megináherzla lögð á þessi atriði: Í fyrsta lagi, að stefnt verði að því, að almennt framhaldsnám í tilteknu umdæmi verði sameinað og námsskrár samræmdar. Í öðru lagi, að nemendur eigi kost á að velja um námsbrautir og valgreinar, hver við sitt hæfi, eftir þroska og áhugasviði. Og í þriðja lagi, að markmið framhaldsnámsins sé, að nemendur geti auk almennrar menntunar aukið kunnáttu sína og hæfni til frekara náms í æðri skólum og sérskólum eða undirbúið sig undir ýmis störf í atvinnulífinu með sérhæfðu námi þar að lútandi.

Mér virðist þetta frv. eingöngu miða að því að stofna einn skóla í hverju tilviki og muni því kalla á miklar byggingarframkvæmdir, auk þess sem slíkum stofnunum verður ekki við komið nema í þéttbýli. Og þótt í 6. gr. sé gert ráð fyrir samvinnu fleiri sveitarfélaga um slíka stofnun, eins og ég gat um áðan, sem er mjög mikilvægt ákvæði, einkum fyrir fjölmennari sveitarfélög, þá verður ekki séð, að frv. leyfi slíka samvinnuskóla sem till. mín gerir ráð fyrir og ég tel nauðsynlegt að koma á, ef hlutur strjálbýlisins á ekki að liggja eftir í þessu efni. Þeir skólar, sem hugsanlega gætu haft samvinnu um slíka skipulagningu náms í hinum einstöku fræðsluumdæmum, gætu væntanlega verið t. d. menntaskólar, héraðsskólar, iðnskólar, framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, sem starfandi eru, og ýmsir sérskólar tengdir atvinnuvegunum, og fleiri skóla mætti ugglaust tengja þessu starfi.

Till. mín hnígur í þá átt að auðvelda sveitarfélögum eða samtökum þeirra að koma á fót fjölbrautaskólum með því að nýta húsnæði, sem er til á viðkomandi svæði. Með því að nokkrir skólar sameinist í þessu skyni og vinni eftir samræmdum náms- og kennsluáætlunum, væri hægt að koma á hagkvæmri verkaskiptingu milli þeirra, veita fræðslu á mun fleiri sviðum framhaldsnáms, og miklu fleiri starfsmenntaðir, sérhæfðir kennarar mundu fást til starfa í strjálbýlinu en nú er.

Heimild til að stofna og starfrækja fjölbrautaskóla í strjálbýli er réttlætismál, sem ég tel vera mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að bæta námsaðstöðuna þar. Á hinn bóginn er fyrirsjáanlegt, að ýmis sveitarfélög munu ekki sjá sér fært að taka þátt í stofnkostnaði við slíka skóla, ef um fjárfrekar nýbyggingar er að ræða. Ef till. mín verður samþykkt, má gera ráð fyrir möguleikum til margbreytilegs framhaldsnáms í strjálbýlum byggðarlögum, án þess að koma þurfi til verulegra nýbygginga. Till. mun því leiða til raunverulegs sparnaðar fyrir ríki og sveitarfélög. Að mínum dómi leyfir þetta frv. till. l. um fjölbrautaskóla ekki þá sameiningu skóla, sem till. mín gerir ráð fyrir. Till. er flutt til þess að taka af allan vafa og hindra hugsanlegan ágreining um túlkun síðar meir, þegar og ef till. um slíka sameiningu kemur fram.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf frekari skýringa af minni hendi varðandi till. mína á þskj. 381, og ég gæti látið máli mínu lokið. En ég vil þó að lokum segja þetta: Vegna þess, hversu síðbúin till. mín er og menn hafa ekki átt þess kost að kynna sér efni hennar, mun ég taka hana aftur til 3. umr. En um leið vildi ég mega bera fram þá ósk við hv. menntmn., að hún tæki till. til athugunar milli umr. til þess að kanna, hvort verða mætti samstaða um endanlega afgreiðslu hennar.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Enda þótt flm. brtt. á þskj. 381, hv. 6. þm. Sunnl., hafi tekið till. sína aftur til 3. umr., vil ég ekki láta hjá líða að lýsa afstöðu minni til hennar. Ég er hlynntur þessari brtt., enda þótt skilningur minn á 6. gr. frv. sé og hafi verið sá, að hún gefi heimild þeirri afferð við stofnun fjölbrautaskóla, sem nánar er útfærð í brtt. á þskj. 381.

Það er hverju orði sannara hjá flm., að það námsfyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í fjölbrautaskóla, er því dýrmætara landshlutum og héruðum, því erfiðara sem þau héruð ella eiga með að halda uppi framhaldsnámi. Og úr því að einhverjir telja, að vafi geti leikið á, eins og 6. gr. er orðuð í frv., að unnt sé að efna til fjölbrautaskólahalds með verkaskiptingu milli skólastofnana, sem þegar eru til og þar sem byggingar hafa verið reistar, þá er sjálfsagt að taka af öll tvímæli um það efni.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því, að verði að lögum þau frv., sem nú liggja fyrir hv. Nd. um endurskipun skyldunámsins, liggur það fyrir, að á eftir verður að fylgja allsherjarendurskoðun framhaldsnáms, og þá verður einn veigamesti þáttur þeirrar endurskoðunar að ganga nánar frá því, hversu fjölbrautaskólahaldi verði bezt við komið við mismunandi skilyrði, því að ljóst er á undirtektum þann skamma tíma, sem liðinn er, frá því að fjölbrautaskóli kom á dagskrá, að sú hugmynd á mjög mikinn hljómgrunn um allt land, bæði í þéttbýli og strjálbýli.

ATKVGR.

Brtt. 381 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337, n. 372). — 2. umr

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um frv. að öðru leyti, enda þótt hæstv. dómsmrh. hafi gert því rækileg skil út af fyrir sig, þegar hann mælti fyrir frv.

Íbúar í Austur-Skaftafellssýslu hafa lengi óskað þess, að þeir fengju sýslumann að Höfn eða í Austur-Skaftafellssýslu eða a. m. k. lögreglustjóra í Hafnarhreppi. Vitnar um það fjöldi samþykkta félaga og hreppsnefnda innan sýslunnar. Svo sem kunnugt er, er aðstaða fyrir sýslumann í Skaftafellssýslu, sem hefur aðsetur í Vík í Mýrdal, hin erfiðasta að annast nauðsynleg störf í eystri sýslunni, þ. e. Austur-Skaftafellssýslu. Og fyrir Austur-Skaftfellinga er það oft og tíðum og kannske oftast ógerningur að fara til Víkur til embættismannsins þar með málefni sín. Í Höfn í Hafnarhreppi hefur fólksfjölgun verið mjög ör undanfarin ár og er nú þar yfir 1000 manns. Þar er athafnalíf með mesta blóma og óvíða meiri eða ábatasamari útgerð en t. d. þar. Mannfjöldinn í allri sýslunni var 1. des. 1971 1630 manns. Þar af voru í Hafnarhreppi, þ. e. a. s. Höfn, 964. En í vestri sýslunni voru á sama tíma 1368 manns, þar af í Vík í Mýrdal 378. Það má segja, að hér sé á ferðinni eitt gleggsta dæmi um óhagkvæma skipan lögsagnarumdæma í landinu. En víðar en þarna eru dæmi ekki ólík þessu. Ég vildi aðeins benda á þetta, en það er ekki staður hér né stund til þess að ræða nánar um umdæmaskipun í okkar landi, enda mun það mál nú vera sem lengi fyrr í endurskoðun.

Til þess að ráða bót á þessu sérstaka vandamáli á þessum slóðum, sem svo mjög lengi hefur verið til athugunar, hefur með því frv., sem hér liggur fyrir, nánast verið farin millileið. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að þrátt fyrir það, að brúargerð verði á Skeiðarársandi til fulls framkvæmd á sínum tíma og innan ekki langs tíma, þá eru samt vegalengdir á milli t. d. Víkur og Hafnar miklar. Ég hygg, að þær séu nánast 300 km eða öllu meir, ég tala ekki um úr eystri hluta Austur-Skaftafellssýslu. Þannig er það fyrir Austur-Skaftfellinga langurinn uppi að sækja þjónustu til Víkur, þrátt fyrir það að brýr komi á nefndu svæði, þar sem Skeiðará rennur.

Efni frv. er í stuttu máli það, að lögreglustjóri skal vera í Hafnarhreppi. Enn fremur á hann að annast öll dómsstörf í hreppnum og svo auðvitað lögreglustjórn, tollgæzlu, einnig alla innheimtu á ríkissjóðstekjum og margt fleira. En í frv. er getið um það, að reglugerð verði síðar og þegar til kemur samin um starfssvið og störf lögreglustjórans.

Við í allshn. höfum talið rétt að taka sérstaklega fram tvö atriði til ábendingar, þegar til framkvæmda kemur. Í fyrra lagi álítur allshn. alveg einsætt, að þessi lögreglustjóri hafi jafnframt á hendi umboðsstörf eða fulltrúastörf fyrir sýslumanninn í Vík í Mýrdal að því er varðar aðra hreppa en Hafnarhrepp innan Austur-Skaftafellssýslu. Í öðru lagi telur allshn. sjálfsagt, að til athugunar komi, eftir að breyting hefur farið fram, hvort þörf sé á óbreyttum starfsmannafjölda við embættið í Vík. Það segir sig sjálft, að þegar breyting hefur farið fram, minnkar athafnasvið sýslumannsins í Vík í Mýrdal mjög verulega, og þess vegna er þessi aths. fram komin.

Eins og ég sagði áður, hefur þetta mál lengi verið til athugunar og m. a. í dómsmrn., og á þeirri athugunarleið hafa komið fram ýmsar till., hvernig leysa ætti þennan vanda, sem ljóslega er á ferð, og nú hefur það verið gert að lokum með þessum hætti. Ég ætla, eins og ég hef áður sagt, að þetta sé nánast millileið. Og ég tel, að þegar tímar og þeir ekki langir hafa liðið, muni við umdæmaskiptingu í landinu verða hér á breyting enn fremur. En eins og sakir standa tel ég og við í n. efni frv. á þá lund, að það sé nauðsynlegt að samþykkja það.

Tómas Árnason: Herra forseti. Án þess að vilja lengja þessar umr., vil ég þó leggja örfá orð í belg út af þessu máli.

Ég vil sérstaklega fagna því, að slíkt frv. hefur nú verið lagt fram hér á hv. Alþ., því satt bezt að segja hefur réttarstaða þess fólks, sem býr þarna austur frá, hvað snertir aðgang að sýslumannsembættinu, vegna fjarlægðar og erfiðleika á samgöngum verið á þann hátt, að það hefur verið algerlega óviðunandi. Víðast hvar á landinu er það svo, að menn geta með tiltölulega lítilli fyrirhöfn haft samband við sýslumannsembætti með því að koma á staðinn. Í viðkvæmum málum er erfitt fyrir fólk að fjalla um þau gegnum síma eða með öðrum hætti, með bréfaskriftum eða á annan hátt. Ég veit dæmi til þess, að það hefur í raun og veru ekki aðeins komið sér illa, heldur í raun og veru verið mjög bagalegt að fólk hefur ekki haft aðstöðu til þess nema með dýrum ferðalögum að geta hitt sýslumann að máli. Nú má enginn skilja það svo, að ég sé á þennan hátt að neinu leyti að deila á sýslumannsembættið. Það vil ég ekki gera og tek það alveg skýrlega fram, heldur eru aðstæður þannig, að það verður svo erfitt í framkvæmdinni fyrir íbúana að hafa aðgang að embættinu, sem þó er nauðsynlegur í fjölmörgum tilfellum og oft fyrirvaralítið.

Nú er þetta að sumu leyti dálítið öndvert, að það skuli þurfa að fjölga embættum, en þó verður að gæta þess, að þar sem háttar til eins og hér um ræðir, þá er það alveg óumflýjanlegt. Ég minnist þess í sambandi við málefni íbúa þarna austur frá, svo sem eignaskipti eða hin ýmsu viðkvæmari málefni, að það horfir raunverulega oft til verulegra vandræða fyrir fólk að fá afgreiðslu með eðlilegum hætti. Þar á ég við það að geta komið á skrifstofu embættisins og hitt embættismenn að máli með litlum fyrirvara. Það gefur auga leið, að ekki er hægt að stefna sýslumanni um langa vegu til þess að afgreiða einstök mál, sem þó eru í eðli sínu þannig, að nauðsynlegt er, að menn geti talað saman augliti til auglitis. Mér hefur oft runnið það til rifja í raun og veru, hve fólk þarna býr að þessu leyti við miklu lakari aðstöðu en almenningur yfirleitt annars staðar á landinu, að ég ekki tali um þéttbýlið, þar sem menn fyrirvaralaust geta fengið afgreiðslu

mála sinna hjá hliðstæðum embættum. Þess vegna fagna ég þessu frv. og vonast til þess, að það fái sem fljótast framgang.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sameinað þing, 60. fundur.

Þriðjudaginn 20. marz, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. marz 1973.

Bjarni Guðbjörnsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestf., Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Halldór Kristjánsson hefur áður setið þingbekk á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi, fsp. (þskj. 373). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 373 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv forsrh. varðandi framkvæmd þál. frá 16. maí 1972 um gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi, en ályktunin var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnir í kjördæminu og byggt m. a. á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis."

Þáltill. þessi var flutt af fulltrúum allra flokka og samþ. shlj. á hv. Alþ.

Fyrir nokkrum árum var hafinn undirbúningur að áætlanagerð á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi. Upphaflega var ætlunin að athuga sérstaklega atvinnumálaþáttinn, og tókst strax samstarf við Reykjavíkurborg um þá áætlunargerð. Það kom í ljós, að ekki var unnt að gera atvinnumálaáætlun, sem byrjað var á fyrir Reykjavík, nema líta til alls höfuðborgarsvæðisins. Þegar farið var að skipuleggja þetta samstarf þótti einsýnt, að allt Reykjaneskjördæmi yrði að athuga samtímis. Veruleg vinna hefur þegar verið inntaf hendi, gerðar mannaflaspár o. fl. og ályktanir af þeim dregnar.

Framkvæmdir sveitarfélaga og ríkisins eru í svo mörgum atriðum samtvinnaðar, að áætlanir um opinberar framkvæmdir verða ekki gerðar, svo að gagni sé, nema ríkið og sveitarfélögin starfi saman að slíkri áætlanagerð. Sú atvinnumálaáætlun, sem ég gat um áðan, var raunar aðeins fyrsta skrefið í alhliða áætlanagerð fyrir allt kjördæmið. Slík áætlun gat ekki orðið verkefni sveitarfélaganna einna, þar sem hún spannar yfir verkefni, þar sem stefnumörkun er að mestu hjá ríkisvaldinu, auk þeirra verkefna, þar sem sveitarfélögin ráða mestu. Svo að ég nefni dæmi um opinbera þjónustu eða verkefni, þar sem stefnumörkun er að mestu hjá ríkisvaldinu, þá eru það í fyrsta lagi samgöngumál, þar undir vegamál, hafnamál, flugmál og póst- og símaþjónusta. Í öðru lagi fræðslumál, í þriðja lagi heilbrigðismál og í fjórða lagi orkumál, þ. e. raforkumál og hitaveitur. Allt er þetta þó að meira eða minna leyti háð samstarfi ríkisins og sveitarfélaganna.

Með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins var svo ákveðið, að sú stofnun skyldi vinna að áætlanagerð, og fellur það verkefni undir áætlanadeild. Í 8. gr. l. segir, að deildin geri áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun. Í 10. gr. l. er það ákvæði, að byggðaáætlanir skuli gerðar í samráði við sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga, svo og landshlutasamtök verklýðsfélaga og atvinnurekenda. Með þessum lögum var Framkvæmdastofnun ríkisins því falið ákveðið frumkvæði í áætlanagerð. Með hliðsjón af því, svo og því, sem ég áður nefndi, að verkefni sveitarfélaga og ríkisins væru í svo mörgum og veigamiklum atriðum samofin, var fyrrgreind þáltill. flutt.

Spurningar mínar til hæstv. forsrh. eru þessar:

„1. Er hafin vinna við gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi, eins og ríkisstj. var falið að láta gera, sbr. þál. frá 16. maí 1972?

2. Ef svo er, hverjir vinna að áætlanagerðinni og í hvaða mæli hefur samstarf verið haft við Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi?"

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sendi ég áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, og hefur mér borizt frá henni svohljóðandi svar, dags. 19. marz 1973, sem ég nú mun lesa, með leyfi forseta:

„Forsrn. Reykjavík. — Varðandi fsp. Ólafs G. Einarssonar alþm. til forshrh. á þskj. 373 um gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi skal tekið fram eftirfarandi:

1. Þál. var samþ. 16. maí 1972, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um opinberar framkvæmdir í Reykjaneskjördæmi. Verk þetta skal unnið í samráði við sveitarstjórnir í kjördæminu og byggt m. a.

á þeim athugunum, sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi um framtíðarþróun þessa svæðis."

2. Þál. var send Framkvæmdastofnun með bréfi forsrn., þar sem segir: „Væntir rn. þess, að framkvæmdastofnunin taki þessi verkefni til meðferðar, eftir því sem ástæður leyfa." — Til skýringar er rétt að skjóta inn, að það voru fleiri þál. um áætlanir, sem fóru í einu lagi. — Síðan segir: „Sökum óhjákvæmilegs forgangs annarra verkefna á sviði byggðaáætlana hefur stjórn stofnunarinnar enn ekki gert samþykkt um, að þetta verkefni skuli tekið fyrir. Með tilliti til þess hefur orðið að ráði milli Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og Framkvæmdastofnunarinnar, að þýðingarmestu þættir þessarar áætlanagerðar yrðu teknir til sérstakrar rannsóknar, einkum alhliða aðstaða sjávarútvegs á svæðinu, og þá sérstaklega með áherzlu á hafnargerð og aðstöðu til fiskmóttöku, fiskflutnings o. s. frv. Hefur SAS, ÍR, Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi hafið athugun þessa, og er ætlunin, að hún verði framkvæmd í nánu samráði við Framkvæmdastofnunina, hafnarmálastjóra og aðra hlutaðeigandi aðila.

Virðingarfyllst,
Framkvæmdastofnun ríkisins,
Áætlanadeild,
Bjarni Bragi Jónsson."

Frekari upplýsingar varðandi fsp. get ég ekki gefið.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin við fsp. mínum. Ég hlýt þó að láta í ljós vonbrigði yfir því, að lítið hefur verið gert í þessum málum, og mér sýnist, að hlutur Framkvæmdastofnunar ríkisins sé þar nánast enginn. Þetta gefur vissulega tilefni til að spyrja, hvernig ástatt sé með aðrar áætlanir, en eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., voru samþ. hér á síðasta þingi nokkrar aðrar þál., hliðstæðar þessari, fyrir aðra landshluta. Ég ætlast að sjálfsögðu ekki til, að hæstv. forsrh. svari því hér, hvernig tekizt hefur til með þær áætlanir, en það kom fram hjá hæstv. ráðh., að aðrar áætlanir hafi forgang fram yfir Reykjanesáætlunina. Mér er kunnugt um, að það, sem gert hefur verið í áætlanagerð fyrir Reykjanes, og það á reyndar líka við um Suðurland, hefur verið unnið af viðkomandi landshlutasamtökum sveitarfélaga að öllu leyti. Allt hefur það þó verið unnið með vitund Framkvæmdastofnunar ríkisins, en ég held, að lengra nái það samstarf ekki. Í Reykjaneskjördæmi hefur, auk þess sem gert hafði verið fyrir daga Framkvæmdastofnunar ríkisins, verið unnið að hafnamálakönnun. Það verk hefur verið unnið í samvinnu við bæði Samtök sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi og Reykjavíkurborg. Þetta er könnun á aðstöðu sjávarútvegsins á svæðinu frá Eyrarbakka og Stokkseyri um Reykjanes til Reykjavíkur. Mér er ekki kunnugt um, að Framkvæmdastofnunin hafi tekið neinn þátt í þessu verki.

Ef farið hefði verið að ályktun Alþ. frá því í fyrra um gerð áætlana fyrir hina ýmsu landshluta, átti það að vera verkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins, sbr. það, sem ég sagði hér áðan og vísaði til 8. gr. l. um Framkvæmdastofnunina, og verkið hefði þá átt að vera unnið á kostnað áætlanadeildar. Ég bendi líka á 31. gr. 1., sem heimilar stjórn byggðasjóðs að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins, sem svarar 3/4 af árslaunum starfsmanns hjá landshlutasamtökum, enda vinni hann þá að gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild. Ég læt í ljós þá von, að framkvæmdastofnunin sinni því verkefni, sem Alþ. hefur falið henni.

Fyrir Reykjaneskjördæmi er mikilvægt, að lokið verði við áætlun um úrbætur í hafnamálum, en þar hefur raunar þegar verið unnið mikið verk, eins og ég sagði áðan, af sveitarfélögunum. Þeirri áætlun þarf síðar að fylgja eftir með raunverulegum fjárveitingum frá Alþ. Þarna er ekki um að ræða hagsmuni Reykjaneskjördæmis eingöngu, heldur varðar þetta alla þjóðina, svo mikilvægar sem fiskihafnirnar á Suðurnesjum eru. Þá er ekki síður mikilvægt fyrir Reykjaneskjördæmi, að skriður komist á áætlanir um hitaveitu, og á það bæði við um hitaveitu fyrir Suðurnes og eins hér á þessu svæði.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með fáum orðum nota tækifærið í sambandi við þessar umr. um áætlanagerð, landshlutaáætlanir, og upplýsa hæstv. ríkisstj. um það, á hvaða stigi áætlanagerð fyrir Suðurland er. Það vantar fjármagn til þess að greiða þann kostnað, sem þegar er áfallinn í sambandi við hana. Samtök sveitarfélaga á Suðulandi samþykktu fyrir sitt leyti að beita sér fyrir áætlanagerð, eftir að þál. hafði verið samþ. hér á hv. Alþ. á s.l. ári. Af hálfu samtakanna var strax hafizt handa um undirbúning verksins. Á fundum, sem framkvæmdastjóri samtakanna ásamt starfsmanni átti með framkvæmdaráði og forstöðumanni áætlanagerðar Framkvæmdastofnunarinnar í sept. og okt. 1972, kom fram, að Framkvæmdastofnunin hefði ekki yfir að ráða nægum mannafla til að sinna þessu verki, en Stofnunin væri hins vegar reiðubúin að greiða götu Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi og láta í té gögn, sem tiltæk væru. Á fundunum voru af hálfu samtakanna kynnt og rædd vinnubrögð og efni væntanlegrar áætlanagerðar, svo og tímasett áætlun um vinnuhagræðingu. Þessi atriði fengu góðar undirtektir hjá Framkvæmdastofnuninni.

Í samræmi við vinnuáætlun voru haldnir svæðafundir með sveitarstjórnarmönnum og fleiri aðilum. Fundirnir voru haldnir að Hellu, Vík, Stokkseyri og Vestmannaeyjum. Auk starfsmanna að áætluninni, heimamanna og annarra gesta mættu fulltrúar frá Framkvæmdastofnuninni á fundunum, og gerðu þeir grein fyrir hennar þætti að áætlanagerð samkvæmt lögum um stofnunina. Fundargerðir voru sendar framkvæmdaráði að fundum loknum.

Eftir því sem verkunum hefur miðað áfram, hafa Framkvæmdastofnuninni verið sendir einstakir kaflar til umsagnar, og á fundum með

starfsmönnum hafa athugasemdir verið ræddar. Áherzla var á það lögð af hálfu beggja aðila, að þessum hluta, sem nú er í vinnslu, er ætlað að vera almenn úttekt á stöðu Suðurlands, einkum opinbera þættinum. (**Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Ég verð þá að stytta mál mitt, herra forseti. En ég vil minna á, að kostnaðurinn nemur 2,6 millj. kr. og eftir er að greiða 1.4 millj. Verð ég að ræða við hæstv. ríkisstj. við annað tækifæri um, hvenær vænta megi greiðslu þess fjár, sem í gjalddaga er fallið.

Inngönguréttindi kennara í háskólann, fsp. (þskj. 373). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég leyfi mér sbr. þskj. 373, að beina til hæstv. menntmrh. svo hljóðandi fyrirspurn: „Hvað líður samanburðarkönnun á kennaraprófi og stúdentsprófi með tilliti til inngönguréttinda kennara í Háskóla Íslands?“ Ég ber fram þessa fsp. vegna tilmæla nemenda í Kennaraskólanum. Það líður nú óðum að prófi þar, og er nauðsynlegt, að þetta fólk fái að vita fyrir víst, hvaða réttindi prófið veitir þeim og hvaða möguleika, í þessu sambandi möguleika á að komast í háskólann.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Svar mitt við fsp. hv. 5. þm. Vesturl. er á þessa leið:

Með lögum nr. 67 1972, um breyt. á l. nr. 84 1970, um Háskóla Íslands, var bætt í lögin nýjum heimildarákvæðum varðandi inntökuskilyrði í háskólann. Ákvæðin eru á þessa leið:

„Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Enn fremur er háskólaráði heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, er sú deild, er í hlut á, mælir með, að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektorsembættið vera þessum ráðstöfunum meðmælt, samkv. 3. málsgr. 2. gr. Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skráningar til verkfræðináms með fyrrgreindum skilyrði. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenzkum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.“

Á s.l. sumri sóttu rösklega 30 námsmenn, sem lokið höfðu almennu kennaraprófi, um innritun í Háskóla Íslands. Umsóknunum var synjað af hálfu háskólans, og var í ályktun háskólaráðs um málið lýst þeirri afstöðu, að ekki væri tímabært að hverfa frá þeirri meginreglu fyrir inntöku í háskólann, að umsækjandi hefði lokið stúdentspófi, enda hefði heildarendurskoðun á inntökuskilyrðum háskólans ekki farið fram. Af þessu tilefni fór stjórn Sambands íslenzkra barnakennara þess á leit við menntmrn. með bréfi, dags. 20. sept. s.l., að það beitti sér fyrir því, að gerður yrði samanburður á kennaraprófi, stúdentsprófi og prófi frá Tækniskóla Íslands, sem metið væri gilt til inntöku í Háskóla Íslands. Ráðuneytið ákvað að verða við þessum tilmælum. Var ákveðið að hafa þann hátt á að leita til forstöðumanna þeirra skóla, sem málin varða, um, að þeir gerðu í sameiningu till. um mann, er falið yrði að vinna umrætt verk. I því skyni var boðað til fundar í samstarfsnefnd menntaskólastigsins, þar sem sæti eiga forstöðumenn allra þeirra skóla, er hlut eiga að máli, annarra en Háskóla Íslands. En jafnframt var óskað eftir því, að háskólarektor eða fulltrúi hans kæmi á fundinn. Á fundi þessum var samþykkt einróma að leita til Sveinbjörns Björnssonar eðlisfræðings um, að hann tæki að sér þetta samanburðarverkefni, og gert ráð fyrir, að hann starfaði í samráði við forstöðumenn hlutaðeigandi skóla. Sveinbjörn féllst á að hafa forgöngu um verkið, og er nú unnið að því. Stefnt er að því, að niðurstöður samanburðarins liggi fyrir sem fyrst og áður en yfirstandandi skólaári lýkur.

Á fundi þeim, er rætt var um hér að framan, skýrði fulltrúi háskólarektors frá því, að skipuð hefði verið innan Háskóla Íslands nefnd til þess að athuga tengsl háskólans við ýmsa aðra skóla, svo sem Tónlistarskólann í Reykjavík, Kennaraháskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og fleiri skóla, eftir því sem nefndin telur ástæðu til. Samkvæmt erindisbréfi er nefndinni m. a. ætlað að kanna, hvort nám frá tilteknum skólum veiti hæfni til háskólanáms, annaðhvort almenna hæfni eða aðeins til inngöngu í ákveðna háskóladeild eða námsbraut innan hennar, svo og hvort nám í öðrum skólum megi viðurkenna, sem þátt í námi í Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum fyrir maílok 1973. Menntmrn. hefur gert ráð fyrir, að álitsgerð Sveinbjörns Björnssonar varðandi kennaraprófið verði kynnt þessari nefnd háskólans.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Það gleður mig að heyra, að unnið er að þessu máli, og ég vænti þess, að útkoman verði ekki eins og oft vill verða, þegar talað er um, „að stefnt verði að“ einhverju, að framkvæmdin dragist úr hömlu. Ég vænti þess, að niðurstaða fáist í þessu máli svo snemma, að það unga fólk, sem hér á hlut að máli, geti áttað sig í tæka tíð, að því er þau réttindi varðar, sem próf veita því. Ég treysti sem sagt hæstv. ráðherra til að hotta á þá aðila, sem fara með þetta mál.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar í sambandi við þessa fsp. að beina annarri einfaldri en mikilvægri fsp. til hæstv. menntmrh. Svo sem kunnugt er, voru fyrir tveim árum sett lög um Kennaraháskóla Íslands, og starfar hann nú á öðru ári, en nám í Kennaraháskólanum er ráðgert í lögum að standi í þrjú ár. Í lögunum er ákvæði um það, að lögin skyldi endurskoða innan tveggja ára. Fsp. mín er um það, hvort sú endurskoðun hafi verið hafin og hvort hægt sé að gefa nokkra vísbendingu um, að hún muni leiða til einhverra breytinga á skipulagi náms í Kennaraháskólanum. Ástæða þessarar fsp. er

sú, að mér er kunnugt um það, að meðal nemenda Kennaraháskóla Íslands þykir ríkja nokkur óvissa, sem valdið hefur óánægju, varðandi það, að þau réttindi, sem prófið úr Kennaraháskóla Íslands eigi að veita, séu ekki nógu skýrt ákveðin, og sérstaklega skorti á það, að afstaða brautskráðra kandídata úr Kennaraháskóla Íslands til kandídata úr Háskóla Íslands, jafnvel í svipuðum greinum, sé nógu skýrt mótuð, og nemendurnir vita ekki gerla, að hverju þeir ganga í þeim efnum.

Nám til BA-prófs í heimspekideild Háskóla Íslands tekur 3 ár, eins og ákveðið hefur verið um nám í Kennaraháskóla Íslands. Hins vegar hljóta nemendur í Háskóla Íslands, heimspekideildinni, ákveðinn akademískan titil að loknu sínu þriggja ára námi. Að því er mér skilst, hefur enn enginn ákvörðun verið tekin um það, hvort nemendur úr Kennaraháskólanum hljóti akademískan titil, og ekki heldur, hvernig staða þeirra verður metin í hlutfalli við nám í svipuðum eða skyldum greinum í Háskóla Íslands. Þetta var eitt af þeim atriðum, sem taka átti til athugunar í endurskoðunarnefndinni, og ég óska upplýsinga um, hvort eitthvað hafi verið gert í málinu.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég get ekki séð, að þessi fsp. hv. 7. þm. Reykv. sé í beinu samhengi við þá fsp., sem áðan var rædd, en mun engu að síður leitast við að svara henni. Svarið er það, að endurskoðun á lögum um Kennaraháskóla Íslands er hafin og stendur yfir. Hins vegar mun ég hvorki um þetta efni né annað gefa neinar yfirlýsingar um niðurstöður starfs, sem er í miðjum klíðum.

Friðuð svæði á Breiðafirði, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Það var fyrir 4 árum, að svæðið fyrir innan línu, sem dregin er frá Skor og í Eyrarfjall, það svæði á Breiðafirði var friðað fyrir öðrum veiðarfærum en handfæri og línu. Þessi friðun komst á að frumkvæði sjómanna og útvegsmanna þar vestra. Þeir eru sjálfir ekki í neinum vafa um, að þetta hafi haft mikil og góð áhrif, og benda á hinn mikla afla þar vestra á síðustu vertíð. Aflinn er orðinn góður aftur núna, og þakka þeir það þessari friðun, sem er satt að segja einstök. Það má sannarlega segja, að þeir, sem stunda sjóinn þar vestra, hafi orðið öðrum mönnum til fyrirmyndar að því er þetta snertir. Vísindaleg athugun hefur hins vegar engin, svo að þeir viti til, verið gerð á því, hvaða gagn hafi verið að þessari friðun. Það er ósk þeirra, að slík athugun verði gerð sem fyrst, þannig að vísindaleg niðurstaða fáist varðandi þessa friðun og þá um leið staðfesting á því, að þetta góða fordæmi þeirra þar vestra hafi orðið til einhvers.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fsp. þessi var send Hafrannsóknastofnuninni til umsagnar, og er svar forstöðumanns hennar við þessari fsp. á þessa leið:

„Með tilvísun í bréf ráðuneytisins, dags. 27. febr. s.l., varðandi fsp. Jónasar Árnasonar alþm. um friðuð svæði á Breiðafirði fyrir ákveðnum veiðarfærum, vil ég taka fram eftirfarandi:

Reglugerð sú frá 10. maí 1967, sem hér um ræðir, var sett að frumkvæði Breiðfirðinga til skiptingar flóans milli einstakra veiðarfæra, og er mér ekki kunnugt um, að Hafrannsóknastofnunin hafi verið spurð um fiskifræðilegan grundvöll þessara aðgerða. Ekki er stofnuninni kunnugt um, að þorskur hrygni að nokkru ráði á því svæði, sem hér um ræðir, frekar en í innanverðum Faxaflóa, enda er sjávarhiti á báðum stöðum of lágur á þeim árstíma, sem hrygning þorsks fer fram. Verður því að telja hæpið, að lokun svæðisins fyrir netaveiði hafi haft nokkur veruleg áhrif á hrygningu fisks á þessu svæði, sérstaklega þar sem netaveiði er leyfð alls staðar utan þessa friðaða svæðis.

Hafrannsóknastofnunin hefur haldið uppi kerfisbundnum athugunum á fiskmagni í Breiðafirði, eins og við aðra landshluta, undanfarna áratugi. Ekki er í niðurstöðum þeirra rannsókna sjáanleg nein aukning í fiskgengd á Breiðafirði, sem rekja megi til umræddrar lokunar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allveruleg áraskipti eru að því, hvort þorskur gengur í fullu magni suður fyrir Reykjanes eða staðnæmist að nokkru leyti norðan við Snæfellsnes. Er talið, að hér sé að mestu um að kenna árlegum sveiflum í hitastigi sjávar. Á árunum 1966—1969 minnkaði vertíðarafli í Breiðafirði verulega, eða úr tæpum 25 þús tonnum í 10 þús. tonn. Samtímis þessu jókst afli báta úr Grindavík og Þorlákshöfn úr 25 þús. tonnum í 52 þús. tonn. Árið 1970 nam vertíðarafli báta úr verstöðvum á Breiðafirði 18 þús. tonnum, árið 1971 varð hann tæp 16 þús. tonn, en komst upp í tæp 25 þús. tonn á vertíðinni 1972, og það ár var sjávarhiti allmiklu hærri en í meðalári. Rannsóknir „Bjarna Sæmundssonar“ á þessari vertíð sýna, að hiti er einnig hár í ár, og ætti því, ef að líkum lætur, að vera aukinn möguleiki fyrir fiskgengd á Breiðafjarðarmiðum.“

Undir þetta skrifar Jón Jónsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ég tel fyrir mitt leyti sjálfsagt, að það fari fram ítarlegri rannsókn en þarna hefur í raunninni farið fram, sérstaklega á þeirri friðun, sem þarna hefur átt sér stað, og ég hef beint til Hafrannsóknastofnunarinnar, að það verði gert. En álit forstöðumanns stofnunarinnar kemur allgreinilega fram í því svari, sem ég hef greint frá.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt, að umrædd friðun var gerð að frumkvæði sjómanna og útgerðarmanna við Breiðafjörð. Þetta hefur verið svona um nokkurt skeið, að árlega hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda auglýsing þetta varðandi. Er það sérstaklega athyglisvert, að því er varðar þann við netaveiði, eins og segir í auglýsingunni: „Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.“ Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum í lögum frá árinu 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér er um

einstæða friðun að ræða og um hana ríkir einhugur heima fyrir. Það er algjör friður um þessa friðun. Breiðfirzkir sjómenn og útgerðarmenn vilja vinna með fiskifræðingum. Þeir vilja efla hafrannsóknir, gera niðurstöður þeirra traustar og öruggar, svo að á þeim megi byggja. En þeir byggja einnig og ekki síður á eigin reynslu í daglegum störfum og vilja ekki varpa henni fyrir róða. Telja þeir, að árangur af þessari friðun hafi verið góður, og benda á, hvort ekki sé ástæða til þess að gera álíkar friðunarráðstafanir víðar um land.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Það gleður mig að heyra það álit hans, að það þurfi að fara fram ítarlegri athugun á þessu en raun er á orðin. Varðandi álit forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar verð ég að láta í ljós undrun mína á þeim tóni, sem er í þessari álitsgerð. Hann talar eins og af vandlætingu um það, að áður en þessi friðun var ákveðin, hafi fiskifræðingar ekki verið spurðir álits. Það kann að vera, — ég veit ekkert um það fyrir víst, — en menn byggðu þarna á eigin reynslu, þóttust sannfærðir um, að þetta mundi verða til góðs, og menn eru enn sannfærðir um, að þetta hafi sannarlega orðið til góðs þar vestra. Það er talað um sjávarhita í þessu sambandi. Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar segir, að sjórinn sé ekki nógu heitur í Breiðafirði, til þess að þorskurinn hrygni þar. Þetta stangast á við reynslu sjómanna þarna. Þeir segja, að iðulega, þegar þeir hafi fyrrum verið að draga netin á þessu svæði, sem nú er friðað, hafi þau verið löðrandi í hrognum og svilum. Ég hef þetta fyrir satt, og þetta bendir til þess og einskis annars en þess, að til hrygningar sé þorskurinn á Breiðafirði nægjusamari, að því er hitastig varðar, en þorskurinn annars staðar.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég tel, að það sé merkileg yfirlýsing, sem kemur hér frá forstöðumanni Hafrannsóknastofnunar ríkisins í sambandi við þetta mál. Eins og réttilega hefur verið skýrt frá hefur þessi friðun á Breiðafirði átt sér stað fyrir framtakssemi heimamanna og trú þeirra á því, að friðun Breiðafjarðar hafi verulega þýðingu fyrir uppfæðinginn, sem þar er. Er merkilegt út af fyrir sig, að fiskifræðingurinn eða forstöðumaðurinn skuli segja, að það ekki hafi farið fram nein fiskifræðileg athugun á þessu svæði, sem búið er að friða nú um fjögurra ára skeið, að stofnunin hafi ekki fundið hvöt hjá sér til þess að gera einhverjar rannsóknir undir slíkum kringumstæðum. Hann vísar einnig til þess í því sambandi, að það hafi ekki verið óskað eftir rannsókn. Ég hélt, að ekki þyrfti að koma sérstök beiðni til stofnunarinnar, til þess að hún gerði það, sem henni ber. Ef einhverjar svona ráðstafanir eru gerðar, er sjálfsagt af slíkri stofnun að fylgjast með því, sem um er að ræða í því sambandi. Forstöðumaðurinn fullyrðir, að á innanverðum Faxaflóa og Breiðafirði eigi sér engin hrygning stað. Mér er spurn: Hvað gerist hjá þeim fiski, sem er vitað, að er í stórtorfum fullur af hrognum á hrygningartímanum á þessum svæðum? Heldur hann hrognunum í sér og hrygnir ekki — eða hvað? Ég held, að það væri betra, að það kæmu skýrari og greinarbetri svör frá forstöðumanni Hafrannsóknastofnunarinnar en hann slær hér fram. Það er vitað, að það er mikið af fiski á þessum fiskimiðum í því ásigkomulagi, sem á sér stað, þegar um hrygningu er að ræða. Og það er alveg merkileg fullyrðing, sem fiskifræðingurinn heldur fram.

Vetrarsamgöngur um Múlaveg, fsp. (þskj. 367). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 367 um vetrarsamgöngur um Múlaveg. Samgöngur um Múlaveg til Ólafsfjarðar hafa verið mjög stirðar s.l. vetur. Kaupstaðurinn hefur m. a. verið úr öllum samgöngutengslum á landi yfir hálfan mánuð í tvö skipti. Óhætt er að segja, að sjúkraflugvöllur sé ónothæfur á vetrum í Ólafsfirði, nema verulegar lagfæringar komi til, og oft er svo brimasamt á firðinum, að sjósamgöngum verður ekki heldur við komið dögum eða vikum saman. Það gefur auga leið, að slíkar samgöngur eru óviðunandi, þegar í hlut á 1100 manna byggð, ekki sízt í læknisleysi því, sem þar hefur verið við að etja nú upp á síðkastið, enda hefur verið mikið baráttumál Ólafsfirðinga að fá úr þessu bætt, einkum þó að vetrarsamgöngur um Múlaveg séu betur tryggðar en nú er.

Eins og kunnugt er, liggur Múlavegur á kafla í snarbrattri hlíð. Í fjallinu eru nokkur kröpp gil og er í þeim veruleg snjóflóðahætta við ákveðin veðurskilyrði. Þar sem vegurinn er skorinn inn í fjallshlíðina, hrúgast snjóflóðin á veginn og mynda margra mannhæða háa farartálma á honum, en yfirleitt kemur þetta fyrir á sömu stöðunum, og þar sem þetta er verst, eru þessir farartálmar einungis um 50—100 metra breiðir. Þótt svo sé, er snjórinn í þessum hraukum svo mikill og illharður, að jarðýtur hafa átt fullt í fangi með að komast í gegnum einn slíkan farartálma á hálfum sólarhring. Það er áreiðanlegt, að vetrarsamgöngur um Múlaveg mundu batna til mikilla muna, ef unnt væri með mannvirkjagerð að bægja þessum snjóflóðum yfir veginn á svipaðan hátt og mun gert víða í Noregi, þar sem við svipaðan vanda er að glíma. Mér skilst, að Vegagerð ríkisins hafi haft í athugun, hvort þetta mundi koma að haldi á Múlavegi, og að því er vikið í fyrri lið fsp.

En betur má, ef tryggja á vetrarsamgöngur um Múlaveg. Lengst af hefur jarðýta, sem er í eigu Ólafsfjarðarkaupstaðar og er nú orðin 10 ára gömul, þurft að anna öllum snjóruðningi á Múlavegi og vegum innan Ólafsfjarðarkaupstaðar, sem ná yfir sveitina og svonefndar Kleifar auk sjálfs þorpsins. Hún þarf því að halda opnum samgöngum fyrir mjólkurflutninga og flutninga á skólabörnum í snjóþungu byggðarlagi á vegum, sem eru á að gizka 20—30 km, — auk þess að ryðja snjó af Múlavegi.

Vegagerð ríkisins á að eigin sögn ekkert hentugt snjóruðningstæki fyrir Múlaveg, þar sem hún telur, að snjóblásari, sem keyptur var á sínum tíma, henti ekki á þessum vegi sökum

þess, að grjót, sem vill berast á veginn, eyðileggi tækin. Vegheflar, sem Vegagerðin notar á öðrum vegum í kring, eru lítils megnugir til snjóruðnings í Múlavegi, nema önnur tæki séu með þeim. Engum, sem til þekkir, getur blandazt hugur um, að hér þarf að ráða bót á.

Sú jarðýta, sem er í eigu Ólafsfjarðarkaupstaðar, er lítil og úr sér gengin og annar ekki því, sem henni er ætlað, enda hefur komið fyrir, að snjóruðningur á Múlavegi hafi staðið yfir í 7—10 daga og oft komið að litlu gagni vegna þess, hve verkið sækist seint með þeim verkfærum, sem fyrir hendi eru. Að þessu lýtur seinni hluti fsp., sem er svo hljóðandi:

„Áformar Vegagerð ríkisins að auka tækjakost við snjóruðning á Múlavegi?"

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ástand það, sem hv. fyrirspyrjandi lýsti um vetrarsamgöngur við Ólafsfjörð um Múlaveg, á því miður við um mörg byggðarlög á Íslandi að vetrinum til, og væri full þörf á að leggja mikið fé til þess að bæta úr slíku ástandi, einkanlega með tilliti til ástandsins í læknamálum héraðanna. En fsp. er í tveimur liðum og fyrri liður fsp. á þessa leið: „Hyggst vegamálastjóri kanna aðstæður til að byggja yfir gil á Múlavegi, þar sem reynslan sýnir, að mestu snjóflóð falla á vetrum?" Svar vegamálastjóra um þetta er á þessa leið:

„Þegar vegáætlun fyrir árin 1972—1975 var til athugunar í fjvn. Alþ., komu fram till. um að byggja yfir gil á Múlavegi og Bolungarvíkurvegi, þar sem snjóflóð falla að jafnaði oft á ári. Vegamálastjóri upplýsti um það, að engin leið væri að segja til um kostnað við slíkt nema að undangenginni ítarlegri athugun á staðháttum og í framhaldi af því, hvers konar gerð yfirbyggingar kæmi til greina, en engin reynsla er af slíkum yfirbyggingum til varnar snjóflóðum hér á landi. Hét hann því (þ. e. a. s. þn., sem um þetta fjallaði) að gera slíka athugun, svo að niðurstöður um tæknilega möguleika og kostnað gætu legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974 og 1975. Í framhaldi af þessu fyrirheiti vegamálastjóra voru aðstæður skoðaðar og mælingar gerðar við nokkur tiltekin gil á Múlavegi og Bolungarvíkurvegi. Enn fremur var Eymundur Runólfsson verkfræðingur sendur til Noregs s.l. sumar til þess að kynna sér gerð slíkra yfirbygginga vegna snjóskriðuhættu, en þar eru þær nokkuð algengar, einkum í Vestur-Noregi."

2. liður fsp. er: „Ef svo er, hversu langt er undirbúningur kominn á veg og hvenær geta framkvæmdir hafizt?" Vegamálastjóri svarar þessu á þennan veg:

„Unnið er nú að frumáætlunum um slíkar yfirbyggingar á Múlavegi og Bolungarvíkurvegi og stefnt að því, að ákveðnar till. og kostnaðaráætlanir geti legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974—1975, eins og heitið var. Ljóst er þó þegar af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið, að slíkar yfirbyggingar eru mjög kostnaðarsamar, og geta framkvæmdir því ekki hafizt, fyrr en fjárveitingar til þeirra liggja fyrir."

3. liður fsp. er: „Áformar Vegagerð ríkisins að auka tækjakost við snjóruðning í Múlavegi?" Svar vegamálastjóra við þessu er svo hljóðandi:

„Í vetur hefur eftirtalinn tækjakostur verið notaður við snjómokstur í Ólafsfjarðarmúla: 1. Ein jarðýta í eigu Ólafsfjarðarkaupstaðar og ein til tvær jarðýtur eftir þörfum frá Dalvík og út Svarfaðardal. Enn fremur hafa verið notaðir tveir vegheflar af stærstu gerð, svo og snjóblásari, en hann hefur einkum verið notaður á Upsaströnd, en á vissum stöðum í sjálfum Múlanum er ekki unnt að beita snjóblásara sökum grjóts, sem berst á veginn í snjóskriðum. Vegagerðin áformar ekki að auka tækjakost við snjóruðning í Ólafsfjarðarmúla umfram það, sem að framan greinir."

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég vil lýsa ánægju minni yfir fyrri hluta í svari hæstv. ráðh., þar sem það virðist vera í athugun að undirbúa mannvirkjagerð í þeim giljum á Ólafsfjarðarmúla, sem eru verst vegna snjóflóðahættu. Það hefur að vísu dregizt að gera þessar athuganir. Það er búið að tala um þetta í fjöldamörg ár, og þetta kom ekki fyrst til tals við gerð síðustu vegáætlunar, eins og kemur fram í svari vegamálastjóra, heldur er hér um baráttumál að ræða, sem á sér miklu lengri aðdraganda. En hvað um það, það er gott til þess að vita, að þetta þokast í rétta átt.

Um síðari liðinn verð ég að lýsa algerri og megnri óánægju minni yfir svari vegamálastjóra. Hann telur, að ekki sé á döfinni að auka tækjakost Vegagerðar ríkisins til þess að ryðja snjó af Múlavegi. Hann vill þá sem sagt segja Ólafsfirðingum, að þeir verði að gera ráð fyrir því, að þeir geti búizt við að hafa engar samgöngur um hálfs mánaðar til þriggja vikna skeið eftir því, hvernig viðrar á vetrum, eins og nú er háttað. Ég var að rekja það hér áðan, þegar ég mælti fyrir þessum fsp., hvaða tækjakost er þarna um að ræða. Vegamálastjóri nefndi tvær aðrar jarðýtur, sem eru enn eldri og enn minna megnugar en sú, sem ég minntist á áðan. Þær þurfa auk þess að sjá um miklu meira verkefni en að ryðja snjó af Múlavegi, enda hefur verið þannig stundum, eins og ég sagði áðan, að það tekur 7—10 daga að vinna þetta verk. Á þeim tíma skipast oft veður í lofti, og þá er verkið ónýtt. Þetta er handabaksvinna á árinu 1973, sem er ekki hægt að þola og ekkert réttlæti í. Hvað mundu Reykvíkingar segja, ef þeir kæmust ekki á sjúkrahús, hvernig sem á stæði í hálfan mánuð?

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 20. marz, að loknum 60. fundi.

Kosningar til Alþingis, þáltill. (þskj. 8, n. 314, 336). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur íhugað þessa till., sem er á þskj. 8, og vil ég leyfa mér fyrst alls að lesa upp till. sjálfa. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv.

forseta: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjörfundaatkvgr.“ Eins og fram kemur í grg. fyrir þessari till., er hún í raun og veru bundin við tvö meginatriði:

Í fyrra lagi á að auðvelda utankjörstaðaatkvgr. þeim kjósendum, sem erlendis dveljast, þegar kosningar nálgast. Sá hópur er nokkuð stór og hefur farið vaxandi á liðnum árum, að sjálfsögðu er einkum um að ræða námsfólk, sem sækir skóla víða um lönd, enn fremur ýmsa aðra þegna. Það eru mörg dæmi þess, hversu þessu fólki hefur oft og tíðum verið gert erfitt fyrir um að neyta atkvæðisréttar síns. Jafnvel hefur það oftlega komið fyrir, að það hefur verið því algerlega ókleift, svo þröngar eru þær lagareglur, sem gilda um utankjörfundakjör. Það er óþarft að víkja nánar að þeim reglum, sem um slíkt kjör fjalla, þær eru öllum hv. þm. kunnar. Einnig er þeim lýst í grg. að nokkru og þó fremur í ræðu frsm. um till.

Það er flestra mál, sem hafa hugsað og fjallað um þetta efni, að full þörf væri á því að freista þess að breyta þessum þröngu lagaákvæðum, þannig að það yrði til rýmkunar og auðveldunar kjósendum að neyta réttar síns. Sýnist með öllu ótækt að viðhalda reglum, sem svipta fólk í mjög ríkum mæli þessum mjög dýrmæta, en þó torsótta rétti, ef nokkur kostur er að bæta úr því. Það er skoðun mín og okkar nm. allra, að þar hljóti að vera unnt að koma hæfara lagi á. Frá utanrrn. hefur n. t. d. borizt hugmynd, sem okkur í n. finnst athyglisverð, þess verð, að hún sé skoðuð mjög nákvæmlega. Ég levfi mér að víkja aðeins að henni í örfáum orðum, þ. e. a. s. að meginatriðum hugmyndarinnar.

1) Kjósandi erlendis óskar þess með bréfi eða í símskeyti til kjörstjórnar sinnar, að hún sendi honum kjörseðil. 2) Þá athugar kjörstjórnin, hvort viðkomandi aðili sé á kjörskrá. Ef svo er, sendir kjörstjórn viðkomanda kjörseðil í ábyrgðarpósti ásamt nauðsynlegum leiðbeiningum. 3) Kjósandi útfyllir kjörseðilinn, er þar að kemur, lokar honum og fer með hann til íslenzks ræðismanns, og um leið á hann að sanna með vegabréfi eða á einhvern annan tryggilegan hátt, hver hann sé. Við seðilinn er svo fest skjal með sams konar eða líkum texta og fylgir að jafnaði utankjörfundarseðli. En neðst á þessu viðfesta skjali komi svo tilheyrandi og textabundin yfirlýsing viðkomandi ræðismanns eða þess, sem kjósandinn leitar til, að viðkomandi hafi undirritað skjalið, sem fest er við kjörseðilinn. Þarna er ekki gert ráð fyrir vitundarvottum, eins og annars er venja, og engar innfærslur í bækur af hálfu ræðismanns. Síðan er búið vel um kjörseðil og hann ásamt viðfestu skjali fenginn í hendur kjósandans, sem síðar sér um sendinguna til kjörstjórnar.

Þessi er hugmyndin, sem hefur komið fram hjá utanrrn. En á sínum tíma sendi kosningalaganefnd, sem var sett á laggirnar og í starfi, að ég hygg, á árinu 1971, beiðni um, að ráðuneytið líti á þetta mál og kæmi með hugmyndir um, hvernig bezt væri að leysa það og tryggilegast, en þó um leið, að reglur yrðu ekki eins strangar og þær eru í lögum. Þetta verður að sjálfsögðu allt að vega og meta, og það verður gert í sambandi við þáltill., sem hér er til umræðu, þegar og ef hún verður samþykkt. En hvað sem öllu öðru líður, þá er alveg ljóst, að það verður að færa lagaákvæði að þessu leyti til rýmra og réttlátara forms, svo sem nokkur kostur er.

Þá kem ég lítillega að hinu atriðinu, sem í raun og veru þarf að fjalla jafnframt um og er vikið að í grg. fyrir till., nefnilega því, að eðlilegt sé, um leið og ráðin er bót á aðstöðu kjósenda erlendis að neyta réttar síns, að taka til endurskoðunar ákvæði um utankjörfundakjör, að því er snertir þá, sem vegna heilsubrests komast ekki til kjörstjóra. Margt af því fólki hefur að sjálfsögðu áhuga og í raun og veru getu og fullan vilja á að taka afstöðu til kosninga. En í þessu efni er væntanlega nokkru erfiðara um vik til úrbóta. Heimakosningar svokallaðar hafa jafnan verið nokkur þyrnir í augum margra á liðnum tíma, og hefur jafnan þótt rétt að hafa nokkuð strangar reglur að því er þær varðar. Það er mikill vandi á höndum að sjálfsögðu, að semja í þessu efni reglur, svo að ekki sé slakað á nauðsynlegum kröfum um, að frá öllu sé tryggilega gengið. Við nm. höfum ekki tekið þetta atriði nema aðeins til orðræðu okkar á milli, en ekki tekið beina afstöðu til þess og sízt, hvernig leysa skuli þetta eða hvaða reglur eigi upp að taka. Ekki hafa heldur legið neinar sérstakar hugmyndir fyrir n. um það, hvað til bragðs skyldi taka, að því er þetta mál varðar. Við teljum samt eðlilegt og líkur fyrir því, að leiðir finnist til að rýmka nokkuð um gildandi lagaákvæði, og að það sé nauðsynlegt að finna einhvern hæfilegan flöt, sem mætti verða til þess að byggja á og bæta um í þessu efni.

Við höfum fengið umsögn frá Dómarafélagi Íslands, og ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér meginefni þeirrar umsagnar, sem er á þessa leið:

„Stjórn félagsins er sammála þeirri meginstefnu, sem kemur fram í till., að þeim, sem kosningarrétt hafa, sé auðveldað að neyta hans, en leggur jafnframt áherzlu á, að ekki sé slakað á þeim kröfum um tryggilegan umbúnað við utankjörfundakosningar, sem almennt koma fram í IX kafla núgildandi laga um kosningar til Alþingis.“

Aðrar umsagnir hafa ekki borizt, en frá fleiri aðilum var óskað umsagna, og verður við svo búið að standa.

Að lokum, eins og segir í nál. frá allshn., mælir n. einróma með samþykkt till., en hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að hafa frjálsar hendur um að bera fram brtt. eða fylgja slíkum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 336 brtt. við þá þáltill., sem hér er til umræðu. Þegar málið var hér fyrst til umræðu s.l. haust, fyrstu dagana í nóvember, gerði ég að umtalsefni ýmis atriði, sem svokölluð kosningalaganefnd hafði fjallað um og ræddi um í grg. sinni frá janúar 1971, sem um er getið í athugasemdum við þessa þáltill. Einnig

ræddi ég þá um till. utanrrn. um framkvæmd utankjörstaðakosninga erlendis, sem hv. frsm. allshn. hefur reyndar rifjað upp í ræðu sinni hér áðan. Þegar þessar umr. fóru fram í Sþ., þá hafði kosningalaganefnd ekkert starfað frá því um vorið 1971. Ég reyndi að afla mér nánari upplýsinga um þetta og varð þess áskynja, að eftir að þm. höfðu fengið skrá um ráð og n. á vegum ríkisins, þá sýndi sig, að kosningalaganefndin, sem sett var á laggirnar í júní 1970, var enn til, þó að ýmsar n. hefðu verið leystar upp eða lagðar niður. En kosningalaganefndin sýndi sig sem sé að vera til enn þá, og fulltrúi sveitarstjórnasambandsins í kosningalaganefndinni, einn af þremur fulltrúum, sem í henni áttu sæti, borgarlögmaðurinn í Reykjavík, sem er formaður stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, hann hafði ítrekað óskað eftir, að haldnir væru fundir og gengið eftir því, hvort n. ætti ekki að halda áfram sínum störfum, en hafði aldrei fengið neinar undirtektir undir það og sagði sig svo úr n. í nóv. s.l. Nú er því miður, eins og þegar þetta mál var fyrr til umr. hér í Sþ., að hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hann, hvort í rn. hefði verið eitthvað unnið að endurskoðun kosningalaganna, þó að n. hafi ekki komið þar nærri, og hvort breytingar og endurbætur á þeirri löggjöf hefðu að einhverju leyti verið undirbúnar í ráðuneytinu í hans ráðherratíð. Ég hafði ætlað mér að óska eftir því, ef svo væri, að hæstv. ráðherra gæfi þm. einhverjar upplýsingar um, á hvaða stigi þessi mál væru.

Þegar þetta mál var til umræðu hér fyrst í haust, beindi ég því til þeirrar þn., sem fengi málið til meðferðar, að taka til athugunar annars vegar að leggja til þá breytingu, að till. yrði víðtækari, þ. e. a. s. væri ekki eingöngu bundin við utankjörstaðaatkvgr., og hins vegar, að stefnt yrði að því að leggja frv. fyrir það þing, sem nú situr, en miða ekki við það, að málið biði næsta þings. Þetta mátti vel takast. Þáltill. var með fyrstu málum, sem fyrir þingað voru lögð, og ég vil nú þessari till. minni til stuðnings vekja athygli á því, sem segir í sjálfri grg. með frv., en þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi till. er flutt til að knýja á um framhald þessa verks, og telja flm., að ekki megi dragast lengur en fram á næsta þing að koma til móts við sanngjarnar kröfur námsmanna í þessum efnum.“ Þarna er vikið að erfiðleikum námsmanna við að geta notið kosningaréttar, námsmanna erlendis. Nú hefur þetta mál haft ákaflega hægan framgang. Það var í byrjun nóvember, sem málið er fyrst tekið til umræðu í Sþ., síðan kemur nál. frá allshn., sem er dags. 10. febr. 1973, það er sem sé hálfur annar mánuður síðan n. gaf út sitt álit. Þegar það svo sýndi sig, að n. hafði ekki flutt neinar brtt. við frv. eða einstakir nm., þó að menn áskildu sér rétt til slíks, lagði ég fram þessa brtt. mína á þskj. 336. Ég sá fram á, eins og þá var orðið áliðið þings, að það þýddi vart að tala um fleiri atriði en utankjörstaðakosninguna. Hins vegar sýndist þá, ef till. yrði einskorðuð við utankjörstaðaatkvgr., að með sanngirni mætti ætlast til þess, að frv. yrði lagt fyrir það þing, sem nú situr, og það ætti að geta fengið afgreiðslu fyrir þinglok. En síðan nál. var útgefið er sem sé liðinn hálfur annar mánuður og hlýtur að styttast til þingloka, þó að ég viti ekki, hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir um þinghaldið. En eigi að síður finnst mér, að það sé þess virði að freista þess að fá samþ. þá brtt., sem ég hef flutt, þar sem eina breytingin er sú, að í stað þess að breytingar verði lagðar fyrir næsta þing, þá orðist till. þannig, að þær verði lagðar fyrir þingið hið allra fyrsta. Ég get alla vega ekki séð, að sú brtt. geti á nokkurn hátt veikt eða dregið úr sjálfri þáltill., eins og hún liggur fyrir, og það er þó allténd tilraun til þess að ýta við hæstv. dómsmrh. um, að gengið verði í það að undirbúa till. um þetta afmarkaða verkefni. Vil ég alveg sérstaklega taka undir það, sem áður hefur komið fram í umr. um þessa þáltill., en það er utankjörstaðaatkvgr. erlendis, en um það efni hafa komið frá utanrrn. till., sem menn virðast nú vera á nokkuð einu máli um, að ættu að geta verið framkvæmanlegar.

Hitt atriðið, sem hv. frsm. allshn. minntist á, heimakosningar, hefur, býst ég við, ekki hlotið neina frekari athugun, ekki var það í kosningalaganefndinni, ég fylgdist með störfum hennar, meðan ég hafði með þessi mál að gera í dómsmrn., og ég á varla von á því, að það verði unnt að hrista fram úr erminni till., sem menn geta sætt sig við, um það atriði á mjög skömmum tíma. En ég tel, og vafalaust getum við þm. verið sammála um það, að það sé skylda Alþ. að greiða fyrir því, að menn geti notað þau dýrmætu réttindi, sem kosningarétturinn er. Og ég held, að við Íslendingar höfum verið full íhaldssamir í þeim efnum, þótt ég vitaskuld viðurkenni eins og aðrir, að fara þurfi með gát til þess að fyrirbyggja alla misnotkun.

En hafi á s.l. hausti verið ástæða til að leggja áherzlu á, að till. yrðu lagðar fyrir þetta þing, þá væri ástæða til þess vissulega enn augljósari nú, því að ég held, að þeir séu ekki ýkjamargir orðið, sem hafa trú á því, að hæstv. ríkisstj. muni eiga sér lengri lífdaga en í hæsta lagi til haustsins. Ef þeir kjósendur, sem þessi þáltill. á að greiða fyrir, eiga að fá aukna möguleika til þess að kjósa í næstu alþingiskosningum, er sannarlega að verða hver síðastur til þess að koma slíkri lagabreytingu í kring.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Sem 1. flm. þessa máls vil ég þakka n. fyrir afgreiðslu hennar. Þegar málið kom til umr. á sínum tíma í haust, gat ég ekki mælt fyrir till. sakir þess, að ég var fjarverandi í opinberum erindagjörðum. Það kom raunar ekki að sök, þar eð till. á fleiri aðstandendur en mig, og 2. flm. hennar, hv. 5. þm. Austurl. fylgdi henni þá ítarlega úr hlaði. Og nú hefur frsm. n. gert henni skil, svo að ég hef í rauninni engu við málið að bæta efnislega.

Ég vil aðeins minna á, að íslenzkir námsmenn erlendis hafa sótt það af kappi undanfarin ár, að breytingar yrðu gerðar á kosningalögunum með það fyrir augum að auðvelda þeim að neyta kosningaréttar erlendis. Mér heyrist á undirtektum hv. þm., að þeir séu sammála um, að ákvæði núgildandi kosningalaga um utan-

kjörfundaatkvgr. séu of þröng, enda koma annmarkar þeirra æ berlegar í ljós, eftir því sem námsmönnum fjölgar erlendis og þeir dreifast um fleiri lönd. Óhjákvæmilega hefur farið svo, að kvartanir berast helzt, þegar kosningar standa fyrir dyrum, og þá hefur ekki unnizt tími til að gera þær lagfæringar, sem að gagni mættu koma.

Með flutningi þessarar till. höfum við, sem að henni stöndum, viljað stuðla að gagngerri endurskoðun þessara mála, þannig að unnt sé að vinna rólega og yfirvegað að þeim breytingum, sem allir telja nauðsynlegt að gera. Þá höfum við, svo sem fram kemur í till., viljað að fylgdist að endurskoðun fyrirkomulags á utankjörfundaatkvgr. erlendis og athugun á því, á hvern hátt megi gera þeim, sem dveljast á sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum, kleift að neyta kosningarréttar. Á þennan tvíþætta tilgang minni ég vegna þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 336, flutt af hv. 6. þm. Reykv. og hún var að enda við að gera grein fyrir. Brtt. þessa hv. þm. felur í sér, að frv. um breyt. á kosningalögum með tilliti til þessara tveggja þátta verði lagt fram þegar á þessu þingi, þ. e. a. s. fyrir þinglok í vor, og nú er kominn 19. marz. Ég hygg, að ég hafi jafnmikinn áhuga á því og hv. síðasti ræðumaður, að rösklega verði unnið að þessu máli. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að ég er hrædd um, að þessi þröngu tímatakmörk, sem hún vill setja þeirri vinnu, sem fram undan er, verði einmitt til þess að ýta undir þau flýtisvinnubrögð, sem sérstaklega ber að forðast og var einmitt ætlunin að forðast. Ég hygg, að það hefði engu breytt frá minni hálfu, þó að till. hefði komið til framhaldsumræðu strax upp úr 10. febr., þegar nál. var lagt fram. Ég byggi þá skoðun mína á því, að mér virðast mál heldur sein í meðferð hér á Alþ., og það er í rauninni ekki ástæða til þess að ætla, að þetta mundi ganga neitt fljótar en önnur mál. Enn fremur hygg ég ekki, að sú undirbúningsvinna, sem þó er að nokkru unnin, sé það langt komin, að frv. hljóti að vera svo til sjálfsamið. Ég vil minna á atriðið varðandi utankjörfundaatkvgr. vegna sjúklinga. Mér vitanlega er engin undirbúningsvinna fyrir hendi um það atriði nú. Þar hljóta að koma fram ýmiss konar hugmyndir, sem tíma þarf til að íhuga og vinna að, enda eru slík mál afar viðkvæm og vandmeðfarin.

En hvort undirbúningur að frv. vegna utankjörfundaatkvgr. erlendis er svo langt kominn, að það réttlæti þá meðferð málsins, sem hv. 6. þm. Reykv. leggur til, er líka allsendis óvíst. Sú undirbúningsvinna er í rauninni ekki lengra komin núna en hún var í janúarmánuði 1971, þegar hv. 6. þm. Reykv. var dómsmrh., og hafði þá ekki þótt fært að leggja fram frv. á grundvelli nefndarvinnunnar fyrir þinglok þá og kosningar. Er þess varla að vænta að tími vinnist til þess núna, þegar komið er fram í marzmánuð. Þess má líka geta, að n., sem starfaði að endurskoðun kosningal. og skilaði grg. í jan. 1971, hafði bundnar hendur varðandi athugun á breytingum á utankjörfundaatkvgr. erlendis. Till. hennar áttu að miðast við það, að notuð yrðu sams konar kjörgögn og kosningal. nú gera ráð fyrir. Utanrrn. treysti sér ekki til að mæla með neinum till. n., sem bornar voru fram á þessum grundvelli. Afleiðingin varð sú, að aðeins ein hugmynd liggur fyrir, og enda þótt hún virðist aðgengileg í fljótu bragði, hygg ég, að það sé ekki nema sanngjarnt að fara fram á, að nánari athugun verði gerð á málinu. Það verður ekki heldur séð, að kosningalaganefndin eða dómsmrn. hafi tekið afstöðu til þeirrar hugmyndar, sem ráðuneytisstjóri utanrrn. lagði fram. Þegar ég lagði málið fyrir í haust, aflaði ég mér upplýsinga í dómsmrn., hvort nokkuð hefði verið unnið frekar, og fékk þær upplýsingar, að svo hefði ekki verið. Ég hef þau gögn undir höndum, sem þá voru fyrir hendi. Ég er sammála hv. 6. þm. Reykv. um, að fróðlegt hefði verið að fá svar hæstv. dómsmrh. við því, hvort unnið hefur verið að því síðan, enda þótt mig gruni, að það hreki ekki þær staðreyndir málsins, sem ég hef hér verið að segja frá.

Ég hlýt að lýsa undrun minni á því, að svo þingvanur þm., sem hv. 6 þm. Reykv. skuli í rauninni telja raunhæft að fara fram á, að frv. verði flutt þegar á þessu þingi. Ég geng út frá því, að hún hafi ætlazt til, að það yrði afgreitt á þessu þingi, og mér þykir í rauninni nánast óvirðing við málið, ef á að flaustra því af, sem ætlað er að bæta rétt manna í svo mikilvægu og viðkvæmu máli.

Ég get ekki tekið alvarlega hugleiðingar hv. síðasta ræðumanns um, að kosningar standi fyrir dyrum. Ég minni af því tilefni á vantraustsstill., sem hv. þm. Sjálfstfl. báru fram hér ekki alls fyrir löngu og var felld. Ég mun í ljósi þess, sem ég hef nú sagt, greiða atkv. gegn brtt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það liggur við, að ég hefji mál mitt með svo óformlegum hætti sem að segja: Nú er ég aldeilis hissa. Hv. 4. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir, er 1. flm. að þessari þáltill., og ég efast ekkert um, að hún eins og aðrir flm. hafi haft á því einlægan vilja í haust að greiða fyrir því, að námsmenn erlendis gætu notið kosningarréttar síns. Þegar er vitað og þrátt fyrir það, sem hv. þm. sagði, veit hún ekki síður en við öll, að líf þessarar hæstv. ríkisstj. okkar hangir á horriminni, og þó getur hún ekki fallizt á svo lítilfjörlega brtt. sem þá, að það skuli leggja hið allra fyrsta fyrir þingið till. til breytinga á kosningal. varðandi utankjörfundaratkvgr., en samþykkt slíkrar brtt. mundi ekki á nokkurn hátt veikja þáltill., eins og hún liggur nú fyrir, heldur mundi hún herða á efni till. Ég þori ekki að fullyrða, að það gæti tekizt að leggja fram og afgreiða á yfirstandandi þingi breytingar á kosningal. um þetta afmarkaða verkefni, og þó, án þess að ég þori að fullyrða það, held ég, að það ætti að mega takast um utankjörfundaratkvgr. erlendis. Um hitt atriðið er alveg ljóst, að um það er ekki hægt að ná samkomulagi, heimakosningarnar. Það er mál, sem ábyggilega þarf langtum meiri undirbúning. En hitt atriðið, sem mér heyrist nú eiginlega, að hv. þm. hafi borið alveg sérstaklega fyrir brjósti, það sýnist mér, að ætti að vera hægt að afgreiða á þinginu.

Hún vitnaði til þess, að þegar ég var dómsmrh. framan af ári 1970, hafi legið fyrir hugmyndir utanrrn., sem hér hafi verið margreifaðar, um framkvæmd, sem mönnum sýnist nú, að væri möguleg, og lízt nokkuð vel á, og vitnaði til þess, að þá hefðu ekki verið lagðar fram till. um breytingar á kosningal., og var þó vitað, að kosningar stóðu fyrir dyrum um sumarið. En það var bara allt annað og miklu meira verkefni, sem þá var haft í huga hjá kosningalaganefndinni, og ég held, að ég hafi minnzt á það, þegar þetta mál var fyrst til umr. í haust, að það var aðallega eitt vandamál, sem kosningalaganefndin var að glíma við og var svo leyst með samkomulagi þingflokkanna. Og það var það, að við kosningar 1970 voru námsmenn, sem voru við nám erlendis, á Norðurlöndunum, nærri því allir fallnir út af kjörskrá, og það kom til af því, að framkvæmd manntalsskráningar í þessum löndum er með öðrum hætti en við eigum að venjast og með öðrum hætti en við höfum búizt við, að hún yrði, þegar við gerðumst aðilar að samnorrænum reglum um manntalsskráningu. Ég minntist á það þá, að ég grennslaðist eftir því hjá hagstofustjóra, hvort leiðréttingar mundi vera að vænta á framkvæmd manntalsskráningar á Norðurlöndum, einmitt með það í huga, að nú mundu væntanlega verða kosningar á árinu 1973. Það eru haldnir fundir, síðast var fundur í haust til þess að fjalla um þetta með fulltrúum frá öllum löndunum, og vonandi tekst að kippa því í lag eða alla vega að afstýra því aftur, að námsmenn falli hrönnum saman út af kjörskrá.

Ég sem sé endurtek það, að mér er alveg óskiljanlegt, hvernig þeir, sem hafa viljað fylgja þessu máli eftir og hafa áhuga á því, geta lagzt á móti þessari brtt. Það væri þá að sjálfsögðu rn. að meta það, hvort hún er framkvæmanleg á þessu þingi, sem er kannske ólíklegra fyrir þær sakir, að það hefur líklega bókstaflega ekkert verið unnið í þessu máli í senn tvö ár. En ég fæ ekki séð, að þessi litla brtt. mín geti á nokkurn hátt torveldað þá framkvæmd, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Allshn. Sþ. hefur ekki tekið til athugunar á fundi þá brtt., sem liggur hér fyrir á þskj. 336. Þegar við vorum að vinna í n., komu engar till. þar fram til breytinga á þáltill. En eins og ég sagði áður, höfðu menn fyrirvara um að flytja brtt. Og það hefur ekki verið óskað eftir því, að þessi brtt. væri borin undir allshn. Ég persónulega lít svo á, að það mætti þakka fyrir það og telja mjög sæmileg vinnubrögð, ef till. frá ríkisstj. í samræmi við þáltill. kæmi fram á næsta þingi. Auk þess segir mér hugur, að það lifi fremur skammt þessa þings, þó að treinzt geti nokkuð, en fráleitt sé, að hægt sé að koma skipulegum till. í frv.- formi fyrir á þeim tíma, sem eftir er af þinghaldinu að þessu sinni. Þess vegna álít ég, að ekki sé ástæða til að samþ. þessa brtt., og enn fremur vegna þess, að ég tel, að það þurfi vandlega að athuga, hverjar og í hverju horfi till. eiga að vera til breytinga í þessu efni. Og það er sannarlega ekki auðvelt að koma með till. þannig útbúnar að meiri hl. þings falli þær í geð. Svo mikið er víst, að margnefnd kosningalaganefnd kom ekki frá sér nema tveim hugmyndum um utankjörfundakjör kjósenda erlendis, og þeim var algerlega hafnað af hálfu ráðuneytisstjóra í utanrrn., taldar óframkvæmanlegar. En þriðja hugmyndin, sem kom fram í þessu efni, var frá utanrrn., og las ég hana upp í fyrri ræðu minni. Þetta er afstaða mín til þessarar brtt. Það má kannske segja, að hefði þessi þáltill. verið afgreidd frá þingi, — við skulum segja fyrir jól, — þá hefði að sjálfsögðu öðruvísi staðið á, en nú hefur nokkur dráttur orðið á afgreiðslu þessa máls. Ég leiði alveg hest minn frá því, að allshn. Sþ. hafi ekki unnið sæmilega vel að málum og komið þeim fram. Má þakka fyrir, ef það er ekki talið heldur of mikið fljótræði af okkar hálfu, hvernig við höfum að unnið og afgr. ýmis mál, fremur en hitt.

Hv. 6. þm. Reykv. drap á það, að rétt hefði verið af hálfu allshn. að taka inn í þáltill. eitthvað af þeim verkefnum, sem kosningalaganefndin hafði með að gera á sínum tíma. Hefði allshn. gert það, hefði náttúrlega undirbúningur að till. til að leggjast fyrir næsta þing dregizt mjög og vafasamt, hvort þá hefði verið yfirleitt hægt að koma málinu fram á næsta þingi. Þar er um að ræða mjög vandasöm og erfið efni, eins og t. d. kjörskrárgerð, lögheimilismál og enda fleiri efni af slíku tagi og þá ekki sízt kosningaskilyrði, sem bundin eru stjórnarskrá. Þess vegna þykir mér það einmitt vel farið og okkur fleirum í n., að þáltill. gekk þó ekki lengra en þetta, þannig að þessu afmarkaða málsatriði yrði sæmilega komið fyrir á þokkalegum tíma.

Ég man nú ekki, hvenær brtt. kom fram. Það má vera, að hún hafi komið fram fyrir jól. (**AuA:** Hún kom fram, eftir að n. hafði skilað áliti). Strax á eftir, einmitt það. Þá stóð ekki á brtt., og það út af fyrir sig er eðlilegt.

En að lokum þetta: Ég tel, að ekki sé ástæða til að hraða undirbúningi að lokatill. í þessu máli svo, að þær skuli leggja fyrir það þing, sem nú situr, og hef ég rakið nokkur rök til þess. Hins vegar er það sjálfsagt og ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. sjái svo til, að till. í þá átt, sem þáltill. gengur, verði lagðar fyrir næsta þing. Um spár og vonir hv. 6. þm. Reykv. um það, að ríkisstj. fari frá á þessu ári, sennilega í haust, og á eftir fylgi alþingiskosningar og þá sé gott að hafa komið fram þessum nauðsynlegu breytingum í sambandi við utankjörfundarkjör, skal ég ekkert segja. Ríkisstj. eru náttúrlega fallvaltar og hafa enzt misjafnlega. Eðlilegt er, að stjórnarandstaðan óski eftir því, að komast sem fyrst til áhrifa og forustumenn hennar setjist í ráðherrastólana. Það er auðsætt á mörgu, að marga þeirra munar í þá. Það er eðlilegt og ekki nema sjálfsagt, að menn hafi töluverðan metnað í því efni.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skildi orð hv. frsm. allshn. svo, að hann hefði talið felast í ræðu minni einhverjar ásakanir í garð allshn. Ég vil taka fram, að það hefur ekki verið viljandi af minni hálfu, ef mátt hefur leggja þann skilning í orð mín, síður en svo. Ég vil svo

að endingu bara segja þetta: Hverju spillir það að samþykkja þessa litlu brtt? Það verður þá að metast af rn. og þeim, sem að undirbúningi standa, hvort það verði hægt, sem ég held, að ætti ekki að vera útilokað, að leggja fram till. til breytinga að því er varðar kosningarnar erlendis, en það bíður þá næsta þings eða ég veit ekki hvað lengi, eftir því sem hv. þm. taláði, að leggja fram till. um breytingar á ýmsum öðrum atriðum, sem þegar hefur verið drepið á í umr. um þessa þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almenn stefna í byggðamálum, þáltill. (þskj. 294). — Frh. fyrri umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér þykir heldur miður, að hv. flm. þessarar till. eru engir hér við, en ég hafði hug á því að gera hana að umræðuefni, og þar sem hæstv. forseti hefur tekið hana hér á dagskrá, þá vil ég gera það, þó að það sé heldur undarlegt af hv. flm., sem vissu af því, að till. yrði tekin á dagskrá, að þeir skyldu ekki vera hér við og hlýða á það, sem við aðrir hv. þm. höfum að segja um þessa till.

Það er nokkur tími liðinn síðan ég kvaddi mér hljóðs út af þessu máli, sem hér er á dagskrá. Ég hafði þá fyrst og fremst í huga, eftir að 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, flutti framsögurræðu sína, að láta í ljós nokkra undrun yfir því, að hv. flm. skyldu telja sig þurfa að leggja til við hv. Alþ., að það kjósi n. manna til þess að finna fyrir þá stefnu í byggðamálum. Á það er að líta, að hv. þm. hafa stutt hæstv. núv. ríkisstj. í nærfellt 2 ár, og flesta langminnuga menn hér á hv. Alþ. rekur áreiðanlega minni til þess, að þessir hv. þm. og raunar flestir framsóknarmenn þóttust hafa ráð undir rifi hverju í byggðamálum, áður en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hæstv. var mynduð, og þurfti þá enga n. að skipa til þess að finna þá stefnu.

Ég er algerlega sammála hv. 2. þm. Vestf. um, að sú till., sem hér er til umr., er alls ekki, eins og fyrirsögnin ber með sér, um mótun byggðastefnu, heldur er hún um að skipa n. til þess að leita að slíkri stefnu. N. á að kanna eitt, athuga annað og leggja síðan drög að stefnu í byggðamálum fyrir þingheim. Í grg. er látin í ljós sú veika von, að þau drög sjái dagsins ljós að ári liðnu, þannig að gera má ráð fyrir því, að með þessum hætti gefist hv. Alþ. ekki kostur á því fyrr en á þinginu 1974—1975 að taka endanlega afstöðu til málsins, og er þá fyrst hægt að undirbúa ný átök í byggðamálum í samræmi við þessa till. Það er því engu líkara en þessari till. sé ætlað að slá öllum meiri háttar aðgerðum í byggðamálum á frest, þangað til algerlega öruggt sé, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi hrökklazt frá völdum. Þetta kann að benda til þess, að hv. flm. till. sé farið að verða ljóst lánleysi hæstv. ríkisstj. í byggðamálum. Till. verður a. m. k. aldrei skilin sem traustsyfirlýsing á byggðastefnu ríkisstj., ef stefnu skyldi kalla, og er hún að því leyti góðra gjalda verð. Á hitt er að líta, að samþykkt hennar táknar algerlega óþarfa og hættulega frestun á nýjum og öflugum aðgerðum í byggðamálum. Hún er vanhugsuð og ákaflega varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, verði hún samþ. óbreytt.

Ég hef ásamt 8 öðrum hv. þm. sjálfstæðismanna leyft mér að flytja aðra till. um nýskipan byggðamála og ný átök til þess að stuðla að hagkvæmri byggðaþróun. Till. er á þskj. 383 Sú till. er afdráttarlaus. Með henni gefst hv. Alþ. kostur á að móta þegar í stað nýja byggðastefnu og byggja á þeim grunni, sem var lagður s.l. áratug af fyrrv. ríkisstj. Ef sú till. er athuguð og sér í lagi ítarleg grg., sem henni fylgir, kemur í ljós, að þegar er fengin mikilvæg reynsla af ýmsu því, sem till. hv. þm. Steingrims Hermannssonar og fleiri gerir ráð fyrir að athuga þurfi og kanna. Þegar er fyrir hendi nægileg þekking á orsökum og afleiðingum byggðaröskunar til þess að taka þegar í stað róttækar ákvarðanir í byggðamálum. Á sama hátt er viðtæk þekking til taks um það, hvað aðrar þjóðir eru að gera í þessum málum. M. a. er vitað, að byggðamálin í næstu nágrannalöndum vekja ekki minni athygli almennings og stjórnmálamanna en sjálf umhverfismálin og umfangsmikil lagasmíð hefur átt sér stað í þessum löndum á þessu sviði hin síðustu ár. Í kjölfarið hefur einnig verið gripið til stórfelldra ráðstafana til hagkvæmrar byggðaþróunar. Um þetta liggur fyrir næg vitneskja hér á landi, til þess að unnt sé þegar í stað að taka afstöðu til till. okkar sjálfstæðismanna. Ég vil þó taka skýrt fram, að því fer fjarri, að ekki þurfi að skoða betur þá þætti byggðamálanna, sem hér er minnt á, en þeir eiga eðli málsins samkvæmt að vera sífellt í endurskoðun hjá ákveðnum aðila, og verður aldrei hægt að gera þeim skil í eitt skipti fyrir öll af nefnd.

Mjög athyglisvert í þessu máli er, að fram koma svo til nákvæmlega sömu rök í grg. með till. okkar sjálfstæðismanna og í framsögurræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, þ. e. a. s. um hættuna á aukinni byggðaröskun frá því, sem verið hefur um skeið, og einnig, að ef áframhaldandi byggðaröskun verði, sé um stórfellda verðmætafórn að ræða, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, þ. e. a. s. að byggðavandinn sé efnahagslega og félagslega dýr þjóðinni allri, verði hann ekki leystur. Þegar þetta er skoðað, að hér er um algerlega samdóma álit að ræða, er enn þá meiri ástæða til þess að undrast, að hv. þm., sem flytja þá till., sem hér er til umr., skuli ekki krefjast tafarlausra aðgerða og beita sér fyrir því, að sú ríkisstj., sem þeir styðja, framkvæmi þær, í stað þess að óska eftir tímafrekum athugunum og drepa málinu þannig á dreif. Það er einnig athyglisvert, að fram kemur í grg. og enn þá skýrar í framsögurræðu hv. 1. flm., að flytjendur till. telja Framkvæmdastofnunina ófullnægjandi til yfirstjórnar byggðamálanna, og eins og hv. 1. flm. sagði einnig orðrétt, að dreifbýlismálin séu eins konar aukastarf í ríkisbákninu. Þeir tæpa á því í grg., að stefna beri að því að fá rn. í yfirstjórn byggðamálanna. Hvers vegna setja flm. ekki fram beina till. þess efnis, ef þeir eru þessarar skoðunar, eins og glöggt kom fram í máli 1. flm., að eitt rn. eigi að annast yfirstjórn byggðamálanna.

Sú till. til þál., sem hér er til umr., gefur vissulega tilefni til miklu fleiri spurninga um stefnu framsóknarmanna í byggðamálum. Ég ætla þó að láta það ógert að sinni. Hjá því verður þó ekki komizt að vekja athygli á þeim dæmafáa málflutningi, sem þessir menn hafa gert sig seka um í þessu sviði þjóðmálanna, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði þó að væri mikilvægara mál fyrir þjóðarbúið í heild en landhelgismálið og efnahagsmálin til samans.

Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um þá þætti byggðamálanna, sem framsóknarmenn og líklega stjórnarsinnar allir telja sig vafalaust hafa gert vel. Það er opinbert leyndarmál, að framsóknarmenn beittu sér mjög fyrir setningu laga um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þeir féllu þó strax frá því skilyrði, sem þeir höfðu fengið inn í málefnasamning ríkisstj. og mér fannst miður, að þeir skyldu falla frá, að byggðasjóður skyldi hafa sérstaka stjórn og þannig innsigluðu þeir, að nokkur hluti byggðamálanna yrði eins konar aukastarf í ríkisbáknínu, svo að notuð séu orð hv. 1. þm. Vestf. Nú hafa þeir komizt að raun um, að þessi Stofnun (með stóra essinu) sé ófullnægjandi í yfirstjórn byggðamála, enda segir mér svo hugur um, að henni hafi gefizt lítill tími til að sinna þeim málum, t. d. byggðaáætlanagerð, sem þó skyldi gera fyrir nær öll byggðarlög á landinu, að því er mér skildist af ræðum hv. stjórnarsinna, þegar verið var að koma lögum um stofnunina í gegn hér á hv. Alþ. Ég vil taka skýrt fram, að hér er ég ekki að ásaka starfslið þessarar stofnunar, sem er yfirleitt ágætisfólk. En lái þeim hver sem vill, þótt þeir sinni ekki þessum málum, þegar þeir standa allir í austri og þjóðarskútan er hriplek og liggur undir slíkum áföllum frá hálfu stjórnenda sem raun ber vitni. Á slíkum tímum gefst lítill tími til að hugleiða framtíðarstefnu.

Í grg. þeirrar till., sem hér er til umr., er ekki minnzt á aðgerðir fyrrv. ríkisstj. í byggðamálum. En þar er vikið að því sem sérstöku afreki, að byggðasjóður hafi verið efldur með auknu ríkisframlagi fyrir tilstuðlan núv. hæstv. ríkisstj. Þetta er rétt út af fyrir sig. En sá böggull fylgdi skammrifi, að hæstv. ríkisstj. ákvað, að byggðasjóður skyldi lána stórfé til togarakaupa, sem margir hverjir verða gerðir út án byggðasjónarmiða. Þetta hefur gert byggðasjóð fjárvana til þess að gegna eiginlegu hlutverki sínu á óðaverðbólgutímum.

Eitt af því, sem hv. þm. Framsóknar og stjórnarsinnar yfirleitt telja, að þeir hafi vel gert í byggðamálum, er vafalaust lagasetning sú, sem átti sér stað á síðasta þingi um jöfnun námsaðstöðu. Ég vil ekki draga neina fjöður yfir það hér, að þetta er merk löggjöf, og stjórnarsinnar eiga heiður skilið að sínum hluta, en lögin voru samþ. shlj., eins og menn muna, hér á hv. Alþ. Einnig er rétt að minna á, að þetta skref var stigið í framhaldi af því, að viðreisnarstjórnin tók upp fjárveitingu á fjárl. til þess að styrkja nemendur úr strjálbýli til framhaldsnáms utan heimabyggðar og sjálfstæðismenn höfðu flutt till. til þál. um að byggja með lagasetningu á þeim grunni.

Fleira mætti vafalaust til tína, sem núv. hæstv. ríkisstj. gumar af að hafa komið í verk og hún telur hafa horft til heilla byggðaþróun í landinu. Hæstv. ríkisstj. tók sig til og breytti áætlun um rafvæðingu strjálbýlis, sem viðreisnarstjórnin hafði gert, þannig að hún segist stefna að því að ljúka rafvæðingunni á 3 árum í stað 4. Efndirnar eiga hins vegar eftir að koma í ljós.

Vera má, að hv. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., telji, að þáttur hv. þm. Framsóknar og annarra stjórnarsinna í því að koma framangreindum málum fram sé svo mikið afrek í byggðastarfi, að nú megi leggjast undir feld, svo að árum skipti, og fresta stórátökum, þar til n. hafi lokið umfangsmiklum athugunum og könnunum á öllum hliðum byggðamálanna. Þótt það sé sízt vanþakkað, sem gert hefur verið og hefur raunhæft gildi til þess að stuðla að hagkvæmri byggðaþróun, get ég ekki gert að því, að sé þetta skoðun hv. flm., finnst mér lítið leggjast fyrir þá kappa, sem töldu sig hafa ráð undir rifi hverju í byggðamálum, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Þá fluttu þeir þing eftir þing frv. til l. um byggðajafnvægisstofnun ríkisins, sem vera átti sérstakt ríkisbákn og fá 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs sem sérstakt ríkisframlag auk annarra tekna. Þá þurfi enga n. til kannana og athugana. Mér þætti undarlegt, ef ég væri einn um að spyrja með sjálfum mér, hvar og hvenær hv. þm. Framsóknar hafi glatazt sú vizka í byggðamálum og ráðsnilld, sem birtist hér áður á árum í þskj. og þeir töldu sig hafa á hraðbergi. Þetta undrast áreiðanlega fleiri en ég og þá ekki síður, að þegar hv. þm. Framsóknar tóku að sér að mynda ríkisstj. eftir 12 ára eyðimerkurgöngu, þá var það fyrsta verk þeirra að stráfella með nafnakalli hér á hv. Alþ. megintill. sínar í byggðamálum, en eins og menn rekur minni til, felldu þeir brtt. við fjárlög ársins 1972, sem fól í sér það framlag úr ríkissjóði til byggðasjóðs, sem þeir sjálfir höfðu gert till. um á undangengnum þingum. E. t. v. þarf engan að undra, að slík vinnubrögð stjórnmálaflokks, eins og framsóknarmanna í byggðamálum, að flytja þing eftir þing ákveðnar till. í stjórnarandstöðu og fella þær svo við fyrsta tækifæri, þegar þeir styðja ríkisstj., rugli menn í ríminu. Þetta kann að vera skýringin á því, að þeir flytja nú till. um, að n. manna setjist á rökstóla a. m. k. í eitt ár til þess að leita á ný að stefnu fyrir þá í byggðamálum.

Því miður er það svo, að lánleysi hv. flokksbræðra flm. þessarar till. er ekki einungis fólgið í því á þessu mikilvæga sviði þjóðmálanna, sem hér er til umr., að gera till. um eitt í dag og fella þær á morgun, heldur er sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í fjár- og efnahagsmálum, í megindráttum til þess fallin að auka á röskun byggðar í landinu. Á þessu hljóta flm. og allir hv. framsóknarmenn að bera þunga ábyrgð, þar sem þeir eiga að heita forustuflokkur hæstv. ríkisstj. Ég mun nú víkja örlítið að því, hvaða afleiðingar meginstefna ríkisstj. á framangreindum sviðum hefur á þróun byggðar í landinu.

Flestum landsmönnum er ljóst, í hvert öng-

þveiti er komið í efnahagsmálum þjóðarinnar, bæði vegna stefnu hæstv. ríkisstj. og sundurlyndis og einnig nú í seinni tíð vegna utanaðkomandi örðugleika. Það er afar athyglisvert, hvernig hæstv. núv. ríkisstj. hefur æ ofan í æ leitazt við að leysa þennan vanda á kostnað landsbyggðarinnar. Þetta kom skýrt fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, þegar þessi till. var síðast á dagskrá. Hann rakti þá í óhrekjandi tölum, hvernig niðurskurður verklegra framkvæmda, sem ríkisstj. hefur framkvæmt, hefur komið með miklu meiri þunga niður á byggðalögum úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Hér er óþarfi að rekja þessar tölur nánar, þær tala sínu máli og eru óhrekjandi. Ég vil enn á ný, eins og oft áður, vara við því, að reynt sé að leysa fjármálaöngþveitið, sem nú er við að glíma, með þessum hætti. Auðvelt er að sýna fram á, að niðurskurður framkvæmda, sem þyngst kemur niður á landsbyggðinni, er miklu líklegri til að auka á öngþveiti og óðaverðbólgu heldur en hitt.

Við skulum taka dæmi til frekari skýringa. Á árinu 1972 var skorinn niður fjárveiting til hafnarframkvæmda á Þórshöfn á Langanesi. Þetta átti m. a. sinn þátt í, að meginhluti flota Þórshafnarbúa slitnaði frá bryggju og rak á land í aftaka óveðri, sem gerði nú í vetur. Hér var um gífurlegt tjón að ræða fyrir íbúa þorpsins og þjóðarbúið allt. Af þessu áþreifanlega dæmi má draga margan lærdóm, en hér ætla ég að benda fyrst og fremst á tvennt. Í fyrsta lagi eru verklegar framkvæmdir, svo sem í fiskihöfnum á landsbyggðinni, miklu þýðingarmeiri fyrir sjálfa tilveru viðkomandi byggðarlaga en slíkar framkvæmdir eru á höfuðborgarsvæðinu. Og í öðru lagi eru slíkar framkvæmdir hlutfallslega miklu þýðingarmeiri fyrir allt atvinnulífið úti um land en hér í þéttbýlinu við Faxaflóa. Sú hætta fylgir því augljóslega verulegum niðurskurði á verklegum framkvæmdum í landsbyggðinni, að fólk hinna ýmsu byggðarlaga fyllist vonleysi um, að skilningur stjórnvalda sé nægilegur á lífsnauðsyn ýmissa undirstöðuframkvæmda á staðnum, og það taki sig því upp og flytjist búferlum þangað, sem unnt er að hafa öruggari afkomu og lifa í félagslega þróaðra umhverfi. Sú hætta fylgir m. ö. o. slíkum niðurskurði framkvæmda á landsbyggðinni sem núv. ríkisstj. hefur framkvæmt, að þær aðgerðir auki á fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Við það dregur ekki einungis úr þrótti byggðarlaganna úti um land, heldur eykst þrýstingur á húsnæðismarkaðinn hér á höfuðborgarsvæðinu og þrýstingurinn á ýmiss konar opinberar framkvæmdir hér. Afleiðingarnar eru því augljóslega þær að auka á verðbólguna og efnahagsöngþveitið auk þess að gera byggðavandann enn þá torleystari, bæði efnahagslega og félagslega.

Úr því að ég er farinn að tíunda hér afleiðingar stefnu eða stefnuleysis hæstv. ríkisstj. í þróun byggðar í landinu, er ekki úr vegi að minna á þann þátt, sem e. t. v. veldur meiri röskun, þegar til lengdar lætur, heldur en niðurskurður framkvæmda. Hér á ég við þá áráttu hæstv. ríkisstj. að þenja út miðstjórnarbákn ríkisins. Það líður varla sá dagur, að hér á hv. Alþ. komi ekki fram frv. um nýja ríkisstofnun eða að stjórnarathafnir leiði ekki til stóraukins mannahalds hjá ríkisstofnunum. Engum getur dulizt, til hvers þetta leiðir, þegar haft er í huga, að nær allar þessar stofnanir eru á höfuðborgarsvæðinu. Þetta leiðir til þess, að landsmenn allir standa undir æ umfangsmeiri og fjölþættari atvinnurekstri á einum stað í landinu. Fólkið á landsbyggðinni þarf því ekki einungis að sjá á bak sívaxandi fjölda menntafólks á ríkisjötuna í Reykjavík, heldur þyngjast skattar þess árlega til þess að standa undir þessu bákni, sem þenst út með sívaxandi hraða. Með þessu er ekki öll sagan sögð. Auðvitað þarf þetta fólk, sem bætist á launaskrá hjá öllu landsfólkinu, sína þjónustu og það þarf sínar nauðsynjavörur. Þær atvinnugreinar á höfuðborgarsvæðinu, sem framleiða þessar vörur og þjónustu, þurfa því að bæta við sig starfsfólki og aðstöðu. Ég fullyrði því, að sú barnatrú valdamikilla afla í hæstv. núv. ríkisstj. að þenja út miðstjórnarbákn ríkisins dregur miklu meiri dilk á eftir sér en flesta grunar. Þessi stefna á tvímælalaust ríkan þátt í því að auka á þá þenslu, sem nú keyrir úr öllu hófi fram á einum stað á landinu, og á þar með gildan þátt í því að kynda undir verðbólgubálinu, jafnframt því sem hún stóreykur röskun byggðar í landinu. Það kórónar svo skilningsleysi hæstv. ríkisstj. á því, hvað hún er að gera í þessu efni, að hún telur sig leysa vandann með því að skera niður verklegar framkvæmdir í miklu ríkara mæli á landsbyggðinni en á því svæði landsins, þar sem hún sjálf hefur skapað þenslu og óðaverðbólgu með útþenslu ríkisbáknsins.

Herra forseti. Í grg. með þáltill., sem við sjálfstæðismenn höfum flutt um byggðamál, kemur fram, að við erum algerlega sammála hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., um þá stórfelldu hættu, sem nú er á aukinni byggðaröskun frá því, sem verið hefur um skeið. Til viðbótar þeim rökum, sem hv. 1. flm. nefndi fyrir þessu, hef ég leyft mér að benda einnig á, að stefna hæstv. núv. ríkisstj. í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum geri þessa hættu enn þá meiri og augljósari. Fram kemur einnig í grg. með okkar till., að við erum algerlega sammála hv. 1. flm. þessarar till., sem hér er til umr., Steingrími Hermannssyni, að aukin byggðaröskun, sem nú er vaxandi hætta á, hefur í för með sér mikla félagslega og efnahagslega verðmætafórn fyrir þjóðarbúið allt, bæði á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum byggðum landsins. Því leggjum við fram beinar og afdráttarlausar till. hér á hv. Alþ. í byggðamálum á þskj. 383 og væntum þess, að hv. þm. geti fallizt á það með okkur, að nú þegar verði að gera ráðstafanir, nýjar og öflugar ráðstafanir, til þess að hamla gegn þeirri röskun byggðar, sem fyrirsjáanleg er og er jafnóhagkvæm þjóðarbúinu og stutt hefur verið rökum. Því má ekki fresta aðgerðum með því að samþykkja þá till., sem hér er til umr., eins og hún er nú orðuð. Það gæti frestað verulegum aðgerðum um allt of langan tíma.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta málefni um mörkun almennrar stefnu í byggðamálum

er mjög umfangsmikið mál og ástæða til þess, að það sé rætt hér á hv. Alþ. Það hefur komið í ljós, að hér hafa verið lögð fram nokkur þingmál, sem snerta þetta mikla mál. Ég mun ekki hefja almennar deilur við hv. 5. þm. Norðurl. e. um almenna stefnu stjórnmálaflokkanna varðandi landsbyggðina. Ég vil þó taka það fram, sem alkunna er, að einn gildasti þátturinn í stefnuskrá Framsfl. hefur verið og er stuðningur við landsbyggðina. Það þarf í raun og veru ekki annað en vísa til fylgis flokksins til að sjá, hvernig fólkið hefur metið þennan þátt í stefnu hans.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. kom dálítið inn á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það er gert ráð fyrir því í lögum um hana, að ríkisstj. gefi Alþ. árlega skýrslu um störf hennar, þannig að ég mun ekki í máli mínu hér á eftir ræða sérstaklega um hana, en víkja þó nokkuð að þeim þætti starfs Framkvæmdastofnunarinnar, sem fjallar um áætlanagerð.

Uppbygging landsbyggðarinnar er eitt brýnasta og stærsta mál þjóðarinnar. Um það eru áreiðanlega fleiri og fleiri sammála. Sú þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum áratugum, að byggðirnar úti um landið hafa verið að veikjast margar hverjar svo mjög, að við landauðn liggur, er auðvitað mjög alvarlegs eðlis. Þetta mál varðar marga þætti í okkar þjóðarbúskap og snertir mjög áætlanagerð, fjárlagagerð og auk þess almenna lagasetningu. Við umr. um þetta mál á dögunum var hv. 2. þm. Vestf., — hann er því miður ekki staddur hér í þd. núna, — að ræða um muninn á afstöðu þeirra, sem nú eru fylgjandi hæstv. ríkisstj. að málum, og afstöðu þeirra til sömu mála, þegar þessir sömu hv. þm voru í stjórnarandstöðu, og þm. sagði: Tímarnir breytast og mennirnir með. Svo hittist á, að ég var í þeirri andrá að lesa þingmál, sem hér hefur verið lagt fram af nokkrum þm. Sjálfstfl., till. til þál. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga. Og ég verð að segja það, að ég var í einni svipan sammála hv. þm. um það, að tímarnir breytast og mennirnir með, því að við 12—13 ára setu í ríkisstj., þar sem Sjálfstfl. réð mestu, lá þetta mál í láginni af hans hálfu. Hins vegar var því oft hrevft, þótt í öðru formi væri, af þm. stjórnarandstöðunnar þá. Sérstaklega mun þó hv. 5. þm. Austf. hafa hreyft þessu máli nokkrum sinnum á þessu tímabili án þess að fá nokkrar undirtektir stjórnarliða. Síðan þessar umr. fóru fram fyrir nokkrum dögum, hefur verið lagt hér fram nýtt þingmál á þskj. 383, till. til þál. um skipulag byggðamála og auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar. Þar eru gerðar ítarlegar till. um skipulag byggðamála og margt fleira, og þar er lagt til alveg sérstaklega, að tekjur byggðasjóðs verði auknar og stefnt að því, að þær verði ekki lægri í heild en sem svarar 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs. Þetta mundi svara til um 440—450 millj. kr., miðað við tekjur ríkissjóðs samkv. fjárl. fyrir árið 1973. Ég vil enn taka undir með hv. 2. þm. Vestf., að tímarnir breytast og mennirnir með, því að í 12—13 ára ríkisstjórnartíð Sjálfstfl. var till. um þetta efni flutt hér á Alþ. nokkrum sinnum án þess að fá nokkra áheyrn hjá þáv. stuðningsmönnum ríkisstj. En þessi till. er að mínum dómi athyglisverð og ástæða til að taka eftir henni, en þá ætla ég að vonast til þess, að þegar til framkvæmda kemur, verðum við, ég og hv. 2. þm. Vestfj., sammála um það, að þótt tímarnir breytist, þá breytist mennirnir ekki og menn geti tekið höndum saman um að gera það að veruleika, að a. m. k. 2% af tekjum ríkissjóðs verði varið til byggðasjóðs, sem á að stuðla samkv lögum að jafnvægi í byggð landsins.

Vandamál byggðaþróunar eru ekki bundin við okkur Íslendinga eina eða Ísland, heldur er þetta vandamál, sem hefur verið mjög ríkur þáttur í stjórnmálum nágrannaríkja, eins og t. d. Skotlands, Noregs og Svíþjóðar. Á sínum tíma var saminn smábæklingur um vandamál byggðaþróunar í Noregi og Svíþjóð. Það var atvinnujöfnunarsjóður, sem lét taka þennan bækling saman árið 1967, og þar er gerð grein fyrir því, hvernig t. d. Norðmenn hafa unnið að þessum málefnum. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa örfáar tilvitnanir úr þessu riti: „Norsk stjórnvöld hafa á síðustu 30 árum unnið að því að draga úr þeirri miklu efnahags- og þjóðfélagslegu röskun, sem of hraðir búferlaflutningar valda og hafa beitt ýmsum aðgerðum í því skyni, og verður hér gerð stuttlega grein fyrir þessum aðgerðum yfirleitt og síðar nánari grein fyrir starfsemi Distriktenes utbygningsfond, sem er byggðasjóður þeirra Norðmanna, en starfsemi hans hefur mesta þýðingu á þessu sviði. Þessi sjóður veitir lán, ábyrgð fyrir lánum, bæði fyrir stofnlánum og rekstrarlánum, og styrki til arðbærra framleiðslufyrirtækja á landssvæðum, sem eiga við sérstaka erfiðleika að stríða. Auk þess lætur sjóðurinn gera eða gerir sjálfur áætlanir um uppbyggingu ákveðinna landssvæða eða atvinnugreina. Og í þriðja lagi beinist starfsemi sjóðsins að því að stuðla að myndun byggðakjarna."

Það má því segja, að þessi sjóður hafi svipuðu hlutverki að gegna í Noregi og byggðasjóður hefur hér hjá okkur, nema þá öllu víðtækara. En hjá okkur starfar byggðasjóður í nánu samstarfi við áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar.

Starfsemi sjóðsins er mjög víðtæk og víðtækari en að fjalla aðeins um umsóknir um lánveitingar og lánastarfsemi. Það er bæði verkefni hans að kanna skilyrði til atvinnuuppbyggingar á einstökum landssvæðum og benda á verkefni, sem hinar ýmsu opinberu stofnanir skulu vinna að til þess að styrkja uppbyggingu landssvæðanna og koma á samstarfi þeirra í milli. Stofnun þessa sjóðs í Noregi hefur gert það kleift að hvetja og aðstoða við uppbyggingu stærri atvinnufyrirtækja í landshlutum, sem eiga við erfiðleika að stríða. Mælikvarðar þess, hvaða landssvæði skuli njóta stuðnings úr sjóðnum, eru eftirfarandi:

1. Lágar meðaltekjur á íbúa. 2. Atvinnuleysi. 3. Brottflutningur fólks. 4. Of einhliða atvinnulíf.

Stjórn þessa sjóðs tekur á hverjum tíma ákvörðun um, hvort tiltekin landssvæði falla undir starfssvið sjóðsins. Það má segja, eins og ég sagði áður, að þessi sjóður starfi á mjög svipaðan hátt og byggðasjóður gerir hér, sér-

staklega þegar það er haft í huga, að Framkvæmdastofnun ríkisins sér um rekstur byggðasjóðs og stjórn þeirrar stofnunar ákveður útlánastarfsemi sjóðsins, en einn af þremur meginþáttum í þeirri starfsemi, sem þar fer fram, er áætlanagerð, sem er í nánum tengslum við byggðasjóðinn.

Ég hygg, að menn séu velflestir sammála um, að vinna verði að jafnvægi í byggð landsins með skipulögðu áætlanastarfi. Landsbyggðin hefur sjálf skilið þessa þörf, því að allir landshlutar hafa nú stofnsett samtök, sem yfirleitt eru nefnd samtök sveitarfélaga í viðkomandi landshluta. Þessi samtök, sem eru að eflast, hafa fengið vissa viðurkenningu í löggjöf nýlega, og það eru uppi till. um að setja sérstaka löggjöf um starfsemi landshlutasamtakanna. Eitt meginverkefni þeirra er einmitt að fjalla um áætlanagerðir í viðkomandi landshluta, og með setningu löggjafarinnar um Framkvæmdastofnun ríkisins var lögfest heimildarákvæði um, að stjórn byggðasjóðs væri heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins, sem svarar 3/4 hlutum af árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann ynni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar. Þessa heimild hefur Framkvæmdastofnunin notað. Hún notaði hana á þann hátt á síðasta ári, að það voru veittir styrkir til þessarar starfsemi landshlutasamtakanna, sem námu 500 þús. kr. á hvert þeirra miðað við heils árs starf. Það munu aðeins hafa verið tvenn samtök, sem fengu fullan styrk á síðasta ári til þessa starfs, en það væru Fjórðungssamband Norðlendinga og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Landshlutasamtökin sækja um þennan styrk, og hefur verið ákveðið að veita þeim á þessu ári til þessarar starfsemi 640 þús. kr. hverju, til að vinna sérstaklega að áætlanagerð.

Það má vinna að áætlanagerð með ýmsu móti. Hún er mjög vandasöm, og það er umfangsmikið starf að gera áætlanir um uppbyggingu landshluta. Ég hygg, að tvær aðferðir komi aðallega til greina í þessum efnum. Annars vegar er það, sem ég vildi kalla bundna áætlanagerð, bundnar áætlanir, sem felst hreinlega í því að kortleggja vissan ramma í einstökum atriðum og framkvæma síðan lið fyrir lið, og svo á hinn bóginn það, sem mætti nefna frjálsa áætlanagerð eða frjálst áætlanastarf, sem grundvallast á setningu rammaáætlana, sem byggja m. a. á því að skapa skilyrði fyrir æskilegri þróun. Það er ekki bæði hægt að leiða hestinn að vatnsbóli og láta hann drekka. Hann verður að drekka sjálfur. Ef þessi hugsun er lögð til grundvallar við áætlanastarf að verulegu leyti, þá byggist hún á því að skapa skilyrði til þróunar og laða þá krafta, sem búa í fólkinu úti um landsbyggðina, til þess að hagnýta sér þessar aðstæður til að örva uppbyggingu viðkomandi landshluta. Markmið almennra byggðaáætlana er að viðhalda og þróa byggðina að því marki, sem raunhæft þykir. Er þetta gert m. a. með því að örva og styðja uppbyggingu atvinnulífs og jafnframt tekjumyndun. Það mætti skipta þessu starfi í tvo þætti: Annars vegar eru áætlanir, sem fólgnar eru í því að varðveita lágmarksjafnvægi í byggðinni, og hins vegar þróunaráætlanir, sem stefna að því hámarki, sem grundvallarskilyrði setja um auðlindir og önnur hagræn efni, svo og félagslega aðstöðu miðað við aðrar byggðir.

Í allri áætlanagerð er gagnasöfnunin fyrsta verkefnið, sem ætlað er að leiða menn í sannleika um skilyrði til viðhalds byggðar og möguleika á þróun hennar. Rótin er e. t. v. vandamál hlutaðeigandi byggðar og vandleg athugun á skilyrðum til frekari þróunar. Atvinnuástandið og tækifærin til arðbærs atvinnurekstrar eru þungamiðja þeirra viðfangsefna, sem athuga þarf til undirbúnings áætlanagerðar, þannig að það mætti e. t. v. segja, að þýðingarmesti þátturinn í áætlanagerð, eins og í öllum undirbúningi mála, væri gagnasöfnun. En hún er tímafrek og vandasöm.

Samræmd áætlanagerð spannar yfir mörg svið. Þau helztu eru áætlanastarf, fjárlagagerð og almenn lagasetning. Verkefni, þar sem stefnumörkunin er hjá ríkisvaldinu að mestu leyti, felast mjög í fjárlagagerðinni, í málaflokkum eins og samgöngumálum. Það hefur verið unnið í nokkurn tíma að samgönguáætlunum á vissum sviðum. Á sínum tíma var unnið að samgönguáætlun Vestfjarða, sem að vísu sá aldrei dagsins ljós á þrykki, ef svo mætti að orði komast, vegáætlun fyrir Austurland og samgönguáætlun fyrir Norðurland, sem nú eru í framkvæmd. Síðan eru málaflokkar eins og fræðslumál, heilbrigðismál, orkumál, jafnvel skattamál. Sums staðar er skattamálum eða skattaákvæðum beitt til þess að örva til uppbyggingar úti um landsbyggðina. Í sumum löndum tíðkast það að ívilna fyrirtækjum úti um landsbyggðina í skattamálum til þess að auðvelda uppbyggingu. Það hefur ekki verið gert hér, en það er leið, sem getur komið til greina. Þá eru verkefni, þar sem sveitarfélögin eru ákvarðandi eða ráða mestu um, eins og málefni aldraðs fólks, safnamál, íþróttamál, æskulýðsmál og félagsheimili, gatnagerð, íbúðamál, hitaveitur, vatnsveitur, skipulagsmál, og fleira mætti nefna. Svo er í þriðja lagi atvinnulífið. Þar má fyrst nefna rannsókn á vinnumarkaðinum, skiptingu atvinnugreina og athugun á ýmsum grundvallaratriðum, sem varða vinnumarkaðinn, þróunarmöguleika einstakra atvinnugreina, spá um atvinnuþróun, sem verður að byggjast á margvíslegri gagnasöfnun o. fl. Í þessu efni mætti t. d. benda á atriði í sambandi við uppbyggingu hraðfrystiiðnaðarins, þ. e. a. s. svokallaðar aflaspár, sem eru erfiðar, því að þar róa menn ekki á neitt víst, eins og kunnugt er, en það er dæmi fyrir forsendur um uppbyggingu þessarar atvinnugreinar.

Ef litið er á verkefni, þar sem stefnumörkun er hjá ríkisvaldinu, kemur margt til greina. Landsbyggðina má í grundvallaratriðum e. t. v. styrkja og efla með tvennu móti: Annars vegar með ráðstöfunum hreinlega til eflingar landsbyggðinni. Þar kemur margt til. Ég nefni sem dæmi margháttaða fjárfestingu ríkisins úti á landsbyggðinni, styrki til atvinnufyrirtækja. Mörg af okkar nágrannaríkjum hafa tekið upp það fyrirkomulag að styrkja sérstaklega at-

vinnugreinar úti á landsbyggðinni. Sums staðar er það t. d. svo, að ríkið hefur heimild til að styrkja byggingarframkvæmdir, sem eru notaðar í atvinnurekstri, allt að 35% byggingarkostnaðar. Þá má nefna framlög til opinberrar þjónustu, skattfríðindi landsbyggðinni til handa, svo og lánastarfsemi, eins og byggðasjóðurinn rekur. Hins vegar er svo sú stefna að *hefta vöxt höfuðborgarsvæðisins með ýmsum* ráðstöfunum. Hin fyrrnefnda stefna stefnir að því að draga starfsemi til landsbyggðarinnar, en hin síðarnefnda að því að ýta henni frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina. Ég álít, að fyrri aðferðin sé bæði jákvæðari og heppilegri í alla staði. Hér koma þó einnig til aðgerðir eins og staðsetning opinberra stofnana eða einstakra greina þeirra úti um landið. Einstaka þætti í starfi opinberra stofnana verður í vaxandi mæli að flytja út á landsbyggðina. Í þessum efnum starfar nú sérstök stjórnskipuð n. Þetta er vandasamt og þýðingarmikið mál, og n. skilar eflaust till. á sínum tíma.

Ég minntist áðan á aðgerðir til að hafa áhrif á staðarval fyrirtækja og tók þá sem dæmi skattfríðindi til fyrirtækja, sem staðsett eru á ákveðnum svæðum, og gat þess, að ýmis lönd beita þessari aðferð, eins og t. d. Noregur, Ítalía, sérstaklega þó Suður-Ítalía og Frakkland og e. t. v. fleiri. Sums staðar er beitt tollfríðindum til innflutnings á vélum fyrir landsbyggðina. Það er nú erfiðara, eftir að efnahagsbandalög og fríverzlunarbandalög fóru að spanna yfir heimsbyggðina, ef svo mætti að orði komast.

Þá er starfsemi eins og byggðasjóðs og efling hans. Á árinu 1972 lánaði byggðasjóður 500 millj. kr. til landsbyggðarinnar. Það hefur verið minnzt á það hér í þessum umr., að sumt af því lánsfé hafi verið lánað annað en út á landsbyggðina, það hafi verið lánað á þéttbýlissvæðin hér við Faxaflóa. Það er alveg rétt, að örlítill hluti af þessu var lánaður á þetta svæði og þá til kaupa á togurum. En gert er ráð fyrir því og hefur alltaf verið, að sérstakt fjármagn verði útvegað byggðasjóði vegna þessarar lánastarfsemi, því að í raun og veru er byggðasjóðurinn ekki það, sem kalla mætti almennur lánasjóður samkv. lögum, heldur sérstakur lánasjóður, sem á að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og þá koma náttúrlega til greina önnur sjónarmið en þau, sem ríkjandi eru hjá almennum lánasjóðum, sem lána með tilteknum kjörum alveg án tillits til þess, hvert lánin eru veitt. Það mætti segja, að þessi lánastarfsemi, 500 millj. kr. á einu ári, sé engin ofrausn, en þó verð ég að leggja áherzlu á það, að þetta er miklum mun meira en gert hefur verið áður í þessum efnum. Með löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins var það lögfest, að byggðasjóður hefur tvo megintekjustofna. Annar er árlegt framlag af fjárl., 100 millj. í 10 ár, eða samtals 1 milljarður, og í öðru lagi sérstakt skattgjald af álbræðslunni í Straumsvík, sem á þessu ári mun sennilega nema, að því er áætlað er, 53 millj. kr. Auk þess hefur byggðasjóður heimild til að taka að láni 300 millj. á ári hverju í 5 ár. Ef þessar heimildir eru notaðar og unnt er að afla lánsfjár til byggðasjóðs, geta umsvif hans orðið allveruleg, ef vel er á haldið. Það er ekki að dylja, að það er vandasamt í verðbólguþjóðfélagi, eins og hægt er að kalla Ísland undanfarin 30 ár a. m. k., vaxandi vandamál að afla lánsfjár með góðum kjörum. Það er víst úr tízku að skamma verðbólguna, menn eru að gefast upp á því. Ég held, að það sé aldrei of mikið af því gert að skamma verðbólguna og aðgerðir, sem hreinlega valda verðbólgu, því að hún hefur í för með sér svo margvíslegar skaðsamlegar verkanir. Ein allra hættulegasta afleiðingin af langvarandi verðbólgu er einmitt sú, að þjóðin gengur á sitt eigið kapital, sem eðlilegt er. Menn eyða sínu lausafé, menn vilja ekki leggja það um of inn í banka og lánastofnanir, vegna þess að verðgildi þess minnkar sífellt. Þetta hefur í för með sér, að það verður miklu minna fjármagn til ráðstöfunar hjá lánastofnunum og það verðum miklu erfiðara að afla fjár t. d. í fjárfestingarlánasjóðakerfi landsmanna. Þetta er e. t. v. einn allra hættulegasti þátturinn í langvarandi verðbólguþróun, sem getur endað með því, að þjóðina skorti algerlega fjármagn til að byggja upp atvinnulífið.

Þó að byggðasjóðurinn geti haft talsverð umsvif, ef þær heimildir til lántöku eru notaðar, sem honum eru ætlaðar í lögum, er að mínum dómi fyllsta ástæða til að efla hann með *hærri framlögum og það mun hærri framlögum* á fjárl. en nú er gert.

Þá mætti minnast til viðbótar á opinbera þjónustu, sem verður í raun og veru að vera sambærileg úti á landsbyggðinni við það, sem hún er í þéttbýlinu, til þess að menn vilji eiga þar heima. Hvað snertir heilbrigðismál og ýmislegt fleira, er alkunna, að þetta er eitt mesta vandamálið, sem hrjáir dreifbýlið. Ég vil minna hér á mál eins og vöruflutninga út á landsbyggðina. Ég veit, að t. d. austur á landi, þar sem ég er kunnugastur, eru vörur miklu dýrari en þær eru annars staðar á landinu eða a. m. k. hér í Reykjavík, vegna þess að þær eru yfirleitt fluttar inn í gegnum Reykjavík og síðan út á landið. Og þær eru náttúrlega dýrastar þar, sem flutningaleiðirnar eru lengstar. Þetta er málefni, sem oft er rætt um þar eystra, og mönnum finnst ranglæti að þurfa að búa við verðlag, sem er hærra en hér í Reykjavík. Þess vegna er þetta mál um jöfnunarsjóð vöruflutninga málefni, sem sannarlega á erindi inn í þingsali, því að við getum bókað það, að ef slíkt ástand viðgengst mjög lengi, þá hlýtur það að enda á einn veg. Það hlýtur eð enda með því, að flestir flytjast þangað, sem vörurnar eru ódýrastar. Þannig er þessi þáttur í landsbyggðamálunum alls ekki þýðingarlítill og þeim mun erfiðari sem fjær dregur Reykjavík. Það er mikið mein, að innflutningsverzlunin skuli mestöll streyma í gegnum einn stað. Varðandi olíu og benzín hefur þetta verið lagfært, þannig að það er sérstakt verðjöfnunargjald á olíu og *benzíni, sama verð um allt land.* Væri sannarlega ástæða til að taka þetta mál til rækilegrar meðferðar.

Þá er einn þáttur í málefnum landsbyggðarinnar, sem verður alvarlegri með hverju árinu, og það eru húsnæðismálin. Það má segja, að húsnæðisástandið í kauptúnum og kaupstöðum

kringum landið standi vexti þessara byggðarlaga mjög fyrir þrifum og það í vaxandi mæli. Ég veit, að t. d. á Austurlandi og víðar er ástandið þannig, að ef húsnæði væri til staðar, mundi vera um að ræða talsverðan innflutning fólks. Þess vegna er efling húsnæðismála á landsbyggðinni stórmál. Ég vil geta þess, að sjálfsagt er í sambandi við Vestmannaeyjamálið, þar sem sótt er um til Viðlagasjóðs að staðsetja tilbúin hús úti á landsbyggðinni, að gengið verði til móts við það fólk. Það er liður í því að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þótt auðvitað vonist allir til þess í lengstu lög, að Vestmanneyingar geti flutt til Vestmannaeyja á nýjan leik. En um það veit enginn maður. Skortur á hagkvæmum, ódýrum íbúðum í hinum ýmsu sveitarfélögum er geysilega mikill og áhugi sveitarstjórna mjög mikill á þessu máli og vaxandi, en geta minni sveitarfélaga er náttúrlega mjög takmörkuð í þessum efnum. Það ber nauðsyn til þess að setja í lög, að ríkissjóður eða ríkisstj. geti látið byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í samvinnu við sveitarfélög utan Reykjavíkur. Þetta mætti kalla Breiðholtsframkvæmdir úti um landsbyggðina. Þegar lokið er við Breiðholtsframkvæmdirnar, sem nú er verið að framkvæma hér í Reykjavík og eru þess eðlis, að upp undir 30% af því fé, sem hið almenna húsnæðislánakerfi hefur með höndum, rennur til þeirrar starfsemi, þá er komið að landsbyggðinni að hefja byggingarstarfsemi á svipuðum grundvelli úti um landið. Ég held, að árið 1972 hafi þetta verið um 900 millj., og sennilega hafa upp undir 30% runnið beint til byggingannna í Breiðholti í Reykjavík.

Það er á allra vitorði, að á undanförnum árum og áratugum hefur það verið svo, að fólk hefur sótzt eftir því að festa sparifé sitt í fasteignum í Reykjavík. Það er ekki nema eðlilegt. Auðvitað reynir fólk að tryggja sparifé sitt, og ein helzta og bezta tryggingin í þeim efnum hefur einmitt verið sú að festa það í fasteignum í Reykjavík. Þannig er það meira en hæpið, til viðbótar við þessa þróun, að Reykjavík sé gert miklu hærra undir höfði en landsbyggðinni með hinum stórkostlegu byggingarframkvæmdum í Breiðholti. Ég vonast til þess, að þegar þeim framkvæmdum er lokið, verði komið að landsbyggðinni og öllum þyki sjálfsagt að halda áfram þeirri starfsemi úti í strjálbýlinu.

Eins og ég gat um áðan, mun ríkisstj. gefa Alþ. skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins á þessu þingi, þ. á m. um störf að áætlanagerð. Ég ætla þó aðeins að koma inn á þessi mál, af því að ég er þeim kunnugur vegna starfs míns og að gefnu tilefni.

Fyrsta verkefni, sem áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar vann við, var togaramálið. Þegar Framkvæmdastofnunin tók til starfa, var það mál í fullum gangi, eins og kunnugt er. Verið var að byggja upp togaraflotann. Fyrsta málefnið, sem stofnunin fjallaði um, var að staðsetja togarana úti um landsbyggðina til þess að auka jafnvægi í byggð landsins. Niðurstaðan varð sú, að 27 togarar dreifðust um landsbyggðina. Sumum hafði þegar verið ráðstafað, eins og t. d. togurum til Vestfjarða, eins og kunnugt er, en öðrum var ráðstafað síðar og sumum með sérstökum stuðningi úr byggðasjóði, þegar um var að ræða byggðarlög, sem stóðu höllum fæti.

Annað forgangsverkefnið, sem unnið hefur verið að, er hin svokallaða hraðfrystihúsaáætlun, þ. e. a. s. uppbygging hraðfrystiiðnaðarins í landinu. Á árunum 1971—1973, ef svo fer sem ætlað er, þá er ástæða til að álíta, að fest verði í uppbyggingu í hraðfrystiiðnaðinum líklega um 1800—1900 millj. kr. Og þar er um að ræða bæði lánsfé og eigið fé þeirra fyrirtækja, sem hlut eiga að máli. Hér er um stórkostlega uppbyggingu að ræða á þessu sviði, uppbyggingu, sem hefur verið að mínum dómi vanrækt allt of lengi. Það er hægt að nefna sorgleg dæmi í sambandi við vinnslu sjávarafla. Ég get nefnt eitt dæmi, sem er athyglisvert. Á síðasta ári fékk fyrirtæki aðstoð til þess að kaupa flökunarvélasamstæðu. Það var hraðfrystihús, sem framleiddi verðmæti upp á 100 millj. kr. á árinu. Þegar þessi flökunarvélasamstæða hafði verið notuð, kom í ljós, að nýtingin á hráefninu var um 2—3% meiri en áður hafði verið, og miðað við framleiðslu þessa fyrirtækis þýddi þetta 2—3 millj. kr. til viðbótar í auknum verðmætum. Þetta sama fyrirtæki fékk einnig fyrirgreiðslu til þess að byggja kælda móttöku fyrir fiskinn og einnig til þess að kaupa kassa, sem notaðir eru í skipunum, fiskurinn er settur í kassa, og hann er síðan fluttur í þeim úr skipinu í þessa kæligeymslu, og síðan fer hann beint áfram í vélvinnslu. Það hefur komið í ljós, að nýtingin hefur vaxið um 3—4% við þessa aðgerð. Við þessar tvær aðgerðir hefur framleiðsla þessa fyrirtækis á ársgrundvelli vaxið um líklega 6—7 millj. kr. Þetta er aðeins lítið dæmi, sem gefur þó glögga hugmynd um það, hvað er í húfi, þegar um er að ræða að bæta aðstöðuna í frystiiðnaðinum til þess að vinna hráefnið. Ég held, að við Íslendingar höfum á undanförnum árum, og er þó ekkert að ásaka einn eða annan í því efni, vanrækt stórkostlega þá miklu möguleika, sem við höfum átt og eigum enn ónotaða í sambandi við það að vinna úr okkar hráefni, svo að mannsæmandi verði talið. Auðvitað hefur þetta batnað stórkostlega víða um landið á undanförnum árum. En það eru stór verkefni enn þá óunnin í þessum efnum og mikil og stór tækifæri, sem glatast á ári hverju, vegna þess að við höfum ekki búið nægilega vel að þessari atvinnugrein.

Til viðbótar hefur verið samþykkt í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að fela áætlanadeildinni að vinna sérstaklega að þremur verkefnum í áætlanagerð: landshlutaáætlun fyrir Norðurl. v. og Strandabyggð, landshlutaáætlun, áætlun sérstaklega fyrir Norður-Þingeyjarsýslu og atvinnumálaáætlun fyrir Austurland. Eins og ég sagði frá áðan, hefur Framkvæmdastofnunin tengzt landshlutasamtökunum, eins og heimild er fyrir í lögum, þannig að þar er um að ræða mikið og vaxandi samstarf. Það var minnzt hér á áætlanagerð fyrir Suðurlandskjördæmi í umr. um annað mál. Í sambandi við það mál vildi ég geta þess, að Suðurland hefur fengið styrk til að vinna að þessu starfi. Það hefur haft náið samstarf við Framkvæmdastofnunina, og þó að ekki hafi verið talið fært að hefja

áætlanagerð á því svæði vegna þeirra verkefna, sem fyrir hendi eru, þá er þar ágætt samstarf á milli, og ég vona, að það fari vaxandi.

Það er auðvitað álitamál með stofnun eins og áætlanadeild Framkvæmdastofnunarinnar, hvað á að þenja hana mikið út, hvað á að vinna þessi störf hratt. Ég er ekki viss um, að það sé rétt að þenja svona stofnun of mikið út, safna þar saman miklu liði og stækka hana, því að þessi störf eru þannig, að það þarf mikinn mannafla til þess að sinna þeim. Ég held við verðum að reyna að fara bil beggja í þessum efnum og sníða slíkri stofnun sæmilega eðlilegan stakk og ráðast að þessum brýnu verkefnum í þeirri röð, sem menn koma sér saman um, að sé réttlátust.

Það er ástæða til að geta þess, að í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, þessar hörmulegu náttúruhamfarir, þá gefa þær í raun og veru tilefni til nýrrar sóknar að mínu mati um uppbyggingu landsbyggðarinnar. Í því felst aukið öryggi fyrir þjóðina, þótt ekki sé sérstaklega minnzt á atvinnu- og efnahagsmál í því sambandi. Hygg ég, að margir hafi hugsað þannig í sambandi við þá hörmulegu þróun, sem þar er að gerast, að það sé mjög þýðingarmikið fyrir okkur að huga í vaxandi mæli að uppbyggingu landsbyggðarinnar hreinlega til öryggis fyrir þjóðina. Ef að okkur steðja t. d. náttúruhamfarir, þá er auðvitað stórkostlegt öryggi fólgið í því, að landsbyggðin sé sem mest byggð, og kemur margt fleira til í því sambandi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði til að leggja hér aðeins orð í belg. Þetta er merkismál, sem hér er til umr., enda hafa margir hv. þm. mikið um það talað. Ég er meðflm. að till. um sama málefni, sem mun koma til umr. á næstunni, og mun því hafa mál mitt ekki allt of langt nú. Mig langaði bara til að vekja athygli á því, að þrátt fyrir langt mál virðist í raun og veru engum hv. þm. hafa komið til hugar, að það væru ýmsir kostir því fylgjandi að búa úti á landsbyggðinni, það gæti kannski verið jafngott eða kannski betra að búa á vissum stöðum úti á landsbyggðinni. Við höfum heyrt mikið talað um annmarka þess, mikið talað um skort á ýmsum hlutum, mikið talað um, hvað það væri miklu örðugra, hver forréttindi við hefðum hér á Faxaflóasvæðinu. Aftur á móti hefur undir öðrum kringumstæðum allmikið verið talað um ýmis verðmæti, sem fólkið úti á landsbyggðinni nýtur, en við njótum ekki í eins ríkum mæli, sem í þéttbýlinu búum. Þ. á m. hefur hér komið fram áður, að það væri þörf á breyttu gildismati, þar sem t. d. hreint loft, hrein og fögur náttúra væru metin til verðmæta. Þetta kom mér ekki sízt í hug, þegar einn virtur alþm. átti tal við mig hér niðri í salnum fyrir tveimur dögum og var að segja mér frá því, að þannig væri nú ástatt hjá sér, þar sem hann byggi hér í nágrenni alþingishússins, að hann gæti ekki opnað glugga, því að ef hann ætlaði að hleypa inn hreinu lofti, þá kæmi inn svo mengað loft, að hann yrði að loka honum strax aftur. Ég held, að á meðan við forðumst að minnast á þau hlunnindi, sem fylgja því að búa úti á landsbyggðinni, meðan við reynum með sem sterkustum orðum að lýsa einvörðungu örðugleikum dreifbýlisins, þá komumst við aldrei langt í því að fá fólk til búsetu á þessum stöðum.

Frá því að ég kom hér á hv. Alþ., hef ég aðallega heyrt um það getið, hverjir annmarkar fylgdu því að búa úti á landsbyggðinni, og ég hef oft hugsað til þess unga fólks, sem kannske hefur hugsað sér að setjast að einhvers staðar úti á landinu, hvernig því yrði við að heyra allar þessar frásagnir af þeim örðugleikum, sem þar væru. Ég hef líka hugsað til þeirra, sem úti á landsbyggðinni búa, þegar þeir heyra um, hvað það sé ósköp notalegt að búa á mölinni, að þægindi séu þar stórkostleg og allar vörur miklu ódýrari, hvort þá mundi ekki fara að langa til að flytjast þangað. Er nokkur furða, þó að fólkið, sem býr úti á landsbyggðinni, langi til að flytjast á mölina, þegar það heyrir sífellt endurteknar frásagnir af þessari dásemd, sem það sé að búa þar?

Ég geri mér fyllilega ljóst, að Íslendingum er full nauðsyn að hafa trausta byggð úti á landinu, að Faxaflóasvæðið er þegar yfirbyggt, og enda þótt það sé mikið framleiðslusvæði, þá er stöðvun á fjölgun þar mjög æskileg. Hins vegar, eins og ég hef áður sagt, held, ég, að við verðum að gera okkur það ljóst, að það hefur sína stóru kosti að búa úti á landi. Og ég vil gjarnan styðja einmitt að því, að rannsakaðir verði fleiri þættir en þeir, sem hér hefur verið rætt um. Mér fyndist t. d. ástæða til þess, að það væri rannsakað, hvort langlífi og heilbrigði er með öðrum hætti úti á landsbyggðinni heldur en hér í Reykjavík. Ég vil ekki trúa því, fyrr en ég sé það í tölum, að menn lifi lengur í Reykjavík, og ég vil ekki heldur trúa því, fyrr en ég sé það í tölum, að veikindadagar séu fleiri úti á landsbyggðinni en í Reykjavík. Og þeir, sem þekkja nokkuð vel til, líta svo á, að þrátt fyrir læknaskortinn úti á landinu sé það svo víðast hvar, að þau mál séu í betra lagi en í flestum öðrum löndum. Þetta byggist á því, að þetta mál hefur gerbreytzt, síðan flugþjónustan kom til sögunnar. Það var minnzt á það hér áðan, að menn þyrftu kannske að bíða í hálfan mánuð eða lengur eftir spítalaplássi úti á landinu. Skyldi þetta ekki koma fyrir á þéttbýlu svæðunum líka? Því miður gerir það það, og ég held, að það sé fullkomin ástæða til, að fram fari rannsókn á þessum atriðum, vegna þess að ef fólkið úti í strjálbýlinu treystir ekki sinni læknisþjónustu, þá þurfum við ekki að búast við, að við getum haldið því þar.

Eitt af því, sem mikið hefur verið rætt hér, er verzlun og vöruverð. Ég hef líka þessa sömu sögu að segja utan af landinu og ekki sízt á Austfjörðum, að vöruverð er þar hærra en hér í Reykjavík. Þó finnst mér ekki líklegt, að þetta gildi um alla vöruflokka. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að af matvörukostnaði eru um 80% landbúnaðarvörur og fiskafurðir. Ekki ætti þessi matvara að vera dýrari úti á landi en hér í þéttbýlinu. Um húsnæðið, sem er dýrasti liður vísitölunnar, er það vitað mál, að húsnæðið er ódýrara úti í strjálbýlinu heldur en í

þéttbýlinu, og enda þótt megi auðveldlega reikna það út, að dýrara sé að byggja hús úti á landi, þar sem flutningskostnaður er mikill, þá er það bæði samkv. auglýsingum og upplýsingum, að það virðist svo, að þeir byggi hagkvæmar úti á landinu og það kosti minna að byggja sér hús úti á landsbyggðinni heldur en hér í þéttbýlinu. Þetta er ósköp órökrétt, ég viðurkenni það, en nýlegar auglýsingar um ný hús til sölu hálfgerð úti á landi hafa einmitt sannfært okkur um þetta, og ég veit þarna fleiri dæmi þess, að hagkvæmni og minni spenna í atvinnulífi gerir þetta mögulegt. Þar að auki er sú sérstaða um landsbyggðina, svo að við höldum okkur við verzlunina, að þar er verzlun fyrst og fremst í höndum fólksins sjálfs og ekki bara verzlunin, heldur siglingar líka. Annað stærsta siglingafyrirtæki landsins, sem á einmitt lítil og hentug skip til vöruflutninga út um landið, er félag fólksins eða Samband ísl. samvinnufélaga. Mér virðist því, að þarna séu öll skilyrði fyrir ódýra flutninga og hagstæða verzlun. Þessi skip eru gjarnan í eigu og skrásett frá stöðum úti á landinu, og ég get ekki annað séð en þarna séu einmitt mjög góðir möguleikar á beinum flutningum milli útlanda og landsbyggðarinnar.

Það er ótal margt fleira, sem mig langaði til að minnast á í þessu sambandi, en meginatriðið finnst mér vera þetta, að ég hef þá trú eftir allnáin kynni af fólki úti á landi og stöðum úti á landinu, að þar sé ekki verra að búa heldur en hér við Faxaflóa. Ég tek þó undan þá staði, þar sem atvinnuleysi hrjáir fólkið, en sem betur fer er það undantekning nú orðið. Hins vegar er aldrei hægt að líkja eftir þéttbýli í strjálbýli. Við getum ekki flutt þjóðleikhúsið okkar út á hvern bæ, og við getum ekki heldur gert fólkinu eins auðvelt fyrir úti á landsbyggðinni að stunda ýmsar íþróttir og ýmsar tómstundir og hægt er að gera hér í þéttbýlinu. En ýmislegt annað kemur í staðinn. Þeir, sem vinna aðalstörfin hér í Reykjavík, skrifstofuvinnu og iðnaðarvinnu, þurfa gjarnan að bæta klukkutíma við sinn vinnutíma til þess að stunda svonefnt „trimm" eða aðrar íþróttir. En þjálfun líkamans fylgir gjarnan störfunum úti á landinu, og hvað sem íþróttir eru vel stundaðar, þá munu þær aldrei komast í heilsufarslegu tilliti í námunda við eðlilega lýjandi vinnu.

Í öðru lagi held ég, að það sé óruggt, að streita mun ekki gera eins mikið vart við sig hjá fólki, sem býr í strjálbýli, eins og því, sem býr í þéttbýli. Streitan hefur bæði andlega og líkamlega áreynslu í för með sér og þreytu, sem öllum er til ama og skaða.

Þá er eitt, sem er okkar stóra vandamál hér í þéttbýlinu, en sem betur fer ber minna á úti á landsbyggðinni, og það eru svonefnd unglingavandamál og ýmis önnur félagsleg vandamál, sem fjölbýlinu fylgja. Þetta eru kannske vandamál, sem er miklu torveldara að leysa heldur en það, hvort vantar eina verksmiðju eða hvort vantar leikhús. M. a. af þessum orsökum er órugglega æskilegt og sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til þess að hamla á móti mikið stækkandi þéttbýli hér á þessu svæði.

Ég held, að ég gæti lengi haldið áfram að telja upp ýmsa þætti, sem ættu að gera ungu fólki fýsilegt að búa úti á landsbyggðinni. En eins og er, er það ekki auðvelt, og ég vil taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, að eitt af þeim alvarlegu vandamálum, sem við er að stríða þar, er nú þrátt fyrir allt húsnæðisleysi. Og þetta húsnæðisleysi stafar af því, að íbúarnir þar hafa ekki þorað að festa fé sitt í húsnæði á staðnum, heldur byggja þá, eins og hann sagði, frekar hér í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu. Ég lít svo á, að það sé of langt að bíða með aðgerðir í þessu efni eftir því, að Breiðholtsframkvæmdirnar séu búnar. Ég held, að jafnvel mætti fá nokkra úrbót, ef t. d. sú breyting væri gerð á húsnæðismálalögunum, að sveitarstjórnum yrði heimilað að byggja næstu árin verkamannabústaði, við skulum segja 4—5 á ári á hverja 1000 íbúa, sem væru fram yfir það, sem þeim er heimilt samkv. núgildandi lögum, og nota þessa bústaði ýmist til leigu eða selja þá, eftir því sem tækifæri gæfist til. Ég sé ekki annað en þetta sé eitt af þeim málum, sem er einna nauðsynlegast, að verði kippt í lag á mörgum stöðum á landinu sem allra fyrst. En mest af öllu held ég þó, að það varði að gera landslýð ljóst, að það er gott og hagstætt heilsu, andlegri og líkamlegri, að búa úti á landinu. Ég held, úr því að m. a. stendur í stjórnarsáttmálanum, að það eigi að hafa áróður fyrir breyttu gildismati, þá eigi ekki bara að líta á mölina og göturnar og malbikið, heldur á hreina loftið, á náttúruna og á rólegheitin og skortinn á streitunni og ýmsa þá kosti, sem fylgja strjálbýlinu yfirleitt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég kom hér eiginlega gagngert í ræðustól til að þakka hv. þm. Oddi Ólafssyni fyrir þá athyglisverðu og góðu ræðu, sem hann flutti hér um þessi mál. Ég er honum alveg algerlega sammála um, að það er allt of lítið gert að því að hafa uppi áróður fyrir því, hversu gott er að búa á landsbyggðinni. Við vitum það, sem höfum búið þar og höfum verið hér í Reykjavík, að það eru margir kostir við að búa á landsbyggðinni, sem við getum haft meira á lofti er við höfum oft gert. Hitt er svo annað mál, að það eru auðvitað ýmsir vankantar þar á, og hann kom hér inn á, eitt atriði, sem ég vildi aðeins leiðrétta eða koma að. Hann mun hafa átt við, að ég talaði um það í öðru máli, að það væri svo, að menn þyrftu að bíða eftir spítalaplássi í hálfan mánuð sums staðar á landsbyggðinni. Þá átti ég við, að fólk þyrfti að gera það, hvernig sem á stæði, þótt um væri að ræða bráða sjúkdóma eða slys, þannig að það er auðvitað ástand, sem ég held, að við hv. þm. og allir geti orðið sammála um, að sé neikvætt fyrir fólk að búa við og ástæða sé til að halda því á lofti.

En ég vil endurtaka það, að sú ræða, sem hv. þm. flutti hér, undirstrikar einmitt einn þátt í því, sem við höfum kannske vanrækt, sem eigum að kallast forustumenn landsbyggðarinnar, þ. e. a. s. halda því nægilega mikið á lofti, hve gott er að búa þar. Þetta hefur verið rætt víða úti um land, vegna þess að satt bezt að segja keyrir oft svartsýni og bölsýni úr hófi hjá

mönnum, þegar þeir eru að tala um sín mál. Það er eins og gengur, menn eru mannlegir og horfa stundum einhliða á hlutina. En ég vil sérstaklega undirstrika það, sem hv. þm. sagði hér í þessu efni.

Fyrst ég er kominn hér, vil ég einnig þakka hv. þm. Tómasi Árnasyni fyrir ræðu hans hér. Ég gat strikað undir flest af því, sem hann sagði hér um landsbyggðina, sérstaklega varðandi húsnæðismálin og þá ekki sízt um svonefnda byggðaáætlanagerð. Ég hef nokkra reynslu af slíku starfi. En það kom fram, þegar hæstv. núv. ríkisstj. var mynduð, mjög veruleg gagnrýni á það starf, sem áður hafði verið unnið í þessum efnum. En mér virðist hann hafa ákaflega svipaðar skoðanir á þeim hlutum og við, sem unnum að því á þeim árum. Og ég vænti þess, að á meðan hann vinnur í framkvæmdastofnuninni, verði unnið að þessu jafnskynsamlega og hann talaði um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Miðvikudaginn 21. marz, kl. 2 miðdegis.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 146, 381). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 381 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leigunám á hvalveiðiskipum, frv. (þskj. 31). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, EggÞ, EÁ, GeirG, HFS, MÓ, TÁ, StH, AB, HK, BJ.

nei: GH.

JónÁ, JÁH, OÓ, RA, SteinG, ÞK greiddu ekki atkv.

2. þm. (AuA, MJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 399).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 388). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 388 hef ég leyft mér að leggja fram frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og flyt ég það ásamt hv. þm. Tómasi Árnasyni. Vil ég í örfáum orðum gera grein fyrir þeim breytingum, sem þarna er gert ráð fyrir.

Að undangengnum samningum við verkalýðsfélögin var með l. nr. 97 frá 10. maí 1965 gerð breyting á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Sú breyting, sem ég ætla hér að gera að umræðuefni, felst í 1. gr. þeirra laga. Þar er, með leyfi forseta — svo ákveðið:

„Ríkisstj. getur látið byggja hagkvæmar og ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Íbúðir þessar skulu vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um íbúðabyggingar þessar svo og um sölu á þeim o. fl."

Í framhaldi af setningu þessara laga var gefin út reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, og er sú reglugerð frá 28. apríl 1967. Þannig hófust hinar svokölluðu Breiðholtsframkvæmdir. Leitað mun hafa verið til fleiri sveitarfélaga um samvinnu við byggingu slíkra ódýrra og hagkvæmra íbúða. Tilraun var gerð á Sauðárkróki til þess að koma slíkum byggingum af stað, en tókst ekki, og munu menn sammála um, að því hafi fyrst og fremst um ráðið, að lögð var rík áherzla á, að áfangar yrðu stórir, þannig að umræddri hagkvæmni yrði náð.

Það næsta, sem gerist í lagasmíð þessari, er það, að með l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970, eru sameinaðar hinar ýmsu breytingar á l. um þá stofnun í einn lagabálk, og segir þar í 33. gr., með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, l. nr. 97 1965" o. s. frv., þ. e. a. s fyrrnefnd lög, þar sem Húsnæðismálastofnuninni eða ríkisstj. réttara sagt er almennt heimilað að láta byggja hinar ódýru íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Hins vegar er í þessum nýju l. ákvæði til bráðabirgða, 3. tölul. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Haldast skulu óbreytt ákvæði laga og reglugerðar um framkvæmd byggingaáætlunar í Reykjavík, en heimilt er ríkisstj., Reykjavíkurborg og fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík að semja svo um, að þær 735 íbúðir í byggingaáætlun þessari, sem eigi er hafin bygging á, eða hluti þeirra verði byggður sem verkamannabústaðir samkv. VI. kafla laga þessara."

M. ö. o. um leið og heimildin er numin úr gildi, er þó látin standa sú framkvæmd hennar, sem þegar var hafin, þ. e. ákveðin með reglugerðinni, sem ég vísaði í áðan um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þessi heimild nær því, að því er ég fæ bezt séð, eingöngu til bygginga ríkisins og Reykjavíkurborgar, en heimild til þess að byggja slíkar íbúðir með sveitarfélögum úti um land er felld úr gildi.

Í umr., sem orðið hafa upp á síðkastið um dreifbýlið og erfiðleika þess, hefur hvað eftir annað komið greinilega fram hjá fjölmörgum, sem til máls hafa tekið um það mál, bæði hv. þm. og fleirum, að mjög hefur hallað á dreifbýlið og ekki sízt í sambandi við íbúðabygg-

ingar. Mun vera sannleikur, að á því sviði kreppir skórinn einna verst að.

Breiðholtsframkvæmdirnar hafa orðið æðimiklar hér í Reykjavík, og þykir mér rétt að veita nokkrar upplýsingar um þær. Árið 1967 var byrjað á 1. áfanga og þá byggðar 312 íbúðir. Í 2. áfanga, sem einnig var hafinn 1967, voru byggð 23 einbýlishús. Í 3. áfanga, sem hefst 1969, eru byggðar 180 íbúðir. Í 4. áfanga, sem hefst 1971, eru byggðar 192 íbúðir. Í 5. áfanga, sem hefst 1972, eru byggðar 200 íbúðir. Þá er íbúðafjöldinn orðinn 907, en ráðgerðar eru þá a. m. k. 314 íbúðir til viðbótar og að þeim byggingum verði lokið í ársbyrjun 1975. Þær íbúðir, sem þannig hafa verið byggðar, eru með lánskjörum, sem eru ólíkt hagkvæmari en þau kjör, sem almennt gilda, eins og greinilegast kemur fram í reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem ég hef fyrr vísað til. Þar segir í 17. gr., með leyfi forseta:

„Greiðsluskilmálar á andvirði þeirra íbúða, sem seldar verða samkv. 15. og 16. gr. reglugerðar þessarar, skulu vera eins og hér segir: a. Kaupandi greiðir 20% af andvirði íbúðarinnar á 4 árum, þannig að 5% greiðast 12 mánuðum áður en íbúðin er fullgerð og afhent kaupanda, síðan greiðir kaupandi 5% af andvirðinu á ári næstu 3 árin á sama gjalddaga og fyrstu afborgunina. Setja skal tryggingu fyrir þessum þremur ársgjöldum, sem veðdeild Landsbanka Íslands metur gilda. b. Afgangur andvirðis íbúðarinnar, eða 80% af söluverðinu, greiðist af láni frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem vera skal til 33 ára, afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. Að öðru leyti skulu kjör á þessum lánum vera þau sömu og á lánum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins á hverjum tíma."

Ljóst mun öllum hv. alþm. vera, að hér er um töluvert hagkvæmari lánskjör að ræða en við almennar íbúðabyggingar, sömuleiðis byggingar svonefndra verkamannabústaða. Í fyrsta lagi eru lánin ákveðin sem 80% af söluverði íbúðarinnar, en í öðrum tilfellum eru lánin nú ráðgerð 800 þús. kr. á hverja íbúð. Lán þessi eru auk þess til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en önnur lán Húsnæðismálastofnunarinnar eru aðeins til 25 ára. Auk þess er hér í raun og veru lánaður helmingurinn af eftirstöðvunum, þ. e. a. s. 10%, til tveggja ára, eins og fram kom í a-lið þeirrar greinar, sem ég las áðan.

Það er alls ekki verið að amast út í þessar byggingar hér á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þær eru að sjálfsögðu góðra gjalda verðar. En það er staðreynd, að þessar byggingar hafa mjög raskað hlutfallinu milli dreifbýlis og þéttbýlis í íbúðabyggingum. Kemur þetta greinilega fram af ýmiss konar samanburði, sem fyrir liggur, m. a. samanburði, sem birtist í dagblaðinu Tímanum laugardaginn 25. nóv. 1972, sem ég vil leyfa mér að vitna til, með leyfi forseta. Þar er gerður samanburður á lánum Húsnæðismálastofnunarinnar í hinum ýmsu kjördæmum, og kemur í ljós, að lán í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi nema að meðaltali 5065 kr. á hvern íbúa, en aðrir landshlutar hljóta aðeins 2840 kr. á hvern íbúa, þ. e. a. s. um það bil 40% af íbúum landsins hljóta aðeins 28% af heildarlánum Húsnæðismálastofnunarinnar á því ári, 1971.

Ég vil einnig leyfa mér að vísa til þess, sem kom fram sem svar við fsp. frá mér í Sþ. nú alveg nýlega um framkvæmd þáltill. minnar o. fl. frá síðasta þingi um byggingu leiguíbúða. Það kom fram í svari hæstv. félmrh., að allir, sem svöruðu, hvöttu mjög til bygginga slíkra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og fleiri aðili leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og fleiri aðila efast ég ekki, og ég fagna því, sem fram hefur komið, að í undirbúningi mun vera leiðrétting á þessu með aukinni aðstoð ríkisins gegnum Húsnæðismálastofnun ríkisins til bygginga leiguíbúða. Þar er hins vegar að áliti okkar flm. þessa frv. um nokkuð annað mál að ræða. Við teljum einnig nauðsynlegt að leiðrétta það misræmi, sem hefur orðið með lagasetningunni 1970 á heimild ríkisins til þess að byggja hagkvæmar íbúðir í samvinnu við sveitarfélag víðar en í Reykjavík.

Tilgangurinn með þessu frv. er fyrst og fremst sá að setja að nýju inn í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins heimild, sem nær ekki eingöngu til Reykjavíkurborgar, heldur til landsins alls. Við treystum því vissulega, eins og fram kemur í grg. okkar, með tilvísun til þeirrar knýjandi þarfar, sem er víða og kannske alls staðar í dreifbýlinu fyrir ódýrar og hentugar íbúðir, að hið fyrsta verði ráðizt í slíkar framkvæmdir. Við teljum eðlilegt, að að því verði stefnt, að slíkar framkvæmdir í samvinnu við önnur sveitarfélög geti hafizt eigi síðar en þegar lokið er Breiðholtsframkvæmdunum svonefndu, þ. e. a. s. snemma á árinu 1975. En til þess að það megi takast, veitir áreiðanlega ekki af að hefja undirbúning nú án tafar. Ræða þarf við sveitarfélögin um slíkar framkvæmdir. Semja þarf við sveitarfélögin um þessar framkvæmdir, hanna íbúðirnar, ákveða áfangana o. s. frv. Að sjálfsögðu þarf í öllum tilfellum að stefna að því, að þessar íbúðir, hvort sem þær eru byggðar í litlum einbýlishúsum eða fjölbýlishúsum, verði sem hagkvæmastar, ódýrastar og hentugastar. Því hygg ég, að reynzlan sýni, að til þess að svo megi takast, veiti ekki af, að þegar verði hafizt handa og í undirbúning ráðizt.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er von mín, að hv. þm. sjái strax, að nánast megi segja, að það hafi orðið um mistök að ræða í lagasetningunni 1970, þegar þetta ákvæði var fellt niður gagnvart öðrum en Reykjavíkurborg. Hér er um algera lágmarksleiðréttingu á lögum um Húsnæðismálastofnunina að ræða.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða þetta mál ítarlega. Ég vildi aðeins að það kæmu fram vissar aths. við 1. umr. Hér er hreyft miklu og þýðingarmiklu máli, þar sem eru húsnæðismálin og sérstök fyrirgreiðsla við landsbyggðina, þannig að þetta er tímabært að því leyti. Hins vegar finnst mér, að það sé vafasamt, sem fram kom í röksemdafærslu og viðhorfum hv. 1. þm. Vestf. til þess ákvæðis um Breiðholtsíbúðirnar, sem hann legg-

ur til, að sé nú á ný lögfest sem almennt ákvæði, þannig að það sé hægt að beita því ekki einungis í Reykjavík, heldur og úti um land. Þetta ákvæði gilti fyrir land allt, eins og hv. þm. sagði, en það hefur ekkert verið gert utan Reykjavíkur, eins og við vitum.

Ég skal ekki fara að fjölyrða um það, hverjar ástæðurnar eru fyrir því, að ekkert hefur verið aðhafzt, hvorki í tíð fyrrv. ríkisstj. né þeirrar ríkisstj., sem nú situr. Ef það hefði verið vilji stjórnvaldanna að gera eitthvað í þessum efnum eftir þessum leiðum, hefði verið hægur vandi að fá lagaheimild til þess. En það er staðreynd, að þetta heimildarákvæði var ekki hagnýtt viðkomandi landsbyggðinni. Og þegar lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru endurskoðuð árið 1970, var þetta ákvæði, að því er varðar Breiðholtsframkvæmdirnar, sett inn sem bráðabirgðaákvæði, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. Ég skal ekki fullyrða, hvað það voru mikil mistök að taka hið almenna ákvæði út, þar sem það var ekki notað. Af ýmsum ástæðum hygg ég, að það sé vafasamt, að rétt sé að fara eftir þeim leiðum, sem þar var gert ráð fyrir, til þess að rétta hlut dreifbýlisins í þessum efnum, því að sú leið varð upphaflega til fyrir samninga í sambandi við verkfall Dagsbrúnar hér í Reykjavík. En þetta var yfirfært sem heimild á allt landið, af því einmitt að það gat enginn mælt á móti því, að það væri eðlilegt að gera eitthvað hliðstætt víðar en í Reykjavík.

En um leið og þessi almenna heimild var tekin út úr húsnæðislöggjöfinni, var gerð veigamikil breyting á húsnæðislöggjöfinni og sérstaklega varðandi verkamannabústaðina. Kerfi verkamannabústaðanna var umsteypt og þannig gengið frá þeim málum, að talið var, að það væri eins hagkvæmt að byggja eftir þeim ákvæðum og ákvæðunum, sem giltu og voru framkvæmd varðandi framkvæmdir ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholti. Í bráðabirgðaákvæði, sem hv. 1. þm. Vestf. vitnaði til, segir, að það sé heimilt að velja um það að ljúka hinum fyrirhuguðu framkvæmdum í Breiðholtinu eftir þeim leiðum, sem ákveðnar voru í upphafi, eða semja um það, að þessum byggingarframkvæmdum yrði lokið samkv. ákvæðum um verkamannabústaði. Þetta var ekki út í loftið. Þetta var svo ákveðið vegna þess, að gagnvart einstaklingunum voru það miklu hagkvæmari kjör, sem boðin voru samkv. kerfi verkamannabústaðanna heldur en Breiðholtskerfinu. Þetta liggur í því, að lánin úr Byggingarsjóði verkamanna eru til 42 ára og með 2% vöxtum, en lánin, sem veitt voru til íbúðanna í Breiðholtsframkvæmdunum, eru til 33 ára og vextirnir gátu þá orðið óhemjuháir, áður en þakið var sett á vísitöluna, en geta nú orðið tæp 8%. Hér er um geysimikinn mun að ræða. Til fróðleiks get ég gefið hér dæmi um það, hvað lántakandi, sem byggði íbúð, sem kostaði 1780 þús., væri búinn að greiða mikið, þegar hann hefði lokið lánum sínum eftir Breiðholtskerfinu. Af þessari íbúð, sem kostaði 1780 þús., væri hann búinn að greiða 4 millj. 83 þús. En samkv. verkamannabústaðakerfinu væri maður, sem byggði sams konar íbúð á sama verði og fengi lánið samkv. því kerfi, búinn að greiða 2 millj. 853 þús. Það er geysilegur munur á þessu, það sést á þessari upphæð. Auk þess verður að hafa í huga, að lánið til verkamannabústaðanna er til miklu lengri tíma en hin lánin. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna fram á, að það mál er nokkuð margslungið, sem hér er um að ræða. Þannig er ekki alveg ljóst af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þetta, sem hann er að leggja til núna, sé raunhæfasta leiðin til þess að koma fólkinu úti á landsbyggðinni til aðstoðar. Það ber líka að hafa í huga, að það er ekki nóg að jafna metin á milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar í þessu efni, ef á að aðstoða byggðarlög, sem í vök eiga að verjast og stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það verður að gera meira fyrir þessi byggðarlög en hin, sem betur eru sett. Það verður að snúa hlutunum við, og gera meira fyrir húsbyggjendur í þessum byggðarlögum í strjálbýlinu, ef á að aðstoða þau þannig, að um muni. Það er ekki nóg, að það komi fram á framkvæmdum einstakra aðila, það þarf að koma fram í framkvæmdum byggingaraðila almennt, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög, samvinnufélög, sveitarfélög eða aðrir aðilar. Þannig er þetta mál margslungið.

Ég sagði, að sumt af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um þetta, væri þess eðlis, að ástæða væri til að gera nokkrar athugasemdir við það. Ég skal nú stilla máli mínu í hóf. Það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að Sauðárkrókur hefði hætt við Breiðholtskerfið, vegna þess, að þörfum þess byggðarlags hefði ekki verið sinnt eftir þeim ákvæðum. Sauðárkrókur vildi ekki fara í byggingarframkvæmdir samkv. þessum kjörum, eftir að breytingarnar voru gerðar á verkamannabústaðakerfinu. Það er ein sönnun fyrir því, sem ég var að segja, að það væri miklu hagkvæmara kerfi. Að vísu er rétt að taka fram, að það er einn meinbugur á því kerfi og hann ekki lítill. Segja má, að hann hafi verið í upphafi fyrir hendi, þegar lögin voru sett 1970. En að mínu viti hefur þessi meinbugur vaxið mjög í tíð núv. ríkisstj. Ég á við það, að það eru vissar kvaðir og byrðar, sem eru lagðar á þau sveitarfélög, sem taka þátt í byggingarframkvæmdum samkvæmt verkamannabústaðakerfinu. Það er erfitt fyrir sveitarfélögin að standa undir sínum hlut í því efni, og það er eitt af því, sem þarf að taka til athugunar í þessum málum.

Þessi mál eru, eins og ég hef sagt, margslungin. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta nú heldur snöggsoðið hjá vini mínum, hv. 1. þm. Vestf. Ég er nýkominn frá kjördæmi okkar beggja vestur á fiörðum, og ég útlistaði hugmyndir mínar einmitt um bætur í húsnæðismálum á almennum fundi bæði á Flateyri og Þingeyri, þar sem voru ýmsir góðir vinir mínir, m. a. góðir framsóknarmenn. Ég hefði viljað, að hann hefði verið þar, svo að hann hefði heyrt, hvað þar kom fram, þó að hann hafi sjálfsagt fengið skýrslu um þetta, hygg ég, að hann hafi fengið ónákvæmar upplýsingar um það, sem ég ræddi um húsnæðismálin.

En hér er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, um þýðingarmikið mál að ræða. Það er sannarlega ekki að ófyrirsynju, að húsnæðismálin eru tekin upp. Það er þakkarvert, í hvaða

mynd sem það er gert. En þetta eru mál, sem við þurfum að ræða miklu betur og að mínu viti á miklu viðari grundvelli en þessi till. hv. 1. þm. Vestf. gefur tilefni til. Ég vænti þess að fá tækifæri, þegar ég legg mínar eigin till. fram í þessum efnum, til að ræða málin í heild.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfáar athugasemdir vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf.

Ég vil fyrst upplýsa, að enginn af okkar ágætu vinum á Flateyri hefur séð ástæðu til þess að bera mér boðskap hv. þm. þar, líklega ekki þótt hann nægilega merkilegur.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að húsnæðismálalöggjöfin, með sérstöku tilliti til framkvæmdar hennar fyrir dreifbýlið, er æðiflókin og satt að segja hefur verið flækt þannig á undanförnum árum, dreifbýlinu í óhag, að furðu sætir.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að verkamannabústaðareglugerðin hefur verið bætt nokkuð, en það er hins vegar rangt, að framkvæmd þessa ákvæðis húsnæðismálalöggjafarinnar hafi versnað í tíð núv. ríkisstj. Við hv. þm. stóðum saman að því á síðasta þingi að bæta þetta nokkuð með því að auka hámarksheimild framlags sveitarfélaga, en það er einmitt þar, sem hnífurinn stendur í kúnni, ef ég má orða það svo, að verkamannabústaðaframkvæmdirnar eru við það miðaðar, að ákveðið framlag þurfi að koma frá viðkomandi sveitarfélagi, og er það bundið við hvern íbúa í því sveitarfélagi. Það er því fjöldi íbúa í sveitarfélaginu, sem ákveður, hve framkvæmdin getur orðið mikil. Ég þarf ekki að fara út í það hér mörgum orðum, við þekkjum það allir, að þetta hefur orðið til þess, að smæstu sveitarfélögin hafa ekki getað notið góðs af verkamannabústaðaheimildinni, eins og til var ætlazt, en það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir verulegu framlagi sveitarfélagsins, eins og ég hef rakið. Hitt er svo alveg rétt, að í vissum þáttum er verkamannabústaðalöggjöfin hagkvæmari, eins og t. d. með tilliti til vaxta.

Ekki ætla ég að deila um það, hvers vegna hætt var á Sauðárkróki. Ég hafði þetta eftir heimamanni þar, sem fullyrti, að það hefði ekki verið hægt að ná þeim áfanga, sem krafizt var. Ef hann hefur sagt mér rangt frá, þá er vitanlega sjálfsagt að leiðrétta það, en á meðan ég hef ekki fengið aðrar upplýsingar þaðan, tek ég frásögn hans góða og gilda. Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því, að við höfum ekki tekið þessa gr. algerlega óbreytta úr l. frá 1965, heldur bætt við einni setningu, sem er þannig: „Stærð áfanga skal miðuð við þarfir og getu viðkomandi sveitarfélags.“ Þetta tel ég satt að segja afar mikilvægt með tilliti til þeirra upplýsinga, sem ég hef fengið. Ég tel, að með því að opna þetta þannig meira en var 1965, verði fremur kleift að veita smærri sveitarfélögum úti um land aðgang að þessum hagkvæmu íbúðabyggingum. Við flm. teljum ástæðu til, að þessi heimild verði tekin upp þannig breytt og á það reynt, hvort sveitarfélögunum er ekki þannig gert auðveldara að ráðast í íbúðabyggingar eins og Breiðholtsbyggingarnar hér hafa verið.

Ég sagði áðan í ræðu minni, að við teljum hér nánast um lágmarksleiðréttingu að ræða. Ég er því sammála því, sem kom fram hjá hv. þm., að fjölmargar fleira þarf að gera, enda hef ég lagt til í þáltill. í Sþ., að það verði gert og gerð á þessu ítarleg athugun. Ég fæ því ekki séð, að þessi leiðrétting þurfi nokkuð að skaða. Það eina, sem hún getur gert, er til bóta, sérstaklega með þeirri breytingu, sem ég hef lýst, þeirri setningu, sem ég las áðan.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta málefni, frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem ég og hv. 1. þm. Vestf. flytjum, gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. geti látið byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í samvinnu við sveitarfélögin utan Reykjavíkur.

Það kemur fram í grg., að 28. apríl 1967 var gefin út reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, þ. e. a. s. hinar svonefndu Breiðholtsframkvæmdir. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að byggja 1250 íbúðir í Reykjavík á árunum 1966—1970. Hins vegar hafa byggingarframkvæmdir dregizt nokkuð, eins og kunnugt er.

Ég vil fyrst gera að umtalsefni spurninguna um, hvort það sé rétt, að ríkisvaldið og eitt verkalýðsfélag geri með sér samkomulag um að ráðstafa hluta af ráðstöfunarfé hins almenna húsnæðislánakerfis til eins einasta sveitarfélags í landinu. Hið almenna húsnæðislánakerfi er ætlað öllum landsmönnum. Það er ætlazt til þess, að þeir, sem uppfylla viss skilyrði, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, geti fengið þá fyrirgreiðslu hjá húsnæðislánakerfinu, sem lög mæla fyrir um. Þess vegna vaknar spurningin: Er eðlilegt að gera slíka samninga, ráðast inn á þetta almenna kerfi og ráðstafa vissum hluta af ráðstöfunarfénu til eins einasta sveitarfélags, eins og raunverulega gerðist? Reglugerðin frá 1967, sem vitnað er til í grg., er í raun og veru staðfesting, að því er ég hygg, á samkomulagi milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og ríkisstj. Ég er hræddur um, að íbúar utan þessa svæðis hafi sitthvað við það að athuga að ráðstafa hluta af ráðstöfunarfé, sem allir eiga að hafa aðgang að í raun og veru, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, til eins einasta sveitarfélags.

Ef við lítum á þessi mál dálítið nánar, þá hygg ég, að það sé ekki fjarri lagi, að á árinu 1972 hafi um 270 millj. kr. verið ráðstafað í Breiðholtsframkvæmdir úr hinu almenna húsnæðislánakerfi. Ég hygg, að það sé upp undir þriðjungur af ráðstöfunarfé húsnæðislánakerfisins. Ef við lítum á þetta enn nánar, þá er alkunn staðreynd, að á undanförnum árum og áratugum hefur fjármagn runnið til Reykjavíkur í stórum straumum utan af landsbyggðinni í íbúðarhúsabyggingar í höfuðstaðnum. Menn hafa talið það úti á landsbyggðinni, að þeir tryggðu ekki betur sitt sparifé, margir hverjir, en með því að setja það í fast, eins og það er kallað, og þá sérstaklega í íbúðarhúsnæði í Reykjavík, vegna þess að íbúðir hafa verið í svo háu verði á þeim markaði. Þannig

hefur verulegt fjármagn runnið eftir þessum leiðum til Reykjavíkur. Hve mikið, veit auðvitað enginn. En þetta hefur leitt til þess, að menn hafa með því að leggja fram fjármagn í íbúðir í Reykjavík auðveldað hér aðgang að hinu almenna húsnæðislánakerfi. Það verður að teljast þjóðhagslega óeðlilegt og óæskilegt, að fjármagn þjóðarinnar dragist um of og á óeðlilegan hátt í fjárfestingu í húsnæði hér í borginni og frá fjárfestingu úti á landsbyggðinni.

Ég vil láta í ljós þá skoðun, að óeðlilegt sé að ráðast inn í almenna húsnæðislánakerfið með því að ráðstafa hluta af því og það ekki óverulegum hluta til eins sveitarfélags. Þess vegna er frv. okkar hv. 1. þm. Vestf. að mínu mati sjálfsagt mál, og þegar þessum byggingarframkvæmdum í Breiðholti lýkur, verði í reynd komið að landsbyggðinni til þess að reyna að rétta af þann mikla halla, sem þessar framkvæmdir hafa haft í för með sér gagnvart aðgangi fólks utan af landsbyggðinni að hinu almenna húsnæðislánakerfi. Hvernig er ástandið í húsnæðismálunum úti á landsbyggðinni, úti í kaupstöðunum og kauptúnunum, sem mest standa t. d. undir útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, sérstaklega þó í sjávarútveginum? Hvernig er ástandið? Ástandið er bókstaflega þannig á hverjum einasta stað, að það vantar húsnæði og þar af leiðandi vantar fólk, því að það er ekki hægt að fá fólk til þess að flytjast til þessara staða til þess að taka þátt í atvinnulífinu, nema það hafi möguleika á húsnæði á staðnum. Þess vegna hygg ég, að þetta mál sé þjóðhagslega séð mjög alvarlegt mál. Þetta frv., sem við flytjum hér, beinist að því, í fyrsta lagi að jafna þann halla, sem hefur orðið gagnvart fólki úti á landsbyggðinni. Í öðru lagi er frv. ætlað að vinna að því að gera fólki mögulegt að setjast að í kaupstöðum og kauptúnum til þess að styðja eða taka þátt í atvinnulífinu, því undirstöðuatvinnulífi, sem þjóðinni ríður mikið á að efla.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get tekið undir hinar almennu hugleiðingar hv. 3. þm. Austf. um húsnæðismálin og það, sem hann sagði almennt um þýðingu þess, að ekki sé gengið á rétt strjálbýlisins í þeim efnum. Hann varpaði fram þeirri spurningu, hvort það væri rétt, að verkalýðsfélag gæti samið um það, að verulegum hluta af ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar væri ráðstafað til eins sveitarfélags. Ég gerist ekki formælandi þess, að það séu rétt eða eðlileg vinnubrögð út af fyrir sig. En það kom nefnilega meira til. Það kom til, að þetta var lögfest. En þetta var ekki lögfest sem sérákvæði um Reykjavík, heldur sem almennt ákvæði. Að vísu var upphaflega samið um þetta eða gert ráð fyrir, að þetta gilti einungis um Reykjavík. En eftir að málum var þannig komið, var sérstök n. af hálfu ríkisins sett í að ræða málið nánar. Í nefnd þessari voru Jóhannes Nordal, Eggert G. Þorsteinsson og ég, fyrir hönd ríkisstj. En fyrir hönd verkalýðssamtakanna voru Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson og einhver þriðji mætur forustumaður þeirra. Ég hreyfði því strax á vettvangi þessarar n., að það yrði sett almennt ákvæði. Og ég vil taka það fram, að undir það var tekið hinum megin við borðið af Hannibal Valdimarssyni og engin barátta gegn því. Það var samstaða um það á þessum vettvangi, að það yrði almennt ákvæði, þannig að það er ekkert að athuga við formið að því leyti. Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira í tilefni þess, sem 3. þm. Austf. sagði.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði, að þessi ákvæði um húsnæðismálin hefðu verið flækt svo á undanförnum árum, að furðu sætti. Þetta virtist bera vott um það, að hann væri ekki inni í málunum. En ég hygg, að ég geti sagt mínum ágæta vini, hv. 1. þm. Vestf., að þetta sé misskilningur. Þetta er ákaflega einfalt mál. Ef hann gæfi sér tíma til að lesa þessa löggjöf yfir er ég sannfærður um, að þetta reyndist ekki neitt myrkviði fyrir hv. þm. Hins vegar er náttúrlega þýðingarmikið að kynna sér gildandi lög, sérstaklega ef menn eru að gera till. um breyt. á löggjöfinni.

Þá var nokkur misskilningur hjá hv. þm., að ég hefði sagt, að ástandið varðandi verkamannabústaðina hefði versnað í tíð núv. ríkisstj. í þeim skilningi, að núv. ríkisstj. hefði staðið fyrir löggjöf til þess að gera ástandið lakara. Það er ekki rétt. Það er hins vegar rétt, sem hv. þm. sagði, að hann var meðflm. með mér að till., sem var borin fram á síðasta þingi og samþykkt, um að greiða fyrir byggingu verkamannabústaða. En það, sem ég átti við, var, að sveitarfélögin stæðu verr að vígi vegna rýrnandi tekjustofna til þess að standa undir sínum hlut af þessum nauðsynlegu og þörfu framkvæmdum.

Hv. þm. gaf nú víst í skyn, að hann mundi ekki breyta því, sem hann sagði um Sauðárkrók, um ástæður fyrir því, að Sauðárkrókur hefði hætt við að byggja samkv. ákvæðunum um Breiðholtsframkvæmdir. Það gerir svo sem ekkert til. Þetta er ekkert stórmál. Ég ráðfærði mig við hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, sem var félmrh. þá, og ég á sama tíma meðlimur í húsnæðismálastjórn. Við töldum, að við mundum þetta rétt. En þetta er algert aukaatriði.

Ég vil taka fram, sem ég sagði áður, að það er virðingarvert, að hv. þm. skuli hreyfa húsnæðismálum í hvaða mynd sem það er, þó að því kunni að vera ábótavant. Ég vil einnig benda þessum hv. flm. á það, að ef þeir hafa trú á því, að ákvæði frv. þeirra hafi þýðingu til frambúðar fyrir landsbyggðina, hefði farið betur á því, að till. þeirra hefði miðast við slíkt, en hefði ekki verið um það að setja inn aðeins bráðabirgðaákvæði í lögin. Auðvitað þarf að athuga þetta eins og fjölmargt annað í sambandi við þetta mál.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess, að það kom hér fram, að íbúar Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis hefðu notið miklu meiri fyrirgreiðslu frá húsnæðismálastjórn á undanförnum árum en aðrir íbúar landsins. Þetta er alveg rétt. En hv. þm. Austf., Tómas Árnason, kom inn á kjarna þessa máls, og kjarninn er ekki Breiðholtsfyrirgreiðsla, því að Breiðholtsfyrirgreiðslunnar gátu allir lands-

menn í kauptúnum eða kaupstöðum notið um árafjölda. Það var annað, sem hann sagði, sem er kjarni þessa máls. Það er straumurinn af peningum til Reykjavíkur utan af landi. Fjöldi aðila utan af landi fékk fyrirgreiðslu hjá húsnæðismálastjórn og byggði hús í Reykjavík og gerir enn í dag. Þetta er í raun og veru meginvandinn, sem við er að stríða, að mínu viti. Ég held, að lausn á þessu máli verði ekki fenginn, fyrr en öryggisleysið í endursölu úti á landi er yfirunnið. Ég efast um, að samþykkt þessarar till., þótt hún bæti að vísu nokkuð um, nægi til þess að fá skrið á húsbyggingar víða úti um land, þar sem þeirra er þörf.

Fyrir nokkrum árum aflaði ég mér upplýsinga um það í félmrn., hvernig á því stæði, að þeir í Reykjavík fengu miklu meiri fyrirgreiðslu í húsnæðismálum en aðrir landsmenn. Ég fékk strax það svar, að þetta stæði öllum til boða, sem vildu byggja, þeir gætu fengið fyrirgreiðslu á Breiðholtsgrundvellinum. En það nægði ekki til. Þá kom mér í hug og ræddi um það við þá, að e. t. v. væri raunhæfari leið að breyta verkamannabústaðakerfinu þannig, að bæjarfélögin gætu byggt til leigu og sölu, ef hentara þætti, fleiri íbúðir en þau hafa heimild til skv. núgildandi lögum. Ég held, að þetta yrði stórtækari bót en sú till., sem hér liggur fyrir. En eins og ég minntist á áðan, held ég, að eina leiðin til þess, að raunveruleg breyting verði, sé að tryggja á einhvern hátt, annað hvort á vegum sveitarfélaga eða ríkisins, endursöluverðmæti þeirra íbúðahúsa, sem byggð eru úti á landsbyggðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti háskólans, frv (þskj. 385). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 86 frá 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Háskóla Íslands, er flutt að beiðni háskólarektors. Heimild háskólans til happdrættisrekstrar rennur út nú í árslok. Heimildin var fyrst veitt til 10 ára, en hefur síðan verið tvívegis endurnýjuð til 15 ára. Þar sem miklar byggingarframkvæmdir munu halda áfram á vegum háskólans um langt árabil, svo sem verið hefur nokkur undanfarin ár, er nauðsynlegt að fá happdrættisleyfið endurnýjað til næstu 15 ára, frá 1. jan. 1974 að telja.

Frv. gerir ekki ráð fyrir efnislegum breytingum á núgildandi lögum, öðrum en þeim, sem felast í ákvæðum um framlengingu happdrættisins og fækkun hlutamiða úr 65 þús. númerum í 60 þús. númer, þar sem heimiluð aukning um 5 þús. númer hefur ekki verið notuð, og er talið ólíklegt, að lagt verði út í stækkun happdrættisins með þeim hætti í fyrirsjáanlegri framtíð. Orðalag 1. gr. er gert nokkru skýrara með tilliti til áorðinna breytinga á lögum.

Í fskj. með frv. er gerð grein fyrir afkomu happdrættisins á síðustu árum og helztu viðfangsefnum háskólans, sem happdrættisféð rennur til. Vil ég leyfa mér að vísa til þess og sé ekki ástæðu til að endursegja það hér. Leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á hinum almennu hegningarl., er samið og borið fram í þeim tilgangi, að hér á landi verði sett fullnægjandi refsiákvæði við hinum svonefndu flugvélaránum.

Eins og alkunna er, hefur oft á undanförnum árum skapazt mikið hættuástand vegna ofbeldisaðgerða um borð í flugvélum, þegar menn hafa beitt þar ofbeldi eða hótunum um ofbeldi eða öðrum ólögmætum aðferðum til þess að komast yfir stjórn flugvélar, og hefur tilgangurinn verið ýmiss konar, svo sem fjárkúgun og landflótti afbrotamanna. Á undanförnum árum hefur löggjöf margra ríkja verið breytt til að tryggja það, að lögum verði örugglega komið yfir þá, sem slíka verknaði fremja, og sett hafa verið ákvæði um þung viðurlög. Þá hafa einnig alþjóðastofnanir látið málið til sín taka, og efnt hefur verið til sérstakra ráðstefna um öryggi flugsamgangna, þar sem þetta vandamál hefur verið aðalviðfangsefnið.

Gerðir hafa verið 3 alþjóðasamningar, sem stuðla eiga að því að koma í veg fyrir flugvélarán og tryggja, að þeim, sem slíkt fremja, verði refsað. Samningarnir eru kenndir við Tokyo, gerður 1963 í Haag, gerður 1970, og Montreal, gerður 1971. Tveir síðastnefndu samningarnir geyma ákvæði þess efnis, að ríki þau, sem staðfesta þá samninga, skuli tryggja þung viðurlög við flugránum. Tokyo-samningurinn hefur þegar verið fullgiltur af Íslands hálfu, en til þess að unnt verði að fullgilda Haag- og Montreal-samningana, er nauðsynlegt að gera þær breytingar á hegningarlögunum, sem lagðar eru til í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Með tilliti til þess, hve Ísland tekur mikinn þátt í flugsamgöngum og hve margar flugvélar fara hér um, er nauðsyn, að hér verði gerðar allar þær ráðstafanir, sem unnt er að gera, til þess að koma í veg fyrir flugvélarán og til þess að geta refsað þeim, sem hingað kynnu að leita, eftir að hafa framið slíkan verknað. Hafa og fjölmörg alþjóðasamtök beint tilmælum til allra ríkja um, að þau staðfesti þessa samninga og lögfesti þung viðurlög við brotum, sem snert geta öryggi flugsamgangna. Svokallaðri hegningarlaganefnd var því falið að semja frv. um nauðsynlegar breytingar á hinum almennu hegningarlögum, til þess að fullnægt væri þeim kröfum, sem nú eru almennt gerðar til ríkja um ráðstafanir í þessum efnum.

Það má segja, að meginefni frv. felist í 2.—4. gr.

Í 3. gr. er lagt til, að nýrri mgr. verði bætt við 165. gr. hegningarlaganna, og er þar mælt

svo fyrir, að það varði fangelsi ekki skemur en 2 ár að beita ofbeldi eða hótunum um ofbeldi um borð í loftfari eða annarri ólögmætri aðgerð til að ná valdi á stjórn þess eða grípa á annan ólöglegan hátt inn í stjórnina eða flugið.

2. gr. fjallar um það athæfi, þegar rangar tilkynningar eru gefnar til forráðamanna flugfélaga, t. d. eins og átt hefur sér stað, að tilkynnt sé um það, að sprengjur séu í flugvél, án þess að slíkt sé þó fyrir hendi. Er slíkt athæfi lýst refsivert og getur varðar sektum, varðhaldi og fangelsi allt að þremur árum. Er lagt til, að bætt verði í hegningarlögin nýrri gr., sem verði 120. gr. a.

4. gr. fjallar um það ákvæði Montreal-samningsins, sem varðar sérstaklega spjöll á loftförum á jörðu niðri. Er lagt til, að sett verði viðbótarákvæði í 257. gr., 2. mgr. til þess að taka af öll tvímæli um, að slíkt spellvirki á loftförum falli undir þá gr. hegningarlaganna, en fyrir brot á henni má beita fangelsi allt að 6 árum.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði þess efnis, að refsivald íslenzka ríkisins nái til þeirra brota, sem fjallað er um í frv. þessu. Og lagt er til, að í 6. gr. bætist nýr liður skv. því.

Alþjóðasamningar þeir, sem flugvélarán varða, hafa ekki enn verið fullgiltir af Íslands hálfu og kenndir eru við, eins og sagt var, Haag og Montreal, eru prentaðir sem fskj. með frv. þessu. Með frv. eru allítarlegar athugasemdir, sem hegningarlaganefnd hefur tekið saman, og leyfi ég mér að öðru en því, sem ég hef hér sagt, að vísa til þeirra.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 21. marz, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GunnG): Svofellt bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 21. marz 1973.

Þar sem Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., dvelur erlendis, óska ég þess fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna, að Jónas Jónsson, 1. varamaður flokksins í kjördæminu, taki sæti hans á Alþingi.

Halldór E. Sigurðsson."

Jónas Jónsson hefur áður tekið sæti á þingbekk á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn.

Umræður utan dagskrár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hinn 17. okt. var útbýtt hér í deildinni frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 22. april 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands, og daginn eftir eða 18. okt. var þessu máli vísað til allshn. Efni þessa frv., sem ég skal ekki ræða nú, er, að ríkissjóður leggi landhelgissjóði ákveðið framlag árlega. Ég innti eftir afgreiðslu þessa máls í sambandi við afgreiðslu fjárl. og þá hafði ég skilið menn svo, að það mundi verða tekið eitthvað inn á fjárl. til eflingar landhelgissjóði, sem ekki varð nú, að ég hygg, utan heimildar, til lántöku. Þegar frv. var hér til 1. umr., tók hæstv. forsrh. mjög vel í málið og taldi mikilsvert, að landhelgissjóði, svo miklu og vandasömu hlutverki sem hann hefur að gegna, yrði ákveðið árlegt framlag. Og í umr. við fjárlagaafgreiðsluna rétt fyrir jólin kom þessi afstaða hæstv. forsrh. ítrekað fram og að frv. mundi verða afgreitt á þessu þingi. Með hliðsjón af því og einnig von um, að nokkurt tillit yrði tekið til þess við afgreiðslu fjárl., féll ég frá tillöguflutningi við afgreiðslu sjálfra fjárl. um framlag á þessu ári til landhelgissjóðsins.

Það er ekki ætlunin að fara að ræða frv. núna efnislega. En ég tel með öllu óverjandi að frv., sem lagt er fram 17. okt. og strax við 1. umr. lögð áherzla á, að það verði afgreitt fyrir áramót, fyrir afgreiðslu fjárl., þannig að tekið sé tillit til ákvæða þess við afgreiðslu fjárl., sé ekki komið úr n. 5 mánuðum síðar. Ég tel, að n. geti ekki haft nokkra afsökun fyrir slíkri meðferð málsins. Ég vil láta þess getið, að frv. efnislega mjög líkt þessu var flutt á síðasta Alþ. og hlaut þá ekki náð hjá hv. þingmeiri hl. og dagaði uppi. Þá var einnig flutt af mér og hv. 2. þm. Reykv. þáltill. um byggingu varðskips og áætlanagerð fyrir landhelgisgæzluna og uppbyggingu hennar. M. a. var rökstuðningur fyrir þeirri áætlanagerð, að landhelgissjóður yrði að geta byggt á einhverjum árlegum, vissum tekjum, sem hann getur ekki nema hann hafi eitthvert ákveðið framlag frá ríkissjóði. Slík meðferð á málum, sem snerta landhelgisgæzluna, eins og nú háttar, er að mínum dómi alveg óverjandi, og ég mælist eindregið til þess, að hv. allshn. afgreiði þetta mál tafarlaust, þannig að það fái þinglega meðferð. Ef ekki verður af því án tafar, vil ég leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að hv. n. gegni þingskyldu sinni í máli sem þessu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þar sem ég er formaður allshn., hljóta menn að skilja orð hv. 1. þm. Reykv. sem gagnrýni á störf mín kannske fyrst og fremst. Ég vil þá fyrst rifja það upp, að ég var fjarverandi vegna setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og gegndi því ekki formennsku, þegar mál þetta var lagt fram. Hins vegar fékk ég þær upplýsingar, þegar ég kom aftur og tók við störfum, að beðið væri eftir umsögn frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar, Pétri Sigurðssyni. Sú umsögn er ekki enn komin, og ég hygg, að það sé ekki einsdæmi, að bíða þurfi vikum saman eftir umsögnum, því miður. Hitt er rétt, að það hefur ekki verið rekið á eftir því. Hins vegar var þetta mál til umr. á síðasta fundi allshn., eins og hv. þm., Ólafur G. Einarsson, hefði getað upplýst flokksformann sinn um. Hann bað þá um, að málið yrði tekið til umr. En á þeim forsendum, að ég hafði ekki

verið viðstödd upphaflegar umr. n. um málið, bað ég um vikufrest. Ég get upplýst hv. 1. þm. Reykv. um það, að allshn. hefur að undanförnu haldið tvo fundi í viku. Það hefur aldrei fallið niður fastur fundartími, og það mun heldur ekki gerast næst. Og eins og ég hef þegar sagt, þá bað ég um þann frest, sem ég þurfti til þess að kynna mér, hvernig þetta mál stæði, og lofaði nm. því, að málið yrði tekið til umr. næsta mánudag kl. 10 fyrir hádegi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég þakka hv. formanni allshn. fyrir þær upplýsingar, sem nú eru gefnar, að málið verði tekið fyrir næstu daga í allshn. og þá væntanlega til afgreiðslu. Auðvitað beinist ekki þessi aðfinnsla mín persónulega gagnvart þessum hv. þm., því að þegar þm. er forfallaður vegna annarra starfa í þágu ríkisins, þá er auðvitað einhver annar, sem hlýtur að hafa gegnt formannsstörfum í þessari n. á meðan. Það, sem ég er að finna að, er, að nú er svo langur tími liðinn, 5 mánuðir, í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það er algerlega óverjandi. Mig furðar á því, ef Landhelgisgæzlan hefur látið standa á einhverjum umsögnum frá sér, sem hún hefur verið beðin um, og þá er það hennar sök að því leyti.

Um n. í þinginu og starfsemi þeirra finnst mér almennt, að við verðum að gera okkur grein fyrir, að sendi n. mál sín til umsagnar, eins og þær gera að jafnaði til tiltekinna aðila, þá væri auðvitað langeðlilegast að hafa jafnan einhvern fyrirvara á því, að svör berist á tilteknum tíma, og ég tala nú ekki um, ef það dregst von úr viti, að þá sé innt eftir svörum.

Eins og mál þetta liggur nú fyrir, vænti ég, að þess verði skammt að bíða, að það hljóti afgreiðslu í n., og við getum þá einnig hert á framgangi málsins hér í d. og í þinginu.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Neðri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 21. marz, að loknum 65. fundi.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er hafin umr. um, er vissulega mjög alvarlegt mál. En þó held ég, að að það sé það einfalt í sniðum og hv. þm. svo kunnugt meginefni þess, að ekki sé ástæða til að hafa um það langa eða ítarlega framsögu. Ég mun þó auðvitað skýra aðdraganda málsins og aðalatriði þess.

Mjög í sama mund og eldgosin byrjuðu í Vestmannaeyjum, hófst hásetaverkfall hér á landi á togaraflotanum. Lausn þessa verkfalls dróst á langinn og virtist hvorki ganga né reka í því alllengi. Þá taldi ríkisstj. það vera komið á svo alvarlegt stig, að hún skipaði sáttanefnd til aðstoðar sáttasemjara ríkisins, og tók sáttanefndin til starfa að lausn málsins. Í sáttanefndina voru skipaðir Ragnar Ólafsson hrl. og Guðlaugur Þorvaldsson prófessor ásamt Torfa Hjartarsyni ríkissáttasemjara. Unnu þeir að málinu allt til loka þess.

Þar kom, að ég var sannfærður um það, og ég hygg, að það hafi verið almennt álitið, að það væri orðið vonlaust um, að sú deila leystist af aðilum, jafnvel ekki með milligöngu sáttanefndarinnar. Þá var það, að ríkisstj. hafði afskipti af málinu og komst að þeirri niðurstöðu, að það bæri ekki svo ýkjamikið á milli aðilanna, en stífni væri mikil í málinu og viðkvæmnisatriði. Ríkisstj. ræddi það, sem á milli bar, við báða aðila og gerði þeim síðan það tilboð, að hún skyldi reyna að brúa bilið með því að láta ríkissjóð koma þar til, og á það sættust báðir aðilar í hásetadeilunni. Á fundum með sáttanefndinni leystust málin á þann hátt, sem rætt hafði verið um við ríkisstj., og báðir aðilar undirrituðu samninga með fyrirvara um staðfestingu og samþykki félaganna á bak við sig og þannig leystist sú deila. Á fundum í félögunum voru þeir samningar, sem samninganefndirnar höfðu undirritað með fyrirvara, samþykktir og deilan leyst.

En nokkru áður en hásetaverkfallið á togurunum leystist, hófst verkfall hjá yfirmönnum á togaraflotanum. Sú deila var milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fyrir hönd Vélstjórafélags Íslands, Félags ísl. loftskeytamanna, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga annars vegar gegn Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda. Menn voru að vona, að þessi deila stæði ekki lengi, hún fengi skjótan endi eftir svo langa stöðvun togaraflotans, sem á undan var gengin. En þær vonir brugðust. Deilan hélt áfram, og sáttasemjara og sáttanefnd tókst ekki að koma á sáttum með aðilum. Þannig stóð málið til 16. þ. m. Þá átti ríkisstj. fundi með aðilum að deilunni og gekk úr skugga um, hvað á milli bæri, á hverju samkomulagsmöguleikar strönduðu, og bauðst til þess að reyna að brúa bilið á árinu 1973 með líkum hætti og þeim, sem leiddi til lausnar hásetaverkfallsins nokkru áður. Í þetta tóku fulltrúar yfirmanna líklega, en útgerðarmenn töldu sig fyrst verða að fá örugga vissu fyrir rekstrargrundvelli og höfðu uppi kröfur um háar greiðslur upp í hallarekstur liðins árs. Var af ríkisstj. hendi vísað til þess, að það mál væri í skoðun og starfið í fullum gangi í höndum þeirra manna, sem ríkisstj. hafði tilnefnt til þess að grandskoða rekstrargrundvöll togaraútgerðarinnar ásamt með fulltrúum frá togaraútgerðarmönnum sjálfum. Sú starfsemi var sett í gang í sambandi við loforð, sem ríkisstj. hafði gefið togaraútgerðarmönnum í sambandi við lausn hásetaverkfallsins. Á það var bent, að það væri ekki rétt að blanda því máli saman við lausn verkfallsins nú. Það hafði þá líka verið upplýst, að sú könnun á rekstrargrundvelli togaranna hlyti að taka nokkurn tíma og væri því rangt að halda skipunum bundnum á meðan, ef launadeilan yrði á annað borð leyst. En samt sem áður fór svo,

að undirtektir togaraútgerðarmanna voru neikvæðar, og fóru þeir þannig af fundi ríkisstj. 16. marz, að ég hygg.

Sáttanefndin hóf svo fundi að nýju með aðilum og kannaði enn möguleika til lausnar á deilunni. Í bókunum hjá sáttanefnd segir um þetta m. a. frá fundinum 16. marz, með leyfi hæstv. forseta:

„Var rætt um ýmsa þætti málsins, og kom fram á seinni fundinum, að ríkisstj. mundi vilja greiða úr ríkissjóði hluta af hækkun á aflaverðlaunum yfirmanna á þessu ári, ef málið leysist á einhvern þann hátt, sem ríkisstj. teldi viðunandi."

Laugardaginn 17. marz hafði sáttanefndin enn fund með aðilum og kannaði möguleika á lausn deilunnar. Í bókun á þessum síðasta fundi segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sáttanefndin ræddi við samninganefnd yfirmanna, og gerði hún tilboð, sem skráð var og lagt fram sem nr. 23. Sáttanefndin lagði þetta tilboð fyrir samninganefnd útvegsmanna ásamt bréfi fjmrh. og sjútvrh., dags. 16. marz s. l., þar sem heitið er greiðslu á nokkrum hluta af væntanlegri hækkun aflahlutar yfirmanna á þessu ári."

Fulltrúar útgerðarmanna höfnuðu tilboðinu, og tókust þannig ekki sættir á þeim fundi. Lokabókunin hjá sáttanefndinni varðandi þetta mál er í stuttu máli á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samninganefnd yfirmanna ræddi síðan málið og lagði síðan fram sem lokaboð frá sér till. um breytingar og framlengingu á kjarasamningum vélstjóra, loftskeytamanna og annarra stýrimanna. Auðkennast skjölin nr. 25—27."

En það eru fskj. þau, sem fylgja þessu frv. og eru þar merkt I—III.

Ég vil þessu næst fara með örfáum orðum yfir aðalefni þess frv., sem hér er lagt fram til lausnar þessari hvimleiðu og langdregnu deilu. Í 1. gr. er skýrt frá því, til hverra frv. taki, þ. e. a. s. það tekur til þeirra aðila, sem samningar frá 1. marz 1971 taka til, en þeir eru milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og annarra eigenda slíkra skipa annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Félags ísl. loftskeytamanna, Skipstjóra- og stýrimannafélags Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélags Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga hins vegar.

Í 2. gr. segir svo, að samningar þeir, sem um ræði í 1. gr., ásamt breytingum þeim, sem um getur á fskj. með frv., I—III, en það eru samningsuppköst fyrir Vélstjórafélag Íslands á fskj. I, á fskj. II fyrir Félag ísl. loftskeytamanna annars vegar, en Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hins vegar og þriðja fskj. er breytingar á samningi Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda annars vegar og Skipstjóra- og stýrimannafélags Öldunnar, Skipstjóra- og stýrimannafélags Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga hins vegar. Er efni þessarar gr. það, að framlenging þessara samninga samkv. þessum fskj. skuli gilda sem samningur milli aðila frá gildistöku þessara laga og til 31. des. 1973.

3. gr. var talið, að væri óruggara að hafa í þessu frv., en þó mundi þess varla þörf vegna ákvæða í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem segir, að óheimilt sé að grípa inn í með verkföllum á nein þau svið, sem heyra undir félagsdóm. þ. e. a. s. að því er snertir verkbönn eða verkföll, en þó var talið rétt að hafa gr. með í frv., en vísa jafnframt til 17. gr. laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. En nokkurn veginn sama efni og í þessari gr. felst er að finna í þeirri gr. vinnulöggjafarinnar.

Þá hef ég gert grein fyrir efni frv., en 4. gr. fjallar um, hvernig með skuli fara brot á lögum þessum, og fer það eftir hætti opinberra mála, og varða brot sektum. Lög þessi öðlast þegar gildi, en gilda til 31. des. 1973.

Það er sjálfsagt engum ánægjuefni og sízt mér að verða að beita ríkisafskiptum til að leysa deilumál, sem að réttu lagi á að fá lausn á við frjálst samningaborð aðila vinnumarkaðarins. En að þessu sinni höfðu samningar verið reyndir til fyllstu þrautar að mínu áliti og fullséð, að aðilar gátu ekki sjálfir fundið sameiginlega lausn deilunnar. Málið var orðið alvarlegt þjóðfélagsvandamál og þá var ekki um neitt annað að ræða en að höggva á þennan herta hnút. Ég hygg, að það muni margir mæla, að það sé sízt gert fyrr en vænta mátti og að ríkisstj. hafi dregið það heldur um of að binda endi á þessa vinnustöðvun. Þó má vera, að einhverjum sýnist svo, að of snemma sé inn í þessa deilu gripið með lagavaldi. En ég vænti, að flestir séu þeirrar skoðunar, að þessi deila verður að fá endi, togarafloti okkar verður að hefja veiðar á ný, og það er ekki forsvaranlegt að binda skipin áfram út af fremur smávægilegum ágreiningsefnum.

Með hvaða hætti gerist það þá, að ríkisvaldið grípur fram í lausn þessarar deilu? Það er gert með þeim hætti, að kannað var, hvað togaraútgerðarmenn gætu lengst teygt sig til samkomulags. Síðan var með sama hætti gengið á fulltrúa yfirmanna á togurunum og þeir fengnir til að slá af kröfum sínum til hins ítrasta, og gerðu þeir nokkra tilslökun á sínum fyrri kröfum fyrir milligöngu ríkisstj. Þegar sýnt var, að ekki varð lengra komizt með þá og vonlaust var um að fá bilið milli aðila mjókkað meira að samkomulagsleiðum, ákvað ríkisstj. að taka á sig að greiða það, sem á milli bar, en það hefur lauslega verið áætlað 6—8 millj. kr.

Niðurstaða málsins er því sú, og það er efni frv. og fylgiskjala þess, að lögfest verði lokatilboð yfirmanna á togurunum og því gefið þannig samningsgildi. Þessari lausn hafa togaraútgerðarmenn hins vegar neitað, þrátt fyrir yfirlýsingu á fylgiskjali IV, sem undirrituð er af sjútvrh. og fjmrh. En sú yfirlýsing er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það staðfestist hér með, að ríkisstj. hefur samþykkt að greiða útgerðarfélögum hinna stærri togara sérstakar aukagreiðslur á árinu 1973 vegna nýrra kjarasamninga við yfirmenn, sem hér segir:

1) Ríkissjóður greiði sem nemur 0,10% af kauphækkun yfirmanna af aflahlut, enda verði sú kauphækkun alls 0.20% í aflahlut hvers manns.

2) Ríkissjóður greiði einnig þá kauphækkun, sem yrði vegna ákvæða um fækkun skipshafnar

frá 24 á skuttogurum og 26 á síðutogurum og sem næmi 0.075% á mann.

Þetta verði fyrirfram metið fyrir hvert skip á sanngjarnan hátt.

Reykjavík, 16. marz 1973.

Lúðvík Jósepsson.
Halldór E. Sigurðsson."

Með þessari yfirlýsingu er sem sé lagt til, að deilan verði leyst án annarra fjárhagsbyrða á útgerðina en þeirra, sem útgerðarmenn höfðu áður gert tilboð um að taka á sig, og að hinu leytinu í samræmi við lokatilboð yfirmanna á togurunum. Ríkissjóði er sem sé ætlað að brúa bilið milli aðila með sama hætti og gert var í hásetaverkfallinu og leiddi þá til lausnar þeirrar deilu.

Ég vil vænta þess, að hv. alþm. verði mér sammála um, að með þessari lausn sé á engan hallað, heldur komið báðum til hjálpar með lausn þessarar hvimleiðu vinnudeilu. Málið er ofur einfalt.

Það er ósk mín, herra forseti, að eðli málsins samkvæmt verði afgreiðslu þess flýtt og það afgreitt svo fljótt sem nokkur tök eru á. Það mál hefur verið rætt við stjórnarandstöðuna við jákvæðar undirtektir hennar. Ég held, að það væri gott til þess að flýta málinu, ef n. beggja deilda gætu haft sameiginlegan fund um málið og þannig flýtt afgreiðslu þess.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram í framsöguræðu hæstv. félmrh., að það er alvarlegt þjóðfélagsvandamál, ekki aðeins þegar togarar okkar stöðvast vegna verkfalla, heldur að segja má hvaða atvinnutæki sem er. Og þótt margir hefðu haldið eftir stór orð þessa hæstv. ráðherra á undanförnum árum um, að ekki ætti að grípa inn í samningafrelsið með afskiptum ríkisvaldsins, að þá hefur hann þó, eins og hann gat um áðan í sinni ræðu, sagt, að svo geti farið á alvarlegum tímum, að þetta verði að gera, þótt mönnum þyki það þungt. Ég efa ekki, að honum þyki þungt að þurfa að stíga þetta spor nú. Ég er honum sammála um, að það er afskaplega erfitt að þurfa að fara þessa leið, en hef hins vegar alltaf viðurkennt, að til þess getur þurft að grípa, þegar samningar eru taldir vonlausir af aðilum, sem að málinu standa. En þegar gripið er til slíks ráðs, verður að ætlast til, að vandamálið leysist um leið.

Í þessum orðum mínum, sem ég fer hér með, ætla ég ekki að ræða um hina efnahagslegu hlið togaraútgerðarinnar, heldur ætla ég aðeins að koma til hv. félmn., sem lagt er til, að málið fari til, ábendingu um, að það vandamál sem hér er verið að reyna að leysa, leysist kannske gagnvart mjög fámennum hóp, en um leið sé verið að búa til miklu stærra vandamál. Ég held, að við megum alls ekki við því eins og á stendur í þjóðfélaginu í dag, og satt að segja gengur þetta alveg í berhögg við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur stefnt að og talið sig þurfa að leysa. Á ég þar annars vegar við að ganga frekar fram fyrir skjöldu í því að bæta kjör hinna lægra launuðu og hins vegar að draga úr og reyna að stöðva verðbólguhjólið.

Hæstv. ráðherra rakti nokkuð sögu þessa verkfalls og forsendu þess, að þetta frv. væri lagt hér fram, og fór þar að sjálfsögðu með rétt mál. Undirmennirnir, hásetar, matsveinar og smyrjarar í vél, höfðu átt í löngu verkfalli, sem gripið var til eftir mjög langar samningaviðræður, árangurslítlar, vil ég segja. Meðan þeir voru í sínu langa verkfalli, voru hinir betur launuðu á skipunum á launum, en hinir höfðu að sjálfsögðu engin laun. Svo þegar sáttatilboð hafði komið fram í deilu undirmanna og útgerðarmanna og atkvgr. stóð yfir um það sáttatilboð, þá boða yfirmenn verkfall sitt. Það tekur svo við, um það bil sem atkvgr. lýkur, að mig minnir, og að sjálfsögðu eftir að samningar náðust milli undirmanna og útgerðarmanna, sem mér skilst að hafi tekizt vegna loforða og fyrirheita hæstv. ríkisstj. við útgerðarmenn, að þá halda auðvitað undirmenn áfram að vera launalausir, þótt þeir séu búnir að skrifa undir sína samninga.

Það er auðvitað margt við þetta mál, sem verður að skýrast betur fyrir þm. í meðferð málsins. Má vera, að þm. verði sammála um að flýta málinu til n. og það verði skoðað gaumgæfilega þar. Af okkar hendi, þeirra sem í stjórnarandstöðunni erum, verður ekki gerð nein sérstök tilraun til að tefja fyrir málinu. Og það verður orðið við óskum hæstv. ríkisstj. um það að hraða því, eins og hægt er, en auðvitað verður að ræða það. Það verður t. d. að fá fram skýringu á því, af hverju ekki hafi verið lögð fram sáttatill. í þessari deilu milli yfirmanna og útgerðarmanna. Og komum við þá að fyrsta varasama atriðinu í sambandi við frv. þetta. Þá á ég við það fordæmi, sem skapast, þegar lögfesta á óskalista annars deiluaðilans, — það fordæmi, sem mætti kannske grípa til og benda á á seinni tímum og þá svo að þessu sé snúið við. Ég þekki ekki og hef aldrei heyrt talað um það í allri þingsögunni, þegar þurft hefur að grípa til þess að leysa slíka deilu, viðkvæma deilu og erfiða, með afskiptum hins opinbera, að þessi leið hafi verið valin. Ég held, að alltaf hafi verið farin sú leið annaðhvort að skipa gerðardóm til þess að leysa málið eða þá að lögfesta síðustu sáttatill. og þá stundum máske með nokkrum breytingum, að ég held til bóta fyrir launþegana. Hér er um að ræða spurningu, sem mér finnst nauðsynlegt að komi fram og verður sjálfsagt að skýra í n. Það, sem gerist líka í sambandi við þessa lögfestingu, er, að eftir að hinir tekjuminni hafa samið, þá ætlar hæstv. ríkisstj. sér að lögfesta meiri kaupþækkun hjá þeim tekjuhærri.

Nú tek ég það skýrt fram, og ég ætla að undirstrika það, að þegar ég tala um hina tekjuhærri, þá hafa margir orðað það á þann veg, að þar sé um hálaunamenn að ræða. Vissulega komast margir þessara manna í góð laun. Ég hef hins vegar aldrei talið annað en að þeir ynnu vel fyrir þeim og ættu þau vel skilið. En við þekkjum það, að nokkuð fastar skorður eru orðnar og hafa verið um margra ára skeið á skiptingu

milli yfir- og undirmanna á bátaflotanum. Hins vegar liggur sú staðreynd fyrir, að á togaraflotanum hefur á undanförnum árum nokkuð teygzt úr bilinu á milli tekna undir- og yfirmanna. Og ég held því fram, að með lögfestingu þessa frv. sé stigið stórt spor til þess að teygja enn frekar í sundur milli þessara aðila. Og þetta tel ég ákaflega hæpið og tel, að með þessu sé kannske verið að axla ekki aðeins fyrir útgerðina, heldur og fleiri atvinnugreinar enn stærra vandamál, vandamálið um keppnina, sem á eftir kemur um að bæta hlutfallið aftur.

Við þekkjum vel, að það eru þrjár meginástæður, sem eru til þess, að farið er fram á endurskoðun kjarasamninga, sem því miður oft fylgja verkföll til þess að ná, að því er talið er, nauðsynlegum kröfum fram. Það eru þrjár meginástæður. Það er í fyrsta lagi til þess að halda í við þá verðbólgu, sem hefur geisað í landi okkar um allt of langan tíma. Í öðru lagi til þess að fá hluta af aukningu þjóðartekna, sem menn deila að sjálfsögðu um, hver eigi að vera, svo í þriðja lagi og það er kannski ekki hættuminnsta ástæðan, en það er viðmiðunarástæðan. Og því miður eru ákveðnir aðilar, bæði innan vébanda vinnuveitenda og ekki síður innan vébanda launþega, sem hafa staðið eins og steingervingar gegn því, að hægt sé á skynsamlegan hátt að finna hlutföll á milli aðila, t. d. á sama vinnustað eins og skipið er. Ég er ekki að tala um alla atvinnugreinina, en ég held, að það ætti að vera grundvallarkrafa, sem gera þyrfti til þeirra, sem semja fyrir aðila, að það sé hægt að koma fram í einu lagi fyrir þá, sem á vinnustaðnum eru, sérstaklega þó þegar skip á í hlut. Ég held, að með þessu sé verið að auka mikið þann vanda, sem skapast af viðmiðunarkröfunni, sem óhjákvæmilega verður uppi.

Þá er eitt atriði enn, sem kemur fram í frv. þessu, sem ég tel líka afskaplega hæpið, að þar eigi að vera, og tel frá mínum sjónarhól, að í frv. eigi alls ekki að sjást, en það eru ákvæði þess efnis, að ef hásetum fækkar, þá eigi yfirmennirnir að fá hærri laun. Í flestum tilfellum verðum við að gera ráð fyrir því, að ef einhver svona takmarkaður hópur á einum vinnustað er fámennari en hann var áður og aðrir taka ekki til höndum til þess að létta undir með honum, þá séu þeir að bæta við sig álagi, aukinni vinnu, og þá verði að teljast eðlilegt, að fyrir þá aukningu í vinnuálagi renni aukaþóknunin, — skiptingin vegna þeirra, sem fjarverandi eru, — til þeirra, sem bæta vinnunni við sig. Hér ætlar hæstv. ríkisstj. hinna vinnandi stétta, verndarar litilmagnans, að brevta að nokkru út af og skipta þessu á milli yfirmanna einnig. Hins vegar er ekkert um það í þessu frv., að ef yfirmönnum fækki, að þá eigi sá sparnaður, sem þá verður til, að skiptast á milli undirmanna. Hins vegar veit ég, að í samningum a. m. k. sumra, ef ekki allra yfirmannafélaganna, er ákvæði um það, að ef í einum starfshópnum fækkar um mann og hinir verða að axla hans vinnu og vaktir, þá skiptast laun þess, sem frá er, á milli þeirra, sem gegna starfinu. Í frv. er gert ráð fyrir, að yfirmennirnir eigi að fá 0.075% af aflaverðmæti vegna hvers manns, sem færri eru en 26 á síðutogara og 24 á skuttogara. Og þess skal getið líka, að það hafa aldrei verið nein ákvæði í samningum við yfirmenn um, að hlutur þeirra ætti að aukast, þótt færri hásetar séu á skipi. Þetta er hins vegar tekið upp núna í þessu frv. Hins vegar hafa undirmennirnir alltaf gætt þess, þegar hefur verið samið fyrir þá, að hafa í sínum samningum ákvæði um það, að ef færri undirmenn væru á skipi en ákveðið er í samningum, þá ætti að skipta launum þess eða þeirra, er vantar, milli þeirra manna, sem störf hans eða þeirra vinna, eins og ég hef þegar getið um. Og eins og ég hef þegar getið um, ef háseta vantar, þá hafa laun hans skipzt milli hinna hásetanna, sem eftir eru og störfin vinna. Það hefur aldrei nokkurn tíman verið t. d. gerð krafa um það frá undirmannafélögunum, sem semja fyrir matsveina og smyrjara í vél, að þeir fengju neina hlutdeild úr sparnaði, þótt hásetum fækkaði. Og nú, þegar fækkað er á skipunum með samningum undirmanna og útgerðarmanna, datt engum fulltrúa, hvorki matsveina né smyrjara, í hug að gera kröfu til þess, sem skiptist á milli háseta vegna þessarar fækkunar. En hins vegar, eins og ég hef tekið fram líka, gerir ríkisstj. ráð fyrir því í frv þessu, að það eigi samt sem áður að koma nokkur umbun til yfirmanna fyrir þetta. Ef frv. þetta verður samþykkt, eins og ríkisstj. hefur boðað að eigi að gera, þá þýðir það m. a., að vegna fækkunar háseta á skipi, fá allir nokkra þóknun þar fyrir nema þeir undirmenn, sem gegna matsveinastörfum og smyrjarastörfum.

Svo er annað mál, og það er, hvort ríkisstj. og þá sérstaklega n., sem fær málið til meðferðar ætti ekki að athuga, hvort þetta ákvæði brjóti ekki í bága við önnur lög. Þar á ég við 23. gr. sjómannalaganna, nr. 67 frá 1963, en hún hljóðar svo, þessi 23. gr.:

„Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu þeirra hvers um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu. Fækki stýrimönnum meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns eða stýrimanna í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir ekki fengið hana greidda sem yfirvinnu."

Þótt það stangist ekki á við ákvæði þessara laga lagalega séð, þá er ég ekki í nokkrum vafa um, að siðferðilega stangast það á við þá hugsun, sem varð til og mótað hefur þær heðir, sem hafa komizt á í sambandi við slík skipti á einu skipi. Og þótt nú hafi það gerzt, að þessi fækkun komi til framkvæmda á skuttogurunum vegna hinna nýju tækja vegna hins fullkomna búnaðar hinna nýju skipa, vegna þess að framleiðni þeirra eykst, þá er því hins vegar ekki til að dreifa á síðutogurunum. Og auðvitað þarf enginn að segja mér, að þegar fækkað er um 2 háseta á skuttogurunum frá því, sem gilt hefur á þeim, sem gerðir hafa verið út til veiða hjá okkur fram til þessa um langt árabil, — það eru nokkur skip af þessari gerð, — þá mun vinna aukast og vinnuálag hjá öðrum hásetum.

En ég fæ ekki séð, þegar hafður er í huga fastur vinnutími annarra skipverja og sérhæfð störf, að vinnuálagið þurfi að aukast hjá þeim.

Þetta eru þau aukaatriði, sem ég vildi strax við 1. umr. benda hv. n. og hæstv. ráðherra, sem málið flytur, á með nokkrum orðum. En það er ekki af illvilja við, að málið leysist. Ég held, að það séu allir, sem hér sitja, sammála um, að það er fyllilega tímabært að gera allt sem gera þarf og nauðsynlegt getur talizt til þess að leysa málið. Spurningin er sú, hvort nógu vandlega hafi verið leitað að lausn á vandamálinu, fyrst gripa þurfti til lagasetningar. Nú þekkjum við það mætavel, sérstaklega þeir, sem hafa nokkuð farið með samningamál fyrir sjómenn, að þetta er ekki fyrsta aðgerðin, sem kemur við ákveðna hópa eða sjómannastéttina í heild. Mætti rekja það nokkru nánar, og kannske gefst tækifæri til þess við 2. umr. málsins. Ég á t. d. við skattamál sjómanna. Við vitum það, að þegar vel gengur, geta yfirmenn á okkar fiskiskipum komizt í háa tekjuflokka. En ég held, að það sé líka óhætt að fullyrða, að það sé meira tekið af þeim nú hin síðari ár í sköttum en áður var. Kannske hefði, til þess að ekki sköpuðust ný vandamál, sem ég hef hér drepið á, að geti komið upp, átt að fara skattalækkunarleið. Það hefði kannske verið fullt eins gott að fara þá leið til þess að leysa deiluna við þessa menn að skilja meira eftir í þeirra eigin vasa, eftir að krumla fjmrh. hefur farið ofan í hann.

En hvað um það, margt á eftir að skýrast í sambandi við málið í meðferð n. Það er auðvitað ljóst, að við verðum að fá ákveðnar upplýsingar til n. og frá henni aftur um ákveðin atriði. Það er auðvitað óframbærilegt að leggja fyrir okkur til samþykktar það frv., sem lagt er fram. Við höfum ekki í höndum samningana, sem í gildi eru. Við sjáum hér aðeins þær breytingar, sem á að gera á samningunum. Við vitum ekkert um, hvernig þetta verkar fyrir ákveðna aðila. Ég vil t. d. óska eftir því við hæstv. ráðh., að hann láti n. báðum, sem eiga að vinna saman, í té upplýsingar um það, hver launabreytingin hjá einstökum skipverjum verði eftir lögfestingu þessa frv. og hina nýju samninga, háseta og annarra undirmanna, og sé þá miðað t. d. við einhverja ákveðna söluupphæð hér heima eða erlendis, hvort er skiptir ekki máli. Og ég held, að það sé ekki aðeins fróðlegt að fá þessar upplýsingar, heldur nauðsynlegt.

Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem þetur eru að sér um þá hlið, sem að sjálfri togaraútgerðinni snýr, muni koma og óska eftir ákveðnum upplýsingum og láta skoðanir sínar í ljós á þessu frv. En það er auðvitað alveg ljóst, að þótt þetta frv. verði samþykkt, er vandamálið hvergi nærri leyst. Það liggur ekkert fyrir um það, hvernig eigi að leysa sjálft höfuðvandamálið, að tryggja rekstrargrundvöll skipanna. Og í sambandi við það er auðvitað nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. skýri frá því, hvað þeir ætla sér. Þeir hafa að vísu gefið ýmsar yfirlýsingar við samningsaðila, við útgerðarmenn, meðan á samningaviðræðum stóð, ákveðin loforð, ekki aðeins þegar verið var að semja við undirmennina, heldur og í þessu langa samningastriði við yfirmennina. Og það er ekki að ófyrirsynju, að þeir óski eftir því að fá að vita, hvort við þessi loforð verði staðið eða hvernig reksturinn verði tryggður á þessu ári, hvort nægilegt fjármagn fáist til þess, að svo verði. Að vísu er það aðeins til næstu áramóta. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. vænti þess að þurfa ekki að hafa áhyggjur af árinu 1974, hvorki til þess að leysa vanda þessarar atvinnugreinar né annarra.

En um leið og ég læt máli mínu lokið að þessu sinni, vil ég bera enn fram spurningu til viðbótar hinni fyrri í sambandi við upplýsingarnar, og hún er sú, að skýrt verði, hvernig eigi að skilja síðustu setninguna í yfirlýsingu þeirra hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., en hún hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta verði fyrirfram metið fyrir hvert skip á sanngjarnan hátt.“ Spurning mín er: Hvernig á að skilja þetta? Hver á að sýna sanngirnina? Er það hæstv. sjútvrh., eða eru það einhverjir efnahagssérfræðingar, eða er það kannske bóndinn í Selárdal.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Segja má, að með hverri viku fjölgi nú þeim stefnuyfirlýsingum, sem núverandi stjórnarflokkar bregðast. Ég skal nefna nokkur dæmi um þetta.

Hversu oft hafa ekki málsvarar núv. ríkisstj. sagt á undanförnum áratugum, að aldrei skuli lækka gengi íslenzku krónunnar? Núv. ríkisstj. hefur á rúmlega tveimur árum lækkað gengi krónunnar þrívegis, einu sinni, — það var mesta gengislækkunin, — augljóslega eingöngu af innanlandsástæðum, vegna þróunar efnahagsmála innanlands, en í önnur tvö skipti, þar sem um minni gengislækkun var að ræða, í sambandi við þróun mála á alþjóðagjaldeyrismörkuðum. En þó lækkaði krónan meira heldur en segja má að ástæða hafi verið til. Þær stefnuyfirlýsingar, sem áður var lögð sérstök áherzla á, að ekki ætti að beita gengisbreytingu sem hagstjórnartæki, hafa verið grafnar algjörlega. Þeim hefur verið brugðizt.

Hversu oft hafa ekki málsvarar núv. ríksisstj. sagt, að aldrei megi breyta kjarasamningum stéttafélaga með lögum? Hefur verið staðið við þetta? Með brbl., sem út voru gefin í fyrrasumar, var samningum beinlínis breytt. Það var ekki með lögum samþykktum á Alþingi, heldur með brbl., þar sem um frestun nokkurra kaupgjaldsvísitölustiga var að ræða um ákveðið tímabil í sambandi við aukningu fjölskyldubóta og hækkun á niðurgreiðslum. Þá var greiðslu 2½ vísitölustigs frestað með brbl. í tiltekinn tíma, og þar var augljóslega um að ræða breytingu á samningum með brbl.

En stjórnin hefur brugðizt fyrri yfirlýsingum sínum um þetta mikilvæga stefnuatriði miklu oftar en þetta. Hún hefur viljað bregðast fyrri stefnuyfirlýsingum sínum miklu oftar en hún gerði í reynd með brbl. frá því í fyrra. Hún hefur lagt fyrir þingnefnd tillögur í frumvarpsformi um að fresta grunnkaupshækkunum um ákveðinn tíma. Ríkisstj. vildi fresta grunnkaupshækkuninni 1. marz fram eftir ári, þrátt fyrir

fyrri yfirlýsingar um, að aldrei mætti breyta kjarasamningum með lögum. Og enn er því haldið fram, a. m. k. af hálfu eins stjórnarflokksins, að það hefði átt að gera, það hefði átt að fresta grunnkaupshækkuninni 1. marz fram eftir árinu og þar með augljóslega rjúfa gerða kjarasamninga með löggjöf. Úr þessu varð ekki, fyrst og fremst vegna þess, að einn stjórnarflokkanna, SF, snerist gegn þessari ráðstöfun og fékk því ráðið, að til hennar varð ekki gripið, heldur til annarra ráðstafana. Í því frv., sem þn. var afhent um viðlagasjóð, voru ákvæði um, að kaupgjald nokkurs hóps launþega í landinu skyldi beinlínis lækkað, þ. e. a. s. kaupgjald þeirra launþegasamtaka, sem þegar voru búin að fá væntanlega kauphækkun 1. marz inn í sína kjarasamninga. Átti þetta fyrst og fremst við starfsmenn Álversins í Straumsvík. Í frv. ríkisstj., sem við margir hverjir geymum enn og geymum vel, — ætlum okkur að geyma reglulega vel til þess að hafa það til minningar um núv. ríkisstj., — er ákvæði um það, að kaup skyldi beinlínis lækka sem þessu svarar. Í þessu frv. voru ákvæði um bann gegn grunnkaupshækkunum fram eftir þessu ári. Og rækilegar er nú ekki hægt að blanda sér inn í samninga stéttarfélaga en að leggja til, að grunnkaupshækkanir skulu bannaðar. Allt var svo kórónað með því, að hafa í frv. ákvæði um bann gegn verkföllum. Er það ekki allra róttækasta skerðingin á samningsrétti stéttarfélaga að banna verkföll? Öll þessi ákvæði voru í frv., sem hæstv. ríkisstj. afhenti þingnefnd og enn er til og a. m. k. einn flokkurinn telur enn, að hefði átt að koma til framkvæmda og þá væntanlega að öllu leyti. Sá flokkur, sem hér er um að ræða, Alþb., hefur því ekki getað gengið á bak fyrri orða og yfirlýsinga öllu rækilegar en hann hefur gert með háttalagi sínu undanfarnar vikur.

Þriðja grundvallarstefnyfirlýsingin, sem núv. stjórnarflokkar viðhöfðu oft á ári undanfarinn áratug, var, að með engu móti mætti breyta vísitölugrundvellinum með löggjöf. Hefur verið staðið við þessa stefnuyfirlýsingu? Ekki aldeilis. Fyrir nokkrum vikum lagði hæstv. ríkisstj. fram hér á Alþingi frv. um að breyta vísitöluútreikningnum með þeim hætti að hætta að taka tillit til verðhækkunar á áfengi og tóbaki við útreikning vísitölunnar. Stjórnin sýndi frv. um þetta, sem breytti vísitölugrundvellinum og var auðvitað *jafnframt breyting á kjarasamningum*, þar sem eru ákvæði um þennan ákveðna vísitölugrundvöll. Það frv. liggur í nefnd. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem þetta frv. er í, og hefur ekki verið kallað eftir neinni afgreiðslu á frv. En viljinn er augljós. Viljinn hefur verið fyrir hendi, þó að þingmeirihluti sé auðsjáanlega ekki fyrir samþykkt þessa frv. Og í því frv., sem ég nefndi áðan um viðlagasjóðinn, voru enn fremur ákvæði um, að vísitalan skyldi skert, að kaup skyldi ekki greitt eftir rétt reiknaðri kaupgjaldsvísitölu, heldur eftir lægri vísitölu, m. ö. o. að kaupgjald skyldi skert. Þetta var tilraun til þess að hafa áhrif á, hvernig vísitalan skyldi reiknuð og þar með hvert kaupgjald launþega skyldi vera. Þar voru enn fremur ákvæði um, að ráðgerð hækkun á söluskatti skyldi ekki leiða til hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu, m. ö. o. bein lagaákvæði um breytingu á vísitölunni og þar með ákvæði um, að launþegar skyldu ekki fá kaup sitt mælt eftir rétt reiknaðri kaupgjaldsvísitölu.

Ég tek þetta sem dæmi um, hversu rækilega gerðir og vilji núv. ríkisstj. hafa gengið gegn margítrekuðum yfirlýsingum allra stuðningsflokka ríkisstj. undanfarinn áratug. Í þessu felst ekki efnisdómur um þau atriði, sem hér er um að ræða, heldur er ég að benda á og leggja áherzlu á muninn á yfirlýsingum — meira en áratugs yfirlýsingum þriggja þingflokka og gerðum þeirra á tæplega tveimur árum, sem þeir hafa setið við völd. Þeir hafa beinlínis fellt gengi krónunnar, það má nefna dæmi um, að þeir hafi með brbl. beinlínis breytt samningum, og það má nefna dæmi um, að þeir hafi flutt frv. um að breyta vísitölugrundvellinum. Til viðbótar því, sem þeir hafa þegar gert, hefur komið fram vilji og meira segja í frv.-formi, þó að ekki hafi orðið að lögum, þá hefur komið fram vilji til þess að fresta grunnkaupshækkunum, til þess beinlínis að lækka kaup vissra launþega, til þess að banna grunnkaupshækkanir, til þess að banna verkföll og til þess að skerða vísitöluna og koma í veg fyrir, að hækkun á verðlagi komi inn í vísitöluna. Öllu rækilegar hygg ég, að ekki sé hægt að ganga á bak orða sinna en í þeim gerðum og í viljayfirlýsingum, sem ég hef nú vitnað til. (Gripið fram í.) Ég skal koma nánar að þessu hérna á eftir. Í þessu frv., sem hér er um að ræða, er lagt til, að kjarasamningar séu lögfestir. Þetta er auðvitað líka í algjörri andstöðu við allt, sem formælendur núv. stjórnarflokka hafa sagt í meira en áratug, að láta Alþingi með lögum ákveða, hvert skuli vera kaup tiltekinna launþega. Það hefur verið trúaratriði a. m. k. sumra af eldheitustu stuðningsmönnum núv. ríkisstj., að til slíks mætti aldrei koma. Nú skal ég segja það sem mína skoðun, og það er líka fyrsti hluti svars til hv. þm., sem greip fram í fyrir mér, að ég tel, að löggjafasamkoman eigi að forðast í lengstu lög *að hafa afskipti* af kjarasamningum, í lengstu lög eigi hún að reyna að stuðla að því, að aðilar vinnumarkaðsins geti komið sér saman um, hver skuli vera kaup og kjör á vinnumarkaðinum. Ég hef aldrei sagt og segi ekki, að það sé undir öllum kringumstæðum útilokað, að það geti undir engum kringumstæðum komið til greina, að það sé óhjákvæmilegt, að þjóðarnauðsyn krefjist þess, að Alþingi hafi afskipti af því, hvers konar samningar takist á vinnumarkaðinum. Að því leyti hefur afstaða mín verið og er enn í dag gerólík afstöðu þess hv. þm., sem greip fram í fyrir mér áðan. Hann hefur aldrei áður, síðan hann kom hér á þing og meðan hann hefur gegnt forustuhlutverki í verkalýðshreyfingunni, viðurkennt nauðsyn þess, að Alþingi ákveði kjör launþega með lagasetningu. Þvert á móti hefur hann hvað eftir annað staðið upp hér á hinu háa Alþingi og andmælt því, að Alþingi hefði afskipti af kjarasamningum með

löggjöf. Þá var hann í stjórnarandstöðu. Ég er í stjórnarandstöðu núna, en það hvarflar ekki að mér að standa í þessum ræðustól og halda því fram, að undir engum kringumstæðum geti komið til mála, að Alþingi ákveði kjör launþega með lögum. Ég og minn flokkur erum sjálfum okkur samkvæmir í því, að slíkt geti verið nauðsynlegt, enda hvarflar ekki að mér að taka við 1. umr. afstöðu gegn þessu frv. Eins og ég mun koma að á eftir, tel ég, að athuga þurfi ýmsar hliðar þess mjög vandlega og fá vissar upplýsingar. Við í Alþýðuflokknum erum reiðubúnir til að stuðla að samþykkt frv., ef vissar breytingar eru gerðar á því eða vissar upplýsingar gefnar í sambandi við afgreiðslu þess, sem tryggja, svo sem ég mun koma að á eftir, að ekki sé raskað réttlátu samræmi á milli kjara yfirmanna og undirmanna. Það er þetta sem er munurinn á afstöðu Alþfl. annars vegar og afstöðu Alþb. hins vegar. Afstaða er hin sama í grundvallaratriðum, hvort við erum í stjórnarandstöðu eða í stjórn. Við viljum komast hjá því, að Alþingi blandi sér í kjarasamninga, en ef þjóðarnauðsyn krefst, þá samþykkjum við það. Tel ég, að sé heiðarlegri, drengilegri, heilbrigðari og þjóðhollari afstaða en sú, sem Alþb. hefur fylgt á undanförnum áratugum, að beita sér alltaf gegn því, að Alþingi hafi afskipti af kjaramálum, jafnvel þó að þjóðarnauðsyn krefjist, en um leið og þeir eru komnir í valdastóla og um leið og þeir styðja ríkisstj., þá má gera það. Það eru þeir, sem hegða sér með ólíkum hætti eftir því, hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, við í Alþfl. ekki.

Ég legg til, og geri það að undangengnum fundi í þingflokki Alþfl., að þessari 1. umr. ljúki sem fyrst og að ekki fari fram verulegar efnisumr. um málið við 1. umr., vegna þess, hve málið virðist vera flókið og hversu nauðsynlegt er að fá ýmis atriði í sambandi við það upplýst, en til þess er sameiginlegur fundur félmn., eins og hæstv. félmrh. hefur stungið upp á, hinn rétti vettvangur, en ekki 1. umr. í hv. þd.

Það, sem við í Alþfl. leggjum höfuðáherzlu á, er, að með þessari lagasetningu sé ekki skekkt réttmætt kjarahlutfall, réttmætt kauphlutfall milli undirmanna og yfirmanna. Mér hefur verið tjáð af hæstv. félmrh., að það hefði ekki verið tilætlunin, að slíkt væri gert, og þeim orðum skal ég með ánægju og fúslega trúa. En lausleg athugun á frv. virðist samt sem áður leiða í ljós, að ákvæði frv., ef að lögum yrðu óbreytt, raski kauphlutfallinu, sem gilt hefur, raski því yfirmönnum í hag og þar með undirmönnum í óhag. Ég vil ekki fullyrða þetta, því að á þeim stutta tíma, sem liðið hefur síðan við fengum frv. í hendur, um sexleytið í gærkvöld, hefur ekki gefizt tækifæri eða tóm til að kanna það til hlítar. Með örfáum orðum skal ég þó láta koma fram, við hvað ég á, þegar ég segi þetta eftir lauslega athugun á málinu af hálfu okkar þm. Alþfl.

Ef frv. yrði samþykkt eins og ákvæði þess eru, mundi það gilda, að fækki hásetum á togara, á fastakaup þeirra, sem fækkar um, að skiptast á hina hásetana, en aflaverðlaun þeirra háseta sem fækkar um, eiga að dreifast jafnt á alla undirmenn. Látum þetta vera. Öðruvísi er ekki hægt að skilja ákvæði frv. En í framhaldi af þessu, — nú kemur röskunin, — er ákvæði í frv. um, að ef hásetum fækkar, þá eigi aflaverðlaun allra yfirmanna að hækka um 0.075%, m. ö. o.: í kjölfar fækkunar háseta á að koma hækkun á aflaverðlaunum yfirmannanna, þótt ekki verði séð, almennt skoðað a. m. k., að vinnuframlag þeirra aukist við það, að hásetum fækkar. Vinnuframlag hinna hásetanna eykst auðvitað við það, að hásetunum fækkar, og þess vegna er eðlilegt, að þeim komi það til góða. En við sjáum ekki sambandið milli þess, að aflaverðlaun yfirmanna eigi að hækka af þessum sökum, vegna fækkunar hásetanna, um 0.075%, og það er engin skýring gefin á því, hvernig talan 0.075% er fengin. Það fylgir enginn útreikningur á því, hvers vegna hlutur yfirmanna í hækkun er ekki 0.1% eða 0.05% eða eitthvað enn annað. Það er órökstutt. Þetta þarf að upplýsa í nefnd. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Það gildir annað um fækkun yfirmanna en um fækkun háseta. Frv. verður ekki skilið öðruvísi en þannig, að vélstjórar, sem gert er ráð fyrir að eigi að vera 4, þó að það sé umdeilt, að nauðsynlegt sé að hafa 4 vélstjóra á nýjustu skipunum, — látum það vera, — en frv. virðist eiga að skilja þannig, að sé vélstjórum fækkað úr 4 í 3, fái hinir 3 eða geti fengið allt kaup 4. vélstjórans, en aðilar að Sjómannasambandinu, þ. e. a. s. undirmennirnir, ekki neitt. M. ö. o.: ef hásetum fækkar, njóta þeir þess ekki aðeins, heldur njóta yfirmennirnir þess líka. En ef yfirmönnunum fækkar, þ. e. a. s. vélstjórunum, þá njóta þeir þess einir, en hásetarnir fá enga umbun í því sambandi. Hér er gerður munur á hásetunum annars vegar og vélstjórunum hins vegar. Vélstjórarnir sitja einir að sparnaðinum í sinni stétt, njóta einir þess sparnaðar, en hásetarnir einskis. Þegar hásetarnir leggja á sig aukavinnu með því að fallast á fækkun, þá njóta þeir ekki hækkunarinnar einir, heldur fá yfirmennirnir, þ. á m. vélstjórarnir viðbótargreiðslu. Við sjáum ekki betur en að hér sé gert upp á milli yfirmanna annars vegar í þessu dæmi vélstjóranna, og hásetanna hins vegar.

Spurningin er því þessi: Hvers vegna njóta aðilar að Sjómannasambandinu, sem eru nýbúnir að semja, þess í engu, ef vélstjórunum fækkar, fyrst að vélstjórarnir njóta þess, ef hásetunum fækkar? Þetta er spurning, sem þarf að fá skýrt svar við í n., sem um þetta fjallar, og undir svari við þessari spurningu verður afstaða okkar í þingflokki Alþfl. komin til endanlegrar afgreiðslu frv. Ég vil mega trúa því, að hér sé um mistök að ræða, en ekki ásetning.

Ég skal endurtaka það, og það verða síðustu orðin, sem ég segi við 1. umr., að ég hef enga ástæðu til að rengja þau ummæli hæstv. félmrh., sem hann viðhafði um mig og hefur eflaust viðhaft við fleiri í gær, að það væri ekki tilætlunin að láta koma til framkvæmda ójöfn-

uð á milli yfirmannanna og undirmannanna með þessari lagasetningu. Í trausti til þessara ummæla vona ég, að verði samstaða um það í hv. n. að lagfæra þetta. Ef það verður gert, ef gengið verður þannig frá þessu frv., að engin röskun sé gerð á þeim kjarahlutföllum, sem gilt hafa á milli undirmanna og yfirmanna, þá mun þingflokkur Alþfl. stuðla að samþykkt þessa frv., vegna þess að við erum sannfærðir um, að þjóðarnauðsyn krefjist, að þessi langvinna deila verði leyst og þessi mikilvirku atvinnutæki komist til framleiðslustarfa á sjónum og geti orðið til að efla þjóðarhag með þeim hætti, sem þeim var ætlað.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég get tekir undir það með hv. 7. þm. Reykjav., að við 1. umr. um þetta mál er e. t. v. ekki ástæða til málalenginga, af því fyrst og fremst skortir allar upplýsingar, sem þm. hljóta að vera nauðsynlegar til þess að geta gert sér fyllilega grein fyrir, hvaða mál hér er á ferðinni. Með þessu frv. til l. fylgja engar upplýsingar, sem máli skipta, engir útreikningar og enginn samanburður við þá kjarasamninga, sem hafa gilt fram til þessa. Og fyrir því er það, að ég hygg, að svo sé ástatt með svo til alla þm., að þeir eigi þess engan kost að gera sér neina heildargrein fyrir því, hvað hér um ræðir.

Hæstv. félmrh. lét þess getið, að hér væri mjög alvarlegt mál á ferðinni, og vitnaði til þess, að verkfall á togurum hefði hafizt um það leyti, sem Vestmannaeyjagos hófst, og mikið rétt er það. Þá var hann sem jafnan skjótur til orða sinna og sagði, að nú væri ekki tími verkfalla. Eftir sem áður er svo komið, að liðnir eru 2 mánuðir síðan þessi verkföll skullu á, án þess að þeir, sem í hendi sinni hafa allan tímann haft að leysa það, hæstv. ríkisstj., hafi hreyft hönd eða fót til þess, að svo mætti verða. Hann er jafnan skjótari til orða sinna en athafna, hæstv. félmrh., og vil ég finna þessum orðum mínum nokkurn stað.

Ég ætla ekki nú að leggja dóm á innihald þeirra samninga, sem gerðir hafa verið við undirmenn. Ég ætla ekki að leggja dóm á það, að þeir séu á annan veg úr garði gerðir heldur en frambærilegt sé þeim launamönnum til handa, né heldur ætla ég sérstaklega að leggja nú dóm á gerð þess samnings eða þess óskalista, sem yfirmenn hafa sett fram og nú á að lögfesta. Það kann að vera, að flestallt af því, sem þar er að finna, sé réttlætanlegt og ekki um of þeim til handa. En ég vil benda á það, að það mun vera algerlega einsdæmi, að samningstilboð annars af tveim deiluaðilum sé tekið og lögfest, og það verður þá leiðrétt, ef ég fer þar með rangt mál. Það mun vera algert einsdæmi, og því verður hæstv. ríkisstj. að svara umbúðalaust, hvernig það má vera, að ekki var til þess ráðs gripið, að starfsmaður hennar, sáttasemjari ríkisins, bæri fram miðlunartillögu, sem var þá miklu eðlilegra að ríkisstj. kæmi með til lögfestingar. Þessu þarf að svara, hvernig stóð á því, að það var tekin upp till. frá öðrum aðilanum og lögð fram til lögfestingar.

Ég sagði, að ég ætlaði ekki að leggja dóm á innihald samninga við undirmenn, sem undirritaðir hafa verið, né heldur það innihald, sem er í þeim fskj., sem með frv. þessu fylgja. Það kom fram í umr. hér á hæstv. Alþ. utan dagskrár eigi alls fyrir löngu, að meginástæðan fyrir hinni illvígu kjaradeilu og togaraverkfalli væri ekki ágreiningur milli deiluaðila, og hæstv. sjútvrh. staðfesti þetta. Vandamálið var það, að fyrir hendi væri enginn rekstrargrundvöllur þessa atvinnuvegar. Það álit hafði verið sett fram af Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem hún hafði með útreikningum sínum spáð því, að afkomuhorfur á árinu 1973 væru þær, að halli yrði á rekstri togaranna, sem næmi 176 millj. kr. Að vísu er þar ekki tekið tillit til þess, sem hefur verið greitt úr Aflatryggingasjóði. Vandamálið, sem allan tímann hefur verið við að glíma, er það, að ekki er grundvöllur fyrir rekstri þessa atvinnuvegar, — alls enginn grundvöllur. Ástæðurnar fyrir því, að útvegsmenn þráuðust svo lengi við að undirskrifa samninga, voru þær, að þeim var ekki heitið neinum úrbótum í þessu efni lengi vel. Ég verð að biðja hæstv. forsrh. um það allra vinsamlegast að upplýsa, hvað það var, sem hann lofaði og lýsti yfir við samninganefnd útvegsmanna, þegar að því dró, að þeir undirrituðu samninga við undirmenn. Þeir gerðu það í trausti þess, að innihald upplýsinganna væri með þeim hætti, að það mætti byggja á yfirlýsingum hans, að úrbætur yrðu fundnar, grundvöllur yrði fundinn. Ég fer fram á það eindregið að fá að vita, með hvaða hætti þær yfirlýsingar voru, af því að í trausti þeirra voru þessir samningar við undirmenn undirritaðir. En svo mikið er víst, hvernig svo sem þessar yfirlýsingar hafa hljóðað, að fulltrúar útvegsmanna telja, að það hafi í engu verið við þær yfirlýsingar staðið. Fyrir því var það, að þegar til þess kom, að ríkisstj. knúði fast á um undirskrift og samningsgerð við yfirmenn, þótti fulltrúum útgerðarinnar einsýnt, að það ætti ekki að standa við þessar yfirlýsingar, sem gefnar voru við undirskrift samninga við undirmenn. Fyrir því var það, að þeir neituðu að ganga til nokkurra samninga.

Þess var getið af hæstv. félmrh., að það væri starfandi n., sem ætti að rannsaka þessi mál. Rannsókn á þessum málum, hag og stöðu togaraútgerðarinnar, hefur staðið yfir miklu lengur en meðan verkfallið hefur staðið. Það eru búnar að standa yfir viðræður, er mér kunnugt um, allt frá því í júlí í sumar milli sjútvrh. og fulltrúa útgerðarinnar, þannig að nægur tími hefur unnizt. En hvað hefur komið fram frá þeirri undirnefnd, sem að þessu hefur starfað? Það er ákaflega magurt, að ekki sé meira sagt.

Tapið á rekstri togaranna á s. l. ári nam 99 millj. kr. Hefur verið farið fram á það við ríkistj., að hún reyndi að koma til móts við útgerðina varðandi þennan mikla skuldahala. Það hefur verið sett fram af hálfu þeirra manna, sem í þessari n. hafa starfað, að að þessu leyti

yrði alls ekkert komið til móts við útgerðina, liðið væri liðið. Samkv. spám Framkvæmdastofnunar ríkisins má gera ráð fyrir taprekstri útgerðarinnar upp á 176 millj. kr. á næsta ári, og hefur verið látið í það skína, að eftir mitt ár yrði athugað að koma til móts við útgerðina með svipuðum hætti og var s. l. ár og á árinu 1974 yrðu breytingar gerðar í átt við það, sem gert var s. l. ár. Sjá þá allir, hversu skammt þetta hlítur að hrökkva.

Sem sagt, fulltrúar útvegsmanna hafa orðið fyrir stórkostlegum vonbrigðum og telja sig svikna af þeim yfirlýsingum, sem þeir treystu á, þegar þeir undirrituðu samningana við undirmennina. Ég vil spyrja, og hæstv. bankamálaráðherra gæti e. t. v. upplýst það: Nú verður þetta frv. sjálfsagt að lögum með meirihlutavaldi hæstv. ríkistj. á hinu háa Alþ., og nú er það alveg víst, að enginn ætlar sér að brjóta lögin, og er það einnig alveg víst, að allir munu þrá þann dag, útvegsmenn sem aðrir, að skipin haldi úr höfn, en er hann viss um það, að þau muni gera það þrátt fyrir þessa lagasteningu? Ég vil a. m. k. fá upplýsingar, og það væru hæg heimatök hjá honum að fá það upplýst, hvort svo kunni að fara, þó að þessi lög verði sett. Heimatökin eru hjá honum að því leyti, sem hann ætti að geta leitað sér um það upplýsinga hjá viðskiptabönkunum, hvort þeir muni taka það í mál, að skipin leysi landfestar, þegar fyrir liggur slíkt bullandi tap eins og raun ber vitni um. Mér er nær að halda, að svo verði ekki. Og það er ekkert undarlegt við það, að viðskiptabankarnir ætli sér ekki að standa undir augljósu tapi, þegar ekkert liggur fyrir um það, með hvaða hætti ríkisstj. sjálf ætlar að finna þessum atvinnuvegi rekstrargrundvöll. Ég hef hér í höndum upplýsingar og þótt hæstv. ríkisstj. hafi e. t. v. ekki gert það, þá hef ég lagt drög að því, að þær n., sem fá þetta mál til meðferðar, fái nokkrar gleggri upplýsingar um stöðu alls málsins, því að þær er ekki að finna í þeirri frv.-ómynd, sem hér liggur fyrir. Ég hef upplýsingar um afkomu togaranna árið 1972 og spá hagrannsóknadeilda Framkvæmdastofnunarinnar um reksturinn 1973. Þess skal getið, að 1971 varð halli á rekstri togaranna 38 millj. kr. Árið 1972 nam hallareksturinn brúttó 18 millj. og 500 þús. kr., frá því dragast bætur úr Aflatryggingasjóði, 37.5 millj., og framlög ríkissjóðs 45 millj., eða 82.5 millj. kr., þannig að það er nettó tap og skuldahali útgerðarinnar eftir árið 1972 nemur 99 millj. kr. Síðan kemur afkomuspá hagrannsóknadeildar fyrir árið 1973. Og hún er, eins og ég hef tekið fram, eftir þeim reikningum, sem ekki hafa verið vefengdir, og mun hún nema samtals á 20 skipum 176 millj. kr.

Það hafa starfað fleiri n. en þær, sem nefndar hafa verið hér. Það starfaði n. mikið á vegum sjútvrh., þriggja manna, Hauks Helgasonar o. fl., að athugun á þessu, og það kom skýrt fram í áliti þeirrar n., að það virtist alveg ljóst, að þörf væri á verulegum opinberum stuðningi við togaraútgerðina á þessu ári.

Meginvandinn — ég endurtek það — í þessu máli frá upphafi hefur ekki verið deilan milli launþega og vinnuveitenda. Það hefur verið deilan milli útgerðarinnar og ríkisvaldsins. Þar hnífurinn staðið í kúnni. Útvegsmenn hafa engin ráð séð til þess að halda þessum skipum úti hjálparlaust, og það verður að vera ákvörðun ríkisvaldisins sjálfs, hvort svo skuli verða gert eða ekki. Eru engar ýkjur, þó að menn hafi þessar fullyrðingar í frammi.

Það væri vissulega ástæða til þess að rekja hér nokkuð, hvað í þessum nýju kjarasamningum felst, t. d. þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég ætla þó að geyma mér það þangað til við síðari umr., vegna þess að ég tel ástæðu til, að frv. gangi sem fyrst til n. Ég nefndi, að útvegsmenn hafa farið fram á að fá upp borið eða fá aðstoð til þess, að klipptur verði frá þeim hinn óbærilegi skuldahali frá síðasta ári, fyrir utan að fá tryggingu fyrir því, með hvaða hætti stutt verði við bakið á þeim á komandi ári. Þar hafa ýmsar leiðir verið nefndar. En ég vil einnig geta þess, að það hefur komið fram í þeirri undirnefnd, sem nú starfar, að skuttogurum yrði í engu mætt, þeim yrði í engu hjálpað, það væri nóg komið af aðstoð við þá. Þess vegna vil ég rifja upp það, sem kom fram við umr. hér utan dagskrár ekki alls fyrir löngu, — það, sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ég hafði látið þess getið þá við umr., að mér fyndist koma til greina varðandi skuttogararekstrinn, að einhverju yrði frestað af því, sem við köllum frystingu, þ. e. að tekin eru 20% af brúttóandvirði afla og fryst til greiðslu vaxta og afborgana. Á það skal vitanlega lögð áherzla, að vexti og afborganir þarf að greiða. En þetta var ein leið, sem bent var á, að frestað yrði, þessari miklu frystingu, til þess að útgerðarmenn skuttogaranna gætu með einhverjum hætti e. t. v. rekið þá. Það hefur verið boðið, og síðan yrði á hálfs árs fresti athugað, hvernig afkoman væri, þannig að það mætti þá frysta meira, ef vel gengi. Hæstv. sjútvrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt: „Ég vil segja það um vissar hugmyndir, sem hér komu fram hjá hv. 4. þm. Austf. í sambandi við fyrirgreiðsluna við nýju skipin, að ég er á mjög svipaðri skoðun og hann í þeim efnum og er alveg opinn fyrir því að ræða um stuðning af því tagi í sambandi við rekstur þeirra skipa, þegar þar að kemur." Það hefur ýmislegt verið rætt og upp á ýmsu fitjað og einnig af honum, en það hefur ekki séð dagsins ljós. Útgerðarmenn hafa enga tryggingu fyrir því, að þeim verði nema að mjög óverulegu leyti hjálpað.

Það má heita með ólíkindum, að hæstv. félmrh., fyrrv. forseti ASÍ, og það má heita með ólíkindum, að núv. forseti ASÍ taki á málum eins og nú virðist horfa. Það má heita með algerum ólíkindum, ef við rifjum það upp, hvernig til þesa er stofnað. Hásetar og undirmenn voru búnir að vera 1½ mánuð í verkfalli, en yfirmenn á kaupi allan tímann. Þegar þeim sýndist blása byrlega fyrir samningum, var boðað verkfall, og nú á að verðlauna þá með þessum vinnubrögðum, að taka upp þeirra till. og gera að lögum frá Alþ. Það er ekki mikil reisn yfir þessu.

Ég endurtek, að ég óska eftir skýrum svörum frá hæstv. forsrh., í hverju yfirlýsingar hans voru fólgnar, sem hann gaf útgerðarmönnum, þegar þeir létu til leiðast að undirrita samninga við undirmenn.

Þetta vil ég að komi skýlaust fram, og ef nokkur möguleiki á að vera til þess, að þetta mál leysist í heild sinni, þá er lífsspursmál, að stjórnin lýsi því yfir gagngert og skarinort, með hvaða hætti hún ætlar að leysa þetta mikla vandamál. Það er engin lausn, að þetta verði lögfest, — als engin. Það getur enginn útgerðarmaður leyst sína togara, það liggur alveg ljóst fyrir. Þetta verða menn að gera sér fullljóst. Þá er að vita með hvaða hætti nákvæmlega á að taka á þessu máli. Undan því getur ríkisstj. ekki skotizt með nokkru móti. Aðalvandinn og aðalþrætan í þessu efni hefur aldrei verið milli launþegans og útgerðarmannsins.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara yfir ýmsar upplýsingar, sem ég hef aflað mér um þær hækkanir, sem orðið hafa á launakjörum skipverja. Það verður að bíða þess tíma, að málið hafi verið rætt í n. og athugað gaumgæfilega frá fleiri hliðum, upplýsinga aflað, þannig að menn geti gert heldarúttekt á þessu. En ég legg áherzlu á þetta, að eina leiðin til þess, að leystar verði landfestar, er sú, að ríkisvaldið upplýsi, með hvaða hætti á að ráða bót á þessum mikla vanda og finna grundvöll fyrir útgerð þessara skipa.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hringdi í mig um sexleytið í gær og hafði þá sent mér og ég var að fá í hendur frv. það, sem hér liggur fyrir og var þá í prentun, og mæltist til þess, að við vildum sýna vilja á því, að þetta frv. gæti fengið skjóta afgreiðslu í þinginu. Og um sama leyti, eða um sexleytið í gær, átti hæstv. forsrh. viðræður við okkur formenn stjórnarandstöðunnar og með sams konar tilmælum um það, að við reyndum að greiða fyrir skjótum framgangi málsins. Ég tók — og við báðir reyndar — þessum tilmælum vel, og ég sagði við hæstv. félmrh., að þetta yrði athugað með velvilja. Við munum ekki telja eftir okkur að starfa að þessu máli í dag og í kvöld og fram á nótt, ef því er að skipta, og skiljum vel tilmæli hæstv. ríkisstj. um að reyna að hraða framgangi málsins.

En áður en málið fer í nefnd, get ég ekki orða bundizt um það, að alveg er það með ólíkindum, hvernig þetta blessaða frv. er. Það er ómögulegt fyrir hv. þm. á nokkurn hátt að átta sig á því, hvað í þessu frv. felst. Við eigum að greiða atkvæði um frv., sem staðfestir samninga, sem ekki eru lagðir fyrir, en eiga hins vegar að staðfestast með breytingum, sem koma fram í fskj. Hvernig breytingarnar eru, vitum við ekki. Það hefði ekki mátt minna vera en að sjálfir samningarnir, sem verið er að breyta, væru líka fskj. með slíku frv. Engu að síður hefði sennilega verið mjög erfitt fyrir hv. þm. að átta sig á málinu. En það er minnsta krafa, sem ég held að þm. með réttu geti gert, að frv. fylgi grg., sem skýri fyrir þeim í stórum dráttum, hvað um er að ræða. Fram hjá því er líka gengið.

Ég hef nú, meðan ég hef verið að hlusta með öðru eyranu á ræðurnar, notað hin skilningarvitin til þess að fara yfir álitsgerð og upplýsingar um þetta mál frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem hæstv. forseta hefur borizt og er gert ráð fyrir að komi í hendur þeirrar n., sem fær málið til meðferðar. Auðvitað situr hæstv. ríkisstj. inni með allan þann kunnugleika og allar þær upplýsingar, sem í þessum skjölum eru, og henni hefði verið innan handar að láta þm. í té með frv. og láta fylgja því slíkar upplýsingar.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, því að ég vil ekki tefja málið. En ég minnist þess ekki nokkurn tíma í langri þingssögu að hafa þurft að meðhöndla frv., sem er eins ófullkomið að öllum frágangi og efnismeðferð og þeta frv., sem við eigum hér að greiða atkv. um. Frv. fer nú til n., og n. munu berast þessar upplýsingar.

Ég sagði hæstv. forsrh. frá því í gær, að ég mundi þegar gera ráðstafanir til þess, að menn úr þingflokki Sjálfstfl. færu fyrir hádegi í dag til þess að afla sér efnislegra upplýsinga um málið, og hefur sennilega ekki veitt af, því að ekki er þeirra að leita í frv. sjálfu. Þeir voru í allan morgun fyrir hádegi að reyna að setja sig inn í málið, eftir því sem þeir gátu, og ég vænti þess, að n. fái svör við þeim fsp., sem þm. hafa lagt fram í þeim umr., sem fram hafa farið, þó að við þurfum að vera langt fram á nótt við afgreiðslu slíks máls. Það verður þá ekki hægt að segja eftir á, að það hafi ekki legið fyrir, áður en krafizt er, að endanleg afgreiðsla fari fram á málinu nægjanlegar upplýsingar til þess að gera okkur sómasamlega grein fyrir efnisafstöðu í málinu.

Á þessu stigi málsins get ég með engu móti spáð neinu um það, hver afstaða okkar verður. Það fer fyrst og fremst eftir þeirri efnismeðferð, sem málið fær í n., og þeim upplýsingum, sem okkur í þingflokknum berast frá nm. Við þurfum að gera ráðstafanir til þess, að þingflokkur stálfstæðismanna sé tiltækur til þess að ræða við okkar nm., Nd.-menn, og væntanlega verða sameiginlegir fundir nm. úr Ed. og Nd., þegar þeir eru búnir að ræða á nefndarfundum um málið, til þess að þeir geti fengið tækifæri til að bera sig saman við okkur og við fengið þær upplýsingar, sem þeir fá í n. Af þessu sjá menn, að þetta er allt dálítið erfitt viðfangs. Við teljum ekki eftir okkur, af því að málið er mjög alvarlegt, að gera okkar ítrasta til þess, að það geti fengið sómasamlega efnislega meðferð í þinginu, en það hefði auðvitað verið allt miklu auðveldara viðfangs, ef málið hefði verið með öðrum tilbúnaði en raun ber vitni um.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hefur verið kvartað undan því í þessum umr. að nægileg grg. hafi ekki fylgt með þessu frv. Ég hygg þó, að sú grg., sem hér kom fram

í framsöguræðu hæstv. félmrh., hafi í rauninni sagt allt það, sem þurfti að segja varðandi það, sem í raun og veru snýr að hv. alþm. í þessu máli. Ég á varla von á því, að hv. alþm. treysti sér til þess og allra sízt á einum degi að setja sig mjög ítarlega í einstök flókin samningsatriði í margslungnum kaupgjaldssamningum á milli útgerðarmanna og skipverja, því að því er vitanlega ekki að neita, að þar eru fjöldamörg ákvæði, sem eru mjög samanslungin. En hér var gerð grein fyrir því, hvernig þetta mál hefur borið að og hverjar væru aðalbreytingarnar, sem á ferðinni eru.

Frá því var greint, að hér hefur í rauninni verið um tvenns konar kjarasamninga að ræða.

Annars vegar var um að ræða kjarasamninga við undirmenn. Verkfall þeirra stóð í alllangan tíma, og því verkfalli lauk með samningsgerð, svo að ekki þurfti að koma til nein lagasetning í sambandi við þá hlið málsins. En þó bar þá samninga þannig að, að undir lokin stóðu málin þannig, að togaraeigendur höfðu gert tiltekið tilboð og fulltrúar háseta höfðu gert annað tilboð. Þegar þannig var komið, að talið var, að komið væri á enda hjá báðum aðilum og lengra yrði ekki komizt að dómi sáttanefndar í málinu, og eftir athugun, sem ríkisstj. gerði á málinu hjá báðum aðilum, þá var þessi deila leyst með því, að ríkisstj. lýsti yfir, að hún mundi greiða eigendum skipanna það, sem bar á milli aðila í þessum efnum. Á þessum grundvelli tókust samningar. Hér var um að ræða fyrst og fremst, að fastakaup undirmanna var hækkað þó nokkuð með þessari milligjöf frá ríkinu frá því, sem útvegsmenn höfðu viljað fallast á, til móts við kröfur sjómanna. Nokkrar aðrar breytingar komu þarna einnig til greina, en þær voru minni háttar, og er í rauninni engin þörf á því að fara að rekja þær sérstaklega. Með þessum hætti gekk ríkisstj. fram í því að skuldbinda ríkissjóð til að greiða á þessu samningstímabili, frá því að samningar tókust og til loka ársins, tiltekna fjárhæð, sem ekki var vitanlega hægt að segja nákvæmlega til um, hve mikil yrði, en reiknað var þó út, hvað áætla mætti þessa fjárhæð mikla.

Síðan kom til deilu yfirmanna á þessum sömu skipum, og þar bar málið að á mjög svipaðan hátt. Það var gengið til þrautar fram í því af sáttanefnd að kanna, hvað miklir möguleikar væru á því, að aðilar gætu náð samkomulagi. Ríkisstj. ræddi við þessa aðila nokkrum sinnum, hvorn í sínu lagi einnig, og þarna bar nokkuð á milli. Ríkisstj. fór nákvæmlega sömu leið og farin var í hinu fyrra tilfelli gagnvart undirmönnum. Hún lýsti því síðan yfir, að hún mundi fallast á að greiða útgerðaraðilum þessara skipa það, sem þá bar á milli hjá þessum aðilum. Þar var ekki um ýkja stóra fjárhæð að ræða, og hefur verið áætlað af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar, að hún gæti numið á þessu tímabili, frá samningsgerð og til áramóta, í kringum 6 millj. kr. En það er vitanlega ekkert höfuðatriði, hvort sú upphæð kann að reynast 6 eða 7 millj. Það kemur fram í þeim útreikningum, þegar verður nánar farið ofan í þá. En þá brá svo við, að togaraeigendur gátu ekki fallizt á að gera samninga við yfirmenn á þessum grundvelli, eins og þeir höfðu þó fallizt á að gera við undirmenn, og vegna þess varð málið að koma fyrir Alþ. á þann hátt, sem það kemur nú. Það sýndist í rauninni vera eina leiðin, eins og komið var, til þes að ljúka raunverulega þessari kjaradeilu, sem hér stóð, að lögbinda þá till., sem fyrir lá af hálfu yfirmanna. Hér er auðvitað algerlega rangt að tala um, að kröfulisti annars aðilans hafi verið tekinn og nú eigi að lögfesta hann. Þeir aðilar voru auðvitað búnir að víkja frá sínum fyrri kröfum mjög verulega, en þeir höfðu fallizt á þetta til samkomulags og töldu sig þar vera komna í botn, á sama tíma sem togaraeigendur töldu sér ekki fært að fallast á þessa kröfu.

Nú er auðvelt að gera mönnum grein fyrir því í stuttu máli, hvaða mismun var hér um að ræða í aðalatriðum. Ég skal þó ekki fara ítarlega út í það. Það mátti segja, að á milli yfirmanna og togaraeigenda væri fyrst og fremst ágreiningur um þrjú atriði.

Það var í fyrsta lagi um fast mánaðarkaup, sem vitanlega telur talsvert í kjörum skipverja. Yfirmenn höfðu krafizt þess í síðasta tilboði sínu, að þeir fengju 25 þús. kr. í fast grunnkaup, en togaraeigendur höfðu í sínum gagntillögum fallizt á að hækka fastakaupið upp í rúml. 17.300 kr. á mánuði. Á það var loksins fallizt af yfirmönnum, að þetta skyldi fastakaupið verða, nákvæmlega það, sem útgerðarmenn höfðu boðið.

Annað atriðið, sem milli bar, var aflahlutur þeirra skipverja, sem hér eiga hlut að máli. Yfirmennirnir gerðu kröfu um það, að aflaprósenta hvers einstaks yfirmanns skyldi hækka frá því, sem var í fyrri samningum, um 0.20%. Sé dæmi tekið af þessu t. d. með 1. vélstjóra, þá hafði hann í aflaprósentu 1.63%, en þeir gerðu kröfu um það að aflaprósenta hans yrði 1.83%. Útvegsmenn hins vegar eða togaraeigendur höfðu látið koma fram á samningafundum, að þeir gætu mætt þessum kröfum um aflaprósentu til hálfs, og því er það, að yfirlýsing ríkisstj. var um að ríkissjóður skyldi greiða það sem þarna bar á milli um aflaprósentu, þ. e. a. s. 0.10% á hvern einstakling á samningstímabilinu, og þetta var aðalatriðið, það sem bar á milli.

Þriðja atriðið var svo það, að yfirmenn lögðu mikla áherzlu á, að inn yrði tekið ákvæði um, að ef mönnum væri fækkað á skipunum frá tiltekinni umsaminni tölu, eða svo vildi til í einstökum aflatúrum, að það yrðu á skipinu færri menn í reynd en um var samið, þá hækkaði einnig aflaprósenta þeirra eitthvað, og þannig er komin inn þessi tala, 0.075%, sem aflahlutur hvers yfirmanns á að hækka um fyrir fækkun um hvern einn mann á skipinu. Undirmenn eða hásetar höfðu samið um svipaða reglu, en þó með þeim hætti, að þegar svo stæði á, að hásetar væru færri á skipi en um hefði verið samið skyldu þeir hásetar, sem raunverulega tækju á sig vinnu þess, sem vantaði, fá þessa hækkun, en aðrir aðilar, sem Sjómannasamband Íslands semdi fyrir, eins og matsveinar og aðstoðarmenn í vél, áttu ekki að njóta

slíkrar aukahækkunar. Ég skal ekki tala neitt um það hér, hvor reglan er í sjálfu sér réttlátari, sú, sem undirmenn sömdu um í þessum efnum, eða hin, sem yfirmenn gerðu að úrslitakröfu í sinni kröfugerð. Það er mál út af fyrir sig að ræða um það. En ég vil taka það fram í sambandi við það, sem hér hefur verið sagt, að þeim samningum, sem undirmenn gerðu, er ekki breytt á einn eða neinn hátt með því, sem hér er gert ráð fyrir, að lögfest verði fyrir yfirmenn. Undirmenn fá að öllu leyti það, sem þeir sömdu um. En yfirmenn fá þetta, sem hér er tilgreint. Hvort það er að öllu leyti réttlátt eða ekki, er atriði, sem í rauninni er ekki til umr. hér að mínum dómi. Hér er verið að leysa viðkvæma deilu, og spurningin var sú, hvort átti að þræta endalaust um þessa kröfu, sem vegur ekki meira en þetta í raun og veru. Það er líka rétt að taka það fram, að þetta ákvæði tilheyrir auðvitað undantekningu, að til þess komi. Og það er ekki verulega trúlegt, að skipverjar á skuttogurum verði oft færri en 24, sem um er samið, eða skipverjar á síðutogurum verði oft færri en 26. Ég tel, að ríkisstj. hafi komið fram við báða þessa samningsaðila, þ. e. a. s. yfirmenn annars vegar og undirmenn hins vegar, á alveg sambærilegan hátt, og fjárgreiðslurnar eru líka fyllilega sambærilegar í báðum tilvikum.

Um það atriði skal ég ekki heldur ræða hér ítarlega, hvort með þessu er verið að raska því hlutfalli, sem var á milli þessara aðila. Það er heldur óskemmtilegt tal að ræða um slíkt. En það þekkja allir, sem hafa komið nærri þessum samningum, að það hefur auðvitað gerzt æ ofan í æ, þegar annar aðilinn hefur samið fyrst og hinn aðilinn semur aftur síðar, þá telja menn, að eitthvað hafi raskazt, af því að samningarnir fóru ekki fram samhliða, sem sjaldnast er. Hafa t. d. togaraeigendur eða aðrir atvinnurekendur oft á tíðum við hið síðara tilfellið orðið að semja um hlut, sem þeir máttu reikna með, að gæti leitt af sér einhverjar aukakröfur aftur síðar.

Ég tel því, að í raun og veru sé það svo, að þetta mál hafi verið lagt fyrir hér svo greinilega, að það sé alveg þarflaust að tala um, að hér vanti stórkostlega miklar upplýsingar. Málið er tiltölulega einfalt, og að mínum dómi verður það ennþá einfaldara, þegar málið er athugað nánar og m. a. út frá því, sem hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, sagði áður í þessum umr. Hann er sjálfur togaraeigandi og veit allvel um það, hvernig þessi mál standa. Hann lagði áherzlu á það og margundirstrikaði það, að raunverulega væri það svo, að hér hefði ekki verið fyrst og fremst um deilu um launakjör skipverjanna að ræða. Þetta verkfall, sem búið er að standa í fulla tvo mánuði, hefði ekki staðið vegna ágreinings um launakjör, en þó hefur verkfallið allan þennan tíma verið að forminu um launakjör. Hann taldi, að raunverulega hefði stöðvun togaranna verið af þeim ástæðum, að útgerðarmenn hefðu ekki fengið þær yfirlýsingar frá stjórnvöldum, sem þeir vildu fá eða teldu sér nauðsynlegar um tiltekinn fjálhagslegan stuðning við reksturinn. Ég hef auðvitað ekki aðstöðu til að fullyrða neitt um, hvernig þessu er í rauninni varið, en ekki neita ég því, að ég lít ekki á þetta mál svipað og hv. þm. gerir með þessum yfirlýsingum sínum. Það má þó vel vera, að togaraeigendur hafi ekki viljað við samningaborðið fallast á þau launakjör, sem hér er um að ræða hjá undirmönnum eða yfirmönnum. Um það get ég vitanlega ekki nákvæmlega sagt. En ég hef sagt það áður í umr. á Alþ., og það átti þá við deiluna um launakjör undirmanna, að mér var það í rauninni alveg óskiljanlegt, að það skyldu ekki geta tekizt samningar miklu fyrr en raun varð á um þær launakröfur, sem þar lágu fyrir. Það gat í rauninni ekki verið neitt eðlilegt. Hins vegar hefur komið hér skýrt fram af hálfu ríkisstj., bæði á Alþ. og eins í samtölum við útgerðarmenn, að ríkisstj. hefur verið á þeirri skoðun, að það bæri að leysa þessar kjaradeilur sem slíkar, það ætti að semja um kjör þeirra manna, sem sagt hafa upp samningum og lýst hafa yfir verkfalli, og það ætti að leysa þann þátt þessa máls alveg sjálfstætt og út af fyrir sig, síðan bæri vitanlega að taka á rekstrarvandamálum útgerðarinnar og gera það hreinlega upp, að hve miklu leyti ætti að ganga til móts við togaraútgerðina í landinu með fjárhagslegan stuðning.

Nú segir hv. 4. þm. Austf. alveg hreint út, að þessi stöðvun hafi beinlínis verið af þessum ástæðum og menn hafi ekki viljað semja, af því að þeir hafi ekki fengið sitt fram um fjárhagslegan stuðning. Þá ætla ég, að það geri það enn nauðsynlegra, þegar málin liggja svona fyrir í raun og veru að höggva á þennan hnút, sem enn er óleystur varðandi kjaramálahliðina, svo að hægt sé þá að taka á hinu vandamálinu á eðlilegan hátt. Ég tel í mesta máta óeðlilegt að blanda saman þessu tvennu. Það er skoðun mín, að skipverjar togaranna hafi ekki farið fram á meiri breytingar á sínum launakjörum en allajafna þekkist í sambandi við endurskoðun kjarasamninga, og það hefði því átt að geta tekizt samningar með eðlilegum hætti á milli útgerðarmanna og skipverja, án þess að Alþ. hefði þurft að skerast þar í leikinn, ef ekki hefði annað sérstakt komið til.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að því stóra vandamáli, sem snýr að rekstrarvandamálum togaranna, sem í rauninni ætti ekki að blanda mikið inn í það mál, sem hér liggur fyrir, um að skera á þennan hnút varðandi kjarasamningana, því að það er í rauninni allt annað mál.

Það er rétt, sem hér kom fram, að togaraeigendur hafa talið, að það væri nauðsynlegt fyrir þá að fá ákveðna fjárhæð greidda nú þegar, áður en þessi deila væri leyst, vegna rekstrartapa á s. l. ári. Þeir hafa gert kröfu um tæpar 100 millj. kr. í þessu skyni, vegna rekstrarins á s. l. ári. Það liggur þó fyrir, að togaraútgerðin í landinu hafði fengið í sérstakan stuðning á s. l. ári, eins og hefur komið fram í þessum umr., 37.5 millj. kr. sem greiðslu úr aflatryggingasjóði, og hún hafði einnig fengið frá ríkissjóði

45 millj. kr., eða samanlagt 82.5 millj. kr. Hún og ég hef sagt hér áður, til viðbótar við þetta, fjárhæð, sem nemur um 14 millj. kr., en kom fram með þeim hætti, að afnumið var á ákveðnu tímabili útflutningsgjald af karfaafurðum, til þess að hægt væri að halda uppi ákveðnu fiskverði á karfa vegna togaraútgerðarinnar. Varð að afla þeim sjóði, sem missti af þessari fjárhæð, tekna með öðrum hætti í staðinn. Þetta var gert á sínum tíma eingöngu vegna rekstraraðstöðu togaranna. Ég tel því fyrir mitt leyti, að útgerðin hafi notið allverulegs stuðnings á s. l. ári. Þó er mér vel ljóst, að eflaust hefur verið um talsverðan hallarekstur að ræða á þessari útgerð á árinu umfram þetta. En þannig voru málin líka í miklu fleiri tilfellum. Því fer vitanlega víðs fjarri, að önnur útgerð í landinu geti ekki komið með hliðstæðan útreikning og togaraútgerðin og bent á, að þar hafi verið um hallarekstur að ræða, enda hefur það verið gert af þessum aðilum, án þess að þess væri krafizt, að ríkið greiddi allan mismuninn.

Það hefur af hálfu ríkisstj. ekki verið tekin nein endanleg ákvörðun um það, að ekki kæmi til greina að greiða neinar bætur upp í þennan hallarekstur á s. l. ári. Hins vegar er rétt, að það sjónarmið hefur verið sett fram, að eðlilegt væri að láta það liggja, sem orðið er í þessum efnum, og snúa sér að því að athuga um rekstrargrundvöll á yfirstandandi ári. Það hefur þó komið fram af hálfu ríkisins, að ríkið vildi veita aðstoð til þess, að hægt væri að semja um allverulegar skuldir, sem safnast hafa hjá útgerðinni að undanförnu, að semja um þær með milligöngu ríkisstj., og var þar nefnd alveg sérstök skuldaupphæð upp á rúmlega 30 millj. kr. Það verður auðvitað einnig að hafa það í huga um nokkuð af þessu tapi, sem hér er um að ræða, að þar er um tap í sambandi við afskriftir að ræða. Einnig er það, að í þessum kröfum útgerðarmanna kemur nú í fyrsta skipti fram í sambandi við þessi deilumál krafa um það, að greiddar verði 20 millj. kr. vegna hallarekstrar skuttogaranna, sem hófu rekstur á s. l. ári. En sá stuðningur, sem hingað til hefur verið veittur togaraútgerðinni, var veittur til gömlu skipanna, en ekki til nýju skuttogaranna. Og það er auðvitað augljóst mál, að það er ekki eðlilegt að fara að ákveða sérstakan rekstrarstuðning við skip, sem eru í reynslurekstri, rétt í byrjun, enda er ákaflega hætt við því, að þá kæmu ýmsir aðrir togarar á eftir, þótt þeir séu minni, sem eru í fullum rekstri og hafa ekki gert neinar slíkar kröfur til þessa. Af því hafði það sjónarmið verið sett fram af ríkisstj. í byrjunarviðræðum um þessi mál, að það væri sjálfsagt að taka rekstrarvandamál skuttogaranna fyrir eftir nokkurn reynslutíma, t. d. eftir 5—6 mánuði, og sjá þá, hvernig reksturinn hefði gengið, og ákveða þá, um hvers konar stuðning hér ætti að vera að ræða.

Ég tel fyrir mitt leyti, að sú n., sem skipuð hefur verið af hálfu ríkisstj., sé í samningaviðræðum við fulltrúa útgerðarmanna um þessi atriði öll, einnig um það, um hve mikinn stuðning gæti orðið að ræða fyrir þessa tegund af skipum, ef það sýndi sig við reynslu, að það þyrfti að koma hér til ákveðinn stuðningur. Af hálfu ríkisstj. hefur verið tekið fram, að gengið væri út frá því, að gömlu skipin nytu á yfirstandandi ári svipaðs fjárhagsstuðnings og þau nutu á s. l. ári, þá miðað við sams konar aflamagn. Ef aflinn breyttist, mundu auðvitað viðhorfin í þessu breytast líka. Í þessum efnum hafa útgerðarmenn mjög viljað leggja til grundvallar aflann á s. l. ári, sem var mjög lélegur hjá þessari útgerð. Það kann vel að vera, að aflinn reynist það áfram, og þá verður vitanlega að taka fullt tillit til þess, því að það verður, eins og fram hefur komið af hálfu ríkisstj., að gera ráðstafanir til þess, að þessi útgerð verði rekin í landinu. En ég vil líka benda á það, að ef aflamagn togaranna væri tekið og miðað við meðaltal síðustu 5 ára, þá sýna þeir útreikningar, sem fyrir liggja frá hagrannsóknadeildinni, að um þó nokkurn hagnað væri að ræða umfram allar afskriftir hjá útgerðinni. Það er því alveg augljóst mál, að þessi vandi fer auðvitað eftir því, hvert aflamagnið verður.

Ég skal ekki fara öllu lengra út í þessar umr. hér. Ég tel varla ástæðu til þess eða það réttmætt. Ég vil aðeins undirstrika, að það á að vera alveg skýrt, að ríkisstj. telur, að n. starfi nú að athugun á þessum málum, og biður eftir till. hennar um það, hvaða stuðning eigi að veita togaraútgerðinni, hvað þurfi fyrir hana að gera. Hún hefur því ekki neitað neinu endanlega í þessum efnum. Það verða gerðar ráðstafanir til þess, að togararnir geti gengið, á því leikur enginn vafi. Hins vegar hefur ríkisstj. ekki verið reiðubúin til þess að segja nú á þessari stundu, að hún fallist á kröfur togaraútgerðarinnar, sem eru um það, að togaraútgerðinni verði nú greiddar 275 millj. kr., um 100 millj. kr. vegna hallans á s. l. ári umfram það, sem þegar hefur verið greitt, og yfir 170 millj. kr. vegna áætlaðs halla á árinu 1973, — um þetta verði gefin föst loforð.

Ég var fyrr í þessum umr. spurður sérstaklega um eitt atriði af hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Hann spurði um það sérstaklega, hvað niðurlagið í þeirri yfirlýsingu, sem birt er hér sem fskj. IV og við undirritum, ég og hæstv. fjmrh., — hvað niðurlagið í þessari yfirlýsingu þýði í raun og veru. En þar segir: „Þetta verði fyrir fram metið fyrir hvert skip á sanngjarnan hátt.“ Þessi aths. á sem sagt við það, sem ég vék hér að áður, að ríkissti. heitir því einnig að greiða þann aukna launakostnað, sem af því hlýzt, að það þarf að grípa til aukaaflaprósentu vegna fækkunar manna á skipi. Það getur auðvitað enginn sagt um það fyrir fram, hvað þetta kann að verða oft í reyndinni í rekstrinum, og það verður því að gera sanngjarna áætlun um þetta, eins og t. d. hagrannsóknadeildin hefur þegar sett upp í sínu dæmi. Það verður að áætla það fyrirfram, í hve mörgum tilfellum sé eðlilegt, að þetta geti komið til á rekstrarárinu. Og það er ætlazt til þess, að þetta sé metið á sanngjarnan hátt fyrir fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess við þessar umr., að fara mikið út í ræðu hv. 7. þm. Reykv., Gylfa

Þ. Gíslasonar. Ræða hans var að sáralitlu leyti um það mál, sem hér liggur fyrir. Hann hefur gjarnan þann hátt á að þylja hér upp aftur og fram ýmislegt, sem gerzt hefur í pólitíkinni áður, sérstaklega á þeim tíma, þegar hann þykist nokkurn veginn viss um, að menn muni ekki gefa sér tíma til þess að svara honum, eins og þegar hann er að rifja það upp, að eitt af ódæðum okkar hafi verið að leggja til í sambandi við fjáröflun fyrir viðlagasjóð að fresta tiltekinni kauphækkun í 7 mánuði, margendurtók, hvað þetta væri óskaplegt. En auðvitað var hann ekki að geta þess, að hann hafði sjálfur fyrir hönd Alþfl. tilkynnt ríkisstj., að hann væri þessu atriði algerlega samþykkur og Alþfl. ætlaði að samþykkja þennan lið í till., að fresta kauphækkuninni í 7 mánuði, en kom svo á handahlaupum eftir einn dag og sagði, að þeir hefðu frétt um, að aðrir ætluðu að verða á móti þessu, og nú ætluðu þeir að snúast í málinu og verða á móti því líka. Ef ég hefði einhvern tíma til að svara hv. þm. og vera að blanda því hér inn í mál eins og þetta, þá hefði ég að sumu leyti gaman af því. En hér er hvorki staður né stund til þess að ræða þennan útúrdúraþátt þessa hv. þm.

Aðalatriðið er auðvitað að reyna að fá botn í þá deilu, sem hér liggur fyrir, reyna að losa skipin. Spurningin er sú, hvort hv. alþm. vilja staðfesta það, sem hér liggur fyrir, að þessar launadeilur verði leystar á þann hátt, sem hér er gerð till. um og hér hefur verið gerð full grein fyrir, og að þannig geti þá skapazt grundvöllur fyrir því að taka á hinum hluta vandamálsins, sem snýr að rekstrarvandamálum togaranna. En ég sé ekki, að togaraeigendur hafi nokkra ástæðu til þess að neita því að gera út skipin samkv. kjarasamningum á þessum grundvelli og halda áfram að ræða við ríkistj. um eðlilegan stuðning eða nauðsynlegan stuðning við skipin, þegar það liggur fyrir af hálfu ríkisstj., að hún gerir ráð fyrir því, að það verði að gera tilteknar ráðstafanir til að tryggja það, að skipin geti verið í rekstri.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til annars en að vera ánægður með þær umr., sem hér hafa farið fram. Þær hafa verið alvarlegar og efnislegar, og í ræðum allra ræðumanna stjórnarandstöðunnar hefur það komið fram, að þeir segjast sjálfir og að þeirra flokkar vilji ganga að því verki af alhug, að þessi deila megi leysast og skipin sigla úr höfn. Ég minnist þess, að hv. 10. þm. Reykv., sem hér tók fyrstur til máls, undirstrikaði afstöðu sína með því að segja, að það sé fyllilega tímabært að gera allt, sem unnt sé, til lausnar þessari deilu. Og hv. 7. þm. Reykv., formaður Alþfl., sagði, að hann og sinn flokkur væru reiðubúnir til að stuðla að samþykkt frv. að fengnum vissum upplýsingum, sem hann svo tilgreindi, og taldi þjóðarnauðsyn, að deilan fengi lausn. Hv. 4. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, lýsti þessari afstöðu sinni á þann hátt, að hann teldi, að allir þráðu þann dag, að skipin sigldu úr höfn, og þótti mér það hans von og vísa að taka slíka afstöðu, og veit ég, að fáir verða glaðari en hann, þegar hann sér skip sín sigla úr höfn. En við gleðjumst líka allir yfir því, þegar það gerist.

Ég þakka hv. 1. Reykv., formanni Sjálfstfl., Jóhanni Hafstein, fyrir þær góðu undirtektir, sem hann lýsti. Hann hafði gefið mér vilyrði í gærkvöldi um, að það yrðu engar tafir af hendi hans flokks lagðar fyrir þetta mál og menn sæju ekki eftir sér í hans flokki að verja deginum í dag og kvöldinu í kvöld, kannske nóttinni með, til þess að málið yrði að fullu leyst. Hann hafði að vísu uppi andmæli út af því, að frv. væri ófullkomið og það væri ekki auðskilið, hvað í því fælist. Ég fæ nú ekki skilið þetta. Það er að vísu rétt, að í frv. eru engar málalengingar, enda tel ég, að þær ættu alls ekki við í slíku máli sem þessu. En í frv. er allt fram tekið, sem taka þarf fram að minni hyggju til þess að binda enda á deiluna með þeim hætti, sem hér er lagt til, þ. e. a. s. með því að lögfesta síðustu fáanleg tilboð yfirmanna á togurunum, þegar búið var að fá þá til þess að þrýsta sínum kröfum niður eins og nokkur möguleiki var til, en það er efni frv að lögfesta lokakröfur þeirra um kjarabætur. Fyrir þeim er öllum gerð grein skýrt og skorinort í fskj. með frv. og til þeirra vitnað, að þau eigi að lögfesta. Það verður með engu móti sagt, að það sé niðzt á yfirmönnum togaranna með því að ganga að þeirra lokakröfum og gefa þeim samningsgildi, en það verður heldur ekki sagt, að það sé niðzt á útgerðarmönnum togaranna, þegar lögð eru til grundvallar í þessari lagasetningu síðustu tilboð þeirra og síðan ákveðið, að ríkið borgi það, sem krefst fjármuna umfram þeirra eigin lokakröfur. Svona einfalt er málið. En að fara að kafa ofan í ýmis atriði fyrir gildandi samninga milli aðilanna, það held ég, að þjóni engum tilgangi, því að um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í fskj. með þessu frv., er enginn ágreiningur. Ég tel því að það sé ekki rétt af mér að fara út í að svara öðrum aukaatriðum, sem fram komu í þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, því að það gæti vakið meiri umr., og ég ætti sízt að verða til þess. Ég fagna því, að nú getur málið farið til n., væntanlega sameiginlegrar skoðunar í n. beggja d., og við þannig tekið til við afgreiðslu málsins á eðlilegan hátt að kvöldverði loknum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil ekki verða til þess að tefja afgreiðslu þessa máls. En eftirfarandi kemst ég ekki hjá að segja:

Það kemur í ljós enn sem fyrri daginn, að hæstv. sjútvrh. er mjög illa við að vera minntur á það ósamræmi, sem er milli fyrri orða hans sem stjórnarandstöðuleiðtoga og gerða hans sem ráðh. Ég hef setið á þingi í meira en aldarfjórðung og aldrei — ekki í eitt skipti — gefið yfirlýsingu um, að aldrei geti komið til mála að breyta kjarasamningum með löggjöf. Ég hef staðið að slíku, meðan ég hef verið í stjórn, og ég er fús til að standa að slíku, þó að ég

sé ekki í stjórn, ef ég tel þjóðarnauðsyn krefjast, ef ég tel það rétt. Hið sama gildir um minn flokk. Hæstv. sjútvrh. hefur setið enn lengur á þingi en ég, ef ég man rétt 4 árum lengur, og það verður ekki komið tölu á þau skipti, sem hann hefur lýst yfir, að það eigi ekki að breyta kjarasamningum með löggjöf. Það verður ekki komið tölu á þær yfirlýsingar, sem hann hefur gefið í þá átt, þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu. En þegar hann situr í stjórn, þá er það rétt, sem var rangt, meðan hann var í stjórnarandstöðu. Þess er skemmst að minnast, að hann var í stjórnarandstöðu í rúm 12 ár, áður en núv. ríkisstj. kom til valda. Þau skipti skipta áreiðanlega hundruðum, sem hann hefur mælt gegn því á þessum 12 árum, að kjarasamningum sé breytt með löggjöf. Nú eru ekki liðin nema tvö ár síðan hann kom í stjórn, og hann er búinn að standa að breytingum á kjarasamningum með löggjöf í nokkur skipti, og í mjög mörg skipti hefur hann gert till. um það, þó að þær hafi ekki náð fram að ganga. Það er þetta, sem er munurinn á okkur tveimur, sem báðir erum búnir að sitja jafnlengi á þingi og raun ber vitni um. Það er enginn munur á orðum mínum og gerðum og flokks míns eftir því, hvort ég er í stjórn eða stjórnarandstöðu, en það á hins vegar við hann í mjög ríkum mæli. Ég er í sjálfu sér ekkert hissa á því, þó að honum sé illa við, að á þetta sé minnt.

Hitt er aftur á móti heldur sjaldgæfara, að maður skuli hafa ástæðu til að koma í ræðustól og segja, að hv. þm. segi satt. Það ber of sjaldan við, því er verr og miður. Hann sagði satt þegar hann skýrði frá því, að þingflokkur Alþfl. hefði verið reiðubúinn til þess, þegar viðlagasjóðsmálið var í undirbúningi, að samþykkja frestun á greiðslu grunnkaupshækkunar í 7 mánuði. Það er rétt. En þetta var í engu ósamræmi við nokkur fyrri ummæli mín eða minna flokksmanna um málið. Við höfum áður staðið að svipuðum aðgerðum undir svipuðum neyðarkringumstæðum og áttu sér stað. Það kostaði því ekki nokkur átök, hvorki innri átök fyrir nokkurn okkar þm. né heldur nokkur átök við okkur sem þingflokk að fallast á þá hugmynd að leysa þann vanda, sem við var að etja, með því einu — og því guldum við samþykki — að fresta kauphækkuninni, en það hefði gefið 2 þús. millj. kr. tekjur í viðlagasjóðinn. Hitt er líka satt, um það þagði hæstv. ráðh., að við andmæltum öðrum ákvæðum í frv., sem okkur var sýnt. Við andmæltum ákvæðunum um vísitöluskerðingu, um bann gegn grunnkaupshækkunum, um bann gegn verkföllum og því, að hækkun söluskatts skyldi koma inn í vísitölu, enda hefði kaupfrestunin ein nægt til að leysa Vestmannaeyjavandann. Við vorum samþykkir því, að vandinn yrði leystur á þann hátt, ef stjórnin kysi þá lausn á málinu. En þannig brá við, eftir að helmingur af þingflokki SF vildi ekki samþykkja kaupfrestunina, að við vorum aldrei spurðir að því eftir það, hvort við vildum hjálpa stjórninni, sem væri orðin í minni hl. í eigin liði, til að fá hugmyndina framkvæmda. Við vorum aldrei spurðir um það, hvorki af þessum hæstv. ráðh. né nokkrum öðrum ráðh., hvort við vildum mynda meiri hl. með stjórninni gegn nokkrum af þeirra eigin mönnum. Þetta er allur sannleikurinn í málinu. Hæstv. ráðh. og hans félagar, ég held allir, drógu fyrri hugmyndir til baka og komu með nýjar hugmyndir, sem þeir síðast náðu samkomulagi um. Hæstv. ráðh. gerði frumtill. sína í algerri andstöðu við fjölmargar yfirlýsingar á undanförnum 12 árum, og síðan, þegar það nær ekki fram að ganga vegna hans eigin manna, snýr hann við blaðinu og gerir allt aðrar till. Sá, sem hér hefur verið að hringsnúast, er hæstv. ráðh. og hans félagar í ríkisstj. en ekki ég eða minir flokksmenn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem nú er, aðeins örfá orð af gefnu tilefni.

Hæstv. sjútvrh. lét þess getið, að samningar við undirmenn á togurum hefðu náðst með þeim hætti, að ríkisstj. hefði lýst því yfir, að hún mundi brúa það bil, sem verið hefði á milli samningstilboða undirmanna og útgerðarmanna. Mér er nær að halda, að útvegsmenn hafi túlkað orð hæstv. forsrh. með nokkuð öðrum hætti en þarna kemur fram, svo mjög, að þegar að því kom, að reynt var til hins ítrasta að ná samningum við yfirmenn, þá töldu þeir sig svo mjög svikna af þeim loforðum, sem þeir töldu, að sér hefðu verið gefin, að þeir voru ófáanlegir til þess að treysta framar á slíkt. Hann lét þess getið einnig, hæstv. sjútvrh., að hið sama hefði verið uppi, þegar reynt var að ná samningum við yfirmennina, en þá hefði strandað á útvegsmönnum, þeir hefðu ekki viljað taka því boði, að ríkisstj. brúaði bilið. Ég hygg, að ég fari ekki með annað er rétt mál, þegar ég fullyrði, að það var vegna þess að þeim þótti sem þau loforð, eins og þeir túlkuðu þau a. m. k., sem hæstv. forsrh. hafði gefið, hefðu ekki gefizt á þann veg, að þeim væri með nokkru móti stætt á því að gera sér vonir um, að þau loforð nægðu til þess, að þeir næðu viðunanlegum grundvelli í sitt mál.

Hæstv. sjútvrh. sagði, og ég hygg, að ég hafi það nokkurn veginn orðrétt, að það sé allt annað mál um að ræða kjarasamninga þessa og svo fjárhagsgrundvöll útgerðarinnar. Hann getur þó ekki átt við það, hæstv. ráðh., að kaupliðurinn í útgerð fyrirtækjanna skipti engu máli. Er þetta e. t. v. truflun frá þeirri stefnu eða skoðun, sem hætsv. forsrh. lét í ljós við vinnuveitendur í kjaradeilunni 1971, að þeir skyldu bara steypa sér fyrir borð, þó að ekki sæi til lands. Að sjálfsögðu er það grundvallaratriði, þegar vinnuveitendur eiga að semja um kaup og kjör, varðandi undirskrift og samningsgerð alla, að það liggi fyrir eða þeim sýnist, að þeir hafi nokkra möguleika til þess að standa við þær skuldbindingar, sem þeir gera með þeim hætti, og að fyrirtæki þeirra verði yfirleitt rekin. Þetta hlýtur öllum að vera augljóst mál. Og hann tók það einmitt fram í þessu sambandi,

að sér væri óskiljanlegt, hversu lengi hefði dregizt að ná samningum.

Það er að vísu of mikið sagt, að efni samninganna sjálfra hafi ekki verið allþýðingarmikið atriði í þessu sambandi. Það er vissulega of mikið sagt, En ég hygg, að þetta hefði allt orðið skammvinnara og jafnvel ekki þurft að koma til þessa verkfalls í jan. eins og gerði, ef ríkisstj. hefði treyst sér til þess að taka óðruvísi á þessu máli en raun ber vitni um. Því hefur ekki verið neitað af neinum, að bæði reynsla s. l. árs og þær spár, sem gerðar hafa verið um útkomuna næsta ár, eru með þeim hætti, að allmjög verður að koma til móts við þennan atvinnurekstur, ef hann á ekki að stöðvast.

Að endingu þetta varðandi það, sem hæstv. sjútvrh. sagði undir lok ræðu sinnar, að hann sæi enga ástæðu til fyrir útgerðarmenn að neita að gera út skip sín. Það munu útgerðarmenn vissulega aldrei gera. Ég þekki engan með því skaplagi. Allir munu þeir reyna að sækja sjóinn eftir mætti. En það eru til þeir aðilar, sem þeir stjórna ekki, og það er t. d. fjármálavaldið í landinu, og ég á þá við í þessu bili, ef maður treystir því ekki, að fundinn verði grundvöllur af hálfu ríkisvaldsins og þetta styrkt með þeim hætti, sem duga mun, þá eru til þeir bankar, aðallega viðskiptabankarnir, sem algerlega geta skotið loku fyrir það, að útvegsmönnum verði fært að gera út. Þetta er afar augljóst og einfalt mál. Og þið getið ímyndað ykkur, hv. þm., hvar þessi 99 milj. kr. hali muni standa yfirleitt. Hann hlýtur að meginhluta til að vera óreiðuskuldir hjá viðskiptabönkunum. Og það skyldi ekki vera, að þolinmæði viðskiptabankanna væri á þrotum, af því að útvegsmenn geta ekkert nýtt lagt fyrir viðskiptabanka sína, sem talið verður, að muni breyta frá þeim grundvelli, sem blasir við í dag. Ef útvegsmönnum væru fengnar upp í hendur einhverjar breytingar, eitthvað handfast til þess að leggja fyrir viðskiptabankana, þá er ég sannfærður um, að viðhorfið mundi mjög breytast.

Aðeins varðandi það, sem hæstv. félmrh. gat um, að hann vildi ekki gera mikið úr því, að þarna væri tekið upp tilboð yfirmanna og lagt til, að lögfest yrði, þar sem þetta hefði verið lokaboð yfirmanna. Hann er enn þá eldri í samningagerðum en ég, og var ég þó viðriðinn þær í ein 15 ár, og hann veit, að við vitum aldrei, hvað verður kallað lokaboð í þessum málum, svo að það er út af fyrir sig engin afsökun. Ég hef ekki enn fengið, en nú vænti ég þess, af því að mér sýndist, að hæstv. forsrh. væri að biðja um orðið, að ég fái nú skýr svör við þessu tvennu, sem ég spurði um: Með hvaða hætti voru yfirlýsingar hans um stuðning við útgerðarmenn gefnar, og enn fremur, hvers vegna var ekki gerð að því gangskör, að það yrði borin fram málamiðlunartill. í máli þessu? Miklu geðfelldara og skapfellilegra í allra handa máta hefði það verið að leggja hana fyrir hér til samþykktar heldur en þetta lokatilboð, sem kallað er, af hálfu yfirmanna.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það, sem markverðast hefur komið fram í þessum umr. er, að allir ræðumenn eru sammála um nauðsyn þess að leysa þessa deilu. Það er aðalatriðið. Hitt skiptir miklu minna máli að fara út í þex um einstök atriði. En út af því, að hv. 4. þm. Austf. hefur verið að vitna til einhverra yfirlýsinga, sem ég hefði átt að gefa, vil ég segja það, að hugmyndir hans um það efni virðast vera á misskilningi byggðar. Það vill svo vel til, að ég hef ekki verið í neinu einrúmi að tala við menn í þessu sambandi. Það eru fleiri til vitnis um það, hvað ég hef þar sagt. Og af hálfu útgerðarmanna voru mættir Valdimar Indriðason, Þorsteinn Arnalds, Vilhelm Þorsteinsson, Ragnar Þorsteinsson og svo framkvæmdastjóri þeirra, Ingimar Einarsson. Og það, sem ég hef sagt og sagði á þessum fundum, var, að það hefði verið sama, hvaða ríkisstj. hefði setið á Íslandi, það hefði alltaf verið séð svo um, að togarar gætu gengið. Og ég sagði, að það mundi líka í framtíðinni verða sama, hvaða ríkisstj. sem sæti á Íslandi, það mundi verða séð til þess, að togararnir gætu gengið. Ég sagði enn fremur, að því fyrr sem þessi deila leystist og skipin færu í gang, með því meiri velvilja yrði litið á málefni útgerðarinnar, sem eru í könnun, eins og hér hefur verið rakið af þeim ráðh. öðrum, sem hér hafa talað, og ég skal ekki endurtaka.

Þessi lausn, sem hér er lögð til og sjálfsagt má deila um í einstökum atriðum, þar sem ríkið tekur á sig að brúa það bil, sem er á milli þess, sem útgerðarmenn telja sér itrast fært að ganga, og hins, sem viðsemjendur þeirra telja sig þurfa að fá í sinn hlut, byggist auðvitað á viðurkenningu á því, að það sé taprekstur á þessum atvinnurekstri. Og það er eina réttlætingin fyrir því, að ríkið getur með þessum hætti skorizt hér í leikinn. Annars væri auðvitað engin réttlæting fyrir því.

En ég hef eðlilega mestan áhuga á því, að þetta mál gangi fljótt fram, og vil þess vegna ekki verða til þess að tefja umr. og skal ekki fara lengra út í þetta. En ég vænti, að ég hafi með þessu leiðrétt þann misskilning, sem ég tel vera hjá hv. þm. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt um það, hvernig málið hefur verið túlkað fyrir honum, en ef þeir nm., sem fá þetta mál til meðferðar, vilja hafa samband við þá menn, sem ég nefndi og ég hef talað við, vilja fá frá þeim, hvaða yfirlýsingu ég eigi að hafa gefið, þá er það ágætt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, verður orðið við óskum ekki aðeins hæstv. ráðh., heldur og forustumanna stjórnarandstöðunnar, um að flýta umr. nú, svo að málið komist til n. til nánari skoðunar. Ég gat þó ekki varizt því af gefnu tilefni að standa hér upp nú og gera örfáar aths.

Auðvitað er það hárrétt farið með þau orð mín af hæstv. félmrh., að ég teldi tímabært að gera allt, sem hægt væri, til að

leysa þessa deilu. En gjarnan hefði hann mátt hafa með niðurlag þeirrar hugsunar, sem kom fram í mínu tali, að við ættum ekki, um leið og við leysum þessa deilu, að gera leik að þm, kannske að skapa stórt vandamál, sem gæti hlaðið upp á sig á allra næstu vikum, mánuðum, að ég tali ekki um í lok samninga þess aðilans, sem samninga gerði. Ef það væri hægt að komast hjá því, þegar þetta mál er leyst, deilan við yfirmennina, þá væri það auðvitað mjög æskilegt.

Hæstv. sjútvrh. tók réttilega fram, að það væri ekki verið að gera neina breytingu á samningum undirmanna, og hann hélt áfram og sagði, að réttlæti væri ekki til umr. hér. Ég veit, að það hugtak er afskaplega fjarri hæstv. ráðh., þegar hann þarf að ná málum fram eða koma fram þeirri túlkun á þeim, sem hann telur hina einu réttu. En hann sagði líka réttilega, að þegar annar aðili hefði samið fyrst og hinn samið síðar, þá gætu og hefðu hlutföll milli aðila oft raskazt. Þetta er hárrétt. Við þessu er auðvitað ekkert hægt að segja fyrir þann aðila, sem fyrst samdi. Hér er nokkuð annað á ferðinni. Annar aðilinn semur. Svo er komið til okkar á hv. Alþ. og við beðnir um að lögfesta á móti. Það er ekki verið að gera samning, það er verið að lögbinda síðasta boð yfirmanna, sem kom fram í samningunum, og ég tel, eins og ég áður taldi, að það sé harla óskemmtilegt að horfa upp á það, að það sé jafnframt verið að lögfesta fríðindi til yfirmanna, sem ég tel persónulega, að eigi ekki heima hjá þeim vegna þess, hvernig þau eru til komin, nema þá máske að sú breyting verði gerð á, að jafnframt gangi til allrar skipshafnarinnar það, sem sparast, ef yfirmönnum fækkar. Auk þess er auðvitað ekkert réttlæti í því, að það skuli vera einungis 3—4 undirmenn afskiptir þessum hlunnindum, þegar horft er á þau frá sama sjónarhól og hæstv. sjútvrh. gerir. Það kom fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. í dag, að það væri mjög óeðlilegt, að ef hásetum fækkaði frá samningsbundinni tölu og þeir bættu við sig vinnu, þá ættu yfirmenn að fá jafnmikið fyrir það, sem skiptist á milli hásetanna, eins og þeir. Þá er auðvitað ákaflega óeðlilegt, að ef t. d. fækkar svo um einn vélstjóra í ferð, þá skuli það aðeins skiptast á milli vélstjóranna, en ekki ganga til hásetanna líka, að ég tali ekki um hina, sem voru ekki með í dæminu.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann veitti okkur varðandi fsp. mína um niðurlag ráðherrayfirlýsingarinnar. Ég verð að segja það, að ég geri ráð fyrir, að svo sé um fleiri en mig, enda sá ég furðusvip á andliti margra þm., að flestir geri sér ekki enn þá grein fyrir því, hvað við er átt. Enda veit ég, að það er til þess stofnað með þessari setningu, að það eigi sem fæstir að skilja hana.

Herra forseti. Ég skal láta máli mínu lokið að þessu sinni. En auk þeirra spurninga, sem ég hef beðið hv. n. að leita svara við, vil ég gjarnan, að hún svari okkur á kvöldfundi, þegar við komum saman aftur, og líka í framhaldi af þeim miklu umr. og löggjöf, sem við settum hér fyrir jólin, hvort sé þá líka verið að ætlast til þess af okkur, að við lögfestum hærri tryggingar fyrir yfirmenn heldur en nú gilda fyrir undirmenn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 25:2 atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 21. marz, kl. 9 síðdegis.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390, n. 401, 402 og 408). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það hefur ekki gefizt mikill tími til að ræða þetta frv., en félmn. beggja d. héldu fund strax að loknum deildarfundi hér um kl. 6 og fengu á þennan fund Ingólf Stefánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Ingólf Ingólfsson frá Vélstjórafélaginu og frá Sjómannasambandinu þá Jón Sigurðsson og Pétur Sigurðsson. Það, sem rætt var á þessum fundi, var fyrst og fremst það, hvort hlutfallslega væri meiri hækkun, sem yfirmennirnir fengju miðað við það frv., sem hér liggur fyrir, eða undirmenn á togaraflotanum miðað við þá samninga, sem voru gerðir við þá. Það var svo gert fundarhlé að beiðni hv. þm. í n., og voru þeir fengnir hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. og enn fremur sáttasemjararnir Torfi Hjartarson fyrrv. tollstjóri, Ragnar Ólafsson hrl. og Guðlaugur Þorvaldsson prófessor. Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum á fundinum, kom fram, að sú hlutfallslega hækkun, sem felst í þessu frv., mundi vera sízt meiri en eftir þeim samningum, sem gerðir voru við undirmenn á togaraflotanum.

Félmn. Nd. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Við hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, og hv. 10 landsk. þm., Garðar Sigurðsson, leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. 5. þm. Reykv. og 11. landsk. þm. munu koma hér með sérálit og hv. 7. þm. Reykv. mun skila sérálíti.

Frsm. 2. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra foresti. 20. jan. hófst verkfall á togaraflotanum og eru því nú rösklega tveir mánuðir liðnir frá því að stöðvun togaranna hófst. Þessi stöðvun hefur valdið þjóðinni gífurlegu tjóni, sem vart verður í tölum talið, en auk þess hefur þessi stöðvun valdið þjóðinni álitshnekki. Þess hafa ýmsir orðið varir, að á þessum erfiðu tímum, með þeim hörmungum, sem gengið hafa yfir Vestmannaeyjar, þegar fjöldi manna í ýmsum löndum vilja rétta okkur hjálparhönd, þá hefur það verið til lítils sóma fyrir íslenzku þjóðina, að á sama tíma hefur hinum mikil-

virku veiðitækjum, togurunum, verið lagt. Þeir voru því margir, sem fögnuðu því, þegar fréttist, að af hálfu ríkisstj. væri von á till. um lausn á þessari deilu. Í rauninni held ég, að megi fullyrða, að flestir þm. hefðu gjarnan viljað, að þær till. kæmu fyrr. En í svo viðkvæmum málum sem þessum er það nú einu sinni þannig, að ríkisstj., hver sem hún er, verður að hafa þar frumkvæði og forgöngu.

Ég held, að megi fullyrða, að allir alþm. séu sammála um, að löggjafinn verði nú að taka til höndum og gera ráðstafanir til þess að koma togaraflotanum af stað að nýju. En stjfrv., sem á að leysa þessa deilu, hefur valdið vonbrigðum, og því veldur fyrst og fremst sú leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið. Í þessu frv. er ákveðið að lögfesta, eins og segir í grg. með frv., lokatilboð samninganefndar yfirmanna á togurum. M. ö. o.: í þessari deilu er tekin sú nýbreytni að lögfesta tilboð annars aðila. Þegar Alþ. hefur ákveðið með löggjöf að leysa kjaradeilur, hafa yfirleitt verið farnar tvær leiðir eða önnur hvor þessara tveggja leiða. Önnur er sú, að miðlunartill. frá sáttasemjara ríkisins eða sáttanefnd hefur verið lögfest. Hin er sú, að Alþ. hefur ákveðið með lögum, að gerðardómur skipaður af hæstarétti skuli skera úr. Þessar tvær leiðir hafa verið farnar og í rauninni aðrar ekki nú um langan aldur. Báðar þessar leiðir hafa nokkuð til síns máls. Ég segi fyrir mitt leyti, að yfirleitt felli ég mig betur við þá leiðina, að Alþ. fallist á miðlunartill., sem sáttanefnd er búin að leggja mjög mikla vinnu í af miklum kunnugleika. En þar sem því er ekki til að dreifa, er gerðardómsleiðin vafalaust næstbezt.

Hér er sem sagt farið inn á aðra leið, og við, sem erum í 2. minni hl. félmn. Nd., hv. 11. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson, og ég, erum andvígir þessari leið og leggjum því til, að sú leið verði farin, sem felst í brtt. okkar, sem annaðhvort hefur verið útbýtt eða verður útbýtt nú mjög fljótlega í sambandi við nál.

Nú hefur verið upplýst, að miðlunartill. hefur engin verið lögð fram í þessari deilu af hálfu sáttanefndar, og liggur því ekki fyrir sá möguleiki að lögfesta sáttatill., eins og stundum áður hefur verið gert. Við leggjum því til, að farin sé sú leiðin, sem einnig hefur verið notuð, að hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra manna, sem greinir í 1. gr. frv., að hæstiréttur skuli kveða á um, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins, gerðardómurinn skuli kveða upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz 1973. Hér er gert ráð fyrir 5 daga fresti fyrir gerðardóminn til þess að starfa og kveða upp sinn úrskurð. En ákvæði gerðardómsins skulu gilda frá gildistökudegi þessara laga til 31. des. 1973, eins og frv gerir ráð fyrir. Ef svo fer fram sem hæstv. ríkisstj. hefur ætlað, að lögin verði samþ. í kvöld eða nótt, þá ganga þau í gildi á morgun.

Ég vil taka fram, að í þessari till. okkar felst að sjálfsögðu, að verkföllum er aflétt, um leið og lögin ganga í gildi, þ. e. a. s. þegar í stað, en ekki þá fyrst, þegar úrskurðurinn kemur.

Ég vil fyrir hönd okkar í 2. minni hl. leggja fram þessa till. og vænti þess, að hún fái góðar undirtektir.

Ég vil undirstrika það, að í rauninni vakir það sama fyrir þm. Allir eru sammála um, að þessa deilu þarf að leysa, en æskilegra væri að fara þessa leið, sem við bendum á, heldur en hina, sem er nýmæli og er að mörgu leyti mjög varhugaverð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 402) samþ. með 32 shlj. atkv

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð því miður að segja, að það hefur ekki oft komið fyrir á undanförnum árum, að Alþ. hafi verið ætlað að greiða atkv. um mál, sem jafnlitlar upplýsingar hafa fengizt um og þetta frv. Það var ekki við því að búast, að fyrir lægi síðdegis í dag rækilegar upplýsingar við 1. umr. um frv., sem ríkisstj. afgreiðir í gærmorgun, formenn stjórnarandstöðuflokkanna fá kl. 6 í gær og þm. almennt að sjá kl. 2 í dag. En við því mátti sannarlega búast, að ríkisstj. væri kleift að gefa þn. sæmilega ítarlegar upplýsingar um, hvað í frv. raunverulega fælist, og þá fyrst og fremst það, hvaða kjör yfirmanna á togurum væri verið að lögfesta, ef frv. þetta væri afgreitt.

Ég skal taka skýrt fram, að ég ætlaðist ekki til þess, að hæstv. félmrh. þyldi á þingfundi í dag yfir þingheimi öllum og þar með þjóðinni langar og ítarlegar skýrslur um, hvað raunverulega fælist í frv. Slíkt er í raun og veru verk þn. að kanna út í æsar. Ég var í góðri trú um,, að þn., sem störfuðu síðdegis í dag og kvöld, fengju ítarlegar upplýsingar um, hvað raunverulega fælist í frv., þ. e. hver yrðu kjör yfirmanna á togurunum, ef frv. næði fram að ganga, og þá ekki síður, hvert yrði hlutfallið á milli þeirra kjarabóta, sem hér er verið að lögfesta, annars vegar og kjarabóta þeirra, sem undirmenn á togurunum hafa nýlega samið um í frjálsum samningum, hins vegar. Það er sat að segja algert lágmark varðandi upplýsingaskyldu ríkisstj., þegar hún flytur frv. eins og þetta, að hún skýri ítarlega frá því, hvað í frv. felst, hvaða kjör er verið að lögfesta, ekki hvað sízt hjá ákveðnum hluta af skipverjum togara og ekki hvað sízt þegar annar hluti af skipverjum á togara er nýbúinn að gera samninga um bætt kjör með frjálsu samkomulagi við atvinnuveitendur. Menn hafa að sjálfsögðu haft tækifæri til að kynna sér, hvað í þeim samningum fólst, á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þeir samningar voru gerðir. En hér er um að ræða kjarasamninga fyrir annan hluta skipverja á togurum, sem varð til, að því er mér skilst, í gærmorgun, og málið er ekki flóknara en svo, að það hefði átt að vera búið að reikna það nákvæmlega út ekki síðar en um kvöldmatarleytið í kvöld, hvert yrði kaup þeirra, sem frv. fjallar um, þ. e. hinna einstöku flokka yfirmanna á skipunum. En það hefur ekki verið gert.

Það var óskað mjög rækilega á fundunum í félmn. eftir upplýsingum um, hvað fælist raunverulega í þessum samningum. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir, og það ber vissulega að harma, að Alþ. skuli ætlað að samþykkja kaup yfirmanna á togurum, sem Alþ. fær engar upplýsingar um, hvert raunverulega verður í krónum og aurum reiknað. Mönnum fannst við fljótan yfirlestur í gærkvöld og í morgun, að það kynni svo að vera, að í þeim umfangsmiklu breytingum, sem gerðar eru í þessu frv. á samningum yfirmanna á togurunum og togaraeigenda, að það gæti verið, að raskað væri því hlutfalli, sem gilti fyrir síðustu kjarasamninga milli kjara undirmanna og yfirmanna á skipunum. Vegna þess, hve málið er flókið og yfirgripsmikið, vildi ég ekkert um þetta fullyrða í dag, en tók skýrt fram, að það hlyti að vera verkefni n. að kanna það til hlýtar.

Ég benti á það í dag, skal aðeins endurtaka það með örfáum orðum, að í kjarasamningunum við undirmenn voru ákvæði um, að fækki hásetum, skiptist fastakaupið á hina hásetana, en aflaverðlaun þeirra manna, sem fækkað er um, skiptist á alla undirmennina. Við þessi samningsákvæði hefur, að því er mér er bezt kunnugt um, enginn neitt að athuga. Í þeim samningum, sem nú er gert ráð fyrir að lögfesta hér á hinu háa Alþ., eru hins vegar ákvæði og þau ný, ef fækkað er í áhöfn, ef t. d. hásetum er fækkað á þilfari, þá eiga aflaverðlaun yfirmanna að hækka um 0.075%. Þetta eru nýmæli. M. ö. o.: er hásetar á þilfari leggja á sig meiri vinnu, eiga ekki aðeins þeir að fá hækkað kaup og aukinn hlut, heldur einnig yfirmenn. Ég sagði, að það væri nauðsynlegt, að n. kynnti sér rökin fyrir þessu og þá m. a., hvaða rök lægju til einmitt tölunnar 0.075, en ekki tölunnar 0.1 eða 0.005 eða einhverrar annarrar tölu. Um þetta var spurt í félmn., en engin svör fengust. Það er augljóst misrétti að láta yfirmenn njóta þess, ef hásetum á þilfari fækkar, en aftur á móti háseta á þilfari ekki njóta þess í neinu, ef yfirmönnum kynni að fækka.

Það er hér, sem um er að ræða misréttið, sem ég vonaðist eftir skýringum á, en engar skýringar hafa fengizt á.

Það liggja m. ö. o. engar upplýsingar fyrir um það, hver breyting verður á kjörum yfirmanna til samanburðar við þá breytingu, sem kunnugt er, að er orðin á kjörum undirmannanna. Það er gert ráð fyrir 4 vélstjórum á vissum togurum í þessum samningum, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta. Það ákvæði tekur enn til aðeins fárra skipa, en mun taka til fleiri, eftir því sem togaraflotinn vex. Samkv. þeim venjum, sem gilt hafa um yfirmenn á farskipum og togurum, hefur sú regla gilt með tilvísun til siglingalaga, að fækki vélstjórum, þá skiptist kaup þess vélstjóra, sem um er fækkað, á milli hinna vélstjóranna. Aftur á móti verða undirmenn ekki neins aðnjótandi í sambandi við fækkun á vélstjórum. Hins vegar verða vélstjórarnir aðnjótandi hlunninda í framhaldi af því, að hásetum fækkar. Hér er með sérstökum hætti um að ræða dæmi um það, að tekið er öðruvísi á hagsmunamálum yfirmanna í þessu frv. heldur en tekið var á hagsmunamálum undirmanna í þeim frjálsu samningum, sem þeir gerðu.

Að sjálfsögðu dettur mér eða mínum flokksbræðrum ekki í hug að breyta hinum frjálsu samningum undirmanna í einu eða neinu. Okkur dettur ekki heldur í hug, að nein sanngirni eða réttlæti væri í því að hafa það af yfirmönnum, sem ríkisstj. vill veita þeim í þessu frv. Við teljum ekki réttmætt og gerum enga till. um að skerða þær bætur, sem yfirmenn hafa tryggt sér með samningum við ríkisstj. í framhaldi af fækkun háseta á þilfari. Fyrst þeir eru búnir að fá samþykki ríkisstj. fyrir þessum kjarabótum, teljum við, að þær eigi að haldast. M. ö. o.: við viljum ekki hafa það af neinum launþega, sem hann er búinn að fá sinn samningsaðila, í þessu tilfelli ríkisstj., til að fallast á. Þess vegna munum við ekki gera till. um breyt. á ákvæðum 2. gr., sem um þetta atriði fjallar. Hitt teljum við augljóst sanngirnismál, alveg ótvírætt sanngirnismál, að þá fái hásetarnir, undirmennirnir, að njóta þess sama, þótt þeim hafi ekki hugkvæmzt að reyna að semja um það á sínum tíma. Þá finnst okkur það vera siðferðisskylda ríkistj. að láta undirmennina njóta hliðstæðs réttar, þótt þeir hafi ekki fengið hann í frjálsum samningum, eins og hún er nú búin að bjóðast til að láta yfirmennina fá. Þess vegna mun ég fyrir hönd þingflokks Alþfl. flytja brtt. við 2. gr. um það, að hásetar skuli njóta sömu kjarabóta vegna fækkunar á áhöfn og yfirmennirnir hafa fengið vilyrði fyrir í þessu frv. Ég lýsi eftir rökum gegn því, að þetta sé sanngirniskrafa og réttmæt till. Hvers vegna eiga undirmenn ekki rétt á sömu kjarabótum, ef skipverjum fækkar, eins og yfirmönnum er heitið í þessu frv.? Ég hefði gaman af að heyra rökin gegn þessu. Það mætti kannske segja, að það væru einhver rök gegn því að láta yfirmennina fá kjarabót vegna þess, að hásetum á þilfari fækkar. En ég endurtek: Fyrst ríkisstj. er búin að fallast á þetta, leggjum við í Alþfl. ekki til, að þetta verði tekið til baka. En við krefjumst þess, að þá fái undirmennirnir sama rétt og yfirmönnunum hefur verið boðinn eða yrði tryggður með samþykkt þessa frv. Þess vegna leyfi ég mér að lýsa skrifl. brtt., herra forseti, það hefur ekki gefizt tími til að prenta hana, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 2. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun annarra skipverja en um getur í 1. gr." — þ. e. a. s. undirmannanna — „um sömu upphæð og tilgreind er í 2. gr. fskj. I—III" — þ. e. a. s. sömu upphæð og yfirmönnum er heitið vegna fækkunar skipverja í fskj., sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. að lögfesta.

Þetta er það, sem ég hef til málanna að leggja við þessa 2. umr. Hér er um að ræða í raun og veru mjög einfalt mál, og það er flutt í beinu framhaldi af aths. mínum

við 1. umr. málsins. Þá lýsti ég því yfir fyrir hönd þm. Alþfl., og sú yfirlýsing stendur, að ef í þessu frv. fælist engin röskun á hlutfallinu milli kjara yfirmanna og undirmanna, mundi Alþfl. greiða atkv. með þessu frv., vegna þess að hann teldi þjóðhagslega nauðsyn að binda sem allra fyrst endi á togaraverkfallið, sem þegar hefur valdið of miklu tjóni.

Ég minnti á, að í viðtölum við hæstv. félmrh. í gær hefði komið fram, að það væri tilgangur hans og þá að sjálfsögðu tilgangur ríkisstj. líka, að hið sama skyldi ganga yfir yfirmenn og undirmenn, þ. e. a. s. að yfirmenn ættu að fá sams konar kjarabót, kannske ekki mælda í 0.01% eða því um líkt, en í stórum dráttum skyldu þeir fá sams konar kjarabót og undirmenn hefðu fengið, það væri ekki meiningin að ívilna yfirmönnum á kostnað undirmannanna og ekki heldur að láta þá fá minna en undirmennirnir hefðu fengið. Þessum stjórnarmiðum hæstv. félmrh. er ég og við í þingflokki Alþfl. algerlega sammála, og ég endurtek það, að ef frv. væri þess eðlis, þá værum við þm. Alþfl. reiðubúnir til að samþykkja það. Hins vegar er það óbreytt ekki þess eðlis.

Formaður Sjómannasambands Íslands og fulltrúi frá stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur mættu á sameiginlegum fundi félmn. í dag. Þar tóku þessir menn, sem höfðu verið forustumenn í samningum undirmanna við útgerðarmenn nú fyrir skömmu, það fram, að þeir litu þannig á, að með samþykkt frv. óbreytts væri hallað á undirmenn og það mundi koma upp kurr í liði þeirra á togaraflotanum. Á engu slíku höfum við efni. Ekkert slíkt væri réttlátt. Þeir nefndu sem dæmi um misréttið einmitt þetta atriði, sem hér er um að ræða og þessari brtt. er ætlað að ráða bót á.

Ef brtt. okkar verður samþ. og jafnrétti í stórum dráttum þannig tryggt á milli breytinga á kjörum yfirmanna og undirmanna, eða réttara sagt, ef sá vankantur, sem er augljóslega á frv., að yfirmenn fái rétt, sem undirmenn hafa ekki, yrði sniðinn af frv., þá munum við þm. Alþfl. styðja það.

En ef hæstv. ríkisstj. hafnar þeirri sjálfsögðu réttlætis- og jafnréttishugmynd, sem í þessari brtt. felst, munum við ekki styðja frv. Að óreyndu viljum við ekki trúa því, að hæstv. ríkisstj. vilji að þessum upplýsingum fengnum draga taum yfirmanna. Að óreyndu viljum við ekki trúa því, að eftir að henni er kunnugt um, að forustumenn undirmanna, sem nýbúnir eru að gera frjálsa samninga, telja frv. í núverandi mynd halla á sig, þar sé hagsmunum yfirmanna gert hærra undir höfði en hagsmunum undirmanna, — eftir að ríkisstj. veit, að forustumenn undirmanna hafa lýst yfir á sameiginlegum fundi í þn., að þeir líti þannig á málið, vil ég ekki trúa því, að hæstv. ríkisstj. vilji efna til ónauðsynlegrar óeiningar um jafnmikilvægt mál og hér er um að ræða.

Lokaorð mín eru þessi: Ef þessi jafnréttis- og réttlætistill., sem þm. Alþfl. í hv. d. standa **að og ég flyt fyrir þeirra hönd, verður samþ.,** er fylgi Alþfl. við þetta nauðsynjamál tryggt, að öðrum kosti ekki, því að öðrum kosti er ekki um að ræða, að tryggt sé jafnrétti milli allra þeirra manna, sem vinna hin mikilvægu störf á togaraflotanum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 405) samþ. með 33 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 402 felld með 20:14 atkv.

Brtt. 405 felld með 20:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG, BrS, GunnG.

nei: EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KGS, ÁÞ, BP, EÖS.

SvH greiddi ekki atkv.

2 þm. (MB, BGuðn) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég tel þessa till. óþinglega og ekki eiga við. Hún fjallar um tilteknar launagreiðslur til undirmanna á botnvörpuskipum, en hér er um að ræða frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna. Auk þess mælir þessi till. fyrir um það, með hvaða hætti undirmenn eiga að fá aukagreiðslur, þegar skipshöfn fækkar. Um þetta atriði hafa þeir samið með öðrum hætti, og mætti þá skilja þessa till., að hún kæmi í staðinn fyrir þá kjarasamninga, sem gerðir hafa verið, en ef svo væri, mundu undirmenn fá minna, þegar um fækkun er að ræða, heldur en samkv. þeim samningum, sem þeir hafa gert. Ég segi því nei.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af aths. hæstv. sjútvrh. undirstrika það, að sú brtt., sem hér er verið að greiða atkv um, er ekki um breytingu á kjrasamningum undirmanna, heldur er þetta um atriði, sem kæmi til viðbótar því, sem þeir hafa samið um. M. a. þess vegna segi ég já.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, GS, ÁÞ, BP, EÖS.

nei: EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG;

SvH, BrS, GunnG greiddu ekki atkv.

2 þm. (MB, BGuðn) voru fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EÖS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KGS, ÁÞ

nei: EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG,

SvH, BrS, GunnG greiddu ekki atkv.

2 þm. (BGuðn, MB) fjarstaddir.

Neðri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 21. marz, að loknum 67. fundi.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 406) samþ. með 38 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér nú við lokaumr. þessa máls í hv. d. að þakka hæstv. forsrh. fyrir þær yfirlýsingar, sem hann áréttaði hér og hann hafði áður gefið samninganefnd útgerðarmanna togara við undirskrift samninga um kaup og kjör undirmanna á togurum. Ég verð að segja það, að eftir því sem hans yfirlýsingar hljóðuðu, á þann veg nokkurn veginn, að þegar hann talaði um fyrir þeim að fallast á samningsgerðina, þá hafi hann látið þess getið, að því betur sem þeir tækju í þetta mál, — nokkurn veginn var það þannig, — þeim mun betur yrði gert við þá, því betur yrði tekið í þeirra mál, og í öðru lagi, að allar ríkisstj. hefðu bjargað togaraútgerðinni og mundi þessi ríkisstj. gera það sama. Ég verð að segja það að þótt þessar yfirlýsingar séu nokkuð breiðar, þá vil ég leyfa mér að líta svo á, að þær gefi alldrjúgar vonir um það, að verulega rætist úr. Hitt undrar mig ekki, þótt þeir fulltrúar útgerðarmanna, sem þessar yfirlýsingar fengu á sínum tíma, hafi þótzt verða fyrir allmiklum vonbrigðum og þær vonir, sem þeir munu hafa gert sér, hafi tæplega rætzt að þeirra mati, því að mjög svo magurt er það, sem enn hefur komið frá þeirri undirnefnd, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað til að fjalla um þessi mál. Hins vegar óskaði ég ítrekað eftir svörum við því, hvers vegna ekki var brugðið á það ráð, að borin yrði fram sáttatill. í þessu máli, af því að mér er afar ógeðfelld sú aðferð, sem við er höfð og mér skilst — og ekki hefur verið mótmælt — að muni vera einsdæmi, að samningstilboð af hálfu annars aðila í deilu sé tekið og lögfest. Við þessu hafa engin svör komið af hálfu hæstv. ríkisstj.

Ég hef þegar farið nokkrum orðum um það, með hvaða hætti slíkt lokatilboð hefur sjálfsagt orðið til. Mér þykir líklegt, að um það hafi ríkisstj. fjallað með fulltrúum yfirmanna, áður en það var endanlega lagt fram fyrir útgerðarmenn, og hafi það orðið til með þeim hætti, að fulltrúar yfirmanna hafi verið fullvissaðir um, að ríkisstj. skyldi sjá svo um, að þetta næði fram að ganga. Þá geta menn rétt ímyndað sér, hversu mikill samningsvilji hafi þaðan í frá verið af hálfu fulltrúa yfirmanna. Þannig sýnist mér einfalt að ráða þá gátu, hvernig þetta hefur orðið til. Alla vega finnst mér þetta fordæmi afar óskyggilegt, að ekki sé meira sagt. Við kannske stöndum einhvern tíma frammi fyrir því, sem er nákvæmlega sama eðlis, að til þess yrði gripið hér á hinu háa Alþ. að lögfesta sáttatilboð af hálfu vinnuveitenda.

Ég vil enn fremur taka fram, að ýmislegt af því, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh., gefur fyllstu vonir um það, að nú verði tekið til höndum við að finna þann grundvöll, sem togaraútgerðin getur starfað á. Hann tók fram, að það mundu verða gerðar ráðstafanir til þess, að reka mætti þennan atvinnurekstur í landinu. Hann tók það einnig fram, að á vegum ríkisstj. starfaði n. að þessum málum og ríkisstj. biði eftir till. hennar um, hvað gera þyrfti. Ég legg áherzlu á það enn á ný, að til þess að sú aðstoð komi að nægjanlegu gagni, þarf að bregða mjög skjótt við.

Það hefur komið í ljós, sem menn ekki varði, að útgerðin við hina nýju tækni, sem heldur nú innreið sína, stóraukna tækni í togaraútgerð, þá hefur útgerðin, a. m. k. eins og nú standa sakir, ekki notið þar góðs af. Það kemur sem sé í ljós, að þegar hin nýja tækni tekur við, stórfækkun mannskaps og betri aðbúnaður, þá er meiru skipt til áhafnarinnar en áður var. Að vísu munar það samkv. þeim samningum og því lagafrv., sem hér liggur fyrir, afar litlu hvað varðar skuttogarana. Allt í einu hallar á þann veg, og er það mjög miður farið. Ég er ekki með þessu að fullyrða, — og tek það fram enn á ný, — að þau kjör, sem hér er gert ráð fyrir og þegar hefur verið samið um, séu of góð til handa skipverjum. En það verður þá að finna einhverja aðra lausn á þessu mikla vandamáli.

Nú hefur svo verið ráð fyrir gert samkv. því lagafrv., sem hér liggur fyrir, að yfirmenn njóti góðs af því í beinum kaupgreiðslum, ef fækkar í skipshöfn. Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég fæ ekki séð, að þetta sé með neinu móti réttlætanlegt, af því líka að þarna felst í nokkurt misræmi, mismunun, með tilliti til þeirra samninga, sem þegar hafa verið gerðir. Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 406 að bera fram svohljóðandi brtt., að við 2 gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:.

„Þó skulu brott falla ákvæði í fskj. I—III, þar sem segir: Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“ Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þessa till. Ég tel, að þarna verði misræmi á, miðað við það, sem gert hefur verið, og enn fremur sé ég ekki sanngirnisrök fyrir því, að aflahlutur eða laun yfirmanna hækki, enda þótt fækki um einn eða tvo háseta, sem er vissulega í boði, því að enn ný tækni varðandi þessa veiðiaðferð kann að ryðja sér til rúms og hefur gert þegar, sem geri kleift að fækka a. m. k. um tvo, ef ekki þrjá menn. Eins og ég sagði, sé ég engin rök fyrir því, að við það eigi kaup yfirmanna að hækka, og hef þess vegna lagt þessa till. fram.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það væri sannarlega ærin ástæða til að fara mörgum orðum um þau ummæli, sem hafa fallið við 2. umr. þessa máls. Ég skal ekki gera það nú, enda held ég, að fátt nýtt muni geta komið fram í þessum umr. Það hefur verið dregið fram það, sem hefur þurft að draga fram. Ég get

þó ekki látið hjá líða að benda á þá gífurlegu blekkingu, sem reynt er að hafa í frammi í sambandi við málið, eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þegar hann sagði, að sú hlutfallslega hækkun, sem verður á launum yfirmanna, væri sízt meiri en undirmanna. Nú bið ég menn um að taka aftur eftir: hin hlutfallslega hækkun. Nú vænti ég, að hv. þm. geri sér fulla grein fyrir því, hver hækkunin muni verða, ef t. d. maður með millj. kr. laun á ári hækkar um 30% í launum og svo aftur maður með 500 þús. kr. laun. Ég veit ekki, hvað heimiliskennarinn á Auðbrekku kenndi í gamla daga, en ég geri ráð fyrir því, að niðurstaða úr þessu dæmi verði sú, að maðurinn, sem hafði millj. kr. í laun, fái meiri krónuhækkun heldur en hinn, sem var með lægri launin.

Sú furðulega staðhæfing, sem hæstv. sjútvrh. var með hér í sambandi við sína grg., er svo fráleit og fyrir neðan allar hellur, að hún er ekki svaraverð frekar en margt annað, sem hann hefur látið frá sér fara um þetta mál. Ég vil leyfa mér að benda á hv. þm. til hugleiðingar, um leið og þeir ganga hér úr salnum í kvöld og ganga til náða væntanlega, að m. a. hafa þeir samþykkt það, að á hinum nýju, stærstu togurum okkar eru samkv. gildandi lögum ákvæði um það, að þar verði fjórir vélstjórar. Samkv. orðanna hljóðan, eins og frv. hljóðar nú og ef það verður samþ. í þeirri mynd, þýðir það, að einn vélstjóri getur stöðugt verið í landi allt árið í frii til skiptis við hina, en hinir, sem eftir eru um borð, skipta milli sín launum hans. Enginn annar tekur þátt í þeirri skiptingu. Og auðvitað eiga þeir sín samningsbundnu og lögbundnu frí. Þetta er eitt dæmi um það, sem hæstv. sjútvrh. er hér að bera á borð fyrir okkur samkv. þeirri réttlætiskennd, sem hann lýsti í dag, að hann búi yfir, en nær alls ekki til umr. hér á hv. Alþ. í sambandi við þetta mál.

Hv. 7. þm. Reykv. og fleiri hafa bent á það misræmi, sem skapast í sambandi við samþykkt ákvæðanna um fækkun háseta, að hækkun eigi að koma þess vegna fram í launum yfirmanna, í aflaverðlaunum þeirra. Ég gerði ítarlega grein fyrir skoðunum mínum í sambandi við þetta atriði við 1. umr. málsins í kvöld. Ég benti á, að samþykkt þessara ákvæða, þótt ég sé ekki að telja það eftir þeim, ef aðrir fengju álíka, gæti kostað allt annað og miklu meira. Þetta mun kosta það, sem ég skýrði frá og kallaði nýtt viðmiðunarkapphlaup, og skal ég ekki endurtaka þau orð, sem ég þá viðhafði um þetta. Hv. 4. þm. Austf. hefur flutt brtt, sem í sjálfu sér kemur nokkuð á móti mínum skoðunum til að fyrirbyggja vandkvæði, sem fyrirsjáanleg eru. Vill hann, að með þessu verði um nokkurn sparnað að ræða hjá útgerðinni, og hefur hann flutt brtt. á þskj. 406. Ég mun ekki greiða þessari till. atkv. Ég flyt hinsvegar aðra skriflega brtt., sem gengur í öfuga átt, en einnig til jöfnunar og frekara réttlætis en kom fram í till. hv. 7. þm. Reykv. Að vísu verður um meiri útgjöld að ræða fyrir útgerðina, en það hefur komið bersýnilega fram hjá hæstv. ríkisstj., að það er algert aukaatriði, hver rekstrargrundvöllur útgerðarinnar er. Það er algert aukaatriði. Þeir munu brúa bilið, þeir munu fylla upp í gjána, þannig að komizt verði á milli. Og þar munu þeir stikla, hæstv. ráðherrar, félmrh. og sjútvrh.

Í minni brtt. legg ég til, að breyting verði gerð á 2. gr. á þá leið, að breytingin, sem á að gera á gildandi samningum og kemur fram í fskj. I, II og III, að við bætist ný málsgrein, hún nái einnig til kjarasamninga matsveina og smyrjara. Nú skal ég fúslega viðurkenna það og hef þegar viðurkennt við 1. umr. þessa máls, og reyndar hefur mitt stéttarfélag, Sjómannafélag Reykjavíkur, viðurkennt það í sínum samningum, sem það gerði við útgerðarmenn, að það teldi hvorugan þessara aðila eiga að fá nokkurn hlut í þeim sparnaði, sem yrði af fækkun háseta, það ætti að fara til hásetanna sjálfra. En þegar svo er komið, að hæst launuðu mennirnir á skipinu eiga að fá hlutdeild í þessari fækkun og þeim ágóða, sem skapast, þá fæ ég ekki skilið annað en réttlætiskennd hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar verði líka að ná til þessara lægst launuðu manna á skipinu. Og þá fyrst hljóta þeir að vera sjálfum sér samkvæmir, þegar þeir samþykkja þessa till.

Auk þess legg ég til, að ef að fækki lög- eða samningsbundnum fjölda yfirmanna, þá skiptist sá sparnaður, sem af því verður fyrir útgerðina á mánaðarkaupi og aflahlut, á milli áhafnar, annarra en skipstjóra, í réttu hlutfalli við mánaðarlaun þeirra. Eins og hér hefur margoft komið fram, er ekkert réttlæti í þessu ákvæði frv., og af því að það eru réttlætisflokkar þjóðarinnar, sem eru að koma þessu frv. í gegn, þá tel ég rétt, að þeir haldi áfram að koma því til allra aðila meðal áhafna togaranna. Þá hlýtur auðvitað að vera hið stærsta rétlætismál, að þegar fækkar meðal yfirmanna, eigi það, sem sparast að ganga út og skiptast á milli hinna lægst launuðu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég leyfi mér að flytja þessa skriflegu brtt., óska eftir, að leitað verði afbrigða fyrir henni og ég óska jafnframt eftir því, að hæstv. forseti lesi hana upp fyrir hv. þm., áður en hún verður borin undir atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 407) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 406 felld með 24:9 atkv.

Brtt. 407 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG, BrS, GunnG.

nei: BP, EÖS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KGS, ÁÞ.

SvH greiddi ekki atkv.

2 þm. (BGuðn, MB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JSk, JónasÁ, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, TK, KGS, ÁÞ, BP, EÖS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV.

nei: IngJ, JóhH, LárJ, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, BK, StefG, SvH, BrS, EBS, FÞ; GuðlG, GTh, GÞG, GunnG greiddu ekki atkv.

2 þm. (MB, BGuðn) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 49. fundur.

Fimmtudaginn 22. marz, kl 2 miðdegis.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó, er, eins og hv. þdm. er kunnugt, komið frá hv. Nd., þar sem það hlaut afgreiðslu s. l. nótt mótatkvæðalaust. Frv. varðar lausn verkfalls yfirmanna á togurum. Meginefni þess er, að það skal taka til allra þeirra, sem eru aðilar að kjarasamningum dags. 1. marz 1971. Að þeim samningum eru þessir aðilar: Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og aðrir eigendur slíkra skipa annars vegar og hins vegar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fyrir hönd Vélstjórafélag Íslands, Félags ísl. loftskeytamanna, Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar, Skipstjóra og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga. Þetta eru aðilarnir að þeim samningum, sem þetta frv. tekur til og gefur lagagildi.

2. gr. frv. segir að mestu til um efni þess, en þar segir, að þeir samningar, sem um er rætt í 1. gr., ásamt breytingum þeim, sem getið er í fskj. I—III, sem prentuð eru með frv., skuli gilda sem samningar á milli aðila frá gildistöku þessara laga og til 31. des. 1973.

3. gr., það var nokkurt álitamál, hvort nauðsynlegt væri að hafa hana, þar sem efni hennar er til í gildandi lögum þ. e. a. s. í l. um stéttarfélög og vinnudeilur, vinnulöggjöfinni. Gr. var þó sett inn í frv. og er um það, að verkbönn og verkföll, þ. á. m. samúðarverkföll, eða aðrar aðgerðir í því skyni að knýja fram aðra skipun kjaramála en þessi lög ákveða, séu óheimil.

Hér með er rakið efni þessa frv. Meginefni þess er þó máske í fskj. I—III, en þar er nákvæmlega sagt til um það, hvaða breytingar verði á þeim samningum, sem vitnað er til í 1. gr. þess.

Með frv. fylgir auk fskj. I—III yfirlýsing, svo hljóðandi, það er fskj. nr. IV:

„Það staðfestist hér með, að ríkisstj. hefur samþ. að greiða útgerðarfélögum hinna stærri togara sérstakar aukagreiðslur á árinu 1973 vegna nýrra kjarasamninga við yfirmenn sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiði sem nemur 0.10% af kauphækkun yfirmanna af aflahlut, enda verði sú kauphækkun alls 0.20% í aflahlut hvers manns.

2. Ríkissjóður greiði einnig þá kauphækkun, sem yrði vegna ákvæða um fækkun skipshafnar frá 24 á skuttogurum og 26 á síðutogurum og sem næmi 0.075% á mann.

Þetta verði fyrir fram metið fyrir hvert skip á sanngjarnan hátt.

Reykjavík, 16. marz 1973.
Lúðvík Jósepsson,
Halldór E. Sigurðsson."

Með þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh., sem ég nú las, er sú deila, sem hér um ræðir, deilan milli togaraeigenda og yfirmanna á togurum, leyst án annarra fjárhagsbyrða á útgerðina en þeirra fjárhagsbyrða, sem útgerðarmenn höfðu áður gert tilboð um að taka á sig. Ríkissjóði er sem sé ætlað að brúa bilið á milli aðilanna með líkum hætti og gert var, þegar hásetaverkfallið leystist nú fyrr í mánuðinum og fékk farsællega lausn með samningum beggja aðila. Ég vil vænta þess, að svo verði á litið, að með þessari lausn sé á hvorugan aðilan hallað, heldur komi ríkissjóður með þessari lausn báðum aðilunum til hjálpar við lausn þessarar hvimleiðu og langdregnu vinnudeilu.

Samningaumleitanir og tilraunir hafa staðið lengi yfir. Hefur sáttasemjari ríkissins haft milligöngu um þessar sáttatilraunir og ríkisstj. skipað honum til aðstoðar sáttanefnd, skipaða af þeim Ragnari Ólafssyni hrl. og Guðlaugi Þorvaldssyni prófessor. Þrátt fyrir allar þeirra tilraunir til að sætta aðila og finna lausn að venjulegum hætti við samningaborðið, hefur það allt verið unnið fyrir gýg að því er virðist, a. m. k. hefur ekki náðst lausn á verkfallinu, deilan heldur enn áfram.

Það er skoðun mín, að þessu verði ekki unað lengur en orðið er og beri því brýna nauðsyn til að binda endi á þessa vinnudeilu. Hún er þegar orðin þjóðinni til vansa. Hana ber að á tímum, þegar þjóðin hefur orðið fyrir hverju efnahagsmálaáfallinu á fætur öðru, síðast nú með atburðunum í Vestmannaeyjum, sem hafa vakið slíka samúð með Íslandi út um allan heim, að okkur hefur borizt hjálp í stórgjöfum frá nálægum og fjarlægum þjóðum sem þjóð, sem sé í nauðum stödd. En þá segir sig sjálft, að það lítur ekkert fallega út, að sú þjóð sjálf haldi atvinnutækjum sínum bundnum í höfn og beiti þeim ekki til fjáröflunar fyrir þjóðarbúið.

Ég hygg, að það sé ekki deiluefni á hv. Alþ. að þessa deilu verður að leysa, og fyrst enginn möguleiki hefur fundizt til þess að leysa hana með eðlilegum hætti við frjálst samningaborð, þá verði löggjafinn að grípa þar inn í og leysa hana með lagaafskiptum.

Það, sem mér virðist athyglisverðast í umr. í Nd. í gær og á liðinni nóttu, er einmitt það, að allir virtust vera sammála um, hversu alvarlegt mál hér væri á ferðinni, það væri orðið þjóð-

félagslegt vandamál, sem yrði að gripa inn í og leysa með löggjafarafskiptum. Ég minnist þess t. d., að hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sagði í ræðu sinni, að það væri fyllilega orðið tímabært að gera allt, sem unnt væri, til þess að binda endi á deiluna. Þá sagði hv. 7. þm. Reykv. í umr. í gærkvöld fyrir sjálfan sig og sinn flokk, að hann væri reiðubúinn til að stuðla að samþykkt frv. að fengnum vissum upplýsingum, sem hann svo tilgreindi, því að það væri orðið þjóðarnauðsyn, að deilan yrði leyst. Og hv. 4. þm. Austf. kvað alla þrá þann dag, er skipin sigldu úr höfn. Loks sagði 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, í upphafi nál., sem hann og Ólafur G. Einarsson, hv. alþm., gáfu út: „Við undirritaðir nm. teljum það þjóðarnauðsyn, að togaraflotinn komist á veiðar. Virðist óhjákvæmilegt, að löggjafarvaldið taki í taumana og leysi þann vanda, sem allt of lengi hefur bakað þjóðinni geysilegt tjón."

Þannig bar allt að sama brunni í umr. í hv. Nd. í gær og í nótt. Menn voru einhuga um nauðsyn þess að leysa málið með afskiptum löggjafans, úr því að ekki hefði tekizt lausn á því með öðrum hætti. Menn voru sammála um, að allar samningaleiðir hefðu verið þrautreyndar og annarra kosta væri ekki völ. En niðurstaða allra var þessi, deiluna verður að leysa.

Samt voru deilur um málið, ekki er því að leyna. Það voru deilur um það, hverjar leiðir væru færastar til lausnar málinu. Það var aðallega tvennt nefnt, sem hefði að sumra áliti verið æskilegra. Hv. 5 þm. Reykv., og sjálfstæðismenn yfirleitt töldu, að gerðardómsleiðin hefði verið heppilegri og bæri að reyna hana. Ég get upplýst það, að meðan málið var á viðræðu- og samningastigi, reyndu sáttasemjari og sáttanefnd eindregið að fá aðilana til að tilnefna menn í gerð til að leysa deiluna, fá hana leysta með frjálsum gerðardómi. En báðir aðilar höfnuðu því. Einnig var því mjög haldið að aðilum á vissu stigi, að málið yrði leyst með lögþvinguðum gerðardómi, og er því ekki að leyna, að báðir aðilar snerust mjög fast gegn því. Fulltrúar yfirmanna, einkanlega vélstjórarnir, höfðu það við orð, og það var metið svo, að mjög mikil alvara væri á bak við, að þeir mundu, ef slíkum aðferðum væri beitt til lausnar deilunni, án þess að fenginn væri nokkurn veginn efnislegur málefnagrundvöllur til lausnar, þá neyta aðstöðu sinnar til að segja upp störfum og leita starfa annars staðar, sem ekki væri vandi að fá nú. Að þessu hvoru tveggja athuguðu sýndist mönnum, að gerðardómsleiðin væri ekki fær, enda ýmsir þeirrar skoðunar, að hún sé ekki fýsilegasta leiðin.

Annar möguleiki, sem nefndur var, var sá, að sátanefnd gerði miðlunartill. í málinu. Þessi spurning var borin fram fyrir sáttasemjara ríkisins og sáttanm., sem einnig voru staddir á fundi með félmn. beggja d. í gærkvöld. Svar sáttasemjara var það, að hann hefði svo sannarlega hugleitt þá um leið líka, en hann hefði talið, að það hefði verið gersamlega útilokað að finna miðlunartill., sem nokkrar minnstu líkur hefðu verið til, að báðir aðilar fengjust til að samþykkja, en án þess verður tilgangi ekki náð með miðlunartill. Hann sagði, að það hefði legið alveg ljóst fyrir, að togaraeigendur hefðu ekki getað fallizt á neit það, sem hann og sáttanefnd hefði treyst sér til að bera fram í miðlunartillöguformi, og þannig hefði sú leið að sínu mati verið lokuð.

Báðar þær leiðir, sem teknar voru í mál í hv. Nd. fremur en sú leið, sem hér er lagt til, að farin verði, höfðu þannig verið gaumgæfilega athugaðar og ekki taldar færar af þeim mönnum, sem um málin fjölluðu.

Í umr. í Nd. var líka mjög um það rætt, að það vantaði upplýsingar. Það var hv. 7. þm. Reykv., sem einkanlega vék að því í sínum ræðum að það væru ekki tölulegar upplýsingar um það, hver yrðu kjör yfirmanna á togurunum, ef þetta frv. yrði samþ. Þetta mál var líka rætt á hinum sameiginlegu fundum félmn. í gær og spurningum um þeta beint að þeim, sem mættir voru á fundinum. Allir vita og sjá af fskj. frv., að verulegur hluti af kjörum yfirmanna á togurunum er bundinn við hundraðshluta af aflaverðmæti og sá hluti tekna þeirra er háður aflamagni. Er því ógerningur að segja neitt um eða gefa upplýsingar um, hvaða hlutur í krónutölu kemur í hlut yfirmannanna á togurunum, af því að það er háð hinni óþekktu stærð, aflamagninu. Enginn getur því heimtað, að menn geti sagt til um, hver kjörin verði í krónum talið.

Enn annað atriði var það, sem lagt var mikið upp úr að fá upplýst, og það var, hvaða hlutfall yrði á milli yfirmanna og undirmanna, ef frv. væri samþ. Þar vakti fyrir mönnum það, hvort þessi lausn, sem frv. felur í sér og fskj. þess, breikkaði bilið milli kjara undirmanna og yfirmanna. Einkanlega var þessum spurningum beint að sáttanefndinni, hvort hún hefði kannað þetta. Það var álit sáttasemjara ríkisins, Torfa Hjartarsonar, að eftir því sem hann gæti metið, það miðað við meðalaflamagn, þá teldi hann, að kjarabætur hásetanna og undirmannanna á togurunum væru samkv. þeirri lausn, sem þeir hefðu fengið í samningum, meiri en sú kjarbót, sem yfirmennirnir fengju samkv. frv., og bilið mjókkaði þannig heldur en breikkaði við þessa lagasetningu. Enda er mér kunnugt um það, að mjög var búið að reyna á það til þrautar að fá yfirmennina til að slaka svo mikið á kröfum sínum, að þetta bil breikkaði ekki, því að okkur þótti öllum, að það væri ranglátt að auka þetta bil. Einn af sáttanm. orðaði svarið við spurningunni um hlutfallið milli yfirmanna og undirmanna á þann veg, að því aðeins að um mikinn afla væri að ræða og skipshöfn væri fámennari en hinar föstu tölur, 24 og 26, gæti í vissum kringumstæðum farið svo, að bilið breikkaði, en í venjulegum rekstri, miðað við fasta, umsamda tölu skipshafnar og miðað við aflabrögð, teldi hann, að bilið mjókkaði fremur en breikkaði.

Ég minnist ekki, að í umr. í gær og nótt í Nd. væri annað, sem væri verulega umdeilt en þessi atriði, sem ég hef nú nefnt. Sýnir það,

að ágreiningurinn var alls ekki um það, hvort rétt væri að leysa þetta verkfall með lagaboði, heldu um einstök atriði og leiðir til lausnar.

Niðurstaðan, sem þetta frv. leiðir til, er þannig fengin, að á fundum með togaraútgerðarmönnum var byggt á því, að þeir tækju við lausn vinnudeilunnar á sig þær fjárhagslegu byrðar, sem þeir höfðu ítrast boðið við samningaborðið og frammi fyrir sáttasemjara og sáttanefnd. Það, sem umfram þyrfti að taka á sig af fjárhagslegum skuldbindingum til þess að mæta þeim lágmarkskröfum, sem yfirmenn á togurum vildu hins vegar sætta sig við, skyldi ríkissjóður taka á sig. Niðurstaða málsins er því sú, eins og það hér liggur fyrir hv. d., og það er efni frv. og fskj. þess að lögfesta lokatilboð yfirmanna á togurunum og gefa því tilboði þeirra samningsgildi. Ég tel, að málið liggi mjög einfalt fyrir hv. d., því að þetta er niðurstaða þess, og þurfi ekki að fjölyrða meira um það. Ég vænti þess svo, að hv. d. hraði afgreiðslu málsins eftir föngum. Það hefur fengið athugun sameiginlega í félmn. beggja d., og finnst mér því líklegt, að við ættum að geta, þrátt fyrir að við gæfum okkur fullnægjandi tóm til viðræðna um málið, lokið afgreiðslu þess nú í dag. Er það von mín, að svo verði.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal strax upplýsa það, sem reyndar liggur fyrir af hálfu okkar Alþfl.-manna, að við munum ekki tefja afgreiðslu þessa máls eða með einum eða öðrum hætti reyna að bregða fæti fyrir framgang frv. Við getum í þessari hv. d., eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., tekið undir það, að nauðsynlegt hafi verið, eins og á stóð, að ríkisstj. skipti sér af þessari kjaradeilu. En það verður ekki hjá því komizt að minnast með örfáum orðum afstöðu aðstandenda þessa frv. til hliðstæðra frv. á undanförnum árum.

Mér kom í hug orð gömlu konunnar, þegar ég sá þetta frv. á borðunum hér í gær, að öðruvísi mér áður brá. Það hefur nefnilega komið fyrir áður, að ríkisstj. hafi þurft að skipta sér af vinnudeilum, og m. a. hefur það fallið í minn verkahring að flytja frv. hliðstæðs efnis og þetta frv., sem hér er um að ræða. Það er þess vegna ekki fundið núv. ríkisstj. til ávirðingar, að hún flytji hliðstætt frv. En öll þau orð og allar þær háveru yfirlýsingar aðstandenda þessa frv. um afskipti ríkisstj. yfirleitt af vinnudeilum eru geymd í þskj. og hægt er til þeirra að vitna, ef menn vildu hafa svo mikið við að lesa það upp. Það var nefnilega sagt af aðstandendum þessa frv. við slík tækifæri í tíð fyrrv. ríkisstj., að það skipti engu máli, hvað í sjálfum frv. fælist, það eitt að skipta sér af kjara- og vinnudeilum væri „prinsip", sem verkalýðshreyfingin mundi aldrei láta ómótmælt. Það er nú hlutverk hæstv. núv. félmrh., fyrrv. forseta Alþýðusambandsins, að brjóta þetta einlæga „prinsip" sitt frá undanförnum árum. Það er stór munur á því að heita bara Jón eða séra Jón. M. ö. o.: öll stóru orðin frá fyrri árum falla hér um sjálf sig, og kennir það mönnum enn einu sinni, að í stjórnmálum skyldu menn aldrei segja aldrei.

Þetta grundvallar-„prinsip" íslenzkrar verkalýðshreyfingar, sem ég hef oft efazt um, er brotið af þesari ágætu stjórn, sem þó hefur haft það á oddinum, að hún sé fyrst og fremst stjórn íslenzks verkafólks og sjálfsagt þ. á m. sjómanna. Það er staðreynd, að sjómannasamtökin, þ. e. a. s. undirmenn, sömdu, án þess að nokkru væri fylgt þeirra fylltsu kröfum, með frjálsum samningum, þegar frá er tekið fastakaup, þar náðu þeir sínum fyllstu kröfum. Og það er staðreynd, að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún vildi jafna á milli há- og láglaunafólks. Hún leggur hins vegar til með þessu frv. að lögfesta laun hærra launuðu mannanna um borð, rétt eftir að þeir, sem lægri launin hafa, hafa samið í frjálsum samningum.

Annað nýmæli í þessum lögum er það, að fækkun háseta kemur yfirmönnum til góða. Nú sagði hæstv. félmrh. í sinni framsögurræðu áðan, að hafi verið staðfest á sameiginlegum fundum félmn. í gærkvöld, að þetta sé ekki rétt. Allir þeir forustumenn íslenzkra sjómannasamtaka, sem ég hef talað við, frá því að frv. kom á borð þm. í gær, fullyrða hið gagnstæða. Þeir fullyrða enn fremur, að þess muni einkum gæta nú, eftir að þessi lög hafa verið samþykkt, að skipin verði ekki fullmönnuð, og þá komi það kannske fyrst og fremst niður á undirmönnum skipanna, ef þar verða færri en tilskilið er, og þá kemur launahækkun til yfirmanna, en fækkun í liði yfirmanna á hins vegar ekki að koma undirmönnum til góða. Þetta er annað af höfuðrangindum þessa frv.

Við getum spurt okkur þeirrar spurningar: Hefðu sjómannasamtökin samið nú eins og þau hafa gert eftir gildistöku þessara laga, ef þau hefði haft lausa samninga? Ég hef spurt forustumenn sjómannasamtakanna innan Sjómannasambands Íslands og annarra þeirra félaga, sem fara með samninga fyrir sjómenn, undirmenn á botnvörpuskipum, hvort þeir mundu eftir gildistöku þessara laga gera sömu samninga og þeir sömdu um í frjálsum samningum fyrir einni eða tveimur vikum, og þeir svöruðu hiklaust nei. Það er beitt slíkum rangindum með þessu frv., það er farið aftan að þeim samningum, sem þeir gerðu. Og þá er fyrst og fremst það, að þeir telja, að hér sé aukið á það launamisrétti, sem hefur verið milli yfir- og undirmanna. Þetta eru þeirra orð, sem gerzt til þekkja. Sjálfur skal ég ekki fara út í einstök atriði um þetta, en láta þeirra orð nægja.

Ég teldi eðlilega afleiðingu af samþykkt þessa frv. vera þá, að kjarasamningar undirmanna á botnvörpuskipum yrðu losaðir. Allt annað væri óeðlilegt, ef þetta frv. kemst óbreytt fram. Undirmenn ættu að eiga þess kost, ef þeir vilja, að gera tilraun til samninga um sín kjör, eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Annað væri að niðast á þeim, sem minna mega sín.

Ég skal svo ítreka það, að ég tel, að það sé þjóðarnauðsyn, að lausn fáist á þeirri löngu

og langdregnu vinnudeilu, sem hér er um að ræða. En það, sem mér þykir eitt af þremur alvarlegustu atriðum þessa frv., er þó að staðfesta með lögum tilboð annars aðilans, síðasta tilboð annars aðilans. Ekki það að yfirmenn séu of sælir af sínum kjörum, sem frv. býður þeim, síður en svo. Mér verður litið til komandi ára, ef sú ríkisstj. sæti að völdum, sem sérstaklega bæri hagsmuni atvinnurekenda fyrir augum. Er hér ekki greidd leiðin til að samþykkja till. atvinnurekenda nákvæmlega með sama hætti og hér er gert? Til þess eru nefnilega engin dæmi áður í þingsögunni, að slíkt hafi verið gert. Frv. er að því leyti algjört einsdæmi í sinni röð. Hingað til hafa slík lög eða afskipti hins opinbera einkum verið með tvennum hætti, þ. e. a. s. að lögfesta málamiðlunartill. sáttanefndar eða sáttasemjara eða lögbinda gerðardóm, sem skera skyldi úr um deilumálið. Þetta eru þær tvær höfuðleiðir, sem farnar hafa verið á undanförnum árum og áratugum. En ég sé ekki annað, ef ríkisstj. sérstaklega vinveitt atvinnurekendum kæmist til valda hér á landi, en að þá væri búið að skapa henni fordæmi um að staðfesta síðasta tilboð atvinnurekenda með sama hætti. Ég óttast þess vegna þetta ákvæði laganna, ef samþykkt verður, sem allar líkur virðast á eftir afgreiðslu málsins í Nd.

Ég vil svo, herra forseti, lýsa því yfir, að ég mun endurflytja till. hv. 7. þm. Reykv., sem hann flutti við 2. gr. frv. í hv. Nd., og ef til vill á lokastigi málsins, að þeirri till. fallinni, flytja viðbótartill. um það við 3. umr. málsins, að kjarasamningar undirmanna séu lausir, ef frv. á fram að ganga, eins og það horfir við nú og allar líkur virðast benda til. Ég tel allt annað ósanngjarnt, en að undirmönnum gefist a. m. k. kostur á því að leiðrétta sinn hlut.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Á fundi í Sþ. 20. febr. s. l. kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. um, hvað liði lausn togaraverkfallsins og afskiptum sjútvrh. og ríkistj. af lausn verkfallsins. Hæstv. sjútvrh. svaraði þeirri fsp. minni og gat þess m. a., að ríkisstj. hefði skipað n. þriggja manna, sem þannig væri skipuð, að í henni ættu sæti fulltrúi frá sjútvrn., fulltrúi frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar og fulltrúi frá Fiskifélagi Íslands, til þess að kanna hag og stöðu togaraútgerðarinnar í landinu með tilliti til þess að auðvelda lausn þessa verkfalls. Hann komst svo að orði, með leyfi forseta: „Nú næstu daga, þegar fyrir liggur álitsgerð þeirrar þriggja manna n., sem ég hef skýrt hér frá, hlýtur að verða tekin afstaða til þess, hvort ríkisvaldið verður að skerast í að leysa þessa deilu eða samningsaðilar finna leið út úr vandanum á þeim grundvelli, sem þá liggur fyrir hjá þessari sérstöku athuganefnd."

Hann sagði, hæstv. ráðherra: Nú næstu daga, þegar fyrir liggur álitsgerð þessara þriggja manna, hlýtur að vera tekin afstaða. — Ég hef hér gögn í höndum, sem greina frá því, að þessir menn skrifuðu þegar daginn eftir álitsgerð um málið, 21. febr., þar sem öll höfuðatriðin koma fram um rekstrargrundvöll togaraútgerðarinnar á landinu. Bæði er þar greint frá hag útgerðarinnar 1972 og spá um hag togaraútgerðarinnar 1973.

Þótt verkfallið hefði staðið í 4 vikur 20. febr., þegar þetta mál var tekið til umr. utan dagskrár, hafa enn aðrar rúmar 4 — eða reyndar nær 5 vikur liðið, án þess að hæstv. ríkisstj., hæstv. sjútvrh., hæstv. félmrh. eða nokkur annar ráðherra hafi gert sitt til, að þessu verkfalli slotaði. Það er ekki fyrr en með flutningi þessa frv., að litur er sýndur til þessa.

Ég skal játa, að í umr. á Alþ. fyrir mánuði kom fram ákveðinn málefnalegur ágreiningur milli hæstv. sjútvrh. og mín. Ráðherrann sagði: fyrst þarf að semja, svo er hægt að ákveða, hvaða rekstrargrundvöll er hægt að skapa togaraútgerðinni í landinu. — Ég sagði: Það verður fyrst og fremst að skapa rekstrargrundvöllinn og síðan að semja um kaup og kjör. Alla vega lagði ég áherzlu á, að allt þetta færi saman, það væri lágmarkskrafa. Vandamálið væri ekki leyst, nema um leið væri gengið frá samningum um kaup og kjör áhafna á togurum og rekstrargrundvöllur skapaður fyrir togaraútgerðina í landinu.

Það er svo, að þessi deila og þetta vandamál, sem við erum hér um að ræða, er þríþætt: 1) Samningar við undirmenn á togurum. 2) Samningar við yfirmenn á togurum. 3) Vandamálið um rekstrargrundvöll togara.

Samningar við undirmenn á togurunum, tókust fyrir u. þ. b. tveimur vikum. Undanfari þeirra samninga var yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh. og að því er mér skildist hæstv. sjútvrh. og jafnvel hæstv. félmrh., að ef frá samningum yrði gengið á tilteknum grundvelli, mundi annars vegar verða séð fyrir því, að togaraútgerðin gæti gengið og staðið við skuldbindingar sínar, og hins vegar yrði settur gerðardómur í deilur yfirmanna. Alla vega yrði séð fyrir hvoru tveggja. Í trausti þessa tókust samningar. Samt sem áður heldur verkfallið áfram í 2—3 vikur enn og samningar takast ekki við yfirmenn. Það er ekki sett löggjöf, fyrr en hún er sett á grundvelli till. annars deiluaðilans, sem er algerlega án fordæmis um lausn kjaradeilna, eins og hv. síðasti ræðumaður greindi frá. Það er athyglisvert, að hinir lægra launuðu í áhöfn togaranna eru látnir standa í verkfalli í 6 vikur til þess að ná fram kjarabótum sínum, án þess að hæstv. ríkisstj. geri tilraun til þess að koma til móts við togaraútgerðina í landinu til að skapa togurunum rekstrargrundvöll. Eftir að hinir lægra launuðu í áhöfnum togaranna hafa þannig staðið í fórnum og langvinnu verkfalli, er að vísu verkfalli maldið áfram af hálfu yfirmanna, en því lokið með því, að hæstv. ríkisstj. réttir hinum hærra launuðu löggildingu á þeirra síðustu kröfum. Hæstv. ráðherrar eru fremstir í flokki þeirra manna, sem segja, að keppa beri að launajöfnuði. Hæstv. ráðherrar, sem standa að þessum vinnubrögðum, eru fremstir í flokki þeirra manna, sem telja sig

vernda hag hinna lægst launuðu. En vinnubrögðin eru allt önnur. Hinir lægst launuðu eru látnir standa í langvinnu verkfalli. Hinir hærra launuðu eru í þessu tilfelli verðlaunaðir með því, að síðustu kröfu þeirra er fengið lagagildi. Í þessum orðum mínum felst ekki dómur um það, hvort hér er um óeðlilegan launamun að ræða eða ekki. Hér er um flókið mál að ræða, og ég get ekki með tilliti til þeirra gagna, sem við höfum á borðunum, gert mér grein fyrir því, hvort um aukið launabil er að ræða eða ekki. Mér er nær að halda, að svo geti verið í ákveðnum tilvikum, eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. En það er ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er það, að þarna er verið að löggilda kauphækkun til hinna hærra launuðu, meðan hinir lægra launuðu hafa þurft að standa í langvinnu verkfalli til að fá kröfum sínum framfylgt. Það hefur verið staðið þannig að þessu vandamáli af hálfu hæstv. ríkisstj. að með eindæmum er.

Við skulum láta það liggja milli hluta, hvor okkar hæstv. sjútvrh. hefur rétt fyrir sér, hvort ganga beri frá samningum við áhafnir skipanna fyrst og sjá síðan fyrir rekstrargrundvelli togaranna eða hvort nauðsynleg forsenda fyrir samningum við áhafnir sé rekstrargrundvöllur togaranna. Skoðun hæstv. sjútvrh. minnir óneitanlega á það, sem haft er eftir hæstv. forsrh. við kjarasamningana 1971, þegar atvinnuveitendur og fulltrúar atvinnuveganna í landinu komu til hans og sögðu, að atvinnuvegirnir gætu ekki borið þá kjarasamninga, sem í boði var að undirrita. Þá sagði hæstv. forsrh., eftir því sem hermt er: „Þið verðið að kasta ykkur til sunds, þótt þið sjáið ekki til lands.“ Þessi vinnubrögð, hæstv. ráðherra, að það verði að semja um kaup og kjör, án þess að séð sé fyrir endann á því, að atvinnuvegirnir geti borið það kaup og þau kjör, hafa leitt til þess, sem við öll þekkjum, verðbólguþróunarinnar, gengisfellinga og þess úrræðaleysis í efnahagsmálum landsmanna, sem við blasir. En eins og ég sagði, látum vera, hvor okkar hefur rétt fyrir sér að þessu leyti, hvort nauðsynlegt er, áður en gengið er frá kjarasamningum, að rekstrargrundvöllur atvinnuveganna sé fyrir hendi eða ekki. Það ættum við þó að geta verið sammála um, að nauðsynlegt er að ganga frá kjarasamningum bæði við undirmenn og yfirmenn um leið og svíkjast ekki að vissu leyti, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, aftan að undirmönnum með því að veita yfirmönnum samningskjör, þannig að undirmenn telja ástæðu til fyrir sig að fara fram á meira, a. m. k. næst þegar þeir ganga til samninga. Hér er nefnilega stofnað til þess, að undirmenn muni væntanlega, þegar þeirra samningar losna, gera kröfur um jöfnuð á við þau kjör, sem fyrirliggjandi lagafrv. færir yfirmönnum. Þetta getur orðið til þess, að togaraútgerð í landinu hafi ekki rekstrargrundvöll til frambúðar. Með þessum vinnubrögðum er hæstv. ríkisstj. að stefna framtíð togaraútgerðar á Íslandi í voða, jafnvel þótt hagur hennar vænkist með batnandi aflabrögðum, sem við skulum öll vona.

Hæstv. sjútvrh. sagði að vísu í umr. 20. febr. s. l., þrátt fyrir það, sem ég hef hér greint frá, að hafi verið meginmálsvörn hans og málflutningur, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt: „Það má vel segja, að það sé rétt að reyna að leysa þessi atriði nokkuð jafnhliða, að útgerðarmenn fái vitneskju um, hvað á að styrkja rekstur þeirra mikið umfram annan skiparekstur í landinu, og samið sé um launakjörin. Ég hef ekkert á móti því fyrir mitt leyti, að það sé reynt að hnýta þetta saman og reyna að standa þannig að lausn málsins. En þá er það vitanlega aðilanna, sem hér deila, að segja til um það, hvort þeir óska eftir, að þannig sé að málunum staðið.“ Ég held að það fari ekki á milli mála, að það hafi komið fram, að það hafi verið ósk aðilanna, að þannig væri að málunum staðið, að það væri af hálfu hæstv. ríkisstj. gerð grein fyrir því, hvað hún treysti sér til að gera til að tryggja rekstrargrundvöll togaranna í landinu.

Það hefur líka verið óbein viðurkenning á þessu sjónarmiði af hálfu hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. að hafa ekki eina, heldur tvær n. á rökstólum til þess að kanna, með hvaða hætti væri unnt að skapa togurunum rekstrargrundvöll. Hin fyrri n. var sú, er ég greindi frá fyrr í ræðu minni og hefur skilað áliti og sagt þar að nauðsynlegt væri að styrkja togaraútgerðina í landinu umfram aðra útgerð. Hin síðari n. mun hafa verið nefnd a. m. k. tveggja manna, ráðuneytisstjórans í sjútvrn. og Jóhannesar Eliassonar bankastjóra, ef ég fer rétt með, sem ég vona, og var fengið það verkefni að kanna, hvaða till. væri hægt að gera af hálfu ríkisstj. til þess, að rekstrargrundvöllur fengist fyrir togarana í landinu. Það kemur að vísu fram í plöggum frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, að þessir menn hafi lítil svör getað gefið og jafnvel sagt, að ekki yrði litið á 100 millj. kr. tap. togaranna á síðasta ári, ekki yrði litið á styrk til eða stuðning við hina nýju skuttogara á þessu ári. Þessu hvoru tveggja mótmælti hæstv. sjútvrh., hygg ég, í umr. í Nd. í gær, þótt ég hefði ekki aðstöðu til þess að fylgjast með þeim umr. nákvæmlega, og hann leiðréttir mig þá, ef ég fer með rangt mál. En um leið og hann leiðréttir það, sem hann aftók alls ekki í þeim orðum, sem ég heyrði hann flytja í Nd. í gær, að til mála gæti komið, að ríkið veitti einhvern stuðning til togaranna vegna taprekstrar þeirra á síðasta ári og vel gæti komið til greina að styðja einnig togarana á þessu ári, þá er það ekki nóg á þessu stigi. Það þarf meira en orðin tóm af hálfu hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. Það þarf að leggja til ákveðið framlag fyrir þeim stuðningi, sem ríkisstj. og ríkissjóður treystir sér til að veita togaraútgerðinni í landinu.

Með flutningi og samþykkt þessa frv. er vandamál það, sem við stöndum frammi fyrir, alls ekki leyst. Vandamálið er þríþætt. Við skulum segja, að lausn á tveim fyrstu vandamálunum, í fyrsta lagi samningum við undirmenn og í öðru lagi samningum við yfirmenn, sé fundin. Það kann vel að vera, en það er illa

leyst, eins og ég hef tekið fram. Þá er enn eftir að leysa þriðja vandamálið, sem hefur í raun og veru ávallt legið til grundvallar hinum tveimur, og það er, að ríkisvaldið með einum eða öðrum hætti eigi þátt í því að skapa rekstrargrundvöll fyrir togaraútgerð í landinu. Það er gagnvart þessu vandamáli, sem hæstv. ráðherrar hafa lokað augunum. Þess vegna er ekki að ófyrirsynju, að nú séu ítrekaðar spurningar, sem reyndar hafa komið fram hér áður í umr. um málið: Hvað ætlast ríkisstj. fyrir í þeim efnum? Ætlar ríkisstj. að styðja togaraútgerðina í landinu umfram það, sem gert hefur verið hingað til? Þá á ég við: umfram þær 45 millj., sem togararnir fengu í fyrra, því að taprekstur togaranna var 100 millj. að þeim 45 millj. frádregnum og raunar 37.5 millj. kr. til viðbótar úr aflatryggingasjóði. Vandamálið er þetta 100 millj. kr. tap í fyrra og spá um annað eins tap á þessu ári. Ég hygg, að það þurfi ekki loforð ríkisstj. um að greiða alla þessa upphæð og ég er ekki að gera það að till. minni. En ég tel það skyldu ríkistj. og ráðherra að horfast í augu við þetta vandamál og gera ásamt útgerðarmönnum sundurliðaðar till. um lausn ákveðinna vandamála í rekstri togaranna, sem útgerðarmenn hafa bent á og gætu stuðlað að því, að togararnir yrðu gerðir út af fullum krafti. Þetta hefur ríkisstj. ekki gert. Þetta hafa hæstv. ráðherrar látið undir höfuð leggjast. Í tvo mánuði hafa togararnir verið bundnir við bryggju, vegna athafnaleysis og úrræðaleysis ráðherranna fyrst og fremst.

Það hefur verið á það bent áður í umr. á Alþ. um togaraverkfallið, að þegar þessir hæstv. ráðh. eru í stjórnarandstöðu, telja þeir skyldu ríkisstj. og sérstaklega hæstv. sjútvrh. að leysa togaraverkfall. Ég er ekki sömu skoðunar og þeir að öllu leyti að verkföllin séu endilega alltaf ráðherrum eða ríkisstj. að kenna. Við verðum að treysta á frjálsa samninga aðila vinnumarkaðarins í lengstu lög. Ég er þess vegna ekki eins fljótur til og þessir menn hafa verið í stjórnarandstöðu að kenna þeim eða ríkisstj. um allt, sem miður fer, eða öll verkföll, sem gerð eru. Ég bendi aðeins á, að þetta er þeirra dómur, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Slíkur dómur í stjórnarandstöðu skapar skyldur, þegar sömu menn eru setztir í stjórnarstólana. Undan þeirri skyldu hafa þeir vikizt, þeirri ábyrgð hafa þeir brugðizt.

Það er svo athyglisvert, að hæstv. sjútvrh. sagði í umr. um þetta mál á Alþ. fyrir mánuði, með leyfi forseta: „Það er vitanlega alveg út í loftið að segja, að í sambandi við þetta verkfall hafi verið um einhvern seinagang að ræða hjá sjútvrh. Sjútvrh. ræður ekki gangi þessa verkfalls.“ En þessi hæstv. ráðherra og flokksmenn hans fáruðust yfir því fyrir tveimur árum, eftir tveggja vikna verkfall á togaraflotanum, að þáv. sjútvrh. gripi ekki í taumana. Þá sögðu bandamenn þessa hæstv. ráðherra, að það væri refsivert af hálfu stjórnarinnar að leysa ekki verkfallið. Og þá þótti þessum hæstv. ráðherra ekki gott að vera hrósað fyrir það, að á fyrri vinstristjórnarárunum hefði ekkert verkfall verið á fiskiflotanum. Og blaðið sagði, að það hefði ekki verið vegna þess, að ekki hefði verið við vandamál að glíma. Nei, vandamálin voru nóg, en þau voru bara leyst. Og sá hinn reyndi og úrræðagóði lausnari var núv. hæstv. sjútvrh. En nú, eftir tveggja mánaða verkfall á togaraflota landsmanna, kemur hann hvergi nærri, þá er ekkert honum að kenna. Honum þykir lofið gott. En hann vill ekki taka þeirri gagnrýni, sem slíkt lof býður heim.

Ég hygg að það liggi ljóst fyrir, að meðferð þessa máls hafi verið með eindæmum. Það er líka einsdæmi, að löggilt er tilboð annars aðilans í vinnudeilu. Það út af fyrir sig er ámælisvert. Þau fordæmi, sem um er að ræða varðandi afskipti löggjafarvaldsins af vinnudeilum, sem ég játa, að eru yfirleitt neyðarúrræði, en geta engu að síður verið nauðsynleg og ég gagnrýni ekki út af fyrir sig nú eftir tveggja mánaða verkfall, — þau úrræði hafa byggzt annars vegar á því, að lausnin fengist með úrskurði sérstaks gerðardóms eða löggilt væri miðlunartill. sáttasemjara. Hæstv. félmrh. sagði, að hið síðara væri útilokað í þessu tilviki, vegna þess að sáttasemjari hefði ekki treyst sér til að koma fram með miðlunartill., sem báðir aðilar samþykktu. Það kann vel að vera. Ef báðir aðilar hefðu samþ. miðlunartill., hefði ekki verið þörf á lögbindingu hennar. Það hafa hins vegar verið fordæmi fyrir því, að miðlunartill. hafi verið lögfest, ef annar aðilinn hefur hafnað eða jafnvel báðir. Ég kann ekki nákvæm söguleg skil á því. Miðlunartill. sáttasemjara er ákveðin trygging fyrir því, að þeir, sem hafa fylgzt með vinnudeilu í einstökum atriðum, koma fram með samræmda, samhæfða lausn á kaup- og kjaradeilu. Ég tel alveg útilokað fyrir 60 menn á Alþ. að gera sér á einum og hálfum sólarhring, grein fyrir afleiðingum kjarasamninga eins og þeirra, sem nú er verið að löggilda og miða við tilboð annars aðilans. Hins vegar er verjandi að treysta á annars vegar úrskurð gerðardóms, hlutlauss gerðardóms eða miðlunartill. sáttasemjara, sem á að gæta hlutleysis. Þess vegna er reginmunur á þessum vinnuaðferðum og fyrri vinnubrögðum í sambandi við lagasetningu um lausn kjaradeilna.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr. hér við þessa 1. umr. málsins. Ég geri ráð fyrir því, að við sjálfstæðismenn flytjum sömu till. og flokksbræður okkar í Nd. að lokinni meðferð málsins í n. En mig langar að lokum að spyrja hæstv. ráðh. eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi: Eins og kunnugt er, var gengið frá fiskverði um áramótin og rekstrargrundvelli bátaflotans með ákveðnum ráðstöfunum, sem munu hafa a. m. k. 160 millj. kr. útgjöld í för með sér á ársgrundvelli fyrir ríkissjóð eða samsvarandi fjárskuldbindingar. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að standa undir fjáröflun til þess að standa við þær skuldbindingar?

Í öðru lagi spyr ég: Að atbeina hæstv. ríkisstj. í sambandi við frágang samninga við undirmenn mun hafa verið lofað fjárstuðningi úr ríkissjóði að upphæð, að því er mér hefur verið tjáð, um 17—18 millj. kr. á ársgrundvelli. Upp-

lýst hefur og verið, að í sambandi við þetta lagafrv., sem hér er um að ræða, og yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., sem er fskj. með þessu frv., sé stofnað til um 7—8 millj kr. útgjalda fyrir ríkissjóð, eða samtals um 25 millj. kr. útgjalda fyrir ríkissjóð. Hvernig hugsar ríkisstj. að afla þess fjár, og með hvaða hætti verður það borið undir Alþ?

Í þriðja lagi spyr ég, og það er e. t. v. meginatriði málsins: Með hvaða hætti ætlar hæstv. ríkisstj. að ganga til móts við þær óskir, sem fram hafa komið af hálfu togaraútgerðarinnar í landinu um, að ríkissjóður taki þátt í taprekstri hennar á síðasta ári að upphæð 100 millj. kr. og tryggi togaraútgerðinni með einhverjum hætti fjármagn til að standa undir hluta af því tapi, sem spáð er sömu upphæð, öðrum 100 millj. kr. á þessu ári?

Varðandi síðustu spurninguna ítreka ég og endurtek, að þrátt fyrir það, að togaraútgerðin hafi ekki verið rekin með hagnaði og ekki safnað sjóðum á undanförnum árum eða áratug og sé þess vegna allsendis ómegnug að standa undir þessu tapi síðasta árs og því tapi, sem spáð er á þessu ári, hygg ég, að unnt sé að koma togurunum á flot með lægri fjárhæð en þessum 200 millj., sem vandamálið í rauninni er. Hvað ætlar ríkisstj. að gera í þessu efni? Fyrr en það svar liggur fyrir, er það vandamál, sem við er að etja, að togararnir séu bundnir við bryggju, ekki leyst.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var á sínum tíma hér í hv. d. mikið rætt um togarakaupin og fengum við þáv. stjórnarsinnar orð í eyra fyrir slappleika og margt í kringum það, hvernig á slíkum málum hefur verið haldið undanfarin ár. Það kom fram þá, að til þess að menn hefðu áhuga á að kaupa togara, þyrfti að vera einhver vottur af möguleika til þess að reka skipin. Ég held, að það megi segja almennt, að þótt oft sé deilt á útgerðarmenn fyrir ýmislegt í rekstri, þá séu þeir almennt þannig, að þeir vilji standa við þær skuldbindingar, sem þeir skrifa undir, og reyna að leggja sig fram um það, eins og hægt er, að standa í skilum, hvort sem þeir eru með stór eða lítil tæki undir höndum. Það var hamrað á þessu í kosningabaráttunni ásamt ýmsu fleiru, og það bar þann árangur, að styrkleikahlutföllin á hv. Alþ. breyttust og nýir menn komu inn og tóku við stjórnartaumunum. Maður skyldi nú halda, að allt ætti að vera í blóma miðað við fyrri umsagnir, og þarf ég reyndar ekki að minna á það hér. Það var drepið á það af fyrri ræðumönnum, að af nógu væri að taka, ef við færum að fletta blöðum, svo að ég skal ekki orðlengja það meira.

Ég sagði það í sambandi við umr. um togarakaup á sínum tíma hér, að við ættum að fara varlegar en margir vildu, við ættum að taka 3—4 af hverri stærð, 3 gerðir, og reyna þetta eins og tvö ár, 15—16 stykki, og sjá, hvernig fram yndi. Við erum margir minnugir þess, að 1961 hélt ný tækni innreið sína í bátaflotann með stálskipum og nýrri veiðitækni, og það urðu mjög hörð átök um skiptakjör og hvernig ætti að standa að því, hvað tæknin ætti að fá til sín og hvað áhöfnin. Það endaði eftir langt verkfall og hörku með gerðardómi, sem frægt er orðið. Þá fengum við í Alþfl. mjög hvassa ádeilu frá núv. hæstv. félmrh. og flokksmönnum hans, og vantaði ekki, að stóru byssurnar voru hlaðnar og látnar dúndra. Nú stendur hann í þeim sporum að verða að höggva á mikið þjóðfélagslegt vandamál, eins og hann tók fram, sem við erum allir sammála um, að þurfi að höggva á. En það er ekki gert fyrr en undirmenn hafa staðið í verkfalli langan tíma og yfirmenn verið þá á fullu kaupi í heilan mánuð, ef ég veit rétt varðandi þeirra kjarasamninga. Þá fyrst, eftir að verkfallið er búið að standa nærri 6 vikur samtals, fara þeir að ókyrrast yfir þessu vandamáli. Þó sagði hæstv. ráðh., þegar Vestmannaeyjagosið hófst, að nú væri ekki tími til verkfalla. Samt líður vika eftir viku. Hann mælir rétt á þeirri stundu út af fyrir sig. En verkföll eru vandamál, sem allir hafa hliðrað sér við að grípa inn í af hálfu ríkisvaldsins fyrr en tilneyddir.

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni mjög rækilega, að ríkisstj. vildi eftir orðum hæstv. sjútvrh., að fyrst yrði samið og svo skyldu þeir sjá um, að rekstur yrði mögulegur. Og ég skildi hæstv. forsrh. þannig, þegar ég hlustaði á hann í Nd. í gær, að velvilji væri meiri hjá hæstv. ríkisstj., ef samningar tækjust fyrr. Þessi afstaða er að vísu ósköp mannleg. En því miður hafa forsvarsmenn útgerðarmanna ekki viljað taka þetta of hátíðlega. Ég segi því miður, miðað við þróun og framgang mála. Dæmið er þannig, að eftir tveggja mánaða hörkuverkfall neyðist ríkisstj. til þess að gefa út lög, sem ganga að kröfu yfirmanna, að því er manni virðist, að mestu eða öllu leyti. En þetta hefur verið rækilega rakið hér, og skal ég ekki orðlengja það sérstaklega út af fyrir sig.

En það sem mér finnst verst í þessu sambandi, er, að það hefur verið gömul venja, a. m. k. á skipum undir 500 tonnum, að þegar fækkun á sér stað á dekki eða í vél, skiptist upp á milli áhafna eftir skiptakjörum. Hér er brugðið út af þeirri venju og þetta ekki gert. Þó að hásetum fækki í veiðiferð, sem oft á sér stað vegna ýmissa orsaka, gera allir kröfu til, að aflahlutur skiptist upp, en komi einnig til hækkun við vél eða hjá yfirmönnum, skulu hásetar engan veginn njóta þess. Eins og ég skil frv., á þetta að vera þannig. Hér munu raskast hlutföll, og mér segir svo hugur um, að margir hásetar muni vera óánægðir með þetta og fara sér hægt um borð til að byrja með a. m. k. Vissulega munu beztu skipin fá mannafla eins og ævinlega, en það mun áreiðanlega ganga seint hjá sumum, einmitt vegna þessarar afstöðu. Þetta er gömul venja. Meira að segja kemur sú venja fram í lögum sem hæstv. félmrh. stóð að í tíð vinstri stjórnarinnar, ef ég man rétt, l. nr. 16 frá 1958, en þar segir, að ekki skuli neitt missa í kjörum, þó að maður falli frá úr hópi manna, sem vinna að sama verkefni. Þetta hefur verið gildandi venja í samningum á bátaflotanum undir 500

tonnum í fjöldamörg ár. Það er einmitt þessi agnúi, sem ég rek augun í og margir fleiri, og mun áreiðanlega verða hart á honum hamrað, þegar samningar verða lausir hjá undirmönnum, hásetum, um n. k. áramót. Ég er alveg viss um, að þetta fordæmi, sem á að lögleiða núna, mun leiða það af sér, að þeir munu ekkert gefa eftir á sínum tíma, þegar kemur að næstu verkfallsátökum, alls ekki neitt. Hví skyldu þeir gefa eftir? Það er ekkert nema bara að sýna nógu mikla þrjósku, þá neyðist viðkomandi ríkisstj., hver sem hún verður, til að láta undan kröfunum, eins og hann undirstrikaði hér áðan um lægsta hugsanlega tilboð, af hálfu þeirra, sem gera kröfur. Það hefur komið fram, að yfirmenn kölluðu sitt lægsta hugsanlega tilboð, og hæstv. ríkisstj. sér sig neydda til að standa að því.

Gott og vel, það varð að skera á hnútinn, og það varð að gera með einhverju móti. En þetta leiðir af sér, að aðrir taka upp sömu vinnubrögð síðar, því miður. Virðist vera aukaatriði að tala hér um rekstrargrundvöll, þrátt fyrir það að þessi skip fái betri lánskjör en önnur útgerð í landinu og beina styrki. Og það er næstum því hlálegt, að það skuli vera vonlaust að reka skipin, áður en þau koma til landsins. Ég man eftir því, að í marz 1963 var útseld vinnustund á þjónustu á vélaverkstæðum og netaverkstæðum gagnvart þessari útgerð 53.60 kr. Það var tilkynnt verð nú fyrir nokkrum dögum, lágmark 330 kr. í dagvinnu. Þarna sjá menn þróun verðlagsmála í landinu. Einnig liggur fyrir hv. Alþ. frv. samið af rn., hæstv. samgrh., varðandi kostnað við hafnirnar í landinu, þar sem stóraukin gjöld eru lögð á þessa útgerð, svo að nemur tugum millj. Ríkissjóður verður að borga brúsann í einu eða öðru formi. Það er ekkert öfundsvert fyrir þá menn, sem bera ábyrgð á þessari útgerð, ef þeir eiga að hafa tékkheftið í vasanum. Ég er hræddur um, að eitthvað geti hoppað af gúmítékkum gegnum reksturinn undir þessum kringumstæðum. Þeir yrðu ekki öfundsverðir og kynnu að verða magasárir, áður en langt um líður. Þetta er mjög slæm þróun, því miður, og jafnvel þó að lögbinding á þessum samningi leiði ekki til kollsteypingar á útgerðinni út af fyrir sig, þá er hún því miður einn þáttur í því að gera þessa útgerð næstum vonlausa í heilbrigðum rekstri. Það safnast margt saman, og það hefur ekki allt komið fram. Hvort launin eru 55—60% af brúttótekjum, miðað við sölu innanlands, skal ég ekki segja, en fróðlegt hefði verið að sjá það og gefa ákveðnar forsendur, t. d. veiðitúr í 10 daga, löndun hér heima á 2 millj kr. og reikna hlutaskiptin út. Því mátti ekki slíkt fskj. fylgja? Það er ekki lengi gert með allri þeirri tækni sem til er í dag, kortérsvinna, að gera upp slíkan túr, og þá sjáum við það svart á hvítu, hvernig slíkt kæmi út. Síðan mátti gera sér upp túr, sem var 4 millj. í sölu í Þýzkalandi og sá túr tæki 3 vikur. Það mátti líka leggja hann á borðið og gera samanburð til og frá, fyrir og eftir gildistöku þessa frv., með ákveðinn fjölda af mannskap. Þá þyrfti ekki að vera að eyða hér klukkutíma eftir klukkutíma í rifrildi. Þetta lá á borðinu. En það þarf eitthvað að fela, það þarf eitthvað að fara varlega, og síðan á hin góða ríkisstj. að brúa bilið, þrátt fyrir það að framkvæmd laga sé svo erfið og það hafi gengið úr herbúðum þeirra, sem stjórna við ríkiskassann, að allir skuli skera niður um 15%. Samt er verið að auka hér útgjöld ríkissjóðs sem nemur tugum millj. Hann er bæði búinn að taka á sig kvöðina varðandi bátaflotann og nú varðandi togaraflotann. Það væri fróðlegt að heyra hér, því að hér í hv. d. sitja tveir af aðalkommisserum í Framkvæmdastofnuninni, hvað ríkisstj. hefur lagt fram þegar í beinum styrkjum, — ég á ekki við lánin, — til kaupa á 39 togurum, sem eru að koma til landsins, í sambandi við þetta dæmi. Það gæfi okkur ekki litla innsýn í það, hvað þetta er erfið útgerð og hvernig þarf að taka á þeim málum, svo að hún hafi nokkurn minnsta möguleika á að snúast. Síðan er deilan um það, sem á eftir að verða hér viðkvæmt mál fyrir alla, hvort þessir nýju togarar eiga síðan að fara inn fyrir 12 mílurnar. Ef þeir verða settir út fyrir, sem mjög margir vilja og allir fiskifræðingarnir undantekningalaust hafa lýst yfir, munu forsvarsmenn þessarar útgerðar segja: Rekstur-inn er enn þrengdur. Hér er því um alvarlegt vandamál að ræða. Ég tek undir orð hæstv. ráðh.: Þetta er vissulega mikið vandamál. En þetta eru svo afkastamikil skip, að þau verða að vera í gangi, og þess vegna ber að leysa verkfallið.

Það eru enn að störfum ein eða tvær nefndir, sem eiga að rannsaka rekstrargrundvöllinn og koma með till. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði. Ég man fyrst eftir því, að það var sett n. á fót um áramótin 1954—1955, held ég. Þar voru margir þekktir menn. Hugmyndir þeirra voru þá næsta undarlegar að mati okkar margra. Þeir lögðu 5 þús. kr. skatt á hvern bíl í landinu og færðu þannig til fé handa útveginum, en ekkert róttækt var þá gert til þess að skapa eðlilegan grundvöll. Það er engin lausn að taka féð úr einum vasa og færa það í annan og hafa svo allt meira og minna knúsað, það er engin lausn í sjálfu sér. En það er hægt að halda hlutunum þannig gangandi við illan leik. En þá fer maður að spyrja sig: Er ekki betra að hafa þetta þá bara á einni hendi, af hálfu bæjarfélaga eða ríkissjóðs, og vera ekki að burðast með þetta margbundna rekstrarform? Enginn einstaklingur í dag hefur slíkt fjármagn, hvort sem hann á stóra vinnslustöð eða ekki, að hann geti fært það á milli frá vinnslustöð, að öflunin sem slík standist. Stærsti útgerðarmaður einstaklinga í dag er að gefast upp, og síðustu fréttir eru, að hann hafi selt frystihús sitt. Ég veit ekki, hvort það er rétt, en ég heyrði það þó í gær, að það væri að komast sölusamningur á í því sambandi, þannig að ekki er nú bjart í álinn þeim megin. Nei, það er margslungið mál því miður að reka togara, og það þekkir hæstv. sjútvrh., sem hafði togara á sínum snærum í sínu bæjarfélagi og var þar mikill hvatamaður. Hann gafst upp á sínum tíma og

fór yfir í síldarútgerðina og hefur nú aftur stuðlað að kaupi á stóru skipi í loðnuútgerðinni, — vonandi vegnar því vel, — og er þar gúanóframleiðsla höfð í hávegum. En lögbinding með þessu móti dregur dilk á eftir sér. Hún dregur þann dilk á eftir sér, að undirmenn verða kröfuharðari þegar að því kemur, að samningar þeirra verði lausir. Þá mun verða vitnað til þess, að af kröfum þeirra manna, sem hafa fjórðung til 50% hærri laun, var gengið næstum alveg með stuðningi þeirrar hæstv. ríkisstj., er þá sat.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér hafa nú verið haldnar nokkuð langar ræður, en ekki hafa þær að öllu leyti verið að öllu leyti um það frv., sem hér er til umr. Það vill stundum verða svo, að „umbúðirnar eru vætt, en innihaldið lóð". Ég get ekki að því gert, að það hefur hvarflað að mér undir þessum umr. Og ekki er undan því að kvarta, ef innihaldið er ekki nema lóð og umbúðirnar margfaldar á við það.

Hv. 1. landsk. þm. varði nokkrum hluta af ræðutíma sínum til þess að stríða okkur með því, að einhvern tíma hefðu heyrzt áður köpuryrði um það, að ríkisstj. ætlu sem minnst að gripa inn í samningaviðskipti aðilanna á vinnumarkaðinum. Þetta er alveg rétt. Stundum hefur þetta verið kannske að ósegju, stundum hefur þetta verið á rökum reist, af því að gripið hefur verið inn í með hrammi ríkisvaldsins, áður en fullkomlega var úr því skorið, hvort var hægt að leysa deilurnar við samningaborðið. Ég held, að í þessu tilfelli verði ekki um það deilt, að hér var búið að þrautreyna allar samningaleiðir. Ég hef sagt það áður, og get játað það hér líka, að það má miklu fremur deila á ríkisstj. núna fyrir, hve seint hún gripi inn í, en að hún hafi ekki beðið eftir þeirri stund, að samningar hafi verið þrautreyndir til fyllstu hlítar.

Það voru aðeins tvö atriði, sem ég festi hendur á í ræðu hv. 1. landsk. þm., Eggerts G. Þorsteinssonar, varðandi efni málsins. Það var í fyrsta lagi, að hann hélt — og hafði engar staðreyndir fyrir sér, að hlutfallið milli yfirmanna og undirmanna á togurum mundi víkka við þetta, þ. e. a. s. það mundi felast í þessu frv. meiri kjarabætur hlutfallslega til yfirmanna en samningarnir hefðu skilað undirmönnunum á togurunum fyrir nokkru. En þetta er staðhæfing út í loftið, og hún stríðir gegn áliti þeirra manna, sem bezt hafa kafað ofan í þessi mál sem hlutlaus aðili, en það eru sáttanefndin og sáttasemjari ríkisins. Þeir fullyrða, að í venjulegum rekstri séu allar líkur til þess, að kjarabæturnar séu meiri, sem undirmennirnir hafi fengið með sínum samningum, en þær kjarabætur, sem felast í þessu frv. gagnvart yfirmönnum á togurunum. Og aðrir eru ekki dómbærari á þetta. Hins vegar stendur hér staðhæfing á móti staðhæfingu. Þá eigum við einskis annars kost í því efni en að láta reynsluna tala, og það verður að gerast. Þetta var varðandi fyrra atriðið.

Ég get líka skýrt frá því, að þegar við vorum að komast til botns í þessu máli og höfðum rætt bæði við togaraútgerðarmenn og hins vegar fulltrúa yfirmanna á togurunum, þá kom þessi spurning upp. Okkur stóð alls ekki á sama um það, hvort við værum að stuðla að lausn deilunnar á þann hátt, að það hallaði á þá menn, sem voru búnir að standa í langvarandi deilu og gera síðan samninga með réttum og eðlilegum hætti. Einn af ráðh. fór því í símann og náði tali af formanni Sjómannafélags Reykjavíkur, Hilmari Jónssyni, og lagði þá spurningu fyrir hann, hvort hann teldi, að með þeirri lausn, sem þá lá fyrir nákvæmlega eins og hún varð endanlega, væri vakinn styrr að því er snerti undirmennina og hallað á þá. Og þessi ráðh. kom úr símanum og tjáði okkur, að Hilmar Jónsson hefði ekki talið neina hættu á því. Á þetta atriði var því litið, á meðan málin voru í deiglunni, og við fengum þetta álit frá formanni Sjómannafélags Reykjavíkur. Ég hygg, að skoðun hans á þessu reynist hin sanna og rétta, að ekki sé hallað á undirmennina með þessari lagasetningu, en þeir fái meiri kjarabætur en yfirmennirnir á togurunum í gegnum sína samningagerð. Því vil ég trúa, þangað til reynslan sýnir mér annað.

Þá hefur verið sagt hér af hv. 1. landsk. þm., að það sé varhugavert að lögfesta tilboð annars aðilans, og þar á hv. þm. við yfirmennina á togurunum. Það var alls ekki gert á fyrsta stigi máls. Fyrst og fremst var sáttanefndin búin að þrýsta yfirmönnum á togurum eins langt niður og henni var auðið. Síðan ræddi ríkisstj. við þá, og þeir slökuðu til í tveim eða þrem þýðingarmiklum atriðum, þangað til menn voru sannfærðir um, að lengra yrði ekki með þá komizt niður á við. Að sumu leyti töldum við ekki sanngjarnt að þröngva þeirra kosti meira, ég vil a. m. k. segja það fyrir mig. Ég taldi, að þeir ættu að fá nokkrar kjarabætur. Þeir höfðu orðið við óskum ríkisstj. um að slaka á sínum kröfum umfram það, sem þeir höfðu gert við sáttanefndina meira að segja. Þegar málin stóðu þannig, og við vorum sannfærðir um, að þetta væri þeirra lokaboð, hvað gerðum við þá? Við höfðum ekki á hinn aðilann. Við tókum boð, sem þeir höfðu gert hins vegar frá og lögðum alls ekki byrðina af því að ganga að lægsta tilboði yfirmannanna á herðar togaraútgerðarmannanna. Við sögðum: Við skulum taka það á ríkissjóð. Og beggja boð standa til úrlausnar deilunni. Og þá vil ég spyrja? Á hvern er þá hallað? Það eru boð beggja aðilanna, sem liggja til grundvallar frv. Ég efast um, að það sé hægt að finna sanngjarnari lausn en þetta, ef lagaboði verður á annað borð að beita. Þarna er farin miðlunarleið, sem hvorugur aðilinn hefur nokkra ástæðu til að kvarta undan, af því að það eru boð beggja, sem eru tekin, og ríkissjóður borgar það sem kostar að ná endunum saman.

Hv. 2. þm. Reykv. deildi aðallega á ríkisstj. fyrir það, hversu seint hún brygðist við í þessu máli, og hafði uppi ásakanir á okkur út af því, að hinir lægst launuðu hefðu verið látnir standa

í langvinnu verkfalli. Það var vissulega alls ekki ríkisstj., sem lét háseta og undirmenn á togurum standa í verkfalli. Þeir höfðu sinn samningsrétt og höfðu fylgt honum eftir að eigin vild, og það leiddi til vinnudeilu, svo að þetta er af lítilli sanngirni mælt hjá hv. þm. Það var ekki ríkisstj., sem lét þá standa í verkfalli. En þegar þeir höfðu staðið nokkra hríð í verkfalli, hafði ríkisstj. afskipti af því að ræða einmitt við þá, undirmennina á togurunum og kanna, hvaða hugsanlegar kjarabætur þeir héldu, að þeir og þeirra skjólstæðingar mundu sætta sig við. Við fórum nokkuð nálægt því, sem þeir þá mátu að staðan væri, og í samráði við sáttanefnd og sáttasejara ríkisins var borin fram miðlunartill. Þar var sú leið reynd. Það er öllum kunnugt hvernig það fór. Það tekur sinn tíma að koma fram miðlunartill. og framkvæma atkvgr. í félögunum á bak við aðilana. Þetta var gert. En till. var kolfelld og leiddi ekki til lausnar á deilunni. M. ö. o.: samningamennirnir fyrir hönd undirmenna á togurum höfðu verið bjartsýnni en raun varð á, að væri framkvæmanlegt. Félögin felldu það, sem þeir höfðu lagt til í raun og veru og talið, að myndi leysa deiluna. Við því var svo ekkert að gera annað en að reyna lausn á ný, og það tókst með þeim giftusamlega hætti, að gengið var úr skugga um, hvað þeir nú teldu, að lágmarkið, sem sjómenn á togurunum mundu sætta sig við. Á sama hátt var rætt við togaraeigendur, togaraútgerðarmenn og komizt að niðurstöðu um það, hvað þeir teldu viðunandi lausn fyrir sitt leyti, og ákveðið, að ríkissjóður borgaði millibilið. Báðir aðilar tóku svo að sér að mæla með þessum úrlausnum í sínum herbúðum, og það gerðu þeir báðir drengilega. Og nú var sú lausn samþykkt. Það er nákvæmlega sama leið, sem við vildum fara nú til lausnar síðara verkfallinu, yfirmannaverkfallinu. En þar fór þannig, að annar aðilinn tók að sér að mæla með því, þ. e. a. s. yfirmennirnir á togurunum, en togaraútgerðarmenn neituðu þesari lausn. Þeir gerðu það strax á viðræðufundum við ríkisstj., svo að það var ekki um nein brigðmæli að ræða af þeirra hendi. Þeir tóku það ekki að sér að mæla með þessu, en voru þá komnir mjög inn á það, að þeirra aðalmál væri að fá vissu fyrir rekstrargrundvellinum, áður en deilan yrði leyst. En það er auðvitað allt annað mál heldur en hvað þurfi til þess að leysa sjálfa vinnudeiluna. Það held ég, að sé eitt ærið verkefni í einu að hafa sig fram úr því að leysa vinnudeiluna fyrst og fremst.

Ég get sagt frá því, að þegar við vorum að gera samkomulagið við aðilana í hásetaverkfallinu, höfðu togaraútgerðarmenn orð á því, að þeir vildu fá setta á fót viðræðunefnd frá ríkisstj., sem ræddi um rekstrargrundvöllinn við togaraeigendur. Þessu var lofað, og engu öðru var þar lofað. Þessi n. var tilnefnd daginn eftir, svo að ekkert stóð á því. Og þeir eru byrjaðir að starfa að því að kanna með fulltrúum togaraeigenda rekstrargrundvöllinn og það vandamál, sem þar blasir við. Það hefur enginn neitað því, að það sé vandamál. Það verk er í gangi. Nokkru síðar var svo haldinn fundur með togaraútgerðarmönnum og þessum fulltrúum ríkisstj., og þar var því lýst yfir, að ef við hygðum á skjóta lausn vinnudeilunnar, þá væri ekki ráðlegt að blanda þessum tveimur málum saman, því að þeir væru á byrjunarstigi þessarar könnunar og það hlyti að taka fremur vikur en daga að komast að niðurstöðu um það mál. Og það var að fenginni þessari vitneskju sannfæring mín, að það væri ekki skynsamlegt að binda þessi mál saman, lausn vinnudeilunnar og rekstrargrundvallarmálin, því að annað hlyti að taka langan tíma. En það var búið að verða við þeirri ósk, sem útgerðarmenn togaranna báru fram einmitt í lok hásetaverkfallsins. Þá var þessi könnun sett í gang, og hún er í gangi.

Hér er um tvö stór, aðgreind vandamál að ræða. Það er engin ástæða til þess að draga neina fjöður yfir það, að kröfur togaraeigenda eru um það, að í viðbót við 80—90 millj. kr., sem þeim voru greiddar fyrir töp s. l. árs, vilja þeir fá stórfé í viðbót og það strax. Þar á meðal vilja þeir, að því sé slegið föstu í byrjun þessa árs, að ríkið fari að borga styrki til þeirrar nýju tegundar af skipum, stórra skuttogara, sem eru að byrja rekstur. Ég held, að reynslan verði þarna að skera eitthvað úr, það verði að sjá til, hvort þarna er ekki að einhverju leyti um byrjunarörðugleika að ræða, því að þetta eru ný, stór skip og að vissu leyti á margan hátt ný tækni. Ég tel það ekki skyldu ríkissjóðs að hlaupa undir bagga og borga einkarekstri fyrir fram ákveðnar upphæðir meðan ekkert er vitað um aflabrögð þessa árs né hvernig útgerðaraðstaða þessara nýju skipa verður. Þar verður reynslan að skera úr. Og ef einhverjum stæði nærri að jafna halla síðasta árs og borga stórfé, tugi millj., kannske hundruð millj., út á óvissa afkomu ársins 1973, þá eru þar til aðilar, sem ættu að koma eitthvað við sögu. Bæjarútgerð Reykjavíkur ætti kannske að banka upp hjá Reykjavíkurborg ekkert síður en hjá ríkissjóði. (GH: Hún hefur gert það.) Hefur gert það líka hjá ríkissjóði. (GH: Í mörg, mörg ár.) Mætti ég spyrja um, hve margir tugir millj. hafi verið borgaðir af Reykjavíkurborg upp í halla ársins 1972 hjá Bæjarútgerðinni? (GH: Ég hef ekki tölur við höndina.) Nei, en tölurnar hjá ríkissjóði eru til, það eru 80—90 millj. kr., sem hafa farið til togaraútgerðarinnar, og beðið er um meira, ef togararnir eigi að fara í gang.

Sannleikurinn er sá, að hér er af nokkurri óbilgirni talað af þeim mönnum, sem kalla sig einkaútgerðarmenn, og það gengur ekki að segja bara: Þetta vantar okkur, ríkið verður að koma með það, annars verða skipin bundin, — sízt af öllu þegar um nýja tækni og ný skip er að ræða, sem ekki er komin nein reynsla á. En það hefur verið tekið af fullri sanngirni í þessi mál, og það hefur verið orðið við þeirri ósk að setja könnun færra manna í gang með fulltrúum togaraeigenda. Ég held, að í því efni standi ekkert upp á núv. ríkisstj.

Nú spyr hv. 2. þm. Reykv.: Hvernig ætlar ríkisstj. að standa undir þessari skuldbindingu

og hinni skuldbindingunni, samtals upp í 10 millj.? Þessari spurningu er nú að vísu frekar beint til fjmrh., hygg ég, og sjútvrh. að einhverju leyti heldur en til mín. En mér heyrðist á tóninum í þessum spurningum, að hv. 2. þm. Reykv. efaðist um, að ríkissjóður risi undir þessu öllu saman. En samt var seinasta spurning hans: Hvernig ætlar ríkissjóður að fullnægja kröfum togaraútgerðarmanna vegna um 100 millj. kr. halla á árinu sem leið og ámóta halla eða meiri á yfirstandandi ári samkv. spá? Ætli það sé bætandi á meiri loforðum, fyrr en niðurstaðan af könnuninni liggur fyrir. Við eigum ekki að vera svo bráðlátir, og það er ekki þeirra gleðitíðinda að vænta af þeim endalokum, að við þurfum að framkalla þau, fyrr en sú vitneskja getur með eðlilegum hætti legið fyrir. En þá er að horfast í augu við þann vanda. Ég efast ekkert um, að það er stórum erfiðleikum bundið fyrir ýmsa togarana að komast af stað, en þeir verða samt að reyna það, og það er verið að kanna þetta mál í samráði við þá að þeirra eigin beiðni.

Hv. 5. þm. Reykn. talaði af þekkingu og kunnáttu um erfiðleika útgerðar og margt í sambandi við það, en hans afstaða gagnvart þessu máli var sú, að það væri sízt of snemma gripið hér inn í og vinnudeilan væri þjóðfélagsvandamál og yrði því að koma til kasta þingsins. Hann minnti mig á það, að ég hefði sagt, þegar verkföllin voru að hefjast, að nú væri ekki tími til verkfalla, og var mér sammála um það. Þá var einn aðili í landinu að hefja verkfall og hætti við það. En hásetadeilan var þá hafin, og hásetar héldu því fram, að þeir hefðu dregizt svo aftur úr með sín launakjör, að þeir gætu ekki slíðrað sverðin, þeir yrðu að reyna að freista þess að fá bætur á sínum kjörum, og lentu í þessu langa, erfiða verkfalli. En sem betur fer, er sú vinnudeila farsællega til lykta leidd með frjálsu samkomulagi.

Hv. 5. þm. Reykn. bar kviðboga fyrir því, að þetta verkfall leysti málin á þann hátt, að yfirmenn kynnu að fá meiri kjarabætur en hinir lægra launuðu á togurunum. Ég hef ekki annað en staðhæfingu á móti hans staðhæfingu fram að bera í því efni. Ég trúi því, að það sé rétt mat hjá sáttasemjara ríkisins og sáttanefnd, að undirmenn á togurunum fái meiri kjarabætur og betri út úr sínum samningum heldur en yfirmennirnir með þessari löggjöf. Það er ekki oft, sem það getur komið fyrir, að það séu á skipi *færri yfirmenn en lög leyfa. Þar eru tölurnar ekki aðeins samningsbundnar, heldur* lögbundnar. Enginn þarf að bera kviðboga fyrir því eða gera sér rellu út af því, að 2. stýrimaður fái ofborgað fyrir sitt erfiði. Hann vinnur á þilfari eins og hásetarnir og á þannig siðferðilegan rétt, — um það verður ekki deilt, — til þess að fá auknar greiðslur, ef vinnuþunginn eykst á mann á skipi, vegna þess að færri vinna á þilfari en um var samið. Það væru þá vélstjórarnir og loftskeytamennirnir. En vélstjórar og loftskeytamenn segja: Ein ástæðan fyrir því, að hægt er yfirleitt að tala um fækkun á mönnum, og það hefur nú orðið að samningsatriði, er sú, að vélabúnaður skipanna hefur verið aukinn og margfaldaður, og þessi tæknibúnaður eykur starf bæði vélstjóra og loftskeytamanns, og þannig er ekki óeðlilegt, að þeir fái einhverja umbun fyrir það. Þeirra störf aukast og eru jafnvel ekki bundin við vaktir. En það er eitt, sem ég hef nokkrar áhyggjur af og skal játa, og það er, að í sjómannasamningunum við undirmenn hefur láðst að taka matsvein og hjálparmann í vél undir það ákvæði, að þeir skuli fá nokkra umbun, ef menn eru færri á skipi en umsamið er. Ég er viss um það, að þó hægt sé að rökstyðja það, að matsveinninn fái létti í sínu starfi, því að hann þurfi að matreiða fyrir færri menn, þá verða matsveinar ekki ánægðir með að vera þarna einir allra á skipi settir hjá. Alveg sama má segja um aðstoðarmenn í vél. En þetta eru menn, sem Sjómannasambandið ætti helzt að semja fyrir, en falla sennilega ekki undir yfirmenn. Þeirra kjör hafa meira fylgt hásetakjörunum. Þetta hygg ég, að sé yfirsjón, og ég held, að það sé eina lausnin, sem héðan af er fær, að ríkisstj. greiði þann mismun, sem þeim ber í hlutfalli við undirmenn á togurunum, þó að það sé utan við undirmannasamningana, og taka þá þannig með og gera þeirra hlut upp af sanngirni, þannig að þessir 2 menn eða 3, sem um gæti verið að ræða, ef aðstoðarmenn yrðu 2 í vél, bæru ekki skarðan hlut frá borði vegna þessara mistaka.

Að öðru leyti vona ég, að þessi löggjöf leiði til þess að útgerðarmenn fái nokkra kjarabót, en þó hlutfallslega minni en undirmenn á togurunum, og að reynslan skeri úr því á þann veg. Annað og fleira held ég, að ég sjái ekki ástæðu til á þessu stigi máls að ræða um. Ég held, að þær ásakanir, sem bornar hafa verið fram um það, að ekkert sé sinnt vandamálinu um rekstrargrundvöll togaranna, séu ekki á rökum reistar. Það var beðið um, að settir væru menn í þetta. Það var gert strax, og þeir menn hafa ekki legið á liði sínu. Þeir hafa haldið fundi fram að þessu, og málið er í miðjum *klíðum, í höndum hinna réttu manna, hinna* beztu manna.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það hafa verið rækilega dregin fram þau atriði, sem máli skipta. Það er enginn ágreiningur um það hér í hv. d. og *hefur ekki verið hér í þinginu*, að nauðsyn beri til að stöðva þessa kjaradeilu, sem hefur þegar valdið stórkostlegu tjóni fyrir þjóðina, og koma í veg fyrir það ömurlega ástand, að samtímis því, að hinir nýju togarar koma til landsins, þá verði það hlutskipti þeirra að vera bundnir við hafnargarða. Það er auðvitað ljóst, að ástand sem þetta er gersamlega óþolandi, og um það er ekki deilt, heldur hitt, hvernig að hafi verið farið við lausn vandans. Það hefur einnig verið rakið af ýmsum þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað, ekki hvað sízt af hv. 2. þm. Reykv., og skal ég ekki endurtaka neitt að því, sem hann sagði.

En mér fannst ýmislegt einkennilegt í ræðu hæstv. félmrh., sem og í ræðum þeim, sem fluttar hafa verið um þetta mál hér í þinginu, ekki hvað sízt ræðum hæstv. sjútvrh., þegar þetta mál var rætt hér fyrr í tilefni af fsp. frá hv. 2. þm. Reykv. fyrir alllöngu, en þá hafði verkfallið staðið ískyggilega lengi, enda þótt nú keyri um þverbak, hvernig þetta hefur allt saman gengið til, að það er ekki tekið til við að reyna að gera samninga við yfirmenn, fyrr en í rauninni, er búið að semja við undirmenn, og þá skella þessi ósköp yfir, enda þótt vakin væri þá athygli á því af hálfu útvegsmanna, að það hefði sáralitla þýðingu að semja við undirmenn, ef yfirmannadeilan yrði eftir sem áður óleyst. Það er fullyrt, að þá hafi hæstv. ráðh. lýst því yfir, að það væri engin hætta á slíku, vegna þess að það yrði ekki látið dragast að stöðva þá deilu þegar í fæðingunni, — ef ekki tækist að gera það með samningum, þá með öðrum hætti. Nú hefur þetta dregizt úr hófi fram, en látum það vera.

Það rifjast aðeins upp fyrir manni ýmis ummæli, sem verka kynduglega, þegar á málið er litið í heild. Hæstv. sjútvrh., lýsti því yfir, þegar fsp. var rædd hér á dögunum, að hann hefði verið búinn í rauninni að leysa þetta mál, þegar kjaradeila togarasjómanna skall á, og það hefðu aðeins verið smáatriði óleyst. Vöktum við, bæði ég og aðrir, þegar athygli á, að það hlyti að vekja hina mestu undrun, að síðan væri látinn líða mánuður, án þess að sættir tækjust, úr því að lítið bæri á milli, þegar kjaradeilan hefði hafizt. Nú segir hæstv. félmrh., að það hafi verið þrautreyndar allar leiðir, áður en þessi löggjöf er hér borin fram. Þetta finnst mér einnig stangast á við staðreyndir málsins og það, sem áður er búið að segja, vegna þess að það er þegar frá upphafi vitað, hver var aðalástæðan til þess, að ekki tókst að semja. Það var út af fyrir sig ekki viljaskortur togaraútgerðarinnar, hvorki gagnvart yfirmönnum né undirmönnum, heldur hitt atriðið, að það var enginn grundvöllur undir rekstri fyrirtækjanna. Og ég get ekki ímyndað mér, að nokkur telji það ábyrgðarleysi hjá einum né neinum atvinnurekanda að þrjóskast við að semja um kjör, sem hann sér, að er ekki nokkur möguleiki til þess að rísa undir, nema þá að til komi aðstoð ríkisvaldsins. Og því var lýst yfir í umr. um áður greinda fsp. af hálfu sjútvrh. og að því er ég hygg aldrei dregið í efa af neinum í viðræðum hæstv. ráðh. við samtök útvegsmanna, að útgerðin þyrfti á aukinni aðstoð að halda. En hví í ósköpunum mátti ekki tengja þessi mál saman og gera sér grein fyrir því, hvað væri talið fært að bjóða útgerðinni af hálfu ríkisins, úr því að í meginefnum var viðurkennt, að útgerðin þyrfti að fá aðstoð? Ég hygg, að ef þetta hefði verið tengt saman, þá hefði þessi deila verið leyst fyrir löngu og við stæðum ekki andspænis þeim vanda, sem við stöndum andspænis í dag. En af einhverjum undarlegum ástæðum hefur verið þrjóskazt við að horfast í augu við þessa hlið málsins og sagt: Hvaða vit er í því að gera tilboð af hálfu ríkisins, áður en samið er. Það verður að athuga málið á eftir.

Hvernig stóð á því, að það var samið við bátasjómenn á milli jóla og nýárs með aðild ríkisins og undir forustu hæstv. sjútvrh. og þá þegar í þeim samningum boðin ríkisaðstoð til þess að ná endum saman? Af hverju mátti ekki eins gera það nú? Það er sagt, að menn hafi ekki vitað um afkomu togaraflotans og séu sérfróðir menn núna að rannsaka þetta. Mér ofbýður að heyra slíkt borið á borð, hvort sem það er hæstv. félmrh. eða sjútvrh. eða hver sem það gerir. Það vita allir um afkomu togaraútgerðarinnar. Togaraútgerðin er búin að njóta styrks árum saman, og hann hefur verið byggður á rannsóknum, sem gerðar hafa verið á hverju einasta ári. Allar grunntölur eru til. (Gripið fram í.) Báðu þeir um hana? Datt ekki hæstv. ríkisstj. í hug, að þetta væri þáttur í málinu? Hafði hún ekki hugmynd um, hvað það var, sem strandaði á í þessari vinnudeilu? (Gripið fram í.) En hvað þá? Ég skil ekki þessi rök. Hún hefur verið búin að láta kanna það, og þó fer hún nú að láta byrja að kanna það. Þegar útgerðarmenn óska eftir því, þá fer hún að kanna það. Þetta er atriði, sem lá fyrir alveg frá byrjun. Og það gegnir furðu, ef það brýtur ekki í bága við það, sem hæstv. sjútvrh. sagði í Sþ. Hann sagði, að þá væri nýlega byrjuð athugun málsins, hvað kunni að þurfa til þess að aðstoða útgerðina, en hann sagðist alls ekki vilja gefa útgerðarmönnum það upp. Þetta veit ég, að hæstv. félmrh. hefur þá hlustað á, að hann telji það alveg fráleitt að gefa það upp fyrir fram, hverrar aðstoðar sé þörf. Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir nú fyrir hálfum mánuði, að þetta væri í fullum gangi, og hann lýsti því þá yfir, að það mætti ætla, að skriður kæmi á málið. Ég held ég kunni hér um bil orð hans, — þó að ég leggi það ekki í vana minn að læra orð hæstv. sjútvrh., enda breytir hann þeim töluvert frá degi til dags, — þá sagði hann þó í þetta skipti, að athugun væri langt komin, og það mætti búast við, að það kæmi skriður á málið. Ég held ég kunni hér um bil orð hans, — þó að ég leggi það ekki í vana minn að læra orð hæstv. sjútvrh., enda breytir hann þeim töluvert frá degi til dags, — þá sagði hann þó í þetta sikpti, að athugun væri langt komin, og það mætti búast við, að það kæmi þá skriður á málið. (**Gripið fram í:** Það var fyrir heilum mánuði.) Fyrir heilum mánuði já. Það er kannske til of mikils mælzt, að hæstv. sjútvrh. viti, hvað hann sagði fyrir heilum mánuði. En þá var þetta sagt af hæstv. ráðh., að það væri langt komið þeirri athugun og það mætti ætla, að þá kæmi skriður á málið, sem auðvitað var hárrétt. Þetta var alltaf það, sem beðið var eftir. Frá fyrstu tíð hafa útgerðarmenn sagt hæstv. ríkisstj., — og ég skil ekki annað en hæstv. félmrh. hafi verið með í þeim viðræðum, — að þetta byggðist allt á afkomu útgerðarinnar og hún gæti ekki staðið undir raunverulega neinum kauphækkunum nema því aðeins að fá aukna aðstoð. Þetta viðurkennir í rauninni hæstv. ríkisstj. með því að gera nú samning, sem er undirritaður af ráðh., — og það er eins gott að hafa plögg undirrituð formlega, sem rædd eru við

hæstv. ríkisstj., virðist vera, — þá er það viðurkennt, að það skuli taka á ríkið hluta af þessu, sem nú á að gera fyrir yfirmennina. Af hverju mátti ekki gera það í sambandi við samningana í heild strax í byrjun?

Ég held nefnilega, að það sé staðreynd málsins, og ég veit, að hæstv. félmrh. veit það ósköp vel, — hann hefur ekki verið á oddinum í þessu máli, þó að það hafi lent á hans herðar að flytja þetta frv. hér, þá hafa aðrir staðið þar að með eðlilegum hætti, hæstv. sjútvrh. fyrst og fremst, — að hefði verið tekið á þessu með sama hætti og hæstv. sjútvrh. gerði við bátaflotann milli jóla og nýárs, þá hefði togaraflotinn aldrei stöðvazt. Af hverju mátti ekki gera það eins? Fráleitt er að halda fram, að það sé vegna þess, að ekki hafi legið fyrir tölur, — þær tölur eru til og hafa verið lengi til hér uppi í hinni frægu stofnun. (**Félmrh.**: Hver er talan?) Ég held, að það séu margar tölur. Það er ekki algild tala í þessu. Hún er til, en það merkir ekki, að ég hafi hana í vasanum hér. Ég veit það ósköp vel, að þessar rannsóknir á afkomu togaraútgerðarinnar hafa verið gerðar á hverju einasta ári, og það er ekki flókið mál að gera sér grein fyrir því. Það er reikningsdæmi, sem ég veit, að hæstv. ráðh. gæti t. d. nokkurn veginn leyst án sérfræðinga, bara með því að kalla fyrir sig nokkra menn. Ég treysti honum alveg til þess. En kjarni málsins er þetta: Af hverju mátti ekki tengja þetta saman með sama hætti og þegar bátadeilan var leyst? Af hverju er það talin óhæfa í sambandi við togaradeiluna, þá alvarlegu deilu, sem staðið hefur? Þá eiga menn að þegja eins og Svinxinn, en í bátadeilunni milli jóla og nýárs telur sjútvrh. sjálfsagt að ganga í málið og bjóða fram aðstoð ríkisstj. til þess að ná endum saman. Og þegar hæstv. félmrh. segir, að það ætti að beina fsp. til hæstv. fjmrh., þeim sem hv. 2. þm. Reykv. var hér með áðan, þá langar mig til þess að skjóta inn í til hæstv. félmrh.: Var það borið undir hæstv. fjmrh., þegar bátadeilan var leyst og 160 millj. kr. teknar úr ríkissjóði? Ég er í miklum vafa um, að það hafi einu sinni verið borið undir þann ráðh., það hafi verið sýnd sú háttvísi þar, þannig að það er kannske erfitt fyrir hann að svara því.

Sannleikurinn er sá, að þetta er atriðið, sem mér finnst vera meginefni þessa máls og vera ásökunarverðast gagnvart hæstv. ríkisstj., ekki það, að hún beiti sér nú fyrir lögfestingu, þótt hún geri það með óskynsamlegum hætti, það er allt önnur saga, heldur hitt, að staðreynd málsins er, að ríkisstj. hefur unnið á alrangan hátt í þessu máli. Það er viðurkennt frá upphafi af henni sjálfri, að togaraflotinn verði að fá styrk, og hann hefur þegar fengið styrk miðað við þann kostnað, sem hann hefur búið við til þessa. Nú á að stórauka kostnað hans, og dettur engum í hug, að hann þurfi þá ekki styrk til þess að mæta þeim vanda. Þegar hæstv. ráðh. halda því svo fram, að menn þurfi enn í dag eftir margar, margar vikur að bíða eftir niðurstöðum könnunarnefndar um hag togaraútgerðarinnar, þá leyfi ég mér að mótmæla, að það hafi verið nokkur þörf á því. Þetta er vitað fyrir löngu, ef menn hafa kært sig um. Hitt er annað mál, að það einkennilega var, eftir því sem orð sjútvrh. urðu skilin í Sþ. fyrir 2—3 vikum, að þá hafði nýlega verið skipuð n. til þess að kanna þetta. (Gripið fram í.) Togaraútgerðina almennt? Er það ekki það, sem verið er að ræða um? Þetta er aðeins þáttur af vanda togaraútgerðarinnar, og hefði verið hægt að leysa hann með því að taka á málunum eins og gert var á milli jóla og nýárs og ekki var þá neitt talið forkastanlegt af hæstv. ríkisstj. Enda þótt þá lægi ekkert sérstakt fyrir um það, að bátaútgerðin þyrfti ríkisstyrk til þess að komast í gang, þá lá það ótvírætt fyrir frá byrjun um togaraútgerðina, og ég álít, að það séu alvarlegustu mistökin hjá hæstv. ríkisstj., sem hún verði sökuð um í þessu máli, að hún hefur haldið á málinu með þeim hætti frá upphafi, sem hlaut að leiða til stórkostlegra vandræða. Það hefði verið ámælisvert í rauninni fyrir togaraeigendur að ganga að kröfum langt um efni fram, án þess að hafa einhverja vitneskju um, að það væri möguleiki til að gera togaraflotann út. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, sem hefur verið komið inn á af öðrum aðilum, hvernig á að koma togaraflotanum út, jafnvel þótt togaraeigendur vildu það. Liggur hann ekki enn bundinn við bryggju? Hvernig er hægt að ætlast til, að viðskiptabankar togaranna fjármagni þá, vitandi að það er bullandi halli, án þess að ríkisstj. taki þá hreinlega ábyrgð á því, að hún ætli að sjá um að styrkja togarana sem þessu nemur? Það hefur verið upplýst, að það er stórhalli hjá togurunum á þessu ári, og ég er ekki búinn að sjá það, að viðskiptabankar togaranna láni þeim eina krónu til þess að fara á flot, nema það sé vitað, að þeim verði gert mögulegt að endurgreiða þau lán aftur, þannig að ég er ekki búinn að sjá, að þessi hnútur sé leystur, þó að þetta frv. verði samþ. Það getur vel verið góðra gjalda vert, eins og ég sagði, til þess að leysa þennan þátt deilunnar. En kjarni málsins er þessi: Með skynsamlegum vinnubrögðum hefði ekki þurft til þessa stórtjóns að koma, sem þjóðfélagið hefur orðið fyrir, og það er því miður hæstv. ríkisstj. að kenna, að til þessa kom.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð, þar sem vitnað var í af hæstv. félmrh., að einn ráðh. hefði haft samband við Hilmar Jónsson, formann Sjómannafélags Reykjavíkur. Ég kynnti mér málið, og það er rétt, hann hefur haft samband við hann, en Hilmar segir afdráttarlaust, að hæstv. ráðh., sem var sjútvrh., hafi sagt við sig í símanum: Ef við settum lög og ef við gerðum þetta og ef við hækkuðum hlutfallið, hvernig væri hans afstaða? Og Hilmar sagðist hafa svarað: Það verður þá að hafa það, við erum með bundna samninga og sækjum þetta strax og við getum. — Það var rétt, sem hæstv. ráðh. tók eftir í ræðu minni, að hér tel ég hættuna fólgna einmitt, að þetta leiði það af sér, dragi þann dilk á eftir sér, að undirmenn eða forsvarsmenn

undirmanna muni verða harðir næst, og er þeim það varla láandi, til að tryggja það, að ekki verði hallað á þá af hálfu hins opinbera, ef til vinnudeilna kemur.

Hæstv. ráðh. hefur veitt því athygli, að í samningunum, sem ég hef liggjandi hér á borðinu, er ekki komið til móts við hluta af skipshöfninni. Hins vegar tek ég orð hans þannig, og ég vildi, að það bærist til þeirra stéttarfélaga, að hann hefur haft um það góð orð hér í umr., að það er óréttmætt annað en þeir fái hliðstæða hækkun. Þetta er það, sem við erum að gagnrýna í stjórnarandstöðunni. Þeir hljóta að fá hliðstæða hækkun, annað væri ósæmandi. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að sýna þann skilning, og ég treysti því, að þeir fái það, þeir undirmenn, sem þetta nær ekki til.

Ég vil ekki lengja meira þessar umr. Það er fyrst og fremst deilt um þetta atriði, og það er þegar komin ákveðin lausn á þessu atriði varðandi þessa menn. En ég fæ samt ekki varist því að gagnrýna það, þegar færri hásetar eru á dekkinu — þrátt fyrir aukna tækni og annað — og þeir þurfa að leggja meira að sér, að ef hásetinn fær þannig 1000 kr., þá skuli 1. vélstjóri fá 1500. En ef fækkað er um 4. manninn, sem ég tel, að muni verða í raunveruleikanum, þá fær enginn háseti hærra þess vegna, heldur taka hinir vélstjórarnir á sig þann hlut. Það getur vel verið, að um aukna vinnu sé að ræða, en það er líka um verulega aukna sjálfvirkni að ræða, og finnst mér einhvern veginn að öll skipshöfnin ætti að fá einhvern hlut í þeirri þróun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 74. fundur.

Fimmtudaginn 22. marz, kl. 5 síðdegis.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390, n. 416, 417 og 418, 419). — 2. umr.

Of skamt var liðið frá 1 umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál var svo vandlega reifað hér bæði í framsögurræðu hæstv. félmrh. og í síðari ræðu hans við 1. umr. málsins, að ég tel ekki ástæðu til þess að vera langorður um málið á þessu stigi a. m. k. Það, sem hér er um að ræða, eru afskipti löggjafarvaldsins, ríkisvaldsins, og rök löggjafarvaldsins til þess að setja niður deilu, sem hefur staðið í tvo mánuði og hefur haft í för með sér margs konar háskalegar afleiðingar í þjóðfélaginu, þá deilu, sem valdið hefur því, að allur togarafloti landsmanna, þ. e. a. s. þeir togarar, sem eru yfir 500 brúttólestir að stærð, hefur stöðvazt í svo langan tíma. Það hefur í fyrsta lagi valdið óhemjulegu gjaldeyristjóni, sem nemur mörgum hundr. millj. kr. Það hefur truflað eðlilega atvinnustarfsemi í landinu hjá því fólki, sem í landi vinnur við fiskiðnað og fiskverkun. Og síðast, en ekki sízt, hefur þetta orðið okkur til vansæmdar út á við, kannske fyrst og fremst af tvennum ástæðum umfram þær venjulegu, þ. e. a. s. við stöndum í harðri deilu við tvö stórveldi um okkar landhelgi, og meðan togaraflotinn er stöðvaður, þá má segja, að þeim sé raunverulega gefinn einkaréttur á togveiðum við Ísland að verulegu leyti, þessum deiluaðilum okkar. Og í annan stað stendur svo á, að vegna þeirra náttúruhamfara, sem orðið hafa í landinu, þá má segja með nokkrum sanni, að við stöndum með útrétta höndina eftir fjárhagsaðstoð frá erlendum aðilum og jafnvel erlendum ríkjum, og það virðist því skjóta svolítið skökku við, að á sama tíma höfum við bundin við bryggju okkar aflasælustu skip, þau atvinnutæki okkar, sem oft hafa gefið einna mest í þjóðarbúið.

Það er sjálfsagt af þessum ástæðum öllum, og það er ekki umdeilt hér á hv. Alþ., að þessar deilur verði að setja niður, og það er ekki heldur umdeilt, að það verði að gerast með því, að löggjafarvaldið komi til skjalanna með einhverjum hætti. Hitt er aftur umdeilt nokkuð, hvort sá háttur, sem hér er á hafður, sé sá rétti eða hvort aðrir hefðu frekar komið til greina. En þetta mikilsverða atriði málsins vil ég leggja sérstaka áherzlu á, að allir eru sammála um það, að við svo búið má ekki standa. Hér er komið neyðarástand, óvenjulegt neyðarástand undir óvenjulegum kringumstæðum, sem ekki verður komizt hjá að binda endi á. Það breytir engu um þá fyrri og núv. afstöðu manna, ég vil vona flestra, ef ekki allra, sem í hv. d. sitja, að afskipti löggjafarvaldsins af slíkum málum séu algert neyðarúrræði, sem ekki eigi að grípa til, nema einskis annars sé kostur. Og ég held einmitt, að hér standi svo á, enda er nú hæstv. ríkisstj. frekar gagnrýnd fyrir það, hve seint hún hafi komið til skjalanna og hún hafi ekki tekið málin nógu sterkum tökum í upphafi, heldur en að hún sé nú of snemma á ferðinni með þær aðgerðir, sem eru fyrirhugaðar með setningu þeirra laga, sem hér er flutt frv. að. Það hefur oft fallið í minn hlut hér í hv. þd. á undanförnum árum og jafnvel rúmum áratug að andmæla slíkum afskiptum löggjafarvaldsins, og það má vel vera, að einhverjum þyki þess vegna, að ég og aðrir mínir félagar liggi vel við höggi, að öðruvísi hafi viðbrögð okkar verið hér áður fyrr. En ég vil benda á, að ég held, að alveg samsvarandi dæmi og þetta verði naumast fundið á síðustu árum og jafnvel síðustu áratugum, sem geri það jafnsjálfsagt og óumdeilanlegt, að löggjafarvaldið verði að grípa inn í.

Ég vil líka segja það út af því, sem um þetta atriði kom fram t. d. hjá hv. 1. landsk. þm., fyrrv. sjútvrh., að ég held, að það þyrfti ekki lengi að leita í ræðum, sem ég hef haldið um slík mál eða einhverju leyti sambærileg mál í tíð fyrrv. ríkisstj. að þá hafi ég alltaf haft þann fyrirvara á, að vitanlega gætu skapazt slíkar aðstæður, að það væri nauðsynlegt, að löggjafarvaldið gripi inn í, t. d. í þeim tilfellum, að mjög fámennir hópar misnotuðu þá aðstöðu,

sem þeir hafa, þau réttindi, sem þeir hafa til þess að gera verkfall eða verkbann eða annað því um líkt, þannig að allt þjóðfélagið liði fyrir það óbætanlegt tjón. Undir slíkum kringumstæðum verður ekki komizt hjá slíkum afskiptum. Og ég held, að það sé alger óþarfi við afgreiðslu á þessu máli að vera að núa mönnum því um nasir, að þeir hafi haft aðra afstöðu í svipuðu máli. Það er eingöngu um það að ræða, að mat manna á málefnum hverju sinni hefur verið misjafnt, og við því er auðvitað ekkert að segja.

Ég tel það út af fyrir sig ánægjulegt, að ekki þurfi að deila um þetta mikilvæga atriði, að það sé nauðsynlegt, að aðgerðir löggjafarvaldsins komi hér til. Hitt er svo á að líta, hvort sú gagnrýni á þessari lausn málsins, sem fram hefur komið, hafi við rök að styðjast og hvort aðrar aðferðir hefðu verið hentugri til lausnar á deilunni eða sanngjarnari. Það er auðvitað ekki nægjanlegt, að lausn sé sanngjörn, — ég vil taka það skýrt fram, — og allra sízt vil ég halda því fram, að á þessu frv. finnist engir agnúar, sem mætti bendla við það, að réttlátari niðurstöður hefðu komið til greina, því að mér þykir auðséð að slíkir agnúar séu á þessu frv., og kem ég kannske að því ofurlítið síðar. En það er ekki nægilegt í slíku máli að fullnægja réttlætinu, þótt það beri vitanlega að gera, að svo miklu leyti sem nokkur kostur er. Málið er náttúrlega um það, fyrst og fremst, hvort á að ljúka deilunni, hvort á að gera þær aðgerðir, sem duga til þess, að deilunni sé raunverulega lokið og því vandræðaástandi, sem af henni leiðir.

Það hefur verið sagt, að það hefði verið hentugra, að sáttasemjari hefði fyrst komið með till. og hún hefði gengið sinn gang til atkvgr. í samtökum deiluaðila og síðan hefði hún verið borin fram sem frv. Þetta hefur verið gert áður og mælzt misjafnlega fyrir. En það, sem upp úr stendur um þetta atriði, er í fyrsta lagi það, að sáttasemjari hefur ekki talið sér fært að bera fram neina sáttatill., eins og málið hefur verið vaxið, þannig að hvorki ríkisstj. né löggjafarvaldið hefur við neitt það að styðjast og hefur ekki heldur á valdi sínu að fyrirskipa sáttasemjara að flytja till. eftir sinni forskrift eða annarra. Hann fer eftir sínum starfsreglum og embættisskyldum, og er það sízt að lasta. En að hans dómi hafa þær boðið honum að haga sér þannig í málinu að bera ekki fram sáttatill., vegna þess að það væri vonlaust, að hún leiddi til lausnar á deilunni. Þetta kom fram hjá sáttasemjara á fundi með félmn. beggja deilda í gær, að hann hefði talið það algerlega tilgangslaust að bera fram slíka sáttatill. Það hefur líka komið fram hjá hæstv. félmrh., að það hefur verið mikið reynt að fá deiluaðila til þess að koma sér saman um frjálsan gerðardóm, sem getur oft og tíðum verið æskileg aðferð í kjaradeilum, en það hefur ekki verið tekið í mál af deiluaðilum. Þá er ekki eftir annar möguleiki en að lögfesta gerðadóminn. Ég segi fyrir mitt leyti, — það er kannske smekksatriði, — að ef ég þarf að hafa afskipti af því á löggjafarþinginu, að það skipti sér af svona deilum, þá vil ég heldur sjá, hvað er verið að gera, sjá það svart á hvítu og geta dæmt um það eftir því, sem efni standa til, heldur en að senda málið út í óvissu gerðardómsins. Ég held, að það sé eðlilegra sjónarmið af hálfu þeirra, sem sá vandi er á herðar lagður á löggjafarþinginu að semja frv. um lausn á slíkum deilum. Að öðru leyti er kannske, eins og ég sagði, smekksatriði, hvort menn vilja gerðardóm frekar en ákveðna lagalausn. En að mínum dómi þá er gerðardómur miklu óviðfelldnari, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég hefði verið miklu tregari til að ljá þeirri aðferð lið heldur en þeirri, sem er viðhöfð, þó sérstaklega ef þess er gætt, hvernig í pottinn er búið varðandi þá lausn, sem hér er um að ræða.

Ég verð að segja með hæstv. félmrh., að þegar lausn er byggð annars vegar á atriðum, sem annar aðilinn vill eftir atvikum sætta sig við, og hins vegar aðstoð þriðja aðilans, til þess að mótaðilinn skaðist ekki á að ganga að þeirri lausn, þá spyr ég: Hver þarf að kvarta? Yfir hverju þurfa útvegsmenn að kvarta, þegar þeim er boðin ríkisaðstoð til þess að brúa bilið, sem liggur á milli tilboðs yfirmanna og þess tilboðs, sem þeir sjálfir lögðu fram? Þeir greiða nákvæmlega það, sem þeir höfðu áður tjáð sig fúsa til að borga yfirmönnum, hvorki meira né minna. Ég get ekki séð, að á öðrum aðilanum sé níðzt í þessu tilfelli og raunar engum, sem þessi deila snertir. Það er að vísu um það að ræða hér, að búið er að semja við undirmenn á togurunum með frjálsum samningum, og þeim samningum verður vitanlega ekki breytt, nema með samþykki beggja samningsaðila, fyrr en í lok samningstímans. Þá er auðvitað rétt að geta þess, að stundum hefur það komið fyrir í samskiptum atvinnurekenda og launþega, að samningum hafi verið breytt, án þess að til uppsagnar kæmi á samningstíma, og það má vel vera, að þann aðalágalla, sem mér sýnist á þessu frv., takist að leiðrétta á samningstímanum og jafnvel áður en langir tímar líða.

Í því sambandi vil ég leggja sérstaka áherzlu á það, sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan varðandi kjör matsveins og aðstoðarmanns eða manna í vél. Ég tel, að nái frv. samþykki og með tilliti til gerðra samninga, þá sé það hrópandi misræmi, sem skapast í þeirra kjörum, — ekki þannig, að það sé níðzt á þeim á þann hátt, að þeirra samningar, sem umboðsmenn þeirra hafa gert fyrir þá, séu í nokkru hreyfðir, það stendur allt eins og það á að standa, en þarna kemur fram greinilegt misræmi, sem þarf að leiðrétta og ég held að verði leiðrétt, áður en margir dagar eða margar vikur líða. Ég held, að það mál sé þannig vaxið, að það komi ekki til mála, að þessi hluti skipshafnarinnar láti bjóða sér það að vera allt í einu kominn niður fyrir háseta í launakjörum. Hins vegar tel ég ekki, að ríkisstj. eða þeir, sem hafa staðið að þessu frv., verði hér ásakaðir. Hér er um það að ræða, að umboðsmenn þessara manna hafa gert ákveðinn samning um það, að þeir skuli ekki vera með í þeim uppbótum,

sem koma á laun þegar mönnum fækkar á dekki, og það hefur verið þeirra mat, að sanngirni mælti ekki með því. Hins vegar snýr það mál dálítið öðruvísi við, eftir að yfirmenn hafa fengið kröfum, sem hafa verið gerðar af þeirra hálfu í mörg ár, framfylgt, að fækki mönnum á dekki, þá skuli þeir einnig fá fyrir það nokkra launauppbót. Hvort það telst eðlilegt eða ekki, um það má sjálfsagt lengi deila. Ég held þó, að yfirmennirnir hafi þar nokkuð til síns máls, að fækkun á dekki sé möguleg að nokkru leyti fyrir aukinn tækjabúnað og að nokkru leyti fyrir vinnuframlag yfirmanna, þannig, að það sé ekki óeðlilegt, að hér sé hafður sami háttur á og yfirleitt er á bátaflotanum, að þegar hásetum fækkar, þá njóta allir skipsmenn þar góðs af. Þá er ekki heldur eðlilegt, eins og ég sagði, að þessir undirmenn, sem ég tilgreindi, matsveinn og aðstoðarmaður í vél, séu þar afskiptir. Ég vil satt að segja ekki trúa því, ef ríkisstj. er fús til, og ég gat ekki skilið orð félmrh. öðruvísi, að greiða fyrir því fjárhagslega, að þessi mismunur verði bættur útvegsmönnum, en að þeir séu manna fúsastir til að leiðrétta þetta atriði, því að mér finnst það mikið sanngirnismál. Auk þess yrði vafalaust með því leyst sambúðarvandamál, sem hljóta alltaf að skapast meðal skipshafnarinnar, þegar svona misræmi kemur fram, og hljóta að vera útvegsmönnum heldur óhentug.

Það hefur verið sagt, að þetta frv. væri ósanngjarnt að því leyti, að yfirmönnunum væri gert miklu hærra undir höfði en undirmönnunum og þeir fengju miklu meiri hlutfallslegar kjarabætur en hásetarnir fengu. Ég held, að um þetta megi lengi deila og án þess að komast að niðurstöðu, svo að menn geta sitt á hvað, þegar þeir hlusta á þessa málsaðila, eins og við gerðum í félmn., verið dálítið mikið sammála síðasta ræðumanni. Það er nefnilega þannig, að það er ekki auðvelt að skera hér úr og segja, að annað sjónarmið sé algjörlega rangt og hitt sjónarmiðið sé rétt. Það er, held ég, sannast mála, eins og kom greinilega fram hjá sáttasemjara og sáttanm., að málið sé þannig, að miðað við þann afla, sem almennt hefur verið á togaraflotanum að undanförnu og hann hefur því miður farið minnkandi, má minnki bilið milli tekna hásetans annars vegar og yfirmannsins hins vegar. Held ég, að á þessu geti ekki leikið neinn vafi, enda geta menn að sumu leyti lesið sér til um það í frv. A. m. k. þarf ekki að beita blýantinum ýkjamikið til að sjá það, að annars vegar fastakaupið, sem er annar aðalliður teknanna, hækkar svo að segja um sömu prósentutölu hjá báðum, þannig að það hlutfall virðist haldast nokkurn veginn eða jafnvel alveg nákvæmlega. En á hinum póstinum er um það að ræða, að aflapremía almenns háseta, sem er annar aðalhluturinn af tekjum hans hækkar úr 0.576% í 0.780% eða nálægt 35%. En hjá yfirmönnunum er þetta svolítið misjafnt. Ef við tökum t. d. 1. vélstjóra þá hækkar hann úr 1.63% í 1.83%, en það er 12.2%. Þetta gefur greinilega vísbendingu um, hvað hér er um að ræða. Hitt er svo annað mál, að kjörin eru þannig uppbyggð, að yfirmennirnir byggja tiltölulega að meira leyti á aflaprósentu heldur en fastakaupi, það er stærri hluti af þeirra launum, þannig er aflinn, sem um borð er dreginn í hvert skip, ræður að mestu um það, hvaða hlutfall hér er um að ræða. Það getur sem sagt verið, að bilið minnki. Það getur einnig verið, eins og Guðlaugur Þorvaldsson, einn sáttanm., orðaði það á fundi félmn., að ef afli vex mikið og mannskap er fækkað, þá getur bilið breikkað. Hins vegar sagði Torfi Hjartarson: Ef afli rýrnar, þá getur vel verið, að yfirmennirnir dragist óeðlilega niður, þannig að þeirra kjör verði lakari hlutfallslega heldur en þau hafa verið." Þannig sjá menn, að það er ekki eins auðvelt og hv. 5. þm. Reykn. vildi vera láta hér áðan, að komast að alveg óyggjandi rökstuddri niðurstöðu um það, hvort hér er um að ræða breytingu á innbyrðis hlutfalli milli háseta og yfirmanna eða ekki.

Til þess að ekki sé verið að gera tilraun til blekkinga, vil ég geta þess, að hér kemur það auðvitað inn í málið, hvort sá hluti af kjarabótum hásetanna, sem fenginn er með fækkun manna á dekki, á að reiknast hér inn í sem hrein kjarabót eða ekki. Það getur að sjálfsögðu verið deiluefni líka. En hitt er ekki deiluefni, að þeir munu bera þetta meira úr býtum í sambandi við aflaverðmæti heldur en þeir hafa gert áður.

Annað, sem hefur verið deilt um í þessu sambandi, er minni háttar, og ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega út í það. Því er t. d. haldið fram, að vélstjórar fái með þessu frv. alveg nýjan rétt til þess að skipta á milli sín hlut þess vélstjóra, sem vantar um borð. Hér er um algeran misskilning að ræða, því að í þessum samningum er ekkert slíkt ákvæði. Það er algerlega óbreytt frá því, sem verið hefur, og vélstjórarnir hafa þennan rétt samkv. gildandi lögum, en ekki samkv. samningum. Og það er næsta ólíklegt, að hér gæti verið um raunverulega stórkostlegt praktískt spursmál að ræða, þar sem það er lögbundið, hvað vélstjórar skuli vera margir, og ég hygg, að það þurfi að koma til annaðhvort, að sú skylda sé uppfyllt að hafa þann tilskilda fjölda vélstjóra, eða þá að gefa undanþágur, en í hvorugu tilfellinu mundi vera um neinar tekjur að ræða fyrir vélstjórana, — ekki, ef þeir eru eins og lög segja til um, og ekki heldur, ef undanþága er veitt frá lögunum, þannig að hér er ekki um neitt nýtt mál að ræða eða neitt óréttlæti, sem skapað er með þessum lögum. Það er á allt annann hátt, sem þetta hefur gerzt.

Nú er það svo í sambandi við þetta og matið á því, hvað er hlutfallslegt, þá vil ég aðeins nefna það, sem mér finnst ástæða til, að afli togaranna hefur því miður farið minnkandi, minnkaði held ég á s. l. ári um 11 þús. tonn, ef ég man rétt, frá árinu áður. Það má auðvitað vel vera, og það er vonandi, að sú þróun snúist við í sambandi við útfærslu okkar landhelgi. En ég tel, að á næstunni, þ. e. a. s. á þessu ári, þeim tíma, sem þessir samningar eiga að standa,

séu því miður ekki neinar sterkar líkur á því, að hér verði einhver alger umskipti, sem geti haft það í för með sér, að kjarahlutföll milli yfirmanna og undirmanna geti af þeim ástæðum raskazt stórkostlega. Ég held, að því miður séu ekki líkur á því. Hitt er auðvitað ekki nema alveg eðlileg afstaða forustumanna sjómannafélaganna, að þeir bendi á, hvað hér er á ferðinni. Það eru engin undur, þótt þeir bendi á það, að þeir leggja til verulegan hluta af kjarabótinni sjálfir með því að fækka mannskap og vera færri í þeirri vinnu, sem framkvæma þarf um borð. Og það er engin furða, þó að þeir bendi á það, að kjarahlutföllin geti breytzt þeim í óhag. Þetta eru ekki nema eðlileg og mannleg viðbrögð, sem auðvitað munu síðar ráðast af því, hvernig þróun mála verður varðandi aflabrögðin, því að það er hinn algeri reikningslegi grundvöllur undir því, hvort hér er um að ræða misræmi af völdum þessarar lausnar eða ekki.

Það skal játað, að þó að þetta mál hafi verið hér til athugunar í hv. þd. og félmn. núna í tvær dagstundir, þá er auðvitað fjarri því, að hægt sé að búast við því, að hver einasti þdm. hafi sett sig nákvæmlega inn í öll þau flóknu kjaraatriði, sem hér geta komið inn í umr. um þetta mál, og ég játa fúslega, að því er ekki þannig varið með mig, að ég geti í öllum tilvikum gert mig að sérstökum dómara um þetta. En það, sem mér finnst algert aðalatriði málsins, er, mér er óhætt að segja sú staðreynd, að þessi háskalega deila leysist ekki nema með þessum hætti. Það er engin önnur till. í boði, hvorki utan þings né innan, sem getur leyst málið nema þessi lögfesting, sem hér er um að ræða. Sáttatillöguleiðina hef ég rætt um. Gerðardómur mundi ekki leysa hana, vegna þess að báðir aðilar eru því andstæðir. Hins vegar held ég, að þessi till., þ. e. a. s. að ganga til móts við þær lágmarkskröfur, sem yfirmennirnir hafa fengizt til að þrýsta sér niður í, og að ríkisvaldið komi þá til skjalanna og greiði þann mismun og kostnaðarauka, sem af þessu stafar, sé eina hugsanlega leiðin til þess að leysa deiluna nú. Það má vel vera, ef verkfallið hins vegar héldi áfram, að það kæmi upp á þessu annar flötur, sem hægt væri að skoða. En hver telur, að ekki sé mál til komið að stöðva deiluna, svo að togaraflotinn geti haldið áfram eðlilegur störfum.

Það hefur blandazt hér inn í umr. ýmislegt tal um rekstrargrundvöll útgerðarinnar, og ég skal ekki draga neitt úr því, að rekstrarörðugleikar útgerðarinnar hafa verið miklir, og yfirleitt trúi ég flestu slæmu, sem um það er sagt. En ég vil líka benda á það, að slík deila við ríkisvaldið getur hæglega komið upp, þó að engin kjaradeila sé, og hefði áreiðanlega komið upp núna, þó að bæði undirmenn og yfirmenn á togaraflotanum hefðu haft sína samninga bundna og ekki hefði komið til neins verkfalls, því að sannast mála mun það, að samanlagðar kröfur undirmanna og yfirmanna á togurunum munu aðeins nema hluta af þeim kröfum, sem útgerðin er að gera til ríkisvaldsins. Það kann að hljóma svolítið einkennilega, að við höldum því fram, að hér sé um tvö aðskilin mál að ræða. En ég held, að það, sem ég núna sagði, skýri það alveg fullkomlega, að deilan milli útvegsmannanna og ríkisvaldsins um það, sem útvegsmenn kalla bærilegan rekstrargrundvöll fyrir togarana, hún hefði verið til, þó að þessi deila hefði aldrei verið háð, og hana hefði þurft að leysa og hana þarf að leysa, hvað sem þessu líður.

Hér er um það að ræða, að togaramenn þurfa að fá leiðréttingu á sínum kjörum í sambandi við almenn launakjör í landinu. Það er staðreynd, sem ég held, að allir viðurkenni, sem hafa athugað málið eitthvað, að sjómennirnir og ekki sízt togarasjómennirnir hafa dregizt aftur úr í kaupgjaldsþróuninni, tekjuþróuninni í landinu. Þeir þurfa að fá á þessu leiðréttingu, ef nokkur von á að vera til þess, að hægt sé að manna flotann. Þess vegna ber svo undarlega við, að það vandamál hefði þurft að leysa alveg án tillits til þess, hvort deilan milli togaraeigenda og ríkisstj. var á döfinni eða ekki, og að því leyti eru þetta tvö óskyld mál. Ég ætla hins vegar ekki að fara neitt út í þær hnippingar, sem orðið hafa út af því, hvernig ríkisstj. hafi tekið á þeim málum. Ráðh. eru betur til þess fallnir og meira viðeigandi, að þeir svari fyrir það, heldur en ég.

Það, sem hér er um að ræða, er, að þessari deilu ljúki að því er varðar deilur um kjörin. Ég tel, að það sé fjarri því, að nokkur, hvorki undirmaður né yfirmaður, fái kjarabætur út úr þessum samningum, sem þeir verða taldir of sælir af miðað við almenn launakjör í landinu. Í launakerfi, sem gefur kost á því, að hálaunamaðurinn hafi 4—5 sinnum hærra en undirmaðurinn, tel ég ekki neitt sérstaklega óeðlilegt við það, þó að togaraskipstjóri fái milli tveggja og tveggja og hálfs hásetahlutar, miðað við þá ábyrgð og þá vinnu, sem hann leggur af mörkum. Og ef á að breyta okkar launakerfi þannig, — sem ég skal sízt mæla gegn, heldur tel á því almenna og brýna nauðsyn, — að kjör þeirra lægst launuðu séu bætt umfram aðra, þá held ég, að ef á að fara að breyta launamismun og launahlutföllum í landinu, þá ætti að byrja einhvers staðar annars staðar en á togaraflotanum. Það er sannfæring mín. En þar með er ég sízt að segja, að undirmennirnir hafi verið of sælir af sínum samningum. Ég tel, að þar hafi verið um algerar lágmarkskröfur að ræða, sem þeir fengu í gegn, og hefðu mátt gjarnan vera meiri, miðað við aðra og miðað við það vinnuframlag, sem þeir láta af hendi. En með þessu frv. er ekki á nokkurn hátt verið að níðast á þeim. Það er ekki snert við einum stafkrók í þeim samningum, sem þeir gerðu með frjálsum og eðlilegum hætti, þannig að að því leyti þurfa þeir ekki neitt undan þessu frv. að kvarta. Hitt er svo annað mál, að ef reynslan á þessu ári sýnir, að aflabrögð og annað komi þannig út, að hér verði um vaxandi launamismun að ræða, þá hlýtur það að hafa sínar afleiðingar varð-

andi kröfur undirmannanna, þegar til samninga verður gengið á næsta vetri. Það gefur auga leið.

Herra forseti. Ég er reyndar orðinn langorðari um þetta en ég ætlaði í fyrstu. Ég vil aðeins skýra frá því, að félmn. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Eins og fram kemur á þskj. 416, erum við þar 4 í meiri hl., sem leggjum til, að frv. verði samþykkt án breytinga, en síðan koma þm. Alþfl. og Sjálfstfl., sem skila sérálitum í svipaða átt og flokksbræður þeirra gerðu í Nd., og þeir munu að sjálfsögðu gera nánari grein fyrir þeim. En það er sem sagt niðurstaða meiri hl. n. að mæla með því, að frv. verði samþ. án breytinga.

Frsm. 1. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það er enginn ágreiningur um, að það þurfi að leysa fyrir atbeina löggjafarvaldsins þá togaradeilu, sem mál þetta fjallar um. Togaraverkfallið er að allra áliti búið að standa allt of lengi. Það er aldrei gott, þegar mikilvirk framleiðslutæki eru látin liggja ónotuð, eins og hefur verið gert í þessu tilfelli. Það er mikið tjónið, sem við höfum orðið fyrir frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ofan á þetta kemur það, að á þessum tíma eða um þetta leyti ber að hina miklu ógæfu í Vestmannaeyjum. Á sama tíma, sem eru framréttar hendur hvarvetna með gjöfum handa okkur, horfum við á það, svo vikum og mánuðum skiptir, að þessi stórvirku framleiðslutæki eru látin vera ónotuð. Þetta er ofan á allt annað okkur til lítils sóma. Það er þess vegna ekki að undra, að við séum allir sammála um, að mál sé, að þessu linni.

Það hefur verið rætt um það og deilt um það, hvernig stendur á því, að þetta verkfall hefur staðið svo lengi. Ég skal ekki fara að fjölyrða um það. Ég hygg, að það standi, sem talsmenn Sjálfstfl. og raunar Alþfl. eða stjórnarandstöðunnar hafa haldið fram, að af hálfu ríkisstj. hefur verið á þessu máli tekið með miklum vettlingatökum. En nú er það, sem máli skiptir, að leysa þessa deilu. En þá kemur það upp, þó að við séum sammála um, að það sé nauðsynlegt að grípa til atbeina löggjafarvaldsins til þess að leysa deiluna, að það er gert með nokkuð öðrum hætti en áður hefur tíðkazt eða ég hygg að dæmi séu til. Venjulega hefur það verið svo, þegar komið hefur til kasta Alþ. að leysa vinnudeilu, að þá hefur það annaðhvort verið gert í því formi, að samþykkt hafi verið lög, sem hafa lögbundið sáttatillögu í málinu, eða þá að sérstakur gerðardómur hefur verið settur til þess að leysa deiluna. Nú er hvorugt gert í þetta sinn, og við það höfum við sjálfstæðismenn að athuga. Við teljum, að það sé óeðlilegt að fara þannig að, að lögbinda, — eins og segir í grg. með frv. þessu, sem hér er til meðferðar, — lokatilboð samninganefndar yfirmanna á togurum.

Hv. síðasti ræðumaður, frsm. meiri hl. félmn., spurði, hvað væri að þessari aðferð, þegar það væri upplýst, eins og hann sagði, að það væri farið að till. yfirmannanna, en jafnframt væri gert ráð fyrir, að ríkið hlypi undir bagga með hinum aðilanum, til þess að hann gæti staðið undir því, sem á milli ber. En málið er bara ekki svo einfalt. Það er fleira, sem varðar rekstur togaranna og hallarekstur, sem allir eru sammála um að sé, heldur en sá munur, sem er á lokatilboði yfirmanna og því, sem útgerðarmenn mundu vilja hafa fallizt á. Og það kann að vera, að það hafi einhver áhrif á það, ef ríkisstj. stendur við fyrirheit sitt að greiða þennan mismun. Það kann að hafa áhrif á aðrar aðgerðir ríkisstj. og hvað annað hún gerir til þess að gera rekstur togaranna mögulegan hallalausan. Þau eru léttvæg þessi rök.

Svo eru önnur rök, sem hv. síðasti ræðumaður færði fram fyrir því, að það væri ekki fært nú að fara hina venjulegu leið, þ. e. a. s. lögbinda sáttatill., vegna þess að það hefði engin sáttatill. verið borin fram. Og hann bætti við, að það væri ekki á valdi ríkisstj. að fyrirskipa sáttasemjara að gera slíkt. Veit ég það. En það er kannske á valdi ríkisstj. að gera eitthvað í sambandi við þessa deilu, sem gæti skapað það ástand, að sáttasemjari hefði séð sér fært að bera fram sáttatill. Það eru fjölmörg atriði, sem koma þar til greina. Maður skyldi ætla, að eitthvað, sem ríkisstj. aðhefðist, gæti haft áhrif á hið almenna ástand og þann grundvöll, sem þyrfti að skapast, til þess að hægt væri að bera fram sáttatill. Nei, þetta eru ekki rök fyrir þeirri afstöðu, að það sé ekki hægt að lögbinda sáttatill. Þvert á móti eru þetta rök fyrir því, sem ég sagði áðan, að ríkisstj. hefði haldið frámunanlega slælega á þessu máli og viðhaft hreinustu vettlingatök.

Um gerðardóminn, þá leið, sagði hv. síðasti ræðumaður ýmislegt. En ég ætla ekki að fara að elta ólar við það allt saman. Hann fann greinileg þörf hjá sér til þess að verja hina óvenjulegu aðferð og gefa skýringu á því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið getur ekki fallizt á þá eðlilegu lausn, sem við sjálfstæðismenn bendum á, þ. e. a. s. að settur sé sérstakur gerðardómur til þess að leysa deiluna, fyrst ekki er hægt að fara þá leið, sem ég mundi ætla, að hefði verið bezt, að lögbinda sáttatill. En hv. síðasta ræðumanni, frsm. meiri hl. félmn., varð nokkuð tíðrætt um, hvers vegna ekki væri rétt að setja sérstakan gerðardóm í málið. En ég vil benda þessum hv. þm. á það, að það er áreiðanlegt, að ef þessi leið væri farin, þá mundi það liggja óyggjandi og ótvírætt fyrir, hver niðurstaða gerðardómsins er. Og þegar öllu er á botninn hvolft, þá skiptir það nokkru máli, að vita, hvað gert er. En hér hafa menn bæði í þessari hv. d. og í hv. Nd. verið að deila einna mest um það, hvað það þýddi, sem þetta frv. inniheldur. Menn hafa verið að deila um það í fyrsta lagi, um hvað mikla kauphækkun væri að ræða hjá yfirmönnunum, og í öðru lagi, hvort kauphækkun yfirmannanna væri hlutfallslega hærri eða lægri en kauphækkun undirmannanna, sem þeir fengu með frjálsum samningum. Þetta er ekkert til þess að státa af. Ég held, að hvernig sem við lítum á þessi mál, þá hefði hvor leiðin sem var, annaðhvort að lögbinda sáttatill. eða fallast

á till. okkar sjálfstæðismanna að setja gerðardóm í málið, verið betri en sú leið, sem lagt er til, að farin sé, með frv. því, sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, klofnaði félmn. í þessu máli. Félmn. beggja d. héldu tvo fundi í gær. Málið var þar allítarlega rætt, en það kom þegar í ljós, að ekki var samstaða í n. Og það var útséð um það á fundi félmn. þessarar hv. d. í dag, að af samstöðu gat ekki orðið. Við hv. 6. þm. Reykv. skilum sérnál. á þskj. 417 og flytjum við frv. brtt. við 2. gr., sem felur í sér, að hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra sem 1. gr. frv. tekur til. Gert er ráð fyrir í till. okkar, að hæstiréttur ákveði, hver hinna þriggja gerðarmanna skuli vera formaður dómsins. Og þá er gert ráð fyrir, að gerðardómurinn kveði upp úrskurð svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 26. marz n. k., þ. e. a. s. það geti ekki orðið nema fjögurra daga dráttur, þar til úrslit gerðardómsins liggja fyrir. En burtséð frá því, gerir till. okkar ráð fyrir, að kjaraákvæði gerðardómsins skuli gilda frá gildistöku þessara laga. M. ö. o.: það er enginn dráttur á máli þessu, það frestar ekki á neinn hátt, að togararnir geti leyst landfestar og hafið veiðar, þó að þessi leið sé farin. Við hv. 6. þm. Reykv. sjáum ekki neitt mæla gegn því, að farin sé sú leið, sem við leggjum til með þessari brtt. Ánægjulegt væri, ef menn sæju, þó að ekki væri fyrr en á elleftu stundu, að þessi leið er hin eðlilega og rétta.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda tel ég, að flest sé komið fram, sem máli skiptir í sambandi við þetta mál, og læt því nægja að vísa til ræðu minnar við 1. umr. málsins hvað efnishlið og afstöðu okkar Alþfl.-manna snertir. En ég hef, svo sem flokksbræður mínir í Nd. gerðu, flutt á þskj. 419 brtt. um, að aftan við 2. gr. frv. bætist ný mgr. eins og þar segir, og er hún flutt til tryggingar því, að undirmenn á togaraflotanum njóti sama réttar, þegar mönnum fækkar í yfirmannaliði, eins og yfirmenn njóta, þegar fækkar hjá undirmönnum. Að öðru leyti vísa ég, eins og ég áðan sagði, til ræðu minnar við 1. umr. málsins og þess nál., sem ég hef látið frá mér fara sem 2. minni hl. félmn. og birtist á þskj. 418. Ég vil jafnframt geta þess, að verði þessi brtt. mín ekki samþ., mun ég sjá mig tilneyddan að flytja við 3. umr. málsins brtt. um, að kjarasamningar undirmanna verði lausir, þannig að undirmönnum gefist kostur á því, ef þeir sjálfir óska þess, að gera tilraun til að fá þá leiðréttingu, sem ekki hefði fengizt, ef till. mín verður felld.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég tek undir þá skoðun manna, sem fram hefur komið, að stöðvun togaraútgerðarinnar hafi staðið lengur en forsvaranlegt sé, og þegar slíkt ástand hefur skapazt, sem nú á sér stað, þá verði Alþ. að láta málið til sín taka og finna þá lausn, sem aðilar geta eftir atvikum sætt sig við.

Það liggur fyrir, að útgerðarmenn töldu sig ekki geta gengið frá samningum við yfirmenn, fyrr en fyrir lægi, hvers konar stuðnings væri að vænta af hálfu hins opinbera. Og ástæðan fyrir því er sú, að ríkisstj. hafði gefið óljós fyrirheit um aðstoð til að fá grundvöll fyrir útgerðina. Það segir sig sjálft, að eftir því sem meira vantar á það hjá togaraútgerðinni, að tekjur hennar í beinu sambandi við útgerðarkostnaðinn nægi til þess að standa undir honum, þá er útgerðarmönnum meiri vandi á höndum í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga, sem fela í sér stóraukin útgjöld. Hins vegar er öllum fyrir löngu orðið ljóst, að kjaradeila sú, sem þetta lagafrv. á að leysa, hefur staðið lengur en svo, að við verði unað frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Hitt er svo annað mál með hvaða hætti mál þetta ber að, og þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur við lausn deilunnar. Það mun algert einsdæmi, að löggjafinn hafi blandað sér í vinnudeilu á þann hátt, sem hér er gert. Það er lögfest tilboð annars aðilans eins og það lá fyrir á síðasta samningsfundi, eins og sagt er í grg. fyrir frv. Þegar það er haft í huga, að ríkisstj. hafi áður haft þau afskipti af kjaradeilunni að skipa sáttanefnd í málið, þá virðist vera augljóst mál, eins og jafnan áður, þegar eins hefur staðið á, og útséð hefur verið um, að frjálsir samningar tækjust, þá hafi að lokum verið borin fram sáttatill. eða málamiðlunartill., og nái slík till. ekki samþykki, er að sjálfsögðu eðlilegra að lögfesta þá till. og ljúka málinu á þeim grundvelli.

Nú hefur það komið fram í umr. um þetta mál, að ríkisstj. hafi ekki getað fengið af hendi sáttasemjara neina slíka till. í þessu máli. Það kann vel að vera. Ég skal ekki rengja hæstv. félmrh. um það, að málið hafi verið þannig vaxið í augum sáttasemjara eða sáttanefndar, að hún hafi ekki getað fengið till. frá n. í þessu máli. En til þess að bregða þá ekki út af venjulegum vinnubrögðum átti ríkisstj. vitanlega að velja hinn kostinn, sem hafður hefur verið við lausn slíkra mála, en það er að setja málið í gerð dómbærra manna með oddamanni frá hæstarétti til þess að skera úr um það. Það er algengt, að slíkt sé gert, og þess er skemmst að minnast, þegar deila átti sér stað nú um áramótin við vélstjóra í frystihúsunum, þá var sú deila leyst með samkomulagi um gerðardóm. Það er ýmist, að samkomulag milli deiluaðila um að skipa slíkan gerðardóm, eða þá að hið opinbera hlutast til um, að slíkur gerðardómur sé settur. Það er sú till., sem sjálfstæðismenn flytja við lausn þessa máls.

Ég vil segja, að slíka yfirlýsingu sem hér hefur komið fram af hendi ríkisstj. og stjórnaraðila sé alveg ástæðulaust að taka alvarlega, því að ef það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að slík miðlunartill. hafi ekki fengizt, þá átti vitanlega að fara hina leiðina, sem ég hef minnzt á. Ef það er haft í huga, að það eigi

að reyna að miðla málum þannig, að báðir aðilar geti eftir atvikum sætt sig við niðurstöðuna, þá er það vitanlega alveg út í bláinn að taka till. annars aðilans og lögfesta hana, en fara ekki millileið, sem metin væri af dómkvöddum mönnum.

Um það, hvort þau kjör, sem yfirmenn á togurunum hljóta samkvæmt þessum samningum, eru sanngjörn eða ekki, tel ég mig ekki geta dæmt. Mér hefur alla tíð verið það ljóst, að sjómenn þurfa og eiga að búa við góð kjör miðað við það, sem á sér stað í landi. En því miður hefur sá grundvöllur, sem þessi höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar hefur átt við að búa, verið of þröngur, — það hefur ekki verið á færi sjávarútvegsins að keppa um vinnuafl það, sem hinar ýmsu þjónustugreinar í landi hafa boðið í og vinnuaflið sækir nú til í æ ríkara mæli.

Áður en ríkisstj. tók þá ákvörðun að lögbinda þau kjör, sem í frv. þessu eru, hafði hún upplýsingar um það frá sinni eigin stofnun, þ. e. hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hallarekstur togaraútgerðarinnar á s. l. ári væri um 181 millj. 500 þús. kr., áður en til kæmu bætur úr aflatryggingasjóði og framlag ríkissjóðs, sem nam samtals á árinu um 82 millj. kr. Nettómismunurinn verður því 99 millj. Samkvæmt niðurstöðum sömu stofnunar er spá hennar sú, að heildartapið á yfirstandandi ári muni nema 176 millj. kr., en þá niðurstöðu fær stofnunin miðað við óbreytta samninga. Hvað hallinn verður mikill, þegar miðað er við tilkomu hinna nýju kjarasamninga, er að sjálfsögðu ekki búið að reikna út. En það eru þessar afkomuhorfur, sem blasa við togaraútgerðinni, þegar gengið er að samningaborðinu við sjómannasamtökin, þar sem nýjar kröfur koma fram um bætt kjör þeim til handa.

Nú hafa forsvarsmenn ríkisstj. og hæstv. félmrh. haldið því fram hér, að útvegsmenn þurfi ekki að kvarta í þessu máli, vegna þess að ríkisstj. hafi boðizt til að greiða það, sem á milli ber, 6—7 millj. kr. Það sjá allir heilvita menn, að ef það, sem um væri að ræða í þesari samningagerð, væri ekki nema 6—7 millj. kr., þá væri fyrir löngu búið að ná endum saman og semja í þessari kjaradeilu. Það er vitanlegt, að þegar útgerðarmenn höfðu boðið sitt lokaboð, þá hafa þeir gefið sér vissar vonir í sambandi við þau fyrirheit, sem hæstv. forsrh. var búinn að gefa um fjárhagslegan stuðning. Ef það hefði verið aðeins um þessar 6—7 millj. að ræða, sem hér hefur verið haldið fram, að ríkisstj. ætli að brúa, og þess vegna hafi verið ástæðulaust fyrir útgerðarmennina annað en að ganga að þessu samningstilboði, sem fyrir lá, þá horfði málið náttúrlega allt öðruvísi við. En dæmið er því miður miklu stærra. Þessi atvinnurekstur er í svo mikilli óvissu um sína afkomu, að honum er vissulega vorkunn, þegar hann þarf að standa í samningum við sjómannasamtökin um kjör þeirra. Að sjálfsögðu þekkja engir frekar en útgerðarmennirnir sjálfir, að þeim er nauðsynlegt að geta greitt starfsmönnum sínum betur en starfsgrundvöllur þeirra hefur leyft, til þess að þeir fái sambærileg laun við það, sem á sér stað hjá öðrum stéttum, þar sem um er að ræða miklu léttari og auðveldari störf en sjómannastörfin eru.

Ég skal ekki tefja afgreiðslu þessa máls með langri ræðu. En ég vil að lokum segja, að eins og nú horfir, er ekkert sýnilegra en að með lögfestingu þessa frv. sé togaraútgerðin skilin eftir í algerri ófæru og það muni fljótlega koma í ljós, að hún á engra kosta völ annarra en að hafa skipin áfram bundin við landfestar um ófyrirsjáanlega framtíð, nema til komi verulega aukinn stuðningur af hendi hins opinbera eða á annan hátt. Munu ráðamenn þjóðarinnar komast að raun um það áður en langt um líður, að ástandið er mjög alvarlegt, og útgerðin er ekki fær um að halda skipunum úti, nema til komi verulega aukin aðstoð frá hinu opinbera og það umfram það, sem þegar hafi verið opinberlega a. m. k. gefin fyrirheit um.

Nú vita allir, að útgerðin verður að sækja undir viðskiptabanka sína um fjármagn til áframhaldandi rekstrar. Og hver láir viðskiptabanka það, þó að hann hiki við að veita mikla fjármuni til þess atvinnuvegar, þegar fyrirsjáanlegt er samkv. gerðum athugunum af hendi opinberrar stofnunar, að um stórfelldan hallarekstur verði að ræða? Hver láir slíkri lánastofnun, þótt hún hugsi sig um, áður en hún veitir miklu fjármagni út í slíkan atvinnurekstur?

Ég endurtek, að það er mín skoðun, að þó að annar málsaðilinn sætti sig við niðurstöðu frv. og það, sem að þeim snýr, þ. e. a. s. yfirmennirnir, þá sé ástandið lítið betra hvað snertir atvinnuveginn í heild, að reksturinn haldi áfram, skipin verði gerð út, heldur en þótt vélstjórarnir og yfirmennirnir hefðu neitað að ganga um borð í skipin. Það er ekkert við skipshafnir að gera á þau skip, sem verða bundin við landfestar og hafa ekki grundvöll til þess að fara á veiðar, vegna þess að ekki er fyrirsjáanlegt, að þeir, sem eru forsvarsmenn fyrir útgerðinni, sjái fram á, að þeir geti staðið í skilum við þá menn, sem þeir eru að semja við eða ráða á skip sín. Ástandið er eins og ég hef lýst. Hæstv. ríkisstj. verður að horfast í augu við það og aðrir þeir, sem hafa haft hönd í bagga að afgreiða þetta mál á þennan hátt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 417 felld með 11:7 atkv.
— 419 felld með 11:8 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 75. fundur.

Fimmtudaginn 22. marz, að loknum 74. fundi. fundi.

Kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, frv. (þskj. 390). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og ég boðaði við 2. umr. málsins, mun ég nú, eftir að brtt. mín við þá umr. var felld, bera fram svo hljóðandi skrifl. brtt., að aftan við 3. gr. frv. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Kjarasamningar undirmanna á botnvörpuskipum, dags. 9. marz 1973, eru úr gildi fallnir."

Ég vil óska þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir því, að till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Abrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 421) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 421 felld með 11:2 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 423).

Neðri deild, 69. fundur.

Fimmtudaginn 22. marz, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í upphafi þingfundar í gær kvaddi hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, sér hljóðs utan dagskrár og gerði að umtalsefni, að frv. um breyt. á l. um Landhelgisgæzlu Íslands hefði ekki verið afgreitt úr hv. allshn. Af svörum formanns allshn., hv. 4. landsk., mátti ráða, að ástæðan væri sú, að ekki hefði borizt svar frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar, Pétri Sigurðssyni, við fyrirspurnum sem til hans hafði verið beint og óskað eftir skriflegum svörum. Nú ætla ég ekki að deila á hv. formann. Ég veit, að formaðurinn sagði þetta eftir beztu vitund. En það kom fram í ræðu formannsins í gær að hann var fjarverandi þingstörf fyrir jólin. Ég vildi ekki taka þátt í þessum umr. í gær vegna þess að ég var ekki alveg viss um, að ég myndi gang mála rétt, en nú hef ég kynnt mér málið og tel nauðsynlegt að koma hér að leiðréttingum.

Mál þetta hefur verið tekið fyrir á 4 fundum allshn., fyrst þann 7. nóv., og þá var ákveðið að fá til viðtals við n. ráðuneytisstjórann í dómsmrn., Baldur Möller, og forstjóra Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson. Þeir komu á fund nefndarinnar 14. nóv. og þá er gerð svo hljóðandi bókun: „Gestir sátu fyrir svörum." Síðan er bókun 12. des., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Stefán Valgeirsson skýrði frá því, að hann hefði ítrekað beiðni n. til forstjóra Landhelgisgæzlunnar um kostnaðaráætlun fyrir nýtt varðskip og fyrir endurbætur í landi. Ólafur G. Einarsson og Halldór Blöndal óskuðu eftir því, að afgreiðslu málsins væri hraðað, þannig að það kæmi fyrir Alþingi fyrir afgreiðslu fjárlaga." Síðan er engin bókun um þetta mál fyrr en á 14. fundi, nú fyrir rúmri viku, að ég spurðist fyrir um afgreiðslu málsins. Var þá ákveðið að fresta umræðum um það til næsta fundar, eins og kom fram í gær hjá hv. 4. landsk. þm. Það, sem aftur á móti gerðist, var það, að forstjóri Landhelgisgæzlunnar sendi, — ég veit ekki, hvort hann sendi n. eða varaformanni n., hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, bréf frá danska fyrirtækinu Ålborg Værft, sem smíðaði Ægi, og í því bréfi, sem dags. er 30. ágúst 1971, þá kemur fram, að byggingarkostnaður skips, sem er systurskip Ægis, yrði þá 22 millj. danskra króna, en Ægir kostaði á sínum tíma rúmlega 13.8 millj. danskra króna. Hækkunin hafði þá orðið tæp 59%.

Þetta voru þær upplýsingar, sem forstjóri Landhelgisgæzlunnar lét í té. Það getur svo verið matsatriði, hvort þessar upplýsingar hafi þótt nægjanlegar eða ekki. Ég vil þó geta þess, að þetta sama bréf fékk hv. fjvn. í hendur frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar, þegar í þeirri n. var til afgreiðslu till. til þál. um eflingu Landhelgisgæzlunnar, till. frá ríkisstj., sem var samþ. hér á sínum tíma, skömmu fyrir jól.

Ég held, að ég verði að segja það alveg eins og er, að það, sem olli því, að þetta frv. var ekki afgreitt fyrir afgreiðslu fjárlaga var það, að hv. stjórnarliðar töldu ekki liggja fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar um það, hvað varðskip kostaði. En það verður líka að segja það, að þetta verður að metast sem fyrirsláttur einn. Það, sem þarna var um að ræða, var það, að í frv. var gert ráð fyrir, að farið væri að safna í sjóð til þess m. a. að byggja varðskip og til þess að kaupa tækjabúnað fyrir Landhelgisgæzluna til gæzlu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo og til þess að byggja yfir Landhelgisgæzluna í landi. Frv. gerði ráð fyrir að árlegt framlag ríkissjóðs yrði 75 millj. kr. Það gat ekki skipt höfuðmáli í þessu sambandi, hvað nýtt varðskip mundi kosta. Það lá alveg ljóst fyrir, að slík upphæð yrði ekki veitt á fjárl. ársins 1973.

Ég taldi nauðsynlegt að koma þessari leiðréttingu hér að, vegna þess að af því, sem fram kom hér í gær og í fréttum Ríkisútvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps, mátti ráða, að það, sem væri því valdandi, að frv. hefði ekki fengið afgreiðslu, væri, að beðið væri eftir umsögn eða upplýsingum frá forstjóra Landhelgisgæzlunnar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég held að það séu ýmis fleiri mál, en þetta, sem hafa ekki verið afgreidd úr allshn. og öðrum n. hér í þinginu, þannig að það sé ekkert einstakt um þetta mál. Ég veit ekki betur en að það séu ýmis stjfrv., sem n. hefur verið með og er með, og að það sé nú ekki neitt sérstakt með þetta frv. út af fyrir sig.

Það er alveg rétt, sem síðasti ræðumaður

sagði, að gangur málsins var eins og hann gat um. Við fengum forstöðumann Landhelgisgæzlunnar á fund ásamt ráðuneytisstjóranum í dómsmrn. og spurðum þá út úr, og við óskuðum eftir ákveðnum upplýsingum frá Landhelgisgæzlunni. Við fengum aðeins hluta af þeim, þ. e. a. s. hvað þetta skip hefði kostað fyrir nokkrum árum og hvað væri líklegt, að það mundi kosta nú, en alls ekki um, hvað mundu kosta þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar væru í landi. Við fengum vilyrði fyrir því að fá þessar upplýsingar, og ég hef litið þannig á, að ef maður biður um ákveðnar upplýsingar, þá sé það óeðlilegt að afgreiða mál, áður en þær liggja fyrir.

Ég vil benda á það líka, að eftir að það skeði, sem hv. 11. landsk. þm. sagði, hafa fulltrúar sjálfstæðismanna í n. aldrei minnzt á þetta mál fyrr en á síðasta fundi. Þeir gátu tekið þetta mál upp hvenær sem var í n., en það hafa þeir ekki gert, það er staðreynd, fyrr en þeir spurðu um þetta nú síðast.

Ég er hissa á því, að það skuli vera gert svona mikið veður út af þessu frv., þar sem það er staðreynd, að það hefur ekkert verið legið á því frekar en ýmsum öðrum málum. Það þarf að athuga þessi mál, og meira að segja eru mörg stjfrv., sem hefur verið legið á alveg eins og á þessari till., ef hægt er að kalla það að liggja á málum.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt út af fyrir sig, þó að þm. geri athugasemd út af því, að þeim þykir dráttur hafa orðið á málum. Hins vegar er með öllu óeðlilegt að menn fari út í efnisumr. um það mál, sem fyrir liggur, í sambandi við það, en á því fannst mér örla hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni.

Út af því, sem hér hefur verið sagt, vil ég segja það, að ekki skal standa á neinum upplýsingum frá Landhelgisgæzlunni í þessu sambandi, og það er auðvelt að snúa sér annað hvort til mín eða dómsmrn. og óska eftir því, að þær upplýsingar, sem þörf þykir vera á, séu í té látnar. Og það þarf ekki að vefjast fyrir neinum, að það er þörf á fé í þessu skyni.

Ég vil upplýsa það, úr því að farið er að tala um þetta, að ég hef fyrir nokkru skipað nefnd þriggja manna til að kanna og athuga um kaup, leigu eða byggingu á skipi til Landhelgisgæzlunnar. Í þessari nefnd eiga sæti, Pétur Sigurðsson forstjóri, Egill Sigurgeirsson hrl. og Óttar Karlsson skipaverkfræðingur. Það er alveg rétt, sem hv. þm., sem síðast tók hér til máls, sagði, að það hefur verið dráttur á fleiri málum en þessu eina. Ég minni á, að ég hygg, að það sé hátt upp í það eins langt síðan ég lagði fram frv. um fangelsi og vinnuhæli, sem var tekið ákaflega vel hér á þingi og stjórnarandstæðingar lýstu yfir fylgi við, en það hefur ekki verið afgreitt enn úr nefnd.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins drepa á þá athyglisverðu staðreynd, að hæstv. forsrh. virðist þurfa að láta eigin flokksmenn, þ. á m. hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem er varaformaður í þeirri n., sem hér hefur komið til umræðu, og gegndi formannsstörfum, þegar málið var til umræðu vita um það, hver sé yfirmaður þessara mála og hvert hann eigi að snúa sér í leit að upplýsingum, og þess vegna sé allt fyrirsláttur, sem hann hafði hér fram að færa í sambandi við þetta mál. Þá ætti auðvitað hæstv. forsrh. að vita í sambandi við þau mál, sem hann flytur, að það er ákaflega auðvelt fyrir hann að leita til eigin stuðningsmanna í téðri nefnd, þar mun vera meiri hl. þeirra, svo að óþarft er að blanda stjórnarandstöðuþingmönnum inn í þetta mál.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að það geta ekki orðið efnisumræður um mál, þegar verið er að finna að afgreiðslu mála eða töfum, sem á afgreiðslu eru í þinginu. En ég vil alvarlega aðvara þm., sem gegna formennsku í n. að afsaka sig í þessum efnum, því að það er í raun og veru ekki verið að sakast við neinn einn þm., hvorki formann né varaformann n., og það hef ég ekki gert. Þegar ég hef gert aths. um þetta, hef ég um leið vakið athygli á því, að þetta er einn af vankönunum í okkar þingstörfum, það er starfsemi þingnefndanna. Þetta er iðulega þannig, að mál koma fram í byrjun þings og liggja í nefndum, stundum kannske ekki af því, að menn vilji liggja á þeim, ég skal ekkert segja um það, heldur er þetta staðreynd, og svo koma þessi mál á síðari hluta þings og tefja fyrir þingstörfum, en eru þess eðlis mörg hver, að það væri með fljótu bragði hægt að afgreiða þau. Í því sambandi finnst mér, að menn eigi að gera það upp við sig, hvaða afstöðu skuli taka til mála. Ef menn hafa mismunandi skoðanir á málunum, þá verða þar meiri og minni hluti eins og gengur og gerist. En fyrst og fremst ber að leggja kapp á að afgreiða málið. Það mundi greiða fyrir öllum þingstörfum.

Ég tel nú, að þetta hafi verið þarflegar umræður utan dagskrár hér í gær og í dag, til þess að vekja athygli á þessu frv. Miðað við þær undirtektir, sem það hefur fengið, og enda þau tilsvör, sem komu í gær frá hv. form. n., mun þetta mál verða tekið til afgreiðslu alveg á næstunni, og það er það, sem máli skiptir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil, herra forseti, taka undir það, að nefndir starfi betur en verið hefur, og ekki fara að greina það neitt í sundur. Ég bendi á, að sá háttur var upp tekinn á hv. Alþingi að hafa yfirleitt fundi 4 daga vikunnar, en ekki 5, jafnvel 6, eins og var áður fyrr, til þess að nefndir notuðu föstudaginn til þess að ryðja frá sér málum. Það eru mikil vonbrigði, að þessi háttur hefur ekki orðið til þess að greiða jafnmikið fyrir nefndarstörfum og menn vonuðust eftir. Ég vil taka mjög sterklega undir það, að nefndir drífi málin frá sér og láti þau fá einhverja afgreiðslu eftir sinni skoðun.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 376). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um lítið frv. að ræða, sem þegar hefur farið í gegnum Ed. og hlotið afgreiðslu þar. Gert ráð fyrir í þessu frv. að gera nokkra breytingu á tiltölulega nýsettum lögum um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu. Er gert ráð fyrir í frv., að upp verði komið sérstökum flutningasjóði og greiðslum í hann, eins og segir í 1. gr., og að loðnulöndunarnefnd, sem lögin gera ráð fyrir, stjórni greiðslum úr þessum sjóði. Eftir þessari breyt. er óskað að samkomulagi þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. útvegsmanna, sjómanna og verksmiðjueigenda. Hér er því um fullkomið samkomulagsmál að ræða, og í rauninni hefur þetta verið í framkvæmd að undanförnu. Vil ég því vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar hér í deildinni, afgreiði það fljótlega, enda er hér um mjög einfalt mál að ræða og ólíklegt, að hér sé um nokkurn ágreining að ræða.

Ég vil, herra forseti, óska eftir því, að þessu frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, (þskj. 377 (sbr. 351)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig komið frá Ed. Það fjallar um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir allverulegum breytingum á þessum gjöldum frá því, sem verið hefur, en þær breytingar eru allar gerðar í fullu samráði við þá aðila, sem þessi gjöld eiga að greiða, og reyndar þeirra aftur að njóta úr þeim sjóði, sem aðallega á að taka við tekjunum, svo að hér er væntanlega ekki heldur um neitt ágreiningsmál að ræða.

Meginbreytingarnar, sem er gert ráð fyrir í þessu frv., eru þær, að svonefnt magngjald, útflutningsgjald, sem er í formi magngjalds, af ýmsum sjávarafurðum er hækkað talsvert, þó er það í einu tilfelli lækkað. Ástæðan til þess, að magngjaldið er hækkað, er sú, að útflutningsverðið hefur hækkað mjög verulega, síðan magngjaldið var ákveðið á sínum tíma, og er því í rauninni með því að hækka gjaldið nú, en halda áfram magngjaldsforminu, verið að gera ráð fyrir hliðstæðu útflutningsgjaldi miðað við verðlag og áður var. Það er í þessu sambandi einnig gert ráð fyrir nokkurri lækkun á magngjaldi á einni tegund, en ástæðan er sú, að þar er um að ræða framleiðsluvöru, sem hefur verið í tiltölulega lágu verði og erfitt að halda því hráefnisverði á vörunni, sem þar hefur verið ákveðið. Því er gjaldið af þessari framleiðsluvöru lækkað.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, — og það er það, sem munar mest um, — að hækka talsvert útflutningsgjaldið af fiskmjöli, einkum loðnumjöli. Útflutningsgjaldið á þeirri vörutegund var mjög lágt, vegna þess að verðið á þessari framleiðsluvöru var óhagstætt á s. l. ári, og þá var útflutningsgjaldið haft lágt. Nú er hins vegar útflutningsverðið á þessari vöru mjög hagstætt, og þá er gert ráð fyrir að hækka útflutningsgjaldið.

Nokkrar aðrar minni tilfærslur eru gerðar á þessum gjöldum, og sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í það. En meginástæðan fyrir flutningi frv. er að afla Tryggingarsjóði fiskiskipa aukinna tekna, en hann hefur verið rekinn með allverulegum halla að undanförnu. Með frv. er gert ráð fyrir að leiðrétta þennan mismun að verulegu leyti.

Þetta frv. er, eins og ég sagði, flutt í fullu samráði við bæði samtök sjómanna og útvegsmanna, og var í rauninni gengið út frá þessum breytingum við þá verðákvörðun á fiski, sem samkomulag tókst um s. l. áramót, svo að fiskverðið þá var miðað við það, að útflutningsgjöldin yrðu þau, sem segir í þessu frv. Þar sem málið hefur fengið fullnaðarafgreiðslu í Ed. og verið rækilega athugað þar, vænti ég þess einnig, að sú n., sem fær þetta mál til afgreiðslu hér, geti afgreitt það tiltölulega fljótlega enda er mjög brýn þörf á því vegna innheimtu á þessu gjaldi. Vil ég mælast til þess, að málið verði afgreitt mjög fljótlega.

Herra forseti. Ég óska þess, að frv. gangi til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu, og ég vona, að hún afgreiði það eins fljótt og tök eru á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 398). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur gengið í gegnum Ed., fékk þar skjóta og góða afgreiðslu og var þar afgreitt samhljóða og ágreiningslaust.

Ástæður til þess, að þetta frv. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu er flutt, eru þær, að síðustu ár hafa verið mjög vaxandi erfiðleikar á því fyrir íbúa Austur-Skaftafellssýslu og þá alveg sérstaklega fyrir hina ört vaxandi byggð og hið ört vaxandi athafnasvæði á Höfn í Hornafirði að hafa samband við sýslumann Skaftafellssýslu eða að sýslumaðurinn gæti veitt viðunandi þjónustu í þessum hluta umdæmis sins. Það stafar að

sjálfsögðu ekki af því, að það hafi verið skortur á vilja hjá hlutaðeigandi sýslumanni til að inna þetta starf af hendi, síður en svo, heldur er það vegna þeirrar aðstöðu, sem þarna er fyrir hendi og ég þarf ekki hér að eyða orðum að, menn þekkja þær. Hafa á undanförnum árum verið gerðar fjöldamargar samþykktir á fundum í Hafnarhreppi og í rauninni í sýslunni allri um þetta mál, þar sem óskað hefur verið eftir því, að settur væri sérstakur lögreglustjóri á Höfn í Hornafirði.

Mér er ljóst, að frá almennu sjónarmiði verður sjálfsagt ekki talið æskilegt að fjölga umdæmum eða skipta umdæmum þeim, sem fyrir eru, þar sem slíkt mundi leiða til kostnaðarauka. Á það jafnvel við um fjölmennari umdæmi, hvað þá heldur þau fámennustu, eins og hér er nú um að ræða. En ég held, að það geti ekki verið nokkur ágreiningur um það, að í þessu tilfelli er um alveg sérstakar aðstæður að ræða, að þarna er fyrir hendi alger sérstaða. Þótt svo fari sem allir vona, að ekki verði langt undan, að langbráð vegasamband komist á milli Hafnar og Víkur, þar sem aðsetur sýslumannsins er, þá er það svo, að mér er tjáð, að það mundi væntanlega taka sýslumanninn u. þ. b. 5 tíma að komast á milli þessara staða eftir þeim vegi. En eins og er nú háttað, verður sýslumaðurinn fyrst, ef hann ætlar að fara austur til Hafnar að aka til Reykjavíkur og síðan að fljúga frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði.

Það hefur verið talað um að reyna með ýmsu móti að bæta úr þessu hálfgerða vandræðaástandi, sem þarna hefur verið af þessum sökum, t. d. með því, að sýslumaður hefði sérstakan umboðsmann til afgreiðslu, og mun það raunar hafa verið gert. En það mun viðurkennt, að það hafi ekki verið fullnægjandi og ekki svarað til hinna ört vaxandi þarfa Hafnarkauptúns.

Hafnarhreppur er nú, eins og kunnugt er, fjölmennasti hreppur á eystri hluta landsins. Þar var íbúatalan 1. des. s. l. um 1013 íbúar. Bendir allt til þess, að sú þróun og sú vaxandi starfsemi, sem þar hefur átt sér stað að undanförnu, muni halda áfram og íbúum þessa staðar muni fjölga mjög á næstunni.

Eins og ég vék að, hafa verið athugaðar ýmsar leiðir til úrbóta í þessu efni, og þá hefur borið á góma að skipta hreinlega Skaftafellssýslu í tvö umdæmi, þar sem austursýslan væri sérstakt lögsagnarumdæmi og sýslumaður sæti þá í Höfn, vestursýslan sérstakt umdæmi og sýslumaður sæti í Vík. En það, sem stendur í vegi fyrir þessu, er, að þá yrðu þessi umdæmi hvort um sig heldur fámenn, svo að menn hafa ekki viljað að svo stöddu a. m. k. fara þá leið. Það hefur verið talað um, að sýslumaðurinn í Vík hefði sérstakan fulltrúa búsettan á Höfn í Hornafirði, en á því hafa einnig verið taldir annmarkar.

Það er nú svo, að þótt mönnum sé ljóst og þótt menn játi, að hin forna umdæmaskipting í lögsagnarumdæmi sé í ýmsum tilfellum orðin úrelt, þá er hún mjög fastmótuð í hugum manna, og sannleikurinn er sá, að þegar á að fara að hreyfa eitthvað við henni, verða örðugleikar á því. En það er mál, sem ekki verður komizt hjá að taka til athugunar, og það mál er hinni svokölluðu réttarfarsnefnd eða dómstólanefnd m. a. ætlað að taka til athugunar, þ. e. umdæmaskiptinguna yfirleitt að því er dómsmál varðar. En það er augljóst mál, að álit þeirrar n. getur ekki legið svo fljótlega fyrir, að það leysi þá þörf, sem hér er fyrir hendi. Þess vegna hefur verið horfið að því ráði, sem gert er með þessu frv., að setja sérstakan lögreglustjóra fyrir Hafnarkauptún, takmarka lögsögu lögreglustjórans við Hafnarhrepp, en fela honum þar hin víðtækustu verkefni, þannig í reyndinni svarar hann til bæjarfógeta að þessu leyti, þótt ekki sé um kaupstað að tefla. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að valdsvið þessa lögreglustjóra sé talsvert víðtækara en valdsvið t. d. lögreglustjórans í Bolungarvík og þeirrra annarra lögreglustjóra, sem um skeið voru settir hér á fót, en þau lögreglustjóraumdæmi eru nú öll orðin bæjarfógetaumdæmi og þeir bæjarfógetar, nema lögreglustjórinn í Bolungarvík. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu sé jafnframt sýslumaður austurhluta sýslunnar, Austur-Skaftafellssýslu, og Hafnarhreppur aðeins undantekinn. En það er jafnframt haft í huga, að sýslumaðurinn í Vík geti falið lögreglustjóranum í Hafnarkauptúni að fara með ýmiss konar störf, og finnst mér ekki ólíklegt, að til þess geti orðið gripið í framkvæmd. Það er gert ráð fyrir því, að um þetta allt séu sett nánari ákvæði í reglugerð.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um þetta frv., en að vísa að öðru leyti til grg. og vil leyfa mér að vænta þess, að það fái eins góða og hraða afgreiðslu í þessari hv. d. og það fékk í Ed.

Ég vil svo óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 366). — 3. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil mjög óska eftir því, að sú n., sem hefur haft með mál þetta að gera, taki það til nánari athugunar. Það er atriði, sem ég hef átt viðræður við nokkra þdm. um, að þyrfti nánari athugunar við. Er það 2. mgr. 1. gr. Áður en ég skýri mál mitt frekar, vil ég taka það strax fram, að ég er mjög hlynntur því, að þetta frv. nái fram að ganga, og ég tel, að það geti hjálpað mjög til að levsa þann vanda, sem búið er við á fiskiskipaflota okkar. Þá á ég við undanbáguvandann, bæði í sambandi við mál vélstjóra og skipstjórnarmanna. En í 2. mgr segir, að námskeiðin skuli „haldin á sama tíma og kennsla fer fram í Vélskóla Íslands í Reykjavík". Ég held, að það sé alveg rangt hugsað að hafa þetta ákvæði þarna, því að ég er sannfærður

um, að á mörgum þeirra staða, sem eru taldir upp í frv.gr., eru ekki þeir menn, sem hæfastir eru til að kenna á slíkum námskeiðum. Ég hefði talið, að þetta ætti að vera óbundið um tímann, hvenær þessi námskeið eru haldin, enda gæti það líka verið hagsmunaatriði fyrir þá, sem við eiga að búa, að þau verði t. d. ekki haldin á hávertíðinni.

Þá má enn fremur geta þess, að mér finnst ærin ástæða til þess að lagfæra nokkuð orðalagið á 1. mgr., meðfram vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, en hér er ætlað, að þar verði slík námskeið haldin. Nú vitum við, að allmargir eða flestir þeirra sjómanna, sem þaðan stunda sjó, stunda nú fiskveiðar frá höfnum á Suðurnesjum, og tel ég ástæðu til að kanna það, hvort ekki ætti að setja þarna inn í ákvæði um annaðhvort Grindavík eða Keflavík.

Ég vil óska þess, herra forseti, að málinu verði frestað og n. athugi þessar ábendingar mínar.

Umr. frestað.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 301, 347). — Frh. 3. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. var á sínum tíma afgreitt einróma af hæstv. heilbr.- og trn., og vil ég nota tækifærið og þakka henni góð og greið störf. Síðan var það samþ. einróma við 2. umr. hér á hinu háa Alþ. En við 3. umr. hefur komið fram alllöng röð af brtt. frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni og Sverri Hermannssyni.

Þegar þetta mál var til umr. síðast, gerði hv. þm. Pétur Sigurðsson grein fyrir þessum brtt. og rökum sínum fyrir þeim. Ég sagði þá, að ég teldi flestar þeirra fremur til spjalla á frv., en hefði ekki ráðrúm þá til að rökstyðja þá skoðun frekar og vildi því fara um það nokkrum orðum nú.

1. brtt. á þskj. 347 er við 2. gr. frv. Þar er fyrri setningin á þessa leið: „Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra.“ En hv. þm. Pétur Sigurðsson og félagi hans leggja til, að þarna bætist við setningin: „enda sé dvalarheimilið byggt með styrk úr ríkissjóði.“ Þeir leggja til, að ef dvalarheimili fyrir aldraða sé ekki byggt með styrk úr ríkissjóði, megi setja það á stofn og reka það. án þess að nokkurt leyfi heilbrrn. komi til. Svo er að sjá sem hv. flm. telji, að leyfi ráðh. sé einvörðungu bundið við fjárhagslegar hliðar þessa máls. En það er að sjálfsögðu alger misskilningur. Það, sem fyrst og fremst er kannað í sambandi við útgáfu slíks leyfis, er, hvort heimilið uppfylli nútímakröfur um aðbúnað, um heilbrigðishætti og annað slíkt. Slíkt eftirlit er að sjálfsögðu algerlega óhjákvæmilegt, enda þótt ríkið leggi ekki fram neina fjármuni til slíkrar stofnunar. Hér er um að ræða ákvæði, sem eru í samræmi við sjúkrahúsalög og eru algerlega eðlileg. Það er nauðsynlegt að stjórnarvöld hafi þannig eftirlit með því, að ekki sé verið að setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða, sem standast ekki nútímakröfur. Ég skal ekkert um það segja, hvort á því kynni að vera hætta hér á Íslandi. Hins vegar væri hægt að rekja það með æðimörgum dæmum frá öðrum löndum, að einkaaðilar starfræki slíkar stofnanir á þann hátt, að það samrýmist engan veginn nútímaviðhorfum manna um það, hvernig búa eigi að öldruðu fólki. Ég tel sem sé, að hér sé um að ræða algerlega sjálfsagt ákvæði. Í því felst á engan hátt, að ríkisvaldið sé að draga úr framkvæmdum á þessu sviði. Ég hygg, að það hljóti að vera afstaða heilbr.- og trmrn. hverju sinni að ýta frekar undir frumkvæði, en þarna verður að sjálfsögðu að koma til virkt eftirlit.

2. brtt., sem er við 3. gr., felur í sér alveg sams konar takmörkun. Þar er greint frá því, hvernig beiðni til ráðh. um rekstrarleyfi skuli hagað, og talið upp hvað skuli fylgja slíkri beiðni. Flm. leggja til, að þar verði felld niður þessi atriði: skýrsla um „starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum“. Hv. flm. telja sem sé, að það sé engin ástæða til þess, að slíkri umsókn fylgi skýrsla um þessi atriði, um starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum. Auðvitað er hér um að ræða algert grundvallaratriði, þegar sótt er um rekstrarleyfi, og mér er algerlega óskiljanlegt, hvers vegna till. er flutt til að breyta þessum ákvæðum. Á það má einnig benda, að óskir um slíkar upplýsingar eru í fyllsta samræmi við lög um opinberar framkvæmdir, og ég skil engan veginn rökin fyrir þessu.

Sams konar takmörkun kemur fram í 3. till. Þar leggja flm. til, að heilbrigðisyfirvöld eigi greiðan aðgang að reikningum viðkomandi stofnana og öðrum nauðsynlegum upplýsingum frá stjórnendum þeirra. Þetta á að koma í staðinn fyrir, að heilbrigðisyfirvöld eigi greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum. Á þessu er auðvitað gagnger munur, að eiga aðgang að reikningum eða eiga aðgang að stofnunum. Auðvitað er það grundvallaratriði, að eftirlit er miklu meira en að fylgjast einvörðungu með fjármálum. Í virku eftirliti er fólgin könnun á fyrirkomulagi, hvernig búið er að sjúklingum o. s. frv. Þessi ákvæði um eftirlit eru einnig í samræmi við sjúkrahúsalög, og ég sé ekki, hvaða ástæða á að vera til þess að takmarka það, að heilbr.,-og trmrn. eða heilbrigðisyfirvöld geti á staðnum kannað starfshætti slíkra stofnana, t. a. m. ef þau fá einhverjar rökstuddar kvartanir um það.

Í 4. till., sem er við 5. gr. frv., er fjallað um það, að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og um starfslið dvalarheimilisins. Flm. leggja til, að niður falli orðin „svo og um starfslið dvalarheimilis.“ Er svo að sjá sem hv. flm. vilji ekki nein ákvæði um lágmarksfjölda starfsfólks, en auðvitað er fjöldi starfsfólks ein af forsendum fyrir því, að vistfólk njóti þeirrar þjónustu og umönnunar, sem veita ber á slíkum stofnunum. Það er því algert grundvallaratriði, að í reglugerð séu ákvæði um vissan lágmarks-

fjölda starfsfólks til þess að tryggja slíka óhjákvæmilega þjónustu.

5. till. er brtt. við 6. gr. frv., en í henni er það nýmæli, að vistmönnum skuli heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar og hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Í brtt. er þessi réttur vistmannanna takmarkaður. Er lagt til, að vistmönnum sé einvörðungu heimilt að hafa mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, þegar rædd eru mál, sem varða vistfólkið sérstaklega. Með þessu er stjórnum slíkra stofnana sett það í sjálfsvald, hvenær þessi fulltrúi vitmannanna er kallaður á fundi. Þetta tel ég vera algerlega fráleitt. Ég er þeirrar skoðunar, að vistmenn eigi að hafa þennan rétt algerlega ótakmarkaðan og það sé gjörsamlega ástæðulust að vera nokkuð hræddur við slíkt. Ég held, að það sé forsenda fyrir eðlilegu andrúmslofti og eðlilegri samvinnu í slíkum stofnunum, og vistmennirnir fái rétt eins og þennan og þeir hafi aðstöðu til að fjalla um þau mál, sem snerta enga eins mikið og vistmennina.

Við þetta bæta svo hv. flm. till. um starfsfólk stofnunarinnar, það eigi einnig rétt til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétti, og ég get algerlega fallizt á þá till. Ég er sammála því, að þar verði sami háttur á hafður. Hins vegar finnst mér, að það ætti að breyta um orðalag á till. Hún er þannig orðuð af hv. flm. „Sama gildir um starfsfólk stofnunar, ef ekki er til staðar samningur um samstarfsnefnd". Ég hef þá sérvizku, að mér finnst þetta dálítið vandræðalegt orðalag og mundi t. a. m. telja eðlilegra, að stæði: Sama á við um starfsfólk stofnunar, hafi ekki verið gerður samningur um samstarfsnefnd, eða eitt hvað þess háttar. En sem sé, efnislega get ég mjög vel fallizt á þessa till.

5. till. c. er einnig brtt. við 6. gr., síðustu setninguna í 6. gr. Þar stendur: „Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni, og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétt og málfrelsi." Í staðinn leggja hv. flm. til, að komi: „Stjórnin ræður stjórnendur heimilisins og síðan aðra í samráði við forstöðumann eða -konu, enn fremur lækna, ef fastráðnir eru. Forstöðumanni eða -konu er heimilt að sitja stjórnarfundi með tillögurétti og málfrelsi. Ég er sammála hv. þm. Pétri Sigurðssyni, þegar hann benti á það sjálfur í ræðu sinni, að þessi undarlega þula: forstöðumaður eða -kona, er algerlega óþörf. Ég held, að það sé alkunna, að bæði karlar og konur eru menn hér á Íslandi og ástæðulaust að vera að orðlengja það frekar. En hin raunverulega breyting, sem felst í þessari till., er sú, að valdsvið stjórnarinnar er aukið. Það er tiltekið, að stjórnin ráði ekki aðeins stjórnendur heimilisins, heldur einnig aðra, og ég sé satt að segja ekki ástæðu til að setja þetta í lög. Ég hygg, að það tíðkist yfirleitt hjá slíkum stofnunum, að forstöðumenn eða stjórnendur fái vald til þess að ráða starfsfólk sitt, og ég hygg, að það sé yfirleitt langskynsamlegasta aðferðin við að reka slík fyrirtæki.

6. brtt. er feiknamikið efnisatriði. Hún er við 7. gr., en í 7. gr. er svo ákveðið, að nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða 1/3 hluta kostnaðar við byggingunа og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að 1/3 kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

Brtt. er sú, að hv. flm. leggja til: „Nú byggir sveitarfélag eða annar viðurkenndur aðili dvalarheimili," þá skal skylt að greiða 1/3. Síðari hluta þessarar gr., sem er heimildarákvæði, er með þessu breytt í skyldu. Sú breyting, sem felst í frv., að hér sé um skyldaframlag að ræða, þegar sveitarfélög eiga í hlut, er ákaflega mikil og gagnger breyting frá þeirri skipan, sem verið hefur. Ég hygg, að það sé ekki ráðlegt að ganga lengra, ekki á þessu stigi a. m. k. Við vitum, að það er mjög erfitt að fullnægja slíku sjálfvirku kerfi, og ég held, að við eigum ekki að stíga lengra en við gerum með þessu móti, að það sé skylda í sambandi við sveitarfélög, en heimilt í sambandi við aðra. Hitt liggur í hlutarins eðli, að það er ekki á valdi ríkisstj. að ákveða fjárframlög í því skyni. Það gerist hér á hinu háa Alþingi. Það fer með þennan rétt og ákveður sjálft, hvenær þessi heimild er notuð og hvenær ekki.

Í 6. till. c kemur mjög löng þula um frágang lóðar og girðingar og skreytingar listaverka á lóð og húsakynnum, það teljist til byggingarkostnaðar, síðastnefnda framkvæmdin skuli þó háð sérstöku samþykki rn. „Ríkisframlag skal greitt, sem 1/3 hluti eftirtalinna áfanga, þegar þeir eru tilbúnir: a. grunnur, b. 1. hæð er fokheld, c. 2. hæð er fokheld o. s. frv. Enn fremur við lok annarra byggingaráfanga og frágang lóðar, svo sem segir um í reglugerð ráðh". Ég sé ekki betur en þessi till. sé gersamlega út í hött. Það er alkunna, að framkvæmdir af þessu tagi verða að vera í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir, og þegar gengið er frá framkvæmdum í samræmi við þau lög, er einnig gengið frá alveg ákveðnum reglum um greiðsluáætlanir, og það er alveg fráleitt að hrófla við framkvæmd þeirra laga einmitt nú þegar þau eru að fá á sig nokkra festu. Ég tel líka nokkuð undarlegt að fara að setja það í lög, að dvalarheimili aldraðra skuli vera a. m. k. tvær hæðir. Það er enginn, sem segir, að þarna þurfi að vera kjallari, 1. hæð og 2. hæð. Það er hægt að hafa allan hátt á því. En sem sagt, þessi hlið málsins er algerlega mörkuð með lögum um opinberar framkvæmdir, og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að fara að búa til einhverja öðruvísi reglu í sambandi við þessar byggingar heldur en aðrar opinberar framkvæmdir.

7. till. er við 8. gr., að aftan við fyrri mgr. bætist nýr málsl. 8. gr. er þannig: „Daggjaldanefnd" o. s. frv. ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra". Lagt er til, að við það bætist: „Vistgjöld og sjúkragjöld, sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins, skulu greiðast a. m. k. fjórum sinnum á ári". Einnig þetta ákvæði tel ég vera óþarft með öllu. Greiðslur frá Tryggingastofnuninni í slíkum tilvikum hafa verið með þeim hætti, sem stofnanirnar hafa óskað eftir. Mér er ekki kunnugt

um neinar slíkar kvartanir, a. m. k. hef ég ekki fengið neinar kvartanir um slíkt, að greiðslur frá Tryggingastofnuninni til slíkra aðila hafi ekki komið á þeim tíma, sem stofnanirnar hafa óskað eftir. Ég held, að það séu ekki nokkur vandkvæði á því að leysa þau mál án þess að fara að setja um það sérstök lagafyrirmæli.

Í frv. stendur, að ársreikningar dvalarheimila skuli ætíð sendir rn. Hv. flm. leggja til í 7. till b, að það verði orðað svo: „Ársreikningar dvalarheimila skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og ætíð sendir rn.". Þetta er tilhögun, sem ég hef ekkert við að athuga. Ég hef ekkert við það að athuga, að reikningarnir séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum, ef menn telja það nauðsynlegt, að það standi í þessum lögum.

8. till. er við 9. gr., þar sem segir, að stjórn dvalarheimilis ákveði vistun fólks á heimilinu að fengnum till. forstöðumanns. Er lagt til, að bætt sé við: „eða inntökunefndar". Þar sem um slíkar nefndir er að ræða, hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti því, að þær fari með þetta vald, og get því vel fallizt á þessa till.

Sem sé, meginatriðin í þessum till. finnst mér vera til skerðingar á eftirliti heilbrigðisyfirvalda, því eftirliti, sem á að tryggja það, að slíkar stofnanir séu þannig starfræktar, að þær veiti öldruðu fólki þá umönnun og þá þjónustu, sem það á rétt á. Ég tel það vera hættulegt að fara að setja í lög ákvæði, sem skerða þetta eftirlit. Það býður heim hættum, og við höfum ekki neina ástæðu til að gera slíkar breytingar á löggjöf okkar. Af þessum ástæðum er ég andvígur meginþorranum af þessum brtt., en get sem sé, eins og ég hef sagt, fallizt á einar þrjár þeirra.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Því hefur löngum verið haldið fram, að hæstv. heilbrrh. væri ákaflega samúðarfullur í ræðum sínum, þegar hann ræddi um mál aldraðra, öryrkja og sjúkra, og persónulega er ég þess nær fullviss, að hann er svo samúðarfullur í þessum ræðum sínum að eigin mati, að hann hágrætur, þegar hann les þessar ræður sínar í þingtíðindum. En hins vegar, ef eitthvað er gjóað í frv. hans og mál, þá gægist alltaf hroki embættismannsins og mannsins, sem vit hefur á öllu, í gegnum tal hans um þessi sömu mál. Yfirleitt hefur mátt sjá það á þeim málum, sem hann hefur flutt, að mat hans er, að raunverulega hafi ekki nokkur maður í þessu þjóðfélagi vit á neinu í sambandi við þessi mál nema hann.

Nú vitum við, og það vitum við sérstaklega, ég og hv. þm. Björn Pálsson, að maðurinn er afskaplega vel gefinn, eins og okkur ber báðum saman um, og verður sízt dregið úr því. En nokkuð er það, þegar hann kemur hér fram fyrir hv. þd. og fer að gagnrýna brtt., sem við flytjum við frv., að um leið og hann hefur lokið aðfinnslum við brtt. okkar við eina gr., þá stangast næsta gr. í hans eigin frv. gersamlega á við þau orð, sem hann er að enda við að segja hér. Má ég aðeins biðja hv. þm. að taka upp frv. og brtt. Hann talar um í 2. gr., að brtt. okkar geti ekki staðizt, og fer þar mörgum orðum um, að við séum að draga úr opinberu eftirliti í sambandi við rekstur, við séum að draga úr eftirliti með heilbrigði og frágangi á stofnunum og daglegum rekstri. Þetta var um 2. gr. En hvað stendur svo í 3. gr.? Þar stendur t. d. í síðustu mgr., með leyfi forseta: „Ráðh. veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt" o. s. frv. Og í byrjun þessarar sömu gr., 3. gr., segir: „Beiðni til ráðh. til rekstrarleyfis samkv. 2. gr." o. s. frv. Við erum ekki að gera neinar brtt. við það, að hæstv. ráðh. Magnús Kjartansson geti gefið þessi leyfi. Við teljum hins vegar, að það andi í gegnum allar gr. frv. of mikilli afskiptasemi hins opinbera af þessum málum, og þrátt fyrir það að ég mæli eindregið með samþykkt frv., hvort sem þessar brtt. mínar verða samþykktar eða ekki, og ég telji jafnframt frv. til bóta, eins og ég hef margtekið fram, þá vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það hefur verið unnið að þessum málum, áður en hann tók við þessu embætti í rn., þótt hins vegar forverar hans í sama embætti hafi lítið gert til þess að koma áleiðis þessu máli í sambandi við dvalarheimilin, það skal viðurkennt.

Hann telur alveg ótækt hjá okkur að leggja til, að í 3. gr. verði nokkuð breytt um orðalag, og minnist m. a. á, að út úr þessu frv megi alls ekki taka ákvæði, sem hann vill láta vera í frv., að þegar bygging hefjist, komi fram í grg., með hvaða kjörum menn eigi að búa á heimilinu. Nú hefur þetta áður komið fram í viðskiptum mínum við hæstv. ráðh., þegar ég hef fullyrt við hann og hans embættismenn: Þetta er algerlega útilokað einfaldlega vegna þess, að í flestöllum tilfellum í sambandi við slík ákvæði er það ríkisvaldið, sem hefur langstærstu áhrifin á þetta á hverjum tíma, og þær breytingar, sem verða vegna afskipta ríkisvaldsins á þessum kjörum, eru alltíðar og taka stundum stórbreytingum á mjög skömmum tíma, sbr. þau spor, sem stigin voru í sambandi við bæði vinnutímastyttingu að ráði núv. ríkisstj. og reyndar samningar sem á eftir urðu milli stærsta aðildarfélags þeirra, sem að vinna, og fulltrúa ríkisstj., sem fer með samninga við ríkisspítalanna. Slíkar stofnanir hafa til þessa ekki haft neina fulltrúa í samningum, þannig að þetta stenzt alls ekki hjá ráðh. Ég álít, að það sé ekki í einu eða neinu dregið úr þeirri hugsun, sem hæstv. ráðh. ætlast til, að fram komi. En ég vil hins vegar benda á, að við ættum að strika það þegar út, sem er óframkvæmanlegt og hrein vitleysa.

Við 4. till. hafði hann einnig mikið að athuga og leyfði sér að segja, að við værum með þessu að hafa á móti eða vildum ekki fá ákvæði inn í frv. um lágmarksfjölda starfsliðs. Um þetta segir auðvitað ekki neitt í frv. hæstv. ráðh., hvað starfsliðið eigi að vera margt. Það segir ekkert um það, þótt hann tali í ræðu sinni um lágmarksfjölda. Ég segi og við flm. í okkar brtt. og leggjum til, að niður verði látin falla orðin „svo og um starfslið dvalarheimilis" í 5. gr., vegna þess m. a. að þetta getur breytzt t. d. frá degi til dags, eins og þegar

stórbreytingar verða á samningum milli verkalýðsfélags og þeirra, sem reka viðkomandi stofnun. Það mundi í flestum tilfellum verða til fjölgunar, geri ég ráð fyrir, samkv. þróun tímans. Hins vegar er líka hægt að hugsa sér að fækka starfsliði, og ef það er hægt, án þess að það skerði á nokkurn hátt þá þjónustu, sem vistmenn eiga vissulega kröfu á, þá sé ég enga ástæðu til þess að vera að binda það í lögum eða í reglugerð, að það sé ætlazt til einhvers ákveðins fjölda. Auk þess hafa komið fram ýmsar hugmyndir í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum,— og m. a. hafa þær komið fram vegna starfs, sem hefur verið unnið á vegum rn. hæstv. ráðh., — um það, að betur mætti nýta sumt af því starfsliði, sem hvað vandfengnast hefur verið til þess að gegna ákveðnum störfum á heilsugæzlusviði.

Og þá getum við farið aftur í 5. brtt. okkar. Þar erum við með brtt. um að fella út, að það sé skylt að ráða sérstakan fastráðinn heimilislækni. Hugmyndir hafa verið uppi um, — og veit ég um einn aðila, sem ætlar *að byggja mjög stórt slíkt heimili*, — að þar verði til hliðar, jafnvel í sama húsi, læknamiðstöð, sem þjóni fleiri slíkum heimilum og íbúðarhverfum nágrennisins um leið. Ef ekki er um sjúkt fólk á slíku heimili að ræða, er auðvitað í sjálfu sér engin ástæða til þess að vera að borga um 2 millj. kr. á ári til þess að hafa slíkan mann að störfum. Það er vel hægt að hugsa sér, að lausn á þessum vanda megi finna á annan hátt. Ef ekki, þá verða þessi mál ráðin á annan hátt. Það er reginmisskilningur hins vegar að binda þetta í lög.

Hæstv. ráðh. fór mörgum harmþrungnum orðum um þá brtt. okkar, að vistmenn ættu aðeins setu á stjórnarfundum, þegar þeirra mál væru til umr., þeirra hagsmunamál. Hann fór mörgum orðum um það, að við værum að takmarka með þessu rétt vistmanna. Ég vil aðeins segja, eins og ég reyndar gerði, þegar ég mælti með brtt., að það er langt frá því, að það sé verið að þessu. Hins vegar bendi ég hæstv. ráðh. á, að bæði hér á landi og annars staðar finnast heimili, þar sem má heita, að 99% af vistfólki séu rúmliggjandi. Kannske væntanleg stjórn á slíku heimili eigi að fá rúm líka og láta leggja sig inn á stofu hjá viðkomandi aðila og hafa fundi þar. Það getur líka komið fyrir agaspursmál á stjórnarfundum, eins og ég gat um. Það getur verið gagnvart vistfólki eða gagnvart starfsfólki. Það getur verið mjög óréttlátt að hafa óviðkomandi aðila, sem eru ekki bundnir neinum sérstökum trúnaði, eins og venjulega er um stjórnarmenn, sem hafa t. d. með stjórn fjármála að gera eða verða að hafa, að vera að leggja það á gamalt fólk að búa við slíkt. Hins vegar er ég alveg á því, að þegar verið er að ræða bæði um félagslegan aðbúnað og annan aðbúnað fólksins á heimilinu og reyndar um fjármál líka, sem það varðar, þá beri því að fá sæti á fundum stjórnar. En ég er því ekki sammála að hafa það skilyrðislaust.

Ráðh. hafði líka allt á hornum sér um till. okkar um það, sem honum hefur augsýnilega láðst að setja inn í frv., um rétt starfsfólks, sem auðvitað ætti ekki að vera minni en vistfólks í sambandi við fundarsetu á stjórnarfundum.

Þá hafði hæstv. ráðh. einnig mikið á móti þeirri brtt. okkar, að við teldum ekki upp eða breyttum orðalaginu í sambandi við ráðningu starfsmanna. Ég tel, og ég tel mig geta sagt það af reynslu fleiri heimila hér á landi, að það sé auðvitað alveg útilokað annað en að stjórn, sem ber ábyrgð á fjármálum slíkra stofnana, fylgist með og sjái um ráðningu stjórnenda. Í flestum tilfellum eru stjórnendur ráðnir á sérsamningum, sem ekki falla undir samninga almennra verkalýðsfélaga, og það þarf að gera sérsamninga við slíka menn. Án þess að vera að væna neina, væntanlega forstöðumenn um, að þeir gegni ekki stöðu sinni í þessu efni, vil ég aðeins benda á, að í stjórnunum eru þó a. m. k. alltaf 3 menn og allt að 5. Það hlýtur að vera meira öryggi fyrir þá, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við gerð slíkra samninga og undirskrift, að þeir séu allir þar til ráða og viðstaddir, þegar slíkir samningar eru gerðir. Að sjálfsögðu dettur engum annað í hug en átt sé fullt samstarf við slíka æðstu stjórnendur um ráðningu alls starfsfólks. Ég held, að stjórnendur deilda í slíkum stofnunum hafi yfirleitt að gera með ráðningu fólks í sína deild, nema um sérstakar ráðningarstofnun sé að ræða eða ráðningarstjóra, sem hafi með þau mál að gera, þannig að það eins og fleira í ræðu hæstv. ráðh. er algerlega út í hött að mínu mati.

Um 6. brtt. okkar, við 7. gr., fór hæstv. ráðh. mörgum orðum, að við værum með till. að fella niður ákvæðið um, að sveitarfélagi væri skylt að veita styrk. Þá værum við um leið að gera heimild til annarra að skyldu. Þetta er alrangt hjá ráðh. Það er auðvitað engin skylda, sem fylgir þessari gr., því að það er þegar tekið fram fyrr í frv., í 2. gr., að það megi enginn setja á stofn eða reka dvalarheimili nema með leyfi ráðh. Hitt er annað mál, að það vakir fyrir okkur, og ég held, að það sé nægilega skýrt, að sama rétt og sveitarfélag eigi vissir viðurkenndir aðilar að fá. Viðurkenndir af hverjum? T. d. viðurkenndir af Alþ. með fjárframlögum eða viðurkenndir af ráðh. Hefur hvorki komið fram í máli mínu né í þessum brtt., að þar sé átt við einhvern Jón Jónsson. Ég bendi á ákveðna aðila, sem geti orðið viðurkenndir. Það er t. d. Alþýðusamband Íslands. Ég veit, að það er fjarri hæstv. ráðh. í dag að veita því slíka viðurkenningu. Má vera, að það sé þess vegna, að hann vilji ekki verða við þessari till. okkar. En má ég enn fremur benda á það, eins og ég hef hér gert áður, að stéttarsamtök bænda hafa byggt glæsilegt stórhýsi í Reykjavík, sem að vísu er nýtt til hótelrekstrar. Það er ekki að vita nema þessir aðilar gætu hugsað sér í samráði og samvinnu við önnur samtök bænda að koma upp — ekki einu slíku heimili, heldur fleirum, ekki hér í Reykjavík, heldur út um land. Ég sé enga ástæðu til annars en slíkur aðili ætti sama rétt, skylduréttinn, eins og sveitarfélög, því að þau hafa kannske hvað sízt, fyrir utan Akureyri, Hafnarfjörð og örfá önnur sveitarfélög og nú síðustu árin Reykjavík, verið flokkuð til fyrirmyndar í sambandi við

þessi mál. Það eru aðrir aðilar, sem þar hafa verið að verki, og þó allt of fátæklega og of lítið Í flestum greinum frv. er getið um nauðsyn þess að fá leyfi, annaðhvort heilbrigðisyfirvalda eða ráðh., en það er auðvitað alrangt að tala um, að það sé til nokkuð, sem heitir sjálfvirkt í sambandi við frv. þetta. Hins vegar tók ég það skýrt fram, að það þyrftu að vera ítarlegar áætlanir, sem lægju fyrir, áður en ráðh. veitti leyfi til þess að hefjast handa, og auðvitað verður að fyrirbyggja, að farið sé af stað víðs vegar af bjartsýnum áhugamönnum, sem hafa ekkert annað að byggja á en trúna á, að þeir séu að vinna að góðum málefnum. Það verður að liggja eitthvað meira til grundvallar. Það verður að vera möguleiki til fjármögnunar. Og ég fæ ekki séð, að það sé endilega skylt, að fyrirtæki, sem fái byggingarstyrk að 1/3 úr ríkissjóði, verði um leið skilyrðislaust undir algeru valdi heilbrrh. og falli undir öll ákvæði um opinberar framkvæmdir. Að vísu má segja, að í flestum tilfellum sé um opinbera framkvæmd að ræða, ef t. d. sveitarfélag á í hlut, og reyndar þó að ekki sé sveitarfélag. Ef það er viðurkenndur aðili, má segja, að svo sé, og sjálfsagt að fylgja þeim reglum. Þær eru góðar og gildar, og eins og hæstv. ráðh. tók fram, hafa þær haslað sér völl á þann veg, að vel má fara eftir þeim. Það má vel vera, að okkar brtt. um ákvæði um ríkisframlagið séu óþarfar, m. a. vegna laga um opinberar framkvæmdir. En ég vil samt benda á það aðhald, sem hlýtur að vera fyrir ráðh. með því að hafa slík ákvæði í lögum. Það mundi máske koma í veg fyrir, að ráðh., sem í flestum tilfellum er pólitískt skipaður, færi að gefa loforð, sem enginn möguleiki væri á að efna.

Það kemur hvergi fram í frv. sú hugsun ráðh., að í því, sem kemur fram í c-lið 6. brtt., t. d. um skreytingu listaverka á lóð og húsakynnum, sé um opinbera framkvæmd að ræða, og þá liggur þessi heimild fyrir. En ég fæ ekki séð, að hægt sé að skikka aðra aðila til að taka þátt í þeim kostnaði, nema slík ákvæði séu í lögum, þá aðilana, sem leggja 2/3 til. Þess vegna tel ég, að það sé nauðsynlegt, að slík ákvæði séu í sjálfri löggjöfinni, vegna þess að þetta er nú almennt viðurkennt og ég viðurkenni, að svo þurfi þetta að vera hjá slíkum stofnunum.

Um önnur atriði í okkar brtt. hafði hæstv. ráðh. ekki neitt að athuga, nema hann fullyrti, að það stæði ekki á Tryggingastofnuninni að greiða fé það, sem óskað væri eftir. Vera má, að fjárhagur Tryggingastofnunar ríkisins sé orðinn slíkur í tíð núv. hæstv. heilbrmrh. að þetta sé alltaf til reiðu, þegar óskað er eftir. Ég man þá tíð, og ekki er mjög langt síðan það stóð mikið á þessum greiðslum. Og einn elzti og virtasti framkvæmdamaður á sviði þessara mála hér á landi bendir m. a. á þetta atriði í umsögn, sem hann sendi þinginu um þetta mál að ósk ráðh. og n. En það er eins með ábendingar hans og annarra aðila. Svarið er í beinu framhaldi af skoðun minni á hæstv. ráðh., ef þm. leyfa sér að gagnrýna frv. hans. Þótt fjöldi aðila hafi komið með ýmsar ábendingar við frv., þá hunzar Magnús kóngur þær allar, eins og þeir félagar yfirleitt gera, þegar þeir þurfa að tala við alþýðu manna eins og þm. og láta okkur skilja það í hverju orði, þegar þeir standa hér upp í ræðustól á Alþ., að vér ráðherrar höfum talað og okkar orð skulu blífa.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef lítið gert að því á þessu þingi að blanda mér inn í umr. um mál þau, sem ég fer ekki sérstaklega með. Ég verð að segja það, að ég er mjög undrandi út af því, sem fram kemur í sambandi við þetta mál hér á hv. Alþ. Ég tók þátt í því ásamt mörgum hv. þm. á sínum tíma að reyna að þoka þessu máli fram á hv. Alþ., áður en síðustu stjórnarskipti urðu, og þá var ekki haft svo mikið við alþýðu manna, að það væri einu sinni til hennar talað, heldur var málið aðeins álitið eitt af yfirborðsmálum, sem stjórnarandstaðan þá væri með til þess að sýnast, en ekki til annars.

Nú er hins vegar hér á ferðinni frv. til l., þar sem er um beina aðstoð við þetta málefni að ræða. Ég verð að segja það eftir lestur á brtt. á þskj. 347, sbr. frv., að ekki séu í þeim þau nýmæli, að ástæða hafi verið til að fara að setja á blað breyt. á flestum gr. frv. En gleðilegt hefði verið, ef sá áhugi hefði verið hjá hv. fyrra flm. áður fyrr til stuðnings þessu máli, sem nú virðist vera. Ég held því, að það, sem sé nauðsyn í sambandi við þetta mál, sé að koma því heilu í höfn, því að eftir því hefur verið beðið og eftir því er beðið. Og ekkert efast ég um það, að á næstu fjárl. verður þetta eitt af því, sem verður talið sem óráðsía fjmrh. að taka með þegar heildardæmið verður lagt saman, þó að það verði ekki talið það í einstökum liðum. En auðvitað þýðir þetta aukið fjárframlag úr ríkissjóði, og mér sýnist, að það sé svo myndarlega af stað farið, að það þurfi ekki að tína upp alla hugsanlega kostnaðarliði, sem hægt væri að koma á ríkissjóð í sambandi við þetta atriði, og setja inn í lögin sjálf. Annað eins hefur nú verið sett í reglugerð eins og framkvæmdin á því, hvað styrkja ætti í sambandi við stofnkostnaðinn.

Ég verð líka að segja svipað um það að fara að setja í lög sem þessi, að ársreikningur skuli vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum á hverju einasta dvalarheimili í landinu, smádvalarheimili. Þá væri nær fyrir Alþ. að fara að líta betur eftir á fleiri stöðum, heldur en fara að eyða í það tugum þús. að fara að láta endurskoða slíka reikninga af löggiltum endurskoðanda. Ég er í stjórn eins dvararheimilis, og verklag á því er ekki slíkt, að þeir ágætu menn, sem þar eru kjörnir endurskoðendur, klári sig ekki af því verki með sóma og þurfi enga löggilta endurskoðendur til þess að fara þar um. Enda sýnist mér, að ef ráðh. vildi, gæti hann tekið það fram í reglugerðinni, — það yrði ákvörðun ráðh., hvort ástæða væri til að hafa löggilta endurskoðun á slíkum heimilum sem þessum. Það gæti aldrei komið til greina nema með þau stærstu og á ekki að koma til greina nema með þau stærstu. Ég held, að það sé alveg nóg að hafa þetta eins og er í frv. um, að reikningurinn sé sendur rn. árlega, og það getur þá gert sínar ráðstafanir, ef ástæða væri til að

fara að hafa sérstakt eftirlit með þessum stofnunum. Ég kann satt að segja ekki við, að það eigi að fara að setja þær undir sérstakan hatt í þessu tilfelli.

Ég verð að segja það, að ég hafði litið svo á, að hv. Alþ. mundi sameinast um að afgreiða þetta frv., eins og það er á þskj. 301 eftir 2. umr. í Nd., og það þyrfti ekki að fara að gera á því allar þær breytingar, sem þskj. 347 gerir ráð fyrir. Mér kemur það mjög á óvart, að hv. þm., sem að því þskj. standa, skuli telja sér það til einhvers frama að fara að setja út þær till.

Ég skal ekki þreyta hér langar umr. um þetta. Það, sem hér er verið að gera, er, að það er verið að setja löggjöf um að styðja dvalarheimili aldraðra í landinu með fjárframlögum úr ríkissjóði. Það er mergur málsins. Allt annað er ósköp þýðingarlitlir hlutir. Það eru auðvitað sett ákvæði um, að það geti ekki hver og einn þotið í það að byggja þau, heldur verður að vera eðlilegur starfsgrundvöllur undir því. Og það verður að vera í lögum, til þess að það sé samræmi milli framkvæmda og fjárveitinga og sé ekki ætt í þetta alveg án eftirlits og skipulags, og það tryggir þetta frv. Þess vegna tel ég, að hinir ágætu hv. þm., sem standa að þessum brtt., hefðu átt að kippa þeim til baka og styðja málið. Það er mergur málsins.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Alltaf verð ég jafnundrandi, þegar hv. þm. Pétur Sigurðsson, sem er maður mjög léttur í máli og hefur ákaflega góða kímnigáfu, þegar maður talar við hann hér út við glugga eða úti í hornum Alþingishússins, kemur hér upp í ræðustól. Þá er eins og hann gjörbreytist. Hann fer í einhvern alveg tiltekinn ham, einhvern ergilsisham, og talar í tóntegund eins og hann sé fjarska reiður og móðgaður út af öllum hlutum. Og jafnvel sú ágæta kímnigáfa, sem hann hefur í ríkum mæli, umbreytist og súrnar, um leið og hann kemur upp í þennan stól. Til að mynda átti það víst að vera gamansemi, hvort stjórnir dvalarheimilis aldraðra ættu að leggjast í rúmið við hliðina á einhverjum sjúkum, sem þar væru, til þess að halda stjórnarfundi, ef vistmenn ættu aðgang að því að eiga sæti á stjórnarfundum. Þetta er ekki gamansemi. Ég skil ekki í manni, sem hefur haft forustu fyrir myndarlegum rekstri í þágu aldraðra, að hann skuli leyfa sér ummæli af þessu tagi. Ég held, að það væri skynsamlegast fyrir hv. þm. Pétur Sigurðsson að breyta þessum háttum sínum dálítið og reyna að ástunda það hér í ræðustólnum, sem hann ástundar með mestu prýði, þegar talað er við hann utan þessa ræðustóls.

En ég kom hingað fyrst og fremst til að leiðrétta mjög undarlega athugasemd, sem hann kom með. Hann sagði, að það ræki sig eitt á annars horn í máli mínu, og tók þá til 2. gr. og þá 3. Ég gat ekki annað heyrt en orð hans bæru það með sér, að hann skyldi ekki sýna eigin brtt. Brtt. hans við 2. gr. er svohljóðandi: „Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, enda sé dvalarheimilið byggt með styrk úr ríkissjóði". Í þessu felst það, að ef dvalarheimilið er ekki byggt með styrk úr ríkissjóði, þá þarf ekki að leita til heilbrrh. um neitt leyfi til að stofna eða reka slíkt heimili. Þetta er það, sem felst í þessari brtt. Það þýðir að sjálfsögðu, að 3. gr. ætti alls ekki við um heimili af slíku tagi. Hafi þetta ekki vakað fyrir hv. flm., ber honum að sjálfsögðu að gera leiðréttingu á þessari till. sinni eða draga hana til baka. Eins og hún er orðuð, felur hún þetta í sér, að ef um er að ræða dvalarheimili fyrir aldraða, sem nýtur ekki styrks úr ríkissjóði, þá leggur hann til, að það sé heimilt að reisa það og reka, án þess að til komi nokkurt leyfi ráðherra. Og þá eiga önnur frv. um reglugerðir og eftirlit ráðherra alls ekki við slíkt heimili. Ef eitthvað rekur sig á, þá er það skilningur þessa hv. þm.

Umtal hans um heimilislækni, — að sjálfsögðu verður hvert dvalarheimili að hafa sinn heimilislækni. Það er enginn, sem segir, að hann eigi að vera þar fastráðinn starfsmaður. Hann getur haft það sem hluta af starfi, eins og tíðkast mjög víða. En auðvitað er alveg óhjákvæmilegt, að það sé samningur við lækni um, að hann gegni störfum fyrir dvalarheimili af þessu tagi. Það liggur í hlutarins eðli.

Að öðru leyti skal ég ekki deila frekar við hv. þm. Ágreiningur okkar er um það, sem hann sagði, að hann teldi, að í till. mínum væri um að ræða of mikla afskiptasemi heilbrigðisyfirvalda. Það er þarna, sem ágreiningurinn er, það er alveg rétt. Ég tel, að heilbrigðisyfirvöld þurfi að hafa aðstöðu til að fylgjast með því, að öll dvalarheimili í þágu aldraðra séu þannig starfrækt og stofnuð, að þau fullnægi nútímakröfum, sem gera ber til slíkra stofnana. En hv. þm. telur, að það sé ekkert við það að athuga, að stofnuð séu einhver slík heimili, þar sem slíkt opinbert eftirlit komi ekki til. Þetta greinir okkur á um.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því að ræða sérstaklega um efnisatriði þessa máls. Það hefur verið rækilega gert af hv. 10. þm. Reykv., sem er fyrri flm. þeirra brtt. sem hér liggja fyrir til umr.

Ég vil taka fram, að það er alveg óþarft af hæstv. fjmrh. að gera því skóna, að við séum ekki einlæglega fylgjandi því, að þetta mál nái fram að ganga. Og ég get ekki séð, að það sé neitt athugavert við það, þótt þm. beri fram brtt. við mál, og í því felst vitanlega ekki, að það sé neinn bilbugur á fylgi þeirra við málið, þarf a. m. k. ekki að felast, enda gerir það það ekki í þessu tilfelli.

Það kom fram við þessar umr. nokkur undrun hjá hæstv. fjmrh. yfir því, að við skyldum nú við 3. umr. fara að bera fram þessar margháttuðu brtt. Það á sína skýringu, sem mig minnir, að hv. 10. þm. Reykv. hafi gefið, þegar hann hafði framsögu fyrir brtt. Skýringin er sú, að í fyrsta lagi á ég sæti í heilbr.- og trn., sem hafði þetta mál til meðferðar, en átti þess ekki kost að fjalla um frv. í þeirri n., enda var það svo, að nm. voru allir sammála um nauðsyn á framgangi þessa máls. En af því að ekki

hafði gefizt kostur á því að ræða það rækilega þar, þá held ég, að allir hafi áskilið sér rétt til þess að flytja við frv. brtt., ef þeim svo sýndist, hvaða rétt ég notfærði mér.

En ástæðan fyrir því, að þessar brtt. komu svona seint fram, var sú, að við hv. 10. þm. Reykv. vorum veðurtepptir úti á landi, þegar málið kom hér til 2. umr., og gafst þess vegna ekki kostur á að flytja þessar till. fyrr. Þessa skýringu vildi ég gefa, en taka einlæglega undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að mergurinn málsins er vitanlega sá, að þessi lög komist á, sem verða til stórstuðnings og styrktar þessu mikla mannúðar- og nauðsynjamáli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 228, n. 382). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv., og samkv venju hefur skrifstofa Alþ. borið tölur frv. saman við ríkisreikninginn sjálfan. N. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Fósturskóli Íslands, frv. (þskj. 365 (sbr. 2)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 76. fundur.

Mánudaginn 26. marz, kl. 2 miðdegis.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fóstursköli, frv. (þskj. 365 (sbr. 2)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 426).

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 3, n. 359, 361, 364, 370). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, áður en atkvgr. fer fram um þetta dagskrármál, að ég er ekki þeirrar skoðunar, að þó að þær brtt., sem meiri hl. menntmn. hefur flutt við frv., nái fram að ganga, sé frv. þar með, fullfrágengið í þeim búningi, sem telja má æskilegast, að það sé í. Ég er efnislega samþykkur nokkrum hugmyndum, sem fram koma í brtt. minni hl., sérstaklega varðandi það atriði, að til greina geti komið að veita ríkissjóði heimild til að ábyrgjast greiðslu skuldabréfa þeim aðilum, sem taka að sér byggingu dagvistunarheimila, en hafa ekki fengið fjármagn til þess. En ég tel eðlilegast, að þær till., sem fyrir liggja, séu nú afgreiddar, og áskil mér þá rétt til að flytja brtt. við 3. umr. í þeim búningi, sem eðlilegast er, eftir að afgreiðsla hefur farið fram á fyrirliggjandi brtt. Ég vil leggja áherzlu á, að ég tel mjög illa farið, ef fellt verður það ákvæði, að ríkið skuli greiða hluta af rekstrarkostnaði þessara heimila, og vil vænta þess, að hv. d. sjái til þess, að það ákvæði standi áfram í frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það atriði þurfi nánari athugunar við milli umr., og eins er um fleiri atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Námulög, frv. (þskj. 48, n. 397). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkrum breytingum, sem fram koma á þskj. 397. Einn nm., Geir Hallgrímsson, var fjarverandi, en nm. áskilja sér allir rétt til að flytja og fylgja öðrum brtt.

Frv. þetta hefur verið lagt fyrir hv. Alþ. þrisvar sinnum, en ekki náð afgreiðslu. Afgreiðsla málsins hjá iðnn. hefur dregizt nokkuð nú vegna þess, að talið var rétt að leita umsagnar allvíða, m. a. hjá Búnaðarþingi, en því er tiltölulega nýlokið, eins og kunnugt er.

Ég ætla aðeins að hlaupa yfir þessar umsagnir mjög lauslega. Þær eru yfirleitt meðmæltar frv.

Frá Dómarafélaginu er mælt með samþykkt frv., en bent á, að algengara muni í lagamáli að nota orðið eignarnám en lögnám. Á þetta féllst n., og brtt., sem n. flytur, eru raunar flestar til að leiðrétta þetta.

Umsögn Búnaðarfélags Íslands er ítarleg og fylgir henni löng grg., sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér upp. Búnaðarþing leggur sérstaka áherzlu á, að réttur bænda og sveitarfélaga sé tryggður, og vekur í því sambandi athygli á 2. gr. frv., sérstaklega þó á grg. með 2. gr. þess.

Þá barst umsögn frá stjórn Stéttarsambands bænda, sem mælir raunar með samþykkt frv., en vekur athygli á þessu sama og segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur nauðsynlegt, að í sambandi við setningu nýrrar löggjafar um námuréttindi verði réttindi sveitarfélaga á landi sínu, hvort sem það er í byggð eða afréttum, tryggð á sama hátt og réttindi einstaklinga."

Þá lá fyrir n. nokkuð gamalt erindi eða umsögn, sem hv. þm. Steinþór Gestsson kom á framfæri frá sýslunefnd Árnessýslu, og er þar vakin athygli á 2. gr., sem sýslunefndin taldi rýra rétt eigenda afréttarlanda.

Þá lá fyrir umsögn Orkustofnunar, sem mælir með samþykkt frv. óbreytts.

Umsögn Búnaðarfélags Íslands er nánast tilvísun í umsögn Búnaðarþings.

Að þessum umsögnum fengnum ræddi ég fyrir hönd n. við annan af þeim tveimur fyrrv. hæstaréttardómurum, sem sömdu frv., og var sérstaklega rætt um, hvort frv. þetta takmarkaði eitthvað umfram það, sem nú er, rétt einstaklinga, bænda, og sveitarfélaga, til afréttarlanda. Að þeim upplýsingum fengnum taldi n., leyfi ég mér að segja, að svo væri ekki. Það væri fremur í því sambandi um að ræða dómsniðurstöður, sem hafa orðið upp á síðkastið um svipuð mál, en þetta frv. sem slíkt skæri þar ekki úr. Varð það til þess, að nm. urðu sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. án nokkurra breytinga að þessu leyti.

Þá barst loks umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og er þar lagt til, að frv. verði samþ. og engin aths. gerð við þau ákvæði, sem einkum var rætt um í öðrum aths., en hins vegar var þar lagt til, að við 8. gr. frv. bættist mgr., svo hljóðandi:

„Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðh. að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu."

N. varð við þessum tilmælum og telur rétt að bæta þessu við 8. gr.

Loks er vakin athygli á því, að til framkvæmda á 3. mgr. 3. gr., þar sem sveitarstjórnum er falið að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum laganna sé hlýtt, sé eðlilegt, að heimild fáist til þess að beita dagsektum. Þetta var einnig samkv. ábendingu frá Sambandi ísl.

sveitarfélaga. N. taldi einnig rétt að fallast á þessa hugmynd.

Þannig liggja nú fyrir hv. d. nokkrar brtt., sem eru á þskj. 397 og ég ætla ekki að fara að lesa hér, en felast raunar eingöngu í þessu þrennu, að breyta lögnámi, lögnámsmati og þess háttar í eignarnám, eignarnámsmat, samkv. ábendingu Dómarafélagsins, og svo þær tvær till. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem ég hef sérstaklega minnzt á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 397,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 397,2 (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 397,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háagerði, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þinginu 1971 var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi. Síðar kom í ljós, að landspilda sú, sem hér um ræddi og var að stærð 16.5 hektarar, var ekki öll í landi Dysja, heldur var hluti af henni í landi Pálshúsa í sama hreppi. Vegna þess að Hafnarfjörður er ört vaxandi bæjarfélag og nú þegar er búið að skipuleggja byggð á því landssvæði, sem hér um ræðir, telur bæjarstjórn Hafnarfjarðar nauðsynlegt að fá heimild til þess, að ríkið selji Hafnarfjarðarkaupstað einnig hluta úr Pálshúsum í Garðahreppi. Um þetta er fullt samkomulag milli hreppsnefndarinnar í Garðahreppi og bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, og þeir hafa ritað okkur erindi, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nú hefur hins vegar komið í ljós hjá jarðeignadeild ríkisins, að hluti þess lands, sem í lögsagnarumdæmið færist með nefndum lögum og ætlunin var, að Hafnarfjarðarbær keypti tilheyrði jörðinni Pálshúsum í Garðahreppi. Þar sem sá hluti lands Pálshúsa hefur verið skipulagður undir svokallaðan Norðurbæ og byggingar þar eiga að hefjast nú bráðlega, er nauðsynlegt, að tryggð sé heimild ríkisstj. til sölu landspildu þessarar til Hafnarfjarðarbæjar með sama hætti og landspildu úr jörðinni Dysjum."

Þess vegna höfum við nú 3 þm. Reykn. leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi. 1. gr. hljóðar svo:

„Ríkisstj. er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðarinnar Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði."

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. sent til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 26. marz, að loknum 76. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 374, n. 425). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um tollskrá. Frv. það, sem hér um ræðir, er í nánum tengslum við samninga, sem gerðir hafa verið við Efnahagsbandalag Evrópu um viðskipti og gagnkvæmar tollalækkanir. Það ríður á miklu, að frv. það, sem hér um ræðir, verði að lögum fyrir vikulok, og þar af leiðir, að reynt hefur verið að hraða þessu máli. N. fjallaði um efni þess á fundi sínum í morgun og komst að raun um, að hér væri einungis um tæknilega breytingu að ræða, en enga raunverulega efnisbreytingu, og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 26. marz, að loknum 77. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 26. marz, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Jónas Árnason: Herra forseti. Sá hversdagsbragur, sem löngum hvílir yfir störfum okkar

hér í þessu húsi, er víðs fjarri núna. Á þeim fundi, sem nú er hér hafinn, munu hv. þm. í lengstu lög halda kyrru fyrir í sætum sínum. Og menn munu ekki sökkva sér niður í þreytandi þskj. eða eigin hugsanir, sem hvort tveggja veldur því löngum, að svipurinn verður tómlátur, jafnvel sljór, heldur munum við verða eftirvæntingafullir og áhugasamir í framan. Og menn munu beina sjónum sínum upp á við, svo er kvenfólkinu fyrir að þakka.

Það eru konur hér fyrir utan og það eru konur hér frammi á göngum og e. t. v. í stigum líka, og allir pallar eru fullir af konum.

Í dag hefur það gerzt, sem að líkindum hefur aldrei gerzt fyrr í sögu Alþingis. Á ég þá ekki við það, að álitlegur hópur reykvískra kvenna hefur skroppið hingað niður eftir fótgangandi eða í strætisvögnum eða kannske í einkabílum sínum til þess að heiðra okkur með nærveru sinni. Þess eru þegar allmörg dæmi í sögu Alþingis, að reykvískar húsmæður hafi lagt slíkt á sig. Hingað eru líka komnar aðrar konur, og þær eru komnar lengri veg en hinar. Þetta eru sveitakonur. Þetta eru fulltrúar þeirra íslenzku húsmæðra, sem yfirleitt eiga ekki heimangengt. Þetta eru fulltrúar þeirra kvenna, sem hvern dag ársins eru bundnar ekki aðeins við barnauppeldi og venjuleg heimilisstörf, heldur og þau önnur verk margvísleg, sem þær verða að vinna við hlið eiginmanna sinna, í fjósum og í fjárhúsum eða þá kannske einhvers staðar úti við, einfaldlega vegna þess, að þannig er nú einu sinni lífsbaráttan í sveitum þessa lands.

Það er ástæða til að bjóða velkomnar allar þær konur, sem í dag heiðra okkur með nærveru sinni, en persónulega leyfi ég mér að bjóða sérstaklega velkomnar þær konur, sem ég nú nefndi. Þær sitja þarna uppi á pöllunum fremst, 25 saman, og eru, að ég hygg, flestar úr Villingaholtshreppi, en einnig úr Hraungerðishreppi og ofan af Skeiðum. Það er nærvera þessara kvenna, sem gerir þennan dag einstæðan í sögu Alþingis. Bændur hafa oft komið hingað margir saman til þess að leggja áherzlu á hagsmunamál sín. Einkum gerðist þetta í fyrri tíð, svo sem frægt er, og beittu þeir þá gjarnan hestum sínum á völlinn hér fyrir utan, meðan þeir sátu hér inni í húsinu og hlýddu á mál manna. Bændakonur hafa hins vegar aldrei fyrr, svo að mér sé kunnugt, tekið sig saman um það, eins og nú í dag, að heilsa upp á hv. Alþingi.

Þær munu hafa orðið að fara óvenjusnemma á fætur í morgun, flestar þessar konur, til þess að ljúka morgunverkunum í tæka tíð, svo að þær gætu safnazt saman í þeim almenningsvagni eða rútubíl, sem þær leigðu sér til ferðarinnar. Meðan reykvískar húsmæður voru núna áðan, elskulegar reykvískar húsmæður, að útbúa hádegismatinn handa fjölskyldum sínum, voru þessar konur, hinar konurnar, á leið yfir þá stóru heiði, sem liggur milli höfuðborgarinnar og þeirrar sveitar, þar sem þær eiga heima og vilja eiga heima. Ég skal ekkert um það segja, hvernig hádegismaturinn kann að hafa lukkazt á heimilum þeirra reykvísku húsmæðra, sem vegna sinnar erfiðu lífsbaráttu hafa nú ákveðið að kaupa hvorki kartöflur né mjólk né kjöt né neinar aðrar afurðir, sem íslenzkir bændur framleiða og byggja á lífsafkomu sína og sinna eiginkvenna og sinna barna. En hitt þykist ég vita, að í dag muni reynast heldur þunnur þrettándinn á vissum heimilum fyrir austan fjall, þar sem húsbóndinn verður auk allra annarra starfa sinna að bögglast við eldamennsku og barnagæzlu, vegna þess að eiginkona er allt í einu farin suður til þess að sitja á þingpöllum.

En hvað um það, ekki hefur þetta að ástæðulausu gerzt. Þær hafa boðskap að flytja, þessar konur, sem hingað eru komnar austan yfir fjall. Og mér veitist sá heiður að lesa þennan boðskap, með leyfi hæstv. forseta. Hann hljóðar svo:

„Við undirritaðar konur úr Árnessýslu viljum með nærveru okkar hér kynna sjónarmið okkar. Það er staðreynd, að landbúnaðarvörur hafa ekki hækkað í verði meira en aðrar vörur. Fiskur hefur hækkað örar en kjöt, og heildarhækkun hans er meiri en á kjöti. Mjólk er enn þá ódýr neyzluvara, ef miðað er við næringargildi og verð hennar og annarra drykkja. Vegna mikilla niðurgreiðslna á mjólk hafa mjólkurframleiðendur fengið hærra verð fyrir mjólk sína en söluverð hennar út úr búð. Neyzlumjólk bænda er því dýrari en annarra landsmanna. Þetta eru staðreyndir, sem öllum ættu að vera ljósar. Samt sem áður gerist það undarlega, að nokkrar húsmæður í Reykjavík skora á fólk að hætta að borða landbúnaðarvörur, en neyta í staðinn „dýrari og óhollari fæðu" (orðalag þeirra sjálfra). Við sveitakonur, sem vinnum að framleiðslustörfum jafnframt húsmóðurstörfum, lítum svo á, að þarna sé verið að ráðast á okkar stétt og það af þeim, sem sízt skyldi. Þessar konur eru að vísu sjálfráðar um það," — það er verið að tala um reykvískar húsmæður, — „hversu dýran og óhollan mat þær gefa börnum sínum. En við mótmælum herferð þeirra gegn íslenzku bændafólki. Við álítum, að það væri nær að hætta að kaupa brezkar og vestur-þýzkar vörur, á meðan þær þjóðir stunda ólöglega veiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi. Við skorum á konur að sniðganga brezkar og vestur-þýzkar vörur, þar til samningar hafa tekizt í fiskveiðideilunni. Við skorum á konur að kaupa ávallt íslenzkar vörur, ef verð þeirra og gæði standast samanburð við erlendar vörur."

Og undir þetta skrifa þær konur, sem ég áðan nefndi úr tilnefndum 3 hreppum Árnessýslu. Og ég ítreka það, að ég tel það sérstakt fagnaðarefni, að við skulum hafa fengið þær hingað í húsið til okkar. Ég segi a. m. k. fyrir mína parta: Veri þær allar hjartanlega velkomnar.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er nú svo, að þegar farið er að tala um mjólk hér á hinu háa Alþingi, þá er ég vanur að segja örfá orð. Ég vil taka undir það, sem hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, sagði, að ég vil bjóða þá göfugu gesti, sem hér eru á þingpöllum, velkomna. Ég veit, að erindi þeirra eru ekki hin sömu. Það eru konur úr Árnessýslu hér mættar á þingpöllum og konur úr Reykjavík, og erindi þeirra eru ekki hin sömu. Konurnar

úr Reykjavík eru að mótmæla hækkun á landbúnaðarvörum og hafa heitið því að kaupa ekki mjólk og aðrar landbúnaðarvörur á næstunni vegna þessara hækkana. Ég held, að þetta fyrirheit sé mjög háskalegt fyrir þær og þá, sem þær bera mest fyrir brjósti. Frá því að fyrsta húsmóðirin settist að á Íslandi, hefur það verið í verkahring húsmæðra að matbúa og deila fæðunni milli heimilisfólksins. Mörg húsmóðir hefur verið gædd hreinni snilli á þessu sviði, eins og við þekkjum allir, bæði að því er varðar hæfni og um það að varðveita hollustuhætti og hagsýni í sambandi við fæðugerðina.

Mjólk og mjólkurmatur hefur frá upphafi verið meginuppistaða í fæðu íslenzku þjóðarinnar. Íslenzka skyrið er frægt fyrir hollustu, einnig smjörið og ostarnir og sýran til drykkjar, sem bjargaði áreiðanlega mörgum sjómanninum og hélt þreki hans undir árinni, meðan eitthvað var til á sýrukútnum, að ógleymdri nýmjólkinni, sem við öll notum og alltaf er og verður heilsudrykkur og undirstaða heilbrigði þessarar þjóðar. Þessu mega húsmæðurnar sízt af öllu gleyma.

Ég verð að segja, að mér kemur það þess vegna undarlega fyrir sjónir, að húsmæður skuli breyta þannig og beita sér fyrir takmörkun á notkun þessarar fæðu, þó að hún hafi nokkuð hækkað í verði, en þó minna en flestar aðrar fæðutegundir, eins og ég skal koma að síðar. Slíkar aðfarir eru ekki aðeins aðför að heilsu neytenda, heldur einnig fjarstæða frá hagrænu sjónarmiði að minni hyggju. Það er ekki nema eðlilegt, að vaxandi verðbólga á hverjum tíma sé fólki þyrnir í augum. Ég furða mig ekkert á því, þó að andúð á henni komi fram í ýmsum myndum. En það er einkennilegt, þegar sú andúð snýst eingöngu gegn vissum hluta af þeim vörum, sem fólkið þarf að kaupa, og sérstaklega þegar það er hin innlenda vara. Þegar slíkt beinist að neyzlustöðvun á þeim vörum, sem minnst hafa hækkað í verði, þá held ég endilega, að eitthvað annað hljóti að liggja á bak við en það, sem fyrst og fremst er haft á orði.

Mig langar til þess, áður en ég fer úr þessum ræðustól, að minna á, hvernig hækkanir á íslenzkum vörutegundum hafa orðið nú að undanförnu, og vil gjarnan, að það liggi fyrir í Alþingistíðindum.

Þá byrjar það þannig, að í nóv. 1970 voru sett lög um verðstöðvun, og liggur fyrir skýrsla, sem ég hef hér í höndum og hefur verið birt í blöðum og er gerð í sambandi við upplýsingar frá Hagstofu Íslands og skrifstofu verðlagsstjóra, tekin saman af upplýsingaþjónustu landbúnaðarins samkv. upplýsingum frá þessum aðilum. Það er miðað við 1 kg, þar sem um kg er að ræða, nema annars sé getið, og verð á vörum í nóv. 1970, verð í febr. 1973 og verð nú 20. marz 1973. Þá er fyrst nýmjólk. Heil hyrna var í nóv. 1970 á 15.30 kr., er nú seld á 19.50 kr, þar er um 27% verðhækkun að ræða. Mjólkurostur 45% á 237 kr. 1970, nú á 238 kr., hækkunin er þar af leiðandi aðeins 1 kr. Smjörið, 1. fl., var 199 kr. 1970, er nú 250 kr., þar er um 26% hækkun að ræða. Súpukjöt, 1. verðflokkur, var 1970 150.20 kr., er nú 190.40 kr., þar er um 27% hækkun að ræða. Kótelettur voru á 176.80 kr. í nóv. 1970, en eru nú 226 kr., þar er um 28% hækkun að ræða. Kindabjúgu 144 kr. 1970, nú 177 kr., þar er um 23% hækkun að ræða. Rúgbrauð, 1½ kg, voru 26 kr., eru nú 32 kr., þar er um 23% hækkun. Franskbrauð, 500 g, 18.50 1970, nú 25 kr., það er 25% hækkun. Hveiti var 26 kr. pakkinn, er nú 36.50 kr., það er 40% hækkun. Ýsa, slægð og hausuð, 21 kr., er nú 52 kr., það er 68% hækkun. Þorskflök roðlaus, ný, 53.50 kr. 1970, nú 77 kr. eða 44% hækkun. Saltfiskur 55 kr. 1970, nú 80 kr., það er 45% hækkun. Fiskibollur, hálf dós, 35 kr., nú 53 kr. eða 51% hækkun. Epli 67.05 kr., nú 85.75 eða 28% hækkun. Kartöflur í 5 kg pokum 23.10 kr. 1970, nú 17.50 kr., þær hafa lækkað um 24%. Strásykur 20.35 kr., er nú 43.75 eða 115% hækkun. Kakó 205.30 kr., nú 279.20 kr., 36% hækkun. Kaffi, brennt og malað, 190 kr. 1970, nú 296, það er 56% hækkun. Maltöl, 33 cl flaska, á 11.50 kr., nú á 16 kr., 39% hækkun.

Hér sjá allir, sem bera þessar tölur saman, hversu gífurlegur hækkanamunur er hér á ýmsum vörum, hvað þær hafa hækkað meira en mjólkin. Á sama tíma og þetta hefur gerzt hefur verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða hækkað um 52% frá haustinu 1970, en tímakaup verkamanna um 60% og laun opinberra starfsmanna í kringum 80%. Ég held, að þessar tölur sýni það fullkomlega, að það er algerlega á misskilningi byggt að gera þá aðför nú að landbúnaðarvörum, sem hv. húsmæður hér á höfuðborgarsvæðinu virðast ætla sér að gera með því að hætta að kaupa þessar vörur. Þær gera sjálfum sér mestan skaðann með slíku, og ég vara þær við því, því að af því getur leitt heilsutjón. Ég vil benda þeim á nýlega birta tímaritsgrein, þýdda úr sænsku tímariti, þar sem frægur sænskur prófessor lýsir því yfir, að það sé miklu skynsamlegra að leggja tannburstann til hliðar en að hætta að drekka mjólkina, því að mjólkin er sá auðveldasti kalkgjafi fyrir bein og tennur, miklu auðveldari en allir aðrir kalkgjafar. Þessi ritgerð er birt í barnablaðinu Æskunni, og var það vel til fundið, og ég vil benda reykvískum húsmæðrum á það að lesa þessa grein.

Herra forseti. Ég hef kannske verið heldur langorður, en ég mátti til að koma þessum röksemdum að, sem ég hef hér flutt, úr því að tækifæri gafst til og þessar ágætu húsmæður eru hér viðstaddar til að heyra á mál mitt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég bjóst ekki við slíkum umr. eins og hér hafa farið fram fram að þessu. En ég kann ekki við það sem 1. þm. Reykv. að sitja þegjandi undir því, að mjög ósmekklega sé vegið að húsmæðrum hér í Reykjavík. Ég harma það mjög, að hinn ágæti bóndi Ágúst Þorvaldsson skyldi láta hafa sig í að taka hér til máls með þann lestur, sem hann var með. Ég veit, að þessi hv. þm. gerir það í góðri meiningu. Hann les upp ýmsar hækkanir, sem orðið hafa fyrr og síðar, og vill nota það sem rök fyrir því, að aðrar vörur

en landbúnaðarvörur hafi hækkað. En hér fer þm. inn á þá leið að flytja hér efnisræðu í þinginu gegn húsmæðrum, þegar hann veit, að þær geta ekki svarað fyrir sig. Sveitakonurnar eru líka húsmæður, og mig langar til þess að ávarpa þær. Þær hefðu gjarnan mátt láta fyrr fleiri þm. en kommúnistann Jónas Árnason vita það, að þær væru hér á þingpöllum. En hitt vil ég segja sveitahúsmæðrunum, að hvorki við sjálfstæðismenn né húsmæður í Reykjavík erum að beina geiri okkar gegn þeim. Það er ekki verið að deila á húsmæðurnar í sveitunum eða bændur, heldur núv. ríkisstj. Það er hún, sem ber ábyrgðina á þeirri verðbólguskriðu, sem nú hefur dunið yfir þjóðina. Hvers vegna lækkaði ríkisstj. niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum rétt áður en reiknuð var út vísitala framfærslukostnaðar 1. febr.? Hvers vegna? Þá stuðlaði ríkisstj. að því, að landbúnaðarvörurnar væru lægri vegna aukinna niðurgreiðslna 1. febr. Það er þessi framfærsluvísitala, sem er grundvöllur undir kaupgreiðsluvísitölunni 1. marz. En hvað gerðist þá? Þá hætti ríkisstj. niðurgreiðslunum. Og það er hennar sök, sú mikla hækkun, sem orðið hefur á íslenzkum landbúnaðarvörum. Það getur vel verið að íslenzka ríkisstj. sé búinn að spila þannig rassinn úr buxunum, að hún hafi ekki haft peninga til að greiða niður landbúnaðarvörurnar áfram. En þá var það hennar sök líka, en ekki bændanna og ekki búkvennanna austan úr sýslu. Ég held, að þær séu algerlega í sama bát, bændakonur að austan og reykvískar húsmæður og raunar þjóðin öll: að við viljum, að landbúnaðarvörur séu með sem hagstæðustu og lægstu verði. Og það er mesta hagsmunamál, bændanna einnig. En bændur eiga að fá í sinn hlut engu að síður það sama og aðrar stéttir í þessu þjóðfélagi.

Sjálfstfl. hefur alla sína tíð lagt á það megináherzlu að reyna að auka skilning fólksins til sjávar og sveita, milli hinna mismunandi stétta þjóðfélagsins. Kjörorð hans hefur verið stétt með stétt — og hann mun fylgja því fram. Því kjörorði mun hann berjast fyrir, og íslenzkar húsmæður eiga allra sízt skilið, að það sé verið að atyrða þær hér í sölum Alþingis, eins og gert hefur verið mjög ósmekklega.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég óska eftir því, húsmæður góðar, sem eruð á þingpöllum, bæði að austan og hér úr Reykjavík, að þið gefið mér hljóð. Ég ætla ekki að tala lengi. Ég vil aðeins segja það, að bændur eiga ekki sök á verðbólgunni. Það þurfa allir að vita. Þegar mjólkin var hækkuð 1. marz s. l., fengu bændur aðeins 11% í sinn hlut, þótt mjólkin hækkaði um 44% í útsölu. Þetta vita allir, og það er ágætt. En þá ber að beina geirnum að ríkisstj. Það kemur niður á bændum, ef hætt verður að kaupa landbúnaðarvörur. Það er óhagstætt fyrir heimilin að hætta að kaupa landbúnaðarvörur og kaupa aðrar vörur, sem eru dýrari. Það er óhagstætt og óhollt fyrir börnin að gefa þeim öl eða djús í staðinn fyrir mjólk. Þetta vil ég biðja húsmæður að gjöra svo vel að athuga. Hitt undrar mig ekki, þótt þær verði ergilegar, þegar ríkisstj. og talsmenn hennar eru alltaf að tala um, að kaupmáttur launa hafi aukizt. Ég veit, að húsmæðurnar finna, þegar þær fara í búðina, að það, sem er í buddunni, endist miklu verr nú en áður.

Ríkisstj. og talsmenn hennar eru alltaf að tala um, að kaupmátturinn hafi aukizt. Ríkisstj. hefur komið öllu í öngþveiti í íslenzkum þjóðarbúskap. Það er ríkisstj., sem á sök á óðaverðbólgunni. Hún á sök á því, að kaupmátturinn er minni nú en áður. Krónan er alltaf að minnka. Það er talið, að krónan hafi lækkað til jafnaðar um 2% á mánuði, síðan þessi ríkisstj. kom til valda. Þetta getur ekki góðri lukku stýrt.

Ég hef heilræði fyrir húsmæður. Það er að halda áfram að kaupa landbúnaðarvörur, en gera það, sem unnt er, til þess að gera almenningi í landinu ljóst, að ríkisstj. á sök á verðbólgunni og hún er að skapa hættuástand í íslenzku þjóðlífi. Ef húsmæður vilja gera skyldu sína við heimilin og við fósturjörðina, þá er raunhæfast að vinna að því, að núv. stjórnarfl. fái ekki atkvæði á næsta kjördegi, þannig að það komi ný ríkisstj. til valda, sem hefur það að markmiði að auka kaupmátt launa og skapa festu í íslenzkum þjóðarbúskap. — Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vona, að húsmæður og sem flestir taki þetta til vinsamlegrar athugunar.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að halda hér neina æsingaræðu. Enda þótt nú sé margt af gestum á svölum Alþ., mun það ekki breyta því, sem ég mun segja.

Ég vil í fyrsta lagi segja það, hvað sem hv. 1. þm. Sunnl. segir, þá er kaupmáttur launa meiri nú en hann hefur verið. Miðað við 100 1970 er hann 137.3 á þessu ári. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður á móti mælt með orðaglamri eða hávaða. Þegar þetta er metið af Framkvæmdastofnuninni, er tillit tekið til þeirra verðhækkana, sem þegar eru orðnar, og spáð um það, sem verður. Ég vil einnig minna á það, að á s. l. ári var afkoma þjóðarinnar góð. Þá var atvinna betri en nokkru sinni fyrr, svo hver vinnandi hönd hafði verk að vinna. Ég vil einnig minna á það, að sem betur fer var afkoma sveitafólksins þá einnig góð. Þessu eiga hv. þm. að gleðjast yfir, og ég treysti þeim til að gera það.

Ég vil minna á, að það sem liðið er af þessu ári hefur íslenzka þjóðin orðið fyrir stórfelldasta óhappi, sem hana hefur hent á síðari árum, eldgosið í Vestmannaeyjum. Þjóðin hefur sameinazt til átaka þar um. Það var till. stjórnarliða að reyna að mæta því átaki, sem þá þurfti að gera, með því að draga úr verðbólgu, en láta hana ekki vaxa. Það náðist hins vegar ekki samstaða um það hér á hv. Alþ., að slíkt yrði gert. Þess vegna var ekki hægt að fara fram á það við eina stétt öðrum fremur, að hún tæki á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna þessa áfalls, en mér skilst, að sumum hafi dottið í hug, að það ætti bændastéttin að gera. Launakjör hennar eru ákvörðuð

af aðilum, sem eru ekki bændur einir, heldur einnig fulltrúar neytenda, og þau voru ákvörðuð með sameiginlegu áliti allra þeirra, sem að unnu. Það er því ekki um neitt að ræða annað en það að greiða í hlutfalli við þá verðlagsvísitölu, sem er, í hlutfalli við þann kaupmátt, sem er í landinu og er nú sem betur fer meiri en áður þrátt fyrir þessa hækkun.

Íslenzka þjóðin, hvort sem það eru húsmæður eða aðrir þegnar, hefur annað að gera þessa stundina heldur en að etja stétt gegn stétt. Þar þýðir ekkert orðagjálfur um, að sé til flokkur allra stétta. Þar er það raunveruleikinn einn, sem sannar, hvað er. Íslenzka þjóðin berst nú sameiginlega, að ég vona, á tveim vígstöðvum: Annars vegar við erlent ofurefli, þar sem eru átökin um landgrunnið í kringum land okkar. Við vitum allir, hvort sem við eigum heima í sveit eða við sjávarsíðu, að ef ekki tekst að vernda landgrunnið, ef ekki tekst að efla fiskstofninn og auka tekjur af fiskveiðum í landinu, þá hafa bændur ekki heldur góða afkomu. Þetta vita þeir einnig. Ef ekki tekst að efla gróðurinn í landinu, eins og nú er stefnt að, það lífbelti, sem er landið sjálft, þá hefur íslenzka þjóðin, hvorki til sjávar né sveita, góða afkomu. Einmitt á þessum tíma, þegar slíkir atburðir gerast, að við eigum í stórátökum við erlendar þjóðir vegna lífstilveru okkar, og þegar við eigum á sama tíma að berjast við náttúruhamfarirnar í beztu veiðistöð landsins, þá höfum við öðru að sinna heldur en reyna að egna stétt gegn stétt, ekki sízt þegar á það er litið, að kaupmáttur launanna er meiri, þegar mjólk er keypt eða smjör, heldur en áður hefur verið. Þess vegna finnst mér, að við eigum ekki að vera að stofna hér til neinna æsinga.

Við eigum að skoða þessi mál rólega, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að landbúnaðarvörur hafa ekki hækkað meira en aðrar neyzluvörur. Þess vegna eigum við ekki með pólitískum æsingi að fara að reyna að egna til þess, að slíkar vörur verði ekki keyptar. Ég er líka sannfærður um það, að íslenzkar húsmæður, þegar þær hugsa þessi mál rólega, þá meta þær réttilega og vita, að hlutverk þeirra er annað en að taka þátt í æsingafundum. Þess vegna efast ég ekkert um það, þó að í dag sé nokkur hávaði í kringum þetta mál, þá stendur það ekki lengi, því að íslenzkar húsmæður eru þá orðnar á annan veg en þær, sem ég hef kynnzt um dagana, ef þær kunna ekki að meta þjóðarheill öðru fremur, og þjóðarheill krefst þess, að Íslendingar standi saman. Þeir hafa enga ástæðu til annars en að standa vel saman í erfiðleikunum, og þeir hafa meiri möguleika en nokkru sinni fyrr, vegna þess að almenn afkoma íslenzku þjóðarinnar er nú betri en hún hefur áður verið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er augljóst af því, sem er að gerast hér í þinghúsinu þessa stundina, og því, sem er að gerast utan þinghússins, að hagsmunaandstæður eru mjög að skerpast og aukast milli neytenda annars vegar og framleiðenda hins vegar. Það, sem hér er að gerast, er ekkert tilefni gamanmála eins og þeirra, sem hv. þm. Jónas Árnason lét sér um munn fara hér áðan. Það, sem hér er að gerast, er ekki heldur þess eðlis, að hægt sé að láta eins og ekkert sé að gerast, eins og hv. þm. Ágúst Þorvaldsson og hæstv. landbrh. gerði rétt áðan. Hér er ekki um að ræða neina tilraun til þess að egna stétt gegn stétt. Ef einhver hefur egnt stétt gegn stétt undanfarnar vikur, þá eru það þeir menn, sem hafa tekið að sér að stjórna landinu, en geta það ekki.

Hvað er hér að gerast? Hvert er tilefni þeirra atburða, þeirra nokkuð óvenjulegu atburða, sem eru að gerast í þinghúsinu og utan við þinghúsið? Tilefnið er auðvitað það, og það er augljóst hverju mannsbarni, að íslenzkar landbúnaðarvörur eru nú orðnar óeðlilega dýrar. Þrátt fyrir stórhækkað verð á íslenzkum landbúnaðarvörum, fá bændur samt sem áður ekki meira en rétt dugir þeim til að halda í við aðrar stéttir. Hér er auðsjáanlega eitthvað alvarlegt á ferðinni.

Það eru ekki nema rúmar þrjár vikur síðan mjólk hækkaði um 6.50 kr. hver lítri eða um meira en 40%, og hefur mjólk ekki öðru sinni hækkað jafnmikið í einum áfanga. Rjómi í fjórðungshyrnum hækkaði um 6.10 kr., smjör hækkaði um 53.50 kr., 45% ostur hækkaði um 43 kr., súpukjöt hækkaði um 31.90 kr., og kartöflur hækkuðu um 17.50 kr. Hver getur í alvöru undrazt það, að íslenzkar húsmæður láti slíkt ekki eins og vind um eyrun þjóta? Þessi hækkun, sem varð í einu lagi 1. marz, veldur hækkun á framfærslukostnaði, sem nemur hvorki meira né minna en 3.5 stigum, þessi eina hækkun landbúnaðarafurðanna, og hafa þær ekki í annað sinn hækkað jafnmikið í einu lagi. Þegar tillit er tekið til þess, að launþegar munu aldrei fá bætt hálft annað stig af þessum 3.5 stigum, að þessa hækkun verður að bera bótalaust, þeir fá ekki kauphækkun, sem henni svarar, 1. júní n. k., þá verður enn augljósara, að það er ekki von, að íslenzk heimili, reykvísk heimili, sem eru aðalviðskiptavinir íslenzkrar bændastéttar, láti slíkt algerlega sem vind um eyrun þjóta.

Það, sem hér er á ferðinni, er ekki það, að íslenzkum neytendum sé íþyngt þannig, að bændunum séu búin einhver óhófleg lífskjör, þeir fái í sinn hlut óeðlilega háar tekjur. Það, sem hér er á ferðinni, er það, að skipulag íslenzkra landbúnaðarmála, framleiðslumál landbúnaðarins, sölumál landbúnaðarins, verðlagsmál landbúnaðarins eru í óefni. Þar er um ranga grundvallarstefnu að ræða, og það næst aldrei að sætta neytendastéttina og framleiðendastéttina, nema tekin sé upp skynsamleg stefna og skynsamlegri leið í landbúnaðarmálum en sú, sem nú er fylgt. Greinilegasta sönnunin fyrir þessu er sú, í hvert óefni niðurgreiðslumál íslenzks landbúnaðar eru komin. Ef ekki væri um að ræða niðurgreiðslu neytenda vegna á íslenzkum landbúnaðarvörum, þá væru þær, — ég leyfi mér að segja: svo að segja óseljanlegar á íslenzkum markaði. Hafa menn gert sér grein fyrir því? Of sjaldan hafa menn það í huga, hversu miklu niðurgreiðslurnar nema, hversu mikið við öll, þjóðin í heild, ríkissjóður, leggjum

fram til að halda landbúnaðarvörunum þó í ekki hærra verði en á þeim er nú. Það eru greiddar milli 1600 og 1700 millj. kr. á ári til að halda verðlagi íslenzkra landbúnaðarvara niðri, og samt er það jafnóhóflegt og það í raun og veru er. Sagan er ekki öll sögð með þessu. Auk þessa greiðir ríkissjóður 400 millj. kr. til erlendra neytenda fyrir að leggja sér til munns íslenzkar landbúnaðarvörur. Færeyingar, Svíar, Danir og Bretar og enn fleiri þjóðir fá greitt frá íslenzkum almenningi, úr ríkissjóði Íslands um 400 millj. kr. til þess að kaupa íslenzkar landbúnaðarvörur. Þessar 400 millj. eru auðvitað teknar með skattgreiðslu á alla íslenzka launþega og þá bændur um leið.

Það er þetta ástand, sem er óviðunandi til lengdar. Það er þetta ástand, sem veldur því, að nú virðist svo sem stétt stefni gegn stétt, að það sé um að ræða hagsmunaágreining, sem vissulega ber að harma, og það er ein höfuðskylda ríkisstj. að reyna að jafna þann ágreining. En hún getur ekki jafnað hann nema því aðeins að taka upp skynsamlegri og réttmætari stefnu í landbúnaðarmálum en hún hefur fylgt.

Orsök þess vanda, sem nú er við að etja, — og í því felst skýringin á því, sem hér er að gerast í dag, — er sú, að það er ekki bara í landbúnaðarmálum, það er á öllum sviðum, sem ríkisstj. er hætt að geta stjórnað landinu. Hún hefur gefizt upp í baráttunni við verðbólguna. Það er vöxtur verðbólgunnar, sem er meginskýringin á því, sem hefur verið að gerast í íslenzkum landbúnaðarmálum í þessum mánuði. Þess vegna verða það síðustu orð mín, að ekkert er nú jafnbrýnt hagsmunamál — ég segi: jafnbrýnt hagsmunamál fyrir bæði neytendur og framleiðendur og að ríkisstj. játi ósigur sinn í baráttunni við verðbólguna og fari frá.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér hafa nú farið fram býsna einkennilegar umr. og nokkuð svo skemmtilegar á köflum, ekki sízt þáttur hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfs Jónssonar, þegar hann kom hér og talaði á þann sérkennilega hátt, sem aðeins sjálfstæðismenn geta talað, að hann talaði jöfnum höndum fyrir báða þá aðila, sem virtust vera stríðandi í þessu máli. En sem sagt, hann munar ekki mikið um að segja þrátt fyrir það, sem hefur verið að gerast að undanförnu: Stétt með stétt, og verið svo allir á móti ríkisstj.

En það, sem mig langaði sérstaklega til að ræða um í sambandi við það, sem hér hefur komið fram, er nokkuð almennt um dýrtíðar- og verðlagsmálin. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, og reyndar ýmsum öðrum í leiðinni.

Hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sem lengi hefur verið sérfræðingur í landbúnaðarmálum, eins og menn þekkja, hélt því fram, að allur sá vandi, sem við væri að glíma nú í þessum málum, stafaði af því, að ríkisstj. réði ekki við stefnuna í efnahagsmálum, og dýrtíðin í landinu væri ríkisstj. að kenna. Hann hirðir auðvitað ekkert um, þó að það liggi fyrir, að síðustu 3 árin, sem hann var við völd, hækkaði framfærsluvísitalan um 18.6% á ári að meðaltali, en nú á rúmlega tveggja ára tímabili hefur framfærsluvísitalan ekki hækkað nema um 7.7%. Hann munaði ekki mikið um að stíga yfir þetta. En hann var ekki heldur að greina frá því, hvernig m. a. stendur á þeim hækkunum á verðlagi, sem hér hafa gengið yfir að undanförnu. Það er fróðlegt fyrir þá, sem nú tala mest um hækkandi verðlag, að reyna að átta sig örlítið á því, hvað hefur verið að gerast hér hjá okkur og í nálægum löndum í verðlagsmálum. Við létum nýlega taka saman skýrslu um það í viðskrn., hvað liði verðbreytingum á ýmsum helztu innflutningsvörum okkar erlendis frá á s. l. ári., og ég skal nefna hér nokkrar tölur í þessu sambandi.

Það kom í ljós, að á s. l. ári, þ. e. a. s. frá ársbyrjun 1972 til ársloka, hafði verð á timbri, aðallega mótatimbri, hækkað um 68%. Heldur Gylfi Þ. Gíslason, að þetta sé að kenna íslenzkum stjórnarvöldum? Það kom einnig í ljós, að verð á járni og stáli, sem menn nota hér til margs, hafði hækkað á árinu um 71%. Heldur Gylfi Þ. Gíslason, að þetta sé að kenna íslenzkum stjórnarvöldum? Það kom einnig í ljós, að innflutningsverð á hveiti hafði hækkað um 50%, innflutningsverð á fóðurvörum öllum hafði hækkað um 49%, innflutningsverð á sykri og kaffi hafði hækkað um 45%. Hér hefur verið um það að ræða, að gengið hafa yfir í okkar viðskiptalöndum í hinum stóra heimi gífurlega miklar verðhækkanir, sem eðlilega hafa komið fram í íslenzku verðlagi jafnframt. Við vitum einnig, að á s. l. tveimur árum hefur verðgildi dollarans verið að lækka í verði tvívegis og hefur óhjákvæmilega þýtt það, að innfluttar vörur til Íslands hafa hækkað í verði. Það hefur ekki verið á valdi íslenzkra stjórnarvalda að ráða við þetta. Menn ættu að hafa það í huga, að við eigum meginútflutningsviðskipti okkar við dollarasvæðið, seljum vörur okkar þangað og verðum að búa að því. Ef dollarinn lækkar í verði, hljótum við raunverulega að fá minna fyrir útflutning okkar að verðgildi í öðrum vörum. Þetta hefur verið að ganga yfir á þessu tímabili.

Sannleikurinn er sá, að þegar tekið er tillit til þess, sem hefur verið að gerast í verðlagsmálunum í kringum okkur, þá eru s. l. tvö ár einu árin í langan, langan tíma, sem verðbólgan á Íslandi er minni en í okkar helztu viðskiptalöndum. Opinberar skýrslur sýna, að verðbólgan t. d. í Bretlandi jókst um 11% árið 1971 og 12% árið 1972 eða meira en hér. Það er auðvitað ósköp auðvelt að kenna íslenzkum stjórnarvöldum um allar þessar hækkanir og segja svo á eftir, að íslenzkir ráðh. hafi ekkert við það að gera að stjórna landinu og þeim séu að kenna allar þessar verðhækkanir.

Við vitum einnig, að á þessu tímabili hefur verið óhjákvæmilegt að hækka laun helztu vinnustéttanna í landinu, af því að það átti eftir að hækka laun þeirra til samræmis við það, sem búið var að hækka launin hjá embættismönnum áður. Auðvitað vita allir, að þegar kaup hækkar mikið, þá er engin leið að koma í veg fyrir, að verðlag hækki eitthvað um leið, og enginn ætti að þekkja það betur en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, sem samfleytt í 15 ár í

ríkisstj. stjórnaði hér einhverri mestu verðbólguöldu, sem yfir Ísland hefur gengið. Þeir ættu að þekkja það, sem koma úr viðreisnarstjórninni, hvað er að glíma við sífellt hækkandi verðlag. Enda hafa þessir herrar ekkert dregið af sér nú að undanförnu, þegar þeir hafa verið að fara fram á hækkandi verðlag á öllum sviðum. Við vitum mætavel, að þeir, sem t. d. stjórna Reykjavíkurborg, hafa ekki verið að draga af sér að undanförnu að heimta hækkanir á öllum sviðum. Heimtuðu þeir ekki nú fyrir stuttu, að strætisvagnagjöld í Reykjavík hækkuðu um 44%, þótt þeir fengju ekki nema 25% hækkun? Heimtuðu þeir ekki, að rafmagnsverð í Reykjavík hækkaði um 22.6%, þótt þeir fengju ekki nema 15%? Heimtuðu þeir ekki, að hitaveitugjöldin í Reykjavík hækkuðu um 29.6%, þótt þeir fengju ekki nema 20%? Og liggja ekki fyrir kröfur frá þeim, sem stjórna Reykjavíkurborg, um að mega hækka daggjöldin á barnaheimilum í borginni um 80% og heimilishjálp um 50%? Þessir aðilar hafa ekkert dregið af sér í því að reyna að hækka verðlagið í landinu, eins og þeir hafa mögulega getað. Það má svo sem minna á það líka, að heildsalarnir í landinu gera kröfu um að fá að hækka heildsöluálagninguna um 36%. Skyldi Sjálfstfl. þekkja eitthvað af þeim mönnum, sem standa á bak við þær kröfur?

Þannig hefur það verið, að þessir aðilar, sem nú tala mest um, að hér hafi hækkað verðlag, hafa manna mest ýtt á eftir hækkandi verðlagi í landinu. Um það leyti, sem var verið að velja leiðir til að ákveða, hvernig við skyldum afla tekna í svonefndan viðlagasjóð til þess að standa undir lausn á þeim vandkvæðum, sem sköpuðust vegna hamfaranna í Vestmannaeyjum, þá kom til mála að fresta tiltekinni kauphækkun, ekki aðeins verkafólks sem nam 6% í 7 mánuði, heldur einnig að fresta kauphækkun opinberra starfsmanna um 7% á sama tíma. Hvað gerðist þá? Þá kom í ljós, að forsvarsmenn Sjálfstfl. og Alþfl., sem nú tala mest um hækkun á verði landbúnaðarafurða, mæltu á móti því, að þessum kauphækkunum yrði frestað í nokkra mánuði, en af því hefði einmitt leitt það, að verðhækkanirnar á landbúnaðarafurðum hefðu ekki heldur gengið yfir nú. Það lá alveg skýrt fyrir. Þeir hins vegar kröfðust þess og börðust fyrir þá að fá þessa hækkun fram, m. a. til þess að allar þessar verðhækkanir gætu gengið yfir. Og þáttur Alþfl. var ekki mergilegri en svo, að hann samþykkti auðvitað fyrst að vera með því að fresta þessari kauphækkun, en sneri svo við á eftir, þegar hann heyrði, að einhverjir aðrir mundu verða á móti þessu, og gaf þá upp sína fyrri stefnu.

En svo er það merkilega í þessu máli, að þegar menn eiga að standa við áður gerða samninga við bændur um verðlagningu landbúnaðarafurða, við lög, þegar á að taka tillit til þess, að kaup bóndans á að hækka í framleiðsluverði landbúnaðarvara alveg eins og kaup annarra stétta, og þegar við eigum að taka fullt tillit til þess við eðlilegan framreikning, hvað ýmsar vörur, sem landbúnaður þarf á að halda til sinnar framleiðslu, hafa hækkað erlendis, þá koma menn og neita að taka þátt í að standa við þennan framreikning, standa við þá samninga, sem áður voru gerðir. Sú mikla hækkun, sem gekk yfir á landbúnaðarafurðum nú fyrir stuttu, þýddi, að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða hækkaði um 11.4%. Það var mikið, það er rétt. En hvernig eru þessi 11.4% samansett? Það hefur komið áður fram á Alþ., og má gjarnan endurtaka það. Af þessum 11.4%, sem verð á landbúnaðarafurðum átti að hækka um að meðaltali, stöfuðu 7.9% eingöngu af því, að það varð að hækka laun bóndans nákvæmlega til samræmis við það, sem laun annarra vinnandi stétta í landinu höfðu hækkað um. 7.9% af þessu voru þannig til komin. Og 1.3% stöfuðu eingöngu af hækkun á fóðurvörum erlendis frá. M. ö. o.: 9.2% af 11.4% stöfuðu af því, að það átti að reikna inn í landbúnaðarvöruverðið samkv. lögum og samningum erlenda verðhækkun á fóðurvörum og laun samkv. því, sem samningar sögðu til um. Auðvitað hefði verið miklu betra fyrir alla að fá 6% hækkun á grunnkaup 1. marz og þar að auki 7% hækkun vegna vísitölu, fá 13% kauphækkun og þurfa ekki að borga neina verðhækkun um leið. En það vissu allir, sem stóðu að því að framkvæma þessa kauphækkun 1. marz, að það hlaut að leiða af henni einni kauphækkun til annarra stétta í landinu samkv. gerðum samningum. Því þurfti þessi hækkun á landbúnaðarvörum ekki að koma neinum á óvart. Og ég vil segja í sambandi við það, sem hér hefur áður komið fram, að það er gersamlega þýðingarlaust fyrir stjórnarandstöðuna að ætla að kenna núv. ríkisstj. um þær verðhækkanir, sem hafa verið að ganga yfir í íslenzku þjóðfélagi að undanförnu og stafa af erlendum verðhækkunum eða hljóta eðlilega að fylgja í kjölfar almennra kauphækkana. Það er ekkert annað en neita staðreyndum að neita því, að þessar verðhækkanir hljóti að ganga yfir.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að við búum hér við verðmyndunarkerfi á Íslandi, sem er verulega gallað, sem spinnur upp á sig í ýmsum tilvikum og hækkar hér innanlands verðlag umfram það, sem það þyrfti að hækka. Það er rétt. En það hefur ekki reynzt auðvelt að leiðrétta það kerfi, og þeir ættu a. m. k. ekki að ásaka okkur mikið fyrir það kerfi, sem skildu það eftir sig og létu okkur þetta í té. Ég er ekki í neinum vafa um, að í tíð núv. ríkisstj. hefur verið staðið svo gegn margvíslegum verðhækkunum í landinu, sem krafizt hefur verið, að fram næðu að ganga, að það verður varla gengið miklu lengra, enda er óspart ýtt undir það af stjórnarandstöðunni að knýja fram sem mestar verðhækkanir hjá þeim, sem gerast þar kröfuharðastir.

Við þurfum í rauninni ekki að vera neitt hissa á því, þó að þessar verðhækkanir hafi gengið yfir. Þær eru sumpart, eins og ég hef bent á, til komnar af ástæðum, sem við höfum ekki getað ráðið við, og það er vægast sagt ljótur leikur að ætla að ala hér á óánægju á milli framleiðenda og neytenda í sambandi við verðlagninguna á landbúnaðarafurðum eða þær hækkanir, sem þar hafa gengið yfir, því að það er enginn vafi á því, að það er rangt, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði, að verð á

íslenzkum landbúnaðarvörum væri orðið óeðlilega hátt. Ef við berum verðið á þeim saman við verð á landbúnaðarvörum í nálægum löndum, er ekki hægt að segja, að verð á mjólk og öðrum landbúnaðarafurðum á Íslandi sé hátt.

En þessu heldur auðvitað áfram. Sjálfstæðismenn koma til með að halda áfram sinni göfugu baráttu um stétt með stétt á þennan sérkennilega hátt, sem þeir eru að vinna að núna, og Alþfl. kemur til með að prédika fyrir ykkur sína nýju landbúnaðarstefnu, sem á eftir að frelsa allt saman. Það kemur eflaust einhvern tíma að því, að Alþfl. fái að framkvæma þessa ágætu stefnu, en hann verður að sætta sig við það í dag, að ákaflega fáir trúa á þessa landbúnaðarstefnu Alþfl.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda pólitíska ræðu eða hafa neina eldhúsdagsræðu hér. Ráðh. hafa svarað fyrir sig. En það voru örfá atriði, sem mig langar að benda aðeins á. Ég er dálítið kunnugur, hvað vörur kosta. Ég held heimili hér í Reykjavík. Ég hef enn fremur fengið upplýsingar um, hvað mjólk kostar t. d. í nágrannalöndum okkar, og það er í Noregi um 1.90 norskar kr., nálægt 30 ísl., í Danmörku er mjólkin dálítið ódýrari, en í Svíþjóð er hún dýrari, milli 30 og 40 ísl. kr. lítrinn. Við getum ekki miðað við mjólkurverðið, sem var, áður en mjólkin hækkaði í vetur, vegna þess að meginhlutinn af mjólkurverðinu var niðurgreiddur. Það er rétt, að hún hækkaði mikið. Má vera, að það hafi verið um 40%, en hún var óeðlilega lág áður.

Ef þetta er borið saman við aðrar matvörur, þá hygg ég, að það séu fáar vörur nú ódýrari en mjólkin. Hún kostar í hyrnum um 19.50, en aðeins losar 20 kr. í fernunum. Ég hef keypt til heimilis í allan vetur, og það er ódýrara að kaupa dilkakjötið heldur en fiskinn. Ég fékk upp í búð verð á fiski og kjöti. Súpukjötið kostar 173 kr. kg og lærin í heilu lagi 197 kr. kg, en fiskurinn, úrvalsýsa, 238 kr. kg, 40 kr. meira en kjötið í lærunum. En ódýrari fisktegundir, sem eru varla ætar og ég hef ekki keypt í vetur, kosta um 160 kr. kg, eða mjög svipað og súpukjötið. Þess vegna er dálítið spaugilegt með blessaðar húsmæðurnar, að þær skuli endilega þurfa að taka þær vörur, sem ódýrastar eru og minnst hafa hækkað, ætla að fara að hætta kaupa þær. Það væri miklu eðlilegra, að þær hættu að kaupa sykur, hann hefur hækað um 115%, og gosgutlið kostar nærri 20 kr. flaskan. Það var verið að tala um það í blöðunum, að það væri keypt fyrir eins mikla peninga gos og mjólk í landinu. Ég sagði, að ég tryði því ekki. Ég held, að það sé ólíkt næringargildi í því og hollari mjólkin heldur en gosið.

Ég skil vel, að húsmæðrunum finnist allt hækka í verði. En þá ber að athuga það, að krónan hefur ekki sama verðgildi og hún hafði. Dollarinn hefur lækkað í verði, og þar að auki hefur okkar króna lækkað dálítið meira. Í viðbót við þetta þarf fólkið að athuga það, að kaupið hækkar alveg í samræmi við hækkun á neyzluvörunum. Það er full vísitala í gangi. Kauphækkunin kemur eftir á, en það er ekki heldur hægt að reikna hana út fyrir fram. Kauphækkunin kemur líka eftir á handa bændunum.

Ég held nú, að satt að segja, að 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, hefði átt að minnast þess, þegar þeir voru að slíta sambandið á milli vísitölu og verðlags hér á árunum, þegar þeir voru að lækka gengið. Það var ekki ævinlega, að launþegar fengju fulla vísitölu greidda.

Sannleikurinn er sá, að þetta hækkar í krónutölu, það er alveg rétt, og ég skil það, að húsmæður finni til þess í bili. En kaupið á að hækka, svo að ekki ætti að þurfa að þrengja kjör vinnandi fólks. Hitt er svo annað mál, að við höfum allir áhyggjur af dýrtíðinni, og ég fyrir mitt leyti verð að játa það, að ég tel ákaflega óheppilegar þessar gengisbreytingar. Fólkið hættir að hafa traust á gjaldmiðlinum, og eyðslan verður meiri. Það er mál út af fyrir sig. En hitt er að refsa sjálfum sér að ætla að fara að hætta að kaupa þær vörur, sem eru ódýrastar og hollastar.

Ég læt það liggja á milli hluta að tala um kaup bænda sérstaklega. Þeir eru eins og aðrir menn, þeir vilja helzt fá sem mest fyrir sína vinnu, og ekkert óeðlilegt, að þegar kaup annarra stétta hækkar, þá hækki þeirra kaup líka. Ég veit, að frúrnar skilja það, að þessum verkföllum er ekki beint gegn bændum. En það er bara eins og þegar meinlætamenn áður voru að pynta sjálfa sig með því að berja sjálfa sig. Þegar svartidauði gekk, voru þeir að berja sig utan og héldu, að guð mundi þá hlífa þeim við svartadauða. Það er bara sjálfspynting að ætla að hætta að kaupa lambakjöt og mjólk og slíkar vörur, sem eru ódýrustu og beztu vörurnar, sem við fáum. Ég satt að segja tek þetta ekki alvarlega og hef ánægju af þessari heimsókn frúnna. Ég held, að bær fari að borða þessar vörur eins og þær hafa gert, eftir vikutíma a. m. k.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég held, að þetta hafi verið alfróðlegasti þingfundur, sem ég hef nokkurn tíma setið. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar tylltu sér svo hátt á tá, að þeir misstu höfuðið næstum upp á palla. Ég get fullvissað þá, sem heyra mál mitt, um, að þannig haga þeir sér ekki, þegar pallarnir eru fullir af togarasjómönnum.

Tónn hv. 1. þm. Reykv. kom mér ekki heldur á óvart. Eftir að hv. þm. Ágúst Þorvaldsson hafði flutt hér mjög málefnalega ræðu, stökk þessi þm. upp í ræðustól og skammaði hann fyrir að vera að atyrða reykvískar húsmæður. Ég verð að segja það, að þegar konur, húsmæður eða ekki húsmæður, láta í ljós skoðun sína, þá treysti ég þeim fyllilega til að geta tekið rökum. Þær hljóta að búast við málefnalegum umræðum, að annaðhvort sé fallizt á kröfur þeirra, ef mönnum þykja þær sanngjarnar, eða rök þeirra hrakin, ef svo ber undir. Það þarf engan stóra pabba til að rjúka hér upp í ræðustól til þess að skammast fyrir þeirra hönd.

Stétt með stétt, sagði þessi hv. þm. Frakkar

spyrja: Hvar er konan? Í því máli, sem hér er til umr., er sannarlega ástæða til að spyrja: Hvar er karlmaðurinn? Hvar er eiginmaðurinn? Er hann verkamaður, er hann atvinnurekandi, er hann bóndi? Hverjar eru tekjur heimilisins o. s. frv.? Ég held, að við höfum sýnikennslu á því, hér uppi á pöllum, að enda þótt húsmæður beri fram kröfur undir fána húsmæðratitils, þá rekast engu að síður á hagsmunir. Þegar farið er að skyggnast dýpra inn í þær ástæður, sem eru fyrir hendi, sem orsakir þessara hækkana landbúnaðarvara, kemur fljótlega í ljós, að húsmóðir á verkamannsheimili hefur annarra hagsmuna að gæta en húsmóðir á forstjóraheimili, eða bóndakonan hefur annarra hagsmuna að gæta en húsmóðir í Reykjavík. Í Morgunblaðinu í gær voru viðtöl, að ég hygg, við þrjár konur, sem ætluðu sér að taka þátt í þessari hreyfingu. Það kom skýrt fram hjá a. m. k. tveimur þeirra, að þær telja aðgerðir þessar ópólitískar. Þær eru þá ósammála þeirri samþykkt Húsmæðrafélags Reykjavíkur, sem liggur til grundvallar þessum aðgerðum. Ég fæ ekki séð, að sú samþykkt geti með nokkru móti talizt ópólitisk. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn telur, að þær launahækkanir, sem komu til framkvæmda frá og með 1. marz s. l., séu engan veginn raunhæfar, heldur sé kaupmáttur launa nú mjög skertur frá því, sem áður var."

Að vísu vantar hér mikilvægan rökstuðning. Ég hefði viljað fá að vita, hvort Húsmæðrafélag Reykjavíkur teldi, að þeir samningar, sem verkafólk og launþegar náðu í des. 1971 hafi verið óraunhæfir, hvort sú hækkun hafi verið ónauðsynleg. Ég vil minna sérstaklega á, að þá náðust í fyrsta skipti sérstakir samningar fyrir hina lægst launuðu, sem voru að langmestum hluta, láglaunakonur úti á vinnumarkaði. Þessi hópur fékk þá strax 20% beina launahækkun. Var þessi launahækkun óraunhæf?

Þá skal ég vikja aðeins að hinu atriðinu í samþykktinni, sem ég las áðan um, að kaupmáttur launa, eins og þar stendur, sé mjög skertur frá því, sem áður var. Að vísu hefur hæstv. viðskrh. talað hér mjög ítarlega á undan mér og hrakið þessa staðhæfingu, en ég vil því til viðbótar benda mönnum á, að það virðist sem forsvarskonur þessara mótmæla trúi ekki sjálfar sinni eigin samþykkt. Ef kaupmáttur hefur rýrnað svona gífurlega, hvernig er þá hægt að ráðleggja heimilum að kaupa aðra hverja viku vörur, sem eru margfalt dýrari en mjólk eða kartöflur eða aðrar landbúnaðarvörur? En það er kannske aðeins verið að tala til þeirra, sem mesta peningana hafa. Það kann að vera, að á efnaheimilum hafi fólk efni á því að láta börnin sín drekka eingöngu appelsínusafa eða kóka kóla aðra hverja viku. Það kann að vera, að á efnaheimilum sé unnt að fylla stóra ísskápa og frystikistur af landbúnaðarvörum aðra hverja viku. Húsmæður á þessum heimilum geta með góðri samvizku sagt, að þær hafi ekkert keypt hina vikuna. En hver á að tryggja, að þær dragi ekki fram úr þessum frystikistum þetta góðgæti og beri það fram daglega? Það er kannske helzt mjólkin, sem geymist ekki svo lengi. Ég hefði haldið, ef þessum forustukonum Húsmæðrafélagsins væri alvara, að þá ætti að fara fram á, að allar frystikistur væru löglega innsiglaðar aðra hverja viku. Ég held, að það liggi ljóst fyrir, að efnaminni heimilin geti engan veginn tekið þátt í þessum aðgerðum. Ef þessu væri framfylgt, mundi efnaminna fólkið bera þetta kaupverkfall uppi. Það hefði verið æskilegra, að Húsmæðrafélag Reykjavíkur hefði fundið aðgerðum sínum eitthvert það form, sem krefðist sömu fórna af öllum, en ekki bara þeim, sem minnst mega sín.

Ég vil að lokum segja þetta: Ég fagna því persónulega, að konur skuli láta í ljósi skoðanir á þjóðmálum. Ég hef alltaf verið því fylgjandi, að þær gerðu það í miklu ríkari mæli en nú er. En ég verð að segja það, að mér finnst, eins og nú er ástatt, allmiklu hugnanlegri sú uppástunga, sem kemur frá bændakonum í Árnessýslu, að íslenzkar húsmæður sniðgangi brezkar og vestur-þýzkar vörur, en að þær hætti að kaup mjólk, kartöflur og kindakjöt handa sínu fólki.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að hafa mál mitt mjög stutt, en mér fannst umburðarlyndi hæstv. forseta vera orðið mjög mikið, meðan hæstv. viðskrh. var hér að flytja eldhúsdagsræðu í langlokustíl. Og það er þessi ræða, sem ég ætla að gera stutta aths. við.

Hæstv. viðskrh. var að tala um verðbólguna og sagði, að hún væri minni tvö síðustu árin en hún hefði áður verið. Hvað er við þetta að athuga? Þetta m. a., að árið 1971 hafði hæstv. viðskrh og núv. ríkisstj. engin áhrif á hækkun verðbólgunnar nema lítið eitt til hækkunar. En hvað hækkaði framfærsluvísitalan þetta ár, fyrir tilverknað viðreisnarstjórnarinnar? Hún hækkaði um 2%, framfærsluvísitalan þetta ár. Hún hefði ekki hækkað nema um 1%, hefði hæstv. ríkisstj. ekki kippt bæði áfengi og tóbaki inn í útreikning kaupgreiðsluvísitölunnar, sem reiknuð var svo á grundvelli þessarar litlu vísitöluhækkunar. Hún hækkaði um 2%. En hvað hækkaði framfærsluvísitalan fyrstu 6 mánuðina, sem núv. hæstv. ríkisstj. hafði áhrif á hækkun hennar, þ. e. a. s. fyrri helming ársins 1972? 9.4% á 6 mánuðum, hálfu ári.

Það hefur fyrr og síðar verið farið með fullkomnar blekkingar í þessu sambandi. En fyrst og fremst hefur núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskrh. verið að eigna sér þann ávöxt, sem verðstöðvun fyrrv. ríkisstj. bar í þá átt, að framfærsluvísitalan hækkaði ekki á árinu 1971 nema um 2% frá fyrra ári.

Þá sagði hæstv. viðskrh., að innfluttar vörur hefðu hækkað í verði, og það er rétt, því miður. En auðvitað hækka þær m. a. vegna gengisfellingarinnar. Sjálfur sagði þessi hæstv. ráðh. athyglisverð orð í febr., að ef menn hefðu vitað um hækkun á verði útflutningsvörunnar, þegar menn felldu gengið í des., þá hefði gengið ekki verið fellt þá. Þetta sagði hann á kaupmannafundinum. Hann ætlaði sér ekki að standa við þetta, en gætti þess ekki, að ræða hans

hafði verið tekin upp á segulband. Og þegar við erum að tala um hækkun á aðfluttri vöru, þá er rétt, að hæstv. viðskrh. upplýsi líka, hver hækkunin hafi verið á útfluttri vöru. (Sjútvrh.: Það skal ég gera með mikilli ánægju.) Hann sagði mér hér um daginn, að verð á afurðum loðnunnar hefði hækkað um 200—300%, ef ég man rétt. Og það kemur auðvitað á móti þessu, og er rétt, að menn geri sér grein fyrir því.

Varðandi það, sem hann vildi láta, að það stæði ekki á borgarstjórninni í Reykjavík að biðja um hækkun á töxtum fyrir greiðslu fyrir heimilishjálp og dagheimilagjöldum, þá eru bæði heimilishjálpin og dagheimilagjöldin greidd stórkostlega niður af borgarsjóði. Það er ekki nema lítill hluti, sem neytandinn þarf að greiða af því, sem þetta kostar, og í mörgum tilfellum er það algerlega fellt niður. En að svo miklu leyti, sem hefur verið beðið um einhverja hækkun, þá er það vegna tilkostnaðarhækkunar, sem stafar af völdum hæstv. ríkisstj. Það er vegna Hrunadans kostnaðarverðbólgunnar, sem fyrirsvarsmenn KEA lýstu yfir, að núv. ríkisstj. bæri ábyrgð á.

Það er ákaflega mikill misskilningur að reyna að drepa þessu máli, sem hér hefur verið um rætt, á dreif með því að segja, að bændur þurfi að fá sína hækkun eins og aðrir. Það hefur enginn talið eftir þá hækkun, sem bændur hafa fengið á kaupi sínu til viðmiðunar við kaphækkanir hjá öðrum stéttum. Það hafa allir talið sjálfsagt að standa við samninga að þessu leyti og algerlega út í hött að gefa í skyn, að hér sé um eitthvað slíkt að ræða og menn eigi ekki að sakast um það. Það getur vel verið, að þeir álíti, hæstv. fyrirsvarsmenn ríkisstj., sem hér hafa talað, að það sé tilgangslaust að kenna ríkisstj. um það, hvernig nú horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þeir mega vera sælir í sinni trú. En ég er hræddur um, að það séu margir og miklu fleiri en við, sem tölum hér fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, sem kenna ríkisstj. um óstjórnina í þessum efnum og hvernig hallar undan fæti dag frá degi.

Ég vil svo segja út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, Svövu Jakobsdóttur, að ég kannast ekki við, að ég hafi á nokkurn hátt atyrt, eins og hún sagði, hv. þm. Ágúst Þorvaldsson í ræðu minni. (Gripið fram í.) Ég var ekki að yrða á Ágúst Þorvaldsson þá, þá átti ég við Jónas Árnason, og það ætti hv. þm. af sinni greind að geta skilið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hér neinar kappræður. En út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér um Hrunadansinn og það, sem núv. ríkisstj. hefur gert, vildi ég segja, að kaupmáttur launa í landinu er nú betri en hann hefur áður verið. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, hvað sem menn vilja segja um þessa hluti almennt, og það er það, sem mestu máli skiptir. Ég vil líka segja það, að það er gott að heyra, að menn vilja, að bændur njóti sömu kjara og aðrar stéttir, en þá á ekki sérstaklega að vera að taka verðlag á þeirra vörum út úr öðru verðlagi í landinu. Ég skal svo ekki fara lengra út í ræðu hv. 1. þm. Reykv., vill þó minna hann á, að árið 1971 var verðstöðvun í gildi allt árið og 1972 varð að taka inn í verðlagið þær verðhækkanir, sem höfðu geymzt vegna verðstöðvunarinnar árið 1971. Þetta veit hv. 1. þm. Reykv. eins vel og ég.

En það, sem ég ætlaði aðallega að segja, var út af ræðu hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, og tali hans um landbúnaðarstefnuna hér á landi. Ég held, að það snjallasta, sem hann hafi komið upp með þar, hafi verið að framleiða ull og gærur án þess að framleiða kjöt. Það kom einu sinni fyrir í ræðu þessa hv. þm., en það mun reynast erfið stefna í landbúnaðarmálum í framkvæmd. Hitt vil ég segja hv. þm., að kjötsala úr landi gengur nú mjög vel og er mjög nálægt því að ná framleiðsluverði.

Hv. þm. taldi, að ástæðan fyrir því, að verð á landbúnaðarvörum væri hér svo hátt, væri sú, að dreifing og annað skipulag á sölunni væri ekki með þeim hætti sem skyldi. Ef hann kynnti sér verðlagið t. d. hjá vinum okkar, Dönum, þá kostar mjólkin þar núna um 30 kr. lítrinn, en framleiðandinn, bóndinn, fær 12.63 kr., þetta er miðað við ísl. kr., en í færslum frá bóndanum til neytandans fara 17.37 kr. En ef hann tekur aftur íslenzka bóndann, þá er verð það, — ef ekki væru niðurgreiðslur, — sem um er að ræða, rúmar 30 kr. á lítra, en hér fara ekki nema 9.37 kr. á leiðinni frá framleiðandanum til neytandans. Skipulagið, sem er á afurðasölunni hérlendis, reynist þetta miklu betur en það, sem hv. 7. þm. Reykv. taldi, að við þyrftum að keppa að. Og hvernig yrði verðlagið á okkar framleiðsluvöru, t. d. mjólkinni, ef við byggjum við svipað sölufyrirkomulag og Danir? Danskar húsmæður verða að greiða um 30 kr. ísl. núna fyrir mjólkina, þegar íslenzkar húsmæður þurfa að greiða um 20 kr. Þetta skiptir verulegu máli, og ég vil upplýsa þennan hv. þm. um það og vona, að hann sé því marki brenndur að vilja hafa það, sem sannara reynist.

Ég held, að það, sem mestu skiptir og menn þurfa að hafa hér hugfast, bæði á þingbekkjum og þingpöllum, sé, að afkoma almennings í landinu, kaupgetan, er betri nú en hún hefur verið nokkru sinni fyrr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. tveir, hæstv. viðskrh. og landbrh., hafa svarað stuttri ræðu minni áðan í ítarlegu máli, sem hefur haft á sér eldhúsdagsblæ. Ég sé ekki ástæðu til þess, að þetta tækifæri sé notað til almennra eldhúsdagsumr. við hæstv. ríkisstj., og mun því ekki gera það, heldur verða við ósk hæstv. forseta um að stytta mál mitt. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að segja nokkur orð í tilefni af síðustu ummælum hæstv. landbrh., sem hann raunar byrjaði ræðu sína á líka, að það væri mergur málsins, að kaupmáttur launastétta væri nú meiri en hann var fyrir tveimur árum. Það er rétt. Hver gæti líka búizt við öðru, þegar raunverulegar þjóðartekjur í raunverulegum verðmætum voru í fyrra 18% meiri en þær höfðu verið tveimur árum áður?

Hefði verið hægt að halda svo illa á málum, að kjör launþega bötnuðu ekki eitthvað, þegar þjóðartekjurnar í raunverulegum verðmætum aukast um næstum fimmtung? Það er ekki hægt að stjórna, jafnvel hæstv. landbúnaðarrh. gæti ekki stjórnað svo illa, að almenningur nyti ekki góðs af þessu. Þetta skiptir auðvitað meginmáli. Þessi tekjuauki þjóðarbúsins á fyrst og fremst rót sína að rekja til verðhækkana erlendis. Hæstv. landbrh. dettur þó væntanlega ekki í hug að þakka sér verðhækkanir á Bandaríkjamarkaði? En um þetta er ástæða til þess að tala nánar í öðru sambandi og síðar og leggja þá fram skýrari rök fyrir þeirri staðhæfingu, að þrátt fyrir vonda stjórn, þrátt fyrir óhæfa stjórn, þá hefur það sem betur fer samt sem áður komið íslenzkum almenningi til góða, hve góðæri hefur verið mikið og sérstaklega hvað verðlag hefur verið hátt á erlendum markaði. Þetta er mergurinn málsins í þessu sambandi.

Annars vildi ég svara eldhúsdagsræðum þeirra tveggja með því að minna hæstv. ráðh. á 10 loforð, sem ríkisstj. gaf, og hverjar efndirnar hafa orðið.

Loforð nr. 1 var að efla hag togaraútgerðarinnar. Hvernig hefur það verið efnt? Togararnir eru ekki enn komnir af stað, þó að verkföllin hafi verið leyst, og það er fyrirsjáanlegur taprekstur. Þetta loforð hefur verið svikið.

Loforð nr. 2 var að efla hag bátaútvegsins. Allir, sem honum eru kunnugir, vita að bátarnir eru á mörkum rekstrarhalla. Hefur loforðið verið efnt? Nei, það hefur verið svikið.

Loforð nr. 3 var að tryggja hag frystihúsanna, m. a. til þess að gera þeim kleift að fullnægja nýjum heilbrigðiskröfum í Vesturheimi. Hefur þetta loforð verið efnt? Frystihúsin eru á mörkum rekstrarhalla. Loforðið hefur verið svikið.

Loforð nr. 4 var að tryggja íslenzkum iðnfyrirtækjum vaxtarskilyrði. Hefur þetta verið efnt? Bæði einkaiðnaður og samvinnuiðnaður horfa fram á tap á árinu 1973. Loforðið hefur verið svikið.

Loforð nr. 5 var að halda verðbólgunni í skefjum. Þegar ríkisstj. tók við völdum, var vísitala framfærslukostnaðar 155 stig. Hvað er vísitalan í dag? 194 stig. Hún hefur hækkað um 25%, og það er meiri hækkun en í nokkru nálægu landi á valdatíma ríkisstj. Loforð nr. 5 hefur líka verið svikið.

Loforð nr. 6 var að styðja að stöðugu verðlagi með gætilegri fjármálastjórn. Fjárlög hafa hækkað í tíð núv. hæstv. fjmrh. um 90%, og það er met á tveimur árum. Þetta loforð hefur líka verið svikið.

7. loforðið var að lækka skatta. Bæði fjárlög og skattareikningar sýna, að það hefur ekki verið haldið. 7. loforðið hefur líka verið svikið.

8. loforðið var að hrófla ekki við kaupgjaldsvísitölunni með lögum. Var marg yfirlýst og margsvarið, að þetta skyldi aldrei gerast. Kaupgreiðsluvísitölunni hefur verið breytt með lögum, 8. loforðið líka svikið.

9. loforðið og á það ekki lögð minnst áherzla var að banna ekki grunnkaupshækkanir með lögum. Það vildu kempurnar í ríkisstj. svíkja, en fengu því ekki ráðið.

Og 10. og síðasta loforðið var að banna ekki verkföll með lögum. Það loforð vildu þeir líka svíkja, en fengu því ekki heldur ráðið.

Ég gæti haldið áfram, en ég held, að þetta sé alveg nægilegt, enda er 10 ágæt og heilög tala, og það er ekki oft, sem hægt er að nefna 10 mikilvæg loforð ákveðinnar ríkisstj., sem öll hafa verið svikin. (Gripið fram í.). Ja, þeir vildu svíkja þau, en bara fengu því ekki ráðið, og það er ekki betra. Það er ekki betra að sýna sama hugarfarið, þó að það sé betra fyrir almenning, að þeir skyldu ekki hafa komizt upp með það. Þeirra hlutur er ekki betri.

Nú spur ég að síðustu, og það er svar mitt við eldhúsdagsumræðum hæstv. viðskrh. og hæstv. landbrh.: Er ekki mælirinn orðinn fullur? Er undarlegt, þótt þolinmæði almennings sé að bresta, eins og komið hefur greinilega fram í þinghúsinu og utan þinghússins nú í dag?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að það er verið að ræða um aukningu kaupmáttar. — Hv. 7. þm. Reykv. talaði hér um 10 loforð, sem höfðu ekki verið haldin. Þessi loforð eru áreiðanlega prentuð í Ólafskveri, þ. e. stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. ráðlagði þm. að lesa þetta kver kvölds og morgna, vegna þess að það var erfitt að skilja sumt, sem í því stendur. En það er áreiðanlegt, að nú óskar hæstv. ríkisstj. eftir því, að þetta kver verði aldrei lesið og það finnist ekkert eintak af því, vegna þess að loforðin þar eru miklu fleiri en 10 og þar hefur ekkert loforð verið efnt. Þess vegna spyrja fleiri en hv. 7. þm. Reykv., hvort mælirinn sé ekki orðinn fullur. Þeim fjölgar nefnilega óðum, sem telja það alveg víst og sjá, að hann er orðinn fullur. Það eru ekkert síður þeir, sem hafa verið stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem nú hafa fengið alveg nóg af starfsemi ríkisstj.

En það er talað um, að kaupmáttur launa hafi aukizt. Það er dálítið einkennilegt, þegar hæstv. ráðh. eru að koma hér upp í ræðustólinn og fullyrða þetta. Ekki sízt er það undarlegt, þegar þeir eru að tala í áheyrn húsmæðranna. Hver skyldi vita betur en þær, hvort kaupmátturinn hefur aukizt? Hvað þýðir að vera að fullyrða um það í áheyrn hv. húsmæðra, að kaupmátturinn hafi aukizt, þegar það stangast algerlega við staðreyndirnar? Það er hægt að benda á, að kaupið hafi hækkað í krónum. En krónan er alltaf að minnka, og skattarnir eru alltaf að hækka. Húsnæðiskostnaður, rafmagn og hitaveita eru alltaf að hækka. Það er áreiðanlegt, að það er ekki reiknað með þessum útgjöldum alltaf eins og þau eru í raun og veru, þótt meðaltalið sé tekið. Og annað er það, að þegar svona miklar hækkanir skella yfir eins og 1. marz s. l., þá verða neytendur að bíða til 1. júní eftir að fá þessar hækkanir bættar. Þess vegna þýðir ekki að vera með þessar fullyrðingar. Þær stangast á við staðreyndirnar.

Það var illa gert af hæstv. ríkisstj. og í raun-

inni stór þáttur í því að etja saman neytendum og framleiðendum að láta mjólkina hækka í einu um 44%, þegar hún hækkaði til bænda aðeins um 11.4%. Hæstv. ríkisstj. í sínu stefnuleysi er stöðugt að hringla með niðurgreiðslurnar. Niðurgreiðslurnar voru stórauknar í des., en aftur lækkaðar í febr. Þetta hefur aldrei verið gert áður, að lækka niðurgreiðslur á sama tíma og verðlag til bænda hefur átt að hækka. Það er þetta, sem hefur e. t. v. komið húsmæðrunum af stað, og það er illa gert við bæði neytendur og framleiðendur að koma þannig fram og vera að etja þeim saman og ögra neytendum með óskynsamlegum stjórnarathöfnum, eins og nú hefur verið gert. En ég vænti þess, að þegar húsmæðurnar athuga þetta í raun, þótt þær hafi of lítið í buddunni, þá sjái þær, að það á að halda áfram að kaupa landbúnaðarvörur, vegna þess að þær eru ekki dýrari en aðrar vörur, en hafa það fram yfir aðrar vörur að vera hollari, bæði fyrir börn og fullorðna.

Kaupmáttur launa hefur oft aukizt hér á landi. Kaupmáttur launa jókst óumdeilanlega í tíð fyrrv. ríkisstj. Það má geta þess, að á tveimur árum, frá 1970—1971, hækkaði kaupmáttur launa um 27.4%. Það eru engir bráðabirgðaútreikningar einstakra þm., sem hér er vitnað til. Hér er vitnað í opinberar skýrslur. Þessir útreikningar hafa aldrei verið rengdir. Svo koma hæstv. ráðh. hér upp og fullyrða, að kaupmátturinn hafi raunverulega ekkert aukizt í tíð fyrrv. ríkisstj., þótt hann hafi aukizt á tveimur árum um 27.4% og á einu ári, ef talið er frá nóv. 1970 til miðs árs 1971, um 20%. Það er mikils virði, að þetta stendur í opinberum skýrslum, sem ekki er hægt að rengja. Þá var það einnig, að húsmæðurnar fundu, að kaupmáttaraukningin var raunhæf og miklu meira en orðin tóm.

Það er ekki ástæða til utan dagskrár að vera að lengja þessar umr. öllu meira. En ég vil segja það, að hæstv. ríkisstj. hefur yfir ákaflega litlu að státa, enda er svo komið, að hún er raunverulega hætt að stjórna. Það er þannig komið, að almenningur í landinu er hættur að ætlast til nokkurs af henni til gagns í íslenzku þjóðlífi eða íslenzku atvinnulífi. Það er svo komið, að það er taprekstur á öllum sviðum atvinnulífsins. Það er taprekstur hjá útgerðinni, þótt aflabrögð séu góð og verð á fiskinum hærra en nokkru sinni áður. Það er tap í iðnaðinum. Það er tap í landbúnaðinum, vegna þess að rekstrarvörur landbúnaðarins eru að stórhækka og bændur hafa ekki fengið þessa hækkun inn í grundvöllinn, eins og nauðsynlegt væri. Og það er tap á samgöngum og öllu öðru, sem til starfsemi heyrir. Þegar svo er komið, má segja, að það sé hættuástand í þjóðfélaginu. Það er hætt við því, að atvinna dragist saman, að ofan á dýrtíðarverðbólguna komi atvinnuleysi. Þess vegna er það, að núv. ríkisstj. þarf að standa upp úr stólunum og láta fólkið dæma um hennar verk, til þess að unnt verði að koma á nýrri stjórnarstefnu og traustri ríkisstj. í landinu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram umr. utan dagskrár í tæplega tvær klukkustundir, og margt af því, sem hér hefur verið sagt, hefur í sjálfu sér ekki verið annað en almennar stjórnmálaumr., vegna þess að hér er margt af fólki á áhorfendapöllunum. Og það má segja, að margt af því, sem hefur verið sagt, hafi verið alveg furðulegt, þótt að vísu hafi hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason eins og fyrri daginn slegið þar öll met, en hann er nú methafi í flestu hér á Alþ.

Í sambandi við það, sem viðskrh. upplýsti áðan, hvernig á því stæði, að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða hefði hækkað um 11.4%, þá tók hann alveg réttilega fram, að vegna hækkaðra launa í landinu væru 7.9%, en sagði síðan, að vegna hækkaðs verðs á erlendum fóðurvörum hafi hækkunin numið, 1.3%, það er líka rétt. En það hefði mátt ætla, að það, sem á vantar, væri ekki vegna þess, að rekstrarvörur almennt hefðu hækkað, og ég vil koma því að og undirstrika það sérstaklega, að öll hækkun umfram þessi 7.9% er vegna þess, að ýmsir rekstrarliðir hjá landbúnaðinum hafa hækkað, svo sem rafmagn, viðhald og rekstur á vélum, flutningar o. s. frv. Sem sagt, öll talan, þessi 11.4%, er af þessum tvennum toga. Það er vegna aukins tilkostnaðar í framleiðslu landbúnaðarafurðanna og vegna hækkandi launa.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði hér áðan, að það væri vegna stefnunnar í landbúnaðarmálum, þessarar óhæfu stefnu að þessar verðhækkanir hefðu orðið. Það hefði verið gaman, ef þessi sami fyrrv. ráðh., sem var í 15 ár í ráðherrastóli og studdi þessa stefnu, hefði reynt að finna orðum sínum stað áðan í þessum ræðustól. Áttu bændur ekki að fá kauphækkun? Áttu bændur ekki að fá hækkun síns verðlagsgrundvallar, vegna þess að rekstrarvörur landbúnaðarins höfðu hækkað? Er það vegna stefnunnar? Það er náttúrlega ekki réttur samanburður í sjálfu sér að segja, að mjólk í Danmörku kosti nú 30 kr., í Noregi 33 kr. og í Svíþjóð 40 kr. lítrinn. Það segir ekki mikið í sjálfu sér. En ég vil fullyrða hitt, að matvörur á Norðurlöndum, bæði í Noregi og Svíþjóð, eru í hærra verði en á Íslandi miðað við launin. Það er ódýrast yfirleitt í Danmörku, en samt sem áður kostar mjólkurlítrinn 30 kr. Og það er fróðlegt og alveg sjálfsagt að fara fram á, að það sé reiknað út, hvað menn á Norðurlöndum og hvað almenningur á Íslandi er margar klukkustundir að vinna t. d. fyrir smjörkg, mjólkurlítra og kjötkg, þannig að það komi greinilega fram, hvernig þessi mál eru, af því að við erum alltaf að gera samanburð við aðra.

Ég vil taka undir þau orð, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði áðan, að það er algerlega óréttmætt að beina þessu að bændastéttinni. Ég hef sýnt fram á, að þessi hækkun er öll eingöngu vegna þess, að launin hafa hækkað og vegna þess að framleiðslukostn. hefur aukizt. Ef bændur hefðu ekki fengið þessa hækkun, hefðu bara beirra laun minnkað. Er það það, sem húsmæðurnar í Reykjavík ætlast til? Ég veit, að það er ekki. Ég get svarað því sjálfur. En ég efast um, að það hafi verið hugsað nægilega vel, því miður.

Ég verð að segja það, að ég vona það, að það megi ríkja í þessu þjóðfélagi skilningur

á milli stétta og menn yfirleitt hugsi málin niður í kjölinn, áður en farið er út í aðgerðir, þannig að það sé engum gerður óréttur í neinu. Ég held, að þau mótmæli, sem hér eru, hefðu átt að snúast að öðru og það hefði átt að upplýsa enn betur en gert hefur verið, til hvers það muni leiða í sjálfu sér, ef almenningur fer að neyta innfluttra vara í staðinn fyrir þær vörur, sem við framleiðum í landinu, hvort sem það eru landb.afurðir eða aðrar framleiðsluvörur.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það tekur því ekki að eyða löngum tíma hér í umr. við þá viðreisnarfélaga, hv. 1. þm. Sunnl., Ingólf Jónsson, og hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslason. Þeir eru afskaplega skemmtilegt par að ræða við, ekki sízt þegar landbúnaðarmál ber á góma, en þeir hafa lengi komið sér saman um að reka ákveðna pólitík í þeim efnum, þótt Gylfi hafi haft sinn hátt á þar og Ingólfur auðvitað haft svolítið annað áralag á stundum. En málflutningur þessara ágætu þm. er býsna furðulegur.

Hv. 7. þm. Reykv. kemur hér auðvitað með ákæruskjal og segir: Þeir lofuðu að efla hag útgerðarinnar, bátanna, frystihúsanna, iðnfyrirtækja, og allt tapar þetta. Allur atvinnurekstur tapar, útgerð, iðnaður, og að sjálfsögðu tapar landbúnaðurinn. — Hv. 1. þm. Sunnl. kemur svo og segir: Það þýðir ekkert að halda því fram, að kaupmáttur launa hafi farið vaxandi, það er ekkert að marka þessa útreikninga. Menn hljóta að finna þetta á buddunni sinni, segir hann. Launþegar tapa. — Auðvitað slæðist það út úr Gylfa í leiðinni, að þjóðartekjurnar hafi aukizt í tíð þessarar stjórnar um 18%. Má maður kannske spyrja um það, hver græði. Hver er það, sem græðir? Vill Gylfi segja það? Það væri gaman að heyra það. Allur atvinnurekstur, allir launþegar, allir tapa, en þjóðarbúið græðir.

Nei, svona skollaleikur þýðir auðvitað afskaplega lítið fyrir þessa hv. þm. Það þýðir ekkert að neita því, að útreikningar sýna það, svo að ekkert fer á milli mála, að kaupmáttur launa hefur farið verulega vaxandi að undanförnu, og það þýðir ekkert að afsaka það með því, að nú hafi kaupið hækkað og síðan hækki verðlag og menn verði að bíða eftir næstu kauphækkun í 3 mánuði. Ætli það hafi ekki verið þannig um langan tíma, að vísitalan hafi verið reiknuð út með þeim hætti? Ætli það sé eitthvað nýtt? Er það einhver ný sönnun í málinu?

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason getur auðvitað gert sig að athlægi og þotið til og trúað því, sem einstakir atvinnurekendur segja í vissum tilfellum, að allir séu að tapa. Ég hygg, að hvað svo sem líður tilraunum vissra manna til þess að halda hér uppi óraunhæfu verkfalli á togaraflotanum, þá hafi áhugi manna á að kaupa togara sýnt svolítið annað. Ágætir reikningar liggja fyrir frá ákveðnum togarafélögum, sem sýna allt annað en tap. Ég held líka, að þeir samningar, sem útgerðarmenn hafa staðið að því að gera á frjálsum samningsgrundvelli um kjör sín, séu ekki þannig, að útgerðin í landinu þurfi almennt að kvarta. En það er til samræmis við annað, að þegar þeir Alþfl.-menn eru búnir að halda fyrirlestur af þessu tagi, sem Gylfi var með, að allar greinar útgerðarinnar og atvinnurekstrarins í landinu tapi, tileinka þeir mér sérstakan leiðara í Alþýðublaðinu, sem lesinn er yfir landslýðnum, að ég sé sérstakur ráðh. útgerðarauðvaldsins í landinu og sé alltaf að berjast fyrir hagsmunum þess. Svona er málflutningur þessara manna yfirleitt. Og eftir svona upphlaup eins og hér hefur verið gert koma þeir, eins og hv. 1. þm. Sunnl., og segja, að það sé illa gert — og beinir því að sjálfsögðu til ríkisstj. — að vera að koma húsmæðrunum af stað á þennan hátt, eins og nú er gert. Auðvitað er það ríkisstj. að kenna, að húsmæðurnar hér í Reykjavík hafa haldið fund fyrir utan alþingishúsið. Auðvitað hefur ríkisstj. staðið fyrir þessu öllu saman. Þetta er eitt af hennar strikum, segir Ingólfur Jónsson. Ja, það er illa gert. Sjálfstfl. — eða hans stuðningsmenn — á þarna auðvitað enga hlutdeild að.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., Jóhanni Hafstein, hann saknaði þess í fyrri ræðu minni, að ég minntist ekki neitt á þær hækkanir, sem við Íslendingar höfum orðið aðnjótandi í sambandi við útflutningsvörur okkar. Það er alveg rétt. Það er ekki þannig, að það hafi aðeins hækkað verð á innfluttum vörum til landsins, eins og þó var alveg ómótmælanlegt. Verð á útflutningsvörum okkar hefur líka hækkað — hækkað mikið. Það er rétt, að fiskmjölið og loðnumjölið, sem við erum nú að selja úr landi, seljum við á 100% hærra verði en við seldum sams konar vöru á s. l. ári. Við njótum þess nefnilega einnig, ef verð á fóðurvörum fer hækkandi í heiminum. Verð á mjög mörgum útflutningsvörum okkar hefur hækkað nú um skeið á milli 20 og 30%, og að sjálfsögðu gefa þessar verðhækkanir okkur möguleika til þess að mæta þeim vanda, sem við mætum vegna hækkandi innflutningsverðs. En þessar verðhækkanir eru með þessum sérstaka hætti, að það er upplagt að skamma ríkisstj. fyrir verðhækkanir á vörum erlendis, sem við erum að kaupa, en það dettur auðvitað engum í hug að þakka ríkisstj. fyrir hækkun á okkar útflutningsvörum. Það er hægt að láta það liggja á milli hluta.

Það, sem ég vildi benda á, var, að miklar verðhækkanir, sem við fáum ekki ráðið við, hafa gengið yfir okkar þjóðarbúskap og það hefur verið reynt að gera gagnráðstafanir til þess að láta verðlagshækkanir hér innanlands verða sem minnstar, standa gegn kröfum um verðhækkanir. Við höfum eigi að síður ekki getað ráðið við það, að verðlag hækkaði nokkuð. Þó hefur verðlag innanlands tvímælalaust hækkað minna í tíð núv. ríkisstj. en í tíð fyrrv. ríkisstj., þrátt fyrir þessar ytri aðstæður. Þetta er það, sem er mergurinn málsins.

Ég vil nú ætla, að eftir þær umr., sem hér hafa farið fram í dag, komi þeir sér saman um það, Gylfi Þ. Gíslason og Ingólfur Jónsson, að leggja niður skottið og hætta þessum tiltektum í sambandi við kröfugerð varðandi hækkandi landbúnaðarvöruverð.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þetta eru nú orðnar langar og miklar umr. hér um mál utan

dagskrár. Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um að hafa ekki mál mitt allt of langt, en ég gat ekki stillt mig um að koma hér upp í ræðustól út af þeim umr., sem hér hafa farið fram. Mér datt satt að segja í hug undir þessum umræðum ummæli hæstv. iðnrh. í blaði hans, Þjóðviljanum, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Þar sagði hann einu sinni, að það væru til þrenns konar ósannindi: lygi, bölvuð lygi og tölfræði. Ég ætla ekki að gera þessi orð að mínum. En mér fannst, að sú talnameðferð, aðallega hæstv. ráðh., sem viðhöfð hefur verið á hv. Alþ., minni mjög á þessi spaklegu orð, að það séu til þrenns konar ósannindi, lygi, bölvuð lygi og tölfræði. Meðferð þeirra talna, sem hefur verið dembt yfir hv. d. og þá, sem hlusta á þessar umr., hefur verið slík.

Í þessum umr., sem að verulegu leyti hafa af hálfu hæstv. ráðh. farið í að hvítþvo ríkisstj. af því, að hún beri nokkra ábyrgð á því, að landbúnaðarafurðir hafi hækkað um 40-50% í einu lagi, hefur verið reynt að sneiða gersamlega hjá kjarna málsins í þessu efni. Hæstv. ráðh. hafa komið hér upp og sagt: Kaupmáttur launa hefur farið stórkostlega vaxandi. Vera má, að þetta sé rétt. En það eru ýmsar hliðar á þessu máli. Það hefur komið hér fram, að raunverulegar þjóðartekjur hafi hækkað verulega. En það hefur aldrei komið fram, hversu miklu meira kostar að afla þeirra nú en áður. Og ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um það, að í nýlegri skýrslu Kaupfélags Eyfirðinga kemur fram, að framleiðsluaukningin hjá þeim sé 18%, söluaukning af framleiðsluafurðum á einu ári, en kostnaðarauki við að framleiða þessar vörur 40-50%. Þar er sagt, að Hrunadans kostnaðarverðbólgu stefni þessum rekstri samvinnufélagsins á Akureyri í voða. Það er nefnilega ekki nóg að taka bara tekjurnar og segja, að þær hafi hækkað. Menn verða líka að gera sér grein fyrir, hvað kostar að afla þeirra.

Það er annað mál, sem er kannske kjarni málsins, þegar verið er að tala um svo og svo mikla aukningu kaupmáttar í þjóðfélaginu. Það er áætlað, að við munum á árunum 1971, 1972 og 1973 hafa viðskiptahalla við útlönd, sem nemur 14-15 þús. millj. kr. Hæstv. ráðh. hafa reynt að halda því fram hér á hv. Alþ. áður, að þetta stafi að verulegu leyti af innflutningi á atvinnutækjum, skipum og flugvélum. Það er rangt. Þetta kemur fram í skýrslum, m. a. valkostanefndarinnar, sem ég vildi nú mælast til, að hæstv. ráðh. læsu kvölds og morgna. Ég held, að það væri miklu hollari lesning fyrir þá en Ólafskver. Það er mjög greinargóð skýrsla sérfræðinga um ástandið í efnahagsmálum eins og það var s. l. haust, og horfur í þeim efnum. Þar kemur greinilega fram, að skip og flugvélar verði samkv. áætlun flutt inn fyrir 2500 millj. kr. á yfirstandandi ári, og það er 66% hækkun frá árinu 1972, þannig að það er gersamlega út í loftið að segja, að viðskiptahallinn stafi af því, að við séum að kaupa atvinnutæki. Hann stafar fyrst og fremst af eyðslu. Hann stafar af því, að við eyðum um efni fram, og kaupmáttur, sem er reiknaður, þegar við eyðum um efni fram, er gersamlega falskur. Það stendur í þessari skýrslu, að við höfum safnað um 6. þús. millj. kr. skuldum erlendis á einungis tveimur árum og að þessi skuldasöfnun sé gífurleg. Þetta segja sérfræðingar hæstv. ríkisstj., að þessi skuldasöfnun sé „gífurleg." Þegar þannig er staðið að stjórn þjóðarbúskaparins, eru engar tölur réttar um kaupmátt launa, eins og þær hafa verið fundnar við þessar umræður. Það er ekki hægt að segja, að sá kaupmáttur, sem gildir í dag, sé réttur, vegna þess að ef við héldum áfram á sömu braut, færum við gersamlega á höfuðið sem þjóð. Við ættum ekki til þess að greiða skuldir okkar erlendis og lánstraust okkar erlendis mundi þverra. Við yrðum að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að draga úr kaupmættinum innanlands, ef svo fer fram sem horfði, enda er þessi kaupmáttur, sem hæstv. ráðh. hafa verið að guma af í þessum umr., algerlega falskur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mig langar til að svara hæstv. viðskrh., þeirri spurningu hans til mín, hver græddi, hvað hefði orðið um þá 18% þjóðarteknaaukningu, sem ég sagði, að hefði átt sér stað á undanförnum tveim árum og er rétt. Auðvitað hefur þessi þjóðarteknaaukning komið fram annars vegar í aukinni neyzlu þjóðarinnar í heild og hins vegar í aukinni fjárfestingu. Þar eru þessi 18% þjóðarteknaaukning geymd. En það, sem ég hef verið að vekja athygli á er, að þrátt fyrir næstum fimmtungsaukningu á raunverulegum þjóðartekjum, eru atvinnuvegirnir samt sem áður reknir með tapi og það er um að ræða versnandi afkomu út á við, versnandi afkomu þjóðarbúsins gagnvart öðrum þjóðum. Það er þetta ósamræmi í efnahagsstjórninni, sem ég hef verið að benda á. Samfara bættum kjörum þjóðarinnar, aukinni framleiðslu og hækkuðu verðlagi eiga svo að segja allir íslenzkir atvinnuvegir í miklum erfiðleikum. Það er þetta, sem er það alvarlega við ástandið.

Hæstv. fjmrh. og raunar sjútvrh. líka töluðu þannig, að almenningi er ætlað að halda, að það sé góðri stjórn þeirra að þakka, að þjóðartekjurnar hafa farið vaxandi.

Svo að ég endi þessar umr. að dæmi hv. þm. Jónasar Árnasonar, sem brá á léttara hjal, er víst bezt, að mín lokaorð séu þannig, að það, sem mér hefur fundizt skringilegt við ummæli þeirra tveggja ráðh., sem talað hafa, er, að Lúðvík Jósepsson talaði eins og hann stjórni verðlagi íslenzkra sjávarafurða erlendis og Halldór E. Sigurðsson eins og hann hafi persónulega gotið loðnunni í Atlantshafið.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að deila um stjórnsemi þessa hv. 7. þm. Reykv. Hún var ekki svo merkileg í þau 15 ár, sem hann sat í ráðherrastólnum, að það sé ástæða til að reikna með henni, eftir að hann er farinn þaðan. En ég vildi bara segja honum það, að frá 1970—1973 hafa atvinnutekjur kvæntra verkamanna, sjómanna, iðnaðarmanna hækkað um 37.3%. Þar getur hann séð m. a., hvert þjóðartekjurnar hafa farið, hvar aukningin hefur orðið á þessum tveimur árum. Þeim hefur verið skipt á milli atvinnurekstrar og þegnanna og það þýðir ekkert að vera með tómar hrakspár, eins og þessir hv. þm. hafa haldið uppi s. l. tvö ár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Út af þessari aths. hæstv. landbrh. man ég það, aukning kaupmáttar atvinnutekna verka-, sjó- og iðnaðarmanna var á síðasta áratug 75%, á sama tíma sem aukning þjóðartekna á mann var 60%. Þessi var aukning þjóðartekna og kaupmáttur atvinnutekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Þá getur hæstv. landbrh. reiknað, hvernig tekjurnar hafa dreifzt til verkalýðsins og launþeganna á þessum árum, þessu 10 ára tímabili viðreisnarstjórnarinnar, að þessar stéttir hafa ríflega fengið sinn hlut.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 288). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 23, 328). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 328,1 felld með 16:9 atkv.
Brtt. 328,2 felld með 16:9 atkv.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 434).

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384). — 1. umr.

Flm. (Karl G. Sigurbergsson): Herra forseti. Áður en ég vík beint að frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 384, frv. til l. um róðrartíma fiskibáta, sem ég hef leyft mér að flytja í hv. d., og skýri nánar en gert er í grg., í hverju það er frábrugðið gildandi lögum um sama efni, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um ástæður þess, að ég flyt frv. hér og nú.

Eins og vikið er að í grg. með frv., er það flutt að beiðni skipstjórnarmanna á Suðurnesjum. Seint af vetrarvertíð á s. l. ári fékk ég sem formaður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis á Suðurnesjum bréf undirritað af öllum línubátaskipstjórum í Sandgerði og Keflavík, þar sem þeir fóru fram á, að ég beitti mér fyrir því við sjútvrh., að hann breytti gildandi reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa til samræmis við reglugerð um róðrartíma fiskibáta í Grindavík. Í nefndu bréfi skýrðu skipstjórarnir frá því, að óviðunandi væri fyrir þá að hlíta settum reglum um róðrartíma, vegna þess að útilokað væri af þeirra hálfu að róa á ákveðið línusvæði, sem afmarkað hefur verið undanfarin ár með reglugerð um skiptingu veiðisvæða milli einstakra veiðarfæra. Ég kom þessari beiðni til hæstv. sjútvrh., og tjáði hann sig fúsan að verða við þessari ósk, en því aðeins að allir, sem hlut ættu að máli, kæmu sér saman um þá breytingu, sem beðið væri um, að hann fyrirskipaði í nýrri reglugerð. Í framhaldi af þessari undirtekt fól hann starfsmanni Fiskifélags Íslands, Guðmundi Ingimarssyni, að kanna vilja manna í þessu efni. En þar sem þeir menn, sem hér áttu hlut að máli, stóðu allir í róðrum á háannatíma vetrarvertíðar, var ekki hægt með góðu móti að koma þessari könnun í kring. Því talaðist svo til milli okkar Guðmundar Ingimarssonar, að bezt væri að fresta málinu til næstu vertíðar, og tilkynnti ég skipstjórnarmönnum suður frá þessa skipan mála, sem þeir féllust á, að raunhæfust væri, úr því sem komið var og langt liðið á vertíð.

En svo varð framhaldið á þessu þannig, að s. l. haust skipaði stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Vísis 3 menn í n., einn úr hverri veiðistöð á Suðurnesjum, þ. e. Grindavík, Sandgerði og Keflavík, til þess að koma með till. í málinu, og var þeim falið að reyna að ná samkomulagi um viðhlítandi lausn, sem allir aðilar gætu sætt sig við. En nm. komu sér ekki saman um einhlítt samkomulag í alla staði um breytingarnar. Allir voru þeir þó á einu máli um það, að breyta þyrfti reglugerðunum um róðrartímana og helzt á þann veg, að þær yrðu báðar felldar saman í eina reglugerð. Enn fremur voru þeir sammála um, að hækka þyrfti sektarákvæði frá því, sem verið hefði í gildandi reglugerðum, og sérstaklega samræma þau sektarákvæði í reglugerðunum. En eins og nú er háttað um reglugerðir þær, sem í gildi eru, þá segja þær til um, að samkv. reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa geti sektarákvæði verið allt frá 500 til 5000 kr. og þriðja brot varði réttindamissi skipstjórnarmanns. En í reglugerðinni um róðrartíma Grindavíkurbáta hins vegar er einungis ákvæði um 100 kr. til 2000 kr. og engin önnur frekari sektarákvæði. Þetta finnst þeim óviðunandi að því leyti, að þeir, sem á annað borð ætla sér að brjóta settan róðrartíma, sæta lagi og róa þeim mun frekar úr Grindavíkurhöfn, því að þá er alltaf viðkvæðið, að það kosti ekkert að brjóta reglur um róðrartímann þar. Nm. voru einnig sammála um, að hafa skyldi óbreyttan róðrartíma fiskibátanna við Faxaflóa, en breyta einungis róðrartímanum frá Grindavík til samræmis við hina reglugerðina. En um það, hve mikil breyting þessi skyldi verða, náðist ekki samkomulag í n. Þess vegna lögðu nm. til, að skorið yrði úr þessu atriði á almennum fundi í félaginu. En þannig háttar, eins og mörgum er kunugt, að erfitt getur reynzt að finna hentugan fundartíma, þegar flestir starfandi skipstjórnarmenn telja sig geta mætt vegna annríkis við sjósókn og önnur skyldustörf. Þess vegna ákvað félagsstjórnin að láta málið bíða til aðalfundar og afgreiða það þá að undangenginni rækilegri auglýsingu og að málið yrði tekið á dagskrá fundarins, og svo var gert. Á þeim fundi, sem haldinn var snemma í jan., kom fram, að allir samþykktu þá þætti málsins, sem nm. höfðu komið sér saman um, en hins vegar komu fram tvær till. um róðrartíma fiskibáta frá Grindavík. Þeir, sem róa úr ver-

stöðvunum fyrir norðan Reykjanes, lögðu fram sérstaka till., sem náði ekki samþykki meiri hl. fundarmanna, en Grindvíkingar komu með aðra till., sem samþ. var með öllum þorra atkv. Veit ég ekki betur en að aðilar hafi sætt sig við þessa málsmeðferð og séu samþykkir því, að henni verði hlýtt, ef framkvæmd verður.

Á grundvelli þessarar till., sem samþ. var á *nefndum aðalfundi, og á því samkomulagi, sem* um önnur efnisatriði varð, var mér falið sem félagsformanni, að semja drög að reglugerð um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa og í Grindavík, sem ég gerði, og bar ég þau drög undir álit áðurnefndra nm. félagsins, áður en ég afhenti þau í sjútvrn. til fyrirgreiðslu. Reglugerðin liggur nú í hv. rn. tilbúin til birtingar hlutaðeigandi aðilum, ef frv. það til l. um róðrartíma fiskibáta, sem ég flyt hér á þskj. 384, verður samþ.

Ég skal nú aðeins víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu og skýra nánar en gert er í grg., hvaða atriðum er breytt frá gildandi lögum. Í 1. nr. 1 frá 12. jan. 1945, um róðrartíma fiskibáta, er 1. gr. þannig, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir."

En ég hef lagt til í frv., að gr. verði eins orðuð að öðru leyti en því, að niður falli orðin „frá veiðistöðvum við Faxaflóa" og eins orðin „í flóanum". Hins vegar er efnisbreyting, eins og segir í grg., þar sem lagt er til, að ríkisstj. fái heimild til að ákveða með reglugerð róðrartíma fiskibáta hvar sem er, eftir því sem ástæður þykja til á hverjum tíma. En samkv. núgildandi l. er heimildin bundin við Faxaflóa einan.

Í 2. gr. frv. er breyting, sem varðar fjölda þeirra eftirlitsmanna, sem til eru kvaddir af viðkomandi hrepps- eða bæjarstjórnum, og er sú breyting í samræmi við óskir starfandi manna þar að lútandi, að eftirlitsmenn geti verið allt að 5, þar sem svo þykir betur henta, en í núgildandi l. er aðeins tekið til, að þeir skuli vera 3.

Breytingin á 3. gr. varðar sektarákvæðin. En *lagt er til í frv., sem hér liggur fyrir til umr.*, að sektarákvæðin verði hækkuð frá því, sem áður var, og er það eftir ákveðinni ósk skipstjórnarmanna í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi. Ætlast er til, að gefin verði út ein reglugerð og þar verði sett ákvæði um 5 þús. til 50 þús. kr. sekt.

Þetta eru þær helztu og einu breytingar, sem í frv. felast.

Ég vil geta þess hér, að aðalhvatinn til þess, að farið er út í að fá lögunum breytt og reglugerðum um róðrartímann, sem menn voru aðallega óánægðir með, er einkanlega sá, eins og ég sagði áðan, að Grindavíkurbátar hafa séraðstöðu til þess að sækja á þau mið, sem eingöngu eru ætluð fyrir línubátasvæði með reglugerð þar að lútandi.

Herra forseti. Ég hef verið nokkuð margorður um ástæðuna fyrir því, að ég flyt hér í hv. d. frv. til l. um róðratíma fiskibáta, eins og sjá má á þskj. 384. En ég hef reynt að skýra frá þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru af skipstjórnarmanna hálfu við það að ná samkomulagi um drög að nýrri reglugerð um róðratímann. Ég tel þau vinnubrögð í fyllsta máta eðlileg. Þetta hef ég gert til upplýsinga fyrir þá n., sem fær frv. til umsagnar. Segja má, að við hefðum getað valið aðra leið, þ. e. að leita til sýslunefndar Gullbringusýslu, eins *og segir í lögum þeim, sem Grindavíkurreglugerðin* er gefin út eftir. En okkur finnst þetta heldur þungt í vöfum og viljum létta á kerfinu og kippa þarna út einum aðilanum, því að undirbúningsvinnan hefði verið alveg sú sama af okkar hálfu, þó að við hefðum þurft að biðja sýslunefnd Gullbringusýslu að fara þess á leit við rn., að reglugerðunum yrði breytt.

Að lokum vil ég geta þess, að umsagna hefur verið leitað af hálfu rn. um reglugerðina, sem þar er tilbúin. Rn. fól Fiskifélagi Íslands að kanna vilja þeirra félagasamtaka við innanverðan Faxaflóa, sem hlut eiga að máli. Hefur rn. borizt bréf um það efni, sem ég hef hér ljósrit af, og með leyfi forseta langar mig að lesa það hér upp. Það er til sjútvrn., Lindargötu 9, frá Fiskifélagi Íslands og hljóðar svo:

„Með tilvísun til simtals við herra skrifstofustjóra Þórð Ásgeirsson hefur Fiskifélagið athugað uppkast að reglugerð um róðratíma fiskibáta við Faxaflóa og í Grindavík. Rætt hefur verið við forsvarsmenn eftirtalinna félagssamtaka: Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Akraness, Skipstjóra og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára, Hafnarfirði. Og eftir itarlegar umr. um uppkastið hafa allir aðilar, er hlut eiga að máli, mælt með birtingu reglugerðarinnar. Fiskifélagið mælir því eindregið með, að áðurnefnd reglugerð verði staðfest og auglýst eins fljótt og tök eru á."

Undir þetta ritar fyrir hönd Fiskifélagsins Guðmundur Ingimarsson.

Ég tel óþarft að hafa hér fleiri orð um að sinni, en vænti þess aðeins, að frv. fái eðlilega og þinglega meðferð og n., sem um það fjallar, skili áliti eins fljótt og hún hefur tök á, *því að eins og menn vita, líður óðum á vetrarvertíðina* og starfandi menn þar suður frá bíða eftir þessari skipan mála.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, fara fram á, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 178, n. 395). —2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Hv. heilbr.- og trn. þessarar d. hefur athugað frv. um eiturefni og hættuleg efni, sem er 125. mál þessarar d., og hefur hún að athugun lokinni lagt einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem um getur á þskj. 395.

ATKVGR.
Brtt. 395, 1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. *vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.*

Hafnalög, frv. (þskj. 83, n. 393, 394). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. með nokkrum breytingum.

Við 1. umr. málsins gerði hæstv. samgrh. grein fyrir efni frv. og þeim breytingum frá gildandi löggjöf, sem í því felast og ekki ræði ég þá hlið málsins hér. Á fundi fjh.- og viðskn. komu til viðræðu fulltrúar Hafnamálasambands sveitarfélaga og fulltrúar frá samtökum skipstjórnarmanna svo og vita- og hafnamálastjóri. Hafnamálasambandið lagði einnig fram margar till. um breyt. á frv., sumar töluvert veigamiklar.

Með þeim breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., er að nokkru komið til móts við hugmyndir Hafnamálasambandsins, þó að öðrum sé hafnað, þ. á m. sumum þeim veigamestu.

Ég skal nú í örstuttu máli gera grein fyrir brtt. n.

1. brtt. er við 2. gr., en hún felur í raun og veru ekki í sér efnisbreytingu, heldur er þar aðeins um að ræða umorðun, ofurlítið breytt röðun á þann veg, sem n. taldi, að betur færi.

2. till. er varðandi útboð hafnarframkvæmda. Í frv. segir í 3. gr., síðustu mgr.: „Heimilt er, eftir því sem hagkvæmt þykir, að einstakar hafnarframkvæmdir eða hlutar þeirra verði unnir af verktökum samkv. tilboði á grundvelli útboðs.“ En n. leggur til, að þetta sé orðað ákveðnar, á þann veg, sem segir á þskj. 394, að bjóða skuli út, þegar það þykir hagkvæmt.

Í 3. og 4. brtt., er nánast um að ræða hagræðingu á orðalagi á þann veg, sem talið var, að betur færi.

5. brtt. er veigamest. Hún er við 10. gr. Hafnamálasambandið hafði lagt til, að Hafnamálastofnuninni yrði sett sérstök stjórnarnefnd. m. a. með beinni þátttöku Hafnamálasambandsins. Á þetta gat fjh.- og viðskn. ekki fallizt, en hins vegar telur n. eðlilegt og skynsamlegt, að Hafnamálasambandið, sem spannar yfir allt landið að heita má, fái sem slíkt beina aðild, þegar gerð er heildaráætlun um hafnargerðir á sama hátt og einstakar hafnarstjórnir eiga að hafa samkv. frv., að því er þetta varðar. Að þessu lýtur stafliður b í 5. brtt. n., að á eftir því, sem sagt er um umsögn hinna einstöku hafnarstjórna, komi ný mgr., þannig: „Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.“

Skipstjórnarmenn, eða fulltrúar þeirra lögðu áherzlu á það fyrir sitt leyti, að samtök þeirra fengju að segja sitt orð um staðarval og gerð hafnanna. Það er raunar ekki óeðlilegt, að þeir, sem skipum stýra um hafnirnar, séu kvaddir til og álits þeirra leitað, þegar ákvarðanir eru teknar um mannvirkjagerðina. Nú má ætla að í hafnarnefndum hinna ýmsu hafnarstaða eigi jafnan sæti einn eða fleiri úr hópi skipstjórnarmanna. En n. var ásátt um, að þar að auki bæri að veita samtökum skipstjórnarmanna umsagnarðild, eins og segir í staflið a í þessari brtt.: „Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.“

6. brtt. er svo við 16. gr., og er hún formuð sem umorðun á gr., en breytingar frá því, sem er í frv., eru þó óverulegar að öðru leyti en því, að n. leggur til, að hafnarsjóðir, sem alls ekki njóta styrks úr ríkissjóði, en þeir eru til, séu ekki háðir samþykki rn. um ráðstafanir fasteigna og lántökur á sama hátt og þeir, sem styrks njóta. Þetta er gert ótvíræðara í brtt. en það, sem er í frv.

7. brtt. er við 19. gr. Hún er í rauninni aðeins um breytt orðalag. Í frv. segir: „Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa“ eins og þar greinir. En n. þótti réttara, að það stæði „skal“, því að það er í raun og veru ekki um neina aðra ráðstöfun á fé sjóðsins að ræða en þá, sem felst í þeirri skilgreiningu, sem á eftir þessum orðum fer.

8. brtt. er við 20. gr., þar sem segir um árlegt framlag ríkissjóðs til hafnabótasjóðs, að það skuli aldrei vera lægra en 25 millj. kr. á ári. Við leggjum til, að þessu sé breytt og í staðinn fyrir 25 komi 30 millj. kr. Þetta er raunar aðeins leiðrétting til samræmis við breytt verðgildi peninga, frá því að frv. var samið á sínum tíma.

9. brtt. er við 26. gr. og er í þremur stafl. Stafliður a er umorðun á upptalningu án efnisbreytinga. Stafliður b lýtur að því að stytta frest til að samræma reglugerðir hafnanna, eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum. N. telur, að þessi breyting sé raunhæf, m. a. vegna þess, að það hefur þegar verið unnið mikið starf í þá stefnu að samræma reglugerðir hinna einstöku hafna.

Stafliður c í þessari brtt. er um nýja mgr., þannig: „Gjaldskrá skal gefin út sérstaklega, sbr. 12. gr., en hún telst engu að síður hluti reglugerðarinnar.“ Þetta er til hagræðingar fyrir notendur gjaldskránna og breytir ekki efni málsins nokkurn skapaðan hlut, en Hafnamálasambandið lagði áherzlu á þetta.

10. brtt. er við 28. gr., þar sem segir, að ráðh. setji reglugerð um framkvæmd þessara l. fyrir tiltekinn tíma. Brtt. er aðeins um það að lengja frestinn til að setja þessa reglugerð, þ. e. um framkvæmd l., þar sem frv. verður síðar afgreitt en upphaflega var reiknað með.

Þá er 11. og síðasta brtt. frá n. Hún er í þremur stafl. Fyrst er þess að geta í sambandi við þessar brtt., að 1. mgr. í bráðabirgðaákvæðinu er orðuð þannig í frv.: „Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miðað við lánin eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.“ N. leit svo á, að það gæti verið nauðsynlegt að létta greiðslubyrði hafnarsjóða, þó að af stuttum lánum sé, og leggur til, að orðið „lögum“ verði fellt niður úr mgr. Þetta er varðandi stafl. a. Breyt-

ingin í stafl. b er aðeins afleiðing þess, að frv. var ekki afgreitt á síðasta ári. Í frv. segir, að við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skuli samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. En nú verður það að sjálfsögðu að breytast 1974. Þá er að lokum stafl. c í þessari brtt. Hann er um að taka upp í frv. ákvæði til bráðabirgða, rómv. II, eins og það var í frv., þegar það var upphaflega lagt fyrir Alþingi á útmánuðum 1972. Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur áður flutt brtt. um sama efni, sem liggur hér einnig fyrir. N. hefur gert hana að sinni, og hún fylgir því með í þessum brtt. nefndarinnar.

Sem sagt, fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 349 og ég hef nú gert grein fyrir í sem allra fæstum orðum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, enda hefur hv. frsm. fjh.- og viðskn. skýrt þær brtt., og þá vinnumeðferð, sem þetta frv. hefur fengið í n., og það jafnframt, að n. er sammála um þessar brtt. En því til viðbótar vil ég segja nokkur orð og bera fram fsp. til hæstv. samgrh. eða hæstv. fjmrh., ef þeir væru annar hvor eða báðir í húsinu. — Ég sé, að hæstv. fjmrh. er hér, og fyrst samgrh. er fjarverandi, hef ég síður en svo á móti því að spyrja hæstv. fjmrh. um þetta atriði.

Eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í frv., þá segir: „Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af löngum lánum, sem verst eru settir, og skal þá miða við lánin eins og þau eru, er lög þessi taka gildi. — Við fjárlagagerð fyrir árið 1973 skal samgrn. gera Alþ. sérstaka grein fyrir fjárþörf í þessu efni. Ráðh. skal gera till. til fjvn. og Alþ. um skiptingu fjárins, og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.“

Nú var það ætlunin, þegar þetta frv. var lagt fram á þingi snemma á s. l. hausti, að það yrði orðið að lögum, áður en afgreiðsla fjárl. færi fram. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir, að það væri ákveðinn vilji sinn, að frv. væri orðið að l., áður en fjárl. yrðu afgreidd. Nú varð sú breyting, að ríkisstj. ákvað, að þetta frv. yrði ekki lögfest fyrr en síðar á þessu þingi, en vegna þessarar breytingar var tekin upp í heimildagr. fjárl. heimild fyrir ríkisstj. til „að taka lán að upphæð allt að 40 millj. kr. til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða, sem verst eru settir vegna langra lána. Ráðh. skal gera till. til fjvn. um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins.“ Með *því að taka þessa heimild inn á fjárl.* hafði ríkisstj. og hæstv. fjmrh. í raun og veru lýst því yfir og komið til móts við þær óskir, sem felast í þessu frv., að þetta ákvæði til bráðabirgða kæmi til framkvæmda á þennan hátt þegar á þessu ári, þó að þetta frv., sem við erum hér að ræða um, komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1974.

Nú vitum við það allir, að fjárhagsstaða hinna ýmsu hafnarsjóða er með eindæmum bágborin og víða er svo háttað, að ekki er hægt að standa við skuldbindingar hafnarsjóðanna. Sum sveitarfélög hafa orðið að leggja á í útsvörum, jafnvel liðlega fjórða hluta af útsvörum, til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af hafnarlánum. Þess vegna er mér mjög í mun að spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. hafi ekki ákveðið að nota þessa heimild og taka lán að upphæð 40 millj. kr. í þessu skyni, eins og gefið var fyrirheit um og staðfest með þessari heimildagr. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. svari þessari fsp. og jafnframt, ef svo er, hvort og hvenær megi búast við því, að till. liggi fyrir um skiptingu á þessu fé, því að hafnarsjóðum og sveitarfélögum er brýn nauðsyn að vita, hvers má vænta í þessum efnum.

Enn fremur hef ég löngun til að spyrjast fyrir um, hvort það sé ætlun ríkisstj. að nota aðra heimild í fjárl. til þess að ábyrgjast lán vegna hafnabótasjóðs, að upphæð allt að 30 millj. kr., vegna endurgreiðslu af eldri lánum sjóðsins, *og hvort þessi lán hafi verið tekin.*

Ég ætla svo ekki að gera þessi mál frekar að umræðuefni, en vil lýsa yfir, að ég er eftir atvikum ánægður með þetta frv. til nýrra hafnalaga. Ég tel, að með því að lögfesta þetta frv. sé mjög komið til móts við sveitarfélögin og sérstaklega þau sveitarfélög, sem verst eru sett, hæði hvað fámenni snertir og hafa orðið að fara í dýrar hafnarframkvæmdir, því að það sást fljótlega eftir setningu þeirra hafnalaga, sem nú eru í gildi, að ekki var gengið nógu langt í þeim efnum. En þetta frv. bætir hér verulega úr. Það gerir hér miklu hreinni og gleggri skil á framlögum ríkissjóðs til hinna einstöku hafnargerða, og sömuleiðis er aukin þátttaka ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum. Það, sem veltur þó mestu á, er það ákvæði til bráðabirgða, sem er í þessu frv., að rétta hag minnstu sveitarfélaganna, sem eiga við mesta erfiðleika að etja að standa undir afborgunum lána og vöxtum vegna hafnargerða.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Vestf. vil ég taka það fram, að þessi mál hafa ekki enn hlotið afgreiðslu í ríkisstj. eða lánsútvegun þeirra vegna. Hins vegar skal ég geta þess, að eins og ég stóð að því, þegar þetta var sett inn í fjárl. í vetur, þá hef ég fullan hug á að koma þessu í framkvæmd. En að þessum málum er nú unnið á miklu stærri vettvangi, í sambandi við fjárútvegun sjóðanna, og mun það tengjast því. En ég get sagt hv. þm. það, að strax og tekst að útvega féð, mun ég hafa þá aðferð, að því leyti sem það kemur mér við, að vísa málinu til fjvn. til afgreiðslu, og ég vona, að það takist að leysa þetta á þann hátt, sem til er stofnað með þessum heimildum.

Ég vil svo segja það um hafnalagafrv., að ég tek undir það með hv. þm., að jafnvel þó

að útgjöld ríkissjóðs séu nú aukin með því, þá er þó að minni hyggju miklu skemmtilegri og heppilegri aðferð að jafna þetta þannig á milli, að t. d. ríkisábyrgðasjóður þurfi ekki að reikna með að leggja út vegna hafnaframkvæmda, því að það er mikill munur á, hvort um er að ræða fjárveitingu eða vanskil. Ég geri þar mikinn greinarmun á. Við vitum, að hafnirnar eru undirstaðan undir afkomu útgerðarinnar í landinu að verulegu leyti, og ber því að styðja að framkvæmdum á því sviði, eins og ríkisvaldið frekast getur.

Umr. frestað.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282, n. 379). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv., sem er um að heimila ríkisstj. að selja Nesjahreppi vegna þarfa á lóðum undir íbúðarhús spildu úr landi prestssetursins Bjarnaness. Meðmæli Landnáms ríkisins og jarðeignadeildar hafa fengizt, og presturinn í Bjarnanesi mælir með sölunni, sbr. grg. frv.

Landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 27. marz, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (EystJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. marz 1973.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Auðar Auðuns, 6. þm. Reykv., sem nú er veik, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hennar á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins.

Björn Jónsson,
forseti Ed."

Vil ég nú biðja hv. kjörbréfanefnd að skoða kjörbréfið og gef til þess 5 mínútna fundarhlé. — Fundi frestað í 5 mínútur.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík., frú Geirþrúðar H. Bernhöft, en eins og fram kom hér áður, hefur hv. 6. þm. Reykv., frú Auður Auðuns, óskað fjarvistarleyfis vegna veikinda. Á þingi situr nú. 1. varaþm. flokksins í þessu kjördæmi, Birgir Kjaran hagfræðingur. Kjörbréfanefnd hefur samþ. að taka kosninguna gilda og mælir með því, að kjörbréfið verði samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37. shlj. atkv.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara, fsp. (þskj. 335). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 335 hef ég leyft mér að bara fram fsp. til hæstv. landbrh. um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara. Fsp. er borin fram síðari hluta febr., en kemur nú loks til umr. hér í hv. Alþ. 27. marz. Á þessum tíma hefur það gerzt, eins og kunnugt er, að nýtt verð hefur tekið gildi á landbúnaðarvöru frá 1. marz s. l., og þann sama dag komu þessi mál til umr. hér á Alþ. utan dagskrár. Enn fremur komu verðlagsmál landbúnaðarins eða verðhækkanir á landbúnaðarvörum til umr. hér á hv. Alþ. í gær. Ýmsir kynnu að ætla, að þessi fsp. væri því orðin úrelt. Svo er þó ekki, og er orsökin sú, að hinn nýi verðgrundvöllur búvara, sem upphaflega átti að taka gildi 1. sept. s. l. hefur enn ekki séð dagsins ljós og virðist nú hafa verið frestað í hið þriðja sinn frá þeim tíma og að þessu sinni til næsta hausts. Þær verðhækkanir, sem urðu á búvörum hinn 1. marz s. l., eru einungis framreikningur á gamla grundvellinum, bein afleiðing af þeirri verðbólguþróun, sem geisað hefur í þjóðfélaginu hina síðustu mánuði. Í þeim felast ekki beinar hagsbætur fyrir bændastéttina, heldur er hér um að ræða einn ávöxtinn af hinum mjög svo verðbólguhvetjandi verkum hæstv. ríkisstj., en ýmis slíkir ávextir munu falla til jarðar á næstu mánuðum, ef að líkum lætur.

Það er rétt að itreka það, sem fram kom í umr. um þessi mál hér á Alþ. í gær, að þær verðhækkanir, sem urðu á landbúnaðarvörum 1. marz eru fjarri því að vera meiri en verðhækkanir á öðrum vörum, og eins og kom fram í umr. í gær, er ekki ástæða til þess fyrir húsmæður að draga við sig kaup þessara vara af þeim orsökum, vegna þess að aðrar vörur hafa yfirleitt hækkað meira.

Ef einhver kynni að ætla, að hér væri misskilningur af minni hálfu um það atriði, að hinn nýi verðgrundvöllur hafi enn ekki tekið gildi, vil ég leyfa mér að vitna til tveggja manna, sem þessi mál þekkja bezt.

Hinn 1. marz sagði hæstv. landbrh. hér á Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að engin breyting hefur verið gerð á verðgrundvelli landbúnaðarvara. Sú grundvallarbreyting, sem réttur var til að framkvæma s. l. haust, verður ekki gerð fyrr en á næsta hausti".

Um þessa frestun verðgrundvallarins segir formaður stéttarsambands bænda í Tímanum hinn 9. marz s. l. m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi vil ég minna á, að endurskoðun á launakjörum og verðgrundvelli landbúnaðar-

vara fór síðast fram haustið 1970, en á árinu 1971 voru gerðir almennir launasamningar hjá öðrum stéttum, sem fólu í sér mjög verulegar kjarabætur þeim til handa, og það var gert ráð fyrir því, að bændur fengju hliðstæðar leiðréttingar á kjörum sínum við verðlagssamninga á árinu 1972, sem áttu að fara fram 1. sept. s. l. Með brbl., sem sett voru 11. júlí í fyrrasumar af ríkisstj., var þessi réttur tekinn af bændasamtökunum og frestað til áramóta að framkvæma þessa samninga. Vegna erfiðleika, sem þá voru yfirvofandi og að gerast, þar sem gengisbreytingin var nýafstaðin, þá varð það að samkomulagi í 6 manna n., sem hefur þessa samningagerð með höndum, að fresta gerð nýs grundvallar þann 1. marz. Síðar hafa enn gerzt ýmsir atburðir, sem gert hafa þetta erfitt í framkvæmd."

Það væri fróðlegt að fá fram í svörum hæstv. ráðh., hvaða atriði það eru, sem hafa komið í veg fyrir, að þessi nýi grundvöllur, sem formaður Stéttarsambands bænda hefur lýst, að bændur hafi rétt á að fá, fékkst ekki. Það hefur komið fram hjá forustumönnum bændasamtakanna, að bændur áttu inni verulegar leiðréttingar á grundvellinum vegna hækkana á fjármagnsliðum. Um þetta segir formaður Stéttarsambands bænda m. a., „að engin breyting hafi orðið á magntölum í verðlagsgrundvelli, sem bændur höfðu þó óskað til þess að fá eðlilegar leiðréttingar og þ. á m. teknar inn breytingar á fjármagnskostnaði við búvöruframleiðsluna, sem eru orðnar gífurlega miklar á undanfarandi tímabili." Hér á formaðurinn við, að frá því að núverandi verðgrundvöllur tók gildi 1970, hafa orðið svo gífurlegar verðlagshækkanir í landinu og fjármagn það, sem bundið er í stofnkostnaði við búvöruframleiðsluna, hefur hækkað gífurlega mikið. **(Forseti:** Þm. hefur talað í 5. mínútur). Ég skal ljúka máli minu. — Nægir þar að minna á fasteignir og vélar og ýmsa aðra liði.

Í framhaldi af þessu vil ég beina þeim spurningum til hæstv. ráðh., hverju sæti þessi mikli dráttur á gerð grundvallarins og hverjar séu orsakir þess, að grundvöllurinn hefur ekki enn séð dagsins ljós.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þjó mig undir það að svara fsp. hv. þm. Pálma Jónssonar á þskj. 335, en gerði ekki ráð fyrir því, að yrði farið út í almennar umr., enda hef ég skilið þingsköp svo, að fyrirspyrjendur ættu að halda sig við fsp., en ekki bæta þar um.

Svar mitt við fsp. er á þessa leið, og er það gefið af formanni Stéttarsambands bænda, sem skýrir þetta mál bezt:

Með brbl. frá 11. júlí 1972 var ákveðið, að gerð nýs verðlagsgrundvallar, sem fram átti að fara fyrir 1. sept. 1972, skyldi frestað til 1. jan. 1973 og sá grundvöllur, sem þá yrði gerður, skyldi gilda til 1. sept. 1973, en ekki til 1. sept 1974, eins og framleiðsluráðslögin gera ráð fyrir um tveggja ára gildistíma. Hins vegar var leyfð hækkun á búvöruverði 1. sept. 1972 til samræmis við áorðnar breytingar á launum hjá öðrum stéttum og vegna hækkunar á rekstrarvörum, og nam sú hækkun 4.81% á verðinu til bænda. Auk þess hækkaði slátur- og heildsölukostnaður kjöts af sömu ástæðum verulega frá því, sem var haustið 1971.

6 manna n. fór að vinna að gerð nýs verðlagsgrundvallar í des. s. l. Þá var mikil óvissa í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt, og rétt fyrir jólin var ákveðin gengisbreyting, sem raskaði ýmsu í þjóðfélaginu, er að verðlagsmálum laut. Það varð því að ráði í 6 manna n. að fresta ráðagerðum um breytingar á matsgerðum í verðlagsgrundvelli til 1. marz 1973, en taka sérstaklega til athugunar áhrif gengisbreytinganna á verð rekstrarvara landbúnaðarins, eftir því sem hægt var að meta þær um áramótin. Hinn 15. jan. 1973 var grunvallarverð til bænda hækkað af þessum ástæðum um 2.36% og var sú hækkun greidd úr ríkissjóði til 1. marz.

Í jan. og febr. hefur 6 manna n. unnið að endurskoðun verðlagsgrundvallarins. Á þeim tíma hafa ýmsir þeir hlutir gerzt, sem hafa haft áhrif á störf n. og ákvarðanir hennar, m. a. náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum og gengisbreyting sú, sem leiddi af falli dollarans. Mikil breyting var einnig væntanleg á kaupi á almennum vinnumarkaði 1. marz n. k., launasamningum og breyttri kaupgjaldsvísitölu. Mikill tími af starfi n. fór í að meta áhrif þessa og fleira þeim tengt. Niðurstaðan af mati n. kom fram í ákvörðun hennar um 11.4% hækkun búvöruverðs til bænda 1. marz, og hefur þá grundvallarverð búvörunnar hækkað frá 1. sept. s. l. um 14%.

N. hefur talið rétt með tilliti til þessara miklu verðhækkana að breyta ekki magntölum í verðlagsgrundvelli fyrr en 1. sept. n. k. Ekki er hægt á þessu stigi að segja, hverjar þær magnbreytingar kunna að verða, en sér í lagi hefur verið rætt um leiðréttingar á því fjármagni, sem í vísitölubúinu er bundið, t. d. í jörð og útihúsum, m. a. vegna breytts fasteignamats, vélum og búfé, svo og rekstrarfé. Er þar átt við afskriftir húsa og véla og vexti af öllu fjármagni, sem búið þarf að nota. Fjármagnsþátturinn hefur vaxið á undanförnum árum, en litlar leiðréttingar gerðar á honum. Einnig hefur verið rætt um breytingar á magni kjarnfóðurs og áburðar í gjaldahlið grundvallarins, en aukið mjólkurmagn í tekjuhlið hans.

Þetta er svar mitt við fsp. hv. þm. og skýrir það, sem um er spurt, að það er ákvörðun n. sjálfrar, sem réð því, að verðlagsgrundvöllur er sá, sem nú gildir.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Þau varpa ekki ýkja miklu ljósi á þau atriði, sem ég hef hér spurt um.

Það kom m. a. fram í hans máli, að mikil óvissa hafi ríkt í efnahagsmálum um síðustu áramót, þá hafi verið nýbúið að fella gengi krónunnar og fleiri atriði hafi gert þessa óvissu. Þess vegna hafi verið frestað að semja hinn nýja verðgrundvöll. Nú kynnu ýmsir að láta sér detta í hug, að 1. sept. á hausti komanda kunni enn að ríkja einhver óvissa í efnahagsmálum. Því þætti mér nú gott að fá um það yfirlýsingar frá hæstv. ráðh., hvort þá eigi enn að fresta gerð nýs grundvallar landbúnaðarvara, ef þannig kynni að fara.

Um fjármagnsliðina er rétt að undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að mjög miklar hækkanir hafa orðið, bæði á jörð, byggingum og vélum, á þessu tímabili, og er enn hægt að vitna til orða formanns Stéttarsambands bænda um þetta atriði, en hann segir m. a. í Tímanum 9. marz s. l., með leyfi forseta: „Verðlag á vélum og húsnæði, bæði fyrir fólk og fénað, hefur hækkað mjög mikið undanfarin ár, og það hafa engar breytingar verið gerðar á þessu síðan árið 1968, þótt fjármagnið, sem þarf til þessara hluta, hafi tvöfaldazt og í sumum tilfellum enn þá meira. Á þessu ári átti að gera breytingu, til þess að bændur fengju sitt rétta kaup út úr verðlagningunni, en þessu hefur öllu verið frestað."

Ég skal ekki vitna til orða formanns Stéttarsambandsins meira en um eitt atriði enn, en það er út af því, að ýmsir hafa látið þá skoðun í ljós, að með hinu batnandi árferði hafi hagur bænda batnað mjög, og ég vonast til, að hann hafi batnað verulega. En formaður Stéttarsambands bænda lýsir því yfir í þessu viðtali við Tímann hinn 9. marz s. l., að bændur hafi, þrátt fyrir að hagur þeirra hafi nokkuð batnað á þessu góðæristímabili, á tveim síðustu árum, ekki náð því að nálgast kjör viðmiðunarstéttanna þrátt fyrir þessa árgæzku. Þetta er eftirtektarvert og sannar það, að ef ekki hefði árgæzkan komið til, þá hefði hlutur bænda versnað stórlega á þessu tímabili.

Ég vil vekja athygli á því, að gífurlegar rekstrarvöruhækkanir eru nú í landbúnaði, og vil ég í framhaldi af því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti um það sagt, hvað áburðarverð hækkar mikið á vori komanda.

En að lokum, ef svo er, að það hafi ekki verið talin ástæða til þess að breyta grundvelli landbúnaðarvara og taka inn þá liði, sem bændur að dómi forustumanna sinna áttu inni og áttu rétt á að fá leiðréttingar á, þá sýnist mér það sanna, að sá grundvöllur, sem samþykktur var 1970, hafi verið góður grundvöllur og þá hafi bændur kannske fengið bezta verðgrundvöll, sem nokkurn tíma hefur gilt um þeirra kjör, og þar sé að leita orsakanna til þess, að horfið hefur verið frá því að taka inn sjálfsagðar leiðréttingar bændum til hagsbóta á þessu ári og frestað æ ofan í æ allt frá 1. sept. 1972 og nú í þriðju lotu til 1. sept. næsta hausts, og enginn veit, hvert framhaldið verður, ef svo heldur fram.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Pálma Jónssonar um áburðarverðið skal ég svara því til, að mér er ekki kunnugt um, hvað það verður. Það liggur ekki fyrir, svo að mér sé kunnugt um. Gert er ráð fyrir hækkun á því, en hvað hún kann að verða mikil, kann ég ekki skil á.

Um hitt getum við deilt, hverju sé að þakka, að afkoma bændastéttarinnar á s. l. ári er betri en áður hefur verið. Við erum þó sammála um það, að árferðið hafi þar sitt að segja og ráði þar kannske mestu um. Hins vegar vil ég þó geta, að þess hefur líka verið gætt fullkomlega, að bændastéttin fengi allar þær kjarabætur, sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa fengið, og það hygg ég, að ráði þar næst mestu um.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég verð að gera hæstv. forseta það til leiðinda að taka til máls, en reyni að vera ekki nema 2 mínútur að þessu sinni.

Hæstv. landbrh. sagði, að þess hefði verið gætt, að bændur fengju verðhækkanir á búvörunni í samræmi við hækkanir á launum annarra stétta og rekstrarkostnaði. Hvers vegna var þess gætt? Það eru bein lagaákvæði frá 1966, að þannig skyldi það vera, og reyndar í eldri lögum líka, frá 1960. Lögin hafa ekki verið brotin. En hvernig hefði farið fyrir bændum, ef frv. hæstv. landbrh. hefði verið samþ., sem hann lagði fram á haustdögum 1971, þar sem gert var ráð fyrir að semja um búvöruverðið við ríkisstj. Breyta átti þeim lögum, sem tryggja, að hagsmunir bænda séu ekki fyrir borð bornir. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að brjóta þau lög.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði hér áðan vil ég segja þetta: Það voru lög í gildi um framleiðsluráð, þegar hann var landbrh., og þurfti núv. landbrh. að láta leiðrétta verðið 1. sept. 1971 vegna þess, sem vangert var frá vorinu það ár.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er viðurkennt af formanni Stéttarsambands bænda og fulltrúum bænda í 6 manna n., að þessi fullyrðing hæstv. landbrh., sem áður hefur komið fram í Tímanum, á ekki við rök að styðjast. Það var ekkert gert 1. sept. 1971 annað en það, sem sjálfsagt var að gera og hver ríkisstj. sem hefði verið í landinu var bundin af. Þess vegna var það ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði.

Endurbætur á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturl., fsp. (þskj. 350). — Ein umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. 1. varaþm. Framsfl. í Vesturl., Alexander Stefánsson, hefur lagt fram fsp. á þskj. 350. Fyrri fsp. hljóðar þannig:

„Hvenær má vænta endurbóta á talsímasambandi milli Reykjavíkur og Vesturlands, t. d. með fjölgun talrása?"

Ástæðan fyrir fsp. þessari er sú m. a., að sjálfvirka símasambandið við Vesturland er mjög ásett eða ofhlaðið, oft engin leið að ná símasambandi nema í gegnum hlutaðeigandi símstöðvar, og þá leggst einnig sérstakt gjald á símtölin, auk þess sem þá nýtist ekki aðalkostur sjálfvirkra símakerfisins.

Síðari fsp. er:

„Hvað eru margir símnotendur í Vesturlandskjördæmi utan sjálfvirka kerfisins, og eru til áætlanir um, hvenær allir símnotendur á Vesturlandi komast í sjálfvirka símakerfið?"

Fsp. þessi þarf ekki skýringa við, og ég vænti þess, að hæstv. samgrh. geti svarað spurningum þessum.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Varðandi fyrri lið spurningarinnar: „Hvenær má vænta endurbóta á talsímasambandi

milli Reykjavíkur og Vesturlands, t. d. með fjölgun talrása," hefur hv. póst- og símamálastjóri, Jón Skúlason, gefið svofelldar upplýsingar:

Langlínukerfið milli Reykjavíkur og Vesturlands er því miður enn þá of veikburða og takmarkað eins og víða annars staðar á landinu. Vegna takmarkaðrar fjárfestingar er fjölgun talrása á landssímaleiðum skotið á frest, og er þá lögð mest áherzla á símasambandið frá heimastöð, sem er vitaskuld frumstæðasta lausn á *símaþörfinni. Nú standa vonir til, að með haustinu* verði hægt að fjölga símalínum á umræddri leið. Hér ber þess einnig að geta, að afköst símakerfisins þóttu ekki með öllu skila því, sem til var ætlazt. Var því gerð könnun að þessu leyti, og kom þá í ljós, að tvær samverkandi bílanir, sem tók langan tíma að sannprófa, trufluðu símasambandið milli Stykkishólms og Ólafsvíkur og Hellissands. Hafa þessar bilanir verið lagfærðar, og er það til verulegra bóta, miðað við það, sem áður var, því að nú nýtast allar línur, sem fyrir hendi eru á hverjum stað.

Þetta var svar póst- og símamálastjóra við *fyrri lið fsp.*

Þá er það annar liðurinn: „Hvað eru margir símnotendur í Vesturlandskjördæmi utan sjálfvirka kerfisins, og eru til áætlanir um, hvenær allir símnotendur á Vesturlandi komist í sjálfvirka símakerfið?" Þessu svarar póst- og símamálastjóri þannig:

Símnotendur í Vesturlandskjördæmi eru nú um 2819, og eru þar af 805 símnotendur eða 28.6% með handvirkum síma utan við sjálfvirka kerfið, eftir að reist var sjálfvirk símstöð í Búðardal. Áætlanir hafa verið gerðar um það, á hvern hátt ódýrast sé að ljúka byggingu sjálfvirka símakerfisins. Þar eð allt símaefnið er innflutt, verður sífellt að endurskoða þessar áætlanir miðað við gengi íslenzku krónunnar á hverjum tíma svo og almennt verðlag, þ. e. *breytilega vísitölu. Miðað* við verðlag á s. l. ári má gera ráð fyrir, að kostnaður við sjálfvirkan síma til framangreindra 805 sveitabýla í Vesturlandskjördæmi muni nema um 100 millj. kr. Fjármagnið, sem veitt er í þessu skyni hverju sinni, ræður svo hraða framkvæmdanna.

Að endingu skal upplýst, að á undanförnum 2—3 árum hefur bátafloti útgerðarmanna í Ólafsvík og á Hellissandi rúmlega tvöfaldazt. Þessu aukna og mikla athafnalífi hafa fylgt mjög aukin símaviðskipti, m. a. langlínuviðskipti.

Þetta eru svör póst- og símamálastjóra við þessari tvíþættu spurningu, og vil ég vona, að hv. fyrirspyrjanda nægi þau svör.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. *fyrir svörin, og ég vænti* þess, að hann geri sitt ítrasta til þess, að sveitirnar fái sjálfvirkt símakerfi, áður en langir tímar líða, jafnframt því, sem bætt verði þjónustan þar, sem sjálfvirku kerfi hefur þegar verið komið á.

Orlof og þjónusta staðgöngumanna í landbúnaði, fsp. (þskj. 373). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 373 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um framkvæmd þál. um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Ályktun Alþingis um þetta efni var samþ. hinn 18. maí 1972 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að skipa n. til þess að athuga möguleika á lagasetningu um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. N. skal skipuð í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem verða má."

Þessi ályktun Alþingis var samþ. í framhaldi af till. til þál., sem við nokkrir þm. Sjálfstfl. fluttum á síðasta Alþingi. Við vorum þeirrar skoðunar, að hér væri mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Á undanförnum árum hafa hinar ýmsu stéttir þjóðfélagsins keppt um það að ná til sín sem mestum félagslegum réttindum, m. a. stytta vinnutíma, lengja orlof og koma því þannig fyrir, að hið svokallaða brauðstrit taki sem skemmstan tíma og að unnt sé að verja æ *meiri tíma* til annarra viðfangsefna, sem þessu fólki eru hugleikin. Það er ljóst mál, að bændastéttin og það fólk, sem býr í sveitunum, *hefur orðið verulega á eftir í þessum efnum,* og það er skoðun mín, að svo megi ekki lengi standa, vegna þess að ef einstök stétt í þjóðfélaginu hefur ekki sambærileg félagsleg réttindi á við aðra, þá er mikil hætta á því, að ungt fólk veigri sér við að velja sér starfsvettvang á því sviði. Þessi hætta er sem sé fyrir hendi, og þess vegna hrintum við þm. Sjálfstfl. þessu máli af stað á síðasta þingi.

Nú skal ég ekki orðlengja þetta í þessum stutta fyrirspurnatíma og beina til hæstv. ráðherra svo hljóðandi fsp.:

„Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 18. maí 1972 um athugun á möguleikum á lagasetningu um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði."

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 373 er fsp. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. um orlof bænda. Í sambandi við það mál vil ég geta þess, að veturinn 1971-1972 eða á útmánuðum 1972, fól ég formanni Stéttarsambands bænda og aðstoðarmanni mínum í landbrn. að semja frv. um orlof bænda. Eftir kjarasamningana 1. des. 1971 hafa bændur fengið í sínum verðlagsgrundvelli fullt orlof eða 8.33%. Það var endurskoðað við kjarasamningana, sem tóku gildi 1. marz 1973 s. l. Það er mál bænda, hvort þeir vilja láta reikna orlof að fullu inn í verðlagið, eins og þeir fá nú, og það sé greitt með vöruverðinu, og ráði svo, hvort þeir taki sér frí frá störfum eða ekki, eða hvort þeir vilji taka þetta inn í sameiginlegan sjóð, sem styrki þá til raunverulegra orlofs. Slíkt væri ávinningur frá *félagslegu sjónarmiði.* Þetta mál er því í athugun hjá Stéttarsambandi bænda, og frá því hefur rn. fengið þær upplýsingar, að á fundi 2. marz s. l. var samþ. af stjórninni að vísa orlofsmálinu til umr. og umsagnar á kjörmannafundi á næsta sumri. Þetta er gert til þess að fá á-

lit kjörmannafundar á því, hvort þeir telji bændum hagkvæmara að fá setta löggjöf um orlof bænda eða hafa orlofsréttindi sín reiknuð í verðlaginu, eins og nú er gert. Vona ég, að þetta nægi til að svara fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég tek það fram að ég felli mig vel við það, að unnið sé að þessu máli með þeim hætti, að bændálit kjörmannafundar á því, hvort þeir telji urnir sjálfir fái að fjalla um það með sem allra ítarlegustum hætti. Ef frv. er til, sem ég skildi ekki nákvæmlega hjá ráðh., þá er ég ánægður með þá málsmeðferð, að frv. sé vísað heim til hinna ýmsu búnaðarsambanda og það rætt á kjörmannafundum og þá tekin afstaða til þess, hver framgangur þess verður.

Um málið að öðru leyti vil ég segja það, að síðari hluti ályktunarinnar fjallar um þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði, og sá þátturinn má ekki eftir liggja. Það er ljóst, að í mjög mörgum tilfellum mun bændum ekki reynast kleift að nýta orlofsréttinn, þó að hann verði fyrir hendi, ef ekki er um leið séð til þess, að þeir eigi aðgang að vinnuafli, sem getur tekið að sér að annast bústörfin, meðan þeir sjálfir og þeirra fólk er í orlofi.

Ég vil einnig ítreka það, að orlofsrétturinn þarf ekki síður að ná til húsfreyju en bónda, því að fáir í þessu þjóðfélagi munu vinna jafnlangan vinnudag og húsfreyjur í sveitum.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, sem fram hefur komið, og vænti þess, að þetta mál fái þann framgang, að unnt verði að sýna frv. um þetta efni á næsta Alþingi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að till. í frv. hafa þegar verið kynntar bændasamtökunum og það er í framhaldi af því, sem stjórn samtakanna hefur tekið þá ákvörðun að leita álits kjörmannafundar á málinu. Í frv. er ákvæði um þá staðgengla, sem hv. þm. talaði um. Orlof húsmæðra hefur verið bætt verulega með löggjöfinni í fyrra, þar sem veitt var miklu meira fé til þess en áður hefur verið. En um framkvæmd málsins verður ekki frekar að ræða, fyrr en fyrir liggur álit frá kjörmannafundinum.

Framlagning gagna við Alþjóðadómstólinn, fsp. (þskj. 387). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 387 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hvaða gögn hafa verið lögð fram af hálfu utanrrn. við Alþjóðadómstólinn í Haag vegna fiskveiðideilunnar?

2. Hverjir sömdu þessi gögn?“

Menn hafa veitt því athygli, að undanfarna daga hafa orðið miklar umr. um, hvort við ættum að senda fulltrúa okkar til málflutnings við Alþjóðadómstólinn, og sýnist sitt hverjum í því efni. En það hefur ekki komið nákvæmlega fram, svo að ég viti, hvaða gögn hafa verið lögð fram við dóminn. Tel ég mjög mikilvægt að fá úr því skorið hreinlega og einnig vita um það, hvort öll rit um málið fyrr og síðar hafi verið lögð fram, þau sem gætu stuðlað að því, að hv. dómendur, sem þar sitja, sjái sögu málsins rækilega yfir allt tímabilið. Því var haldið fram í sjónvarpsumr. hér um daginn, að þeim bæri skylda til að rannsaka öll gögn í málinu og það væri því mikilvægt, að mjög rækileg gagnasöfnun lægi frammi við dóminn. Því taldi ég rétt að fá úr þessu skorið og það kæmi hér á hreint. Einnig vildi ég gjarnan vita það um leið, hver þáttur fiskifræðinga okkar væri við samningu þessara gagna, og þar fram eftir götunum, því að við erum að færa út landhelgina mjög vegna raka þeirra um, hvað fiskstofninn þoli. Þess vegna vil ég einnig fá að vita, hverjir hafi staðið að samningu þeirra gagna, sem fyrir dómnum liggja nú.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Svar við fsp. hv. 5. þm. Reykn. er svo hljóðandi:

Í utanrrn. hafa eftirfarandi gögn verið tekin saman og send Alþjóðadómstólnum vegna málarekstrar Bretlands: 1) Skeyti 15. maí 1972, þar sem m. a. er vikið að væntanlegri sendingu bréfs í framhaldi af tilkynningu dómstólsins um málshöfðun Bretlands. 2) Bréf 29. maí 1972, þar sem sjónarmið Íslands voru rakin, og fylgdu því 5 fskj. — Þau voru orðsendingar til ríkisstj. Bretlands frá 31. ágúst 1971 og 24. febr. 1972, lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 5. apríl 1948 og ályktanir Alþingis frá 5. maí 1959 og 15. febr. 1972. 3) Skeyti 28. júlí 1972 í framhaldi af beiðni Bretlands um bráðabirgðaráðsafanir í verndarskyni. 4) Bréf sama dag til staðfestingar skeytinu. 5) Skeyti 31. júlí 1972, þar sem tekið er fram, að Ísland sé enn sem fyrr reiðubúið til að halda áfram samningaviðræðum við Bretland um bráðabirgðalausn. 6) Skeyti 11. ágúst 1972, þar sem kynnt er efni orðsendingar til Bretlands um nýtt samningstilboð. 7) Bréf sama dag til staðfestingar skeytinu. 8) Skeyti 4. des. 1972, þar sem ítrekuð er afstaða Íslands með tilliti til spurningarinnar um lögsögu dómstólsins.

Mjög svo sambærileg gögn varðandi málarekstur Sambandslýðveldisins Þýzkalands eru bréf 27. júní 1972, skeyti 28. júlí 1972, bréf sama dag og skeyti 4. des. 1972. Auk þess sendi utanrrn. skeyti 18. ágúst 1972 og bréf því til staðfestingar sama dag í nafni forsrh. fyrir hönd ríkisstj., þar sem mótmælt var uppkveðnum úrskurði um bráðabirgðaráðsafanir. Þá hafa verið send nokkur skeyti um aukaatriði vegna málarekstrar ríkjanna tveggja, þ. e. um sendingu gagna frá dómstólum Íslands og annarra ríkja, m. ö. o. skeyti 3. ágúst 1972, 30. sept. 1972, 17. okt. 1972, 3. jan. 1973, 2. febr. 1973 og 16. febr. 1973. Áður en til málshöfðunar kom voru dómstólnum sendar orðsendingar til Bretlands og Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá 24. febr. 1972. Þá hefur dómstóllinn aðgang að íslenzkum bæklingum um landhelgismálið t. d. Fisheries jurisdiction in Iceland.

Svar við öðrum lið: Eins og áður greinir, eru gögn þessi tekin saman í utanrrn. Aðalveg og vanda af því starfi hefur Hans G. Andersen

sendiherra og þjóðréttarfræðingur haft. Þessi gögn eru opinber skjöl, og hefur verið skýrt frá efni flestra þeirra a. m. k. í fjölmiðlum, jafnóðum og þau hafa verið send. Þau standa hv. fyrirspyrjanda og öðrum hv. alþm. opin til yfirlestrar og athugunar í utanrrn. Einnig get ég, ef óskað er, gert ráðstafanir til að afhenda hv. fyrirspyrjanda svo og öðrum afrit af þeim við síðari hentugleika.

Ég vona, að þetta svar nægi hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og svar hæstv. ráðh. ber með sér, hefur allmikið verið lagt fram af gögnum, þó mikið í skeytum og stuttum bréfum til staðfestingar vissum orðsendingum, sem farið hafa milli rn. og viðkomandi þjóða, sem við eigum í deilum við. Mér virðist við fyrstu yfirsýn, að hér sé ekki um langa grg. að ræða, þótt fylgt hafi nokkuð með, sbr. tilvitnanir í sum skeytin og bréfin. Ég átti von á því, að víðtækar rannsóknir, sem fiskifræðingar okkar hafa staðið að hér undanfarið, væru líka til, því að í þessu hefti, sem hann nefndi hér áðan, Fisheries jurisdiction of Iceland, er svo stutt yfirlit, að dómurinn hlýtur að þurfa miklu meiri gögn en þar koma fram. Við þetta stutta yfirlit tel ég, að megi bæta mjög miklu til þess að styrkja okkar málstað, — ég segi það alveg hiklaust, — eins og mér virðist upptalningin vera. Ég sakna þess sérstaklega, ef ekki er mjög stuðzt við skoðanir fiskifræðinga okkar og rannsóknir á undanförnum árum. Það er ekki nóg, eins og alltaf er vitnað til, að við fáum svipaða kilóatölu ár eftir ár. Það er samsetning aflans, sem skiptir meginmáli og er langsterkasta vopn okkar í baráttunni. Það er vegna þess, að fiskurinn er alltaf minni og minni og yngri og yngri. Það er þess vegna lífsnauðsyn að gá að því, að við aukum ekki sóknina, heldur takmörkum sóknina í ungstofnana. Til eru víðtækar rannsóknir og ágæt kort, sem okkur í fiskveiðilaganefnd hafa verið afhent, um samsetningu á smáfiski hringinn í kringum landið. Ég tel alveg afdráttarlaust, að þessi gögn eigi að afhenda Alþjóðadómstólnum. Það mun taka þessa menn langan tíma að fara í gegnum öll þessi gögn.

Ef við látum mann mæta fyrir dómnum, hlýtur hann að hafa mikið af þessum gögnum með sér, annað er útilokað. Ef tilgangurinn með að senda mann út er einkum sá, eins og kom fram hjá báðum viðmælendum spyrjandans í sjónvarpinu, að skapa möguleika á frestun, fyrst og fremst til þess að tefja endanlegan úrskurð fram yfir hafréttarráðstefnuna, þá veitir sannarlega ekki af að hafa víðtækar upplýsingar, sem tæki menn langan tíma að fara í gegnum og styddu málstað okkar í hvívetna. Ég er ekki að deila á hæstv. utanrrh. með þessum aths. varðandi þau gögn, sem fram hafa verið lögð þegar, en mér virðist af upptalningunni, að miklu mætti bæta við og þ. á m. fleiri eldri ritgerðum um íslenzka fiskveiðilögsögu. Það hefur verið samin a. m. k. ein doktorsritgerð um það efni. Menn geta deilt um það, hversu vísindalegt rit það er, en það er margt mjög fróðlegt í þeirri ritgerð, sem er nokkurra ára, og ýmsir þessara manna hefðu gott af því að pæla í gegnum þessa ritgerð ásamt ýmsum fleiri gögnum til þess að styrkja okkar sjónarmið í málinu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vona, að það verði ekki talið brot á þingsköpum, þó að ég víki hér aðeins að öðru máli, enda er það mál náskylt því, sem hér er til umr. Það var útbýtt hér á fundinum í dag þáltill. um birtingu skjala varðandi gerð landhelgissamninganna við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961. Nú er nokkuð liðið á þingið og afgreiðsla mála tekur oftast töluverðan tíma. Ég vil, um leið og ég fagna þessari þáltill., leyfa mér að beina því til hæstv. utanrrh., hvort endilega þurfi þáltill. til, hvort ekki sé hægt að birta þessi skjöl núna fljótlega og án þess að beðið sé eftir því, að þáltill. verði samþ.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal ekki frekar en aðrir hv. þm. hefja umr. um það, hvaða gögn hefði átt að senda til Alþjóðadómstólsins í Haag. Mönnum sýnist sitt hverjum um það, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn. En ég vil aðeins í tilefni af því, sem hann sagði, minna menn á að lesa sératkvæði dómarans Luis Padilla Nervo frá Mexíkó, sem birt er með úrskurði Alþjóðadómstólsins. Ég hygg, að þegar menn lesa þetta sératkvæði, komist þeir að raun um, að sjónarmið Íslendinga hafa komizt til skila, því að aðrir dómarar en Padillo Nervo hafa vitanlega kynnt sér þau gögn, sem hann vitnar sérstaklega til.

Það má vel vera, að frá okkar hendi hefði átt að senda meira af gögnum, ég skal ekki leggja dóm á það, enda kannske ekki dómbær um það. En ég leyfi mér að halda því fram, að a. m. k. aðalatriðið í okkar málflutningi hafi komizt til skila. Við fluttum ekki málið, við sendum aðeins nokkur gögn, þau sem ég hef gert grein fyrir, og mér virðist af þessu sératkvæði og raunar líka af því, sem dómurinn sjálfur fjallar um, að sjónarmið okkar hafi komizt til skila.

Það hefur verið minnzt hér á annað mál, upplýsingar frá 1961. Ég mun taka það til athugunar í tilefni af fram kominni þáltill., hvað til sé til birtingar af slíkum skjölum í utanrrn. En þessi þáltill. kemur að líkindum fljótlega til meðferðar, og ég vil gjarnan sjá, hvaða álit Alþ. hefur á birtingu þessara skjala.

Ég mun gera ráðstafanir til þess, að utanrmn.-mönnum verði sent eintak af þeim skjölum, sem ég vitnaði áðan til, það er til þæginda. Ég hygg, að þeir hafi fengið meiri hlutann af þessum skjölum. En það getur verið hagkvæmt fyrir þá, eins og okkur alla, að fá þetta í einni bók. Ég mun gera ráðstafanir til þess í tilefni af fram kominni fsp. hv. 5. þm. Reykn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þegar litið er yfir listann yfir það, sem sent er af skjölum til Alþjóðadómstólsins, samkvæmt upplýsingum hæstv. utanrrh., er augljóst, að þau skjöl eru ekki þess eðlis, að í þeim felist sá málflutningur, sem við hefðum haft þörf fyrir. Það eru skeyti um staðfestingar á bréfum og upplýsing-

ar um, hvernig staðan standi í viðræðum okkar við Breta o. s. frv.

En ef það er rétt, sem hæstv. utanrrh. segir, að aðalatriðin í okkar málum hafi komizt til skila til Alþjóðadómstólsins, þá hefur ríkisstj. auðvitað haldið uppi málflutningi fyrir Alþjóðadómstólnum, aðeins ekki munnlegum, heldur bara skriflegum. Hún verður þá að taka afleiðingunum af því, hvort það felur í sér meiri eða minni skuldbindingar eða ekki.

Út af þeirri þáttill., sem vitnað var til um birtingu skjala og lögð var fram í dag af hv. alþm. Tómasi Karlssyni, vil ég aðeins segja það, að auðvitað verður ríkisstj. á hverjum tíma að meta það, og það þarf ekki þál. til og erfitt meira að segja að álykta um það fyrir hv. þm., hvað á að birta og ekki birta, þegar þeir hafa ekki fyrir sér, hvað það er, sem um er að ræða.

Ég hef óskað eftir því að fá birta vissa þætti úr því, sem farið hefur á milli Breta og Íslendinga í samningaviðræðunum núna, og ég hef verið beðinn um að falla frá þeirri ósk. Og ég gerði það fyrir tilmæli ráðherranna. Ég geri ráð fyrir því, að stjórn, hver sem hún er, meti það á hverjum tíma út frá því sjónarmiði, hvort það sé gagnlegt fyrir viðkomandi aðila og styrki aðstöðu okkar. Allt, sem styrkir aðstöðu okkar, á náttúrlega að birta. Ég var sagður ósannindamaður að ákveðnum staðreyndum, sem ég setti fram í blaðagrein á s. l. hausti, meira að segja í viðtali við hæstv. viðskrh. Ég bað um að fá að birta vissa hluti úr fundargerðum þeim, sem bókaðar höfðu verið í viðræðunum við Breta, til þess að staðfesta, að það væri allt satt og rétt, sem ég sagði. Hæstv. ráðherrar, sem ég talaði við, hæstv. utanrrh. og forsrh., sem er formaður landhelgisnefndarinnar, sögðu: Það er alveg rétt, sem þú hefur sagt, en við óskum eftir því, að þú biðjir ekki um að fá að birta þetta, a. m. k. ekki meðan umr. standa yfir. — Ég féll frá því.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er augljóst af skýrslu hæstv. utanrrh., að þau gögn og þær upplýsingar, sem send hafa verið Alþjóðadómnum eru mjög mögur. Ég vil nefna hér m. a. tvennt, sem ég sakna.

Annað er það, að í júnímánuði s. l. var haldin ráðstefna alþjóðlegrar nefndar fiskifræðinga. Sú ráðstefna var haldin í Washington. Þar voru lagðar fram skýrslur eða niðurstöður rannsókna, sem staðið höfðu í nokkur ár, þar sem kom skýrt fram, að fiskistofnarnir við Ísland væru í yfirvofandi hættu og þyrfti, ef vel ætti að vera, að draga stórlega úr sókn. Það kemur ekki fram í skýrslu hæstv. ráðherra, að þessar mjög svo mikilvægu upplýsingar hafi verið lagðar fyrir dóminn, en það hefði þurft að gerast, áður en dómurinn tók til meðferðar málaleitunina í ágúst.

Í annan stað var því haldið fram í umr. á Alþ. 1961 af hálfu ríkisstj. Íslands, að samningana bæri hiklaust að skoða á þann veg, að þegar Íslendingar færu í útfærslu út fyrir 12 mílur, og ef Bretar og Þjóðverjar vildu skjóta málinu til Alþjóðadómsins, þá skyldi útfærslan standa í framkvæmd, meðan málið væri rekið fyrir dóminum. Þetta var ótvíræður skilningur íslenzkra stjórnvalda og lýst þá yfir skýrt og skorinort á Alþ., bæði af hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. Þessi skilningur var kunnur brezkum og þýzkum stjórnvöldum, og aldrei komu nein mótmæli gegn honum. Vitanlega hefði þessi mikilvæga röksemd einnig átt að koma fram fyrir Alþjóðadóminn.

Ég er sannfærður um, að það vantar margt fleira, sem hefði þurft að koma fram fyrir dóminn. En ég er sannfærður um, að ef þetta tvennt hefði legið fyrir dóminum í ágústmánuði á s. l. sumri, hefði sú málaleitan, sem hann lét frá sér fara, orðið mjög á annan veg en hún var.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hér hefur komið fram, minna á það í fyrsta lagi, að Alþjóðadómurinn hefur ekki enn fjallað um efnishlið málsins, heldur aðeins í fyrsta lagi um bráðabirgðaúrskurð og í öðru lagi um lögsögu sína. Þau gögn, sem ég hef minnzt á, lúta einkum að þessu tvennu.

Í öðru lagi vil ég geta þess í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði um vissan skilning á samningunum frá 1961, að ég hef látið kanna það í utanrrn., hvað gögn lægju fyrir um slíkan skilning milli aðilanna á þessu atriði, og hef ekkert um það fundið. Ég hygg, að það finnist ekki heldur í brezka utanrrn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Því hefur ekki verið haldið fram, að það hafi komið neinar yfirlýsingar frá brezku stjórninni um þetta efni, að því leyti hafa svör hæstv. utanrrh. ekki þýðingu. Það, sem ég hef sagt og stendur skýrum stöfum, er það, að í opinberum umr. á Alþingi Íslendinga um þetta mál var þessum skilningi skýrt og skorinort lýst yfir, og það liggur fyrir í Alþt., og í annan stað, að þessi skilningur var kunnur brezkum og þýzkum stjórnvöldum og aldrei mótmælt. Ég veit ekki, hvort fyrir liggja í utanrrn. einhver bréf eða plögg um þetta. En þetta atriði er svo mikilvægt, að það verður að teljast til vanrækslu, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa látið það koma fram.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Það er athyglisverð ummæli, sem hv. 5. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen lét falla í umr. um þessa fsp. Hv. þm. Gunnar Thoroddsen taldi mjög mikilvægt, að þessum yfirlýsingum, sem einhverjir ráðherrar höfðu gefið í sambandi við umr. um landhelgissamningana 1961 hér á hv. Alþ. og birtar munu vera í Alþt., hefði verið komið til skila við Alþjóðadóminn eða á þeim vakin athygli þar. En ég vil benda hv. þm., sem átti sæti í þeirri ríkisstj., sem fór með þetta mál 1960 og 1961, á það, að hér stóð þá upp ráðherra í ríkisstj., sem þetta mál heyrði undir, og svaraði fsp. utan dagskrár og á dagskrá frá hv. þm. aðra hverja viku eða svo, allan þann tíma sem hann átti í samningaviðræðum við brezk stjórnvöld um þetta mál, og sagði, að það væri ekki fótur fyrir því, að neins konar samningaviðræður færu fram og engin orðsending eða bréfa-

skipti ættu sér stað á milli íslenzku og brezku ríkisstjórnanna. Hv. þm. Gunnar Thoroddsen vissi auðvitað mætavel eins og aðrir ráðherrar í þeirri ríkisstj., að þessi ráðherra fór þar með ósannindi. Og það var yfirleitt ekki mikið að marka yfirlýsingar íslenzkra ráðherra á þeim tíma um þetta mál. En þessar yfirlýsingar allar eru líka birtar í Alþt., og það má fletta upp á þeim. Og það er vitað, að þau skjöl og bréf, sem þá fóru á milli, fengust ekki birt.

Það er kokhreysti, segi ég, af hv. 1. þm. Reykv. að koma svo hér í ræðustól og segja, að það beri vott um sérstakt örlyndi hans, að hann hafi fallið frá ósk um að fá nákvæmar skýrslur um það, sem hefur núna farið fram milli íslenzku ríkisstj. og þeirrar brezku um leit að bráðabirgðasamkomulagi í deilunni við Breta. Ég tel það kokhreysti að kalla það sérstakt örlyndi, því að þær umr. hafa farið fram meira og minna fyrir opnum tjöldum og utanrmn. og landhelgisnefndinni hefur af utanrrh. verið gerð grein jafnóðum fyrir þeim umr. og því, sem þar hefur farið fram.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í brigzlyrði þess hv. þm., sem síðast talaði, um ósannindi fyrrv. utanrrh. og ráðherra í viðreisnarstjórninni. Það kemur síðar í ljós, hversu mikinn sóma hann hefur af því. Tilefni þess, að ég segi hér örfá orð, er það, að þm. getur ekki tekið eftir því, sem sagt er, og kemur hér upp með töluverðan derring út af því, að það sé kokhreysti af mér, það sem ég hafi sagt, að ég hafi fallið frá kröfu um að fá skýrslu. Ég var ekki að segja það. Á ég að endurtaka það, sem ég sagði? Ég sagðist hafa beðið um leyfi til þess að fá birta úr skýrslu, sem ég hafði fengið sem nm. í landhelgisnefnd og utanrmn. En það var óskað eftir því við mig, meðan umr. stæðu yfir, að ég félli frá óskinni um að gera þetta opinbert. — Það var þetta, sem ég sagði.

Framleiðslulán til íslenzks iðnaðar, fsp. (þskj. 389). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á mörgum undanförnum þingum hafa ýmsir hv. þm. vakið athygli á því, að íslenzkur iðnaður hefur setið við allt annað borð en aðrir atvinnuvegir landsmanna hvað viðvíkur framleiðslulánum. Hann hefur búið við langtum lakari kjör. Það mun m. a. eflaust hafa orðið til þess, að lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána voru samþykkt á síðasta þingi, 13. maí 1972, og í framhaldi af þeim lögum komu reglur frá Seðlabanka Íslands um endurkaup víxla framleiðslulána iðnaðarins. Eru reglur þessar dagsettar 8. nóv. 1972.

Ég ætla ekki að fara að lesa þetta upp, þær eru nokkuð langar, en ég vil aðeins leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hluta af einni mgr., þar segir: „Fyrst um sinn taka endurkaup þessi til iðnaðarvara, sem ætlaðar eru til útflutnings, enda uppfylli þær að öðru leyti ofangreind skilyrði. Þó geta komið til greina endurkaup vara, sem ætlaðar eru til sölu á innlendum markaði, þegar um er að ræða mikilvægar framleiðslugreinar og sérstaks fjármagns er þörf, svo sem vegna árstíðabundinnar framleiðslu og sölu, enda sé þá um að ræða lítið tollverndaða framleiðslu."

Einnig koma fram í þessari reglugerð ýmsar reglur, sem viðskiptabönkum ber að hafa til viðmiðunar.

Nú er staðreyndin sú, að mjög hefur gengið seint að koma þessu í framkvæmd og mikið hefur verið undan þessu kvartað af íslenzkum iðnfyrirtækjum, einkum þeim, sem framleiða fyrir innanlandsmarkað. Þykir mér sem ekki sé þar farið eftir þeim vilja, sem fram kom hjá hæstv. Alþ. með samþykkt laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Ég tel sjálfsagt, að íslenzur iðnaður, sem uppfyllir þau skilyrði, sem nauðsynlegt er að setja, eigi að fá slík lán, þótt um sé að ræða iðnað, sem framleiðir fyrir innlendan markað. Sé ég þar satt að segja ekki mikinn mun á og á þeim iðnaði, sem framleiðir fyrir útflutning. Að sjálfsögðu sparar slík framleiðsla innflutning.

Ég get einnig nefnt nokkur dæmi máli mínu til stuðnings. Mér er t. d. kunnugt um það, að skóverksmiðja á Egilsstöðum, sem framleiðir seríuvörur, hefur fengið neitun um framleiðslulán. Sömuleiðis veit ég, að fataiðnaðurinn almennt, sem þó hefur verið sérstaklega styrktur og skipulagður, m. a. samhæfður að ýmsu leyti, hefur ekki fengið framleiðslulán. En þetta sýnist mér að ýmsu leyti varhugaverð stefna, ekki sízt þegar á sama tíma er lögð rík áherzla á að efla og auka íslenzkan iðnað, eins og fram hefur komið bæði í ræðu og riti hjá hæstv. ráðherrum.

Með tilvísun til þess, sem ég hef nú sagt, leyfi ég mér að leggja fram á þskj. 389 fsp. til viðskrh. um framleiðslulán til íslenzks iðnaðar. Fsp. er í þremur liðum.

Í fyrsta lagi er spurt, með leyfi hæstv. forseta: „Hvað líður veitingu framleiðslulána til íslenzks iðnaðar, sbr. lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána frá 13. maí 1972: a) Í fyrsta lagi iðnaðar, sem framleiðir til útflutnings? b) Í öðru lagi iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?"

Í öðru lagi spyr ég: „Hvað veldur þeirri tregðu, sem virðist vera á framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?"

Og í þriðja lagi: „Hyggst ríkisstj. beita sér fyrir auknum framleiðslulánum til iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað?"

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fsp. þessari var beint til Seðlabankans, sem hefur með fyrirgreiðslu í þessum málum að gera, og svar bankans við þessum fsp. er á þessa leið:

„Seðlabankanum hefur borizt bréf yðar dags. í dag, varðandi ofangreinda fsp. Í því tilefni vill Seðlabankinn taka eftirfarandi fram að því er varðar spurningu 1:

Eftir að lögum um veðtryggingu iðnrekstrarlána voru sett hinn 13. maí 1972, hóf Seðlabanki Íslands undirbúning að setningu reglna um veitingu slíkra lána. Unnið var að undirbúningnum í samráði við viðskiptabankana, og voru hinn

8. nóv. s. l. settar reglur um endurkaup á víxlum og framleiðslulánum iðnaðarins, sem fylgja hér með í ljósriti.

Eins og segir í fréttatilkynningu frá bankanum sama dag, eru fjármögnunarvandamál iðnaðarins að ýmsu leyti frábrugðin vandamálum sjávarútvegs og landbúnaðar, þar sem um miklu meiri fjölbreytni vörutegunda er að ræða og framleiðslu- og sölutíminn mjög mislangur. Þessi fjölbreytni vörutegunda veldur því, að framleiðslulánakerfið til iðnaðarins verður mun flóknara heldur en lán út á tiltölulega samkynja framleiðslu sjávarútvegs og landbúnaðar, þar sem um fáar vörutegundir er að ræða.

Með tilliti til þeirrar þýðingar, sem örvun útflutningsiðnaðarins hefur, var sú stefna mótuð í upphafi, eins og fram kemur í framangreindri tilkynningu, að leggja megináherzlu fyrst í stað á lán út á iðnaðarvörur til útflutnings. Jafnframt er stefnt að því, að til greina komi endurkaup vegna iðnaðarvara fyrir innlendan markað, þegar um er að ræða mikilvægar framleiðslugreinar og sérstakrar fjármögnunar er þörf, m. a. vegna árstíðabundinnar framleiðslu og sölu, enda sé þar um að ræða lítið tollverndaða framleiðslu.

Eftir að reglur Seðlabankans voru settar hinn 8. nóv. 1972, hófu viðskiptabankarnir undirbúning að þessum lánveitingum. Frá upphafi var af hálfu þeirra stefnt að samræmingu á þessum lánveitingum, og störfuðu nokkrir samstarfshópar að undirbúningi lánanna. Seðlabankinn tók ekki beinan þátt í þessum undirbúningi, en fulltrúar hans fylgdust með störfum hópanna.

Fyrsta fsp. varðandi framleiðslulán barst Seðlabankanum 19. jan. s. l. Síðan hafa bankanum borizt umsóknir og fsp. vegna samtals 17 fyrirtækja frá 4 viðskiptabönkum og einum sparisj. Af þessum umsóknum hefur þegar verið samþykkt lánveiting til 6 aðila, þar af til tveggja að hluta. Af þessum 6 aðilum er þegar hafin lánveiting til tveggja, en upplýsingar vantar enn frá 4 aðilanna, til þess að hægt sé að hefja lánveitingu. Bráðabirgðalán hafa verið veitt til fjögurra aðila, þar sem ýmis tæknileg vandamál gera það erfitt fyrir að taka þessa aðila að sinni inn í hina reglubundnu lánveitingu. Einni umsókn hefur verið synjað, en beðið er eftir viðbótarupplýsingum frá þremur aðilum, og í athugun hjá Seðlabankanum eru 3 umsóknir. Auk þessa hafa frá 8. nóv. s. l., verið veittar fyrirgreiðslur í 10 tilfellum upp í væntanlegar umsóknir, þar sem um er að ræða framleiðslu, sem gera má ráð fyrir, að komi undir lánveitingar þessar, og er það ekki meðtalið hér að framan. Af þeim umsóknum og fsp., sem borizt hafa, voru 5 vegna fyrirtækja með hreina útflutningsframleiðslu, 4 fyrirtæki voru með blandaða framleiðslu, bæði á innlendum og erlendum markaði, og 8 framleiða eingöngu fyrir innlendan markað.

Að því er varðar spurningu 2:

Augljóst var, að það gæti tekið nokkurn tíma að koma föstu skipulagi á lánveitingar sem þessar, og má þá hafa það í huga, að það fyrirkomulag, sem nú er á endurkaupum vegna lána til sjávarútvegs og landbúnaðar, þróaðist um árabil. Því var í upphafi lögð á það megináherzla, að sem fyrst væri unnt að veita útflutningsiðnaði sambærilega fyrirgreiðslu að þessu leyti eins og annarri útflutningsframleiðslu, og hefur útflutningsiðnaðurinn því verið látinn ganga fyrir. Það er þó ætlunin, að framleiðslulánakerfið nái til annars iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað. Enn sem komið er, hefur þó þótt rétt að setja þar þau takmörk, að um lítið tollverndaða framleiðslu sé að ræða."

Þetta er það svar, sem fyrir liggur frá Seðlabankanum varðandi málið, og ég ætla, að meginatriðunum í fsp. hv. þm. sé þar með svarað á fullnægjandi hátt. Það er sem sagt unnið að því að koma þessum lánum í það horf, sem ætlað hefur verið. Það er vissulega gengið út frá því, að allur útflutningsiðnaður fái sams konar lánafyrirgreiðslu eða jafngildi þess, sem sjávarútvegur og landbúnaður fá. Út frá því er almennt gengið. Og þegar ég hef leitað eftir því í einstökum tilvikum, hvernig þessu væri háttað, hefur greinilega komið í ljós, að svo væri.

Varðandi lánveitingar af þessu tagi út á framleiðslu, sem er hugsuð til sölu á innanlandsmarkaði, þá er ofureðlilegt, að það taki nokkurn tíma að koma reglum um það í framkvæmd. Einnig er það, að það er gefið mál, að þau fyrirtæki, sem sækja um lán samkv. þessum reglum, verða að uppfylla viss fjármálaleg skilyrði, svo að það er ekki þar með sagt, að allir geti fengið þessi lán. Það sama á sér stað um þá, sem eru að framleiða fyrir erlendan markað í sambandi við sjávarútveg. Það er sem sagt stefnt að því að þróa þetta kerfi og auka þessar lánveitingar, bæði varðandi útflutningsiðnað og eins iðnað, sem framleiðir sérstaklega fyrir innlendan markað, og mér sýnist, að unnið sé að þessu á eðlilegan hátt.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég get út af fyrir sig fallizt á það, að allir geta ekki hlotið slík lán. Þeir þurfa að uppfylla viss skilyrði, það er ljóst. Einnig get ég fallizt á það, að iðnaðarframleiðslan er a. m. k. að verulegum hluta allmjög frábrugðin framleiðslu annarra meginatvinnuvega okkar, sjávarútvegs og landbúnaðar. Hins vegar get ég ekki fallizt á þá skoðun, sem virðist koma fram hjá Seðlabankanum, að þetta mál sé erfitt í meðferð. Ég held, að ef vilji er til að leysa það mál, þá sé auðvelt að finna lausn, sem viðunandi getur verið fyrir viðskiptabankana og Seðlabankann. Mér finnst einnig allt benda til þess, að þarna ríki ákveðin tregða, ákveðin íhaldssemi, ef ég má kalla það svo, e. t. v. af því, að einblínt er um of á þær reglur, sem hafa gilt fyrir aðalatvinnuvegi okkar, en ekki leitað að öðru, sem hentar betur iðnaði og getur út af fyrir sig verið eins réttmætt og eins gott.

Það er einnig ljóst, að áherzla er lögð á að afgreiða útflutningsiðnaðinn fyrst. Ég vil vara við því að setja fyrirtæki, sem framleiða fyrir innlendan markað, í eins konar annan og lægri flokk. Þau eiga áreiðanlega ekki síður rétt á sér. Við skulum minnast þess, að slík fyrir-

tæki spara örugglega innflutning, og þá er orðinn lítill munur á slíkri framleiðslu og þeirri, sem fer úr landi.

Ég vil því fyrir mitt leyti leggja ríka áherzlu á, að hæstv. ráðh. haldi áfram að skoða þessi mál og fylgjast með þeim, eins og ég heyri, að hann hefur gert, og á það verði lögð áherzla, að þessu kerfi verði komið hið fyrsta í framkvæmd yfir alla línuna, eins langt og það getur náð. Ég vil vekja athygli á því, að fjármagnserfiðleikar íslenzks iðnaðar eru áreiðanlega einn stærsti Þrándur í Götu eðlilegrar þróunar þessa iðnaðar í vaxandi samkeppni. Það verður ekki mikið úr öllu tali um iðnbyltingu og þess háttar, ef þau mál, sem hér eru til umr., eru ekki jafnframt leyst.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég fagna því sannarlega, að ég er búinn að fá góðan liðsmann í þeirri tveggja þinga baráttu, sem ég hef staðið í hér, því að æðioft hefur rekstrarfjárþörf iðnaðarins borið á góma. Ég spurðist fyrir um nákvæmlega sama efni í haust og fékk nokkurn veginn sama svar og hæstv. ráðh. gaf nú, að því undanskildu, að nú eru komnar reglur og farið að sjást ljós í þessu og líklega búið að veita tveimur fyrirtækjum fyrirgreiðslulán. Það voru sett lög í fyrra, fyrir næstum því heilu ári, sem gerðu veðsetningargildi iðnaðarins mögulegt og það er ekki enn nema að litlu leyti farið að taka til iðnaðarins. Þá kom með miklu yfirlæti yfirlýsing um stórbrotna iðnbyltingu, eins og allir muna. Eins var fyrir stuttu lagt fram frv. í hv. Ed. um rekstrarsjóð iðnaðarins, en allt kemur fyrir ekki. Iðnaðarfyrirtækin sjálf fá ekki nauðsynlega rekstrarfjárfyrirgreiðslu. Það er blaköld staðreynd, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, og þetta held ég, að sé vegna þess, að viðskiptabankarnir telja sig ekki hafa það fjármagn, sem iðnaðurinn þarf að fá til eðlilegs rekstrar.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi dæmi um skóverksmiðju á Egilsstöðum. Ég skal nefna annað dæmi um gólfteppaframleiðsluna í landinu. Mér er tjáð, að hún falli ekki undir þessar reglur. Það liggur þá ekkert annað fyrir en að þessi iðnaður hætti, en inn verður að flytja erlend gólfteppi í staðinn og út lakari ullina, sem framleidd er í landinu.

Hér þarf vitanlega að taka til höndum. Auðvitað er það alveg rétt, að gjaldeyrissparandi iðnaður er nákvæmlega jafnþýðingarmikill og gjaldeyrisaflandi iðnaður. Og nú vil ég mega heita á hæstv. bankamálaráðh., að hann láti iðnaðinn í landinu njóta sömu fyrirgreiðslu að því er varðar fjármagn til rekstrar eins og aðrir atvinnuvegir hafa og það verði einhvern tíma hætt að líta á iðnaðinn sem annars flokks atvinnuveg. Hann er orðinn jafnrétthár hinum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Sýndarmennskan ríður ekki við einteyming í því máli, sem hér hefur verið til umr. Það kom fram af ræðu hv. síðasta ræðumanns og í svörunum, að það hefur ekkert gerzt, frá því að lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána voru sett í fyrra, og það gerist auðvitað ekki neitt í sambandi við frv. um rekstrarlán til iðnaðarins, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið. Það er búið að veita tvö lán á grundvelli einhverra reglna, sem settar hafa verið samkv. þessum l., en ég er sannfærður um, að þessi lán hefðu alveg nákvæmlega eins verið veitt, þó að þessi lög hefðu aldrei verið sett. Það voru sett hér á árinu 1970 lög um útflutningslánasjóð. Mér hefur verið tjáð af bankastjórum, að útflutningsiðnaðurinn hafi fengið það, sem hann hefur beðið um af lánum í sambandi við sinn útflutning. Hér hefur ekkert nýtt skeð. Hæstv. ráðh. les upp, að það geti jafnframt komið til greina lán út á aðrar iðnaðarvörur, einkum vegna ártíðabundinna ástæðna, eins og birgðasöfnunar í landinu. Þetta hefur alltaf verið gert. Framkvæmdabankinn byrjaði á sínum tíma að lána út á birgðir í vissum, tilteknum tilfellum, og Seðlabankinn tók svo við því verkefni, þegar Framkvæmdabankinn var lagður niður. Stóriðnaður innanlands, sem safnar miklum birgðum, eins og Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, hefur auðvitað fengið stórlán út á sínar afurðir. M. ö. o.: sýndarmennskan er hér í fyrirrúmi, en raunverulegar aðgerðir engar.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það virðist vera heldur erfitt að festa hendur á lánveitingum til iðnaðarins. Þær reglur, sem hér er um að ræða og settar voru samkv. þeim l., sem minnzt hefur verið á í þessum umr., voru settar með samþykki forustumanna iðnaðarins, og þeir sögðust sætta sig við þessar reglur. Síðan hefur verið unnið að framkvæmd þeirra. Ég hef m. a. setið fund með forustumönnum iðnaðarins, fulltrúum viðskiptabankanna, sem lánin verða að ganga í gegnum, og fulltrúum Seðlabankans. Á þeim fundi óskaði ég alveg sérstaklega eftir því, að fulltrúar iðnaðarins kæmu til mín með þau dæmi, þar sem þeir teldu, að við þetta væri ekki staðið, og nefndu alveg umbúðalaust, í hvaða tilfellum það væri, sem þeir fengju ekki rekstrarlán hliðstæð því, sem sjávarútvegur og landbúnaður fá í sambandi við útflutningsframleiðslu. Það hefur enginn þeirra komið til mín. Mér hefur líka verið ljóst, að mjög mörg iðnfyrirtæki, að maður segi ekki flest, höfðu um árabil búið við annað rekstrarlánafyrirkomulag í þessum efnum, þ. e. a. s. þau fyrirtæki höfðu fengið rekstrarlán frá viðskiptabönkunum, og af því eru almenn rekstrarlán frá viðskiptabönkunum til iðnaðarins í landinu miklum mun hærri en almenn rekstrarlán til sjávarútvegs og landbúnaðar. Rekstrarlánin hafa þarna verið í öðru formi, og það þarf vitanlega að færa þau yfir í hið nýja form. Það tekur nokkurn tíma og verður eðlilega að ganga í gegnum bankana eftir þeim almennu reglum, sem þar gilda.

Ég skal ekki, af því að ekki er tími til þess hér, ræða þetta mál í lengra máli. En ég vil aðeins segja það, að það er til þess ætlazt af stjórnarvöldum, að allar greinar iðnaðarins, sem vinna fyrir útflutning, njóti algerlega sambærilegra lána við það, sem landbúnaður og

sjávarútvegur njóta. Þetta eru þau fyrirmæli, sem liggja fyrir gagnvart þeim aðilum, sem hafa með framkvæmdina að gera. Síðan liggur það einnig fyrir, að það er ætlazt til þess, að allar þýðingarmiklar framleiðslugreinar í iðnaði, þó að þær framleiði ýmist fyrir útflutning eða innanlandsmarkað eða eingöngu fyrir innanlandsmarkað, eigi einnig kost á þessum tegundum af rekstrarlánum, auðvitað með því móti, að viðkomandi fyrirtæki geti innt af höndum tilteknar fjármálalegar skuldbindingar. Ég held, að að þessu sé unnið. En því miður hefur meira borið á því, að sagt er með almennum orðum: Það er ekki nægilega mikið lánað til iðnaðarins, það þarf að gera betur við iðnaðinn, iðnaðurinn er sniðgenginn, iðnaðurinn fær ekki að njóta sama réttar og aðrir. — En það þarf að koma svolítið skýrar og betur fram, í hvaða tilfellum þetta er, og þeir, sem telja á sig hallað, miðað við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið, ættu að gefa sig fram, svo að hægt sé að aðstoða þá við að ná rétti sínum, ef bankakerfið er að brjóta á þeim rétt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að þakka hæstv. bankamálaráðh. fyrir þá aðstoð, sem hann hefur nú lýst yfir, að hann muni beita sér fyrir, að iðnaðurinn fái. Það er alveg rétt, sem hann hefur sagt, að útflutningsiðnaðurinn hefur fengið fyrirgreiðslu, a. m. k. í ýmsum tilvikum, svipaða og aðrar atvinnugreinar. En iðnaðurinn þarf almennt aukið rekstrarfé. Eðli iðnaðarins er þannig, hann er rekstrarfjárfrek atvinnugrein. Það er nauðsynlegt, að þessi mál séu tekin föstum tökum, og mér virðist fullur vilji á því hjá hæstv. ráðh. Það ætti þá að vera eftir hans ræðu réttast fyrir iðnaðarfyrirtækin að fara að taka sig saman í andlitinu, koma með vandamálin beint til ráðh., í staðinn fyrir að eyða hálfum eða heilum dögum í bönkum til að reyna að fá peninga. — Ég þakka fyrir boðið og mun koma skilaboðunum áleiðis.

Sameinað þing, 63. fundur.

Þriðjudaginn 27. marz, að loknum 62. fundi.

Skipulag byggðamála, þáltill. (þskj. 383). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum, þáltill. (þskj. 424). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosningar til Alþingis, þáltill. (þskj. 8, n. 314, 336). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Brtt. 336 felld með 20:12 atkv.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 441).

Almenn stefna í byggðamálum, þáltill. (þskj. 294). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Vegagerð í Mánárskriðum, þáltill. (þskj. 62, n. 411). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 62 um kostnaðaráætlun við vegagerð í Mánárskriðum. N. hefur athugað þetta mál og fengið umsögn vegamálastjóra, sem er jákvæð, en í henni er þó mælzt til þess, að gerð verði sú breyting á till., að í stað orðsins „áætlun" komi „frumáætlun". Allshn. hefur því gefið út svofellt nál.:

„Allshn. hefur haft till. til athugunar og fengið umsögn vegamálastjóra. N. leggur til, að till. verði samþ. með þessari breytingu: Í stað orðsins „áætlun" í tillgr. komi: frumáætlun".

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Sem meðflm. þessarar till. vil ég leyfa mér að þakka hv. allshn. Sþ. fyrir afgreiðslu málsins. Ég get mjög vel fallizt á þá brtt., sem er borin fram við till., og ég vænti þess, að samþykkt þessarar till. muni leiða til þess, að Siglufjörður komist í enn betra vegasamband en þegar er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskoðun á tryggingakerfinu, þáltill. (þskj. 319). — Ein umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. um endurskoðun á tryggingakerfinu. Ég flutti svipaða till. í fyrra, og henni var vísað til n., en aldrei afgreidd frá n. Þessi till. er búin að liggja alllengi án þess að komast til 1. umr., vegna þess að sá tími, sem Sþ. hefur, fer svo mikið í fsp.

Ég hef kynnt mér þessi mál töluvert mikið og komizt að þeirri niðurstöðu, að það muni óvíða vera jafnflókið tryggingakerfi og hjá okkur Íslendingum.

Till. þessi er í fjórum liðum. 1. liður hljóðar þannig:

„Afnumið sé hið tvöfalda, lögboðna örorku- og lífeyrissjóðakerfi, þannig að einn sameiginlegur lífeyrissjóður sé fyrir alla landsmenn. Miðað skal við, að upphæð fullra örorku- og lífeyrisbóta eftir 67 ára aldur geti numið allt að 2/3 af venjulegum starfslaunum, hafi bótaþegi engar aðrar tekjur, en lífeyrir sé lægri, ef um aðrar tekjur sé að ræða.

2. Tryggingakerfið sé fjármagnað annað tveggja af ríkissjóði að öllu leyti eða af ríkissjóði og iðgjöldum einstaklinga og fyrirtækja, hlíðstætt því, sem er í Noregi og Svíþjóð. Verði síðari kosturinn valinn, sem hagkvæmara mun reynast, greiða atvinnurekendur ákveðna prósentu af nettótekjum, en launþegar og vinnuveitendur sameiginlega tiltekna prósentu af vinnulaunum

og sé miðað við dv. og kauptryggingu sjómanna."

Ég ætla ekki að lesa hina liðina strax, 3. og 4. lið.

Eins og hv. þm. vita, voru samþ. árið 1968 lög um lífeyrissjóð félaga í stéttarfélögum, og þá var öllum meðlimum Alþýðusambands Íslands gert að skyldu að vera meðlimir í lífeyrissjóðunum. Þetta átti að komast til fullra framkvæmda á 4 árum, þannig að ¼ var fyrsta árið, helmingur annað árið o. s. frv. Þeir eru komnir í fullan gang núna, og það er tekið 10% af kaupi allra manna, sem eru í stéttarfélögum, og lagt í þessa sjóði. Atvinnurekendur borga 6% og launþegarnir sjálfir 4%. Þetta er ekkert annað en kaup, því að það er alveg sama fyrir atvinnurekendur, hvort þeir borga 6% til lífeyrissjóða eða hvort þeir borga launþegunum það. Ég veit ekki til, að það sé neins staðar tvöföld skyldutrygging. Svo eru náttúrlega allir í almannatryggingum.

Það fer þriðjungur af öllum ríkisútgjöldunum til tryggingamála. Núv. ríkisstj. breytti tryggingalöggjöfinni þannig, að ríkissjóður borgar allt til almannatrygginga og nær allt til sjúkrasamlaganna. Ég álít, að þarna hafi verið gerð mjög mikil vitleysa, sérstaklega viðvíkjandi sjúkrasamlögunum, vegna þess að ég er sannfærður um, að þau verða miklu dýrari, ef ríkið á að borga allt, heldur en ef tiltölulega lítil sjúkrasamlög eru heima í byggðunum, sem borga hluta af því, annaðhvort einstaklingar eða sveitarfélög. Þá er það miklu betra en ef ríkið á að borga allt saman. Það er ógerlegt að segja um, hvað þetta er miklu dýrara, en ég er sannfærður um, að það verður miklu dýrara. Ég gæti vel trúað, að það verði um 50%. Ég get bent á það t. d., að á sjúkrahúsum hjá okkur úti í hinum dreifðu byggðum eru daggjöldin 1400-1500 kr., en daggjöldin á sjúkrahúsunum hér fyrir sunnan, sem ríkið rekur, nálgast víst 5000 kr. á dag, þannig að það er þrefalt dýrara. Nú má vel vera, að eðlilegt sé, að þar sé eitthvað dýrara. En ég get ekki skilið, í hverju svona mikill munur liggur, og hlutirnir verða ekki ódýrari, ef ríkið á að greiða allt saman, heldur en ef eftirlitið er heima fyrir.

Ég ætla, að gert sé ráð fyrir, að til sjúkrasamlaganna fari á fjórða milljarð af þeim heildarútgjöldum, sem tryggingarnar fá, og helmingur af því mundi vera um 1700 millj. Ef þetta væri heima í byggðunum, þá væri hægt að spara um 1700 millj. fyrir ríkissjóðinn og sennilega töluvert miklu meira, vegna þess að það verður dýrara, ef ríkið borgar það allt, og á eftir að hækka að mun frá því, sem nú er gert ráð fyrir.

Nú vitum við, að allir landsmenn greiða í ríkissjóðinn, og þriðjungur af ríkisútgjöldunum fer til tryggingamála. Það er líklegt, að ríkisútgjöldin í heild verði þriðjungur af vergum tekjum þjóðarinnar, og þá er líklegt, að sá hluti, sem fer til trygginganna, sé eitthvað yfir 10% af tekjum fólksins. Svo bætast við 10% af tekjum fólksins til lífeyrissjóðanna, þannig að fólkið leggur milli 20 og 30% af vinnutekjum til tryggingamála í landinu, og þetta er hærra en gerist, að ég ætla, í nokkru öðru landi. Það eru frjálsir lífeyrissjóðir í öllum löndum og er ekkert við því að segja. En þess ber að gæta, að þar sem alltaf er verið að fella gengið eins og hér, eru lífeyrissjóðir í raun og veru óstarfhæfir. Tryggingafræðingar hafa sagt, að það sé í raun og veru ekki hægt að reka heilbrigða lífeyrissjóðsstarfsemi, þar sem alltaf er verið að breyta gengi. Ég get bent á það í því sambandi, að á 10 ára tímabili hafa þessir frjálsu lífeyrissjóðir hér á Íslandi ekkert stækkað, ef miðað er við verðgildi peninga. Þeir hafa um það bil sexfaldast að krónutölu, en verðgildið er ekkert meira en það var fyrir 10 árum, þannig að það er augljóst, að þeir verða óstarfhæfir.

Nú vitum við, að ríkisútgjöldin eru orðin bæði að mínu áliti og ýmissa annarra allt of há. Ríkisstj. er í vandræðum með að fá nóg í ríkissjóðinn, og ég ætla, að þessi 10% gengislækkun nú fyrir áramótin hafi m. a. verið gerð til þess að fá fleiri krónur í ríkissjóðinn. Við, sem vorum á þingi árið 1967, munum, að ráðh. voru mjög áhyggjufullir á svipinn, þangað til Bretar felldu gengið, því að þá ætlaði íslenzka ríkisstj. ekki að fella gengið. Þá lifnaði ákaflega mikið yfir þeim, þá gátu þeir fellt gengið og haft þá afsökun, að Bretar hefðu gert það, og felldu það miklu meira en Bretinn gerði og gátu á þann hátt fengið hátt á annan milljarð fleiri kr. í ríkissjóðinn, og það leysti vandræðin í bili. En við sjáum, að það er fráleitt, ef á að fara að lækka gengi til að fá fleiri kr. í ríkissjóðinn, þá kemur öll skriðan á eftir, a. m. k. ef vísitalan er í gangi. Þá þarf að halda áfram að fella gengið til þess að fá aftur fleiri kr. í ríkissj., þannig að það nær engri átt.

Nú eru tvær leiðir til til þess að afla ríkissjóði tekna. Við getum ekki hækkað innflutningsgjöldin vegna GATT-samkomulagsins, og þá er að hækka söluskatt eða tekjuskatt. Við vitum vel, að það er ekki hægt að hækka tekjuskattinn frá því, sem nú er, því að það er nú lagður tekjuskattur á nauðþurftir fólks og þar að auki er mjög fljótlega tekið um 55% af kaupi fólks. Þetta er allt of hátt fyrir fólk, sem þarf að vinna næturvinnu til að afla sér teknanna. Það leggur þetta ekki á sig, ef meiri hlutinn yrði tekinn. Í viðbót við þetta eru tekin 10% í lífeyrissjóðina, þannig að það eru í raun og veru tekin 65% af fólki. Ég álít því, að það sé nauðsyn á að lækka útgjöld ríkisins, og ég sé ekki aðra leið til að lækka þau verulega en að breyta tryggingalöggjöfinni. Það er náttúrlega hægt að lækka ýmsa smáliði, en við eigum erfitt með að skera framkvæmdir meira niður en gert er nú. Með því að endurskoða tryggingakerfið og gera það einfalt, getum við sparað verulegt fé. Ég er sannfærður um, að þegar samkomulag var um það milli þeirra Hannibals Valdimarssonar og Bjarna Benediktssonar að koma þessu lífeyrissjóðakerfi á, því að það voru þeir, sem sömdu upphaflega um þetta í sambandi við vinnudeilur, og svo var það samþ. hér í þinginu, og þá var litið svo á, að þetta væri liður í samkomulaginu, sem ekki væri hægt að rifta, þá var það, sem m. a. vakti fyrir þeim, að safna fé í sjóði til þess að auka sparifé. Nú er það þannig, að formenn verkalýðsfélaganna eru á þönum að innheimta þetta, og þetta er eins flókið og vitlaust innheimtukerfi og mögulegt er að hafa það. Svo eru einhverjar stjórnir í þessum sjóðum. Ég hef spurzt fyrir um það í Seðlabankanum, hvað

þessir lífeyrissjóðir mundu vera margir. Þeir héldu, að þeir væru um 27, en þeir vissu það ekki. Í rauninni veit þetta enginn maður, og þetta er að meira eða minna leyti eftirlitslaust, hvort lífeyrisgjöldin eru innheimt. Það veit í raun og veru enginn til fulls, og eftirlitið er ákaflega lítið. Ég álít, að þetta sé eins og hver önnur vitleysa. Þarna myndast nýjar lánastofnanir. Verulegur hluti af sparifénu, sem myndast í landinu, hlýtur að lenda í þessum sjóðum.

Það er talið, að aukið sparifé hafi verið 4 milljarðar s. l. ár. En ef við athugum verðgildi þessara peninga, þá hefur sparifféð í raun og veru ekkert aukizt. Verðfall peninganna hefur numið allt að því þessu. En ef verðrýrnun peninganna veldur því, að það þarf á einhvern hátt að þvinga fólkið til þess að leggja til hliðar eitthvað af tekjum sínum, þá er miklu hreinlegra að fara svipaða leið og gert er nú, þegar unga fólkið er skyldað til þess að leggja 15% af kaupi sínu í skyldusparnað, að setja bara skyldusparnað á á vissum aldri. Ég legg til í 4. lið þáltill., hvort það væri þá ekki réttara að koma á skyldusparnaði á aldurstímabilinu 35—67 ára, því að það er miklu auðveldara fyrir fólk að leggja til hliðar aura á því tímabili ævinnar en á því tímabili, þegar það þarf að mynda heimili og hefur ung börn. En leiðin, sem ég aðhyllist, er sú að reyna að treysta verðgildi peninganna, hætta endurteknum gengislækkunum, þannig að fólkið fái traust á því að eiga peninga og á þann hátt aukist sparifé almennings og bankarnir verði starfhæfari en þeir eru nú.

En það er meira en að kerfið sé tvöfalt. Ég veit ekki betur en flestir atvinnurekendur verði að borga 1%, að ég ætla, í sjúkrasjóði, þannig að sjúkrasamlögin eru í raun og veru orðin breföld. Það er í fyrsta lagi almannatryggingar, í öðru lagi lífeyrissjóðskerfið og í þriðja lagi þessir blessaðir sjóðir, sem atvinnurekendur verða að borga í. Auk þess hafa menn margföld eftirlaun í vissum tilfellum. Það er líklega til, að menn hafi fjórföld eftirlaun. Heyrt hef ég, að þau nemi töluvert á annað hundrað þús. á mánuði hjá einstaka mönnum. Við getum bara tekið þm. Þeir hafa eftirlaun sem þm., og ef þeir eru í einhverju föstu starfi, bankastjórar, sýslumenn eða hafa eitthvert fast starf, sem margir hafa, þá hafa þeir eftirlaun sem slíkir. Ef þeir eru ráðh., þá hygg ég, að þeir hafi eftirlaun bæði sem ráðh. og þm. Svo hafa þeir eftirlaun sem aldraðir menn. Ég þekki það t. d. um sýslumanninn okkar, sem var, hann hefur a. m. k. breföld eftirlaun og hefur aldrei haft hærri tekjur en eftir að hann hætti að starfa. Þetta er fáránlegt.

Sem sagt, tryggingakerfið er svo flókið og vitlaust og dýrt, að það tekur engu tali, og ég álít, að við höfum ekki efni á að reka svona kerfi. Svo vitum við, að ríkissjóður þarf alltaf meira og meira fé, því að nóg eru verkefnin, og það myndast deilur milli ríkisvaldsins og stjórna þessara sjóða um, hver á að hafa yfirráð yfir þessum peningum. Út af því geta orðið hinar verstu illdeilur. Ég hef heyrt, að þeir séu til með að láta af hendi rakna um 300 millj. nú úr þessu lífeyristryggingakerfi. Hvað satt er í því skal ég ekki fullyrða um. Ég veit ekki nákvæmlega og það veit víst enginn, hve mikið fé hefur komið í þessa sjóði s. l. ár. Ég gæti hugsað, að það hefði verið nálægt tveimur milljörðum.

Bændur héldu, að það væri hagkvæmt og nauðsynlegt fyrir sig að fá lífeyrissjóð, úr því að launþegarnir hefðu fengið þá, og voru samin sérstök lög um hann. Tryggingafræðingur samdi þau lög. En það var ekki þægilegt að semja lög um þetta. Það er ekkert fordæmi fyrir þessum sjóðum, og bæði lögin um lífeyrissjóði félaga í stéttarfélögum og ekki sízt um lífeyrissjóð bænda eru geysilega vitlaus lög og ómögulegt að skilja þau. Í framkv. var það þannig, að lögin voru svo vitlaus, að þeir gátu ekki framkvæmt þau. Í raun og veru er það kosturinn við lögin um lífeyrissjóð bænda, að þau eru svo vitlaus, að það er ómögulegt að framkvæma þau. Meiningin var, að % væru teknir af innleggi bóndans beint, en % átti að taka af neytendum, og kaupfélagsstjórarnir áttu að reikna þetta út. Í framkvæmd reyndist það ómögulegt s. l. ár, og féð var tekið í einu lagi af niðurgreiðslufé, sem ríkið greiddi. En þar með voru lögin brotin, því að það var tekið, — og það vissi ég raunar alltaf, að yrði gert, — af mönnum, sem voru komnir yfir 67 ára aldur og eiga þess vegna ekki að borga í lífeyrissjóðinn, og í öðru lagi af ungu fólki, sem er innan við tvítugt, þannig að lögin voru brotin.

Það urðu miklar umr. um lögin um lífeyrissjóð bænda á sínum tíma. Þá var samþ., að þau yrðu endurskoðuð, þegar 2 ár væri liðin. Það er ekki farið að framkvæma þessa endurskoðun enn. Lögin hafa þannig verið brotin.

Í viðbót við alla þessa flækju og allt þetta frumskógakerfi var ranglætið alveg stórkostlegt í öllu þessu kerfi. Það er tekið af hinum vinnandi manni frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs. Það geta orðið 51 ár. Ef unglingurinn er í skóla, fær hann 4% endurgreidd, ef hann hefur ekki unnið í 6 mánuði, en 6% hirðir sjóðurinn, og þetta er ekkert nema réttur og sléttur þjófnaður, því að þessi 6% eru borguð vegna vinnu þessa manns. Sami leikurinn hefur verið hafður við sjómennina. Þeir hafa haft lífeyrissjóð í fleiri áratugi. Sumir hafa óskað eftir að fá þetta endurgreitt. Þá hafa þeir bara fengið 4%. Sjóðurinn hefur hirt 6% og gert það verðlaust í gegnum gengislækkanirnar. Og það, sem sjómenn hafa fengið í lífeyrisgreiðslur, hefur verið ákaflega lítið. Það var hækkað fyrir 1 eða 2 árum, en það hefur verið ákaflega lítið, sem þeir hafa fengið.

Hugmynd mín er, að það sé einfalt kerfi fyrir alla landsmenn. Ég er ekki að segja, að það eigi að vera jafnhár lífeyrir fyrir alla, og verða náttúrlega vissar reglur fyrir því. En ég vil, að kerfið sé einfalt og upphaflega vakti fyrir mér, að þetta lífeyrissjóðakerfi yrði lagt niður. Það yrðu bara almannatr. og svo frjálsir lífeyrissjóðir. En það er ekkert hægt að segja við því, ef menn vilja tryggja sig. Það er í öllum löndum og er einkamál hvers manns. En ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta muni ekki takast, og þá hef ég komizt á þá

skoðun, að við ættum að taka upp svipað kerfi og Svíar og Norðmenn hafa. Hið almenna tryggingakerfi hjá okkur var svipað og hjá Dönum. Ég fékk lögin, bæði norsku lögin og dönsku lögin, og þau voru mjög svipuð. Sveitarfélagið lagði vissan hluta, einstaklingarnir vissan hluta og ríkið hluta. Út af fyrir sig var þetta ekki óskynsamlegt kerfi. En nú er bara búið að breyta þessu öllu. Nú er ríkið búið að taka þetta að sér, og þar að auki koma lífeyrissjóðirnir. Svona tryggingakerfisvitleysa þekkist hvergi í veröldinni. Og til viðbótar við þetta eru sumir í þessum frjálsu lífeyrissjóðum. Ég hef átt tal við suma þeirra, t. d. verkfræðing. Hann sagði, að iðgjöldunum væri hent til einskis, því að verðlækkun peninganna gerði það að verkum, að þetta yrði einskis virði.

Norska og sænska kerfið, eru þannig, að atvinnurekandinn borgar 8.8%, launþeginn borgar 4%, þannig að alls verða þetta 12.8%. Ef við breyttum yfir í þetta kerfi, þyrftu atvinnurekendur að fá einhvern veginn bætt rúmlega 2%. Það gætu þeir fengið með því að fella niður launaskatt og þetta 1%, sem fer til atvinnuleysistrygginga. Atvinnurekendur tryggja sjálfa sig fyrir 7.8%, og það er miklu lægra en bændur eiga að borga nú. Svo er verulegur hluti af landsmönnum, sem ekki er í þessum lífeyrissjóðum og hefur bara þetta almenna tryggingakerfi, býr við það, og þeir eru óánægðir yfir því út af fyrir sig. Ef þetta yrði gert, þá er líklegt, að það kæmu a. m. k. 3 milljarðar inn í ríkissjóðinn gegnum þetta kerfi, sennilega meira. Ég geri ráð fyrir, að núna fari í laun hjá landsmönnum 40 milljarðar — og fer hækkandi, þannig að ég hygg, að það kæmi í gegnum þetta kerfi allt að 3 milljörðum. Ef hálf sjúkrasamlögin væru færð heim í byggðirnar, mundi þetta verða nálægt 5 milljörðum. Þá gætu tryggingaframlög ríkisins lækkað sem því svarar, og það væri hægt að lækka ríkisútgjöldin um 5 milljarða. Auðvitað má lækka ýmislegt fleira. Ég skrifaði ríkisstj. bréf í vetur, þar sem ég benti á þetta og var að tala um við þá að beita sér fyrir því að breyta tryggingalöggjöfinni og lækka fjárl. sem svaraði 5 milljörðum. Það bréf var í nálægt 20 liðum, sem ég benti á, að væri hægt að lækka. Þá var ég að tala um, að tekjuskattur yrði lækkaður, hann yrði ekki hærri en 30%, þannig að fjölskyldumaður með 2—3 börn þyrfti ekki að borga tekjuskatt af fyrstu 500 þús. Ef þetta hefði komizt í framkvæmd, sem ég bjóst aldrei við, að tækist í ár, vegna þess að það þarf að breyta lagakerfinu svo mikið, og það er ekki að búast við, að það takist á fáum mánuðum, þá hefði auk þess verið hægt að tryggja gengi krónunnar.

Ég held, að það gangi ekki til lengdar, þetta tryggingakerfi, sem við búum nú við. Ég hef tvisvar talað um þetta í sjónvarp, og það hefur fengið góðar undirtektir. Ég get sagt ykkur, hve þetta er fáránlegt í framkvæmd. Það eru ýmsir, sem vinna 2—3 störf, og þeir þurfa að borga í sérsjóði við þau öll. Ég þekki mann norður í Húnavatnssýslu, sem vinnur við 3 störf. Hann sagðist þurfa að borga í 3 staði í lífeyrissjóð. Svo ef einhver færir sig á milli starfsgreina, þá þarf að reikna þetta nákvæmlega út, og þeir segja mér, sem við þetta fást, að það sé feiknaleg vinna að færa milli sjóðanna.

Ef við athugum, hvað þetta eru háar upphæðir, þá verða þær ævintýralegar. Ég lét reikna þetta allt saman út á sínum tíma, þegar bændasjóðurinn var á ferðinni. Þá var gert ráð fyrir, miðað við verðlag 1970, að það yrðu um 33 þús., sem hver bóndi þyrfti að greiða. Ég lét reikna það út þannig, að reiknað var með 33 þús. kr. framlagi á ári og 10% vöxtum og vaxtavöxtum, og þá voru það hjá bóndanum eftir 30 ár tæpar 6 millj., eftir 40 ár 16 millj. Það vefur þannig upp á sig, að á fjórða áratugnum allt að því þrefaldast það og á fimmta áratugnum allt að því fimmfaldast það. Nú borgar hinn opinberi starfsmaður yfirleitt ekki nema í 30 ár, og þá fær hann 65—70% af föstum launum. Það er verðtryggt, því að þegar hann hættir starfi, eru eftirlaun hans úr eftirlaunasjóði opinberra starfsmanna reiknuð þannig, að hann fær úr sjóðnum það kaup, sem var, þegar hann hætti starfi, en ef ríkissjóður hækkar kaupið, sem hann hefur gert undanfarin ár, borgar ríkissjóður mismuninn, þannig að hann fær alltaf 65% af þeim launum, sem eru við þá starfsgrein, sem hann hefur verið í, og stundum 70, hafi hann unnið lengi. Hinn óbreytti verkamaður, skulum við segja, sem er í Alþýðusambandinu, þarf að borga allt að þrisvar sinnum meira í 40 ár, ef vextir og vaxtavextir eru reiknaðir, en hinn opinberi starfsmaður, sem borgar aðeins í 30 ár. Nú eru sumir, sem verða að borga í 50 ár, og þá kastar fyrst tólfunum, því að það 4—5-faldast á fimmta áratugnum, þannig að maður, sem borgar í 50 ár, borgar, ef tekið er tillit til vaxta og vaxtavaxta 6—7 sinnum meira en sá, sem borgaði í 30 ár. Þetta hefur þeim háu herrum, sem sömdu þessi lög, alveg sézt yfir. En þetta hafa þeir athugað, sem sömdu lögin um lífeyrissjóð sjómanna, því að þar er hámarkstímabilið 30 ár, og það er allt annað. Það er allt annað fyrir mann, ef hann ætti að byrja að borga 35 ára gamall og hætta 65 ára, heldur en fara að taka af 16 ára unglingi. Þetta er hróplegt ranglæti. Í viðbót við þetta eru allir þessir sjóðir óverðtryggðir hjá alþýðu manna, en verðtryggðir hjá ríkisstarfsmanninum. Ég er ekkert á móti því, að ríkisstarfsmenn hafi sæmilegan lífeyri. En við eigum að hafa þetta einfalt kerfi og hafa sama kerfið fyrir alla landsmenn. Við eigum að búa við sömu lög. Þessar innheimtu- og útgjaldaaðferðir eru alveg fáránlegar og ætla að hafa sjúkrasamlögin, örorkubæturnar og allt þetta kerfi tvöfalt og þrefalt.

Ég sé ekki ástæðu til að halda mjög langa ræðu í þetta skipti. Þetta er allt ítarlega tekið fram í grg. Þeir, sem hafa áhuga á málinu, geta lesið grg. Ég hef ekki unnið þetta verk af því, að ég byggist endilega við, að það kæmist í gegn, meðan ég væri á þingi. En þeir, sem síðar taka við, geta þá lesið þetta, ef þeir vilja, og haft gagn af þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér. Ég er sannfærður um, að þessu kerfi verður breytt. Það er allt of vitlaust til þess, að það geti verið varanlegt.

Ef við gerum ráð fyrir heilbrigðri peningastarfsemi í þessu landi, sem kannske er vonlítið að verði, getum við ímyndað okkur, hvers konar ægilegar fjárfúlgur þetta verða. Það á ekkert að taka úr þessum sjóðum í 12 ár. Ef við reiknum með, að það verði 3 milljarðar, sem koma í þá á ári, sem ég get búizt við að verði, þá eru það 36 milljarðar. Svo koma vextir og vaxtavextir. Peningarnir verða vitanlega lánaðir út, ég býst ekki við, að það verði 10%, þannig að það er ekki hægt að miða við það, sem ég lét reikna út viðvíkjandi lífeyrissjóðnum. En þetta hljóta þó að verða 60—70 milljarðar eftir 12 ár, þó að við gerum ráð fyrir, að verðgildi peninga breytist ekki frá því, sem nú er, og kaup haldist eitthvað svipað. Það verða náttúrlega fleiri krónur, ef krónan lækkar. Og þá er þarna kominn verulegur hluti af eignum allra landsmanna. Svo sannið þið til, að það verður hörkurifrildi um það, hverjir eigi að ráða yfir þessu fjármagni. Þetta verður tiltölulega meira auðvald en kaþólska kirkjan var á sínum tíma, og var hún þó fullerfið. Og svo eiga menn að strita við að borga vexti af eigin peningum. Nú er ekki nokkur vissa fyrir, á hvern hátt því fé verður varið, sem þessir blessaðir lífeyrissjóðir hafa með að gera. Það getur verið, að því verði varið meira og minna í vitleysu og verði meiri og minni misnotkun á því, þannig að þetta er fáránlegt. Og þeir, sem hafa komið þessu kerfi á, hafa alls ekki athugað, hvað þeir voru að gera.

Ég legg til, að þáltill. verði vísað til atvmn., því að ég álít, að þetta snerti atvinnulífið svo mikið. Þetta er einn liður í því sjóðakerfi, sem búið er að hlaða á atvinnulífið í landinu. Ég hef fengið upplýsingar um það hjá iðnrekendum og fleirum, að af hverjum 100 kr., sem þeir borga í kaup, þurfa þeir að borga um 42 kr. í ýmiss konar sjóði og aukagjöld, fyrir utan greiðslur til sveitarfélaga og ríkis. Þegar það bætist við, verða það a. m. k. 50%, þannig að 50% af því, sem atvinnurekendur borga í kaup, fer í alls konar útgjöld. Og þið getið nærri, ef eitthvað væri létt á atvinnuvegunum með þessi útgjöld, hvort það væri ekki annað tveggja hægt að borga hærra kaup eða atvinnuvegirnir hefðu betri fjárhag. Það er tími til kominn að athuga þá hlið málsins líka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegagerð yfir Sprengisand, þáltill. (þskj. 69, n. 354). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa till. um vegagerð yfir Sprengisand. Umsagnir hafa borizt frá nokkrum aðilum, sýslunefnd Þingeyjarsýslu, sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og vegamálastjóra. Ég vil fyrst vekja athygli á vissum atriðum í þessum umsögnum.

Sýslunefnd Þingeyjarsýslu mælir eindregið með samþykkt þessarar till. og tekur fram, að sýslunefndin hafi margsinnis með ályktunum látið í ljós áhuga á lagningu vegar úr Bárðardal suður um Sprengisand. Þá má enn fremur geta þess, að sýslunefndin víkur að því sérstaklega, að hún álíti nauðsynlegt að brúa á sumrinu 1973, þ. e. a. s. næsta sumri, Mjóadalsá, til þess að áin verði brúuð, eins og stendur í umsögninni, fyrir þjóðhátíð 1974, en margir Norðlendingar hyggja á að fara þessa leið til Þingvalla.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu telur rétt, að stefnt sé að því, að lagður verði akvegur yfir hálendið á þessum slóðum, en getur þess um leið, að áform séu um raflínulögn yfir hálendið frá virkjunum á Suðurlandi og til Norðurlands og leysa með þeim hætti orkuþörf Norðlendinga. Því telji sýslunefndin heppilegt, að saman fari línustæði og vegarstæði, en þar sem línustæði sé svo fjarri og óathugað, þá sé ekki rétt eða tímabært, eins og sakir standi, að kveða á um vegarstæðið.

Í till., sem hér liggur fyrir til umr., er farið fram á, að athugun verði gerð á hagkvæmni vegar á þessum slóðum, en alls ekki, að það verði ákvarðað, hvar vegurinn skuli liggja. Þess vegna byggist niðurstaðan í umsögn þeirra Eyfirðinganna að vissu leyti á misskilningi. En að öðru leyti er sýslunefndin samþykk því, að þarna verði gerð athugun á vegarstæði, og að sjálfsögðu, að vegur verði þarna lagður. En að sjálfsögðu verða, um leið og athuguð er hagkvæmni þessarar vegagerðar, tekin mið af því, hvar raflínan skuli lögð, því að það er í raun og veru auðsætt, að þetta hvort tveggja þarf mjög að fara saman.

Umsögn vegamálastjóra er m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 1958 og 1959 var gerð ítarleg athugun á Sprengisandsleið, og voru niðurstöður þeirrar athugunar sendar ríkisstj. og Alþ. 1961. Niðurstöður þeirrar athugunar voru á þá lund, að gera mætti sumarfæran veg fyrir fjallabifreiðar um Sprengisand með tiltölulega viðráðanlegum kostnaði, og var þá miðað við, að gerð yrði kláfferja á Tungnaá, eins og síðar varð. En nú hafa aðstæður breytzt til ferða yfir Sprengisand með byggingu brúar á Tungnaá hjá Sigöldu og lagningu upphleypts vegar frá Búrfellsvirkjun að Þórisósi. Leggja mun fleiri leið sína um Sprengisand en áður var, þó að enn séu á þeirri leið verulegar torfærur, eins og Nýjadalskvísl og Mjóadalsá hjá Mýri í Bárðardal.

Með tilliti til þess, að mikið hefur borið á till. um gerð akvegar um Sprengisand á undanförnum tveimur árum, verður að telja æskilegt að láta framkvæma þá athugun, sem ofangreind till. gerir ráð fyrir, og þá bæði á hugsanlegum kostnaði við slíka vegagerð miðað við sumarveg og þá sérstaklega á hagkvæmni slíkrar vegagerðar.

Með vísun til þessa leyfi ég mér," — segir vegamálastjóri, — „að mæla með því, að till. þessi verði samþykkt og jafnframt verði gerðar ítarlegar athuganir á umferð frá Reykjavík austur fyrir Akureyri til þess að fá úr því skorið, hve margir hefðu hugsanlega hag af þeirri styttingu, sem vegagerð yfir Sprengisand hefur í för með sér."

Þá vekur vegamálastjóri í bréfi sínu enn fremur athygli á því, að í vegáætlun fyrir árið

1975 séu veittar 6.4 millj. kr. til brúar á Mjóadalsá hjá Mýri í Bárðardal, en vegamálastjóri segir, að þetta sé í raun og veru ein versta torfæran á Sprengisandsleið. Þessa samþykkt fjárveitingar á vegáætlun til brúargerðar verður væntanlega að skoða sem viljayfirlýsingu af hálfu Alþ. um verulegar endurbætur á þessum fjallvegi öllum.

Þá hef ég farið yfir þær umsagnir, sem liggja fyrir.

Allshn. barst bréf frá oddvita Skútustaðahrepps, þar sem segir, að sveitarstjórn hafi á fundi lýst fullum stuðningi við þessa þáltill. Enn fremur vil ég geta þess, að Búnaðarþing hefur á s. l. ári samþ. fyllsta stuðning við till. þess efnis, sem getur í þáltill.

Í sambandi við umsögn vegamálastjóra vil ég geta þess, að hann telur, að kostnaður við athugun á hagkvæmni vegarins geti orðið allt að 350 þús. kr., og enn fremur, að það sé ekki á vegáætlun, sem nú gildir, nein fjárveiting í þessu skyni. En þar fyrir hefur vegamálastjóri lýst stuðningi sínum við þáltill. Ekki þarf að taka það fram, að Sunnlendingar eru mjög hlynntir þessari vegagerð og hafa ekki síður áhuga á henni en norðanmenn.

Þó að um verulegt fjármagn sé að ræða til greiðslu á væntanlegum kostnaði við framkvæmd þáltill., höfum við í allshn. ekki gert till. um breyt. á þáltill. þess efnis, að kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Við treystum því fyllilega, að ríkisstj. sjái sér fært að standa undir þessum kostnaði, a. m. k. í bili eða þar til fjárveiting fæst með formlegum hætti, ef þess yrði þá talin þörf á sínum tíma.

Ekki er búizt við því, að rannsókn verði lokið á þessu ári, heldur þurfi að halda áfram rannsókn á næsta ári. Hér er um svo stórt rannsóknarefni að ræða. En sem sagt, n. treystir því, að framkvæmdir verði hafnar á þessu ári samkv. þáltill. og verði lokið eins fljótt og auðið er.

Með hliðsjón af því, sem ég hef tekið fram, og ekki sízt umsögnum, mælir allshn. einróma með samþykkt þessarar till.

Björn Pálsson: Herra forseti. Mér skilst, að þarna sé um vegagerð að ræða yfir Sprengisand, rannsókn á vegagerð, en nú er verið að tala um að leggja rafmagnsstreng norður, flytja rafmagn að sunnan og norður. Það er ekki alveg afráðið, hvort það er Kjölur eða Sprengisandur, sem farinn verður, en ef lína verður lögð norður, þá erum við tilneyddir að leggja veg meðfram línunni og það fullkominn veg. (Gripið fram í.) Þeir hljóta að leggja veg, ef þeir leggja línu. Það þarf að gera við línuna stundum og leggja línuna, þannig að það er óhjákvæmilegt að leggja veg, þar sem línan verður lögð, hvort sem það er heldur á Kili eða Sprengisandi, og það eru öllu meiri líkur fyrir því síðara. Mér finnst, að það sé eðlilegast, að beðið sé eftir því, hvor leiðin verði farin. Þá leysist þetta mál af sjálfu sér.

Auðvitað vilja allir fá sem beztan veg yfir fjöllin til að stytta leið og skemmta sér, en það kostar allt peninga. Ég hef engan sérstakan áhuga á því, að þessi till. fari í gegn. Ég álít, að það sé eðlilegast, að fyrst verði athugað, hvor leiðin verði farin, ef um það verður að ræða að leggja línu norður, og þá leysist málið. Ef hún er lögð um Sprengisand, verður lagður vegur á Sprengisandi. En ég er ekki í vafa um það, að fólkið vill helzt fá vegi alls staðar og alls staðar sem bezta vegi. Það bara kostar peninga, og þeir eru ekki fyrir hendi kannske, þeir peningar. En fari svo, að Sprengisandsleiðin verði valin sem leið fyrir raflínuna, verður vegurinn lagður, hvað sem hann kostar. Það er óhjákvæmilegt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttarstaða tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar, þáltill. (þskj. 124, n. 378). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. hefur haft till. til þál. um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla til athugunar undanfarna daga og sendi þáltill. þessa til umsagnar tveimur aðilum, almannavarnaráði og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Báðir þessir aðilar mæla með samþykkt þáltill. óbreyttrar. N. telur, að þáltill. þessi sé merkilegt rannsóknarefni, og leggur því einróma til í nál. á þskj. 378, að hún verði samþykkt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sem 1. flm. þessarar till. langar mig til að þakka allshn. fyrir ágæta afgreiðslu till.

Síðan þessi till. kom inn í þingið, hafa gerzt atburðir úti í löndum, sem sýna okkur fram á, hve gífurlegt tjón getur hlotizt í nágrenni flugvalla, og ég held, að það sé örugglega nauðsynlegt fyrir okkur með tilliti til okkar stærstu flugvalla að fá gagngera rannsókn á því, hvað gera þurfi. Þess vegna þykir mér vænt um þá ákvörðun, sem n. tók.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 346). — Fyrri umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 346 till. til þál. um rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta. Þessi till. er flutt af gefnu tilefni og reyndar fleiri tilefnum en einu. Ég held mér sé óhætt að segja, að á yfirstandandi vetri og reyndar fyrra ári líka, hafi orðið hér fleiri sjóslys en í langan tíma áður. Þegar verið var að afhenda þessa þáltill. til prentunar í skrifstofu Alþ. með þeim orðum, sem má sjá í grg. um tölu þeirra íslenzku sjómanna, sem hafa látið líf sitt í starfi í jan. og febr., þá var einmitt eitt skipið til viðbótar að farast hér við vesturströnd landsins og með því tveir menn. Þetta eru ekki einu slysin. Við höfum fengið fréttir í dag af hrynlilegu flugslysi, og má reyndar segja, að það sé

einstakt, að slíkt geti safnazt að okkur Íslendingum, þegar við höfum í huga, að þrátt fyrir gífurlegt efnahagstjón, sem þjóðin öll og sérstaklega Vestmanneyingar hafa orðið fyrir vegna gossins þar, þá skyldi vera hægt að flytja nær alla íbúa Vestmannaeyja til lands á mjög skömmum tíma án þess að nokkur slys yrðu.

Oftar en einu sinni og yfirleitt á hverju einasta þingi, síðan ég kom hingað, hafa komið fram mál, sem varða bæði tryggingar og öryggismál sjómanna, þ. á m. mörg góð mál, og yfirleitt má segja, að hv. Alþ. hafi tekið vel í þær till., sem fram hafa komið um þessi efni. Það hefur hins vegar komið fram gagnrýni frá eigendum skipa, útgerðarmönnum, vegna mikils kostnaðar, sem þessu hefur fylgt. Svo eru aðrir, sem hafa ekki kvartað, en hafa hins vegar gengið á undan með góðu fordæmi og jafnvel verið framar áhugamönnum í þessum málum og betrumbætt skip sín og búnað á þessu sviði, þannig að til fyrirmyndar er. Hins vegar er því ekki að leyna, að það eru ýmsir baggar, bæði á þessu sviði og öðrum, sem þeim eru bundnir.

Ég tók það fram um daginn í umr., sem hér urðu í sambandi við fsp., að ég hefði áður mælt með þeirri leið, að í sambandi við öryggi þessarar stéttar, sem staðreynd er, að skilar ákveðnum hluta sínum í hafið, sé greiddur af almannafé kostnaður, sem fylgir því að halda uppi öryggi af því bezta tagi, sem þekkist í heiminum.

Við höfum fengið ábendingu nú í heimsfréttunum í sambandi við þessa till., en það er í sambandi við slys, sem varð undan austurströnd Bandaríkjanna nú fyrir nokkrum dögum. Eftir nær 4 sólarhringa kom í ljós, að einn sjómaður komst lífs af og hafði þó verið á lestarhlera allan þann tíma, ofurseldur stórviðri, sjóum og vindum. En talið er eftir fréttum þessum, að hann muni ná fullkominni heilsu að nýju. Að vísu eru töluvert önnur skilyrði, þar sem umrætt norskt skip fórst, heldur en hér við Ísland. Það mun hafa gerzt þar, sem Golfstraumurinn er hvað sterkastur. Sjór er það heitur, en hins vegar er loft þar mjög kalt um þetta leyti. Það er margt, sem læra má af því slysi, t. d. fyrir þá aðila, sem hér er lagt til, að rannsaki rek gúmbjörgunarbáta o. fl. við Ísland. Það er sjálfsagt fyrir þá aðila að kynna sér þær staðreyndir, sem þar komu í ljós, og hina umfangsmiklu leit, sem fór fram í sambandi við það slys.

Ég tók það fram, að þessi till. hefði verið flutt sérstaklega í tilefni þess slyss, þegar vélskipið Sjöstjarnan fórst, og þá umfangsmiklu leit, sem þá átti sér stað með innlendum og erlendum skipum og flugvélum. Það kom þá í ljós, að jafnvel þeir, sem fróðastir eru um þessi mál, telja sjálfir, að það sé ábótavant um þá vitneskju, sem þurfi að vera fyrir hendi, þegar til slíkrar leitar er gengið. Þeir vita ekki með fullri vissu, hvaða áhrif vindar og straumar hafa á rek gúmbjörgunarbáta, auk þess sem þetta eru óþekkt öfl að miklu leyti, þegar kemur að því að reikna þau út. Þá má segja, að niðurstöður breytist bæði með stærð björgunarbátanna og eins með þyngd þeirra eða lestun. Að vísu er skylt að taka það fram, að á síðustu árum hefur Hafrannsóknastofnunin miðlað íslenzkum sjófarendum mikilli þekkingu um strauma hér við land, hraða þeirra, stefnu og styrkleika. En samt vantar mikið á, að nægilegt sé fyrir skipstjórnarmenn hér við land. Það, sem vantar á í sambandi við þetta, er um áhrif vinda og hafróts og hvernig þessi öfl vinna saman, þegar slíkt farartæki, ef svo mætti orða það, þegar slíkur björgunarbátur er á reki við þær aðstæður. Það er þetta, sem ég er að leggja til, að verði kannað hér við land. Það hefur líka verið kannað og er hægt að kanna það, hvaða áhrif kuldi hefur á menn í slíkum bátum að vetrarlagi. Það var stórt átak gert á sínum tíma, þegar konur í björgunarsveitum víðsvegar um land, sérstaklega í sjávarplássum, tóku sig til og bjuggu þessa gúmbjörgunarbáta með íslenzkum ullarfatnaði og öðru, sem mátti verða til þess að bjarga frá þeim hræðilega kulda, sem hlýtur að hrjá menn, ef þeir komast í björgunarbátana, þegar sjór er kannske við frostmark eða undir frostmarki og lofthitinn langt undir frostmarki, auk hafróts.

Því verður ekki á móti mælt, að gúmbjörgunarbátarnir eru eitt þarfasta björgunartæki, sem hefur verið tekið í notkun á íslenzkum skipum, og hafa þegar bjargað fjölda mannslífa. En það hlýtur auðvitað að verða — eins og hefur verið gert hingað til og það hefur vissulega verið gert af innlendum aðilum — að betrumbæta þá og laga að íslenzkum aðstæðum. Það hefur verið gert í góðri samvinnu við innflytjendur þeirra. Þeir hafa verið styrktir, það hafa verið settar á þá taugar, þannig að það hefur verið hægt að binda þá við skipshlið, svo að þeir slitnuðu ekki frá í sjávarróti, og jafnvel hefði mátt hugsa sér, að það hefði mátt tengja þá saman, þó með gát, ef á hefði þurft á að halda, ef um fleiri en einn bát er verið að ræða.

En það er samdóma álit þeirra, sem að slysavarnamálum vinna hér við land, að það þurfi að halda áfram þessari endurskoðun með frekara öryggi sjófarenda í huga. Það, sem kemur fyrst upp í hug þeirra, sem hafa mælzt til þess, að áfram verði haldið á þeirri braut, eru erfiðleikarnir á því að finna þessa báta, þegar hafrót er. Það hefur ekki tekizt enn þá að yfirvinna vandamálið um að koma fyrir á þeim ratsjárendurskinsmerki svokölluðu, sem gerir skipum, sem þannig eru búin, kleift að sjá bátana á haffletinum. Það hafa ýmsar till. komið upp um þetta, en þær hafa ekki komizt í framkvæmd og reyndar engar tilraunir farið fram, eins og t. d. að búa bátana sjálfa eða þak þeirra með slíku endurskinsmerki, þannig að það verði alltaf til staðar, um leið og þak þeirra og þeir sjálfir blásast upp.

Þá er auðvitað sjálfsagt, að huga að radíótækjum. Það er nokkuð langt síðan nokkrir útgerðarmenn og skipstjórar tóku það upp að vera með hreyfanlega neyðartalstöð í skipum sínum, og var það reyndar í reglugerð um hin stærri skip um langt árabil. Það kom fram hér á þinginu nú fyrir skömmu í framhaldi af

þáltill., sem samþ. var í fyrra, um, að bátarnir skyldu útbúnir með mjög handhæg neyðarsenditæki, sjálfvirk, sem taka ætti með, þegar farið væri í björgunarbátana, að bátarnir hefðu ekki enn verið búnir þessu tæki vegna kostnaðar. Þessi tæki eru þannig, að það þarf enga kunnáttumenn til, það þarf ekki annað en að draga út loftnet þessara stöðva, til þess að þær fari í gang og hefji útsendingar á neyðarbylgju. En því miður er oft svo um þessi tæki og öryggisbúnað skipanna, að hann kemur alls ekki að notum vegna kunnáttuleysis þeirra, sem um borð eru, og er enginn vafi á því, að undanþágufarganið á fiskiskipaflotanum á stóran þátt í því.

Hinu er auðvitað ekki að leyna, að þetta leysir ekki allan vanda. Svo getur staðið á, ef slys verður um borð í skipi, að þar sem þessari talstöð er komið fyrir, sé útilokað fyrir áhöfnina að ná til hennar og taka hana með sér, auk þess sem menn geta þurft að hugsa um annað en að brjóta sér kannske leið aftur í brú eða stýrishús báts til þess að ná í hana, ef eldur geisar, eða þá að hún sé hreinlega farin fyrir borð, ef brotsjór hefur tekið yfirbyggingu burt.

Menn, sem ég hef rætt við, hafa hins vegar fest huga við þá till., að hægt verði að koma fyrir í bátunum sjálfvirkum radíósísendi, sem fari í gang, um leið og báturinn fyllist af lofti eða blæs út. Þetta mundi vera byggt á sama fyrirkomulagi og sjódælur, sem eru í þessum bátum og fara í gang, ef sjór hefur komizt í bátana, þegar þeir blásast út. Ég hef þá trú, að ef ekki verður lagt í að útbúa flotann með fyrrnefndu talstöðvunum, komi þessar síðarnefndu stöðvar að gagni innan 50—80 mílna. Þessar stöðvar yrðu stöðugt í bátunum og væru aldrei teknar úr þeim, en yrðu skoðarar árlega eins og önnur björgunartæki skipsins.

Þá er auðvitað fleira, sem gæti komið til greina að útbúa þessa báta með. Ef menn eru slasaðir í þeim eða illa farnir og hrjáðir, þá gætu bátarnir verið á hvolfi langtímum saman. Það vantar á bátana, bæði á botn þeirra og að ég held á þak flestra þeirra, sjálflýsandi gjarðir eða merki, þannig að ef skip er í sjónmáli, þá sjáist þeir í myrkri. Þessi atriði og mörg önnur koma auðvitað til álita hjá þeim mönnum, sem mundu að þessu vinna, ef till. þessi verður samþ.

Till. mín er á þá leið, að ríkisstj. verði falið að láta fara fram hið fyrsta ítarlegar rannsóknir á reki gúmbjörgunarbáta við mismunandi veðurskilyrði á hafinu umhverfis Ísland, enn fremur á búnaði bátanna þ. á m. radíósenditækjum, sem staðsett væru í þeim. Og í niðurlagi tillgr. legg ég til, að það sé sjóslysanefnd, sem hafi forgöngu um rannsókn þessa, en kostnaður allur greiðist úr ríkissjóði. Að sjóslysanefnd standa allir þeir aðilar, sem að okkar fiskiflota standa, að ég tel. Þar eiga aðild bæði útgerðarmenn og sjómenn, bæði yfir- og undirmenn. Siglingamálastofnunin og Slysavarnafélag Íslands. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé fullt traust borið til allra aðila, sem við n. starfa. Alla vega hef ég ekki heyrt það gagnrýnt að þessum aðila væri falið þetta.

Ég tel eðlilegt, eins og forseti á sínum tíma lagði til, að um málið verði tvær umr., því að það er í niðurlagi tillgr. lagt til, að allur kostnaður greiðist úr ríkissjóði, ef þetta verður samþ. Og það er kannske meginmál greinarinnar að fá fé til að standa undir þessum tilraunum. Ég hins vegar bið hv. þm. að óttast ekki mjög kostnaðinn. Ríkissjóður á stóran skipaflota, sem getur einmitt hjálpað til við slíkar rannsóknir, bæði hafrannsóknaskip og landhelgisgæzluskip, og ég veit, að einstök útgerðarfyrirtæki í eigu einstaklinga og annarra mundu verða fús til að leggja hönd á plóginn, ef það mætti eitthvað verða til þess að betrumbæta öryggismál sjómanna, sem hljóta alltaf að vera í deiglunni, og þó kannske aldrei frekar en á vetri eins þessum, þegar við lítum á þann mannskaða, sem orðið hefur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 28. marz, kl. 2 miðdegis.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 3, n. 359, 361, 364, 370). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 364 teknar aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 359,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 370,1 samþ. með 9:4 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 370,2 tekin aftur.
9. gr. samþ. með 10:4 atkv.
10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 361,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 370,3 felld með 10:4 atkv.
14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 370,4 felld með 11:4 atkv.
Brtt 361,2 samþ. með 9:4 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 359,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 359,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 359,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 288 er frv. til l. um staðfestingu á ríkisreikningi fyrir árið 1970. Frv. þetta var lagt fram í hv. Nd. og hefur hlotið afgreiðslu d. með samstöðu allra hv. þdm. Frv. um ríkisreikninginn fyrir árið 1970 var lagt fram á síðasta þingi, en kom ekki til afgreiðslu þá og er því endurflutt á þessu þingi. Ríkisreikningurinn var afhentur þm. í okt. 1971 fyrir 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1972, en reikningurinn hafði þá verið afhentur yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til meðferðar. Þeir luku því starfi sínu 2. maí á s. l. vori, og var reikningurinn þá lagður fram til meðferðar Alþingis, eins og áður segir, en vegna þess hve þá var á þingið liðið, fór afgreiðsla hans ekki fram.

Með lögum nr. 52 frá 1966 voru gerðar allmiklar breytingar á framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, er fólu m. a. í sér, að reikningnum var ætlað að gefa yfirlit yfir mun fleiri þætti ríkisfjármála en áður og sýna reikninga allra ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða ríkisins, annarra en banka og lánastofnana. Hin nýja fram setning hófst með gerð ríkisreiknings fyrir árið 1968, og frá því hefur reikningurinn verið lagður fram á Alþ. fyrir 1. umr. fjárlaga næsta árs án athugasemda yfirskoðunarmanna, en þeir hafa lokið starfi sínu nokkru eftir áramót og reikningurinn þá lagður fyrir Alþ. til afgreiðslu. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til þess að hraða meira allri þessari meðferð ríkisreiknings, og þarf ríkisbókhaldið að ljúka frágangi ríkisreiknings til Alþ. og yfirskoðunarmanna eigi síðar en í apríl eða maí eftir lok reikningsársins, þannig að yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, er kjörnir eru af Alþ., geti afgreitt athugasemdir sínar og úrskurður liggi fyrir að hausti, er Alþ. tekur til starfa og fjárlagafrv. er lagt fram, eða a. m. k. áður en fjárlög eru afgr. fyrir næsta ár. Reikningsuppgjör hefur stefnt í þessa átt, og vonazt er til, að unnt verði að leggja A-hluta reikningsins fyrir árið 1972 fram á hv. Alþ. nú í vor, áður en Alþ. lýkur, og B-hluta reikningsins í þingbyrjun í haust. Seinagangur á ársuppgjöri margra ríkisaðila, þeirra er tilheyra A- og B-hluta, hefur valdið þeim drætti, sem orðið hefur á framlagningu reikningsins af hálfu ríkisbókhaldsins. Hins vegar hefur að þessu leyti allt batnað verulega, eftir að ríkisbókhaldið tók upp þá þjónustu við ríkisstofnanir, er þess hafa óskað, að annast bókhald og ársuppgjör þeirra. En áður sinntu þær því sjálfar, margar hverjar við erfiðar aðstæður. Þessi þjónusta ríkisbókhaldsins hefur farið mjög vaxandi síðustu tvö árin og mælzt vel fyrir hjá þeim stofnunum, sem hennar hafa notið. Um 70 stofnanir hafa nú á síðustu rúmum tveimur árum gengið inn í þessa þjónustu ríkisbókhaldsins. Þess er að vænta að sama þróun verði í bókhaldi þeirra ríkisstofnana, sem eru svo stórar í sniðum, að eigin bókhaldsúrvinnsla hentar þeim betur. Í þessu sambandi má einnig geta þess, að undirbúningur að úrvinnslu bókhaldsins í skýrsluvélum hefur farið fram á vegum ríkisbókhaldsins og er ætlunin að hefja úrvinnslu alveg á næstunni eftir kerfi, sem hentar öllum ríkisstofnunum. Þessi atriði eiga öll að stuðla að skjótari frágang ríkisreikings af hálfu ríkisbókhaldsins en verið hefur, þannig að reikningurinn verði á vori hverju lagður fyrir Alþ., þótt hann komi ekki til meðferðar þingsins fyrr en haustið eftir.

Við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1972, sem fram fór í okt. 1971, gerði ég grein fyrir helztu atriðum ríkisreikningsins fyrir árið 1970 og lagði jafnframt fram sérstaka grg. um sama efni til glöggvunar hv. þm. og helztu atriði um afkomu ríkissjóðs. Eigi er því ástæða til að fara nú mörgum orðum um þann ríkisreikning, sem hér liggur fyrir til samþykktar. Tekjur reyndust 9 milljarðar og 800 millj. kr. og gjöld 9 milljarðar 352 millj. kr. og rekstrarafgangur 448 millj. kr.

Þá er rétt að víkja að aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir árið 1970. Þær beindust að ýmsum þáttum í fjármálum ríkisstofnana og rn. Þeir fengu fullnægjandi svör eða gerðu till. um ákveðin atriði, er verði höfð til athugunar í framtíðinni. Með till. þeirra að ríkisreikningi birtist einnig yfirlit um nefndafjölda og nefndaþóknun einstakra rn. árið 1970, sem tekin er úr fjölrituðu hefti um það efni, teknu saman af Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Yfirskoðunarmenn höfðu um nokkurt skeið óskað eftir slíkum upplýsingum, og slíkt fjölritað yfirlit fylgdi ríkisreikningi fyrir árið 1971, þegar hann var lagður fram hér á hv. Alþ. á síðasta hausti, og gert er ráð fyrir, að þeirri reglu verði fylgt framvegis.

Af þeim málum, sem yfirskoðunarmenn spurðust fyrir um í aths. sínum við ríkisreikninginn fyrir árið 1970, fjallaði eitt um kostnað við breytingar á húsnæði sjónvarpsins að Laugavegi 176 fyrir matar- og kaffistofu stofnunarinnar. Því máli vísuðu yfirskoðunarmenn til ákvörðunar Alþ. Skal því gerð nokkur grein fyrir því máli. Nánari atriði, aths. yfirskoðunarmanna og svör við þeim, er að finna í ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

Eins og kunnugt er, var hluti húseignarinnar Laugavegur 176 keyptur fyrir skrifstofuhúsnæði og vinnudeildir sjónvarpsins. Hluti matar- og kaffistofu og lítill fundarsalur ásamt tilheyrandi gögnum, geymslum og snyrtiaðstöðu var talinn 330 fermetrar eða nálægt 1000 rúmmetrum allt húsnæðið. Kostnaðaráætlun arkitekts við lagfæringar á þessu húsnæði var 4 millj. 59 þús. Var það án þóknunar verkfræðings og arkitekts, sem ekki var tekin með við þessa kostnaðaráætlun. Kostnaðurinn við breytinguna var hins vegar tæpar 12 millj. kr. um mitt ár 1971 og er nú orðinn eitthvað yfir 12 millj., að því er bezt verður vitað. Orsakir þessa mikla kostnaðar umfram áætlun eru einkum taldar hækkun byggingarkostnaðar á því tímabili, sem endurbæturnar náðu yfir, meiri endurnýjunarþörf húsnæðis en áætlað var og hærri kostnaður vegna þess, að eigi hafði gefizt ráðrúm til nægilegrar undirbúningsvinnu, áður en til framkvæmda kom. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings leggja til, að mat á því fari fram af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, hvort vinna við þessar framkvæmdir hafi orðið óeðlilega dýr, og þar með yrðu tekin af öll tvímæli um réttmæti þeirra reikninga og framkvæmdakostnað allan, sem hér um ræðir. Sýnist eðlilegt, að

Alþ. taki afstöðu til málsins á þessum grundvelli. Rétt er að vekja athygli á því, að eigi hafði verið leitað heimildar menntmrn. til þessarar sérstöku breytingar, enda taldi sjónvarpið þær endurbætur hluta af húsnæðismálinu í heild.

Ég sé ekki ástæðu til þess við þessa umr., nema tilefni gefist til, að gera hér frekari grein fyrir ríkisreikningnum fyrir árið 1970. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og leyfi mér að biðja hv. n. að vinna að framgangi málsins með nokkrum hraða, af því að það er svo seint fram komið sem raun ber vitni um.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Námulög, frv. (þskj. 428 (sbr. 48)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orkulög, frv. (þskj. 114, n. 410). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á orkul., 94. mál þessarar d., og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með nokkurri breytingu, eins og fram kemur á þskj. 410.

Eins og hv. þm. er kunnugt, er nú í framkvæmd þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins, þ. e. a. s. um samveitu til þeirra býla, sem ætla má, að unnt sé að veita raforku með slíkum hætti. Er talið, að þegar þessu verði lokið, muni um það bil 150 býli verða utan samveitna, en þó er lögð áherzla á, að þetta verði stöðugt í endurskoðun, og vonir við það bundnar, að takast megi að koma samveitum til nokkru fleiri býla en þessi tala gefur til kynna.

Rétt þykir að aðstoða þá bændur, sem ekki munu eiga kost á samveitu, nokkru betur en gert hefur verið. Í 71. gr. núgildandi orkul. er heimilað í 3. tölul. þeirrar gr., með leyfi forseta, „að veita einstökum bændum, sem svo eru í sveit settir sem um getur í tölul. 2, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að ⅘ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar.“ Þessi lán, sem hafa verið nefnd mótorrafstöðvalán, hafa numið allt að þessum ⅘, en venjulega verið nokkru lægri.

Árið 1969 voru lán ákveðin til slíkra framkvæmda fyrir 4 kw. rafstöð 70 þús. kr., 88 þús. kr. fyrir 6 kw. rafstöð og 150 þús. kr. fyrir 11—12 kw. rafstöð, og munu þessi lán þá hafa numið mjög nálægt 80% af stofnkostnaði nýrra rafstöðva. Síðan hafa orðið miklar verðhækkanir, þannig að 3—4 kw. rafstöðvar voru s. l. haust taldar kosta 130—150 þús. kr., og samsvarandi hækkanir höfðu orðið á stærri rafstöðvum. Auk þessa féll á bændur flutningskostnaður og niðursetning, sem er áætlað um 10 þús. kr., en þar á móti hafa þeir fengið endurgreiðslu á tolli rafstöðva, sem hefur numið svipaðri upphæð.

Rétt er að geta þess, að þessi mótorrafstöðvalán hafa orðið færri með hverju ári. Árið 1966 var veitt 191 slíkt lán, samtals að upphæð 10.2 millj. kr., árið 1967 68 slík lán, árið 1968 81, árið 1969 38, árið 1970 33 og 1971 25 slík lán, og er áætlað, að á árinu 1972 verði samtals veittar um 1.5—2 millj. kr. til slíkra lána, og er þar enn veruleg fækkun frá árinu á undan. Þetta er að sjálfsögðu skiljanleg þróun með fjölgun þeirra býla, sem njóta raforku frá samveitum.

Með þessu frv. er, eins og ég sagði áðan, að því stefnt að veita þeim bændum, sem eiga ekki kost á raforku frá samveitum, meira lán, þ. e. a. s. allt að kostnaðarverði rafstöðvarinnar.

N. sendi málið til umsagnar allvíða og fékk 4 svör, sem ég ætla aðeins að hlaupa í gegnum.

Búnaðarfélag Íslands mælir með samþykkt frv. óbreytts, en bendir síðan á ýmislegt í sambandi við rafvæðingu dreifbýlisins almennt og leggur m. a. sérstaka áherzlu á, að leitazt verði við að fjölga þeim býlum, sem raforku fái frá samveitum, jafnvel umfram það, sem nú er gert ráð fyrir í áætlun.

Samband ísl. rafveitna mælir einnig með samþykkt frv. óbreytts.

Stéttarsamband bænda mælir með samþykkt frv. óbreytts, en leggur áherzlu á, að býlum með raforku frá samveitum verði fjölgað eins og frekast er kostur.

Samband ísl. sveitarfélaga mælir einnig með frv., en leggur til, að lánin verði vaxtalaus. N. taldi ekki fært að mæla með því, að lánin yrðu vaxtalaus. Það er stefna, sem er að dómi n. dálítið varhugaverð, þó að n. hafi fullan skilning á þeirri þörf, sem kemur fram í þeirri till. að gera bændum þetta sem auðveldast. Virtist n., að það væri heilbrigðari stefna, að af þessum lánum væru greiddir vextir.

Þá vil ég geta þess, að á fund n. komu Páll Hafstað, starfsmaður Orkusjóðs, og sá, sem er manna kunnugastur framkvæmd þessara laga. Var sérstaklega rætt við Pál Hafstað um vatnsaflsrafstöðvalán, sem n. taldi ástæðu til að kanna, hvort ekki bæri að gera nokkru hagkvæmari en nú er. Í 71. gr. núgildandi laga, 2. tölul., er heimilað að lána bændum allt að ⅔ stofnkostnaðar vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg. Að undangengnum allítarlegum umr. um þetta komst n. að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að auka þessi lán einnig nokkuð, og gerir því að brtt. sinni á þskj. 410, að í stað ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana komi ¾ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana, þ. e. a. s. heimildin er hækkuð úr ⅔ í ¾.

Um það var töluvert rætt, hvort þarna ætti jafnvel einnig að fara upp í allan kostnað vatnsaflsstöðva, en það taldi n. þó að athuguðu máli ekki eðlilegt. Við slíkar virkjanir er yfirleitt um að ræða töluverða eigin vinnu þess, sem virkja, og getur hann iðulega þannig

sparað sér verulega útlagt fé. Einnig ber að athuga, að vatnsaflsstöðvar eru oft nokkru stærri en þörf er fyrir einstök býli, og þarf þar að hafa nokkra gát á, sérstaklega ef um 100% lán væri að ræða til slíkra framkvæmda. Að sjálfsögðu hljóta slíkar stöðvar að vera háðar samþykki Orkusjóðs.

Að lokum vil ég geta þess, að mér hefur borizt, eftir að n. lauk sínum störfum, ábending frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga í bréfi, dags. 22. marz 1973. Þar er lagt til, að aftan við 1. gr. bætist: „Stöðvarhúsa og nauðsynlegra línulagna milli bæjarhúsa. Lánið er vaxtalaust og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.“ Þ. e. a. s. Fjórðungssambandið leggur til, að einnig verði lánað til byggingar stöðvarhússins og nauðsynlegra línulagna milli bæjarhúsa, auk þess sem lánið verði vaxtalaust, en um það hef ég fjallað áður.

Um fyrra atriðið, sem kemur fram í bréfi þessu, er það að segja, að það er talið eðlilegt, þannig að bændum verði gert kleift að staðsetja stöðvarnar nokkru fjær íbúðarhúsum, bæði vegna brunavarna o. fl. Mér sýnist hér vera um atriði að ræða, sem sjálfsagt er að skoða, og mun ég reyna að fá það athugað af iðnn. fyrir 3. umr. þessa máls.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég get aðeins getið þess í sambandi við vatnsaflsrafstöðvar til frekari upplýsinga, að slík lán eru mjög miklu færri en til mótorrafstöðva. Þau voru árið 1966 5 og sama 1967 og 1968, 1969 6 og hefur síðan fækkað á árunum 1970 og 1971 niður í 3, þannig að þar er ekki um stórmál að ræða. Staðreyndin mun vera sú samkv. þeim upplýsingum, sem n. fékk, að hagkvæmar virkjanir af þessu tagi eru víðast þegar nýttar og því vafasamt, að um mörg slík lán verði að ræða. Hins vegar virðist n. sjálfsagt, eins og gert er ráð fyrir með þeirri brtt., sem n. leggur til, að stuðlað verði að því, að slíkir möguleikar séu skoðaðir til hins ítrasta.

ATKVGR.
Brtt. 410 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327, n. 422). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í allshn. Það gerir ráð fyrir því, að nauðsynleg leiðrétting sé gerð á einni gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, 85. gr., en þar er um að ræða ártalsskekkju, sem var ekki lagfærð á sínum tíma. Í frv. er lagt til, að ártalinu 1972 verði breytt í 1973. Önnur breyting er ekki gerð á lögunum, og n. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368, n. 429). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Hér er um að ræða að framlengja þá heimild, sem Dvalarheimili aldraðra sjómanna hefur haft til happdrættisrekstrar, og efnisbreytingar frá núgildandi lögum um þetta efni eru engar aðrar en að framlengja þær heimildir, sem fyrir voru. N. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrætti háskólans, frv. (þskj. 385, n. 430, 431). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um stofnun happdrættis fyrir Ísland. Frv. er flutt af ríkisstj. að beiðni háskólarektors, og eins og það kom frá háskólanum fól það fyrst og fremst í sér framlengingu heimildar til happdrættisrekstrar til ársins 1989, en núv. heimild rennur út í lok þessa árs, og er um að ræða framlengingu í 15 ár. Jafnframt er hlutamiðum fækkað úr 65 þús. í 60 þús., þar eð ekki var talin þörf á þeirri tölu, sem er í núgildandi lögum, — er sem sagt breyting, sem enga efnislega þýðingu hefur.

Dómsmrn. sendi n. bréf og benti á nokkrar æskilegar breytingar, sem rétt væri að gera til viðbótar þeim breytingum, sem háskólarektor hafði bent á, og lét þess getið, að rn. hefði ekki talið rétt að gera þær breytingar á frv., eins og það kom frá háskólanum, fyrr en búið væri að sýna frv. frá háskólarektor. Þessar aths. rn. eru allar minni háttar og eru fyrst og fremst í því fólgnar að samræma lagaákvæði um þetta efni breyttum aðstæðum. N. flytur þessar brtt. allar á þskj. 431 og þá um leið þá till., að fyrirsögn frv. verði breytt og það nefnist: Lög um Happdrætti Háskóla Íslands.

Það skal tekið fram, að með þessum till. er felld niður 2. gr. núgildandi laga. Í henni segir eitthvað á þá leið, að þegar ekki verði lengur not fyrir tekjur af happdrættinu í þágu Háskóla Íslands, þá skuli tekjur af happdrættinu renna til sérstaks sjóðs, sem nefndur er Byggingarsjóður og ætlaður er til að standa undir uppbyggingu ríkisstofnana. Dómsmrn. benti á, að þetta ákvæði, sem er frá því 1933, væri algerlega úrelt og það væru engar horfur á því, að háskólinn þyrfti ekki á þessum tekjum að halda. En ef svo færi, að hann þyrfti ekki á þeim að halda, væri hægt að breyta því

þegar þar að kæmi. Er því lagt til, að þessi gr. verði felld niður.

N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 431.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka n. fyrir skjóta afgreiðslu og láta í ljós, að ég fellst alveg á þá afgreiðslu á málinu, sem hún leggur til. Enn fremur fellst ég að sjálfsögðu á þá breytingu, sem hún leggur til, að gerð verði á heiti frv. Þetta heiti hefur haldizt of lengi og er um stofnun happdrættis, og því er rétt að breyta því.

ATKVGR.

Brtt. 431,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 431,2 (nýjar gr. í stað 2. gr., verða 2.—7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 431,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 28. marz, kl. 2 miðdegis.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 301, 347, 420). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 347,1 felld með 19:8 atkv.
— 347,2 felld með 21:8 atkv.
— 347,3 felld með 20:8 atkv.
— 347,4 felld með 21:9 atkv.
— 347,5.a felld með 21:11 atkv.
— 420 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 347,5.b, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 347,5.c felld með 18:10 atkv.
— 347,6 felld með 23:10 atkv.
— 347,7 felld með 21:11 atkv.
— 347,8 felld með 13:12 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 374, sem hér er til 1. umr., um breytingar á tollskrá, er eingöngu breyt. að því leyti er varðar samning þann, sem við höfum gert við Efnahagsbandalag Evrópu og kemur til framkvæmda 1. apríl n. k. Þetta frv. var lagt fram í hv. Ed., og gerði ég þá grein fyrir frv., sem reyndar er ekki annars eðlis heldur en skýra frá þessu. Sé ég því ekki ástæðu til að fara út í umr. um það, enda hef ég þegar sagt það, sem um er að ræða. En þar sem fyrirhuguð gildistaka laganna er stutt undan, verð ég að leyfa mér að biðja hv. d. að afgreiða þetta mál á morgun héðan frá hv. Alþ. og treysti því, að hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta mál til meðferðar, geti lokið afgreiðslu sinni, svo að það megi verða.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum hefur verið afgreitt í Ed. shlj. Eins og segir í aths. með þessu frv., er megintilgangurinn með því að efla löggæzlu á sviði ávana- og fíkniefnamála. Er að sjálfsögðu enginn ágreiningur um það meðal þm., að gera þurfi allar tiltækar ráðstafanir til þess að sporna við eiturlyfjanotkun. Það er alkunnugt, að eiturlyfjaneyzla hefur verið vandamál víða um lönd að undanförnu. Menn vildu vona í lengstu lög, að Ísland slyppi við þá öldu, sem yfir löndin hefur gengið í þessum efnum, og áreiðanlega er það svo, að hingað til hefur kveðið miklu minna að þessu vandamáli hér en víða annars staðar. Samt sem áður er það staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá, að hér á sér stað nokkur eiturlyfjaneyzla, og hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að smygla slíkum efnum inn í landið. Er það hald manna, að misnotkun í þessu efni fari mjög vaxandi og sé leitað meira en áður á um það að koma þessum efnum inn í landið.

Að þessum málum hefur hingað til verið unnið á þann hátt, að lögregla í hverju umdæmi hefur annazt löggæzlu á þessu sviði með aðstoð tollgæzlu. En því er ekki að neita, að þessi mál eru sérstaks eðlis með ýmsum hætti og m. a. að því leyti til, að þegar smyglmál af þessu tagi eða önnur mál í sambandi við það koma fyrir, er þeim venjulega þannig háttað, að rannsókn þeirra verður að fara fram í mörgum lögsagnarumdæmum. Þeir, sem við málið eru riðnir, eru búsettir á ýmsum stöðum, og þetta verður þess vegna nokkuð flókið og erfitt við að eiga.

Eins og kunnugt er og áður hefur verið sagt frá, hefur á vegum rn., sem þetta sérstaklega varðar, og á vegum embætta, sem með þessi mál fara, verið starfandi samstarfsnefnd, sem hefur unnið að þessum málum. Ég tel þá samstarfsnefnd hafa unnið gott verk og verið til gagns. En þessi samstarfsnefnd hefur sent frá sér bréf, sem fylgir hér með sem fskj. og er dags. 15. ágúst 1972, og þar gerir þessi samstarfsnefnd, sem þessum málum er öðrum kunnugri, till. um vissar ráðstafanir. Má í stuttu máli segja, að í þessu frv. séu teknar upp þær till., sem þessi n. gerir í þessu bréfi sínu, að því leyti sem það efni, sem þar er tekið til meðferðar, fellur undir dómsmrn. og varðar löggæzlumál. Þó er það frávik gert, að n. lagði til, að skipaður væri sérstakur umboðsdómari og

þá væntanlega hverju sinni til þess að hafa með höndum rannsókn í fíkniefnamálum, en í frv. var að athuguðu máli horfið að því að skipa sérstakan dómara til að fara með yfirstjórn þessara mála og hafa þau með höndum, en við embætti hans starfi svo sérstök rann sóknardeild. Auðvitað verður eftir sem áður að eiga sér stað góð samvinna milli hinnar almennu löggæzlu og þessarar sérstöku rannsóknardeildar. En það liggur nokkuð í augum uppi, eins og ég sagði áðan, að það er þörf sérstakra rannsóknaraðgerða í sambandi við þessi mál, bæði vegna þess, hvernig þeim er nú háttað, að þau teygja anga sína víða út, og eins hitt, að það er því miður oft svo, að við þessa sögu kemur sérstaklega ungt fólk, og í þriðja lagi er nauðsynlegt, að þeir, sem fást við rannsókn þessara mála alveg sérstaklega, afli sér kunnáttu í þeim efnum.

Það er ekkert farið leynt með það í þessu frv., að framkvæmd þess kostar nokkurt fé, og er gerð grein fyrir því í aths., hvað það er áætlað, að kostnaður muni verða við þessa stofnun. Það er að sjálfsögðu áætlun. Sá kostnaður gæti orðið eitthvað meiri. En ég geri ráð fyrir því, að flestir verði á því máli, að það sé ekki horfandi í nokkurn kostnað í þessu sambandi, ef það gæti borið þann árangur, að það væri hægt að afstýra því, að þetta yrði stærra vandamál, skulum við segja, a. m. k. en það er þó hjá okkur núna, og helzt, að það gæti borið þann árangur að bægja þessari hættu með öllu frá. Ég skal ekki vera með fullyrðingar um það, hvern árangur þetta kann að bera. Það verður reynslan að sýna. En þarna er um viðleitni að ræða, og ég álít, að það sé rétt að gera þá tilraun í þessum efnum, sem hér er lagt til.

Ég held, að það séu svo ítarlegar skýringar með þessu frv. og í því bréfi, sem fylgir með frá þessari samstarfsnefnd eða samstarfshópi í ávana- og fíkniefnamálum, að ég þurfi ekki að fara um það fleiri orðum, og ég skal láta máli mínu lokið. Ég vona, að þetta frv. fái eins greiða afgreiðslu í þesasri d. og það fékk í Ed. Mér er ljóst, að það má gera vissar aths. við tæknilega hlið í þessum efnum, en ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þó að frv. þetta hafi verið samþ. einróma í Ed., vil ég samt leyfa mér að gera við það örfáar aths.

Það er sagt, að megintilgangur lagafrv. þessa sé að efla löggæzlu á sviði ávana- og fíkniefnamála, og eru víst allir sammála um, að það sé nauðsynlegt, enda hefur samstarfsnefnd, sem unnið hefur að fíkniefnavandamálum, réttilega vakið athygli á brýnni nauðsyn þess að efla löggæzlu á þessu sviði. Í aths. við lagafrv. er þess getið, að þótt lögregla og rannsóknardómarar hafi sinnt þessum málum af áhuga og dugnaði, hafi nokkuð borið á því, að skort hafi á samræmingu í aðgerðum. Frv. þetta, ef að lögum verður, virðist eiga að eyða því ósamræmi. Um tvo aðalþætti er að ræða í þessu frv., sem til breytinga horfa. Það er í fyrsta lagi að skipa sérstakan rannsóknardómara í þessum málum, ávana- og fíkniefnamálum. Ég held, að á þetta megi vel fallast, en þó finnst mér rétt að benda á, hvort ekki hefði eins vel verið athugandi að skapa þessum dómara starfsaðstöðu hjá einhverju þeirra dómaraembætta, sem fyrir eru, t. d. sakadómi Reykjavíkur, fremur en að stofna til alveg nýs embættis.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir stofnun sérstakrar deildar lögreglumanna til að fást við þessi mál, en þess þó getið í athugasemdum við frv., að eftir sem áður verði aðallöggæzlustarfsemin á vegum hvers umdæmis og ekki ætlunin að „leggist niður sú myndarlega deild, sem nú starfar að þessum málum við lögreglustjóraembættið í Rvík."

Ég held, að skipan sérstakrar lögregludeildar undir beinni stjórn sjálfstæðs dómara sé fremur fallin til þess að dreifa löggæzlukröftum en sameina þá og efla. Og miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur hér á höfuðborgarsvæðinu af tvískiptingu lögreglunnar, þá tel ég ekki rétt að mæla með slíkri þrískiptingu, sem skv. ákvæðum þessa frv. gæti leitt til tví- og þríverknaðar hjá fámennu liði. Það er að sjálfsögðu fyllilega ljóst, að dómari þarf á aðstoð lögreglumanna að halda við rannsókn mála, enda eru mörg ákvæði, sem um það fjalla í lögum. En að því er varðar þetta meginsvæði, höfuðborgarsvæðið, þá hef ég talið og tel brýna nauðsyn bera til þess að sameina og efla þá starfskrafta, sem vinna að rannsókn mála, ekki sízt þessara mála í sambandi við misferli með fíkniefni. Þess vegna vil ég nefna það, hvort ekki væri eðlilegra, miðað við þá skipan, sem nú gildir og hefur að vísu verið gagnrýnd, að rannsóknardeild sú, sem starfað hefur við lögreglustjóraembættið í Rvík frá 1970 og hefur haft þessi mál á hendi, verði þá fremur látin heyra undir rannsóknarlögregluna og starfa á ábyrgð yfirsakadómara. Ég held, að það sé rétt að hafa svolitið hreinni línur í þessum málum. Enda þótt lögreglumenn og rannsóknarlögregla skiptist í deildir eftir því, við hvaða rannsóknarmálefni lögreglumenn fást sérstaklega, má aldrei gleyma að leggja ríka áherzlu á það við alla lögreglumenn, hvar sem þeir starfa og þó að þeir séu ekki í hinum einstöku deildum, sem fást við sérstök verkefni, að þeir haldi vöku sinni og geri allt, sem unnt er, til að stemma stigu fyrir þessum vágesti, sem er sala ávana- og fíkniefna, og missa ekki sjónar á því, að það veitir ekki af að sameina þá starfskrafta, sem fyrir eru, í stað þess að drepa þeim á dreif.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 435). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala landspildu úr Bjarnanesi í Nesjahreppi, frv. (þskj. 282). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 458).

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 5 öðrum hv. þm. að flytja frv. um breyt. á lögum um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Höfuðefni frv. er, að 9 mánuði ársins verði takmörkuðum skipafjölda leyft að veiða á takmörkuðum svæðum í Faxaflóa með botnvörpu eða dragnót, enn fremur að alfriða svæði, sem afmarkast af línu, sem dregin er frá Snæfellsnesi og í átt að Akranesi, og kemur fram í frv., að þetta svæði verði alfriðað.

Með flutningi þessa frv. hyggjumst við flm. reyna að leysa tvö vandamál eða a. m. k. að koma nokkuð á móti þeim vandamálum, þ. e. annars vegar að bæta nokkuð úr því óréttlæti, sem smáútgerðarmenn urðu fyrir hér í Rvík vorið 1971, þegar Faxaflóa var algerlega lokað fyrir umræddum veiðum, og hins vegar að koma nokkuð á móti því vandamáli, sem er hér á þéttbýlissvæðinu við innanverðan Faxaflóa í sambandi við neyzlufisk, en það er eins með neyzlu á fiski og neyzlu á landbúnaðarvörum, að á þessu svæði er einn stærsti markaður þjóðarinnar fyrir þessar vörur.

Áður en ég rek nokkuð mál þetta, vil ég draga fram eina staðreynd. Hún er sú, að fyrir nokkru voru þm. Reykv. kallaðir á fund svokallaðrar landhelgisnefndar, sem vinnur að því á vegum Alþingis að gera tillögur um nýtingu fiskveiðilögsögunnar. Það kom skýrt í ljós, að n. hefur hugsað sér, a. m. k. í þeim hugmyndum að tillögum, sem menn höfðu þá fyrir framan sig, að hafa í huga friðunarsjónarmiðið fyrst og fremst í sambandi við Faxaflóann, en hins vegar voru gagnvart öllum öðrum landshlutum tekin fyrst og fremst til greina hagsmunasjónarmið íbúanna þar.

Ég skal koma síðar að ýmsum fullyrðingum, sem þegar hafa komið fram vegna flutnings þessa frv., sérstaklega um skaðsemi ákveðinna veiðarfæra. Um leið er rétt að benda á, að það hefur ekki verið dregið neitt fram um gagnsemi eða hagkvæmni ákveðinna veiðarfæra á móti öðrum, og að sjálfsögðu hefur enginn, sem um þetta mál hefur ritað, enn þá haft að leiðarljósi, að við eigum auðvitað að nýta okkar fiskveiðilögsögu á sem hagkvæmastan hátt og þó, eins og ég skal fyrstur verða til að taka undir, án þess að valda skaða á okkar fiskstofnum.

Ástæðan til þess, að þetta frv. var flutt, er, eins og ég hef tekið lauslega fram sú, að gífurlega miklar kvartanir komu fram á s. l. ári, allt frá miðju sumri og nú fram yfir áramót, eða þangað til fór að fiskast á vertíðinni, — miklar kvartanir frá neytendum á þéttbýlissvæðinu við innanverðan Faxaflóa og reyndar þótt lengra sé leitað, því að það má fullyrða, að þessari vöru er dreift héðan austur um sveitir. Og við, sem ræddum þetta, töldum, að með því að opna Faxaflóa aftur fyrir botnvörpu og dragnót að mjög takmörkuðu leyti mundi vera komið nokkuð á móti þessum vanda. Ég minntist á það áðan, að við vildum líka með flutningi frv. koma nokkuð á móti fiskimönnum og útgerðarmönnum, sem urðu fyrir gífurlega miklu tjóni, þegar lögin um lokun Faxaflóa voru samþ. 1971, og bæði ég og aðrir höfum talið, að það samkomulag, sem hafði verið gert 1969 um skiptingu fiskveiðilögsögunnar og nýtingu hennar fyrir einstök ákveðin veiðarfæri, hefði jafnvel verið svikið.

Á margan hátt er skiljanleg afstaða þm. þetta vor í sambandi við þetta mál. Það fór mikill friðunareldur um brjóst þm. í sambandi við landhelgina, og hver af öðrum stóð upp og kepptist við að fullvissa kjósendur sína um það, að enginn kæmist í námunda við hann í sambandi við friðunaraðgerðir og friðunarvilja, og þess urðu þeir að gjalda, fiskimenn við innanverðan Faxaflóa, sem hafa stundað veiðar í flóanum með þessum veiðarfærum um langt árabil, þótt nokkur stöðvun hafi þar komið á í nokkur ár. Ég hef leyft mér að halda því fram, að það hafi verið beitt ákaflega miklum blekkingum í sambandi við að koma þessu máli fram hér á sínum tíma. Og þessu héldu fiskimennirnir líka fram. Því var t. d. haldið fram í grg. frv., er það var flutt hér á þinginu 1970—1971, að þeir bátar, sem notuðu þessi veiðarfæri, öfluðu svo mikillar smáýsu, að við lægi algerri eyðingu ýsustofnsins við landið, eins og sagt var. Til þess að styðja þessa röksemd var vitnað til svokallaðrar athugunar, sem útvegsmenn á Akranesi höfðu látið fara fram um þetta efni og var talin sanna þetta atriði. Að sjálfsögðu er það ekki eina fullyrðingin, sem hefur komið fram um þetta mál og á þennan veg. Svipað hefur komið víðar fram. Þessar fullyrðingar og aðrar sköpuðu auðvitað umr. um þetta mál á meðal almennings og þeirra, sem vit höfðu á, og það urðu margir til að benda á þá almennu skoðun, sem hefur verið ríkjandi hjá flestum vísindamönnum á þessu sviði, og skoðun sjómanna, allmargra og allflestra, að bæði ýsuaflinn og þorskaflinn ráðist meira af náttúrlegum orsökum, t. d. því, hvernig klak fisktegundanna heppnist vegna líffræðilegra skilyrða í hafinu, heldur en af því, hvort tiltölulega fáum skipum væri heimiluð veiði á takmörkuðum svæðum, sem eru ekki bara uppeldisstöðvar. En sá misskilningur virðist mjög ríkjandi um Faxaflóa, að hann sé eingöngu uppeldisstöð fyrir ungfisk eða smáfisk. Þetta er mikill misskilningur. Um Faxaflóa fer einmitt mikið magn af göngufiski, fullþroska fiski. Og það er vitað, að með þeim skipaflota, sem kæmi til með að veiða hér í Faxaflóanum, að ég tali ekki um, ef þetta frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það er flutt núna, þar sem gert er ráð fyrir takmörkuðum fjölda báta við þessar veiðar, þá er þessi hætta alls ekki fyrir hendi og aðeins um sáralítið prósentubrot að ræða

miðað við allan ársstofn þorsks eða ýsu. Einmitt með þessar staðreyndir í huga voru vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar á sínum tíma mjög andvígir þessari einstrengingslegu lokun, sem samþ. var með lögum frá 1971. Við erum hins vegar, eins og kemur fram í grg. okkar, allir sammála um það, flm. frv., að hafa eigi fulla gát á öllum veiðum, sem fara fram hér í Faxaflóa eins og annars staðar við landið og það eigi að fyrirbyggja ofveiði, dráp seiða og smáfisks, ef hjá því verður komizt. Hins vegar hefur oft verið bent á það, að af allri þeirri mergð, sem í hafinu er, er það oftast nær sáralítill hluti, sem verður fyrir tjóni eða eyðileggst vegna slíkra veiða. Hins vegar held ég, að það sé frekar almennt viðurkennt, að það sé sóknarþunginn, sem frekar hafi þarna áhrif á móti hinum náttúrlegu orsökum.

Þegar þetta bann kom fram, reyndu þeir fiskimenn, sem ég hef vitnað til, að fá þetta lagfært næsta haust, en þá, eins og hv. þm. muna, hafi landhelgisnefnd, sem ég minntist á hér áðan og starfar á vegum þingsins og er skipuð þm., tekið til starfa að nýju til þess m. a. að gera till. um skiptingu fiskveiðilögsögunnar eftir útfærsluna haustið 1971, og reyndar voru þeir búnir að koma áður fram með sínar till. Þeir bentu á, að fyrir þessa lokun hefðu verið um 30 bátar úr Reykjavík, sem hefðu stundað togveiðar, og voru allir undir þessu stærðarmarki, sem þeir lögðu þá til, að fengi að njóta slíkra réttinda, eða 70 brúttórúmlestum. Og það er auðvitað öllum ljóst, sem horfa til slíkra skipa í dag, að þessi skip hafa ekki sóknarþunga til annars en að stunda veiðar á grunnsævi. Þeim var líka ljóst, að þeim voru torveldaðar svo mjög veiðar frá Reykjavík, að þeir urðu annaðhvort að selja báta sína eða þá að flytja sig um set og landa afla sínum í öðrum höfnum. Ekki hefur það batnað fyrir þá, ef þeir vildu láta keyra aflann til sinnar heimahafnar, Reykjavíkur t. d. eða Hafnarfjarðar, við það bann, sem komið er frá samgrn. um það, að jafnframt því sem þeim sé bannað að veiða, eins og lögin segja, á sínum hefðbundnu heimamiðum, þá er þeim nú bannað að landa í landshöfninni í Þorlákshöfn eða alla vega koma þeir þar á eftir bæði heimabátum og Vestmannaeyjabátum. Þeir bentu á það líka, þessir fiskimenn, að einmitt þessi floti hefði verið undirstaðan undir neyzlufisksöfluninni fyrir allt höfuðborgarsvæðið, fyrir allt þéttbýlissvæðið hér við innanverðan Faxaflóa um langt árabil og eins og ég tók fram áðan fyrir miklu stærra svæði eða austur um allar sveitir.

Þeir komu mjög ítarlega inn á og vitnuðu til rannsókna, sem voru alveg sambærilegar við þær rannsóknir, sem vitnað var í af Útvegsmannafélagi Akraness. Þeir bentu á rannsóknir, sem Fiskifélag Íslands hafði gert, og sendu þær rannsóknir til áðurnefndarar landhelgisnefndar. Kom t. d. í ljós í þessari athugun, sem Fiskifélag Íslands stóð fyrir og var fólgin í því, að kannað var hlutfall stórfisks og smáfisks í ýsu- og þorskafla smábáta, sem stunduðu togveiðar frá Grindavík, Sandgerði, Keflavík og Reykjavík á tímabilinu 1. júní til 31. des. 1969, *að stór þorskur reyndist yfir 90%* eða 90.1%, en smár þorskur aftur á móti aðeins 4.5%, og þetta var úr rúmum 2 millj. kg. Ýsuaflinn skiptist þannig, að úr 704 þús. kg var stór ýsa 95.5%, en smá ýsa 9.9%. En það fór líka fram önnur athugun, og hún var gerð til þess að kanna, á hvaða veiðarfæri þessi smái fiskur aflaðist og hvort það væru ekki önnur veiðarfæri, sem öfluðu hin smáa fisk einnig. Það var Fiskmat ríkisins, sem lét gera samanburð á hlutfalli smáfisks á línu og botnvörpu. Það var afli, sem var lagður upp í Sandgerði og Keflavík á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. 1970. Kom í ljós, að í botnvörpu var hlutfall hins stóra þorsks 96%, en hins smáa 4%, stórrar ýsu 91% og hinnar smáu ýsu 9%. En á línuna var stór þorskur 95% eða 1% minna en í botnvörpuna og 5% af hinum smærri eða 1% meira en í botnvörpuna. Og sama kom í ljós í sambandi við þessa athugun varðandi ýsuna, að það voru ekki nema 89% af hinni stærri, en 11% af hinni smærri á línuna. Þetta sýnir fyrst og fremst, að það veiðist smár fiskur í fleiri veiðarfæri en togveiðarfæri.

Ég skal verða fyrstur til þess að viðurkenna, að það væri nauðsynlegt, að slíkar athuganir næðu yfir lengri tíma, og það er enginn vafi á því, að sú gagnrýni, sem kom fram á eftirlit og rannsóknastarfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar á sínum tíma varðandi dragnóta- og botnvörpuveiðar í Faxaflóa, var byggð á ástæðum, sem áttu fullan rétt á sér, að væru dregnar fram. Starfsmenn hennar hafa sjálfir kvartað undan því í sambandi við eftirlit við slíkar veiðar og aðrar, að fjárveitingavaldið hafi aldrei treyst sér til þess að láta þeim í té þau nauðsynlegu tæki, sem þeir þurfa til þess að fylgja slíku eftirliti. Þessi stofnun, Hafrannsóknastofnunin, hefur líka látið ítrekað athuga í sambandi við afla togveiðibáta og dragnótabáta, hvort þetta séu einu veiðarfærin, sem drepi smáfisk. Svo mun þó ekki vera, og þarf ég ekki eingöngu að vitna til þeirrar rannsóknar, sem ég benti hér á og var gerð á vegum Fiskmats ríkisins, heldur hefur líka komið í ljós, að á línusvæðum, sem mikið eru nýtt af hinum minni línubátum, sérstaklega frá Akranesi, einmitt á því svæði, sem við flm. leggjum til, að verði alfriðað, hefur mikið veiðzt af smáfiski. Og þetta hefur sézt hér í Reykjavík, vegna þess að það hefur verið komið með þennan fisk hingað á markað. Komið hafa fram ýmsar fullyrðingar um, að það sé þessum veiðarfærum, botnvörpu og dragnót, að kenna, að þær sveiflur hafa komið fram á afla í árgöngunum, sem fram hafa komið. Og nú fyrir stuttu las ég í einu dagblaðanna, að það var vitnað í Norðursjó sem alauðan sjó af þessum fisktegundum einmitt vegna þessara veiðarfæra. Nú er ég nýbúinn að fá í hendur skýrslu um rannsóknir í Norðursjó, sem sanna ekki þetta, heldur hitt, kenningu vísindamannanna um, að það séu ytri skilyrði, hvernig klak fisktegundanna heppnist vegna líffræðilegra skilyrða í hafinu, sem hafi miklu meira að segja í þessu efni heldur en nokkurn tíma hvaða veiðarfæri er notað. Og þá endurtek ég það, sem ég sagði áðan, að ég hef auðvitað fullan fyrirvara á um sóknarþungann. *En það var talið á árunum 1965—1967,*

að ýsustofninn í Norðursjó væri nærri uppurinn, og það voru aldrei gerðar neinar sérstakar friðunaraðgerðir í Norðursjó. En árin 1969 og 1970 kom einmitt í ljós og var vísindalega sannreynt, að þetta álit fiskifræðinganna reyndist rétt, sem ég var að vitna til, og það hafði aldrei, frá því að skráning hófst á ýsuafla í Norðursjó, veiðzt meira af henni en einmitt þessi ár þrátt fyrir stöðugar togveiðar um langt árabil á undan. Og aflinn í Norðursjó reyndist þessi á árunum 1965—1970: árið 1965 222 þús. tonn, 1966 269 þús. tonn, 1967 167 þús. tonn og fór 1968 niður í 139 þús. tonn. En þá kemur mjög sterkur árgangur fram, og 1969 veiðast þar hvorki meira né minna en 639 þús. tonn og 1970 672 þús. tonn. Ég hef ekki nýrri skýrslur en þetta. En það er ljóst, að þetta undirstrikar enn betur en það, sem ég hef nú þegar tekið fram, að það er klakið, sem ræður hvað mestu um styrkleika þessa fiskstofns og annarra, a. m. k. miklu frekar en margt annað. Það er þess vegna ákaflega þýðingarmikið, að það sé meira og betur hugsað hjá okkur um að vernda sjálf hrygningarsvæðin heldur en við höfum gert til þessa. Og þeir mega alltaf hafa heiður og sóma af, sjómenn og útgerðarmenn úr Vestmannaeyjum, sem hafa um langt árabil verið hvað harðastir í því að fá samþykkt friðuð svæði, viðurkennd klaksvæði, og bann þar allar veiðar yfir klaktímann.

Fleiri hafa lagt orð í belg út af þessu heldur en þeir, sem um þetta hafa skrifað í dagblöð. Þannig hef ég fengið ýmsar upplýsingar frá Fiskifélagi Íslands, og það er í sambandi við þær röksemdir, sem hafa komið fram frá Útvegsmannafélagi Akraness, en þeir héldu því m. a. fram í grg. sinni með frv., sem var lögfest vorið 1971, að þessir bátar, sem veiddu með dragnót og botnvörpu, hefðu ekki rekstrargrundvöll og hefðu því orðið að njóta styrks úr aflatryggingasjóði. Ákaflega er eftirtektarvert að hugsa til þessa og sjá svo skýrslur um greiðslur úr aflatryggingasjóði á undanförnum árum. Þar kemur í ljós, svo að ég taki bara bætur vegna Reykjavíkur og Akraness t. d. til samanburðar, þó að það sé kannske ekki eðlilegt að taka annars vegar þetta fámenna dreifbýlissvæði, sem farið er að kalla það, hins vegar þetta fjölbýla svæði hér við innanverðan Faxaflóa. Á Akranesi námu bæturnar samtals við botnvörpu og dragnót á árinu 1968—1972 2.6 millj. kr. rúmum, en í Reykjavík 8.2 millj. Hins vegar við aðrar veiðar var greitt á bát í Reykjavík 12.4 millj., en til Akraness 16.4, þannig að á heildarbótum á þessu árabili til báta á Akranesi og Reykjavík munaði ekki nema um 600—700 þús. kr., hvað Reykjavíkurflotinn var hærri. En á þessum sömu árum sem verið var að fjargviðrast út af því, að þessir bátar, sem veiddu með botnvörpu og dragnót frá Reykjavík, fengju greitt úr aflatryggingasjóði, var verið að greiða úr þessum sama sjóði vegna línuveiða margar millj. kr. til Akranesbáta og til netaveiða ekki síður, þannig að t. d. 1972, í fyrra, urðu þessar greiðslur vegna línu-, neta- og botnvörpuveiða 9.7 millj. tæpar. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta nánar, en það væri rétt fyrir þá n., sem fær málið til athugunar, að líta aðeins á þessar tölur.

Við bendum á það í grg. frv. varðandi eftirlit, að við teljum það nauðsynlegt, eins og ég hef tekið fram, að við teljum, að það sé bezt komið hjá Hafrannsóknastofnuninni, hjá vísindamönnum hennar og fiskifræðingum, og svo hins vegar hjá Fiskifélagi Íslands og þess trúnaðarmönnum, en þeir finnast á hverri einustu verstöð um allt land. Við tökum líka fram, að það sé alveg útilokað fyrir hv. Alþ. að vera að fyrirskipa einstökum stöðum á landinu: Þið megið nota þetta veiðarfæri, annars verðið þið að losa ykkur við ykkar flota. Þið megið nota þetta veiðarfæri, en ekki hitt. — En svo þegar við förum úr þessu sama byggðarlagi og til þess næsta, þá eru engin slík bönn til staðar, allt er leyft þar. Vita þó allir, að smáfiskur vex upp allt í kringum landið og í öllum okkar flóum og flestum fjörðum, og ef Alþ. væri sjálfu sér samkvæmt, þá ætti auðvitað sama bann á sömu veiðarfærum að gilda allt í kringum landið. En því er ekki að heilsa, eins og ég tók fram í byrjun ræðu minnar. Það er friðunarsjónarmiðið, sem ræður fyrir okkur hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er sjálfsagt, að við sýnum það út um heim, hvað við erum fúsir og fjálgir í friðun miða og smáfisks, en hagsmunasjónarmiðið má ráða alls staðar annars staðar.

Annað atriði, sem er meginástæða til flutnings þessa frv., er skorturinn á neyzlufiski á þessu svæði. Það má reyndar segja, að það hafi verið ákaflega erfitt líka fyrir reykvískar húsmæður og hafnfirzkar og húsmæður hér í nágrannabyggðum að ná í frosinn fisk, að ég tali ekki um nýjan fisk. Við teljum, að með því að veita 9 bátum úr Reykjavík og svo einum bát úr Hafnarfirði, Keflavík, Sandgerði og Akranesi leyfi 9 mánuði ársins til þess að veiða með þessum veiðarfærum hér í flóanum, þá eigi að vera tryggt, að nýr neyzlufiskur sé til á þessu tímabili. Það er að vísu nokkuð misjafnt, það er erfitt að meta, hver neyzlan er á degi hverjum hér í Reykjavík, en mér hefur verið tjáð, að frá fisksölunum í Reykjavík sé neyzlan 10—25 tonn á dag. Vera má, að þarna sé nokkuð hátt farið með tölur báta, en ég bendi hins vegar á, að við höfum lækkað brúttórúmlestatölu þeirra í till. okkar frá því, sem lagt var til af landhelgisnefndinni á sínum tíma og lögfest þá af Alþ., þannig að sóknargeta þessara báta á að vera minni en hinna.

Það urðu hér fyrir nokkrum dögum allmiklar umr. um verðlag landbúnaðarvara og kom inn í þær umr. verðlag á fiski. Það er alveg rétt, sem fram hefur komið, að fiskverð hefur hækkað ákaflega mikið. Ég geri ráð fyrir því, að það mætti lækka fiskverð á þessu svæði, ef þetta frv. yrði samþykkt, og kannske enn frekar því, að hér yrði úrval af þessum nauðsynlega og holla mat fyrir neytendur. Við leggjum til, til þess að fiskurinn komi til neytenda, að það séu fisksalarnir sjálfir, sem sjái um dreifinguna, en þó í samráði við sveitarfélögin, þannig að sveitarfélögin séu fyrst og fremst til þess að gæta þess, að hagsmunir neytenda séu ekki bornir fyrir borð, að hinir smáu geti

fengið aflann til sölu eins og hinir stærri, enda mun vera svo hér, því að það er bæði í Reykjavík og mun vera í nágrannasveitarfélögunum, að sveitarfélögin eiga myndarleg fiskiðjuver, sem gætu auðvitað hlaupið undir bagga með geymslu á þessum fiski, þegar á þyrfti að halda. Auk þess eru ýmsir fisksalar, sem hafa komið slíku upp hjá sér, og þá tel ég ekki, að það sé neitt skilyrði, að sveitarfélögin hafi þau afskipti af þessum málum, heldur er hugsun mín sú, að fyrst og fremst gæti þau þess, að farið sé að öllu með réttlæti, og það sé fyrst og fremst þeirra hlutverk að gæta þess, að tilgangi laganna gagnvart neytendum í viðkomandi sveitarfélögum sé náð.

Við leggjum jafnframt til, að ráðh. setji reglugerð um þetta fyrirkomulag og reyndar annað, sem þarf að koma fram í sambandi við lög þessi, og ég treysti honum vel til þess. Ég hefði talið eðlilegt, ef frv. verður samþ. og veitt verða leyfi til slíkra veiða, mundu þeim að öllum jafnaði ganga til þeirra fiskimanna, sem hvað lengst hafa stundað þessa atvinnu héðan, t. d. úr Reykjavík. En það getur líka farið eftir öðru. Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvort bátastærðir eru fyrir hendi og vilji manna til þess að stunda þessar veiðar, því að þetta er auðvitað ákaflega takmarkað svæði, eins og ég sagði áðan, og það er einnig aðeins um takmarkaðan tíma á árinu, sem á að leyfa þessar veiðar. Sem fskj. með frv. má sjá kort af svæðum, sem við leggjum til, að verði opnað fyrir þessum veiðum, en ég skal taka það fram, að af þessu svæði munu aðeins um 40% vera nýtanleg fyrir veiðar með þessum veiðarfærum, þannig að fiskurinn fær frið á meginþorra þessa svæðis, og kemur að sjálfsögðu öðrum veiðarfærum til góða, sem fyrst og fremst mundu vera nýtt á öðrum svæðum Faxaflóans.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv. öllu ítarlegar nú við 1. umr. og í fyrstu ræðu. Það væri auðvitað hægt að tala um þetta mál lengi dags, en ég teldi heppileg vinnubrögð, sem ég mun leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn. d. Þar eru menn, sem hafa gott vit á þessum málum, og að sjálfsögðu mundu þeir, — og ég ætlast til þess, — hafa nokkurt samráð við þá menn, sem Alþ. hefur valið til þess að vinna í svokallaðri landhelgisnefnd, og ræða þá frekar við þá, hvað þeir hafi hugsað sér um framtíðartilhögun í þessum málum hér á Faxaflóa. En ég legg þá til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að lokinni þessari umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi eitt hið versta frv., sem flutt hefur verið á þessi þingi, og það er satt að segja furðulegt, hversu margt ágætt fólk hefur fengizt til þess að standa að því. Ég efast um, að jafnmargt gott fólk hafi öðru sinni hér á Alþ. staðið að jafnvondu máli.

Ég hirði ekki að svara ítarlega ýmsum fullyrðingum hv. 1. flm. hér áðan, sem áttu að sannfæra hv. þm. um nauðsyn þessa frv. og jafnvel gagnsemi, en þó verð ég að gera aths. við fáein atriði í þeim hluta ræðu hans.

Hann gerði prósentusamanburð á stóra fiskinum og litla fiskinum, meðan dragnótin var í algleymingi, samanburð á þeim afla, sem dragnótabátar komu með að landi, og svo þeim afla, sem línubátar komu með að landi. Átti þetta að sanna, að dragnótabátarnir hefðu veitt yfirleitt stærri fisk en línubátarnir. Hv. 1. flm. frv. er ekki sá glópur að gera sér ekki ljóst, að á dragnótabátum og trollbátum er venjulegast og reyndar oftast mokað fyrir borð svo og svo miklu smælki og ekki komið með það að landi. Hann, þessi gamli sjómaður, veit, að það væri mikil hræsni að segja, að þetta ætti sér ekki stað. Þetta á sér yfirleitt stað. En þegar þessi könnun var gerð, sem hv. þm. ræddi um áðan, þá var jafnframt sá háttur hafður á, og um það geta menn borið á Suðurnesjum, vigtarmenn, t. d. í Keflavík, að áður en landað var þeim afla, sem átti að fara upp í frystihúsið, var landað smælki, smákola og smálúðu, þetta sett í löndunarnet og síðan beint í gúanóið. Þessi hluti aflans kom aldrei fram í þessum útreikningi. Þetta er sem sé ein niðurstaðan varðandi afla, sem berst á land, niðurstaða, sem lítið er á byggjandi.

Mér sýnist, að aðalatriðið varðandi þetta frv. sé það, að Reykvíkingar heimta að fá fisk í soðið eins og þeir þurfa. Til þess að Reykvíkingar fái fisk í soðið eins og þeir þurfa, gætu t. d. þeir bátar, sem hér um ræðir, veitt með línu eins og ýmsir aðrir bátar. En ef það dugir ekki, þá sýnist mér, að Reykvíkingar séu ekkert of góðir til þess að sækja fiskinn í einhverjar aðrar verstöðvar. Þetta mega aðrir landsmenn hafa. Þeir mega hafa það að sækja nauðsynjar sínar oft um langan veg, og þeir gera það möglunarlaust og heimta ekki breytingar á landslögum í því sambandi.

Í sambandi við þéttbýlisviðhorfið, eins og það kemur fram við dreifbýlið, er dálítið táknrænt að athuga tvö atriði, sem ég ætla að nefna.

Borgnesingar verða að sjálfsögðu að sækja sér fisk langar leiðir. Ég frétti það ofan úr Borgarnesi í gær, að nú ætlaði kaupfélagið þar að fara að hefja fiskverkun, ekki fyrir erlendan markað, heldur fyrir heimamarkað, fyrir héraðið sjálft. Fiskinn sækja þeir ekki niður að bryggju í Borgarnesi, heldur verða þeir að fá hann að, og skemmsta leiðin í næstu verstöð er á Akranes, — talsverður spölur. Þetta verða þeir að hafa þar og ætlast ekki til neinna breytinga á landslögum í þessu sambandi.

En af því að hv. 1. flm. frv. talaði hér m. a. um það píslarvætti, sem Reykvíkingar yrðu að sæta í sambandi við þessi mál, að verða að una miklu strangari friðunarlöggjöf en aðrir, vil ég biðja menn að athuga kortið, sem fylgir frv. Þar er gert ráð fyrir því, sem út af fyrir sig er gott mál og mætti vel athuga, þó að ég vilji ekki ganga eins langt og þarna er gert varðandi alfriðun, að allt svæðið úr Hellnanesi og í Þormóðssker verði friðað fyrir öllum veiðarfærum. Eins og menn vita, er hægt að komast á sjó frá Borgarnesi, og hugsum okkur, að Borgnesingar ætluðu að róa á nokkrum smábátum með handfæri, a. m. k. til þess að fá sjálfum sér í soðið. Þegar búið væri að sam-

þykkja þetta frv. mætti þeir ekki renna færi fyrr en þeir væru komnir alla þessa óraleið út fyrir þessa línu. Þetta er sanngirnin í frv. Þetta er skilningur þéttbýlismannsins á högum strjálbýlisins.

Fyrir hönd Reykvíkinga barmar hann sér mjög yfir því, að þeir verði að sæta miklu strangari friðun og taka á sig ýmsa erfiðleika vegna hennar en aðrir landsbúar. Ég vakti athygli á því hér um daginn, sem mátti reyndar vera öllum kunnugt, að Breiðfirðingar hafa friðað stórt svæði á sínum miðum, þ. e. a. s. allt svæðið frá Skor og í Eyrarfjall, — friðað það fyrir öllum öðrum veiðarfærum en handfæri og línu. Þarna mætti að sjálfsögðu líka veiða mikið t. d. í net og önnur veiðarfæri. Þetta hafa þeir gert fyrir eigin frumkvæði. Þeir hafa m. ö. o. samþykkt sjálfviljugir þessa friðun af umhyggju fyrir fiskstofnunum og af skilningi á þeirri nauðsyn, sem það er að friða og vernda fiskstofnana. Þeir fara m. ö. o. allt öðruvísi að en það fólk, sem stendur að þessu frv.

Hv. forseti hefur mælzt til þess, að ég reyndi heldur að stytta mál mitt. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á þau mótmæli, sem fram hafa komið gegn þessu frv. Þau hafa, eins og hv. 1. flm. sagði, sérstaklega komið ofan af Akranesi. Útvegsmannafélagið þar hefur mótmælt harðlega, verkalýðsfélagið þar sömuleiðis og þar með sjómennirnir, því að þeir eru meðlimir í því félagi. Bæjarstjórnin hefur sömuleiðis mótmælt harðlega þessu frv. Ég vil leyfa mér að lesa aðeins kafla úr þeim mótmælum, með leyfi hæstv. forseta:

„Faxaflói hefur nú verið friðaður fyrir notkun þessara veiðarfæra," — þ. e. a. s. fyrir dragnót og flotvörpu, — „í 1½—2 ár. Það er samdóma álit sjómanna og útgerðarmanna á Akranesi, að þessi ráðstöfun hafi þegar haft mjög heillavænleg áhrif á fiskgengd í flóanum. T. d. hefur meðalýsuafli Akranesbáta á haustvertíð aukizt frá árinu 1970 úr 0.7 lestum í róðri og í 1.7 lestir árið 1972. Bæjarstjórn Akraness vill því vara alvarlega við afleiðingum þess að leyfa að nýju notkun þessara veiðarfæra í Faxaflóa og beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþ. að samþykkja ekki neinar slíkar heimildir."

Verkalýðsfélagið bendir á ýmis svipuð rök til áréttingar sínum mótmælum og kemst m. a. svo að orði: „Það er skoðun fundarins," — þessi fundur var haldinn 23. marz s. l. í verkalýðsfélaginu, — „að friðun Faxaflóa auki verulega möguleika Reykvíkinga og annarra íbúa við Faxaflóa á að fá ýsu og annan góðfisk í soðið."

Þarna er að sjálfsögðu átt við það, að jafnvel þó að það þyrfti að landa ýsunni og þessum góðfiski annars staðar en í Reykjavík, þá er hann auðfengnari í flóanum vegna friðunarinnar.

Mér er kunnugt um það, að smábátamenn í Reykjavík eru að safna undirskriftum undir svipaða áskorun til Alþ. varðandi þetta frv. Og það sýnir sig þar með, að þetta er ekki bara ein sérvizkan úr þeim Skagamönnum. Það eru fleiri, sem láta sig þetta mál varða.

Ég vil svo að síðustu lesa hér í heild mótmæli, sem nýlega hafa borizt og eru frá Fiskideild Gerðahrepps. Fiskideildir eru, eins og kunnugt er, víðast hvar á útgerðarsvæðum, og þetta eru deildir í Fiskifélaginu og kjósa fulltrúa á Fiskiþing o. s. frv. Undir þessi mótmæli skrifar formaður þessarar deildar, Þorsteinn Jóhannesson, gjaldkerinn, Njáll Benediktsson, og ritarinn, Valur Kristinsson. Mótmæli þessi eru svo hljóðandi, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — ljúka ræðu minni með því að lesa þau:

„Fiskideild Gerðahrepps mótmælir harðlega ákvæðum frv. til l., er nú hefur verið lagt fram á Alþ. um, að heimilaðar verði veiðar með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa. Fiskideildin minnir á fyrri aðgerðir í þessa átt, þar sem tvisvar hefur, frá því að Faxaflói var friðaður, verið stigið það óheillaspor að leyfa veiðar með þessum veiðarfærum til stórtjóns fyrir byggðarlögin við Faxaflóa, sem áttu afkomu sína undir því að veiða fisk úr sjó og eiga enn. Fiskideildin minnir á till. Hafrannsóknastofnunarinnar um nýtingu fiskstofna, þar sem varað er við tog- og dragnótaveiðum nær landi en 6 mílur og hvergi innfjarða vegna hættu á ofveiði af völdum þessara veiðarfæra og þá helzt á ungfiski, en það er vitað, að Faxaflói er óneitanlega uppeldisstöð fyrir allan fisk. Fiskideildin telur, að leysa verði það voðaástand í fisksölumálum Reykvíkinga, sem lýst er í áskorun borgarstjórnar Reykjavíkur, með öðru móti en rányrkju á kostnað dreifbýlisfólksins við Faxaflóa."

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal verða við ósk forseta um að stytta mál mitt. Það eru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi láta koma fram vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Hann minntist nokkuð á það í sambandi við könnun þá, sem opinber aðili, sem ég kalla, Fiskifélagið og trúnaðarmenn þess höfðu staðið fyrir, að hún væri ómark, það hefði verið búið að hreinsa smáfisk úr og hann fluttur í gúanó. Vera má, að svo sé. Þetta er meira en ég hef heyrt, og ég hef satt að segja aldrei leyft mér að væna trúnaðarmenn þessara samtaka um slíkar aðgerðir. Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, að það þekktist hér fyrr á árum, að mokað væri fyrir borð því, sem ekki var seljanlegt eða nýtanlegt. Ég vil benda á það, að mér er ekki kunnugt um, að þetta hafi skeð, eftir að farið var að lögbinda stærkkun möskvans. Það var líka hér áður fyrr, og var vitnað í það m. a. af útvegsmönnum á Akranesi, að Árni Friðriksson barðist fyrir því, að flóinn yrði friðaður. Það var á þeim árum, þegar ofsókn var í Faxaflóa, þegar togarar allra þjóða veiddu að upp að þrem mílum, meðan hægt var að vera með voðina, hvort sem það var botnvarpa eða dragnót, svo smámöskvaða, að ekkert fór út úr henni. Hann mælti þá með lokun og friðun Faxaflóans. Hins vegar hefur enginn af þeim, sem hafa mótmælt þessu, vitnað til þess, að sami vísindamaður mælti með lögum um dragnótaveiðar, sem við settum hér á Alþ. 1961, einfaldlega vegna þess, að það var sett í lögin þá og búið að setja reyndar í önnur lög áður ákvæði um mjög mikla stærkkun möskvans.

Það er vel skiljanlegt, að hv. þm. komi með þessa spurningu: Af hverju geta þessir Reykjavíkurbátar ekki veitt með línu? Nú held ég, að fiskimenn í Reykjavík hafi aldrei rekið sínar fiskveiðar sem sport. Þeir hafa orðið að reka þær þannig að gera það á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. Þessir bátar eru með fjögurra manna áhöfn á botnvörpu og dragnót. Ef þeir væru hins vegar með línu, þyrfti 9 menn til þess að sjá um það úthald. Þetta fólk er ekki til í dag, ekki hér í Reykjavík. Auk þess þekkjum við, að það eru nokkrar hefðir, sem liggja til grundvallar í sambandi við notkun veiðarfæra í ákveðnum verstöðvum og ákveðnum stöðum. Akranes, Vestfirðir og reyndar fleiri staðir — um ákveðið tímabil Suðurnesin — eiga sitt ágæta línufólk, línumenn, sem kunna vel með það veiðarfæri að fara, og ala jafnóðum upp, ef einhver fellur frá. Fiskimenn á öðrum höfnum eru meira bundnir af þeim veiðarfærum, sem þeir hafa alizt upp með og breyting hefur ekki orðið á, vegna þess að þeir hafa í áranna rás séð, að þetta var þeirra hagkvæmasta veiðarfæri.

Hv. þm. minntist nokkuð á það, að við flm. værum með þessu frv. að ráðast gegn dreifbýlinu við Faxaflóa. Satt að segja álít ég, að það hafi verið erfitt að gera mun á því, hvað sé dreifbýli og þéttbýli. Þegar verið er að ræða um dreifbýli hér í þingsölum, a. m. k. þegar talað er um vandamál dreifbýlis, hef ég nú frekar litið svo á, að verið væri að tala um skort á því, sem t. d. þetta þéttbýlissvæði við innanverðan Faxaflóa hefur í sambandi við menntunarmöguleika, heilsugæzlu, samgöngur, félagslega og opinbera þjónustu. Ég held að þeir geti ekki kvartað um það, þessir íbúar á dreifbýlissvæðum við Faxaflóa, að þeir hafi ekki þessa þjónustu í alveg jafnríkum mæli og sumt fólk í úthverfum Reykjavíkur eða uppi í Mosfellssveit.

Það er langt frá því, að ég telji eitthvert píslavætti lagt á okkur Reykvíkinga vegna þessarar friðunar. En ég skil ekki, ef friðunarsjónarmiðið er svona ríkt í mönnum, af hverju það er ekki látið ríkja víðar, þar sem nákvæmlega sömu ástæðurnar eru til og sama þörfin, ef þörf er þá hér? Hvað um Breiðafjörð? Breiðafjörður er friðaður innanverður. En hvernig er hann friðaður? Hann er friðaður til einkanýtingar íbúanna, sem búa við innanverðan Breiðafjörð. Þar er hver einasta vinnandi hönd við vinnu í fiski eða skel. Hv. þm. gleymdi að geta þess, að það má líka veiða skel á þessu svæði. Það er mesti atvinnugjafi, sem hefur komið á síðustu árum í þeim höfnum og byggðarlögum, þar sem slíkum afla er landað. Það er ennþá leyft að veiða rækju í Ísafjarðardjúpi. Menn við Ísafjarðardjúp hafa haldið því fram um langt árabil, að það sé drepið svo og svo mikið af ýsuseiðum, þegar rækjutrollið er á ferðinni. Það kom líka í ljós og var sannað, að þetta gerðist hér á rækjumiðum, sem farið var að nýta fyrir nokkrum árum út af Reykjanesi eða í kringum Eldey. Það var þá bannað þar. Það hefur líklega verið vegna þess, að það voru nokkrir bátar úr Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík, sem stunduðu þessar veiðar. Ég geri ráð fyrir því.

Hv. þm. minntist nokkuð á Borgarnes. Ég er fús til þess að vera með honum í að flytja brtt. við frv. og veita Borgnesingum heimild, ef þeir ætla að fara að koma með fiskverkun. Ég hef alltaf álitið, að það væri mjög skynsamlegt að reyna að afla sér hráefnis, og þá kannske fyrst og fremst með því að gera út. Og ef þeir vilja kaupa sér almennilegt skip, þá fá þeir auðvitað aðgang, eins og aðrir bátar, að þessu svæði, ef þeir eru af þeirri stærð. Það má sjálfsagt breyta fyrir þá sérstaklega þessu svæði, sem við leggjum til að þarna sé friðað. En ég skal viðurkenna það, að ég hafði ekki í huga Borgarnes, auk þess sem ég hef ekki heyrt talað um neina útgerð þar um langt árabil.

Vegna þess að hv. þm. las samþykkt Fiskideildar Gerðahrepps, get ég auðvitað líka lesið fyrir hv. þm. þá samþykkt, sem gerð var í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir stuttu um að mæla efnislega með þessu frv., sem hér er flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 83, n. 393, 394). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,1 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. svo breytt samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,6 (ný 16. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 394,10 (ný 28. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 394,11 samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Sala Hóls í Breiðdalshreppi, frv. (þskj. 396). — 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja jörðina Hól í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu þeim, sem þar eru tilgreindir. Þessi jörð er landlítil, þar eru hús léleg og engin frambúðarhús. Hún hefur verið í eyði í 4 ár og er satt að segja í hálfgerðu reiðileysi og engar líkur taldar á, að jörðin byggist.

Í bréfi oddvita hreppsnefndar kemur fram, að hreppsnefnd er samþykk þeirri ráðstöfun jarðarinnar, sem í frv. felst og þrir tilgreindir bændur í nágrenninu fara fram á. Fyrir því er hér farið fram á heimild Alþ. til þessarar jarðarsölu.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 80. fundur.

Fimmtudaginn 29. marz, kl. 2 miðdegis.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 452, 364). — 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tók til máls við 2. umr. þessa máls á sínum tíma og gerði grein fyrir brtt., sem fluttar eru á þskj. 364 af okkur hv. þm. Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl. Umr. var ekki lokið þá, en síðasta mánudag var framhald 2. umr. Ég hafði þá fjarvistarleyfi, vegna þess að ég var veðurtepptur í kjördæmi mínu, en umr. var þá lokið. Atkvgr. fór fram í gær, og ég tók þá aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 364. Það var á þeirri forsendu, að ég hugði, að það hefðu verið við framhald 2. umr. frekari umr. um brtt. okkar á þskj. 364. Nú er mér tjáð, að svo hafi ekki verið, og þykir mér það ekki lakara, því að það er náttúrlega vottur þess, hve sjálfsagðar þessar brtt. eru, og mælir sú staðreynd betur með till. mínum heldur en þó að ég fari nú að endurtaka það. sem ég sagði við 2. umr. um þær.

Ég vil aðeins með örfáum orðum til glöggvunar því, hvernig málið stendur núna, víkja samt að till. okkar á þskj. 364. Höfuðatriði þeirra var að hækka stofnframlag ríkisins til byggingar dagvistunarheimila, en fella niður rekstrarstyrkinn.

Gert er ráð fyrir í till. okkar, að styrkur til dagheimila hækki úr 50% í 60% og til leikskóla úr 25% í 50%. Hv. d. hefur fundizt þetta svo sjálfsagt, að þegar er búið að samþ. helminginn af þessu, sem við leggjum til. Það var gert við atkvgr. í gær með því að samþykkja hækkun á stofnframlagi til leikskóla úr 25% í 50%. En eftir stendur það, sem við leggjum til, að hækka stofnkostnað dagheimila úr 50% í 60%. Vænti ég þess, að d. sjái sér fært að gera það til samræmis við það, sem hún hefur þegar gert. En þegar þessi stofnframlög hafa verið hækkuð, hefur komið aukinn styrkur til dagheimila á móti því, sem við leggjum til, að rekstrarkostnaðurinn falli niður. Ég tel, að það sé svo sjálfsagt mál, eins og ég færði rök fyrir við 2. umr., að ekki eigi að vera á vegum ríkisins rekstur þessara stofnana. Ég ætla ekki að fara að rifja það frekar upp.

Ég vil svo aðeins fyrir utan þetta, sem er höfuðatriði till. okkar, víkja að því, að við gerum till. um það, að 4. mgr. 15. gr. verði breytt frá því, sem er í frv. Það er ákaflega lítil breyting og ég hygg engin efnisbreyting, en hins vegar leiðrétting, því að það stendur í frv., að ríkinu sé skylt að hafa lokið framlagi sínu innan fjögurra ára, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun. Þetta held ég, að verði markleysa. Það mun hafa átt að standa, að ríkinu sé skylt að hafa lokið framlagi sínu, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan fjögurra ára frá því er fyrsta framlag var innt af hendi. Till. okkar á þskj. 364 miðar að því, að þessu verði breytt á þennan veg.

Þá er að lokum önnur brtt. við 15. gr. frv. Hún hnígur í sömu átt og brtt., sem samþ. var í gær á þskj. 361 frá Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni. En okkar till. gengur lítið lengra, og það tel ég, að sé nauðsynlegt. En hér er um það að ræða, hvernig á að bregðast við, ef byggingarkostnaður fer fram úr áætlun. Eins og frv. stendur núna eftir þá breytingu, sem gerð var í gær, er talað um, að ríkisframlagið skuli miðast við áætlaða fjárhæð, að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar. Þ. e. a. s. ef byggingarkostnaðurinn hækkar, þá er tekið tillit til þess. En kostnaður dagheimilisins getur hækkað af öðrum ástæðum en þeim, að hinn beini byggingarkostnaður hækki. Það getur orðið breyting á framkvæmdum, t. d. stækkun eða annað því um líkt. Því er eðlilegra að hafa þetta ákvæði rýmra, þannig að það nái til allra tilvika, og við það er miðuð brtt. okkar á þskj. 364. Þetta er í samræmi við það, sem er í skólakostnaðarlögunum. Ákvæðið, sem við leggjum til, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fer á byggingartímanum heildarbyggingarkostnaður dagvistunarheimilis fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun, og skal þá sá ríkisstyrkur, sem umfram er, greiðast á næstu 2 árum eftir fjögurra ára tímabilið samkv. 4. mgr.“

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fjölyrða um þetta. Ég vænti þess, að okkur takist að gera þessar sjálfsögðu leiðréttingar, sem enn þarf að gera að mínu viti, til þess að það verði snyrtileg afgreiðsla á þessu þarfa máli frá hv. d.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í gær fór fram atkvgr. um hinar ýmsu brtt., sem bornar höfðu verið fram við 2. umr. málsins. Er þar skammt frá að segja, að þær till., sem n. flutti sem heild, og þær till., sem við fluttum tveir, ég og hv. 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, voru samþ., svo og ein till., sem flutt var af hv. 6. þm. Reykv., Auði Auðuns, sem nú er ekki á þingi, en aðrar till. hennar voru felldar. Ég held ég geti leyft mér

að fullyrða, að þarna hafi hv. d. verið að framkvæma nokkur mistök, vegna þess að með því að samþykkja eina af þessum brtt., en fella aðrar, var raunverulega um órökrétta ályktun að ræða af hálfu deildarinnar.

Það hefur yfirleitt verið gengið út frá því, að það sé fyrst og fremst um að ræða tvo möguleika í sambandi við hlutdeild ríkisins hvað snertir kostnað við dagvistunarheimili. Annars vegar er það, að ríkið taki þátt í rekstrinum og eigi þá minni hlutdeild í stofnkostnaðinum, og hins vegar það, að ríkið komi hvergi nærri rekstrinum, en taki þá þeim mun meiri þátt í stofnkostnaðinum. Ég tel, að sú till., sem hér var samþ. um að hækka stofnkostnaðarframlag til leikskóla hafi verið tengd þeirri hugsun, að ríkið taki þá ekki þátt í rekstrarkostnaði. Aftur á móti fór svo við atkvgr. hér í d. í gær, að felld var till. um að fella niður 9. gr. frv., þannig að hún stendur áfram. Þar er einmitt gert ráð fyrir aðild ríkisins að rekstrarkostnaði þessara heimila, þannig að þarna var deildin raunverulega komin í mótsögn við sjálfa sig. Ég held, að skýringin á þessu hafi verið ósköp einfaldlega sú, að það voru illar heimtur á þingliði, þegar atkvgr. fór fram. M. a. voru tveir ráðh. fjarstaddir, báðir staddir erlendis, og auk þess vantaði allmarga þm., sem sumir hverjir komu inn í d., þegar leið á atkvgr., þannig að hún sýndi raunverulega ekki rétta mynd af vilja þingmeirihl. í þessu máli.

Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að það sé eðlilegt, að til dagheimila og skóladagheimila sé ríkinu ætlað að greiða hærri hlutdeild í kostnaði heldur en þegar um er að ræða leikskóla, vegna þess að í fyrsta lagi er mest og brýnust þörfin einmitt á dagheimilum og skóladagheimilum, að því er hinir fróðustu menn telja, og í öðru lagi eru þessi heimili sérstaklega dýr, hlutfallslega miklu dýrari en leikskólarnir, og þá einkum vegna þess, að þegar um er að ræða dagheimili og skóladagheimili, þá er um að ræða í byggingunni mjög kostnaðarsamar eldhúsbyggingar.

Ég vil leyfa mér að freista þess við 3. umr. málsins að fá framkvæmda hér á nokkra bragarbót. Mér skilst, að eftir að fellt hefur verið formlega við 2. umr. málsins, að greiða skuli til leikskóla 25% af áætluðum stofnkostnaði, sé ekki unnt raunverulega að endurtaka þá atkvgr., öðruvísi en að um sé að ræða aðra kostnaðarhlutdeild, og ég vil leyfa mér að flytja hér till. um, að hlutdeild ríkisins í áætluðum stofnkostnaði leikskóla verði 30%. Ég flyt tvær aðrar brtt. við frv., sem ég geri grein fyrir hér á eftir, en vegna misskilnings flaut þessi till. ekki með á þskj., og ég vil því leyfa mér að flytja hana sérstaklega sem skriflega brtt. á þann veg, að í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. komi í stað 50%, eins og nú er eftir 2. umr. málsins: 30%.

Á þskj. 461 hef ég leyft mér að flytja tvær brtt.

Í fyrsta lagi er það brtt. við 9. gr. Eins og ég tók fram, þegar 2. umr. fór fram, nokkru áður en umr. var lokið, virðist ljóst, að greininni, eins og hún er í frv., sé ábótavant, fyrst og fremst frá því sjónarmiði, að í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að ýmsir fleiri aðilar en sveitarfélög geti rekið slík heimili, t. d. húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þessara laga. Þá er gert ráð fyrir því, að ríkið greiði sjálfsagt sitt framlag til rekstrarins. En ef þessi heimili fá ekki neitt framlag frá viðkomandi sveitarfélagi, sem alls ekki þarf að vera og sveitarfélagið er á engan hátt skyldugt til að greiða, þá liggur í augum uppi, að það vantar algerlega aðilann, sem á að fylla þarna í skarðið, þannig að hægt sé að uppfylla það skilyrði, að aðstandendum barna sé ekki gert að greiða meira en 30% af heildarrektrarkostnaði. Þarna yrði þá um það að ræða, að það væri bókstaflega talað ekki hægt að reka þessa leikskóla og þessi dagvistunarheimili undir þeim kringumstæðum. Þar af leiðir, að á þessu þarf að gera einhverja bragarbót, þannig að sveitarfélögin geti ekki algerlega stöðvað rekstur slíkra heimila, sem uppfylla öll skilyrði að öðru leyti, einungis með því að neita þeim um rekstrarstyrk, sem sveitarfélögin eru sem sagt ekki skyldug til að veita.

Um leið og farið er að hreyfa við þessari gr., hefur mér fundizt eðlilegt að ganga eilítið til móts við þá gagnrýni, sem komið hefur fram á þessa gr., m. a. frá stjórnarandstöðunni. Því hefur verið haldið fram, að rekstri þessara heimila væri óþarflega þröngur stakkur skorinn með því að binda þetta á þann veg, sem gert er í frv., en þar er sem sagt gert ráð fyrir því, að aðstandendum barna sé ekki gert að greiða meira en 30% af heildarrekstrarkostnaði dagheimila og skóladagheimila. Þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkið greiði önnur 30%, þýðir þetta í reynd, að sveitarfélögin verða þá að taka á sig ekki minna en 40% af rekstrinum. Hvað leikskólana snertir, er gert ráð fyrir því, að aðstandendur greiði ekki meira en 50% af rekstrarkostnaði, og þar sem frv. gerir ráð fyrir, að ríkið greiði 20%, leiðir af því, að sveitarfélögin yrðu að taka á sig að greiða minnst 30% af rekstrinum. Ýmsum, sem annast rekstur sveitarfélaga, hefur fundizt, að þetta væri óþarflega þung kvöð á sveitarfélögunum, og aðrir hafa óttazt, að þessi stífu skilyrði yrðu kannske til þess, að sveitarfélögin yrðu tregari til að reka heimili af þessu tagi, þegar á þau væru lagðar svo þungar byrðar, þannig að að þessu athuguðu hef ég talið skynsamlegt að rýmka þetta eilítið, og mér hefur þá fundizt sanngjarnt að gera ráð fyrir því, að sveitarfélögunum væri ekki skylt að greiða til þessara heimila meira en ríkið gerir, þannig að ríki og sveitarfélög greiddu álíka mikið, ef sveitarfélagið greiði minna, þá greiði ríkið minna, og þetta sé tengt saman. Ég get ekki fallizt á það sjónarmið, sem fólst í till. frú Auðar Auðuns, hv. 6. þm. Reykv., að fella algerlega niður þessa gr., vegna þess að ég og aðrir höfum óttazt, að afleiðingin yrði sú, að þegar ríkið kæmi þarna inn sem aðili að rekstrinum í þeim tilgangi að lækka gjöldin fyrir aðstandendur barnanna, þá gæti það leitt til þess, að sveitarfélögin reyndu að smokra sér algerlega undan þessum kostnaði og það yrði einfaldlega um að ræða, að ríkið tæki á sig byrði, sem sveitarfé-

lögin slyppu við. Það var aldrei tilgangurinn með þessari gr. Tilgangurinn með henni var fyrst og fremst að reyna að halda niðri gjöldum, sem aðstandendum barna er gert að greiða. Þess vegna tel ég sjálfsagt og eðlilegt að halda ákvæði af þessu tagi áfram í frv., en mér finnst eðlilegra að orða þetta þá með öðrum hætti, eins og ég hef leyft mér að gera í brtt. á þskj. 461, þannig að fyrri mgr. 9. gr. orðist svo: „Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins". Þetta hefur þá í för með sér, að ef ríkinu er ætlað að greiða 30% til dagheimila og skóladagheimila, þá greiðir sveitarfélagið 30% á móti og aðstandendur greiði þá allt að 40%. Hvað leikskólana snertir, þá greiðir ríkið 20%, sveitarfélagið greiðir þá 20% á móti og aðstandendur þá allt að 60%. Þarna er um að ræða lækkun um 10% í báðum tilvikum.

Til viðbótar legg ég til, að við greinina bætist þau orð, sem eru á þskj. 461: „Þó getur ráðh. veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr." Ef sveitarfélagið er ekki á nokkurn hátt aðili að rekstrinum og vill ekki taka þátt í að halda niðri rekstrinum, getur ráðh. gefið þeim, sem reka heimilin, frjálst val um það, hvað gjöldin eigi að vera há. Ég held, að þessi smuga verði að vera í frv., ef við eigum yfirleitt að gera ráð fyrir því, að heimili af því tagi, sem nefnd eru í 3. gr., heimili rekin af húsfélögum fjölbýlishúsa, af starfsmannafélögum og öðrum slíkum aðilum geti yfirleitt átt sér einhverja lífsvon.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, þegar um það er að ræða, að sveitarfélagið er stuðningsaðili sjálfstæðs aðila, sem rekur dagvistunarheimili, eins og er í Reykjavíkurborg, þar sem dagvistunarheimilin eru fyrst og fremst rekin af Barnavinafélaginu Sumargjöf, að þá sé að sjálfsögðu um það að ræða, að sveitarfélagið haldi áfram að greiða til rekstrarins með sama hætti og það hefur áður gert og í þeim hlutföllum, sem hér koma fram. Þetta ákvæði, sem ég var að lesa áðan, að ráðh. geti veitt undanþágu frá þessu skilyrði, á fyrst og fremst við í öðrum tilvikum, fyrst og fremst í þeim tilvikum, þar sem komið hefur verið á fót dagvistunarheimilum, án þess að sveitarfélögin hafi komið þar nokkurs staðar nærri.

Ég hef að lokum gert till. á þskj. 461 um smávegis breytingu á 15. gr. frv. Þessi brtt. er þannig til komin, að upphaflega lagði ég þessa brtt. fram í n., sem málamiðlunarhugmynd. Þá var gert ráð fyrir því, að það yrði opnað fyrir þann möguleika, að ríkið greiddi ekki jafnóðum hlutdeild sína í stofnkostnaðinum, heldur væri nægilegt að menntmrn. hefði verið búið að samþykkja dagvistunarheimilin, til þess að hefja mætti byggingu, — sem sagt hvert einasta dagvistunarheimili þyrfti ekki að ganga í gegnum afgreiðslu fjárlaga, þannig að hefja mætti byggingu á því. Þessi gr. var af minni hálfu hugsuð sem málamiðlunargrundvöllur, og sú málamiðlun var reynd án árangurs. Þegar sýnt var, að ekki væri hægt að ná neinu samkomulagi um þessa leið, en meiri hl. væri eindregið þeirrar skoðunar, að það ætti að halda sig við það, að Alþ. samþykkti formlega sérhvert dagvistunarheimili, sem það á annað borð ætlaði sér að veita fjárveitingu til, —— þegar ljóst var, að meiri hl. var fyrst og fremst fyrir þessu og ekki öðru, dró ég þessa till. aftur í n. og vildi að sjálfsögðu freista þess að koma frv. í gegn með þeim hætti, sem helzt væru líkur til þess að ná samkomulagi um það. En þá tók hv. 6. þm. Reykv. upp þessa till. og gerði hana að sinni till. og flutti hana á þskj. 370 og ætlaðist þá til, að hún kæmi algerlega í staðinn fyrir 15. gr. Sú till. var felld hér í gær. Það liggur því fyrir, að d. æskir þess, að sá háttur verði hafður á um dagvistunarheimilin eins og gert er um skólana, að Alþ. verði að samþykkja formlega sérhvert dagvistunarheimili, áður en bygging er hafin á því. Aftur á móti vildi ég taka upp þessa till. sem 4., 5. og 6. mgr. við 15. gr., þannig að 1., 2. og 3. mgr. stæðu, en þar er kjarni málsins fólginn, þetta atriði, sem ég var að ræða áðan. En síðan gæti þessi gr. komið þar á eftir, því að þar er um að ræða gagnlegar hugmyndir, sem eru einkum fólgnar í því, að framkvæmdaaðilinn geti útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnunar með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, og þá er heimilað, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs, jafnvel þótt fullt framlag í byggingunna sé ekki fyrir hendi. Ég tel, að það sé eðlilegt að hafa þessa heimildagr. þarna með, vegna þess að ég óttast að sjálfsögðu, að það verði svo mikill fjárskortur, að það verði erfitt að uppfylla þær kröfur, sem gerðar verða til ríkisins á þessu sviði, og það sé því þörf á að hafa slíka heimild í lögunum. Brtt. mín felur raunverulega ekki í sér aðrar efnisbreytingar en þessa, að opna þá leið, að það sé hægt fyrir ríkissjóð að ábyrgjast slík lán að hluta ríkissjóðs, og í öðru lagi tel ég, að gr. sé miklu betur orðuð eins og er í brtt. M. a. hef ég skipt þarna á nokkrum orðum. Í frv. var ævinlega talað um, að í áætlun skyldi miðað við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um. Ég tel, að það sé til íslenzkt orð um þetta efni, það sé óþarfi að orða þetta á svo klúðurslegan hátt, og þess vegna sé eðlilegast að segja: „Skal í áætlun þessari miða við þá staðla, sem reglugerð kveður á um."

Ég held, að ég geti látið þessar skýringar nægja um þær brtt., sem ég hef borið fram.

Jón Árnason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti hv. menntmn. allmargar brtt. við það mál, sem hér er nú til umr., og voru þær brtt. allar samþ. Þá lá einnig fyrir, eins og hér hefur komið fram, brtt. á þskj. 370 frá hv. 6. þm. Reykv. og brtt. á þskj. 364 frá hv. 5. þm. Vestf. ásamt mér. Till. á þskj. 364 voru teknar til baka til 3. umr., en aðrar brtt. gengu yfirleitt til atkv. Nú hefur hv. þm. Ragnar Arnalds flutt brtt. við frv. enn á ný, sem hann flytur einn á þskj. 461, og einnig skrifl. brtt., þar sem hann hyggst gera bragarbót á afgreiðslu Alþ. við 2. umr. þessa máls. Sem sagt, hv. þm. vill halda því hér fram, að Alþ. hafi

ekki gert sér grein fyrir því, hvað það var að afgreiða, þegar hv. d. samþykkti brtt. á þskj. 370, 1. tölulið. 6. gr., þar sem kveðið er á um, að til leikskóla skuli ríkisstyrkurinn vera 50% af áætluðum stofnkostnaði. Sams konar till. höfðum við flutt á þskj. 364, 2. tölul. b, þar sem lagt er til, að í stað 25% komi 50%. Ég hygg, að þarna sé um svo skýr ákvæði að ræða, að menn geti varla villzt á um, þeir hafi vitað, hvað þeir voru að gera, þegar þeir réttu upp höndina um málið. Og ég minnist þess sérstaklega vegna þess, að þá var endurtekin atkvgr. um þessa till. og ég spurði hv. 1. þm. Vestf., — hann er nú því miður ekki hér inni í d., — hvort það væru einhver mistök í þessari afgreiðslu hjá þeim í stjórnarflokkunum. Nei, hann sagði, að það væri síður en svo, það væru nokkuð skiptar skoðanir um þetta, en hann væri á því út af fyrir sig, að það ætti að vera 50% þátttaka ríkisins í stofnkostnaðinum, og ég vænti, að hann hafi ekki skipt um skoðun.

Það kemur mér einkennilega fyrir sjónir, ef hv. d. fer að breyta ákvörðun sinni um það, að hið opinbera skuli vera þátttakandi í byggingu leikskólanna um 50%, eins og samþ. var við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 464) samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður kom nokkuð inn á það, sem ég vildi sagt hafa, og get ég þess vegna verið stuttorður. Ég tel, að afstaða mín í þessu máli hafi verið skýlaus. Það kom fram á nefndarfundum, að ég vildi gjarnan, að hægt væri að hækka stofnkostnaðarhluta ríkisins, og um það vorum við fleiri sammála, og vel kæmi til greina, að rekstrarkostnaðarhluti af hálfu ríkisins væri því minni. Þessi till. var samþ. í gær, og ég er ekki svo öruggur í þingsköpum, að ég geti fullyrt, en forseti mun þá athuga það, hvort hægt er að koma með brtt. beint í kjölfarið, sem gengur skemur og kippir því til baka strax við 3. umr. Ég beini því til forseti, hvort hægt er að gera slíkt.

Varðandi brtt. á þskj. 461 frá Ragnari Arnalds, sem hann gerði hér grein fyrir áðan, þá er ég honum sammála um þá viðbót, sem þar er. Ég var hins vegar á því og tel það rétta stefnu, sem ég veit ekki annað en hæstv. fjmrh. sé aðili að, að það sé ekki rétt að ávísa á ríkissjóð með samþykkt á byggingarkostnaði félagsheimila og láta svo fjmrh. eða fjárveitingavaldið síðar glíma við þá ávísun, heldur sé tryggt fyrirfram, að fjármagnið sé fyrir hendi, því að vel mætti hugsa sér, að hæstv. menntmrh. stimplaði æðimargar umsóknir, rétt áður en hann færi, og ávísaði þá á komandi ráðh. Fyrir þennan leka vil ég setja, vegna þess að það er hollt fyrir fjvn. og Alþ. að hafa á hreinu, hve mikið fjármagn á að fara í þessar byggingar. Hitt er svo annað mál, að ég vil ekki hefta þá aðila, sem hafa góða og örugga lánfjárútvegun, í að geta hrundið sínum byggingum í framkvæmd. En nauðsynlegt er að hafa þessi mál á hreinu. Ef það er rétt skilið, að viðbótartill. frá hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, leysi þetta og geri þessum fjársterkari aðilum mögulegt að hefja framkvæmdir, þó án þess að ríkissjóður geti komið þegar inn í dæmið, þá get ég fallizt á það. En það þarf að vera algerlega á hreinu, eins og fyrri liður 15. gr. ber með sér, að ekki er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárl. Við höfum framkvæmt það þannig nú í skólakostnaðarl., að byrjunarfjárveiting, þótt að ekki sé nema 50 þús. eða 100 þús., er afgreidd í fjvn., og þar með er búið að samþykkja framkvæmdina. Hins vegar ef einhver aðili er svo sterkur í sambandi við dagvistunarheimilin, skólaðagheimilin, að hann geti fjármagnað þetta á stuttum tíma á þann hátt, sem brtt. gerir ráð fyrir, þá vil ég ekki heldur hefta það. En ég tel óeðlilegt, að þessu sé vísað á ríkissjóð, án þess að um það liggi fyrir nokkur ákveðin regla.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram, til þess að ekki sé misskilningur á ferðinni varðandi brtt. mína á þskj. 461 við 15. gr. og út af ummælum hv. 5. þm. Reykn., Jóns Árm. Héðinssonar, að ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þrjár fyrstu mgr. standi óbreyttar áfram. Þar segir í 1. mgr.: „Alþ. ákveður hverju sinni framlag til byggingarframkvæmda. Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárl. og fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrn“ o. s. frv. Ég er ekki að gera till. um að breyta þessu og vona, að það sé alveg ljóst. Og ég reikna með, að þessar mgr. standi áfram óbreyttar, en síðan breytist 4., 5. og 6. mgr., og þá er það fyrst og fremst, að það er verið að skjóta þarna inn heimildinni til sölu skuldabréfa.

Í tilefni af orðum hv. 2. þm. Vesturl., Jóns Árnasonar, þá er það misskilningur á orðum mínum, að ég hafi haldið því fram, að menn hafi ekki vitað, hvernig þeir voru að greiða atkv. hér í gær. Ég tók það sérstaklega fram, að úrslit atkvgr. hefðu kannske verið á annan veg en eðlilegt hefði verið vegna þess, hversu margir voru fjarverandi. Ef ég man rétt, tóku aðeins 13 þátt í þessari atkvgr., og ég tel rétt, að það reyni á það, enda hafði ég ævinlega skilið það svo við umr. í n., að menn teldu þetta hvort tveggja samhangandi. Ef það væri sem sagt ætlunin að hækka stofnkostnaðinn, þá væru menn að gera það vegna þess, að það væri meiningin að lækka eða fella alveg niður rekstrarkostnaðinn. Um þetta varð samkomulag af hálfu meiri hl., að fara þá ekki að hreyfa við þessu, úr því að ekki lá fyrir heildarsamkomulag um neitt annað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir það, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði hér áðan í tilefni af ummælum hv. 4. þm. Norðurl. v. Það var fullkomin ástæða til þess að gera aths. við þau ummæli. Það var ekki hægt að skilja ummæli 4. þm. Norðurl. v. öðruvísi en þessari d. væri svo áfátt um afgreiðslu mála, að menn vissu ekki, hvað þeir væru að gera. Ég spyr: Hvaðan kemur hv. þm. vitneskja til þess

að fullyrða hér, að ef fleiri hefðu verið í d., mundi afgreiðsla hafa orðið eitthvað frekar í þá átt, sem hann vill? Við verðum að gera ráð fyrir, að þm. fylgi sannfæringu sinni í þessu máli. Menn skiptast alla vega í þessu máli. Það fer ekki eftir neinum flokkum eða stjórn eða stjórnarandstöðu, svo að mér finnst þessi ummæli hv. þm. í hæsta máta óviðurkvæmileg.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það hangir saman annars vegar að hækka stofnframlag af hálfu ríkisins til heimilanna og hins vegar að fella niður rekstrarstyrk ríkisins. Þetta er alveg rétt. En hins vegar er það ekki rétt ályktun hjá hv. þm., að samþykkt d. á hækkun á stofnkostnaðarframlagi til leikskóla úr 25% í 50% sé órökrétt afgreiðsla. Það er miklu eðlilegra að ætla, að þessi hv. d. og einstakir þm. geti hugsað rökrétt. Það er eðlilegra að gera ráð fyrir því, að þm. vissu, að fyrir lá till. um það að hækka einnig stofnkostnaðarframlag til dagheimila. Sú afgreiðsla að hækka stofnkostnaðarframlögin til leikskóla bendir því til þess, að d. hafi ætlað sér að vinna hitt verkið, þ. e. varðandi dagheimilin, þegar till. kæmi til afgreiðslu. En það gat d. ekki í gær, vegna þess að ég dró till. okkar hv. 2. þm. Vesturl. til baka til þessarar umr. Það er ekkert órökrétt við það, sem gerzt hefur.

Þá vildi hv. 4. þm. Norðurl. v. telja, að með því að það hefði verið felld brtt. um að fella 9. gr. niður, sem fjallar um eina hlið rekstrarkostnaðarins, hafi d. verið að lýsa því yfir, að hún vildi halda rekstrarkostnaðinum. Þetta er alger misskilningur, því að aðalgr., sem varða rekstrarkostnaðinn, er 8. gr. Með því að ég dró til baka till. okkar hv. 2. þm. Vesturl. um að fella þá gr. niður, var ekkert óeðlilegt, að 9. gr. stæði, á meðan svo var ástatt.

Nú hefur hv. 4. þm. Norðurl. v. borið fram skrifl. till. um það að lækka á ný stofnframlag ríkisins til leikskóla úr 50%, sem samþ. var í gær, ofan í 30%. Ég lýsi fullkominni andstöðu við þessa till., og þó að svo kunni að vera, að það sé ekki brot á þingsköpum, þá eru þessi vinnubrögð í hæsta máta óeðlileg.

Um brtt. á þskj. 461, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. leggur nú fram og hefur gert grein fyrir, vil ég aðeins segja það, að ég er þeim andvígur. Það leiðir af því, sem ég hef áður sagt um afstöðu mína til þessa máls. Ég verð að segja það, að mér fannst rökstuðningur hv. þm. fyrir þessum brtt. harla þokukenndur. Hann var að lýsa hugmyndum meiri hl. í menntmn. og svo minni hl., sem var frú Auður Auðuns. Mér skildist, að þegar málið var rætt menntmn., hefði þessi hv. þm. verið í meiri hl., en nú allt í einu hefur hann skellt sér yfir í minni hl. og sezt í sæti frú Auðar Auðuns. Það færi vel á því, að hann gerði það oftar og þá sérstaklega í þeim málum, sem er augljósara að eru réttlætismál heldur en þetta er.

En það sem ræður úrslitum hjá mér, að ég er á móti till. í 2. tölul. á þskj. 461, er það, að þar er tekið fram, að ríkissjóður skuli að jafnaði greiða sinn hlut af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu 4 árum. Það er þetta „að jafnaði". Í frv. stendur, að ríkinu sé skylt að gera þetta, ef Alþ. er búið að ákveða stofnframlag. Mér finnst, að hv. Alþ. eigi að afgreiða þessi lög þannig, að sú aðstoð, sem veitt er, sé sem öruggust og traustust, og það eigi ekki að vera að opna undankomuleið til þess, að það skapist svokallaður hali á greiðslum, sem ríkissjóður á að inna af hendi í þessum tilgangi. Þetta er bein afturför og til óþurftar fyrir þá aðila, sem koma til með að reisa dagvistunarheimilin.

Ég ítreka það, að ég er á móti því, að ríkið styðji rekstur þessara heimila, en vil hins vegar, að ríkið styðji betur byggingu þeirra en hér er gert ráð fyrir. Það væri hægt að flytja hér langt mál um óréttmæti þess, að ríkið fari að styðja slíkan rekstur. Ég held líka, að það séu í hæsta máta óraunhæf vinnubrögð. Ég sagði áðan, að ég hefði verið veðurtepptur vestur í mínu kjördæmi. Ég spurðist fyrir um, hvernig þessum málum væri háttað í tveim kauptúnum þar. Þar er mjög þýðingarmikið, að börnum sé komið fyrir í gæzlu, vegna þess að það er almenn regla, að mæðurnar vinna í frystihúsum. Á öðrum staðnum kostar frystihúsið allan rekstur barnaheimilisins, á hinum staðnum 40% af rekstrinum. Auk þess verðum við að hafa í huga, að á stöðum hvarvetna úti um land eru margs konar félög og einkum og sér í lagi kvenfélög, sem láta til sín taka þessi mál. Þannig eru réttar fram á sjálfboðaliðsgrundvelli ótal hendur í þessum efnum. Þetta er farsælt, vegna þess að það fólk, sem gerir það, hefur staðarþekkingu á málunum, og aðstoð þess verður raunhæfust. Nú vilja menn, að ríkið fari að taka þessi mál í sínar hendur. Auk þess sem það er vafasöm ráðstöfun hjá þeim aðilum, sem þurfa á rekstri þessara stofnana að halda, þá er það í hæsta máta óréttmætt gagnvart þeim byggðarlögum, öllum sveitum landsins og fleiri byggðarlögum, sem hafa ekki slíkar stofnanir, að greiða rekstrarkostnað þeirra af almannafé.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Happdrætti háskólans, frv. (þskj. 455). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 459). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram til kynningar á síðasta þingi, síðan var það flutt á nýjan leik í upphafi þessa þings, og Nd. hefur nú lokið afgreiðslu sinni á því.

Frv. er tiltölulega einfalt.

Í 1. gr. eru skilgreind dvalarheimili aldraðra þannig, að þau séu ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

Í 2.—6. gr. eru frekari ákvæði um þessi dvalarheimili, og eru þau í samræmi við lög um sjúkrahús og lög um opinberar framkvæmdir. Ég vil þó vekja athygli á nýmæli í 6. gr., en þar segir: „Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.“ Í Nd. var þarna bætt við einni setningu: „Sama á við um starfslið stofnunar, hafi ekki verið gerður samningur um samstarfsnefnd.“ Var það eina brtt., sem samþ. var í Nd.

Meginefni frv. felst svo í 7. gr., en þar eru fyrirmæli um það, hvernig ríkið eigi að leggja fram fjármagn til dvalarheimila, en um slík framlög hefur ekki verið að ræða til þessa. Í þeirri gr. segir svo: „Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða ⅓ hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að ⅓ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.“ Þetta eru ákvæði, sem tvímælalaust eiga að ýta mjög undir það, að slík dvalarheimili verði byggð í ríkari mæli en gert hefur verið til þessa, en á því er víða ákaflega mikil nauðsyn.

Í 8. gr. er svo ákvæði um það, að daggjaldanefnd ákveði upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Að öðru leyti held ég, að frv. skýri sig sjálft og að hv. alþm. sé fullkunnugt um öll þau atriði, sem þar er fjallað um.

Ég vil vænta þess, að hv. Ed. afgreiði þetta frv., þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli. Í kjölfar þess mundi tvímælalaust hefjast undirbúningur að framkvæmdum á þessu sviði.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 435). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um eiturefni og hættuleg efni frá 1968 er flutt vegna þess, að þegar lög um eiturefni og hættuleg efni voru afgreidd, fengu listar yfir eiturefni og hættuleg efni lagagildi, og yrði því að fara með breytingar og viðbætur á þeim sem um lagabreytingar væri að ræða. Hins vegar er slíkt mjög óhagvæmt. Því er það meginefni þessara frv., að gert er ráð fyrir, að skráning eiturefna og hættulegra efna sé staðfest með reglugerð að fengnum till. eiturefnanefndar og landlæknis. Ég hygg, að flestir séu sammála um, að það er of þungt í vöfum að þurfa að flytja till. um breyt. á l. í hvert skipti, sem ný efni bætast inn á þessa lista, og það sé skynsamleg hagræðing að hafa þann hátt á, sem lagt er til í þessu frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 29. marz, kl. 2 miðdegis.

Sala Hóls í Breiðdalshreppi, frv. (þskj. 396). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 374, n. 449). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 73. fundur.

Fimmtudaginn 29. marz að loknum 72. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 469).

Námulög, frv. (þskj. 428 (sbr. 48)). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta liggur nú fyrir Alþ. í þriðja skipti. Á síðasta þingi var fjallað gaumgæfilega um það hér í hv. Nd. og hún afgreiddi það frá sér til Ed. Hins vegar vannst Ed. þá ekki tími til þess að ljúka sínum störfum. Þetta frv. var svo lagt fyrir Ed. snemma á þessu þingi, og Ed. er búin að fjalla um málið og sendir það nú til Nd. með fáeinum breytingum. Þar sem málið hefur verið svo vel kynnt hér áður, sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja það efnislega, en legg til, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga hef ég ásamt hv. þm. Ágúst Þorvaldssyni, Karvel Pálmasyni, Karli G. Sigurbergssyni, Stefáni Gunnlaugssyni og Ólafi G. Einarssyni leyft mér að flytja frv. um breyt. á sveitarstjórnarl., nr. 58 frá 29. marz 1961, á þskj. 380. Í grg. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband ísl. sveitarfélaga hlutaðist til um, að meðfylgjandi frv. fengist flutt og afgreitt á yfirstandandi þingi. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verig stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi ísl. sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í lögum og að í sveitarstjórnarl. séu ákvæði um þau. Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarl., nr. 58 frá 29. marz 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfund þeirra og um tekjur þeirra. Ákvæði frv. hagga í engu ákvæðum gildandi laga um einstök sveitarfélög og sýslufélög."

Svo sem hv. þm. er kunnugt, hafa þegar verið stofnuð landshlutasamtök sveitarfélaga um land allt, eins og vikið er að í grg. stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hér er um að ræða algerlega frjáls samtök sveitarstjórnarmanna sjálfra í viðkomandi landshlutum, sem þeir hafa átt frumkvæði um, en stjórn og forustuaðilar Sambands ísl. sveitarfélaga hafa stutt þessa þróun mála með ráðum og dáð, svo sem raunar kemur fram í ósk þessara aðila um flutning á þessu frv. Mér er ekki launung á því, að ég hef verið þess mjög hvetjandi, að sveitarstjórnarmenn í hinum ýmsu landshlutum byndust samtökum og var raunar framkvæmdastjóri slíkra samtaka um skeið. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið hárrétt stefna frá hálfu ríkisvaldsins og Sambands ísl. sveitarfélaga að hvetja til þess, að allt frumkvæði í þessum efnum kæmi frá heimamönnum með þeim hætti, sem varð. Á hinn bóginn tel ég nú brýna nauðsyn bera til þess, að hv. Alþ. staðfesti orðinn hlut og samræmi starfsemi landshlutasamtakanna með rammalöggjöf í samráði við þau sjálf og Samband ísl. sveitarfélaga, svo sem nú er freistað með flutningi þessa frv.

Það er ekki sízt nauðsynlegt að sníða þessum samtökum ákveðinn stakk í lögum vegna þess, að þróunarferli þeirra er nú þar komið, að löggjafinn ræðir í sívaxandi mæli um að fela þeim ákveðin verkefni til úrlausnar, og því er óhjákvæmilegt, að samræmdar séu að einhverju leyti reglur um þau, m. a. kjör fulltrúa á aðalfund eða þing samtakanna. Ég tel því, svo sem raunar hefur komið fram hér á hv. Alþ. og m. a. í ræðu hæstv. menntmrh., að það sé forsenda fyrir því að afgreiða grunnskólafrv., sem nú liggur fyrir hv. Nd., að þetta frv. verði að lögum. Margar aðrar ástæður liggja einnig til þess að hraða afgreiðslu þessa frv.

Þegar byggðaáætlanagerð hófst hér á landi á s. l. áratug, kom í ljós, að mikil þörf var á samstarfi sveitarfélaga í þeim landshlutum, sem sú áætlanagerð náði til, svo að heimamenn gætu samræmt sjónarmið sín um þróun landshlutans og komið sameiginlega fram við þær ríkisstofnanir, sem eðli málsins samkv. önnuðust áætlanagerðina. Þau vinnubrögð að taka upp byggðaáætlanagerð höfðu veruleg áhrif í þá átt, að landshlutasamtök sveitarfélaga urðu til. Enginn vafi er á því, að þetta upprunalega hlutverk landshlutasamtakanna að vera samstarfsvettvangur sveitarstjórnarmanna um mótun heildarstefnu í uppbyggingu einstkra landshluta verður um langa hríð eitt af meginverkefnum þessara samtaka. Það hefur því miður verið svo um marga áratugi, að skort hefur mjög á slíkt samstarf, en reipdráttur og hrepparígur einkennt um of samskipti sveitarfélaga á landsbyggðinni. Þetta hefur á stundum gengið svo langt, að staðið hefur fyrir eðlilegri þróun heilla landsfjórðunga. Einasta leiðin til þess að koma í veg fyrir, að slík mistök eigi sér stað, eru samtök heimamanna, sem ná yfir eðlilegt þróunarsvæði. Þar með er að sjálfsögðu ekki sagt, að fundin sé „patent"-lausn á öllum deilumálum milli sveitarfélaga og héraða innan landsfjórðunganna, heldur einungis að fundinn sé vettvangur til viðræðna og samstarfs. Það er áreiðanlega öllum ljóst, sem fylgzt hafa með samstarfi landshlutasamtaka sveitarfélaga, að þau hafa nú þegar unnið mikið stefnumótandi samræmingarstarf til eflingar hinna ýmsu landsfjórðunga, sem hefur komið að ómetanlegu gagni.

Á nýafstöðnum fundi fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga voru verkefni og staða landshlutasamtaka sveitarfélaga til umræðu. Fyrir fundinum lá ítarlegt nál. um málið. Þetta nál. var ekki útrætt á fundinum, en þar komu fram margar athyglisverðar hugmyndir. Fram kom í nál. og umr., að markmiðin með landshlutasamtökunum fælust í eftirfarandi: 1) Að auka sjálfsforræði byggðarlaga. 2) Að auka þátttöku fólks í stjórnun eigin mála. 3) Að bæta staðbundna þjónustu. 4) Að stuðla að uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs um landið. 5) Að jafna búsetuskilyrði um landið.

Þótt flestir séu að líkindum sammála um þessi markmið, er jafnlíklegt, að menn greini á um leiðirnar. Ég vil þó leggja áherzlu á, að allir, sem fjallað hafa um það frv., sem hér liggur fyrir, eru sammála um, að rétt sé á þessu stigi að skilgreina hlutverk landshlutasamtakanna eins og segir í 1. gr. frv., þ. e. a. s. þeirri gr. sveitarstjórnarl., sem yrði 112. gr. þeirra l., ef frv. yrði að l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk landshlutasamtakanna er: a) að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls, b) að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins, c) að vinna að öðrum verkefnum samkv. lögum, d) að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfundar samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu."

Ég endurtek, að um þessa skilgreiningu á hlutverki landshlutasamtakanna eru allir sammála á þessu stigi. Menn gera þá ráð fyrir, að verkefnaþróun samtakanna fari eftir því, sem þeim verður gert samkv. öðrum lögum eða að þessum l. verði breytt, þegar ástæður þættu til og reynsla af starfi samtakanna orðin meiri. Í þessu sambandi vil ég fara fáeinum orðum um nokkrar þær hugmyndir, sem fram hafa komið um frekari þróun og verkefnaskiptingu ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga.

Líklegt virðist, að við endurskoðun laga um opinbera starfsemi og framkvæmdir verði vaxandi tilhneiging til þess að dreifa valdi í landinu, líkt og hugmyndin er í grunnskólafrv. Við þessu má búast á sviði skipulagsmála, heilbrigðis-, vega- og hafnamála, svo að nokkuð sé nefnt. Það er ekki vafi á því, að æskilegt væri að tengja deildir ríkisstofnana, sem þannig yrðu til á landsbyggðinni, starfsemi framkvæmdastofnana landshlutasamtakanna og koma þannig á fót þjónustumiðstöðvum um landið, eftir því sem við verður komið. Enn fremur kæmi til greina að fela landshlutasamtökum ákveðin verkefni, sem endanlega yrðu útkljáð hjá þeim. Sem dæmi mætti þar um nefna fasteignamat og fasteignaskráningu. Margt fleira mætti minna á í þessu efni, en þar sem þessi mál eru öll í deiglunni, m. a. hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og eins og ég sagði áðan, þetta frv. fjallar ekki um þessi framtíðahlutverk, heldur um þau verkefni, sem ég gat um áðan og eru raunar einungis staðfesting á því, sem landshlutasamtökin vinna nú að, sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta efni, nema sérstakt tilefni gefist til.

Þá vil ég gera örstutta grein fyrir einstökum gr. í þeim kafla sveitarstjórnarlaga, sem frv. nær til, ef að lögum yrði.

Fyrst er sú gr., sem yrði 110. gr. Í 1. mgr. þessarar gr. eru landshlutasamtökin talin upp. Umdæmi þeirra eru einstök kjördæmi nema á Norðurlandi, þar sem Fjórðungssamband Norðlendinga nær yfir bæði kjördæmin. Reykjavíkurborg er utan við landshlutasamtökin, enda eina sveitarfélagið, sem er sérstakt kjördæmi, en rétt þótti, að kveðið væri á um, að ákvæði frv. giltu um Reykjavíkurborg, eftir því sem *við ætti. Sýnist þar einkum koma til greina á*kvæði b-liðs 112. gr. frv. um áætlanagerð.

Í 1. mgr. 111. gr. felst, að öllum sveitarfélögum er skylt að eiga aðild að landshlutasamtökum. Reyndar er það svo, að langflest sveitarfélög eru þegar orðin aðilar að samtökunum og í sumum umdæmum öll sveitarfélög. Samkv. lögum er öllum sveitarfélögum skylt að eiga aðild að sýslufélögum, og sýnist ekki ástæða til annars en sama regla gildi um aðild að landshlutasamtökum.

Í 2. mgr. 111. gr. er ákvæði um heimild til að veita sýslufélögum aðild að landshlutasamtökunum. Rétt þótti að hafa slíka heimild í frv. til samræmis við gildandi ákvæði laga sumra landshlutasamtakanna, sbr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða og 4. mgr. 113. gr. um kosningu fulltrúa sýslufélaga.

Í 112. gr. er hlutverk landshlutasamtakanna talið í 4 stafliðum, eins og ég nefndi raunar áðan. Er það í samræmi við gildandi lög og samþykktir landshlutasamtakanna, sbr. og 10. gr. l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Í 113. gr. eru ákvæði um, hvernig háttað skuli kosningu á fulltrúum sveitarfélaganna á aðalfundi landshlutasamtakanna svo og á fulltrúum sýslufélaga, þar sem þau eiga aðild. Í 3. mgr. er einstökum sveitarfélögum heimilað að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en samkv. aðalreglunni í 2. mgr., enda staðfesti ráðh. ákvæði í samþykktum þar um. Er þetta talið nauðsynlegt, til þess að unnt verði að taka tillit til breytilegra aðstæðna í landshlutunum.

Í 114. gr. eru ákvæði um yfirstjórn samtakanna, stjórn þeirra og kosningu stjórnar. Vegna mismunandi aðstæðna í landshlutunum þykir ekki rétt að fastákveða fjölda stjórnarmanna, en gert ráð fyrir, að hann verði ákveðinn í samþykktum einstakra landshlutasamtaka.

115. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 116. gr. felast meginákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga. Eru í þessari gr. ákvæði um, að einstök landshlutasamtök setji sér samþykktir eða lög, þar sem nánar verði kveðið á um skipulag og stjórn hverra landshlutasamtaka. Enn fremur verði í samþykktum kveðið á um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga, endurskoðun reikninga þeirra, starfssvið framkvæmdastjóra samtakanna og önnur atriði, sem þurfa þykir. Í gr. eru ákvæði um, að ráðh. staðfesti samþykktir hinna einstöku landshlutasamtaka, til að tryggja, að þau séu í samræmi við lög og að sem mest samræmi verði milli samþykkta einstakra landshlutasamtaka. Þá verði samþykktir birtar í Stjórnartíðindum.

Í ákvæði til bráðabirgða þótti rétt að setja landshlutasamtökunum frest til endurskoðunar samþykkta sinna eða laga til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður, og þykir þessi frestur hæfilegur til ársloka 1974.

Í 1. mgr. 111. gr. er gert ráð fyrir skylduaðild einstakra sveitarfélaga að landshlutasamtökunum. Rétt þykir þó, sbr. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, að veita þeim sveitarfélögum, sem standa utan við landshlutasamtökin við gildistöku laga þessara, frest til aðildar, enda sé þeim þá heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar,

sbr. 2. mgr. 111. gr., að fara með umboð sitt á aðalfundum landshlutasamtakanna til loka kjörtímabils sveitarstjórna 1978, þ. e. a. s. til vors 1978.

Herra forseti. Ég tel, að þetta frv. sé áfangi í þá átt að gera það kleift að færa aukið vald um eigin málefni til fólksins í hinum ýmsu landshlutum. Frá því sjónarmiði, að unnt sé að vinna markvisst að þessu stefnumarki í nánustu framtíð, er brýn nauðsyn að hraða afgreiðslu þessa frv. sem mest hér á hv. Alþ. Því vil ég mjög mælast til þess við báðar hv. d. þingsins, og þær n., sem fá frv. til fyrirgreiðslu, að reynt verði að hraða afgreiðslu þess, þar sem nú er mjög liðið á þingtíma, og þess fastlega vænzt af þeim aðilum, sem beita sér fyrir flutningi frv., að það verði að lögum á þessu þingi.

Ég vil að lokum lesa upp shlj. ályktun nýafstaðins fundar fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta frv.:

„21. fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga, haldinn í Reykjavík 27. og 28. marz 1973, beinir þeim eindregnu tilmælum til hv. Alþ. að samþykkja á þessu þingi framlagt frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarl., um landshlutasamtök sveitarfélaga. Fundurinn bendir á nauðsyn þess, að samtökin öðlist stað í lögunum, þar sem þeim hafa nú þegar verið falin þýðingarmikil verkefni í lögum og gert er ráð fyrir auknu hlutverki þeirra í fyrirliggjandi lagafrv. Loks skal bent á mikilvægi landshlutasamtakanna í málefnum byggðaþróunar í landinu."

Þessi till. var einróma samþykkt á nýafstöðnum fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði, að landshlutasamtök hafa nú starfað um skeið í landinu og nokkur reynsla er af þeim fengin. Það er enn fremur rétt, að það er þegar farið að gera ráð fyrir tilvist þeirra í einstökum lögum. Hins vegar hefur ekki verið sett sérstök löggjöf um þessi landshlutasamtök. Út af fyrir sig er eðlilegt, að fram komi ósk um, að farið sé að setja lagaákvæði um landshlutasamtökin og þeim þannig tryggður ákveðinn sess og ákveðin staða í stjórnkerfinu. Ég get vel skilið slíka ósk og tel hana út af fyrir sig ekki óeðlilega. Hins vegar get ég samt ekki mælt með því, að það sé hrapað að löggjöf um þessi efni með þeim hætti, sem lagt var til af hv. þm. Lárusi Jónssyni. Ég held, að það sé eðlilegt, að Alþ. íhugi þessi mál betur og gefi sér betri tíma til þess en kostur verður á á þeim tíma, sem nú er eftir þings.

Það er svo, að þetta er ekki sérstaklega einfalt mál. Þegar á að fara að setja ákvæði í sveitarstjórnarlög um landshlutasamtök, þá held ég fyrir mitt leyti, að það sé óhjákvæmilegt að líta á sveitarstjórnarl. í heild og athuga ýmis atriði í þeim, því að það er a. m. k. ekkert óeðlilegt, þó að í sambandi við lögfestingu landshlutasamtaka og setningu ákvæða um réttarstöðu þeirra komi upp spurning um önnur sveitarstjórnarumdæmi, sem fyrir eru, og hvort ekki sé þá ástæða til að íhuga hlutverk þeirra að einhverju leyti, hvort það sé t. d. ekki ástæða til að taka til endurskoðunar ákvæðin um sýslunefndir í sambandi við setningu ákvæða um landshlutasamtök. Ég held, að það verði að ákveða landshlutasamtökunum alveg ákveðna stöðu í stjórnkerfinu og þá með tilliti til stjórnkerfisins í heild, og ég held, að það verði ekki gert, svo að vel fari á, með því að skjóta inn í sveitarstjórnarl. einum kafla um landshlutasamtökin, án þess að litið sé á nokkur önnur atriði í sveitarstjórn og sveitarstjórnarl. í sambandi við það. Ég held, að það verði ekki gert, svo að vel fari á.

Enn fremur er þess að gæta, að þetta frv., sem hér er lagt fram, er samið af landshlutasamtökunum sjálfum eða sambandi þeirra. Þó að það megi segja, að þau viti að mörgu leyti gleggri skil á þessu en aðrir, þá er það nú svo, að það er sjaldnast heppilegt að selja þeim sjálfdæmi um setningu laga, sem lögin eiga sérstaklega að lúta að. Ég held, að það sé heppilegra, að það sé litið á það frá almennara sjónarmiði, áður en sett eru lög um samtök sveitarfélaga. Þess er þá líka að gæta, að samtökin hafa þróazt ýmislega, eins og kemur fram og er viðurkennt í þessu frv. Samþykktir þeirra eru mismunandi, og þeim hefur ekki enn þá gefizt kostur á eða ekki tekizt að setja þær í sama form, en gert er ráð fyrir því í þessu frv., að þeim sé gefinn ákveðinn frestur til þess.

Það er ákaflega stórt mál, hvernig á að skipta verkefnum og valdi á milli sveitarfélaga og ríkisins, og það er málefni, sem vissulega þarfnast nú mjög endurskoðunar. Það er málefni, sem rætt er víða um lönd og er til athugunar, og það er vissulega tími til þess kominn, að það sé tekið til alhliða athugunar hér. Það koma mörg sjónarmið þar til greina. Það getur vel verið, að það sé heppilegasta stefnan í því efni að sumu leyti að skilja alveg á milli og segja, að þessi verkefni skuli vera í höndum sveitarfélags alveg, en önnur verkefni skuli aftur á móti vera alveg í höndum ríkisins. Ég hygg þó fyrir mitt leyti, að það sé ástæða til að staldra við og athuga það, áður en slík skref eru stigin til fulls. Ég hygg, að þar megi hafa nokkurt sjónarmið af reynslunni. Ég held, að það geti farið vel á því í mörgum efnum, að báðir þessir aðilar eigi með tilteknum hætti hlut að sama verkefni eins og hefur reyndar tíðkazt hér um langa hríð. Og ég held, að það þurfi að athuga það, áður en horfið verður frá því. En hitt held ég, að það þurfi mjög að vinna að því að færa fleiri verkefni og meira vald í hendur sveitarstjóranna. En þá verður jafnframt að sjá þeim fyrir tekjum til þess að standa undir þeim verkefnum. Og þar held ég, að aðalleiðin hljóti að vera sú, að sveitarfélögin fái sérstaka tekjustofna, sem þau verða sjálf að ákveða, hvort og hvernig þau nota.

Þegar núv. stjórn var mynduð, var þetta einmitt eitt þeirra atriða, sem sérstaklega var rætt um, og í málefnasamningi þeim, sem hér hefur verið oftlega nefndur á hv. Alþ., er einmitt sérstakt ákvæði um þetta. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun."

Það hefur enn ekki gefizt tóm til þess að framkvæma þessa endurskoðun, en það mun verða gert, og ég álít, að það sé eðlilegasti hátturinn í þessu efni, að það verði af ríkisvaldsins hálfu skipuð mþn. til þess að fjalla um þetta mál og taka það allt til alhliða skoðunar, taka það til skoðunar í samráði, eins og sagt er þarna, við heildarsamtök sveitarfélaga, en líka í samráði við landshlutasamtökin. Og ég held, að þetta verkefni sé svo víðtækt, að þessi þáttur, sem ákvæði eru um í þessu frv., sé ekki nema einn af þeim mörgu þáttum, sem þar koma til greina. Ég tel þess vegna eðlilegt, að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, afgreiði það með þeim hætti að vísa því til stjórnarinnar. Ég tel hins vegar óráð að hrapa að því að lögfesta frv. þegar í stað á þessu þingi athugunarlítið og án þess að það sé hægt að hafa nokkra heildarsýn yfir allt verkefnið.

Ég vil svo aðeins geta þess, að ég er því algerlega andvígur, að það verði fest í lögum, að það skuli vera ein landshlutasamtök fyrir Norðurland allt, fyrir kjördæmin tvö. Aðalreglan í þessu frv. er sú, að það séu landshlutasamtök eða sveitarfélagasamtök í hverju kjördæmi, og þetta er eina undantekningin þar frá. Þetta hefur myndazt svo á Norðurlandi. Ég álít eðlilegt, að Norðlendingar sjálfir segi til um það, hvernig þeir vilja skipa þessum málum í framtíðinni. Ég tel ekki ósennilegt, að þróunin þar verði á sömu lund og annars staðar, að það verði sérstakt sveitarfélagasamband fyrir hvort kjördæmið um sig. Og það er auðvitað eðlilegast að hafa eitthvert kerfi í þessum hlutum og reyndar ekki annað sæmilegt, ef á að fara að byggja upp sveitarfélagasamtökin eða landshlutasamtökin sem hlekk í stjórnkerfi, en það gildi samræmdar reglur um það. En í öllu falli vil ég ekki á þessu stigi fara að binda hendur manna á þessu svæði um það með fyrirmælum frá löggjafarvaldinu, að þeir skuli vera í einu og sama fjórðungssambandinu. Þess vegna mundi ég ekki greiða þessu ákvæði atkv., þó að til þess kæmi, að um það þyrfti að greiða atkv. hér á þingi, heldur mundi þá fylgja eða flytja brtt. um þetta atriði.

En aðalerindi mitt hér upp í ræðustólinn í sambandi við þetta mál var einmitt að benda á það ákvæði í málefnasamningnum, sem ég hef gert, og benda á það, að ætlunin er að taka þessi mál til heildstæðrar athugunar, og ég álít heppilegra, að frv. þetta verði látið bíða eftir þeirri athugun og það komi fram sem liður í þeirri heildarendurskoðun, sem fram á að fara um þetta efni.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég tel, að hér sé í raun og veru um stórmál að ræða, og tel, að það sé bráðnauðsynlegt að setja löggjöf, sem festi landshlutasamtökin í sessi. Þetta frv. er flutt af hv. þm. úr öllum flokkum, og ég ætla, að það hafi verið mjög vel undirbúið af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og sé að verulegu leyti í anda eða að öllu leyti í anda þess sambands, sem auðvitað þekkir gerst til þessara mála. Mér geðjast ekki að þeirri hugmynd að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj., því að ég tel, að þessi samtök um landið þurfi að fá þennan fasta sess í stjórnkerfinu sem allra fyrst.

Það eru eitt eða tvö atriði, sem mig langar til að nefna fyrst í sambandi við hlutverk landshlutasamtakanna. Það eru talin upp allveigamikil verkefni, sem landshlutasamtökin eiga að hafa með höndum, og þessi verkefni eru vissulega þess eðlis öll, að það er fyllsta ástæða til þess, að það sé nokkuð sterkt samband á bak við það ætlunarverk, sem þarna er um að ræða, og það ættu landshlutasamtökin að verða. En mér sýnist vanta í þetta t. d. að hafa forustu í vissum landshlutum fyrir uppbyggingu atvinnulífsins í þeim landshluta. Þetta er auðvitað afar þýðingarmikið og kannske þýðingarmesta málið. Þó að segja megi, að það rúmist innan áætlanagerðar, þá finnst mér, að hér ætti að kveða fastar að orði um ætlunarverk landshlutasamtakanna varðandi uppbyggingu atvinnulífsins.

Í annan stað finnst mér í sambandi við ákvæði til bráðabirgða vera óþarflega langt að gefa frest til ársloka 1974. Ég hefði haldið, að það væri hægt að gera þetta á eitthvað styttri tíma.

Landshlutasamtökin hafa þegar sýnt tilverurétt sinn. Á því held ég, að sé ekki nokkur vafi.

En sérstaklega ætlaði ég að gera að umtalsefni atriði, sem hæstv. forsrh. kom inn á og ég er honum alveg sammála um. Það eru talin upp í verðandi 110. gr. öll landshlutasamtökin og þar með Fjórðungssamband Norðlendinga, þar sem gert er ráð fyrir, að bæði kjördæmin verði í þessum landshlutasamtökum. Þetta er eina tilvikið í landinu, þar sem svona stendur á. Alls staðar annars staðar eru þessi landshlutasamtök í samræmi við kjördæmin. Þetta er eina tilvikið, þar sem tvö kjördæmi eru saman. Nú skal það játað fúslega, að Fjórðungssamband Norðlendinga hefur oft unnið ágætt verk fyrir Norðurl. v. Það er ekki það. En mér finnst vera ósamræmi í þessu, og mér finnst, að það verkefni, sem landshlutasamtökunum er ætlað hverju um sig, kalli bókstaflega á það, að sjálfstæð landshlutasamtök séu fyrir hvert kjördæmi. Sjálfsagt eru menn ekki einhuga um þetta fremur en margt annað, og vafalaust sýnist einhverjum og kannske mörgum, að þetta eigi að vera svona áfram. En ég fyrir mitt leyti er alveg sammála hæstv. forsrh. um, að það sé réttast að kanna það heima í kjördæminu, hvað menn vilja þar. Ég veit þó um vilja bæjarstjórnar í einu bæjarfélaginu, Sauðárkróki. Þar var haldinn bæjarstjórnarfundur í fyrradag og samþykkt svo hljóðandi ályktun með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Sauðárkróks beinir þeim eindregnu tilmælum til alþm. kjördæmisins, að þeir vinni að því að fá fram þá breytingu á frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarl. varðandi landshlutasamtök sveitarfélaga, að sama regla gildi um land allt, þannig að umdæmi landshlutasamtakanna séu kjördæmin."

Þetta er afdráttarlaust og einróma samþykkt í bæjarstjórninni á Sauðárkróki. Ég veit, að aðrar bæjarstjórnir hafa eitthvað rætt þetta, en mér er líka kunnugt um, að nokkur ágreiningur er um það. Ég hef þó mjög sterka trú á því, að mikill meiri hl. af sveitarstjórnarmönnum í kjördæminu vilji hafa þennan hátt á. Þróunin virðist vera sú, að kjördæmin sem slík séu að verða styrkari einingar í stjórnkerfi landsins, og þetta tel ég hiklaust rétta stefnu.

Hæstv. forsrh. nefndi, að það þyrfti að athuga mörg önnur atriði í sveitarstjórnarl., og það er vafalaust alveg hárrétt. En mér finnst, að þetta mál sé hægt að einangra og afgreiða, þó að önnur mál í sambandi við sveitarstjórnarmál séu ekki tekin nú. Mér finnst satt að segja, að þetta sé bara einn hluti af þeirri stefnuskrá, sem hæstv. forsrh. las upp úr málefnasamningi hæstv. ríkisstj., og mér finnst þess vegna rökrétt, að þessi kaflinn verði nú samþykktur, en aðrir komi síðar til meðferðar. En ef málinu er öllu vísað til frestunar og gagngerðar athugunar í einu, þá er ég hræddur um, að líði nokkuð langur tími, þangað til hægt er að koma þessum hluta, sem ég álít, að sé mjög áríðandi, til framkvæmda, þannig að hann geti verkað í landshlutasamtökunum. Ég er því meðmæltur frv. En einhverjir eða kannske allir þm. kjördæmisins munu vafalaust flytja brtt. varðandi það atriði, sem ég nefndi áðan um skiptingu Fjórðungssambands Norðlendinga. Ég vildi eindregið mega vona, einkum þar sem þm. úr öllum flokkum standa saman, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég læt í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið, og vona, að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Jafnframt hlýt ég að lýsa vonbrigðum mínum yfir ræðu hæstv. forsrh. og þeim úrtölum, sem komu fram í hans máli. Ég skal víkja nokkuð að því síðar.

Ég held, að engum blandist hugur um það, að það er fullkomin nauðsyn á því að lögfesta stöðu landshlutasamtakanna í stjórnkerfinu. Eins og hér hefur komið fram, er landshlutasamtakanna þegar getið í lögum, auk þess sem þeirra er getið í frv., sem hér eru til meðferðar á hv. Alþ. Þessi landshlutasamtök hafa verið stofnuð nú um allt land, eins og kunnugt er. Þau hafa verið stofnuð í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga. Ýmsir óttuðust það, þegar farið var að stofna þessi landshlutasamtök, að með því væri verið að veikja heildarsamtök sveitarfélaganna í landinu. En eins og ég sagði, hafa þessi samtök verið stofnuð með vitund og vilja Sambands ísl. sveitarfélaga, og reynslan hefur sýnt, að tilvera þeirra styrkir fremur en veikir sveitarstjórnirnar í landinu.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að ekki mætti hrapa að löggjöf sem þessari. Ég er honum að sjálfsögðu sammála um það. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða. En ég vil hins vegar leggja áherzlu á það, að undirbúningur þessa máls hefur tekið mjög langan tíma hjá sveitarfélögunum, bæði stjórn sambandsins og landshlutasamtökunum sjálfum. Ég held, að ég megi segja, að það hafi verið á árinu 1968, sem farið var að vinna að þessum málum fyrir alvöru. Þá höfðu þegar starfað landshlutasamtök í ákveðnum landshlutum í nokkur ár. Það hafði verið samið frv. í fyrra, sem ekki var lagt fyrir þingið, og það hefur nú verið endurskoðað og breytt og rætt á fjölmörgum fundum fulltrúa landshlutasamtakanna, og frv., eins og það er nú úr garði gert, nýtur stuðnings þeirra allra og allir eru sammála um að fá það lögfest.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að samþykktir landshlutasamtakanna eru nokkuð mismunandi, en það hefur verið unnið að því á undanförnum mánuðum og árum, má segja, að samræma þessar samþykktir. Og ég er sannfærður um, að það er tiltölulega auðvelt verk að ná fullu samræmi í samþykktir allra landshlutasamtakanna.

Tilgangurinn með stofnun þessara samtaka var að sjálfsögðu sá að styrkja stöðu sveitarstjórnanna í heildarstjórnkerfinu. Þetta stjórnkerfi er hið opinbera framkvæmdavald, sem skiptist milli ríkis og sveitarfélaga, og þar með eru að sjálfsögðu sýslufélögin. Opinbert framkvæmdavald hefur orðið æ yfirgripsmeira, eftir því sem starfsemi hins opinbera eykst. Hin auknu umsvif framkvæmdavaldsins valda því, að rétt ákvörðunartaka verður sífellt vandasamari. Krafizt er meiri menntunar af þeim, sem um þessi mál fjalla. Starfsskilyrði eru hins vegar ekki fyrir hendi fyrir hina hæfustu menn úti um land, vegna þess að stjórnunareiningarnar eru of smáar. Afleiðingin verður sú, að miðstjórnarvald eykst, ákvarðanir verða teknar í hinum mikilvægustu málum utan þeirra héraða, sem málefnið varðar. En þrátt fyrir hin auknu umsvif, nýjar kröfur og ólíkar aðstæður búum við raunar enn við stjórnkerfi, sem á rætur sínar annars vegar í hinni fornu hreppaskipan og hins vegar í hinni upprunalegu stjórnardeild heimastjórnartímabilsins. Endurskoðun kerfisins með skipulagningu þess fyrir augum hefur ekki farið fram. Þess vegna er full ástæða til að taka allt hið opinbera stjórnkerfi til athugunar og endurskipulagningar, eftir því sem ástæða þykir til.

Þegar við hugleiðum, hvers konar kerfi það er, sem við búum við, vakna vissulega margar spurningar. Er ekki umdæmisskipting landsins úrelt orðin miðað við hina breyttu tíma? Landið skiptist í ótal umdæmi. Það skiptist í læknishéruð, prestaköll, hreppa, kaupstaði, sýslur, kjördæmi, og svo mætti lengi telja. Hér erum við reyndar að tala aðeins um einn þáttinn, þ. e. a. s. landshlutasamtök sveitarfélaganna. Við búum við sýsluskipanina, sem er raunar ekkert annað en samtök sveitarfélaga með embættismann ríkisins sem æðsta mann og fulltrúa í sýslunefndum, sem alls ekki þurfa að vera sveitarstjórnarmenn. Þá skiptast sveitarfélögin annars vegar í hreppa og hins vegar í kaupstaði. Munurinn liggur nú ekki í stærðinni eða fjölmenninu, þótt svo hafi verið í eina tíð. Kaupstaðir eru nú 14 talsins, en hreppar 211. Samkv. sveitarstjórnarl. má ekki fjölga kaupstöðum nema með lögum eða breyta mörkum þeirra, en hvergi er að finna í lögum vísbendingu um, hvenær hreppur ætti að gerast kaup-

staður. Það gilda að langmestu leyti sömu reglur um báðar tegundir sveitarfélaga, kaupstaði og hreppa. Ég skal ekki fara út í að rekja þann raunverulega mun, sem á þessu er, en mér sýnist, að hann hafi harla lítið gildi nú orðið. Það hlýtur því að mega spyrja, hvort ekki sé orðið tímabært að breyta hér til, hvort nokkur ástæða sé til að vera með tvenns konar sveitarfélög. Af hverju ekki að veita öllum sömu réttarstöðu, þau verði öll sömu tegundar, ef svo má að orði komast? Að sjálfsögðu mundi slíkt *hafa í för með sér breytingar á hlutverki sýslunefnda*, en breyting á hlutverki þeirra hlýtur að koma hvort eð er, m. a. vegna tilkomu landshlutasamtakanna, sem eru orðin staðreynd, hvað sem allri lagasetningu líður.

Landshlutasamtökin eru nýr þáttur þessa kerfis, sem kannske má segja, að orðið hafi til fyrst og fremst af tveimur ástæðum: annars vegar vegna fjarlægðar ríkisvaldsins frá hinum staðbundnu vandamálum og vanmáttar þess til lausnar ýmsum þeirra mála, hins vegar smæðar sveitarfélaganna og þarfar fyrir sameiginlegan vettvang heilla landshluta, þar sem unnt er að starfa að lausn sameiginlegra mála á víðtækari grundvelli en sveitarfélaga- og sýsluskipanin gerir mögulegt, og vegna þarfar á að mynda voldugra afl til að koma framfaramálum landshlutans á framfæri við löggjafarvald og framkvæmdavald ríkisins. Landshlutasamtökin eiga sér ekki enn stað í lögum, og verkefni þeirra eru þau, sem aðildarsveitarfélögin hafa falið þeim. Reynslan bendir til, að hér sé um hagkvæman vettvang að ræða til þess að leysa ýmis stjórnunarvandamál, þar sem meiri nálægð er nauðsynleg en ríkisvaldsins, en þó víðara svið en það, sem sveitarfélögin bjóða. Það verður hins vegar að líta á landshlutasamtökin sem lið í stjórnkerfi þjóðarinnar, og tilgangur starfsemi þeirra verður að vera sá að gera stjórnkerfið hagkvæmara, virkara og betra en það er nú. Það verður að forðast, að þau verði viðbótarumsagnaraðili eingöngu, en fái hins vegar þau verkefni, sem henta slíku stjórntæki.

Það hefur verið minnzt hér á kaflann í málefnasamningi ríkisstj. um endurskoðun á skiptingu verkefna og valds á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Þetta er eitt skrefið í þeirri endurskoðun, þótt þetta frv. fjalli raunverulega ekki um verkefnaskiptinguna. Ég læt í ljós þó von, að skriður komist á þessa endurskoðun, og ég vil upplýsa það, að að því máli hefur verið unnið mjög mikið á undanförnum árum af hálfu sveitarfélaganna í landinu. Samband ísl. sveitarfélaga hefur talið skyldu sína að undirbúa þetta mál af sinni hálfu. Við munum þann tíma, þegar við fórum fram á viðræður við ríkisvaldið um endurskoðun á þessum málum, þegar fulltrúar sveitarfélaganna voru spurðir: Hvað viljið þið? Og þannig voru sveitarfélögin sett upp að vegg. Þau hafa þess vegna allt frá því árið 1969 unnið að grg. um það, hvernig að áliti sveitarstjórnanna væri heppilegast að breyta þarna til. Það var gefin út skýrsla í jan. 1970, og önnur skýrsla er nú nýkomin út og var umræðuefni á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var í gær og fyrradag. Það er endurskoðun verkefnaskýrslunnar með tilliti til landshlutasamtakanna. Þessum tveim skýrslum og áliti, sem fram komu á fulltrúaráðsfundinum síðasta, verður steypt saman í eitt, og það verður verkefni aukafundar fulltrúaráðsins, væntanlega í haust, að marka endanlega stefnu sveitarfélaganna í þessum málum. Þetta er það, sem unnið hefur verið.

Þá vil ég að lokum aðeins koma inn á það, sem fram kom í máli hæstv. forsrh. og einnig hv. 2. landsk. þm., þar sem þeir lýstu andstöðu sinni við það ákvæði 110. gr. í 1. gr. frv., að *það yrði aðeins eitt samband á Norðurlandi*, eins og það nú er, Fjórðungssamband Norðlendinga. Þetta frv. eins og það hér liggur fyrir, nýtur stuðnings allra landshlutasamtakanna, stjórna þeirra, eins og ég sagði áðan, og það kemur mér mjög á óvart, ef farið er að halda því fram hér, að um þetta sé einhver verulegur ágreiningur á Norðurlandi. Þvert á móti er það vilji sveitarstjórnarmanna þar, að samtökin verði ein, þó að þau spanni yfir tvö kjördæmi. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þeirri samþykkt bæjarstjórnar Sauðárkróks, sem hér var lesin upp áðan. Ég veit ekki, hvað liggur þar á bak við. Það hefur hins vegar ekki farið fram hjá neinum, sem um þessi mál hafa sýslað á undanförnum mánuðum, að það hefur verið unnið að því af ákveðnum aðilum að kljúfa samtökin fyrir norðan, og þar er verið að vinna illt verk. En ég fullyrði, að það á ekki upphaf sitt í hugum sveitarstjórnarmanna, heldur eru það aðrir, sem þar hafa unnið að.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að gera nokkrar aths. við það, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og hv. 2. landsk. þm.

Ég verð að lýsa því yfir, að ég varð mjög óánægður að heyra undirtektir hæstv. forsrh. undir þetta mál. Hann hóf mál sitt á því, að mælast til þess við hv. d., að hún hrapaði ekki að samþykkt á þessari löggjöf, eins og frsm., hv. þm. Lárus Jónsson, hafði lagt til. Ég var búinn, rétt áður en hæstv. forsrh. tók til máls, að lesa hér upp áskorun frá fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga, sem í er fjöldi fólks víðs vegar um landið, sem skorar á Alþ. að hraða afgreiðslu þessa máls. Það er því ekki ég einn, sem legg þetta til, heldur þeir, sem unnu að undirbúningi málsins. Og ég vil líka í þessu sambandi benda á, að það voru ekki landshlutasamtökin, sem undirbjuggu þessa löggjöf, þó að hún væri gerð í samráði við þau, heldur Samband ísl. sveitarfélaga í öllu landinu. Það voru þeir aðilar, sem undirbjuggu þessa löggjöf, og því var sú röksemd hæstv. forsrh., að það væri ekki gott að láta þá semja lög, sem ættu sjálfir að njóta þeirra, algerlega út í hött. Þarna er um að ræða samtök sveitarstjórnarmanna á öllu landinu, og tíðum gerist, eins og við vitum hér, hv. þm., að þau leggja til ákveðnar lagabreytingar, sem við höfum oftast talið okkur næstum því skylt að veita fyrirgreiðslu hér á hv. Alþ.

Ég get ekki fallizt á þá skoðun hæstv. forsrh., að það sé óhjákvæmilegt út af þessum lagabreytingum að taka til endurskoðunar öll lög

um sveitarstjórnarmál, eins og mér skildist á honum, að væri óhjákvæmilegt að gera. Þetta frv., sem hér er til umr., er eingöngu um að staðfesta það, sem er í raun og veru orðið til, og hér er um áfanga að ræða á langri leið, að ég vona, á þeirri leið, að samtök fólksins úti um land fái miklu meiri og beinni áhrif á sín mál heldur en verið hefur. Ég er því algerlega ósammála því, að það þurfi nú að bíða eftir því, að þetta frv. fái hér afgreiðslu, það þurfi að bíða eftir heildarendurskoðun á öllum sveitarstjórnarmálum, enda er þar um svo flókið verkefni að ræða, að ég geri ráð fyrir því, að það verði bæði ár og dagur þangað til því verði öllu lokið, þeirri heildarendurskoðun, enda verður henni í eðli sínu aldrei lokið, þannig að þessi röksemd er algerlega, að mér finnst, út í bláinn, og ég verð að lýsa yfir undrun minni á því, að hæstv. ráðh. skuli viðhafa slíkar röksemdir í þessu máli.

Þá vil ég að lokum aðeins víkja að því, sem hæstv. ráðh. og hv. 2. landsk. komu hér inn á um Fjórðungssamband Norðlendinga. Ég vil þá fyrst þakka hv. 2. landsk. fyrir það, að hann lýsti mjög miklum stuðningi við mál þetta í heild og svaraði í rauninni ýmsum röksemdum hæstv. ráðh., að það yrði að athugast og bíða og því helzt vísað til ríkisstj., eins og hann lagði raunar til. Hv. 2. landsk. virtist ekki vera á þessari skoðun, kom með margvíslegar röksemdir fram gegn henni, og ég er algerlega sammála honum í þessu efni. Ég tel líka, að það sé alls ekki útilokað að kanna, hvort það sé eðlilegt, að það komi einhver heimildarákvæði um Fjórðungssamband Norðlendinga, vegna þess að Fjórðungssamband Norðlendinga, eins og hefur verið bent á, er dálítið sérstaks eðlis. Það kann að vera, að það sé hægt að koma hér inn brtt., sem heimilar t. d. stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að gera ákveðnar ráðstafanir í því efni, ef almennur vilji verður hjá sveitarstjórnarmönnum í Norðurl. v. í þessu efni. Það kann að vera. Ég vil líta svo á, að það sé fyrst og fremst mál heimamanna sjálfra, hvort þeir vilja vera í einu eða tveimur samtökum. Ég vil hins vegar benda á það, að aðdragandi stofnunar Fjórðungssambands Norðlendinga, var sá, að á sínum tíma, þegar var verið að vinna að svonefndri Norðurlandsáætlun, var unnið að því af sveitarstjórnarmönnum á öllu Norðurlandi að bindast samtökum. Raunar höfðu verið til samtök áður, sem kölluðust Fjórðungssamband Norðlendinga en það voru samtök, sem voru of laus í reipum, og niðurstaðan varð sú að breyta reglum þeirra verulega, og þá kom ekki fram nokkur einasta rödd um, að það væri eðlilegra, — mér er vel kunnugt um þetta, því að ég stóð í þessu mikið sjálfur, — það kom ekki fram nein rödd um, að það væri eðlilegra, að það væru tvö sambönd á Norðurlandi, og menn voru á einu máli um það, sem ég held, að allir eigi að sjá, ef þeir líta hlutlaust á málið, að Norðurland sé sterkara í einum samtökum, að á Norðurlandi sé veruleg sérstaða miðað við aðra landshluta. Vestfirðir eru landfræðilega afmarkaðir, Vesturland er landfræðilega afmarkað, Suðurland er landfræðilega afmarkað, Austurland er landfræðilega afmarkað sem kjördæmi. Allir þessir landshlutar eru landfræðilega afmarkaðir. Norðurland er hins vegar tvö kjördæmi, það er ljóst. Spurningin er sú, hvort Norðurland sem tvö kjördæmi og sem algerlega tvær samtakaheildir verður veikara eða sterkara heldur en ein heild. Þetta finnst mér vera kjarni málsins. Ég vil hins vegar, að það sé alveg ljóst, að það sé fólkið heima fyrir, sem ráði þessu. Það var það, sem kom þessum samtökum á fót, þau komust á fyrir frumkvæði fólksins í hinum ýmsu landshlutum, og ég lít þannig á, eins og kom fram hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að það sé óþurftarverk, ef aðrir eru að reyna að skipta sér af því og hafa áhrif á að kljúfa þau samtök, sem fólkið heima fyrir hefur komið sér saman um að koma á fót til þess að vinna að sínum hagsmunamálum.

Ég vil í sambandi við þetta mál aðeins geta þess, að ég hef hér í höndum samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Norðlendinga um þetta frv. Og hún hljóðar svo:

„Fjórðungsráð Norðlendinga leggur áherzlu á, að á þessu Alþ. verði sett lög um stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Fjórðungsráð getur eftir atvikum fallizt á frv. það, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur falið fulltrúum allra þingflokka að flytja á Alþ. um stöðu landshlutasamtaka."

Ég skal geta þess, að í þessu fjórðungsráði eru 9 menn, 4 frá Norðurl. v. og 5 frá Norðurl. e., því að formaður ráðsins er nú úr Norðurl. e., en verður á næsta ári úr Norðurl. v. Þannig gengur þetta milli ára. Þetta ráð samþykkir þessa till., sem hér kemur fram, þannig að það er ótvíræður vilji fjórðungsráðs, að þessi lög séu samþ. óbreytt. Hins vegar tel ég, og ég skal endurtaka það, að það sé rétt að athuga það og hraða því að athuga það, hvort hægt sé að setja þarna inn eitthvert ákvæði, sem geti tekið af öll tvímæli um, að það sé vilji löggjafans, að komist heimamenn á þá skoðun, að þeir eigi að breyta til um skipan á Norðurlandi, þá sé heimilt að gera það. Ég held, að það eigi að athuga slíka till. En hinu vísa ég gersamlega á bug, að þetta frv. þurfi að bíða eftir svo og svo miklum heildarathugunum á sviði sveitarstjórnarmála. Hér er um algerlega afmarkað mál að ræða, raunar um að ræða að staðfesta orðinn hlut, þannig að þessi samtök fái betri starfsgrundvöll til þess að vinna að þeim málum, sem þau þegar vinna að, og að þau geti sem sagt betur gegnt því hlutverki sínu að efla byggð úti um landið.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er tvímælalaust tímabært frv., og ég tek undir það með hv. 1. flm., að ég tel nauðsynlegt að afgreiða það á þessu Alþ. Frv. er í því formi, að mér sýnist, að það sé að mestu leyti staðfesting á því ástandi, sem þegar er staðreynd, þeirri skipun, sem komizt hefur á um landshlutasamtök sveitarfélaga viðs vegar um landið. Það hefur þegar verið skýrt hér af flm. þessa frv., hvers vegna nauðsyn er að lögfesta frv. þegar á þessu þingi, og skal ég ekki við það bæta öðru en því, að þar sem

svo er komið, að vitnað er til þessara samtaka í löggjöf og í frv., sem liggja fyrir Alþ., þá sýnist óhjákvæmilegt að veita landshlutasamtökum stoð í lögum og að þau svífi ekki lengur í lausu lofti í stjórnkerfinu, svo sem verið hefur til þessa.

Það er ljóst, að enda þótt þetta frv. verði afgreitt, er ekki þar með lokið því starfi, sem þarf að inna af höndum til undirbúnings löggjöf um samtök sveitarfélaga og um skipan sveitarstjórnarmála í landinu. Að þessum atriðum hefur þegar verið nokkuð vikið, og vil ég fara örfáum orðum um það einnig.

Það var hér minnt á af hæstv. forsrh., að í stjórnarsáttmálanum er vikið að því, eins og þar segir, að endurskoða skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaga. Ég lít svo á, að samþykkt þessa frv. sé nokkurt spor í þessa átt, og ég hlýt að harma það, að hæstv. forsrh. skyldi verða til þess að flytja hér slíkar úrtölur sem hann gerði um þetta mál og óska eftir því, að afgreiðslu þess yrði frestað og þeirri stöðu, sem landshlutasamtökunum er ætluð í lögum með þessu frv., verði frestað og látin bíða eftir heildarendurskoðun þessara mála. Það hefur nokkuð borið á því á undanförnum árum, að menn velta fyrir sér, hvort sýslunefndir séu þörf eining í stjórnkerfinu, eftir að landshlutasamtökin hafa komizt á laggir. Þessi hugsun hefur einkum verið ríkjandi í þeim héruðum, sem í eru kaupstaðir og strjálbýlissveitarfélög, og hygg ég, að þar sé orsakanna fyrst og fremst að leita til þess, að kaupstaðirnir hafa verið klofnir frá sýslunum og eiga ekki aðild að sýslunefndum. Hins vegar er sú skoðun mjög ríkjandi í þeim byggðarlögum, þar sem engir kaupstaðir eru, heldur einungis strjálbýlissveitarfélög og kauptúnahreppar, að þar séu þessar héraðsstjórnir nauðsynlegar. Ég lýsi því yfir, að ég tel, að það þurfi að athuga mjög vandlega, áður en horfið verði að því ráði að fella sýslunefndirnar niður og taka upp eitthvert annað form í staðinn. Aðra leið í því máli mætti hugsa sér að athuga gaumgæfilega, en hún er sú að veita kaupstöðunum að nýju einhvers konar aðild að héraðsstjórnunum og efla þar með héraðsstjórnirnar og fá þeim ný og aukin verkefni.

Eins og fram kom í máli hv. 11. landsk. þm., verður stjórnkerfið sí og æ viðameira og flóknara, umfang þess vex á alla kanta og það hefur leitt til þess á undanförnum missirum og undanförnum árum, að miðstjórnarvald hefur vaxið. Því er að mínu mati, ef hugur fylgir máli í tali stjórnmálamanna um það, að veita beri sveitarfélögunum aukið vald og að dreifa skuli valdinu, þá sé ástæða til þess að staldra við, áður en felldar eru niður stjórnunareiningar, sem gilda úti á landsbyggðinni. Miklu fremur væri þá ástæða til þess að hverfa að því að veita þessum stjórnunareiningum aukið vald og aukin verkefni.

Hæstv. forsrh. vitnaði í málefnasamning ríkisstj., en þar segir svo, með leyfi forseta: „Haft verði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun," þ. e. að auka sjálfsforræði byggðarlaga og endurskoða skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur, að „stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meira en nú er gert." Hæstv. forsrh. lýsti að sjálfsögðu, kann einhver að segja, fullum stuðningi sínum við þá skoðun, sem þarna er fram sett. Ég verð hins vegar að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að mörg verk hæstv. ríkisstj. hafa fallið í þveröfuga átt við það, sem þarna er lýst, og má þá velta því fyrir sér, hvort hér sé um að ræða persónulegar skoðanir hæstv. forsrh. eða hvort ríkisstj. öll sé sömu skoðunar. Þessu til stuðnings vil ég minna á, að nokkur breyting varð á skipan verkefna og um leið tekjustofna á milli ríkis og sveitarfélaga við endurskoðun skattal. og tekjustofnal. á síðasta Alþ. Sú breyting, sem þar var gerð á þessum málum, var öll á þá lund að færa til ríkisvaldsins aukin verkefni, sem áður höfðu verið í umsjá sveitarfélaganna, og um leið vitaskuld að fella til ríkisins aukna tekjustofna, veita því aukið fjármagn og þar með aukið vald. — Það, sem þarna var gert, gekk gersamlega í berhögg við þau orð, sem hæstv. forsrh. lét falla hér áðan, og gekk einnig í berhögg við það, sem lýst er sem stefnu þessarar ríkisstj. í málefnasamningnum. Ég tel, að það sé tímabært að taka þessi mál að nýju til gaumgæfilegrar íhugunar á þann veg að láta það verða meira en orðin tóm að fela sveitarfélögunum og samtökum þeirra í mjög auknum mæli aukin viðfangsefni og þar með aukið vald og að sjálfsögðu tekjustofna í samræmi við það til þess að annast þessi verkefni.

Það má einnig minna á það í sambandi við tal hæstv. forsrh. um þá stefnu sína og stefnu ríkisstj. að hafa samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra í landinu, að við Norðlendingar höfum ekki orðið fyrir þeirri reynslu, að þetta hafi sannazt á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þessi ríkisstj. var mynduð, t. d. í sambandi við raforkumál. En þar hafa allar óskir, allar till. og allar samþykktir sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi verið gersamlega sniðgengnar og gjarnan breytt þveröfugt við það, sem óskað hefur verið eftir. Ég vil vænta þess, úr því að hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess að árétta þessa stefnu sína, væntanlega fyrir hönd hæstv. ríkisstj., að nú verði breytt um stefnu í framhaldi af þessum ummælum hans og ríkisstj. taki upp þá nýbreytni að virða nokkuð þær óskir, sem berast frá sveitarstjórnunum víðs vegar um land.

Um frv. að öðru leyti en hér hefur verið rætt skal ég ekki tala langt mál. Eins og ég hef þegar lýst, er það að mínu mati fyrst og fremst staðfesting á gildandi ástandi í þessum efnum, — staðfesting, sem er nauðsynlegt að lögleiða til þess að veita þessum samtökum lagalegan grundvöll.

Um það atriði, sem hér hefur borið nokkuð á góma, hvort Fjórðungssamband Norðlendinga skuli starfa áfram á sama grundvelli og það hefur gert hingað til eða hvort breyta skuli frv. í þá átt, að það verði gert ráð fyrir tveimur landshlutasamtökum á Norðurlandi, sem miðast við kjördæmi, vil ég aðeins segja þetta:

Fjórðungssamband Norðlendinga er byggt upp af sveitarstjórnarmönnum í Norðlendingafjórðungi, svo sem gerzt hefur um önnur samtök sveitarfélaga í landinu. Ég lít svo á, að hvort það starfar áfram í sama formi og nú eða breyting verði þar á, sé mál sveitarstjórnanna sjálfra. Ég tel, að það sé ekki tímabært á þessu stigi, að Alþ. grípi þar inn í, án þess að það sé ljóst, hver vilji sveitarstjórnarmanna er í þessum efnum. Hins vegar felli ég mig mjög vel við þá till., sem fram kom hjá 1. flm. frv., að það sé a. m. k. mjög athugandi að fella inn í frv. einhvers konar heimildarákvæði, sem opni leiðina til þess, að unnt verði að taka þarna upp aðra skipan, sem sé þá, að það verði tvö landshlutasamtök á Norðurlandi, ef það sannanlega er vilji heimamanna sjálfra. En ég lít svo á, að Alþ. eigi ekki að öðru leyti að grípa þarna inn í, nema þetta sé algerlega ljóst.

Hv. 1. flm. þessa frv., hv. 5. þm. Norðurl. e., vitnaði hér m. a. til samþykktar Fjórðungsráðs Norðlendinga frá 16. marz s. l., þar sem það lýsir einróma yfir stuðningi sínum við þetta frv. og lætur í ljós sterkar óskir um, að það nái fram að ganga á yfirstandandi Alþ. Ég vil benda á, að eftir því sem ég bezt veit, er einn af þeim mönnum, sem sæti eiga í fjórðungsráði Norðlendinga, jafnframt í bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar. Hvort afstaða þessa manns hafi breytzt á milli þessara tveggja samþykkta, sem hér hefur verið vitnað til, veit ég ekki, en ef hér er rangt munað hjá mér, hverjir eigi sæti í fjórðungsráði á þessu ári, þá er nægur tími til að leiðrétta það síðar, og skal ekki frekar um þetta fullyrt að sinni.

Ég sem sagt legg á það áherzlu, að það verði ekki með lögum skipað uppbyggingu Fjórðungssambands Norðlendinga, án þess að það sé víst, hver er vilji sveitarstjórnarmannanna sjálfra. Og af þeirri skoðun minni leiðir, að ég get ekki tekið undir þá staðhæfingu hæstv. forsrh., sem hann lét falla hér í ræðu sinni áðan, að það sé sjaldan heppilegt að selja sjálfdæmi um setningu laga til þeirra, er eiga löggjafarinnar að njóta. Ég tel, að sveitarstjórnarmenn, bæði á Norðurlandi og víðs vegar um land, þeir sem undirbúið hafa þetta frv., hafi verið til þess fullfærir og svo muni þessum málum bezt skipað, að þeirra sjónarmið séu ekki sniðgengin.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því, sem hér hefur komið fram.

Mér hefur aldrei dottið neitt annað í hug í þessum efnum heldur en vilji heimamanna sjálfra mundi ráða því, hvort sá aðskilnaður yrði á milli kjördæmanna, sem ég ræddi um áðan. Og mig satt að segja langar til að spyrja hv. 11. landsk. þm., Ólaf G. Einarsson, um það, hverjir þessir aðrir séu, sem eru að vinna að því að kljúfa Fjórðungssamband Norðlendinga. Það getur vel verið, að hann eigi við mig, vegna þess að ég las upp einróma samþykkt frá bæjarstjórn Sauðárkróks. Ég hef sjálfur setið á fundi hjá bæjarráðinu á Siglufirði, þar sem þeir ræddu þetta mál og þá, í sumar, töldu sig vilja hafa forustu um, að þetta kæmist á. Þetta var af þeirri einföldu ástæðu, að hv. Alþ. samþykkti í fyrra till. frá mér um landshlutaáætlun fyrir Norðurl. v., en þessi tillögugerð, sem ég spurðist fyrir um snemma á þessu þingi, hefur gengið ákaflega hægt, og mér er nær að halda, að hún hafi gengið hægt vegna þess, að það hefur enginn aðili verið til á Norðurl. v. til þess að vinna á móti þeim aðilum frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem að þessu hafa verið að vinna. A. m. k. hefur það gengið hægt, svo hægt, að það sést ekki neitt. Ég spurðist fyrir um það fyrir nokkrum dögum, hvernig þessi blessaða áætlun gengi. Þá langaði mig að fá að sjá áætlunina um Skagaströnd, sem mér var sagt, að væri eiginlega búin, en hún var aldeilis ekki búin. Skiptingin er, held ég, fyrst og fremst komin frá heimamönnum sjálfum, og raunar veit ég það. Heimamenn eru farnir að telja, að verkefnin, sem vinna þarf, séu þess eðlis, að það sé eðlilegt, að sérstök landshlutasamtök í kjördæminu vinni að þeim sjálf.

Hv. þm. Lárus Jónsson var jákvæður gagnvart því og hv. þm. Pálmi Jónsson raunar líka, að aðskilnaður kjördæmanna gæti átt sér stað eftir vilja heimamanna. Þetta er alveg í þeim anda, sem ég var að tala um hér fyrr, og ef hægt er að finna einhvern þann flöt á þessu, sem allir gætu sætt sig við, þá skal ég sannarlega ekki mæla úr því.

Hv. þm. Lárus Jónsson taldi, að Fjórðungssamband Norðlendinga væri sterkari eining með tveimur kjördæmum heldur en hvort kjördæmi út af fyrir sig. Þessu er ég ekki sammála. Úr því sem komið er og með þeim hlutverkum, sem þessi samtök eiga að fullnægja, finnst mér einmitt, að Norðurl. v. verði sterkara sér heldur en með öðru kjördæmi, sem auðvitað er langtum sterkara sjálft heldur en hitt.

Vafalaust er rétt hjá hv. þm., að samþykkt fjórðungsráðs hafi verið einróma. Ég veit ekki, hvort einhver úr bæjarstjórn Sauðárkróks er í fjórðungsráði eða hefur skipt um skoðun á nokkrum dögum, eða bara alls ekki verið á fundinum á Sauðárkróki. Um þetta veit ég ekki. En mér er kunnugt um það, að einmitt ýmsir fulltrúar í fjórðungsráði, stjórnarmenn þar, leggja áherzlu á, að þetta sé ekki gert. Af hvaða ástæðum það er, skal ég ekki segja, en það eru þær sterkustu raddir, sem ég hef heyrt á móti þessu. En úr því sem komið er, finnst mér einsýnt að reyna að kanna sem fyrst til hlítar, hvernig sveitarfélög á Norðurl. v. vilja haga þessum málum. Það ætti að vera tiltölulega auðvelt að fá úr því skorið á stuttum tíma. En ég ítreka það, að mig langar til að vita, hverjir það eru, sem standa að þessu, ef það eru ekki heimamenn.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, að það komi fram, að á útmánuðum í vetur, eftir að Samband ísl. sveitarfélaga hafði gengið frá þessu frv., sem nú er hér til umr., kom framkvæmdastjóri Sambandsins á minn fund og ræddi um það við mig, hvort ég mundi fyrir hönd ríkisstj. vilja taka að mér að flytja þetta frv. sem stjfrv. með það

fyrir augum, að það yrði lögfest á yfirstandandi þingi. Við ræddum nokkuð um efni frv., og ég tók ekki afstöðu gegn frv. á efnislegum grundvelli, en ég tjáði framkvæmdastjóranum, að ég mundi telja tímabært, áður en þetta frv. væri flutt, að það yrði sent sýslufundum til umsagnar. Það er alveg óumdeilanlegt, að þetta frv. kemur inn á sýsluskiptinguna í landinu og að verulegu leyti inn á verksvið sýslufélaganna, og það er mikið vafamál, hvort ekki væri um ofskipulagningu að ræða, ef við hefðum þarna tvenns konar hreppsfélög, hreppana og bæjarfélögin, sýslufélögin, sem eru samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, og annan samstarfsvettvang sveitarfélaga, í stærri hópum að vísu, landshlutasamtökin, og svo landssamband sveitarfélaganna, Samband ísl. sveitarfélaga, 4. eða 5. aðilann, og enn fremur það rn., sem fer með sveitarstjórnarmálin.

Ég held, að við séum komnir þarna mjög langt á leið með að ofskipuleggja og að þetta mál verði ekki farsællega leyst með því að taka einn þáttinn út úr. Þessa skipulagsheild sveitarfélaganna og málefna sveitarfélaganna verður að athuga alla saman, og það hefur ekki verið gert nægilega. Þarna er margt ágreiningsatriðið enn þá, og hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. v., kom einmitt inn á þessi sáru og viðkvæmu ágreiningsmál í ræðu sinni áðan og viðurkenndi, að það þyrfti að taka þau til gaumgæfilegrar íhugunar, áður en lengra væri haldið, þ. e. a. s. það, hvort sýslufélögin eigi að halda sínu hlutverki áfram sem samstarfsvettvangur sveitarfélaga eða hvort þau eigi að hverfa eða hvort eigi að breyta starfsskiptingu milli sýslufélaganna og þessara landshlutasamtaka, sem hér er verið að ræða um sem nýjan og stærri samstarfsgrundvöll sveitarfélaga. Ég a. m. k. vildi ekki taka það að mér að flytja þetta frv. að sýslufélögunum fornspurðum og taldi, að það væri vel hægt að koma því við að senda frv., undireins og það var tilbúið, til umsagnar sýslufundanna, sem koma saman venjulega á vori hverju, og standa þannig fyrir dyrum nú. Þó að síðan hafi orðið ofan á, að frv. væri flutt af þm. úr öllum flokkum, teldi ég misráðið að hespa þessu máli af, án þess að nokkurt samráð væri haft við sýslumenn og sýslufélögin.

Það er vissulega stórt mál, ef það skyldi verða niðurstaðan að athuguðu máli, að það bæri að hverfa frá sýsluskiptingunni í landinu, þessari aldagömlu skiptingu milli sveitarfélaga í hópum, samstarfshópum, því kerfi yrði breytt eða nýtt kerfi tekið upp. En þessi athugun hefur ekki farið fram. Það hefur komið hér fram í umr., að ræðumönnum er kunnugt um þann ágreining, sem er innan landshlutasamtakanna um það, hvað eigi að gera varðandi sýslufélögin. Það er í öllum landshlutasamtökunum ágreiningur um þetta, en að niðurstöðu hafa menn ekki komizt.

Það er margt fleira í frv., sem sýnir það, að ágreiningsatriðin á bak við þetta frv. eru mörg og flest öll óuppgerð. Það er t. d. strax í 1. gr. frv. sagt frá því og því slegið föstu, að sérhvert sveitarfélag skuli eiga aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta. Þarna er það gert að skyldu öllum sveitarfélögum, smáum og stórum, að vera þátttakendur í landshlutasamtökum síns landshluta. Er þetta komið í höfn? Hafa þau af frjálsum vilja gengið öll í landshlutasamtökin, hvert í sínum landshluta? Nei. Og á hverju byggist það? Af því að þau eru sum andvíg því, svo að þetta yrði að gerast með lagaþvingun. Og þeim er ætlaður frestur, langur frestur, eins og ég kem hér að síðar, til þess að játast undir þessa skyldu og gerast meðlimir, endurskoða fyrri afstöðu sína. Það er auðvitað æskilegast, að búið væri að ná samkomulagi um þetta, áður en lög væru sett um það, en það hefur ekki náðst. Þau eru sum utan við landshlutasamtökin enn og hafa ekki fengizt til þess að ganga í þau af frjálsum vilja. Þess vegna er þessi skylda. Það er barið í brestina með því að setja bráðabirgðaákvæði. Það er á þann veg, að sveitarfélögin, sem ekki séu enn þá komin í landshlutasamtökin, eigi að fá frest til þess að endurskoða afstöðu sína, og hann er talinn hæfilegur til ársloka 1974, svo að það er ekki gert ráð fyrir, að því verði kippt í liðinn alveg í snatri.

Hér er slegið upp töflu einnig í 1. gr. frv. um það, hvernig aðild sveitarfélaganna að samtökunum eigi að vera, og það er ekki aldeilis eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, að það skuli, hvort sem þjóðir eru fjölmennar eða fámennar, eiga eitt atkv. Nei, það er alveg eftir hausatölunni. Sveitarfélög með 300 íbúa eða færri kýs einn aðalfulltrúa, 301—700 íbúa 2, 701—1500 íbúa 3, 1501—2500 4, 2501—5000 5 fulltrúa, 5001—10 000 6 fulltrúa, og bæjarfélag með 10 001 íbúa og fleiri fær 7 fulltrúa. Er þá ekki með frv. slegið föstu, að svona skuli þetta vera? Nei, næst á eftir kemur gr. um, að þessar tölur sé ekki að marka. Af hverju? Af því að um þetta er sár og bitur ágreiningur í landshlutasamtökunum. Með leyfi hæstv. forseta, er næsta mgr. svona:

„Heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda sé ákvæði um það í samþykktum samtakanna, sem ráðh. staðfesti.“

Þeir vita ósköp vel, að það er ekkert samkomulag um, að fulltrúatölurnar skuli miðaðar við hausatölu í sveitarfélögunum eftir stærð þeirra og að það skuli vera frá 1 og upp í 7 fulltrúa frá sveitarfélagi. Það verða eingöngu stóru sveitarfélögin, sem ráða þarna lögum og lofum með þessu, og það eru smærri sveitarfélögin ekki ánægð með. Þess vegna er þetta mjög viðkvæmur og sár ágreiningur. En svo á að rugla þetta með því, að það verði úr því engin regla, sérstök landshlutasamtök geti ákveðið annað skipulag á þessu, ef ekki fæst samkomulag um hitt. Þannig er þessi ákvörðun í raun og veru gerð að markleysu og þessu öllu stefnt á ringulreið með mgr. á eftir, af því að þeir treysta sér ekki til að beita valdboði gagnvart smærri sveitarfélögunum, sem eiga þó að vera skyldug til þess að vera í samtökunum.

Annað er þarna, sem sýnir líka, hvaða ósamkomulag er þarna á bak við, að það er gert ráð fyrir því, að sýslufélögin geti, ef þau vilji, átt aðild að landshlutasamtökum, en þau eiga líka að geta verið utan við. Þá yrði þetta þannig,

að sum sýslufélögin yrðu með í landshlutasamtökunum, önnur yrðu utan við. Þetta mundi leiða til ringulreiðar, og þetta byggist á því, að það er algerlega óuppgert, þetta stórkostlega mikla vafamál, hvort sýslufélögin eiga að vera til í þessari skipulagningu eða leggjast niður eða hvaða sess þau ættu þá að eiga við hliðina á landshlutasamtökunum. Sýslufélögin eru alveg hliðstæð samtök sveitarfélaga, aðeins samstarfsheild færri sveitarfélaga en hér er gert ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir, að nýju landshlutasamtökin séu hið minnsta eitt kjördæmi. Það er grundvallarhugsunin.

Að því er Vestfirði snertir, er skiptingin þessi: Strandasýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Vestur- og Austur-Barðastrandarsýsla, hvert þessara sýslufélaga er samstarfshópur vissra sveitarfélaga, en þarna ætti að koma eitt í staðinn eða við hliðina á þessum sýslufélögum öllum saman.

Atriði, sem ekki væri óeðlilegt, að væri ákveðið með tölu í þessu frv., er um það, hversu margir stjórnendur skuli vera í landshlutasamtökum. En hafa menn komið sér saman um það? Nei, ekki aldeilis, svo að það fáránlega ákvæði stendur í 1. gr. frv., að „á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn". Þeir eru ekki einu sinni búnir að koma sér saman um það, hve margir skuli vera í stjórn samtakanna, og það ber mikið á milli, það eru 5—11 menn, af því að um þetta er mjög mikill ágretiningur, kannske byggður að nokkru á ágreiningnum, sem ég gat um áðan um það, hvaða rétt hin mismunandi stóru sveitarfélög skuli eiga til fulltrúa. Þetta atriði speglar líka, eins og hin, sem ég áður hef nefnt, það ósamkomulag, sem er þarna á bak við og er ekki búið að leysa. Það er ekki búið að leysa þessa ósamkomulagshnúta.

Vitanlega þurfa þessi landshlutasamtök, ef þau eiga að verða nokkurs megnug, að hafa fjárráð. Ríkið hefur að nokkru leyti þegar í lögum ákveðið þeim nokkurn fjárhagslegan grundvöll. Það var gert með lögum um tekjustofna sveitarfélaga á s. l. ári, og það hafa þau og verður ekki af þeim tekið. Þetta frv. bætir engu við um að gera fjárhagslegan grundvöll þeirra traustari, það er ekkert um það. Það er þegar búið að leggja fjárhagslegan grundvöll fyrir, að þau geti starfað á þann frjálsa hátt, sem þau hafa starfað. En það á að leggja á öll sveitarfélög skattgjald til þessara samtaka, og þar standa litlu sveitrfélögin einkanlega illa að vígi. Þau verða auðvitað að bera sínar byrðar. Smá sveitarfélög eiga fullt í fangi með það, þó að þau standi sig fæst fjárhagslega verr en stóru sveitarfélögin. En þau eiga að borga líka sín gjöld til sýslusjóða, þau ættu að gjalda í þessi samtök, og þau eiga að gjalda til Sambands ísl. sveitarfélaga. Á með frv. að verða lagaleg skylda þeirra að taka á sig þessa byrði líka.

Það hefur verið sagt hér, að lögfesting þessa frv. sé staðfesting á því, sem orðið er. Það er eiginlega sannleikur málsins. Þessi frjálsu samtök hafa starfað, og þau hafa gert gagn, þau hafa verið umræðuvettvangur sameiginlega fyrir fulltrúa sveitarfélaga í heilum landshluta, og það hefur sitt gildi. En það er engu breytt með þessu frv. um það. Hlutverk samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga í umdæmi sínu og landshlutans alls. Þetta hafa þau gert með frjálsum hætti. Þau fá ekkert betri aðstöðu til þess að inna þetta fyrsta aðalhlutverk sitt af hendi með lögfestingu þessa frv.

2. liðurinn: að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins, — ja, áætlanagerð um framkvæmdir, þær kosta nú fé, áætlanirnar, ef á að fylgja þeim eftir í verki. En á hvern hátt eiga landshlutasamtökin að grípa inn í fjárhagsmál sveitarfélaganna? Um það er ekkert í frv. Þar er algerlega byggt á sandi. Ef þau eiga að geta tekið að sér áætlanagerð og framkvæmd á þeim áætlunum fyrir hönd sveitarfélaganna, annaðhvort einstök sveitarfélög eða þau sameiginlega, þá verða þau að hafa fjármagn og það mikið fjármagn, og þau verða að hafa einhvern réttargrundvöll fyrir því, hvernig þau eiga að grípa inn á verksvið sveitarfélaganna. En um það er ekkert í frv.

3. liðurinn: að vinna að öðrum verkefnum samkv. lögum, — það er ekki breytt neinum lögum öðrum við það. Þau hafa unnið að þessum verkefnum samkv. lögum og eiga að gera það áfram. Þar er engu við bætt. Lögfestingin á þessum lið gerir þau ekkert starfhæfari en þau eru nú þegar.

4. liðurinn: að vinna að framkvæmdum á sambykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu, — þetta er það, sem hefur verið þeirra meginstarfsgrundvöllur fram til þessa.

Frv. er byggt upp sem óskalisti samtakanna sjálfra, staðfesting á því, hvernig þau hafa mótað sig. Það er eðlilegt, að það sé rauði þráðurinn í þessu. En í raun og veru er hér ekkert umfram það. Þau verða ekkert starfhæfari en þau eru á þeim frjálsa grundvelli, sem þau starfa, þannig að þótt það sé fjarri mér að vilja leggja nokkurn stein í götu þess, að þessi samtök fái nauðsynlega lögfestingu, þá held ég, að þetta frv. leysi að litlu eða engu leyti þeirra vanda, geri þau ekki starfhæfari, þannig að það liggi sízt af öllu á að hraða svo lögfestingu þessa frv., að það megi ekki bera það undir aðra aðila, sem málið snertir mjög, eins og t. d. sýslufélögin í landinu. Það kæmi mjög til álita hreint og beint að endurskoða sýsluskiptinguna í landinu og embætti sýslumanna og innihald þess að öllu leyti í sambandi við þetta, e. t. v. að komast að þeirri niðurstöðu, að hinir smærri samstarfshópar sveitarfélaganna, sýslufélögin, skuli hverfa og þessar stærri heildir skuli nú taka við. En þar er á æðimargt að líta, það verð ég að segja, um jafnrótgróinn þátt í stjórnskipun þjóðfélagsins og þar er um að ræða.

Ég tel, að það sé góðra gjalda vert að festa í lögum þann rétt, sem landshlutasamtökin eigi að hafa, til þess að þau geti starfað að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna. En það verður líka að vera eitthvað í þeirri lögfestingu um skyldur þeirra og tengsl við aðra þætti í þjóðfélaginu. En það er ekkert í þessu frv. Þess vegna er það alls ekki út í hött, sem hæstv. forsrh. sagði hér: þetta er þáttur í

málakeðju, sem þarf að skoðast í heild og er ekki farsællegt að taka eitt út af fyrir sig, á eins veikum grundvelli og hér er byggt og eins langt og er fjarri því í mörgum atriðum, að búið sé að komast að samkomulagsgrundvelli um einstök atriði. Frv. ber þess margvísleg merki, að það eru viðkvæmir hnútar, sem ekki hefur fengizt neitt samkomulag um innan þessara frjálsu samtaka fram til þessa. Og ég teldi miklu, miklu æskilegra, að búið væri að samræma landshlutasamtökin og reglur þeirra og búið að fá samkomulag um snið þeirra og gerð, áður en lagaramminn væri sniðinn. Um þetta sem sé, hvert atriði á fætur öðru, er nú deilt innan samtakanna og út á við, t. d. gagnvart sýslufélögunum, en þá á að lögfesta þetta nú með mjög rúmum og lauslegum lagaákvæðum og gefa tíma til þess, að samkomulag kunni að nást um þessi deiluatriði. Ég tel þarna farið öfugt að, ég dreg enga dul á það.

Að því var vikið, að það þyrfti að taka þessi mál í samræmi við verkefnaskiptingu og valdsskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og það er vissulega rétt. Þetta er nátengt hvað öðru og þarf að skoðast í samræmi. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, vék að þessu atriði áðan og deildi þá á núv. ríkisstj. fyrir, að með lagabreytingu, sem gerð hefði verið á s. l. ári, hefði verið stefnt í þveröfuga átt við það, sem lofað hefði verið í stjórnarsáttmálanum, að gera slíkt í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og auka valdsvið og verkefni sveitarfélaganna. Þessi ádeila hv. þm. er alveg röng og ósanngjörn. Það var á einu sviði, sem var þrengt valdsvið sveitarfélaganna í þeirri löggjöf, sem sett var í fyrra, og það var að því leyti, að létt var af sveitarfélögunum tvenns konar byrðum, sem þau höfðu borið og þau höfðu á fundum Sambands ísl. sveitarfélaga hvað eftir annað óskað eftir, að af þeim væri létt, og við því var orðið með löggjöfinni í fyrra. Það var tekin af þeim byrði löggæzlunnar, sem þau höfðu kveinkað sér mjög undan að bera, og það var létt af þeim skyldum gagnvart tryggingunum, sem þau höfðu talið mjög þungbæra byrði. Og þetta var hvort tveggja gert að ósk sveitarfélaganna og Sambands ísl. sveitarfélaga. Á hinn bóginn var síðan tekjugrundvöllur sveitarfélaganna stórkostlega bættur. Ummælum í gagnstæða átt get ég ekki látið ómótmælt, því að þar tala tölur svo skýru máli, að það þýðir ekkert að segja neitt, sem í aðra átt fer. Niðurstaðan hjá kaupstöðunum, þegar kom til þess, hvaða fé þeir hefðu, eftir að löggjöfin hafði verið sett og kom til að framkvæma hana á því fyrsta ári, árið 1972, talar þarna skýru máli. Ég skal nú — með leyfi hæstv. forseta — fara yfir þessar tölur að því er snertir kaupstaðina.

Akraneskaupstaður hafði árið 1971 17.2 millj. til verklegra framkvæmda, en eftir nýju löggjöfinni 28.1 millj. Ísafjarðarkaupstaður hafði á árinu 1971 5.6 millj., en fékk 13 eftir setningu nýju löggjafarinnar. (Gripið fram í.) Já, en ekki sem þessu nemur þrátt fyrir alla verðbólgu, ekkert líkt því, — úr 5.6 í 13. Sauðárkrókur hafði 4 millj. árið 1971, fékk 9.8 millj. Siglufjörður hafði 4.3 millj. árið 1971, en fékk 6.7 millj. Ólafsfjörður hafði haft 5.6 millj. árið 1971, fékk 6.7 millj. Akureyrarkaupstaður hafði haft 48.2 millj. árið 1971, fékk nú 74.7 millj. Húsavíkurkaupstaður hafði 9.2 millj. á árinu 1971, fékk 17.8 millj. Seyðisfjarðarkaupstaður hafði haft 3 millj. árið 1971, fékk 6.9 millj. Neskaupstaður hafði 4.5 millj. árið 1971, en fékk 10.3 millj. Vestmannaeyjakaupstaður hafði haft 32.2 millj. 1971, fékk 48.4 millj. Keflavíkurkaupstaður hafði 23.8 millj. á árinu 1971, fékk 55.9 millj. Hafnarfjarðarkaupstaður hafði haft 36 millj. kr. á árinu 1971, fékk 67.1 millj. Kópavogskaupstaður hafði haft 34.6 millj. árið 1971, fékk 82.9 millj. eftir nýju löggjöfinni.

Svo halda menn því fram, að sveitarfélögin hafi verið grátt leikin með setningu hinnar nýju löggjafar og hafi verið svipt fjárhagslegum grundvelli til þess að starfa. Tölurnar tala að því er þetta snertir. Ég er búinn að gera grein fyrir kaupstöðunum. Þá skal ég aðeins gera grein fyrir þessu í heild, af því að það tekur ekki nema 2—3 mínútur, að gefnu tilefni.

Á árinu 1972 námu tekjur sveitarfélaganna í landinu af fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum 3799.3 millj. kr. Þetta var samkv. nýju löggjöfinni á árinu 1972. Ætli það hafi ekki verið miklu hærra 1971? Nei, þá námu þessar tekjur sveitarfélaganna 3362.7 millj. kr. Tekjurnar voru 436.6 millj. kr. hærri á árinu 1972 heldur en á árinu 1971. Þetta þykir kannske ekki há tala og gerir kannske ekki betur en að svara aukinni dýrtíð. En sagan er ekki öll sögð. Samfara þeim breytingum, sem gerðar voru á tekjustofnalögunum, voru líka gerðar breytingar á öðrum lögum, sem léttu gjöldum af sveitarfélögunum, sem áður hvíldu á þeim. Þetta var, eins og ég vék að áðan lauslega, í fyrsta lagi framlag sveitarfélaganna til lífeyristrygginga, sem var nú með öllu fellt niður, í öðru lagi framlög sveitarfélaga til sjúkratrygginga, sem voru lækkuð um helming, í þriðja lagi kostnaður við löggæzlu, sem var létt af sveitarfélögunum með öllu, og í fjórða lagi með afnámi iðgjaldanna til tryggingannna burftu sveitarfélögin ekki að greiða iðgjöld fyrir ýmsa þá, sem þeim var skylt að greiða fyrir samkv. eldri lögum. Ef þessar breytingar hefðu ekki verið gerðar, hefðu útgjöld í Reykjavík t. d. orðið 480 millj. kr. hærri á árinu 1972 heldur en þau urðu, þegar búið er að létta þessum byrðum af borginni. Ekki virðist fjarri lagi að áætla, að þetta næmi fyrir landið allt á árinu 1972 1000 millj. kr., og það er varlega áætlað, það fullyrði ég, sem þýðir raunverulega hækkun á tekjum sveitarfélaganna í heild um 1436.6 millj. kr., rétt við hálfan annan milljarð kr. Ég bíð eftir því, að nokkur hv. þm. treystist til þess að hnekkja þessum tölum, sem sýna, að nýju tekjustofnalög sveitarfélaganna voru stórkostlegur búhnykkur fyrir sveitarfélögin í landinu og ekki réttindaskerðing að neinu leyti.

Ég tók þennan útúrdúr að gefnu tilefni, af því að hv. 5. þm. Norðurl. v. fór þarna með rangt mál, og það hef ég nú leiðrétt í sambandi við þetta mál. En varðandi frv., sem hér liggur fyrir, vil ég að lokum segja það, að ég tel alveg sjálfsagt að setja í það færa og hæfa menn að athuga hina samofnu þætti þjóðfélagsins,

sem snerta sveitarfélögin, hreppsfélögin, bæjarfélögin, sýslufélögin, landshlutasamtök og Samb. ísl. sveitarfélaga, og það skal gert í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, að endurskoða alla þessa samofnu þætti fyrir næsta þing og reyna að leysa þau vandkvæði, sem því eru vissulega samfara að bæta þarna við einum skipulagshlekk í viðbót við þá, sem fyrir eru, án þess að endurskoða það, sem við höfum búið við til þessa. Ég teldi misráðið og teldi óhyggilegt að hespa þessu máli af, þó að Samband ísl. sveitarfélaga leggi mikið kapp á það. Það á ekki að gerast á þessu þingi. Við eigum að gefa okkur tóm til þess að taka þessi mál öll til skoðunar og reyna að gera það fyrir næsta þing, setja í það n. mjög hæfra manna í sveitarstjórnarmálum og í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og endurskoða alla þessa þætti saman, en ekki hvern út af fyrir sig, og sízt af öllu að lögfesta þennan eina þátt án tillits til allra hinna.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil verða við tilmælum forseta, ég hélt bara, að flm. mættu tala þrisvar, en það kann að vera rangt hjá mér. — Ég vil þá fyrst lýsa yfir undrun minni yfir málflutningi hæstv. félmrh. Hér var hann að fjalla um mál, sem heyrir raunar undir hann sjálfan og hann hefði átt sjálfur að vinna að því að leysa. En við heyrðum, að það var allt annar gállinn á hæstv. ráðh., þegar hann var hér í ræðustól, en að hann vildi leysa þetta mál, heldur vildi hann hreinlega drepa því á dreif. Og það var ekki hægt að skilja annað á honum heldur en hann væri einlægur andstæðingur þessa nýja „apparats", sem þarna ætti að fara að setja upp til höfuðs öðrum sveitarstjórnareiningum í landinu. Ég vil lýsa yfir því, að mér þótti þó vænt um að heyra, að hæstv. ráðh. vildi fara að tala við Samband ísl. sveitarfélaga. Mér hefur skilizt, að það væri ekki allt of oft, sem hann vildi hafa samráð við það. En hæstv. ráðh. sagði hér og lagði á það þunga áherzlu, að landshlutasamtökin yrðu ekkert starfhæfari með þessu frv., þótt að lögum verði. Nú liggur það fyrir, að öll landshlutasamtökin hafa beðið um þessa lagasetningu og beðið um, að henni yrði flýtt, og fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Samt segir ráðh.: Þetta frv. ef það verður að lögum, gerir þessa aðila ekkert starfhæfari. Sem sagt, ráðh. segir: þeir, sem vinna að þessum málum, segja tóma vitleysu, ég veit mínu viti, ég veit miklu betur en þeir.

Ég vil benda á, að það, sem hæstv. ráðh. sagði um framtíð sýslufélaganna, kemur ekki þessu frv. nokkurn skapaðan, hrærandi hlut við. Það er mál út af fyrir sig, hvernig verður farið með sýslufélögin, hvernig löggjafinn mótar þeirra starfsvettvang. Hér er verið að tala um, eins og hæstv. ráðh. raunar sagði líka, — hér er verið að staðfesta orðinn hlut. Landshlutasamtökin eru orðin til. Þetta er einungis verið að staðfesta með lögum, og það kemur ekki því við, hvað verður síðar gert við sýslufélögin. Ég viðurkenni, að það er viðkvæmt mál, en það kemur þessu ekkert við, ekki skapaðan hlut.

Eins taldi hæstv. ráðh., að það gægðist hér fram í gegnum frv., að það væri alls staðar ágreiningur um allt, og ég tel, að hæstv. ráðh. hafi talað af litilli þekkingu um það. Hann benti m. a. á, að það væri ágreiningur um það, hversu margir ættu að vera í stjórn, af því að það væru ákvæði um, að það gætu verið 5—11 menn. Hér er eingöngu um það að ræða, að hér eru misstór samtök, og þess vegna þarf að hafa ákvæði, sem segi ekki bara, að það skuli vera 5 menn t. d. í Fjórðungssambandi Norðlendinga og sams konar fjöldi í samtökunum á Austurlandi, sem er miklu minna samband. Frv. gerir ráð fyrir því, að Fjórðungssamband Norðlendinga starfi, og þar hefur verið 11 manna fjórðungsráð, sem er eðlilegt, vegna þess að þar er um mjög stórt samband að ræða. Þarna er ekki um ágreining að ræða, hversu margir eigi að vera í stjórn, heldur þarf að miða ákvæðin við ólíkar aðstæður.

Hann sagði líka, að það væri ekki aldeilis, að það ætti að vera um að ræða lýðræðislega uppbyggingu í því að kjósa á aðalfundi samtakanna, minni sveitarfélögin yrðu algerlega undir í því efni. Hér er um algerlega fráleita fullyrðingu hjá hæstv. ráðh. að ræða, því að ef hann hefði athugað þetta augnablik, þá sæi hann, að í flestum landsfjórðungum hafa minni sveitarfélögin fleiri fulltrúa en hin stóru, — minni sveitarfélögin í heild. Og það hefur oft á tíðum borið á góma hjá stóru sveitarfélögunum, sem hæstv. ráðh. telur, að ráði lögum og lofum í þessum samtökum eftir þessu frv., að það hefur einmitt frekar borið á góma hjá þeim, að þau ráði þar of litlu. Þess vegna telja þau sig afsala sér því að geta haft hlutfallsleg áhrif á þessi samtök. Heldur hæstv. ráðh., að 7 menn, sem 10 þús. manna byggðarlag kýs, ráði hlutfallslega jafnmiklu og byggðarlag, sem hefur 300 manna íbúafjölda og kýs einn fulltrúa? Heldur hann, að 10 þús. manna byggðarlagið hafi hlutfallsleg áhrif á mótun stefnu samtakanna miðað við höfðatölu, eins og hann sagði? Hér er um fáheyrða reikningskúnst að ræða, sem ég botna ekkert í.

Þá vil ég einnig upplýsa hæstv. ráðh. um það, að fram til þessa hafa a. m. k. gjöld til landshlutasamtaka sveitarfélaga frá minni sveitarfélögum verið miklum mun minni en frá þeim stærri. Ég skal taka sem dæmi Fjórðungssamband Norðlendinga, það hefur komið hér oft á dagskrá. Það kann að vera, að mig rangminni það, en mig minnir, að Akureyrarkaupstaður hafi stundum staðið undir 30—40% af kostnaði við rekstur þess sambands, a. m. k. fyrstu árin, og þar var hlutfallslega um langmestu upphæðina að ræða frá einu sveitarfélagi. Ég er ekki að segja þetta til þess að telja það eftir, heldur einungis til þess að sýna fram á, hvað það er fáheyrt, þegar hæstv. ráðh., sem á að fjalla um þessi mál, kemur hér og er með alls konar úrtölur og fer svo með svona röksemdir algerlega út í bláinn. Ég verð að segja það, að ég hef sjaldan orðið fyrir því hér á hv. Alþ. þann stutta tíma, sem ég hef verið hér, að verða jafnhissa og þegar hæstv. ráðh.

var að flytja þessa ræðu, því að mér fannst hún vægast sagt byggð á algerri vanþekkingu um mál, sem hann hefði sjálfur átt að hafa forgöngu um að leysa.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég er alveg andvígur því, sem hv. þm. endaði mál sitt á, að félmrh. hefði átt að eiga frumkvæði að svona lagasetningu. Ég tel það alveg rétt að farið, að sveitarfélögin sjálf leggi grunninn að svona löggjöf og setji síðan form á lagasetninguna í gegnum sín heildarsamtök, Samband ísl. sveitarfélaga. Ég tel því, að málið hafi borið alveg rétt að, og er andvígur hv. þm. um þetta.

Ég er alveg undrandi á því, ef hv. þm. skynjar ekki neitt í þá átt varðandi smærri sveitarfélögin, sem eiga að hafa þarna einn fulltrúa móti allt upp í 7 hjá stærri félögunum, þó að það sé kannske ekki alveg hlutfallslega eftir höfðatölunni mismunað sveitarfélögum þarna, þá er veldi stóru sveitarfélaganna þarna margfalt á við hin, og það er gefinn hlutur, að þau verða einskis megandi í þessum samtökum, hin smærri sveitarfélög. Og það er það, sem hefur gert, að þau eru treg til þess að fara í þessar samtakaheildir af frjálsum vilja.

Ég undraðist mjög, þegar hv. þm. staðhæfði, að tillit til þeirra félagseininga sveitarstjórnarmála, sem til eru í landinu, eins og sýslufélögin, komi þessu máli ekkert við. Ég hef engan mann heyrt vera svo haldinn bíræfni og ósvífni að halda slíku fram. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, átti ekki þessa eiginleika til, því að hann viðurkenndi, að þetta væru mjög nátengd mál og vandasöm og yrði að huga að þeim mjög gaumgæfilega. Þar var sanngirnin alveg eins og vera þar. En hitt er óskammfeilni, að halda því fram, að þessir málefnaþættir komi ekki hvor öðrum við.

Ég skal ekki lengja þessa umr. núna, þetta er 1. umr. um málið, en ég vil fullyrða, að þessi mál þarf að skoða í heild, og þau verða ekki leyst farsællega með því, að litið sé alveg fram hjá öðrum þáttum þessa máls. Það væri óhyggilegt, og það er mergurinn málsins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en ég kann ekki við þann málflutning, sem fram hefur komið hjá talsmönnum þessa frv. Þeir sögðu það báðir, að ég hygg, hv. þm. Lárus Jónsson og hv. þm. Ólafur G. Einarsson, að það væri enginn ágreiningur um það á Norðurlandi, hvort ætti að vera eitt fjórðungssamband eða hvort ætti að vera sérstakt kjördæmissamband fyrir hvert kjördæmi um sig (Gripið fram í.) Þeir sögðu það. (Gripið fram í.) Þeir sögðu, að það væru utanaðkomandi menn, sem væru að vinna að þessu. Hverjir eru þeir utanaðkomandi menn? Það er rétt, að þeir svari því. Það má kannske segja, að þm. séu utanaðkomandi menn, en ég vil ekki fallast á það. En látum svo vera. Eru það ekki aðrir en þm., sem hafa fjallað um þessi mál? Jú. Ég get upplýst þessa tvo hv. þm., sem þykjast vita svo vel, hvað fram fer í Norðurl. v., og hv. 5. þm. Norðurl. v. gæti líka frætt þá um það, að á Sauðárkróki var s. l. haust fundur sveitarstjórna og alþm. fyrir Norðurl. v. Þar voru þessi mál mjög rædd, og þar var gerð samþykkt, þar sem bæjarstjórn Sauðárkróks var falið að hafa frumkvæði um að kanna það hjá sveitarstjórnum í Norðurl. v., hvort þær vildu ekki vera sér um samband. Ekki virðist hafa verið hirt um þetta. Og án þess að ég ætli að fara að gera nákvæma grein fyrir því, hvað fram kom á þessum fundi, þá held ég, að það sé ósköp ýkjulaust hægt að segja, að það hafi verið yfirgnæfandi meiri hl. þeirra manna, sem tóku til máls, sem lét í ljós þá skoðun, að það væri heppilegra að vera í sérstöku sambandi. En hitt er rétt, að það voru aðrar raddir, sem komu þar líka fram í aðra átt. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að það sé ágreiningur um þetta. Það, sem ég hef sagt, er einmitt það sama og þeir sögðu, að það væru heimamenn, sem ættu að ráða þessu. En það eiga þeir ekki að gera eftir þessu frv., og það er það, sem ég benti á og hafði á móti. Þar á að vera lögfest, að það skuli vera eitt samband. Það er það, sem ég gerði aths. við.

Hv. þm. Lárus Jónsson talaði um það af miklum fjálgleik, að það stæði öðruvísi á á Norðurlandi en í hinum kjördæmunum, hin kjördæmin væru svo afskaplega afmörkuð landfræðilega, þar kæmi enginn vafi til greina, Norðurland allt væri ein landfræðileg heild. Nú man ég ekki betur en það hafi verið gerð samgöngumálaáætlun, sem kennd er við Norðurland. En hefur nú ekki verið haldið sig alveg nákvæmlega við þau skýru landfræðilegu mörk, sem þar eiga að vera? Ég veit ekki betur en það séu teknir einn eða ég held tveir hreppar Strandasýslu með í þá áætlun, og það er nú eins og mig minni, að hv. þm. Lárus Jónsson hafi unnið að atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, og ekki man ég betur en að með í þá áætlun slæddist einn eða kannske tveir hreppar, sem tilheyra Austurlandskjördæmi, þannig að landfræðilegu mörkin eru ekki alveg eins skýr og hann vill vera láta.

Það er eðlilegt, að hvert kjördæmi fyrir sig myndi sitt samband, og það er einmitt eðlilegt, að það sé málsvari kjördæmisins og tengiliður við þm. Það er ekkert óeðlilegt, þó að við þm. Norðurl. v. höfum orðið varir við það og höfum fundið það, a. m. k. sumir hverjir, að æskilegt væri að hafa í okkar eigin kjördæmi sérstakan málsvara fyrir það, sérstakan tengilið við það, sem við gætum haft samband við og þeir við okkur. Ég held, að við höfum alveg full rök í þessu fram að færa og það sé eðlilegt að taka það til athugunar, áður en þetta er lögfest, enda féllust þeir á, að það gæti verið eðlilegt að slaka hér á, og þá gæti út af fyrir sig kannske orðið samkomulag um það atriði. En það er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir því. Það er gert ráð fyrir að lögfesta Norðurland allt eitt.

Hv. þm. Lárus Jónsson taldi, að þetta hefði verið samþ. með miklum áhuga og lögð á það mikil áherzla í fjórðungsráði. Ég skal ekki fullyrða um það, hvort bæjarfulltrúi Sauðárkróks hefur verið staddur á þeim fundi, en nær er

mér að halda, að hann hafi ekki verið það, þó skal ég ekki fullyrða um það. En um áherzluna vil ég segja það, að hún er ekki meiri en svo, að samkv. þeirri ályktun, sem hann las, gat það eftir atvikum samþ. það, og venjulega skil ég það orðalag svo, að menn séu ekki allt of hrifnir af því, sem þar er um að ræða. Nei, eftir atvikum gat það sætt sig við það, hefði kannske verið rétt að hafa þarna.

Þetta var það, sem ég vildi taka fram nánar um þetta atriði, sem er út af fyrir sig ekki aðalatriðið í þessu frv. Aðalatriðið um er auðvitað það, hvort það er nægilega vel undirbúið og hvort það er svo úr garði gert, að það sé rétt að taka það út úr og gera það að lögum. Ég fór ekki nákvæmlega út í það í minni frumræðu að gera grein fyrir því, í hverju þessu frv. væri ábótavant, en benti aðeins á hitt, að það væri eðlilegt að skoða þessi mál í miklu meiri heild. En hæstv. félmrh. hefur nú sýnt fram á, hvað þar skortir á, að þetta frv. sé undirbúið svo sem það ætti að vera, og það er þýsna margt, þegar farið er að skoða þetta, sem er þannig, að það rekur sig hvað á annars horn.

Ég verð að segja það, að ég tel ákvæðin um hlutverk þessara landshlutasamtaka, sem er að finna í 112. gr., að vísu fallega stefnuyfirlýsingu, en ekkert meira. Þessum landshlutasamtökum er ekki fengið neitt ákvörðunarvald, að mér sýnist, um eitt eða neitt, nema þá um að skattleggja sveitarfélögin. (**LárJ**: Það er hægt að flytja brtt. um það.) Já, já, það er hægt að flytja brtt. um það. En þetta sýnir, að málið hefur ekki verið grandskoðað eða hugsað niður í kjölinn. Það er aðeins, að það á að annast ráðgjafastarf, eins og þarna segir, í þágu samtakanna, og vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og hérada í umdæmi sínu og landshlutans alls. Hvað er sagt með þessu? Það er ekki mikið. Það er ekki bent á nein ákveðin mál, sem þessi landshlutasamtök eiga að hafa með höndum, nema það, sem þegar stendur í lögum um Framkvæmdastofnunina, að áætlanir eiga að vera gerðar í samráði við landshlutasamtökin. (Gripið fram í.) Já, af því að það sé svo lítils virði. Það má rétt vera hjá þm., að það sé þannig úr garði gert, að það geri ekki skaða, en gagnið er þá líka heldur lítið, held ég. Og ég held, að það væri sæmilegra að gera það þannig og ganga frá því þannig, að það væri einhver veruleg stoð og eitthvert hald í þessum samtökum, eftir að löggjöf hefur verið sett um þau, og þau svífu ekki raunar sem áður í jafnlausu lofti og þau eru nú. Það tek ég undir, að það er eðlilegt, að sett sé löggjöf um þau beint, og það er eðlileg ósk frá þeirra hálfu, að þau fái fastari grundvöll. En þá þarf líka að athuga betur um það, hver sá grundvöllur á að vera. Eins og ég hef þegar sagt, þarf að athuga þetta í sambandi við allt stjórnkerfið. Þarna er t. d., eins og hæstv. félmrh. benti á um fulltrúatöluna, vikið frá alveg rótgrónum hugmyndum í stjórnkerfi sveitarfélaga. Hreppar nir, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, kjósa hver sinn fulltrúa og aðeins einn fulltrúa í sýslunefnd. Frá þessu er horfið í þessu frv. En sem sagt, þarna á að vera mismunandi eftir fólksfjölda. En svo eru það sýslunefndirnar. Ég hefði haldið, að sýslufélögin væru aðilar a. m. k. í sumum þessum landshlutasamtökum. En eftir þessu frv. á að vera komið undir samþykki samtakanna, hvort sýslufélögum er veitt aðild. Í 111. gr. 2. mgr. segir: „Samtökunum er heimilt að veita sýslufélögunum aðild að landshlutasamtökunum.“ Sýslufelögin sem slík eiga enga heimtingu á því að gerast aðilar. Það þarf að sækja um það, og það er undir ákvörðun landshlutasamtakanna komið, hvort þau fá aðild. Fái þau aðild, þá er það svo, að hvert sýslufélag, hvort sem það er stórt eða smátt, á bara að hafa einn fulltrúa og einn til vara.

Mér sýnist sem sagt, að þetta mál geti ekki beðið neitt tjón af því, heldur hljóti það að verða til gagns fyrir samtökin og þá, sem vilja vinna að velgengni þeirra, að þetta mál sé athugað betur, og það á einmitt að gera eins og hæstv. félmrh. drap á, setja nefnd hinna færustu manna til að athuga það, og það á að gerast í sambandi við það víðtækara verkefni, sem gert er ráð fyrir í málefnasamningnum, að tekið sé til gagngerðar endurskoðunar, verkefnaskiptingu á milli sveitarfélaga og ríkis.

Umr. frestað.

Laxárvirkjun, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst koma hér á framfæri þremur leiðréttingum, sem því miður hafa slæðzt inn í grg. frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 391. Það er í fyrsta lagi á bls. 3 í grg. undir því, sem stendur úr 49. gr. vatnal., í 1. línunni þar. Þar stendur orðið „óskum“, á að vera „öðrum.“ Á 4. bls. við önnur greinarskil í 2. línu, stendur, að gufuaflsvirkjunin í Bjarnarflagi sé 1500 kw, átti að vera 3000 kw. Og loks á 6. síðu í efstu línu stendur: um 1900 kw, auk 6500 kw 1. áfanga, átti að standa: um 19 000 kw alls með 650 kw 1. áfanga.

Herra forseti. Enda þótt ég hefði kosið að geta mælt fyrir þessu frv. svo að hæstv. orkumálaráðh. gæti verið við, þá verð ég að sæta því að ræða um þetta frv. þótt fámennt sé í d. og ráðh. ekki við, þar sem ég er að hverfa af þingi. En frv. það, er hér liggur fyrir til umr., fjallar um Laxárvirkjun við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er endurgerð á Laxárvirkjunarlögunum frá 1965 vegna breyttra aðstæðna og breyttra tíma. Meginbreytingarnar, sem lagt er til í frv., að gerðar verði, eru þessar:

Í fyrsta lagi, að Laxárvirkjun verði sameign ríkis, Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkurkaupstaðar, Þingeyjarsýslna og Eyjafjarðarsýslu, í stað sameignar ríkis og Akureyrarbæjar eins og nú er. Þykir eðlilegt, að íbúar orkuveitusvæðisins alls séu eignaraðili að virkjuninni, þar eð á herðum þeirra sem neytenda hvílir virkjunarkostnaður í raun. Eins og er eru eignarhlutföll Akureyrarkaupstaðar og ríkisins nú 65 á móti 35, en eiga samkv. núgildandi l. að verða 50 á móti 50 að lokinni þeirri 6,5 megawatta virkjun, sem nú er nær lokið, en átti raunar lögum samkv. að verða 12 mw, áður en helmingseign yrði. Hér þykir mér rétt að koma því að, að mér vitanlega hefur ríkið lagt það eitt

af mörkum til þess að verða helmingseigandi Laxárvirkjunar að útvega og ábyrgjast sum lán til hennar, en notendur á orkuveitusvæðinu hafa að öllu staðið undir afborgunum og vöxtum lánanna.

Í öðru lagi er lagt til, að Laxárvirkjun verði heimilað að full ljúka Laxárvirkjun III, svo að kostnaði við I. áfanga hennar, sem nú er að ljúka, verði ekki að verulegu leyti kastað á glæ, þar sem það liggur óumdeilanlega á borðinu, að með fulllúkningu Laxárvirkjunar III er lang fljótgerðast og ódýrast að bæta úr bráðum orkuskorti á orkuveitusvæðinu, ef ekki Norðurlandi öllu.

Samkv. núgildandi lögum er heimild til að virkja 12 mw í Laxá auk þeirra 12 mw, sem virkjuð höfðu verið, er lögin voru sett. Nú er að ljúka virkjun 6,5 mw af þeim 12, er l. heimila, en núv. stjórnvöld virðast andvíg því, að lengra sé haldið. Hér er lagt til, að heimildin sé rýmkuð, svo að virkjunin geti alls orðið í Laxá 32 mw í stað 18,5, eins og hún verður að lokinni 6,5 mw virkjun þeirri, sem nú er að ljúka.

Í þriðja lagi er lagt til í frv., að í lög verði sett, að eigi sé horft til meiri virkjana í Laxá en Laxárvirkjunar III, nema síðar náist um það samkomulag héraðsbúa og stjórnvalda. Þetta er svo orðað til þess að eyða tortryggni þeirra héraðsbúa, sem óttast vatnaflutninga og hærri stíflur en Laxárvirkjun III gerir ráð fyrir, en lögbinding ætti að vera þeim meira virði en samningar, að enginn minnist á nauðungarsamninga.

Í fjórða lagi er í frv. lagt til, að Laxárvirkjun skuli hafa samráð við náttúruverndarráð Þingeyjarsýslu og náttúruverndarráð Íslands um landsnyrtingu umhverfis mannvirki sín í Laxárgljúfrum og við Mývatnsósa. Dylst vafalaust engum, að samvinna náttúruverndar og mannvirkjagerðar er nauðsynleg og sjálfsögð, en sjálfsögðust þó á náttúrufögrum stöðum, svo sem hér um ræðir.

Loks skal getið þeirrar breytingar frá gildandi Laxárvirkjunarlögum, að Laxárvirkjun er eftir frv. lögð sú kvöð á herðar að láta ábúendum Laxárdalsjarða ókeypis rafmagn í té til venjulegra heimilisnota, ljóss, hita og suðu. Þetta er ekki umtalsverður peningur fyrir virkjunina, en er eðlilegasta og sanngjarnasta uppbótin til ábúenda í Laxárdal, ef einhver spjöll kynnu að hljótast af uppistöðulóni við 23 metra stíflu, og treysta öðru betur búsetu á Laxárdalsjörðum.

Aðrar breytingar frv. á Laxárvirkjunarl. eru nánast aðeins samræmingarbreytingar, svo að þær þarf varla að skýra, en annars vísast nánar til skýringa í grg. á frvgr.

Eins og rakið er í grg. þessa frv., hafa tvær virkjanir farið fram í Laxá við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu. Var sú fyrri 4 000 kw, eingöngu reist af Akureyrarbæ og gengur undir heitinu Laxárvirkjun I, en hin 8 þús. kw, nefnd Laxárvirkjun II, reist af ríki og Akureyrarbæ, þótt bærinn beri raunar allan veg og vanda af og eignarframlag ríkisins væri aðeins á pappírnum, þótt á eftir teldist eignarhluti ríkisins 35%.

Fyrir um 7 árum var síðan tekið að hugleiða alvarlega, hvernig mæta skyldi fyrirsjáanlegum orkuskorti á Laxárivrkjunarsvæðinu, og var að lokum staðnæmzt við virkjun í Laxárgljúfrum aðeins ofar núv. virkjunum. Var hún hönnuð af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi og hlaut nafnið Gljúfurversvirkjun. Átti Laxárvirkjun að henni lokinni að veita allt að 65 mw orku, en Gljúfurversvirkjun byggðist m.a. á því, að bergvatnsánni Suðurá, er fellur í Skjálfandafljót, yrði að hluta veitt um Krákárfarveg um Mývatnssveit í Laxá. Í Laxárgljúfrum yrði reist 57 m há stífla og stórt miðlunarlón myndað í neðanverðum Laxárdal. Þessi virkjun virtist mundu vera mjög hagkvæm hvað kostnað og nýtingu snerti.

Þegar kunnugt varð um þessa virkjunarfyrirætlun, komu fljótlega fram allmiklar efasemdir meðal heimamanna í Þingeyjarþingi. 1) Fylgdi hin 57 m háa stífla vatnsþunga miðlunarlónsins í Laxárdal, og hver yrðu örlög blómlegrar byggðar í Aðaldal, ef lónið hlypi fram yfir hana? 2) Yrði ekki Laxárdalur lagður í eyði með myndun miðlunarlónsins? 3) Ylli það ekki spjöllum á Mývatnssveit að veita hluta Suðurár um Kráká til Laxár?

Allt voru þetta skiljanlegar efasemdir, og í héraði tóku að koma fram ýmsar ábendingar. Búnaðarfélag Þingeyinga, formaður Hermóður Guðmundsson í Árnesi, mótmæliti hærri stíflu en 20 metrum í Laxárgljúfrum. Úr Mývatnssveit bárust andmæli gegn vatnaflutningum úr Suðurá til Laxár, og svo til allir búendur í Reykjadal eða Reykdælahreppi skoruðu á Laxárvirkjunarstjórn að halda sér aðeins við fullvirkjun Laxár við Brúar, en Laxárvirkjun III mætir nánast öllum þessum kröfum eða óskum, því að hún reiknar ekki með vatnaflutningum, aðeins með 23 m stíflu, og ekki stærra miðlunarlóni eða uppistöðulóni en svo, að engin bújörð í Laxárdal bíður umtalsvert tjón af.

En áður en málið komst á hönnunarstig Laxárvirkjunar III, hafði mikið tundur verið borið að þessu máli, eins og alkunna er, og verða þau ósköp ekki rakin hér. Nú held ég, að mikill þorri manna, sem um skeið lét blekkjast af Finnagaldrinum, sem beitt var gegn virkjunarmálinu, sé farinn að sjá, að margt var þar missagt, viljandi og óviljandi. Eftir stendur óhaggað, að Laxárvirkjunarsvæðið er í bráðum orkuskorti og fljótvirkasta úrræðið, ódýrasta úrræðið og það, sem öllum þorra notenda á virkjunarsvæðinu gezt bezt að, er fulllúkning Laxárvirkjunar III, en fyrir henni skortir lagaheimild að hluta, sem með frv. þessu er leitazt við að afla.

Þegar er hin svonefnda og raunalega Laxárdeila stóð sem hæst, hugkvæmdist hinum harðvítugu virkjunarandstæðingum það herbragð að stofna Landeigendafélag við Laxá og Mývatn og fékk ríkið og Laxárvirkjunarstjórn til að líta á félagið sem viðsemjanda um virkjunarframkvæmdir. Veit ég ekki betur en ríkið eigi um ¼ hluta þeirra jarða og jarðahluta, sem lönd eiga að Laxá og Mývatni, og að sá jarðeigandi, ríkið, hafi aldrei gengið í né átt kost á að ganga í þetta Landeigendafélag, en sleppum því. En nú hefur ríkið eytt nær 4 árum í það að ná samkomulagi við stjórn þessa félagsskapar um virkjun í Laxá, og nýverið hefur

fengizt samkomulag, ef samkomulag má kalla, svo að flesta, sem til þekkja og heyra, rekur í rogastanz. Hvers konar málsmeðferð er þarna á ferð? Hvers konar meðferð á almannafé er þar um hönd höfð? Hver er réttur hins almenna raforkunotenda í málinu? spyr almenningur um Vaðla- og Þingeyjarþing.

Enda þótt samkomulagsvilji ríkis sé allra góðra gjalda verður inan skynsamlegra marka, er það vægast sagt mjög umdeilanlegt, að Landeigendafélag Laxár- og Mývatnsbænda sé gildur aðili að virkjunarmáli þessu, því að ríkið og Laxárvirkjun eiga allt það land og hafa á sinni hendi virkjunarrétt Laxár, þar sem virkjunin á að gerast, en vatnalög kveða þannig á um þetta atriði í 49. og 50. gr.

Úr 49. gr. vatnalaga: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkv. III. og IV. kafla (vatnsnotkun til heimilis- og búþarfa, iðnaðar og iðju), né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Og úr 50. gr.: „Rétt er eiganda landareignar" — í þessu tilfelli ríki og Laxárvirkjun — „að gera stíflu í vatnsfarvegi og veita vatni úr eðlilegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsorkunota samkv. 49. gr., enda séu ekki gerðar skemmdir á landi annarra manna um nauðsyn fram. Eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu."

Umráðaréttur ríkisins og Laxárvirkjunar á Laxá fyrir landi sínu er þannig óumdeilanlegur samkv. vatnal. Leyfi til að reisa stíflu og veita ánni úr farvegi sínum er líka óumdeilanlegt samkv. þessum sömu l., enda sé henni veitt í fornan farveg, áður en landareigninni sleppir, og er hvergi gegn þessu brotið. Samt hefur forráðamönnum Landeigendafélagsins verið látið haldast uppi að tefja brýnar framkvæmdir í virkjunarmálum Norðlendinga öllum til stórtjóns. Við þetta bætist, að nú hafa þessir virkjunarhindrendur heimtað stórfelldar skaðabætur í eigin vasa og málþófskostnað auk fiskvegar frá Neðri-Laxá upp í Efri-Laxá, þangað sem lax hefur aldrei gengið. Virðist almenningi orðið ofríkið nokkuð valdamikið í landinu, ef færa á því á silfurdiski bætur fyrir ósannaðan skaða, málþófskostnað fyrir að hindra löglegar virkjunarframkvæmdir í almannaþágu og loks búa því ókeypis fiskveg milli ólíkra lífkerfa árinnar. Er nú svo komið, að fjölmörgum kjördæmisbúum á Norðurl. e. finnst sjálfsagt, að höggvið sé á þennan vandræðahnút með lagasetningu, þar sem Laxárvirkjun III sé leyfð og látið á það reyna, hvort nokkurt tjón hlýzt af, sem bótavert þykir að dómi óvilhallra matsmanna.

Eins og áður getur, hafa tvær virkjanir verið reistar í Laxá við Brúar, Laxárvirkjun I, 4 000 kw og Laxárvirkjun II, 8 000 kw. Nær lokið er og 1. áfanga Laxárvirkjunar III, og á hann að gefa 6 500 kw orku. Eftir er þá að reisa hina umdeildu 23 m stíflu og vélbúa virkjunina til að nota það aukna afl og vatnsjafnvægi, sem stíflan gefur. Laxárvirkjun III mun þá geta gefið um 19 000 kw, og sjá þá væntanlega allir, hvílík fásinna er að hætta Laxárvirkjun III að loknum aðeins 1. áfanga, þeim raunverulega dýrasta, en nota ekki þá fljótgerðustu og ódýrustu lausn á bráðum orkuskorti að ljúka II. og III. áfanga, enda segir stjórnarblaðið Þjóðviljinn 25. þ. m., að þá hafi 240 millj. kr. verið varið þar til einskis.

Auk hinna 12 000 kw þegar virkjaðra í Laxá og 6500 kw nær virkjaðra í Laxá á Laxárvirkjun 3000 kw gufuaflstöð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og 7500 kw díselrafstöð á Akureyri. Þessa olíurafstöð hefur orðið að keyra nær linnulaust að fullu, svo dýr raforkuframleiðsla sem það er, en beri nokkuð út af með rennsli Laxár, en misrennsli í henni óx við það, að stíflumannvirki voru sprengd fyrir nokkru við Mývatnsósa, svo sem frægt varð, þá verður orkuskortur á virkjunarsvæðinu, og var svo t. d. dögum saman í vetur til stórtjóns atvinnulífi og mikilla óþægginda í heimilishaldi almenningsgs. Þarf enda ekki annað en minna á hinn myndarlega verksmiðjurekstur SÍS á þessu svæði, 7 hraðfrystihús einnig á þessu svæði, auk blómlegs smærri iðnaðar ýmiss konar, til að gera öllum ljóst, hve orkuskorturinn ógnar miklum verðmætum.

Nú hefur Norðlendingum verið lofað rafmagni frá Sigölduvirkjun, sem enn er óhafin og ekki vitað, hvenær verður byrjað á. Einnig stendur yfir byrjunarathugun á línustæði norður frá hinni fyrirhuguðu Sigölduvirkjun, en alls óvíst, hvenær henni þyki fullokið. Nú setur það geig í margan Norðlendinginn, að stórbilanir urðu í vetur á háspennulínu frá Búrfellsvirkjun til Reykjavíkur, svo að orkuþurrð varð af. Hvernig verða Norðlendingar settir með raforku sína leidda um langan veg sunnan yfir fjöll, ef sú lína bilar á reginsöndum í stórviðri? spyrja margir með kvíða. Hvar verða þeir staddir með iðnað sinn, hvar með framtíðarhorfur um aukna iðnaðarframleiðslu, hvar með öryggi um rafmagn til húsahitunar, búrekstrar og venjulegra heimilisnota? Verða þeir neyddir til að búa sjúkrahús og viststofnanir sér díselrafstöðvum, svo að lífshættu af skyndilegri bilun á raflínum verði bægt frá? Hvað á hin 100 millj. kr. dýra raflína, sem á s.l. hausti var lögð frá Akureyri til Skagafjarðar, að standa lengi ótengd og öllum gagnslaus vegna þess, að orka fyrirfinnst engin til að flytja?

Nú kann einhver, sem á mig hlustar, að spyrja: Getur þetta verið, að þessi lína hafi virkilega verið lögð og ekki tengd og kostað svona mikið? Jú, þetta var einn liðurinn í hinni nýju stefnu í raforkumálum, markaðri af núv. ríkisstjórn.

Því verður ekki trúað að óreyndu, að löggjafarvald þjóðarinnar telji sér þetta mál óviðkomandi, nú þegar það er komið í algera sjálfheldu. Væri ugglaust skynsamlegt að þm.-nefnd, skipuð fulltrúum allra flokka, brygði sér hið hvatasta á Laxárvettvang og kynnti sér málið

af eigin raun og gæfi alþ. skýrslu. En viðbragðsfljót þarf sú n. að vera. Málið þolir enga bið.

Nú kann einhver að spyrja: Hví kemur þú svo seint fram með þessa frv.-lausn? Því er fljótsvarað. Ég hef ekki fram að þessu trúað öðru en að viðunandi, skynsamleg lausn fengist í máli þessu undir forsjá ríkis og Laxárvirkjunarstjórnar.

Það mun hafa verið árið 1970, sem Bjartmar Guðmundsson fyrrv. alþm. og mjög eindreginn andstæðingur Gljúfurversvirkjunar ritaði mjög greinagóða og viturlega grein í Morgunblaðið um Laxárvirkjun og Laxárdeilu. Benti hann þar á málamiðlunarleið í stórum dráttum, Laxárvirkjun III. Ég sem ákveðinn Gljúfurversvirkjunarmaður leit svo á, að hér væri fundið skynsamlegt bil beggja og viðunandi lausn á orkuskortinum um næstu ár fyrir Norðurl. e. og í bili jafnvel fyrir Norðurl. v. Þessar ábendingar Bjartmars áttu almennan hljómgrunn í öllu Norðurl. e., jafnt í bæ og byggð, þótt að sjálfsögðu væru andstæðuhópar til beggja hliða. Hefðu þm. kjördæmisins borið gæfu til að beita sér sameiginlega fyrir þessari lausn á Laxárvirkjun, væri málið ugglaust komið í höfn. Því miður var þessu ekki að heilsa.

Nú berast okkur fréttir af algerri uppgjöf Laxárvirkjunarstjórnar í Laxárvirkjunarmálinu fyrir hinum tilbúna gagnaðila, stjórn Landeigendafélagsins, þar sem með hjálp ríkisvaldsins er kné látið fylgja kviði og ekkert sinnt, þótt slíkt kosti alþjóð í fyrsta lagi 240 millj. kr. fjársóun í byrjunarvirkjun, sem ekki fæst fullgerð, og í öðru lagi hundruð millj. dýrari raforkuútvegun fyrir Norðurland, þegar hún loks kemur, sem enginn veit nú, hvenær verður. Þetta er víst hin nýja, ágæta stefna í raforkumálum, sem Þjóðviljinn kynnti svo 25. þ.m. Það er þetta glapræði, sem ég freistaði að róa í gegn með frv.-gerð þeirri, sem hér um ræðir. Það er þessi nauðungarsekt, sem ég andmæli með frv. þessu. Ég vil láta rödd allra þeirra á Norðurl. e., sem finnst Laxárvirkjun III skynsamlegasta lausnin á orkuskorti okkar um sinn, heyrast á alþ., jafnvel þótt allir þm. kjördæmisins horfi í gaupnir sér, meðan alþýða manna þar er beitt bolabrögðum í orkumálum. Kannske hef ég líka þá trú á skynsemi og raunsæi stjórn valdanna í orkumálum, að þau hafi vit fyrir kappgirninni og valdgleðinni á síðustu stundu.

Ég legg svo til, að máli þessu verði að lokinni umr. vísað til iðn.n.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er tæplega ástæða til að eyða mörgum orðum að efnisatriðum þessa frv., sem hér hefur verið talað fyrir af miklum eldmóði, en maður getur ekki varist því að hugsa til þess, hvað það er einkennilega að málum staðið, að nú þegar loksins er búið að leysa þessa deilu, þá skuli vera flutt frv. eins og þetta. Það, sem er meiningin með þessu frv., er að taka með valdboði af bændum réttmæta eign þeirra, sem alls ekki mundi standast fyrir stjórnarskránni. Og lögskýringarnar, sem hv. frsm. og flm. þessa frv. kom með hér, eru í meira lagi einkennilegar, og þær eru raunverulega ákaflega mikið vantraust á þá lögfræðinga, sem hafa staðið í því erfiða hlutverki að reyna að verja ætlanir og gerðir Laxárvirkjunarstjórnar. Manni gæti dottið í hug að spyrja: Hvers vegna fengu þeir ekki þennan mann til að halda á málum sínum, fyrst málin eru eins einföld og hann vildi vera láta, þegar hann var að lesa hér greinar úr vatnalögunum.

En saga Laxármálsins verður ábyggilega síðar rituð, og hún verður talin merkileg. Þetta mál skiptir sköpum í sögu lands okkar. Sérstaklega skiptir það sköpum í því, á hvern hátt við umgöngumst landið okkar. Eitt er víst, að hér eftir verður ekki farið fram með þeirri einsýni og ég vil segja blindni, sem gert var, og er ég þar með ekki að ásaka einn eða neinn, verkfræðinga eða aðra, sem gerðu þessar áætlanir, en það mun ekki verða farið fram hér eftir með þeirri einsýni og blindni, sem gert var, þegar áætlanirnar um Gljúfurversvirkjun voru gerðar og reyndar margar fleiri og miklu umfangsmeiri áætlanir, sem þá voru á prjónunum, en nú hafa hjaðnað, því betur.

Og hver voru áformin í upphafi? Það er rétt að rifja það aðeins upp, vegna þess að það skýrir, hvers vegna bændur í Þingeyjarsýslu þurftu að rísa upp og verja eignir sínar og hvers vegna útkoman eða niðurstaðan verður sú, sem nú er orðin, en það má segja að niðurstaða málsins er í samræmi við málatilbúnaðinn í upphafi. Það var búið að áætla að taka Suðurá, sem fellur í Skjálfandafljót, og veita í Mývatn og í Laxá, og kollvarpa með því tveimur höfuðvatnakerfum héraðsins, Þingeyjarsýslu, sem snerta næstum alla bændur í 5 eða 6 sveitarfélögum, og þetta var áætlað og komið á pappírinn, án þess að væri búið að hafa samband við einn eða neinn af þessum mönnum. Og þegar að því var spurt: Hvers vegna hafa mennirnir, sem eiga land að Skjálfandafljóti, Mývatni og Laxá, ekki verið spurðir ráða? Þá sögðu tæknimennirnir: Við getum ekki eytt tíma í gagnslaus fundahöld með bændum. Við prófuðum það að halda fundi með bændum í Mývatnssveit, og það kom ekkert út úr því nema vitleysa, og við getum ekki eytt okkar tíma í þetta. — Svo brattir voru þeir fyrst, þegar var verið að ræða um þessi mál.

Það var áætlað að gera 57 m háa stíflu, sem færði í kaf heila sveit, Laxárdalinn. Það var búið að segja þeim frá því reyndar, að þetta ætti að gera, en ekki á annan hátt heldur en aðeins að tilkynna þeim það, að nú væri bezt fyrir þá að hætta að byggja upp býli sín, byggja íbúðarhús, fjós eða peningshús, því að þetta ætti allt að fara í kaf. Þannig var boðskapurinn. Það var líka áætlun um Mývatnsvirkjun, sem tæki fallið í Laxá úr Mývatni og niður að Lóninu stóra, og þá hefði Laxá ekki verið til á landakortinu eftir það. Þetta voru áformin. Það var líka auðséð, að Laxá fyrir neðan virkjun yrði ekki söm eftir sem áður og henni yrði gerspillt. Það var þess vegna, sem bændur urðu að rísa upp, og þetta er árangurinn, sem nú hefur verið lýst.

Það er ekki við þessa bændur að sakast, þó að nú sé orkuskortur á Norðurlandi. Það er ekki á þeirra ábyrgð, að þessi deila hefur

risið, heldur á ábyrgð þeirra, sem stjórnað hafa þessum málum að undanförnu eða á þessu tímabili, sem deilan hefur staðið. Og það mun vera erfitt að sýna fram á það, og það er því hafi tafið framkvæmdir við Laxá. Ég vil spyrja hv. frsm., á hvern hátt þessi töf hafi orðið, á hvern hátt deilan hafi tafið framkvæmdir við fyrsta áfanga Gljúfurversvirkjunar, sem nú hef ur hlotið nafnið Laxárvirkjun III. Það mun vera erfitt að sýna fram á það, og það er því alrangt og ósæmandi að kenna bændum, sem neyddust til að verja eigur sínar og óðöl, um það, þó að illa hafi verið haldið á orkumálum á Norðurlandi á fyrrgreindu tímabili. Það er algerlega ósæmandi að gera það.

Hver er þá meiningin með því að flytja þetta frv. hér og nú? Það getur ekki verið ímyndun flm., að þetta nái fram að ganga og að þetta sé heppileg lausn á orkumálum Norðlendinga, sem vissulega þarf að leysa. Nú hefur núv. ríkisstj. leyst deiluna, — deilu, sem fyrrv. ríkisstj. gat ekki leyst, og það væri ákaflega fróðlegt, ef það gæti komið fram í dagsljósið, hvað hindraði það, að deilan yrði leyst vorið 1970. En alla vega lítur það þannig út fyrir mér, að það sitji ekki á flm. þessa frv. að tala nú um þessa lausn á málinu, sem hann er að benda á. Það hefur orðið mikill skaði fyrir þjóðina og fyrir raforkunotendur á Norðurlandi af því, hvernig haldið hefur verið á málunum. Og þennan skaða verður þjóðin öll að bera að nokkru leyti. Og það, sem ríður á núna er auðvitað að bæta úr þessu og bæta fyrir mistökin, en ekki að vekja deilurnar upp á ný.

Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í að rekja allt það, sem er rangt með farið í grg. með frv. og einnig kom rangt fram í framsögurræðu flm. En ég get aðeins bent á það, að það er langt frá því, að 23 m stífla við Brúar skaði ekki bújarðir í Laxárdal. 18 m stífla mundi gera fyllu upp að Birningsstaðaflóa, upp að Soginu svokölluðu. 5 m þar ofan við mundu sökkva miklu landi, og vegir um Laxárdal og mikið af ræktunarlöndum bænda færu undir vatn. Það væri fróðlegt fyrir flm. að kynna sér skýrslu sérfræðinga, sem gerð var fyrir sáttanefnd og kom fram nú fyrir áramótin um áhrif af stíflugerð í Laxá. Það er greinilegt, að þessir sérfræðingar, líffræðingar og vatnalífræðingar, fiskifræðingar, þeir telja alla stíflugerð mjög hættulega fyrir þetta stórmerka svæði, þetta stórmerka lífkerfi, sem er Mývatn og Laxá. Það er ákaflega fróðlegt að lesa þessa skýrslu. Af henni er ljóst, að alrangar eru fullyrðingarnar um, að þetta skaði ekki Laxá eða að þetta skaði ekki búskap í Laxárdal og það skaði ekki náttúruverðmæti. Það er alveg augljóst, að það mundi verða stór skaði af þessu.

Fullyrðingar frsm. um það, að málið sé svona einfalt, eru náttúrlega ákaflega mikið vantraust á menn, sem nú fara með þessi mál í Laxárvirkjunarstjórn, og nú hafa séð, að það var vænlegasta ráðið að leysa þessa deilu með samkomulagi.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. — Hv. þm., sem hér talaði áðan, taldi, að það væri búið að leysa Laxárvirkjunarmálið á mjög ágætan hátt, að honum fannst. Lausnin er engin, aðeins, eins og ég gat um og öllum mun finnast, sem málið kynna sér, hrein nauðungasætt og sætt, sem aldrei verður haldin af hálfu þeirra, sem seinna koma til með að ráða þessum málum í Þingeyjarþingi og Vaðlaþingi, því að nauðungarsætt er engin skylda að halda. Hann var að ræða um lögfræðingana. Við vitum það, að lögfræðingar kunna ýmis bellibrögð. Við getum t.d. minnt á lögbanið, sem var sett hér upp í Mosfellssveit á lagningu hitaveituæðar ofan úr Mosfellssveit til Reykjavíkur. Það tafði málið í heilt sumar a.m.k., en reyndist ekki hafa við nein rök að styðjast, þegar málið var loks kannað til botns. Lögbannsmálið við Laxá er ugglaust af sömu gerðinni. Það gat tafið, en það er álit fjölmargra lögfræðinga, að það mundi koltapast af hálfu landeigenda, ef það fengi að bíða svo lengi, að það væri dæmt í málinu.

Ég skal játa það, að ég hef ekki séð skýrslu sérfræðinganna, sem hv. þm. minntist á áðan, en ég hef talað við annan sáttanefndarmanninn, Ólaf Björnsson, og hann sagði mér, — ég held ég sé ekki að brjóta neinn trúnað, þó að ég hafi þau orð eftir honum, — að skýrslan væri þannig úr garði gerð, að hvor aðilinn sem væri gæti talið hana sér til framdráttar, bæði Landeigendafélagið og hinir, sem virkja vildu.

Og svo að lokum þetta: Ræða hv. þm. hér áðan var einkennandi um framkomu Frams.fl. í þessu erfiða máli. Sumir flokksmenn voru á móti, sumir voru með, en engin stefna fannst hjá flokknum sem heild. Hv. þm. var þó heiðarlegur að því leyti, að hann var alltaf ákveðinn virkjunarandstæðingur og vatnaflutningaandstæðingur, enda ætlaði hann sér þá að stofna, eins og hann gerði fljótlega, vatnafélag um Skjálfandafljót, þó að svo tækist til hjá honum, þessum ágæta manni, sem aldrei vill gera á hlut þeirra, sem eiga lönd að vötnum, að hann gleymdi að tala við einn landeigandann, þegar vatnafélagið var samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Föstudaginn 30. marz kl. 2 miðdegis.

Fjarvistir framsögumanna.

Forseti (Eyst. J.): Áður en gengið er til dagskrár vil ég benda á, að undanfarið hafa verið talsverð brögð að því, að frsm. nál. hafa ekki verið viðstaddir, þegar þau hafa verið tekin fyrir, án þess að hafa gert grein fyrir fjarveru sinni. Framvegis verða nál. tekin fyrir, þótt enginn frsm. finnist, nema þeir hafi gert viðhlítandi grein fyrir fjarveru sinni.

Birting skjala varðandi landhelgissamninga, þáltill. (þskj. 432). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Loðna til manneldis, þáltill. (þskj. 433). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun á tryggingakerfinu, þáltill. (þskj. 319). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn á reki gúmbjörgunarbáta, þáltill. (þskj. 346). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til allshn. með 38 shlj. atkv.

Kennsla í fjölmiðlun, þáltill. (þskj. 28, n. 316). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Stefán Gunnlaugsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar og umsagnar till. til þál. á þskj. 28, um kennslu í fjölmiðlum við Háskóla Íslands. N. leitaði umsagnar þriggja aðila: Háskóla Íslands, útvarpsstjóra og Blaðamannafélags Íslands. Í umsögn Blaðamannafélags Íslands segir m.a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Blaðamannafélagsins fagnar þess vegna alveg sérstaklega, að fram er komin á alþ. þáltill., sem leggur fyrir ríkisstj., að hún beiti sér fyrir því, að Háskóli Íslands taki upp kennslu í fjölmiðlun, og mælir með samþykkt till. Stjórnin er í öllum meginatriðum sammála þeim hugmyndum um fyrirkomulag slíkrar kennslu, sem fram koma í grg. með þáltill."

Með hliðsjón af þeim umsögnum, sem n. fékk, er n. sammála um að leggja til, að till. verði samþ., þó með breyttu orðalagi. Er brtt. n. svo hljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna, hvort eigi séu tök á, að Háskóli Íslands hefji og haldi uppi kennslu í fjölmiðlun, og ef svo reynist, þá með hverjum hætti hún skuli vera."

ATKVGR.
Brtt. 316 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 476).

Lagasafn í lausblaðabroti, þáltill. (þskj. 47, n. 315). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 315, hefur allshn. athugað þessa till. og leitað álits á henni hjá Lögfræðingafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands og dóms- og kirkjumrn. Svör þessara aðila eru jákvæð, og n. mælir einróma með samþ. till.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Eins og fram kom í framsögurræðu frsm. allshn., hefur till. fengið mjög eindreginn stuðning bæði Lögfræðingafélagsins og Dómarafélagsins, en því miður var það afstaða rn., að ekki mundi vera mögulegt að koma þessum vinnubrögðum við, þegar lagasafn yrði næst gefið út, sem mun vera nú á næstunni, og var því borið við, að þegar væri hafin prentun á lagasafninu og vinna og pappír að verðmæti mörg hundruð þús. kr. yrði ónýt. Ekki ætla ég að hefja rökræður um það, hvort tæknilega hliðin hafi verið á þann veg, að ekki hafi verið hægt að breyta um að þessu leyti, þar sem þeir aðilar, sem um þetta hafa fjallað, eru svo eindregið á því, að æskilegt væri að fá nýja tilhögun á útgáfuna. Þó er mér nær að halda, að það hefði verið mögulegt að breyta til, þar sem hér er raunverulega fyrst og fremst um að ræða nýja bókbandsaðferð en þessi tilhögun hefði ekki endilega þurft að hafa það í för með sér, að lagasafnið hefði allt verið stokkað upp að þessu sinni. En hvað um það, það virðist ekki vera unnt að fá þessu breytt héðan af, og er þá aðeins að vænta þess, að till. komist í framkvæmd sem fyrst, þó að það verði þá ekki alveg á næstu árum, en a.m.k. í þar næsta skipti, sem lagasafnið kemur út. En ég vildi undirstrika það, sem ekki er fólgið í till. og ekki hefur verið gerð brtt. um, en kemur fram í álitsgerð rn., að um leið og þessi tilhögun yrði þá tekin upp, er að sjálfsögðu eðlilegt og sjálfsagt, að endurskoðaðar verði lagareglur um efni og útgáfu Stjórnartíðinda, því að þetta grípur að sjálfsögðu hvað inn á annað, og er þá óeðlilegt að breyta aðeins tilhögun á útgöfu lagasafnsins, ef ekki er um leið endurskoðað, hvernig útgáfu Stjórnartíðinda er háttað, þannig að þar verði ekki raunverulega um margverknað að ræða.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér skilst, að hv. allshn. mæli með samþykkt þessarar till. óbreyttrar. En í þessari till. stendur:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar undirbúa útgáfu lagasafns, sem verði í lausblaðabroti og bundið með þeim hætti, að áskrifendur lagasafnsins geti framvegis fengið ný lög og lagabreytingar, sem felldar hafa verið inn í viðkomandi lög, sérprentaðar á lausum blöðum, svo að stöðugt verði fyrir hendi fullkomið, handhægt lagasafn fyrir lærða sem leika."

Þegar þessi till. var hér til fyrri umr., gerði ég grein fyrir því, að útgáfu lagasafns væri nú þegar svo langt komið, að frá því yrði vitaskuld ekki horfið. Og ég gerði ráð fyrir því satt að segja, þegar þannig nýtt lagasafn kemur út á næstunni, þá þyki mörgum það ofrausn, að farið sé að gefa þegar í stað út annað með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir. Ég hefði talið skynsamlegra, að till. hefði verið breytt í það horf, að ríkisstj. væri falið að athuga um þennan útgáfuhátt, enda er það satt að segja, að þær umsagnir, sem hafa borizt um málið, eru ekki einhlýtar. Í fyrsta lagi er umsögn rn. algerlega á þá lund, eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. málsins. Í öðru lagi er það alls ekki svo, að Lögfræðingafélagið eða stjórn Lögfræðingafélagsins mæli með því alveg tvímælalaust, að

þessu skuli hagað á þennan veg, sem hér er gert ráð fyrir. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögfræðingafélagið mælir með því, að rækilega sé kannað fyrirkomulag á útgáfu lagasafns, svo að bætt verði úr þeim erfiðleikum, sem lýst er í grg. flm. þáltill. Komi þá til athugunar sá útgáfuháttur, sem í henni ræðir um."

Eins og ég hygg, að ég hafi gert grein fyrir eða minnzt a.m.k. á við 1. umr. þessa máls, eru til og tíðkast mismunandi hættir á útgáfu lagasafns, meira að segja hér í nálægum löndum, þannig að það er alls ekki um neina sjálfsagða eina leið í þessu efni að tefla. Ég verð að láta í ljós, að mér þykir dálítið vafasamt af Alþ. að fara að samþykkja þetta svo skilorðslaust sem hér er gert, því að ef ríkisstj. ætti að vera hlýðin, þá ætti hún strax að vinda sér að þessu og kosta allmiklu fé, — því miður hleypur útgáfa lagasafns víst á nokkrum millj. — til að ganga frá því.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, OÓ, PÞ, RA, StefG, SvJ, SvH, VH, BGuðn, EðS, GS, GeirG, GH, KGS, GíslG, HFS, JSk, JónasÁ LárJ, LJós, EystJ.

nei: ÓlJ, PJ, SV, StH, ÞK, ÁB, HK, BP, EggÞ, EBS, FÞ, IngJ, MJ.

SteinG, GB, GunnG, GTh greiddu ekki atkv.

22 þm. (MÓ, MÁM, ÓE, PP, PS, BK, ÞÞ, ÁÞ, BrS, BFB, BJ, EÁ, GuðlG, GÞG, HES, HV, IG, JóhH, JónÁ, JÁH, KP, MK) fjarstaddir.

Tveir þingmenn gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Ég tel sjálfsagt að athuga þetta, en tel ekki tímabært að fela ríkisstj. þetta með þeim hætti, sem í þessari till. segir, og segi því nei.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að vel hefði getað komið til greina að breyta orðalagi þessarar till. og haga orðalagi hennar á annan veg og þá jafnvel eitthvað frekar í þeim dúr, sem hæstv. forsrh. óskar eftir. En þegar menn óska eftir að ná fram breytingum á till. hér í þinginu, þá er það háttur manna og ekki aðeins háttur heldur lögbundinn háttur manna að bera fram brtt, með formlegum hætti, og þar sem það hefur ekki verið gert, gefst hvorki mér né neinum öðrum kostur á að greiða atkv. um till. á annan veg heldur en hér liggur fyrir. Þess vegna segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 21:13 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 477).

Löggjöf um sjómannastofur, þáltill. (þskj. 321). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Flm. þessarar þáltill. eru auk mín þeir Geir Gunnarsson og Karvel Pálmason. Tillgr. er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um þátttöku ríkissjóðs í stofnun og rekstri sjómannastofa. Sjútvrh. skipar til þess starfa 3 menn, einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkv. tilnefningu Sjómannasambandsins og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Um árabil hafa þó nokkrar sjómannastofur starfað hér á landi. Ef miðað er við styrkveitingar á síðasta ári, eru núna starfandi 6 sjómannastofur: á Bolungarvík, Ísafirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, ein var í Vestmannaeyjum og svo í Keflavík. Á Fáskrúðsfirði er nýlega hafinn rekstur sjómannastofu. Á fjárl. fyrir 1973 eru fjárhæðir til styrktar þessari starfsemi, annars vegar til stofnkostnaðar gegn ⅔ annars staðar frá 800 þús. kr. og hins vegar til rekstrarstyrks 150 þús. kr. Og þannig mun þetta hafa verið um nokkuð langt árabil, að veitt hefur verið á fjárl. smáupphæð til þessarar starfsemi.

Af hálfu ríkisvaldsins, löggjafans, hefur töluvert mikið verið gert til þess að örva og greiða fyrir ýmiss konar félagsstarfsemi og þá í mörgum greinum. Það má minna á löggjöf um þátttöku ríkisins í stofnun og rekstrarkostnaði félagsheimila, svo að eitthvert dæmi sé nefnt. En hér er um margþætta starfsemi aðra að ræða, sem sett hefur verið löggjöf um og styrks hefur notið úr ríkissjóði á undanförnum árum.

Með þessari till. er lagt til, að þörf sjómanna, sem dveljast við land utan heimahafnar, þörf þeirra fyrir tiltekna félagslega aðstöðu verði metin og leitað verði ráða til þess að verða við henni í ríkara mæli en nú á sér stað, eða að því marki, sem íslenzkar aðstæður og fámenni ýmissa hafnarstaða frekast leyfa.

Ég skal ekki fjölyrða um það, í hverju þessar sérlegu þarfir eru fólgnar. Ég minni aðeins á það, sem segir í grg. með till., að „sæmilega vel búin sjómannastofa geti veitt töluvert fjölbreytta fyrirgreiðslu, svo sem aðgang að blöðum og sjónvarpi, afdrep til bréfaskrifta, þægilegri bið eftir símtali en fæst á símstöðinni ,dægradvöl við spil, tafl eða billjard og veitingar." Mér finnst þetta gefa alveg nægilega bendingu um það ,hvað fyrir okkur flm. þessarar till. vakir að því er varðar þörfina fyrir sjómannastofurnar. Þessi upptalning, þó að hún sé hvorki tæmandi né ítarleg á nokkurn hátt, sýnir, að sú fyrirgreiðsla, sem hér er um að ræða, er nokkuð sérstaks eðlis. Hún fellur t.d. alls ekki undir það, sem við gætum kallað almenna greiðasölu eða venjulega fyrirgreiðslu við ferðamenn, og hún fellur ekki heldur að venjulegum rekstri félagsheimila, þó að e.t.v. mætti tengja rekstur sjómannastofa rekstri sem þessum, er ég nú nefndi. Þetta er ofur skiljanlegt og þarf raunar ekki skýringar við. Sjómenn, sem um skamman tíma dveljast á hafnarstað í þessu eða hinu kauptúninu eða kaupstaðnum, þeirra félagslega aðstaða og félagslega þörf er allt önnur heldur en staðarins innbyggjara ellegar þá þeirra, sem koma og fara á bifreiðum sínum eða öðrum slíkum farartækjum, sem ætluð eru fyrir farþega.

Ég gat þess í upphafi, að 6—7 sjómannastofur hafi hlotið styrkveitingu ríkissjóðs á síðasta ári.

Þessar stofur eru ákaflega mismunandi vel búnar. Rekstur þeirra er líka misjafnlega stöðugur. Sumar hafa starfað árum saman og af mikilli festu og þá meiri myndarskap heldur en aðrar, þar sem reksturinn hefur verið stopulli. Það er enginn vafi á því, það þori ég hiklaust að fullyrða, að þessi starfsemi, þar sem hún er í lagi, er mjög vel séð af sjómönnum og hennar er áreiðanlega saknað á fjölmörgum stöðum í kringum landið, stöðum, sem ætla mætti, að gætu rekið hana rétt eins og hinir, sem þegar eru komnir af stað og hafa staðið að þessu leyti vel í ístaðinu um árabil. Þessari till. er ætlað annars vegar að styðja og koma meiri festu á það áhugastarf, sem þegar er í gangi, hins vegar að hvetja aðra til aðgerða, sem ekki hafa farið af stað enn þá.

Við flm. teljum það eðlilegt, að fulltrúar sjómanna sjálfra eða samtaka þeirra verði kvaddir til undirbúnings, og höfum við því lagt til, að tveir fulltrúar frá samtökum sjómanna ásamt einum fulltrúa frá sjútvrh. verði falið að fjalla um málið og undirbúa till. um úrbætur. Það er skoðun okkar flm., að það sé skynsamlegt og blátt áfram hagkvæmt að leggja meira af mörkum til fyrirgreiðslu á því sviði, sem till. fjallar um, og að það sé tímabært að forma löggjöf um þetta efni.

Ég legg til, að þessari till. verði vísað til allshn. Ég held, að það sé eðlilegt, þar sem hér er um að ræða athugun og þá undirbúning að löggjöf, ef svo vildi verkast. Ég vil nú leyfa mér að fara þess vinsamlegast á leit við hv. allshn., að hún leitist við að hraða afgreiðslu þessa máls, eftir því sem hún telur unnt. Þetta er ekki flókið mál og því kannske ekki nauðsynlegt að senda það víða til umsagnar. En mér er þó ljóst, að það er nú liðið mjög á þingtímann, og ég geri vitanlega engar kröfur til n. í þessu efni, þó að ég beini þessum vinsamlegu tilmælum til hennar.

Hins vegar vil ég leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að láta í ljósi óánægju mína og meðflm. minna yfir því, að till. okkar á þskj. 76, sem vísað var til hv. allshn. fyrir löngu, till. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins, hefur ekki enn þá fengið afgreiðslu frá þessari n. Ég satt að segja skil ekkert í þessu. Ég get ekki betur séð en það mál sé ákaflega einfalt, og ég vil skora á hv. allshn. að sýna nú þá rögg, sem þarf til þess að þessi till. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég held, að það sé til þess ætlazt og allir möguleikar á því.

En að því er þetta mál varðar, sem hér er til umr., vil ég að lokum aðeins segja það, að þótt svo færi nú, að tími ynnist ekki til þess að afgreiða þessa till. á alþ. því, sem nú situr, þá hefði ég nú viljað mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. sjútvrh. léti skoða þetta mál á milli þinga, léti athuga það, þangað til Alþ. kemur saman í haust, hvað sem liði afgreiðslu málsins í þinginu. En ég held þó, að hægt væri að afgreiða það, ef ekki kemur til ágreinings um efni þess.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskiðnskóli í Siglufirði, þáltill. (þskj. 50, n. 333, 415). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um fiskiðnskóla í Siglufirði á þskj. 50, sent hana til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fiskifélagi Íslands og Fiskmati ríkisins. N. mælir með, að till. verði samþ., en brtt. á þskj. 415 hefur verið rædd í n., og getur n. fallizt á þá till. frá Geir Gunnarssyni.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessarar till. N. leggur einróma til á þskj. 333, að till. verði samþ. óbreytt, og hefur hún við að styðjast jákvæðar undirtektir undir till. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Fiskifélagi Íslands og Fiskmati ríkisins. Hv. frsm. gat þess, að hann hefði ekkert á móti því, að till., sem hv. þm. Geir Gunnarsson flytur á þskj. 415, verði samþ. Mér finnst að þessi till. sé óþörf, því að vissulega getur það verið þáttur í undirbúningi undir þetta mál, að það verði kannað, hvort þörf er á slíkum skóla á Siglufirði eða grundvöllur undir stofnun hans. Ég geri ráð fyrir því, að þessi brtt. sé flutt vegna þess, að það hafi komið í ljós, að fiskiðnskóli eða fiskiðnskólar eru ekki mikið sóttir, og kemur það raunar undarlega fyrir sjónir.

Fiskiðnskólar hafa oft komið til umr. hér á Alþ., og um þá hafa verið fluttar till. og frv., og allir þm., sem um þá hafa rætt, hafa verið einhuga um það og sammála, að mikil þörf væri á stofnun slíkra skóla, enda verður að segjast, að það er næsta undarlegt, ef ekki er þörf fyrir slíka skóla, sem eiga að starfa að því að mennta fólk til þess að vinna að þeirri iðngrein, sem er einna mikilverðust í atvinnulífi okkar Íslendinga.

Eins og ég sagði, sé ég ekki þörf á því, að þessi brtt. verði samþ., vegna þess að það hlýtur að vera einn þáttur í undirbúningi undir málið, að það verði kannað, hvort þörf sé á slíkum skóla. En mér finnst, að það sé eðlilegt, að einn slíkur skóli yrði stofnaður a. m. k. í hverjum landsfjórðungi.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Á yfirstandandi þingi hafa verið fluttar tvær þáltill. um stofnun nýrra fiskiðnskóla, bæði í Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Einhverra hluta vegna hefur þessum till. verið vísað sinni til hvorrar n. Till. um fiskvinnsluskóla í Siglufirði fór til allshn., en till. um fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum fór til fjvn. Fjvn. sendi þessa till. til umsagnar flestra hinna sömu aðila og allshn. gerði varðandi skólann í Siglufirði, en þar að auki sendi fjvn. till. um Vestmannaeyjaskólann til umsagnar Fiskvinnsluskólans, sem hér starfar í Reykjavík, og ég held, að rétt sé, að sú umsögn komi hér fram, hún er stutt og er svo hljóðandi:

„Kennsla í Fiskvinnsluskólanum hófst í fyrsta skipti þann 1. nóv. 1971. Þá innrituðust 30 nemendur, og af þeim eru nú 25 enn við nám í

skólanum. 11 nýir nemendur innrituðust síðasta haust. Skólinn er til húsa í bráðabirgðahúsnæði í húsakynnum Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins að Skúlagötu 4. Inntökuskilyrði í skólann er landspróf miðskóla. Enn fremur heimila lögin um skólann, að nemendur, sem staðizt hafa próf á matvælakjörsviði framhaldsdeildar gagnfræðaskólanna, öðlist rétt til inngöngu í fiskiðndeild skólans, 2. bekk. Enn hefur þó ekki verið stofnað til matvælakjörsviðs við framhaldsdeildirnar.

Fiskvinnsluskólinn er enn í mótun, og hann verður það næstu árin. Vér álítum því, að óæskilegt sé að stofna fleiri en einn fiskvinnsluskóla í bráð. Öllu heldur ætti að stofna til matvælakjörsviðs við ýmsa gagnfræðaskóla um landið, sem kæmi þá í stað undirbúningsdeildar Fiskvinnsluskólans, eins og hún er nú rekin, og sem jafnframt veitti undirbúning undir fjölmörg störf í meginatvinnuvegum þjóðarinnar."

Mér þykir þáltill. sú, sem hér liggur fyrir um stofnun fiskiðnskóla í Siglufirði, vera orðuð á of bindandi hátt, þ. e. a. s. að fortakslaust skuli hefja undirbúning að stofnun skólans, og tel rétt, með hliðsjón m. a. af umsögn forstöðumanna Fiskvinnsluskólans í Reykjavík, að áður en hafizt er handa um beinan undirbúning, fari fram könnun á því, hver grundvöllur er fyrir hendi til starfrækslu skólans. Ég álít það vera jákvæðara fyrir málið í heild og meiri líkur til þess, að fyrr verði hafizt handa um að framkvæma þáltill., ef hún verður orðuð eins og ég hef lagt til.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla með samþykkt þessarar þáltill. eins og n. leggur til. Ég held, að það geti engum kunnugum dulizt, að það er grundvöllur fyrir hendi á Siglufirði fyrir stofnun og rekstur fiskiðnskóla. Þar er húsnæði fyrir hendi fyrir skólann, heimavistarhúsnæði. Þar stendur til að byggja upp mjög fullkomið frystihús og fiskvinnslustöð. Þar er niðurlagningarverksmiðja. Og það hefur í raun og veru verið svo lengi, að á Siglufirði hefur verið stunduð óvenjulega mikil útgerð og þar hefur farið fram mjög margbreytileg verkun á fiskafurðum, þannig að ég hygg, að það séu óvenjulega góð skilyrði fyrir starfrækslu fiskiðnskóla á Siglufirði.

Þetta mál er í sjálfu sér ekki nýtt af nálinni að því leyti til, að það hefur lengi verið í undirbúningi og til umr. á Siglufirði, og þar eru menn, sem hafa kynnt sér þetta mál og eru miklir áhugamenn um það. Það er raunar talsvert langt — ég held ein 2—3 ár — síðan ég ásamt fleirum flutti hér á Alþ. þáltill. um fiskvinnslunámskeið eða fiskvinnsluskóla á Siglufirði, þannig að mál þetta er ekki nýtt.

Ég vek athygli á, að þeir aðilar, sem hafa fengið málið til umsagnar, Samband ísl. sveitarfélaga, Fjórðungssamband Norðlendinga, Fiskifélag Íslands og Fiskmat ríkisins, leggja allir til, að till. verði samþ.

Ég vil ekki hafa önnur orð um það álit, sem hv. síðasti ræðumaður las hér upp, frá þeim fiskvinnsluskóla, sem fyrir hendi er, en að mér þykir það einkennilegt viðhorf, sem þar kemur fram.

ATKVGR.

Brtt. 415 felld með 27:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, SvJ, ÞK, GB, GS, GeirG, KGS, HFS, KP.

nei: OÓ, ÓE, ÓlJ, PÞ, PJ, PP, PS, RA, StefG, StH, SteinG, VH, ÁÞ, ÁB, HK, BGuðn, BP, EggÞ, EBS, FÞ, GH, GíslG, GunnG, JSk, JónasÁ, LárJ, MJ.

EystJ greiddi ekki atkv.

23 þm. (MÓ, MÁM, BK, SV, SvH, ÞÞ, BrS, BFB, BJ, EÓS, EÁ, GuðlG, GTh, GÞG, HES, HV, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JÁH, LJós, MK) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 478).

Sjónvarp á sveitabæi, þáltill. (þskj. 323). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 8 öðrum þm. að bera fram þáltill. þá, sem hér er til umr. Hún gerir ráð fyrir, að ríkisstj. sé falið að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þá er gert ráð fyrir, að ríkisstj. afli sérstaks fjármagns í þessu skyni og stefnt verði að því að ljúka framkvæmdum innan tveggja ára.

Það er óþarft fyrir mig að fara hér orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. Það er almennt viðurkennt. En það er ekki víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er í þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fámenni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir það, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. En það er einmitt þannig ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Af þessum ástæðum hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, heldur þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Má ekki við svo búið standa, og það er tilgangurinn með þessum tillöguflutningi að bæta úr þessu ástandi.

Sjónvarpið nær nú til allra landsmanna, þó að sjónvarpsskilyrði séu misjafnlega góð, nema til um 470 sveitabæja. Landssíminn gerði í febrúar 1972 skýrslu og yfirlit um þessi mál og það viðfangsefni að búa þessum sveitabæjum sjónvarpsskilyrði. Þar kemur í ljós, að þessir 470 sveitabæir eru víðs vegar um landið og skiptast þannig milli kjördæma: 3 í Reykjaneskjördæmi, 39 í Vesturlandskjördæmi, 109 á Vestfjörðum, 113 í Norðurl. v., 52 í Norðurl. e., 73 á Austf. og 17 á Suðurlandi. Þetta er það viðfangsefni, sem við er að glíma.

Til þess að skapa þessum sveitabæjum sjónvarpsskilyrði þarf að reisa endurvarpsstöðvar. Í fyrrgreindri skýrslu Landssímans er gerð grein fyrir því, hvað mundi þurfa margar endurvarpsstöðvar til þess að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband. Það eru um 150 endurvarpsstöðvar. Stundum eru leyst vandamál nokkurra sveitabæja með einni endurvarpsstöð. Það eru enn fremur 60 sveitabæir, sem þurfa hver fyrir sig eina endurvarpsstöð. En þetta gefur ekki hugmynd um, hve kostnaðurinn er mikill við að koma einstökum sveitabæjum í sjónvarpssamband. Það þarf ekki að vera kostnaðarsamara, þó að það sé ekki nema einn sveitabær, sem kemur í gagnið fyrir eina sjónvarpsstöð. Landssíminn gerði ráð fyrir á þeim tíma, sem þessi skýrsla var gerð, að það mundi kosta um 150 millj. kr. að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpssamband, eða að meðaltali mundi sjónvarpsstöðin kosta um 1 millj. Þetta er ekki nákvæm áætlun, en hún er nægilega nákvæm til þess að gefa nokkra hugmynd og raunhæfa hugmynd um umtak þess verkefnis sem hér er um að ræða. Af þessu er ljóst, að hér þarf þó nokkurt fjármagn til. Það vill þannig til, að eins og nú er málum háttað hefur Ríkisútvarpið ekki bolmagn til að sinna þessum verkefnum.

Samkvæmt lögum eru sjónvarpinu fengnar tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum til þess að standa undir stofnkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins. Á fjárlögum fyrir árið 1973 eða á þessu ári er áætlað, að tekjur sjónvarpsins af þessum tekjustofni nemi um 20 millj. kr. En þess má geta, að á þessu eina ári þarf sjónvarpið að greiða 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins. En þessar skuldir nema nú að eftirstöðvum um 100 millj. kr. Af þessu er augljóst, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði. Ríkisútvarpið hefur ekki heldur aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Það er skemmst að minnast meðferðar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, auk þess sem stofnunin situr uppi með 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972, og í þessum tölum er ekki reiknað með kostnaðarauka við reksturinn vegna gengislækkunarinnar í síðasta mánuði. En þess er skylt að geta og raunar nauðsynlegt, að nú fyrr í þessum mánuði hafa afnotagjöld útvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps, verið hækkuð nokkuð. Fyrir þessar aðgerðir er nokkuð bætt úr því, sem skeði við afgreiðslu síðustu fjárlaga. En það er ekki meira bætt úr því ástandi, sem ég hef lýst, en svo, að þrátt fyrir þessa hækkun afnotagjalda verður ekki hægt að halda uppi dagskrárgerð eins veigamikilli og hefur verið gert að undanförnu. Og þessi hækkun kemur þar af leiðandi ekki að neinu gagni við framkvæmdir Ríkisútvarpsins á öðrum sviðum. Það er heldur enginn leið í þessu efni að mínu viti að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir. Raunar er hér svo háttað, að það verður ekki komið við neinum venjulegum arðsemisjónarmiðum. Ef gengið er út frá áætlun þeirri, sem ég greindi frá áðan, má gera ráð fyrir, að það kosti a. m. k. 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú eftir hækkunina 3900 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma þeim bæjum í sjónvarpssamband, sem njóta þess ekki nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verið í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifa á 10 árum.

Það er augljóst af þessu, að ef á ekki að vera algjörlega tilgangslaust að ræða um þörfina á því að koma því fólki í sjónvarpssamband, sem nýtur þess ekki nú, þá verður að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að leysa þetta mál. Það verður að afla sérstaks fjármagns í þessu skyni. Það má segja, að það sé ekki eðlilegt, að slíkt viðfangsefni sem þetta sé í raun borið uppi af venjulegum tekjustofni sjónvarpsins vegna þess, sem ég sagði áðan. Það verður ekki komið við neinum arðsemisjónarmiðum í þessu efni, en hins vegar er ótvírætt, að hér er um mjög þýðingarmikla aðgerð að ræða til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það er á þeim grundvelli, sem við flm. þessarar till. tökum þetta mál upp. Með því að málið er þessa eðlis, er eðlilegt og sjálfsagt, að það sé veitt óafturkræft framlag til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Ég vil enn fremur til frekari áherzlu á það, að ekki má ætla sjónvarpinu sjálfu það verkefni að ráða fram úr þessu vandamáli, benda á það, að fram undan eru stórkostleg verkefni, sem Ríkisútvarpið verður að sinna á næstunni. Og áreiðanlega hefði þurft að vera byrjað á þeim verkefnum, en það strandar á fjármagni. Ég á hér við hvað varðar sjónvarpið sjálft, að það er talið nauðsynlegt af hálfu sérfræðinga að skipta um sjálft dreifikerfið, það er hvorki meira né minna. Dreifikerfi sjónvarpsins, eins og það er byggt upp í upphafi og er í dag, er svokallað endurvarpskerfi, þ. e. a. s. að sending myndarinnar fer frá einni stöð til annarrar og myndin tapar skýrleika við hverja stöð, sem hún fer í gegnum, svo að þá kemur, eins og við köllum í daglegu tali, snjór á myndina. Hjá okkur er þetta kerfi þannig, að þar sem myndin þarf að berast lengst til fjarlægra staða í dreifbýlinu verður hún að fara í gegnum 6 endurvarpsstöðvar. Það er talið algjörlega óviðunandi. Sú regla er viðurkennd af sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva, að ef þetta kerfi er notað, þá megi myndin ekki fara í gegnum nema 2 st. Af þessu sést, hvernig ástand þessara mála er víða um landið. Það er ekki heldur að ósekju, að það skuli vera kvartað undan sjónvarpsskilyrðum á ýmsum stöðum. Þetta kerfi þarf að leggja niður á milli Reykjavíkur og aðalstöðvanna úti á landi og taka upp svokallað örbylgjukerfi. Örbylgjukerfi er víðast hvar eða sennilega alls staðar notað í heiminum í þessu skyni nema hér hjá okkur. Ég ætla ekki að

skýra þetta verkefni nánar, en ég vænti þess, að menn sjái af því, sem ég hef þegar sagt, að hér er um brýnt og veigamikið verkefni að ræða, og verður að gera ráðstafanir til að bæta hér úr. Það væri ekki rétt, ef tekjustofnar væru fyrir hendi hjá sjónvarpinu, að veita því fjármagni til sjónvarpsvæðingar sveitabæjanna, heldur hlýtur það að eiga að koma til framkvæmda sem þessara, sem eru undirstaða í sjónvarpskerfinu. Þetta eru ein rökin fyrir því, að við verðum að afla sérstaks fjármagns til þess að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem ekki njóta þeirrar aðstöðu nú.

Ég vil varðandi sjónvarpið benda á annað þýðingarmikið verkefni, sem bíður. Það er að bæta sjónvarpsskilyrðin umhverfis landið á fiskimiðunum. Þegar dreifingarkerfinu var komið upp, var það miðað við fólkið í landi, en ekki við fiskimiðin. Hins vegar er það svo, að sjónvarp sézt sums staðar á fiskimiðunum, sums staðar þannig, að lýtalaust er, annars staðar þannig, að það er óviðunandi, og á stórum svæðum eru engin not af sjónvarpinu á fiskimiðunum umhverfis landið. Hér er enn fremur mikið verkefni, sem þarf að leysa. Það kostar ekki eins mikið og hið fyrra verkefni.

En ég legg áherzlu á það, að við flm. þessarar þáltill. á þskj. 323 viljum á engan hátt verða til þess, að Ríkisútvarpið eða sjónvarpið hafi minni möguleika til þess að sinna þessum mikilvægu verkefnum, þótt tekizt sé á við það verkefni að sjónvarpsvæða sveitabæina. Þess vegna leggjum við áherzlu á, að það sé veitt sérstakt fjármagn í því skyni.

Ég hef hér aðeins minnzt á tvö verkefni sjónvarpsins, sem bíða úrlausnar. Það mætti telja fleira varðandi sjónvarpið. Af því að við erum að tala um Ríkisútvarpið, þá má ekki í þessu sambandi gleyma hljóðvarpinu og ástandi dreifikerfisins þar. Enn í dag, eftir meira en 40 ár, er ástandið þannig, að hljóðvarpið heyrist ekki þannig að hlustendur hafi eðlileg not af því, í fjölmörgum byggðarlögum í landinu. Það þarf að koma upp nýju dreifikerfi hljóðvarps, og það kostar mikil fjárútlát.

Herra forseti. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta sjálfsagða mál, sem við flm. þessarar þáltill. flytjum hér. Ég vænti þess, að þm. geti orðið sammála um, að það sé ekki neitt réttlæti í því, að það skuli vera viss hópur landsmanna, sem getur ekki séð sjónvarpið á heimilum sínum, meðan meginhluti þjóðarinnar getur gert það. Ég vænti þess, að þm. sjái, að það er tómt mál að vera að tala um jafnvægi í byggð landsins, ef menn sinna ekki þessu mikilvæga hlutverki. Og ég vænti þess, að menn sjái, að þetta verkefni sé þess vert, að það sé útvegað sérstakt fjármagn til þess að hrinda því í framkvæmd, svo að það verði ekki á nokkurn hátt til þess að draga úr þeirri viðleitni, sem Ríkisútvarpið þarf að hafa á næstu árum til þess að auka almennar framkvæmdir sínar vegna dreifikerfisins í landinu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég er einn af flm. þeirrar till., sem hv. 1. flm., 5. þm. Vestf., hefur nú gert glögga og ítarlega grein fyrir, og er því ekki þörf á að segja margt í viðbót við það. Það hefur yfirleitt verið talið, að stefna bæri að því markmiði, því meginmarkmiði, að allir þegnar íslenzku þjóðarinnar nytu sambærilegra kjara og byggju við sem jafnasta aðstöðu, hvar sem þeir væru búsettir á landinu. Oft hefur þetta markmið þó verið meira viðhaft í orði en á borði. Á síðari árum hafa augu manna á hinn bóginn opnazt æ betur fyrir þeim geigvænlegu vandamálum, sem leitt getur af óheppilegri byggðaröskun í landinu. Íslendingum fjölgar ár frá ári. Að undanförnu hafa nokkrar byggðir landsins lagzt í auðn af ýmsum ástæðum. Nokkur sveitabýli fara í eyði árlega. Svo hlýtur jafnan að verða. En það virðist full ástæða og sjálfsögð til þess að styrkja þá byggð, sem enn þá er við lýði í landinu. Ég kem ekki auga á neina byggð eða neitt hérað landsins, sem æskilegt er að leggist í eyði. En hin strjála byggð er viðkvæm. Fyrir nokkrum áratugum var sagt, að framtíð hinna einstöku sveitabýla byggðist á því, hvort þau hefðu skilyrði til rafvæðingar. Enn bíða allmörg býli þeirra lífsþæginda, sem raforkan veitir. En það er margt fleira, sem athuga verður í þessu efni. Eitt af því er sjónvarpið. Það verður að viðurkennast, að nú þykir svo sjálfsagt, að allir njóti þeirra gæða, sem það hefur að bjóða, að þeir, sem ekki eiga þess kost enn sem komið er, munu margir hverjir líta á sig sem olnbogabörn þjóðfélagsins, unz úr því er bætt. Fyrir því er stutt að flutningi þessarar þáltill.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki staðið hér upp og hrósað mér af því að vera einn af meðflm. þessarar till., þótt ég hins vegar sé mjög samþykkur flm. um það, að ef af þessu gæti orðið, þessi till. yrði samþykkt og kæmi til framkvæmda, þá mundi vera hér stórt spor stigið fram á við í þá átt, sem flm. telja, að þeir séu að leita eftir. Hins vegar hlýtur um þessa framkvæmd eins og allar aðrar að koma upp spurning hjá okkur um, hver framkvæmdaröð eigi að vera. Og þegar haft er í huga, að 1. flm. till. minntist á tvö framkvæmdaatriði, sem hljóta að liggja fyrir á næstunni hjá Ríkisútvarpinu og honum sem útvarpsráðsmanni er mjög kunnugt um, þá hlýtur sú spurning auðvitað að vakna, hvaða framkvæmd sé þýðingarmest fyrir okkur að taka fyrir fyrst.

Nú er ég sammála síðasta ræðumanni um það, að mér er ekki kunnugt um neitt hérað hér á landi, sem ætti að leggjast í eyði eða þar ætti að hætta búskap í sveitum. Hins vegar er mér kunnugt um marga einstaka sveitabæi, sem Alþingi Íslendinga og ríkisstj. ættu hiklaust að hjálpa búendum, sem þar búa, til þess að komast þaðan og hasla sér völl annars staðar, svo að þeir fengju bæði þá vinnu og fjármuni, sem þeir hafa lagt í sitt bú, endurgreitt eða að þeir fengju annað í staðinn í héruðum, þar sem lífvænlegra væri fyrir þá. Nú veit ég ekki um það, hvort í þeirri töflu, sem fylgir hér í þessari till., sé nokkurt tillit tekið til slíkra býla, enda hefur það ekki verið upplýst enn þá.

Ég er alveg sammála 1. flm. um það, að sjónvarpið í dag hlýtur að gegna einu mesta

og stærsta hlutverki fyrir strjálbýlið af öllu því, sem við höfum að bjóða í dag, og er þó margt annað kannske nauðsynlegra, eins og læknisþjónusta, góðar samgöngur og sitthvað fleira. En það er auðvitað fleira, sem stuðlar að því, að byggð sé viðhaldið á hinum ýmsu stöðum landsins. Það er t. d. fiskiskipafloti okkar. Við skulum hafa það í huga, að um 70—75% af fiskiskipaflota hins svokallaða þéttbýlissvæðis við Faxaflóa landar afla sínum víðs vegar um land og stuðlar þar með að því, að þar sé haldið uppi atvinnu og að viðkomandi byggðarlögum sé haldið í byggð. Það hlýtur þá auðvitað að vera stórkostlegt atriði fyrir alla, að það fáist menn á þennan sama fiskiskipaflota. Það hefur farið fram könnun nýlega á því, hvort fólk fáist til þess að gegna þessum störfum, og þótt fólk hafi fengizt á loðnuskipin að undanförnu vegna mikilla tekna, sem þar hafa orðið vegna hins nýja heimsmets, sem Íslendingar hafa verið að setja í aflamagni á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum, þá auðvitað hlýtur það að vera ákaflega þýðingarmikið, að þessi mikilvirku framleiðslutæki verði alltaf mönnuð. Það má segja um okkar fiskimenn nákvæmlega sama og þá, sem búa í sveitum landsins, að fyrir þá hljóti þessi tæki að gegna sama þjónustuhlutverkinu, ef þeir geti notið þessara tækja, þá hljóti þeir líka að verða ánægðari í sinni atvinnu, með sitt hlutskipti. Með þessu er ég ekki að hafa á móti því, að það verði komið á móti þeim héruðum landsins, sveitabæjum og jafnvel byggðarlögum, sem nú vantar þessa þjónustu. En til viðbótar við það, sem hér hefur komið fram, er rétt að taka það fram og undirstrika rækilega, að það eru mörg byggðarlög hér á landi, sem hafa ekki enn þá fengið fullkomna hljóðvarpsþjónustu. Það er annað atriði til, sem ég tel ákaflega nauðsynlegt, að Ríkisútvarpið gangi í að framkvæma og betrumbæta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál ítarlega. Þetta mál gæti auðvitað fallið undir umr. um byggðamál í sambandi vil till., sem við nokkrir sjálfstæðismenn flytjum þar um. Auðvitað er þetta einn þáttur byggðamála. Við verðum, eins og ég tók fram í byrjun míns máls, að meta, hvað sé þýðingarmest. Hitt veit ég, að það verða færri, sem hafa þá skoðun, sem kom fram hjá einum hv. þm. hér fyrir nokkrum dögum þess efnis, að þótt við hér við innanverðan Faxaflóa höfum náð einhverju ákveðnu stigi í sambandi við þjónustu og lifnaðarhætti, ef aðrir hafi það ekki þegar í dag, þá eigi að draga okkur niður á það sama og þeir hafa, en ekki vinna að því, að þeir komist á það stig, sem hér er. En þessi skoðun verður sjálfsagt rædd þá.

En vegna þessarar þáltill. mun ég flytja brtt. við hana um, að Ríkisútvarpið taki fyrir á undan þau atriði, sem ég tel, að þar eigi að ganga fyrir, en það er að koma upp endurvarpsstöðvum fyrir byggðarlög, sveitabæi og skip við strendur landsins, sem nú njóta ónothæfra eða engra útvarps- og sjónvarpsskilyrða. Auk þess tel ég, að hart sé að farið í þessari till. að ætla ríkisstj. að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára, miðað við þær aðstæður, sem við höfum hér á landi, og hefði talið, að það væri lágmark að reikna með 5 árum til þessa, og ekki óeðlilegt, þegar líka verður tekið með það, sem ég hef hér drepið á.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er slæmt, að sá ráðh., sem þetta mál heyrir undir, skuli ekki vera hér viðstaddur, þegar það er til umr.

Ég ætlaði ekki að ræða málið á breiðum grundvelli, eins og hér hefur verið gert, heldur ætlaði ég að taka fyrir aðeins eitt atriði, sem snertir sjónvarp úti um landsbyggðina. Ég átti von á því, að hv. 4. þm. Vesturl. mundi vekja máls á þessu hér áðan. Þetta er mál, sem upp kom í okkar kjördæmi, en hann tjáði mér áðan, að hann hefði ekki talið það einhvern veginn eiga hér heima. Mér finnst hins vegar, að það eigi hér fyllilega heima, og tel, að ég mæli þá fyrir munn okkar beggja, þegar ég vek hér máls á þessu.

En það skeði vestur í Neshreppi utan Ennis rétt fyrir áramót, hygg ég, að sú endurvarpsstöð, sem þar hafði verið á Ingjaldshóli, var tekin niður og sett upp önnur endurvarpsstöð á svokölluðu Vallnaholti. Sú endurvarpsstöð á að þjóna Ólafsvík og Hellissandi. En við þetta gerbreyttust skilyrðin á Hellissandi, sem verið höfðu hin prýðilegustu áður, meðan notuð var endurvarpsstöðin á Ingjaldshóli, svo góð reyndar, að ég hef varla séð þau betri annars staðar á landinu, og þar mun reyndar eitthvað hafa hjálpað upp á Snæfellskökull, en jöklar geta verið ótrúlega góðir grannar fyrir sjónvarpsnotendur. En eins og ég segi, þau hafa stórversnað þarna, móttökuskilyrðin. En um leið og þessi nýja endurvarpsstöð er sett upp á Vallnaholti, verður að setja upp ný loftnet, þannig að gömlu loftnetin, sem notuð voru fyrir endurvarpsstöðina á Ingjaldshóli, koma að engu gagni lengur, og sjónvarpsnotendur á Hellissandi og þessu svæði voru skikkaðir til þess að kaupa sér ný loftnet. Hvert þessara loftneta kostar hvorki meira né minna en 1400 kr. Ég læt í ljós undrun mína yfir, að það skuli vera hægt að krefjast þess af fólki, að það leggi í slíkan aukakostnað. Mér er spurn, hvort sjónvarpinu beri ekki sjálfu eða ríkissjóði að greiða þetta fyrir viðkomandi fólk.

En þetta hefur svo haft þær afleiðingar þar vestra, þar sem ýmsir eru töluvert uppreisnargjarnir, að þeir hafa sent sjónvarpinu tilkynningu þess efnis, að þeir neiti að greiða þennan aukakostnað, ef til komi að setja upp ný loftnet, sem er nú reyndar nauðsyn, eftir að nýja stöðin kom á Vallnaholti. Þeir krefjast þess að fá þann kostnað greiddan úr ríkissjóði eða frá viðkomandi ríkisstofnun, og þar að auki neita þeir að greiða afnotagjöld sjónvarps, á meðan þetta ástand varir, þ. e. a. s. á meðan nýja stöðin er í notkun, en krefjast þess um leið, að sú gamla verði tekin í notkun aftur og allt verði fært til síns gamla, góða horfs. Þessari kröfu fylgja undirskriftir allra eigenda sjónvarpstækja þar vestra. Og af því að hér er verið að tala um nauðsyn þess að bæta móttökuskilyrði sjónvarps úti um hinar dreifðu byggðir, þá vil ég ljúka máli minu með því

að lesa hér upp niðurlagið á orðsendingunni vestan af Hellissandi. Mér finnst, að hún mætti vel takast til athugunar í þessu sambandi. Hún snertir það, hvernig fyrir handvömm er oft eytt peningum, sem ella hefði verið hægt að nota til þess að bæta sjónvarpsskilyrðin annars staðar. En niðurlag þessarar áskorunar er svo hljóðandi:

„Við lýsum vanþóknun okkar á þeirri undirbúningsvinnu, sem framkvæmd hefur verið í sambandi við byggingu stöðvarinnar á Vallnaholti, og teljum, að eðlilegra hefði verið að koma sjónvarpi til þeirra, sem ekki njóta þess enn, frekar en leggja fjármagn í það að eyðileggja sjónvarpsmóttöku í fjölmennum byggðarlögum."

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. vék hér að nokkuð sérstöku atriði í máli sínu, sem hann var nú að ljúka, og nefndi mig í því sambandi. Hann skýrði rétt frá gangi þessa máls. Það er vandamál, sem komið er upp í Neshreppi utan Ennis, á Hellissandi, þar sem sjónvarpsskilyrði hafa breytzt til hins verra fyrir tilverknað þeirra, sem þeim málum ráða. Þm. Vesturl. hafa verið send mótmæli, undirskrifuð af mörugm íbúum þar vestra, og þetta mál hefur verið rætt nokkrum sinnum meðal okkar. Hins vegar verð ég að segja það, að hv. þm. Vesturl. hafa mætt nokkuð misjafnlega til þeirra funda, þar sem þetta vandamál hefur verið rætt. En svo vill til, að ég hitti útvarpsstjóra í gærkvöld á hljómleikum og spurði hann um þetta mál. Sagði hann mér þá frá því, að nú nýlega hefðu að hans tilhlutan verið sendir menn vestur á Hellissand til þess að athuga þetta mál sérstaklega og hefði verið samin um það ítarleg grg., m.a. byggð á viðtölum við fólk á Hellissandi. Lofaði hann að senda mér þessa grg. eða ljósrit af henni, eins fljótt og hann gæti því viðkomið, og skal ég fúselga sýna hv. 5. þm. Vesturl. það rit, svo að við getum lagt krafta okkar saman til þess að leysa þetta vandamál.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér virðist af viðbrögðum hv. 4. þm. Vesturl., að hann hafi misskilið mig hér áðan, þegar ég vék að þessu Hellissandsmáli. Tók ég það einmitt skýrt fram, að við værum alveg sammála um þetta. Ég leyfði mér að líta svo á, að ég talaði fyrir hönd okkar beggja. En hins vegar eru viðbrögð hans þess eðlis, að maður gæti haldið, að hann teldi mig hafa verið að efna til einhverrar kjördæmiskeppni í þessu sambandi. En það er síður en svo.

Aths. hans um það, að þm. Vesturl. hafi mætt misjafnlega til funda, þar sem rædd eru sjónvarpsmál vestur á Snæfellsnesi, ég veit ekki, hvernig ber að skilja hana. Ég veit ekki betur en ég hafi a.m.k. mætt á þessum fundum. Það kann að vera, að einn fundur hafi farið fram hjá mér af einhverjum ástæðum. En hitt skal ég játa, að við mætum kannske misjafnlega *til tónleikanna, sbr. þær upplýsingar, sem hann* fékk hjá útvarpsstjóra á tónleikum í gærkvöld. Það gleður mig að frétta um þær, og ég vil nú vænta þess, að útvarpsstjóri láti ekki nægja að senda 4. þm. Vesturl. þessa álitsgerð, sem hann ræðir um, heldur okkur öllum, svo að við getum allir 5 kjörnir þm. og uppbótarþm. líka sameinazt um að koma á góðu sjónvarpi aftur vestur á Hellissandi.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í deilur hv. 4. þm. Vesturl. og 5. þm. Vesturl. varðandi niðurfellingu endurvarpsstöðvarinnar á Ingjaldshóli. Ég tel, að hv. 4. þm. Vesturl. hafi ekkert sagt óeðlilegt í þeim fáu orðum, sem hann beindi til hv. 5. þm. Vesturl. Ég vildi mega vænta þess, að eins og hv. 5. þm. Vesturl. ætlar að fylgja hv. 4. þm. Vesturl. við að koma þessu sérstaka máli í höfn, þá fylgi hann líka hv. 4. þm. Vesturl. með því að greiða atkv. með þessari till., sem hér er á dagskrá og hv. 4. þm. Vesturl. er meðflm. að ásamt mér og fleirum.

Ég skil annars ekki, hvernig stendur á, að það geti komið upp slíkt vandamál sem hér hefur verið greint frá varðandi endurvarpsstöð á Ingjaldshóli. Ég veit ekki nein dæmi þess fyrr en þá þetta, að það hafi orðið til hins verra, þegar sjónvarpið hefur leitazt við að bæta dreifingarkerfið. Mér er ekki kunnugt, að það séu neinar framkvæmdir gerðar í þessum málum nema í þeim tilgangi að bæta ástandið. En nú virðist þessi athafnaesmi hafa leitt til annars. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur hér bent okkur á eitt dæmi þess, að oft getur íhaldssemin orðið til hinna mestu nytsemda. Það hefði sennilega verið betra að gera ekki neitt í þessu efni.

Ég vík þá aðeins nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði, hv. 10. þm. Reykv. Í raun og veru get ég tekið undir allt, sem þessi hv. þm. sagði um nauðsyn þess að sinna þeim verkefnum varðandi dreifikerfi sjónvarps og hljóðvarps, sem hann ræddi um. Það voru auk þess nákvæmlega sömu verkefni og ég lagði mikla áherzlu á í minni fyrri ræðu. Ég tek líka undir það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði, að við framkvæmd slíka sem að bæta sjónvarpsskilyrðin er sjálfasgt og nauðsynlegt að raða verkefnunum niður. Ég er honum sammála um það. Þetta getum við gert og eigum að gera. En við þurfum að gera nokkurn greinarmun á hinum almennu verkefnum Ríkisútvarpsins í þessu efni, þar sem við verður komið venjulegum arðsemissjónarmiðum og eðlilegt er, að sé staðið undir með venjulegum tekjustofnum, — við verðum að gera gerinarmun á þessu annars vegar og svo því verkefni, sem þessi þáltill., sem hér liggur frammi, fjallar um. Þar verður ekki komið við neinum venjulegum arðsemissjónarmiðum og þess vegna er ekki eðlilegt að leggja þetta verkefni á Ríkisútvarpið eða sjónvarpið. Þetta er annars eðlis. Þetta er verkefni, sem snertir beinlínis þá viðleitni okkar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, og leysa verður það eftir þeim leiðum og með sérstöku fjármagni í því skyni.

Hv. 10. þm. Reykv. taldi, að það væri nokkuð *of í gert að gera ráð fyrir* því, að því yrði lokið á næstu tveimur árum að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem ekki hafa sjónvarpsskilyrði í dag. Við flm. tiltökum 2 ár til þess að undirstrika

nauðsyn þessara framkvæmda, að þær þoli ekki bið. En ég vil fullyrða það, að miðað við þann framkvæmdahraða, sem var á sjónvarpsdreifingunni, þá er þetta hægt af tæknilegum ástæðum og ekki nokkur vandi. Ég held því, að þetta sé ekki óraunhæft. Það er ekkert að mínu viti óraunhæft í sambandi við þá till., sem við flm. flytjum hér.

Hv. 10. þm. Reykv. vék aðeins að því, hvort það væri gert ráð fyrir, að öll býli, sem nú eru í byggð, væru sjónvarpsvædd eða væru í þessari áætlun. Mér skildist, að hans hugsun væri sú, að það gæti verið, að sum þessara býla færu í eyði og það væri ekkert óeðlilegt við það. Það kann allt að vera. Ég sagði, að þessi skýrsla, sem gerð var, hafi verið gerð í febr. 1972 af Landssímanum. Ég get upplýst, að það eru nokkur býli, þó örugglega innan við 10, sem eru komin í eyði, en voru upphaflega í skýrslunni. Auðvitað verður ekki farið að sjónvarpsvæða slíka staði. En ég vil í þessu sambandi benda á, að það þurfa ekki að vera lélegustu bújarðirnar, sem eru út undan. Það fer ekkert eftir því, hvað jörðin er góð eða slæm, hvort það eru sjónvarpsskilyrði. Það eru önnur lögmál, sem ráða því. Það getur verið vildisjörð, stórbýli á bezta stað í sveitinni og í næsta nágrenni við kauptún, þar sem markaðurinn er, en býlið stendur þannig undir fjalli, að það getur ekki notið sjónvarpsskilyrða. Þannig mega menn ekki halda, að með samþykkt þeirrar till., sem hér liggur fyrir, sé sérstaklega verið að hygla þeim býlum í landinu, sem eru verstar bújarðir. Það er ekkert slíkt. Þessar jarðir og þessi býli, sem njóta ekki sjónvarps, eru upp og ofan eins og öll önnur býli í landinu.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Ég hef raunar ekki undan neinu að kvarta um undirtektir við þessa till. Mér sýnist af því, sem hér hefur komið fram, að það sé almennur skilningur á mikilvægi þessa máls. Ég vil mega vænta þess, að hann komi fram í verki með því, að menn greiði þessari till. atkv. og samþykki hana.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins út af aths. í ræðu hv. síðasta ræðumanns taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég er að sjálfsögðu eindregið fylgjandi þessari ágætu till., sem 10 ágætir dreifbýlisþm. Sjálfstfl. flytja hér.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti, þáltill. (þskj. 338). — Fyrri umr.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, lagt fram þáltill., sem hér er nú til umr., prentuð á þskj. 338, og heitir þar, að beðið sé um gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I. Í heild hljóðar þessi þáltill. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á félmrh. að láta fara fram gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I, þ. e. í fjölbýlishúsunum Ferjubakka 2—16, Grýtubakka 2—16 og 18—32 og Hjaltabakka 2—16 og 18—32. Leiði sú rannsókn í ljós augljósa smíða- eða frágangsgalla á umræddum eignum, verði viðhlítandi lagfæringar gerðar eigendum að kostnaðarlausu. Jafnframt verði séð svo um, að íbúðaeigendum verði gefinn upp byggingarkostnaður ofangreindra húsa."

Þessari þáltill. fylgir svo grg., sem við flm. höfum tekið saman. Auk þess fylgja hér 3 fskj. máli okkar til stuðnings, og skal ég nú rekja það helzta, sem þar kemur fram.

Það er kunnugt, að í hinu sögufræga júnísamkomulagi á árinu 1965, sem gert var á milli verkalýðsfélaga og ríkisvalds, var samþ., að byggðar skyldu á árunum 1966—1970 1250 íbúðir í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin. Þessar byggingarframkvæmdir hafa átt sér stað í Breiðholti allar götur síðan og hafa farið fram í áföngum, og eins og nú standa sakir er byggður fjórði áfanginn, enda er nú komið fram á árið 1973. Það mál, sem hér er á dagskrá, varðar einkum fyrsta áfangann eða Breiðholt I, sem reistur var á árunum 1966—1969. Þó er hér ekki átt við þann hluta framkvæmdanna, sem Reykjavíkurborg var aðili að, enda leigir hún þær íbúðir út og er þar á annan hátt farið heldur en um íbúðir þær, sem ríkisvaldið seldi. Í ljós hefur komið, að í þessum íbúðum og í sameigninni eru ýmsir smíða- og frágangsgallar, sem engan veginn geta talizt eðlilegir við sölu á nýjum íbúðum, og það breytir engu, þótt ætlunin hafi verið, að íbúðirnar væru sérlega ódýrar eða staðlaðar, eins og það heitir á tæknimáli. Það er tvennt ólíkt að selja ódýrt eða hitt að skila hlutunum í viðunandi ástandi. Fyrir þessum framkvæmdum í Breiðholti hefur staðið nefnd, svokölluð framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, og skipa hana 2 nm. af hálfu húsnæðismálastjórnar ríkisins, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík og einn tilnefndur af Reykjavíkurborg.

Íbúðaeigendur í Breiðholti hafa margsinnis farið þess á leit við framkvæmdanefndina, að hún léti gera nauðsynlegar lagfæringar á þeim göllum, sem þeir, þ. e. a. s. íbúðaeigendur, töldu örugglega smíðagalla. Framkvæmdanefndin hefur vissulega reynt að koma eitthvað til móts við þetta og látið lagfæra sitthvað í þeim íbúðum, sem verst voru á sig komnar, en því fer víðs fjarri, að þar hafi nóg verið að gert. Að sjálfsögðu hafa íbúðaeigendur ekki viljað una þessu ástandi, og þrátt fyrir að þeir hafi leitað til framkvæmdanefndarinnar æ ofan í æ, þá virðist hún ætla að smeygja sér undan ábyrgð í þessum efnum. Þess má geta, að viðgerðarsamningur milli íbúðaeigenda og framkvæmdanefndarinnar var gerður, þar sem taldir voru upp þeir ágallar, sem þurfti að laga. Við þennan samning hefur nefndin ekki staðið nema að litlu leyti, og vil ég þá benda hv. þm. á, að ef þeir hafa þessa þáltill. við höndina, þá geta þeir litið á fskj. I og fskj. II, þar sem fram kemur, hvernig þessi mál standa nú. Fskj. I er viðgerðarsamning-

ur annars vegar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og hins vegar íbúðakaupenda, og þar eru talin upp þau atriði, sem þurfti að laga. Þessi atriði snerta ýmsa þætti húsagerðarinnar, þ. e. útveggi og þak, innveggi, hurðir, gólf, lagnir, bílastæði, stéttir og lóðir. Og þar er svo talið upp í einstökum atriðum, hverju sé ábótavant. Þar heitir beinlínis framkvæmdanefnd byggingaráætlunar að lagfæra ýmsa hluti, svo sem að skipta um móðugler og sprungin gler, glugga- og svalahurðir verði þéttaðar, svo sem þörf krefur, gert verði við leka á útveggjum, gert verði við leka á þaki, svalahandrið verði máluð, skipt um skrár á útihurðum, lagfært los á lömum og hurðarkörmum. Gólfin voru í miklu vandræðaástandi og heitið að lagfæra svokölluð parketgólf o. s. frv. Þetta geta þm. sjálfir lesið nánar í þessu þskj.

Þessi samningur var gerður, eins og hér kemur fram, í des. 1969. Þremur árum seinna kemur fram, að lítið af þessu hefur verið gert. Og það kemur fram í fskj. II, þar sem er talið upp af hálfu íbúðaeigenda það, sem framkvæmt hafi verið í raun og veru. Eins og segir í fskj. II og upphaf þessa samnings ber með sér, þá er um miklu fleiri galla að ræða en þá, sem flokkaðir eru undir gr. 1—8. Þær gr. eru aðeins um galla, sem eru í öllum stigahúsum í öllum blokkunum, en ekki bundnir við einstakar íbúðir. Síðan er rakið lið fyrir lið, hvað hefur verið lagfært. Sumt hefur vissulega verið lagfært að nokkru eða öllu leyti, sumt aðeins að nokkru leyti og allmargt að engu leyti, eins og hér kemur fram, og tel ég ekki ástæðu að lesa þetta upp, því að þm. hafa þetta fyrir framan sig. En þannig standa málin nú, að framkvæmdanefndin hefur ekki staðið nema að óverulegu leyti við þann viðgerðarsamning, sem hún gerði við íbúðakaupendur.

Til þess að ítreka, hvernig málin standa, höfum við flm. látið fylgja hér fskj. III. Og það er bréf til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar frá umsjónarmanni eldvarna. Það er dags. 2. júlí 1971. Segir í þessu bréfi meðal annars: „Við athugun á íbúðarhúsum að Grýtubakka 2—32 hefur komið í ljós, að ekki hefur verið farið eftir ákvæðum byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík í nokkrum tilvikum. Eftirtöldum atriðum er ábótavant frá sjónarmiði eldvarna og öryggis.“ Síðan er talið upp í 5 liðum, hverju sé ábótavant frá sjónarmiði eldvarna og öryggis. Þar segir m. a.:

1. Í kjallara eru stigahús opin inn í geymslusvæðið. Annars vegar er enginn dyraumbúnaður, og hins vegar er stórt op yfir dyrum. Loka þarf stigahúsum í kjallara á eldtraustan og reykþéttan hátt.

2. Í kjallara þurfa að vera eldvarnarveggir með tilheyrandi eldvarnarhurðum með minnst 50 metra millibili.

3. Sorpgeymslur eru ekki eldtraustar í hólf og gólf. Hér er viðartengiklæðning yfir dyrum.

4. Samkv. byggingarsamþykkt á sorprenna að ganga með óbreyttu þvermáli beint upp úr þaki. Í risinu er loftræsting frá snyrtiherbergjum og sorprennum tengd saman með pípum gegnum eldvarnarveggi. Í veggjunum er opið með pípunum og væntanlega engar eldvarnarlokur innan í pípunum.

5. Í risi ná eldvarnarveggir ekki þétt upp að yztu þakklæðningu. Viðarbönd liggja yfir og ofan á veggjunum undir þakklæðningunni.“

Síðan segir umsjónarmaður eldvarna, sem skrifar þetta bréf:

„Er þess vænzt, að framantalin atriði verði athuguð af yðar hálfu og fundin viðunandi lausn í samráði við eldvarnareftiriltið. Athuga þarf einnig, hvort svipað er ekki ástatt með aðrar byggingar sams konar, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur reist í Breiðholtinu.“

Eins og fyrr segir, er þetta bréf skrifað 2. júlí 1971, og framkvæmdir á þessum atriðum eru engar, þannig að ég fæ ekki séð annað en málin standi þannig, að þessi fyrsti áfangi eða a. m. k. sum íbúðarhúsin þar standist ekki þær kröfur, sem gerðar eru um eldvarnir og öryggi. Þetta bréf frá eldvarnareftirlitinu er aðeins sýnishorn um það, við hvaða öfl er að etja í þessu máli.

Íbúðaeigendur hafa að sjálfsögðu reynt að ná rétti sínum með því að ræða við framkvæmdanefndina, rita henni bréf, ræða við hana, kynna mál sitt í blöðum, en árangur hefur ekki orðið sem erfiði. Í sannleika sagt hefur þessu máli skotið upp alltaf endrum og eins, og það er kominn tími til að taka það föstum tökum og a. m. k. gera sér ljóst, hvað um er að ræða. Og nú er að okkar mati, flm., ekki nema í eitt hús að venda, og það er, að hið háa Alþ. grípi hér í taumana og skori á hæstv. félmrh. að sjá til þess, að íbúðaeigendur nái rétti sínum. Ég vil minna á, að félmrn. er hér aðili að þessu máli, enda segir í reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem gefin er út af félmrn. 28. apríl 1967, m. a. þaning í 12. gr.: „Félmrh. skipar tvo trúnaðarmenn í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur til þess að hafa eftirlit með öllum byggingarframkvæmdum og fjárreiðum vegna íbúðabygginga þeirra, sem um ræðir í reglugerð þessari.“ Það virðist því liggja í hlutarins eðli, að það komi í hlut félmrn. að sjá svo um, að þessir íbúðakaupendur kaupi ekki svikna vöru.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að við byggingarframkvæmdir í Breiðholti I voru notaðar nýjar aðferðir við fjöldaframleiðslu íbúða, og það var beitt fullkomnustu tækni og skipulagningu, sem þá var kostur á. Þetta leiddi til þess, eins og viðurkennt hefur verið af framkvæmdanefndinni, að fyrstu byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti urðu með nokkru tilrauna sniði. Menn voru þá að þreifa sig áfram með nýja byggingartækni, og einmitt þetta atriði leiddi til þess, að upp komu þeir smíða- og frágangsgallar, sem hér um ræðir. Er sjáanlegt, að í síðari áföngum Breiðholtsframkvæmdanna hefur verið um miklar framfarir að ræða, og þar hafa menn augljóslega lært af fyrri reynslu. Og þá vaknar spurningin: Getur það talizt nokkur sanngirni, að kaupendur íbúða í Breiðholti I beri bótalaust þá annmarka, sem fram hafa komið í íbúðum þeirra einmitt vegna þessarar tilraunastarfsemi og aðrir hafa notið góðs af síðar meir?

Ég vil þó taka það fram, að þessir gallar eru að sjálfsögðu ekki í öllum íbúðunum í fyrsta

áfanganum. Velflestar íbúðirnar eru gallalausar eða gallalitlar, en allmargar hafa ýmsa galla. Hér er m. ö. o. ekki talið, að hver einasta íbúð í fyrsta áfanga sé gölluð, síður en svo. Framkvæmdanefndin hefur reynt að standast þetta með því að bera fram ýmis rök, m. a. þau, að það væri ekki mark takandi á þessum kvörtunum íbúðaeigenda í Breiðholti I, þar sem um væri að ræða örfáa nöldurseggi, sem væru alltaf óánægðir, hvar sem þeir væru niður komnir. Þessi málflutningur er náttúrlega engum til sóma, og til þess að taka af tvímæli hafa 243 íbúðaeigendur af 260 *í ofangreindum fjölbýlishúsum* eða yfir 93% skrifað undir skjal, þar sem farið er fram á sams konar beiðni og um getur í þáltill. Meginástæðuna fyrir því, að ekki skuli vera 100% þátttaka, hygg ég vera þá, að sumar þessara íbúða eru leigðar út. M. ö. o.: hér er lögð fram ósk þessara íbúðaeigenda um könnun á ástandi íbúðanna, og þar er fullkomin samstaða.

Meginatriðið er þó, að þessi þáltill. fellir engan dóm. Hér er einungis farið fram á, að óhlutdrægur aðili kanni ástand íbúða og sameignar og láti í ljós álit sitt. Reynist hins vegar berlegir ágallar, sem rætur eigi að rekja til smíðagalla eða vinnusvika, verði að sjálfsögðu gerðar viðhlítandi lagfæirngar íbúðaeigendum að kostnaðarlausu. Hér er auðvitað ekki átt við eðlilegt slit af nýtingu íbúðanna.

Auk þess hafa íbúðaeigendur óskað þess að fá uppgefinn byggingarkostnað, hver hann var í raun og veru, því að þeir telja sig hafa ástæðu til þess að ætla, að íbúðaverðið hafi verið of hátt. Í fyrrgreindri reglugerð, sem ég vitnaði í, segir, að söluverð íbúða skuli vera kostnaðarverð. Hér er enginn dómur lagður á það, hvort íbúðakaupendur hafi nokkuð fyrir sér í þessu efni eða ekki. En þeim er varla láandi, þótt þeir vilji fá uppgefinn byggingarkostnað, enda má það heita réttur þeirra, eins og að byggingu þessara íbúða er staðið.

Ég skal nú ekki fjölyrða meira um þetta mál, en að lokum segja nokkur orð. Ég hef orðið mjög var við það, hversu íbúðakaupendur hér á Íslandi, hvort sem um er að ræða í Breiðholti I eða aðra, eiga afskaplega erfitt með að ná rétti sínum, ef þeir telja sig svikna. Þetta fólk, sem kaupir íbúðir, sem á eftir að smíða eða er í smíðum, þarf oft að standa jafnvel árum saman í málaferlum út af smáatriðum. Ég tel, að réttleysið í þessum málum á Íslandi í dag sé ógnvekjandi. Hér er rekinn sá byggingarmáti, að einstakir aðilar byggja íbúðir og gera það oft af dugnaði og atorku, og skal ekkert um það fengizt, en neytendur eiga oft ákaflega erfitt með að leita réttar síns, ef þeir þykjast kaupa svikna vöru. Þetta er bæði mín persónulega reynsla og annarra, og hér er mikil vöntun í okkar þjóðfélagi. Það þarf að tryggja rétt kaupandans, kauprétt neytandans. Sérstaklega verður það átakanlegt með íbúðakaupendur í Breiðholti I, þar sem hér er um að ræða láglaunafólkið í þjóðfélaginu og verkalýðshreyfingin sjálf stóð að því að semja um byggingu þessara íbúða við ríkisvaldið, að þetta mál skuli hafa komið upp, og ég verð víst, því miður, að fella þann dóm, að mér þykir mjög hafa á skort, að verkalýðshreyfingin sjálf væri það skjól, sem hún hefði átt að vera fyrir þessa félaga sína, sem keyptu íbúðir í Breiðholti.

Í þessu Breiðholtsmáli eru mörg sjónarmið og mörg viðhorf, en það eru tvö atriði, sem ég vil leggja áherzlu á og endurtek. Það er hið óþolandi réttleysi íbúðakaupenda í þjóðfélaginu í dag, hversu vanmegnugur einstaklingurinn er til þess að leita réttar síns, ef hann þykist svikinn að einhverju leyti, og í öðru lagi sá furðulegi lærdómur, sem dreginn verður af þessu máli, þ. e. að verkalýðshreyfingin hefur ekki sinnt ákalli þessa fólks í þessum málum, heldur látið þetta sem vind um eyru þjóta, og það er e. t. v. mesta undrunarefnið.

Hér er því einungis beint til hæstv. félmrh. að láta fara fram hlutlausa könnun á ástandi íbúðanna í Breiðholti I, fá hlutlausan aðila til þess að kanna málin, og síðan, ef augljósir smíða- og frágangsgallar koma í ljós, þá er það ekki nema sanngirni, að þeir gallar verði bættir íbúðakaupendum að kostnaðarlausu. Þetta er m. ö. o. allt, sem felst í þessari þáltill. Ég vænti þess, að hæstv. félmrh., sem ræður mestu um þessi mál, taki á þessu af þeim skilningi og einurð, sem vænta má af honum sem fyrrv. forseta Alþýðusambandsins og núv. ráðamanni um húsnæðismál hér á landi.

Að lokum vil ég svo afhenda hæstv. félmrh. undirskriftir þær, sem ég nefndi í ræðu minni, en það eru um 93% af öllum íbúðakaupendum í Breiðholti I.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessari till. — Ég vil í fyrstu minna á, að þegar Breiðholtsframkvæmdirnar fóru af stað fyrir tæpum áratug, var þar um að ræða merkilegt félagslegt átak, sem bæði leysti vissan félagslegan vanda hvað snerti fólk, sem var á hrakhólum með íbúðir, og eins hitt, að það leiddi til betra ástands á þeim vettvangi, húsbyggingavettvanginum, og á þeim markaði, þegar tekið er tillit til verðs og gæða bygginga. Þær framkvæmdir, sem fóru fram og hófust í Breiðholti I, um leið og þær voru aðstoð með þeim hætti, sem ég hef nú rakið, þá sönnuðu þær líka um leið kosti þess fyrirkomulags, sem á hafði verið, þ. e. a. s. sýndu fram á, að byggingaraðilar, sem á þessum vettvangi höfðu haslað sér völl, byggðu yfirleitt vel, og það verð, sem þeir höfðu boðið, var ekki ósanngjarnt, eins og hafði verið haldið fram mjög í umr. þar á undan. Það kom í ljós, að þrátt fyrir mikið fjármagn og það mikla magn, sem byggt var af framkvæmdanefnd Breiðholtsáætlunarinnar, þá urðu þessar íbúðir, sem byggðar voru á hennar vegum, hvorki ódýrari né betri að gæðum til. Ég skal ekki fara nánara út í þær umr., sem urðu allmiklar hér fyrir nokkrum árum, en þessar niðurstöður eru engu að síður til gagns, bæði fyrir hina einstöku byggingaraðila, svo og fyrir framkvæmdanefndina, sem áfram hefur haldið að byggja og gert það mun betur í því framhaldi.

Með þessum byggingum voru fólki, sem var í vandræðum með húsnæði, boðnar íbúðir með mjög hagstæðum kjörum, og það fyrirkomulag

leiddi til vissra deilna og gagnrýni. Margur leit svo á, að þarna væri gengið of langt. Það er ekki mín skoðun, en ég þarf ekki að minna á, að þetta allt orkaði mjög tvímælis á sínum tíma.

Í framhaldi af því, að fólk fékk þessar íbúðir og flutti í þær, fór strax að gæta þess, að það var með vissa gagnrýni á frágang þessara íbúða, taldi ýmislegt vera vangert og lét í ljós skoðanir sínar á opinberum vettvangi, í blöðum og víðar. Og það var tvímælalaust svo, að margir, sem fylgdust með þessu úr fjarlægð, litu svo á, að þarna væri um að ræða vanþakklæti af hálfu þessa fólks, það væri að fá þarna íbúðir með hagstæðum kjörum og væri síðan að nöldra út af einhverjum minni háttar göllum, sem ástæðulaust væri. Nú hefur hins vegar komið í ljós, eftir því sem lengra hefur liðið, að þessi gagnrýni og ákúrur íbúanna hafa reynzt að mörgu leyti réttar, og það hefur verið full ástæða til þess fyrir þetta fólk að kvarta undan ýmsu, sem miður hefur farið í þessum byggingum og rakið hefur verið hér af 1. flm. þessarar till. Hefur komið í ljós, að þrátt fyrir þessar kvartanir alllangan tíma hefur reynzt erfitt fyrir þetta fólk að fá upplýsingar eða lagfæringar og gengið bónleitt til búðar, þar sem framkvæmdanefndin hefur verið annars vegar.

Nú skal ég ekki leggja dóm á það, hvort framkvæmdanefndin hefur haft ástæðu til þess að virða ýmsar þessar kröfur að vettugi eða svara alls ekki erindum íbúanna. En vissulega gefa þau bréf frá íbúunum, sem ég hef m.a. kynnt mér, tilefni til þess að halda, að ýmislegt skorti þarna á og framkvæmdanefndin hafi ekki sinnt réttmætum kröfum og kvörtunum.

Í rauninni er það svo, að till. sem slík, þar sem skorað er á hæstv. félmrh. í þessu tilfelli að láta fara fram gagngerða rannsókn á íbúðum, til þess að sanngjarnar kröfur og kvartanir séu skoðaðar, — í rauninni ætti þessi till. að vera fyllilega óþörf. Og ég tek undir orð síðasta ræðumanns hvað það snertir, að það er vissulega bagalegt í þessu þjóðfélagi, ef neytendur eða almenningur almennt á í svo miklum erfiðleikum að ná fram rétti sínum eða ná fram því, að kröfur séu skoðaðar á hlutlausan og sanngjarnan hátt, að það þurfi að koma hingað inn á hv. Alþ. sérstakar óskir og till. með áskorunum til hæstv. ráðh. um það, að þeir beiti sér fyrir slíkri rannsókn.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé nokkuð gott sýnishorn af því, hvernig almenningur stendur gagnvart stjórnvöldum. Hann stendur allt of oft varnarlaus, þegar um er að ræða stofnanir eða fyrirtæki, sem annað hvort eru opinber eða hálfopinber, og er vissulega ekki vanþörf á að bæta úr þessum tengslum milli neytenda annars vegar og stjórnenda hins vegar.

Um leið og ég tek fram aftur, að ég legg ekki neinn sérstakan dóm á eina eða aðra kvörtun eða kröfu í máli íbúa í Breiðholti I, í þessum viðkomandi húsum, þá er ég mjög sáttur með það og styð það heils hugar, að kröfur þeirra séu skoðaðar. Því er ég hlynntur þessari till. og vil gjarnan, að hún nái fram að ganga. Mér sýnist þarna farið fram á upplýsingar, sem ættu að vera sjálfsagðar milli kaupanda og seljanda, milli almennings og stjórnvalda, og þessar kröfur vera mjög sanngjarnar, og styð ég því þessa till. heils hugar.

Umr. frestað.

Efri deild, 81. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð felur nánast í sér heimild Alþ. til fullgildingar á þeim samningi um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð, sem gerður var á fundi Norðurlandaráðs í Osló 20. febr. s. l., en þann dag undirrituðu ráðh. þeir, sem fara með Norðurlandamálefni, samning þann, sem fylgir hér með og er prentaður sem fskj. Þessi samningur þarf ekki skýringa við og ekki heldur þær gr. frv., sem þarna er skotið inn í til viðbótar heimildinni. Ég legg þetta frv. hér fram, af því að það hefur fallið í minn hlut að fara með þessi Norðurlandamálefni, en að sjálfsögðu mundu málefni sjóðsins hér innanlands eðlilega falla undir iðnrh.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Veiting prestakalla, frv. (þskj. 462). — 1. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. um veitingu prestakalla er flutt af menntmn. Ed. að beiðni hæstv. dómsmrh. Það skal strax tekið fram, að n. hefur ekki tekið neina afstöðu til efnis þessa frv., og hafa því einstakir nm. óbundnar hendur um afstöðu sína til málsins. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem frv. um þetta efni er lagt fyrir Alþ. Fyrir einum áratug kom frv. svipað að efni tvívegis til Alþ., og var þá einnig flutt af menntmn., en í Nd., að beiðni þáv. kirkjumrh., en frv. hlutu ekki afgreiðslu.

Meginefni frv. er, að felld eru niður ákvæði um veitingu prestakalla í kjölfar prestskosninga. Í þess stað er ákveðið, að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakalls séu lögbundnir kjörmenn, þegar valinn er prestur. Þeir skulu samkv. 3. gr. taka til athugunar umsóknir um auglýst prestakall og ákveða, hvort kjör skuli fara fram. Ef kjör fer ekki fram, ráðstafar kirkjumrh. embættinu að fenginni till. biskups. Aftur á móti ef ákveðið er, að kjör skuli fara fram, þá þarf umsækjandi að hljóta ⅔ atkv. kjörmanna til þess að kosning teljist lögmæt. Ef kosning er ekki lögmæt, mælir biskup með þeim tveimur umsækjendum, sem hann telur, að næst standi því að hljóta embættið, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, eins og segir í 5. gr., og veitir þá ráðh. embættið öðrum hvorum þessara tveggja umsækjenda.

Í 6. gr. eru ákvæði um, að heimilt sé að kalla prest til embættis, eins og það er nefnt í 6. gr. Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að óska eftir því við tiltekinn prest, að hann taki við embætti án umsóknar, gera þær það með því að kalla prest, eins og það er nefnt í 6. gr., og er þá embættið eigi auglýst.

Að öðru leyti er nánari grein gerð fyrir frv. þessu í grg., og tel ég ekki ástæðu til að rekja efni þess frekar. Óðum styttist nú til vors, og verður að telja næsta ólíklegt, að frv. þetta hljóti fulla meðferð Alþ. á þeim tiltölulega skamma tíma, sem eftir er af þinginu. Flutningur málsins og meðferð þess hér á Alþ. réttlætist að sjálfsögðu fyrst og fremst af því, að það þarf að kynna málið vel og kalla eftir umsögnum um það, og eru þá auknar líkur á því, að málið gæti fengið eðlilega afgreiðslu á næsta þingi, ef sem sagt ekki tækist að afgreiða það á þessu þingi.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir að hafa orðið við ósk minni um að flytja málið inn í þing að þessu sinni. Ég geri ekki ráð fyrir, að það gefist tími til að afgreiða þetta mál á þessu þingi, þar sem það er ekki lagt fram fyrr en þetta. Ég held hins vegar, að það sé mjög æskilegt, að það geti farið fram umr. um þetta mál á hv. Alþ., að það geti orðið athugað í þingflokkum og að sú n., sem hefur nú flutt það, geti tekið það til athugunar á milli umr. og rætt það. Þetta er mál, sem er talsvert á dagskrá um þessar mundir og hefur verið raunar á dagskrá að undanförnu. En eins og hv. formaður menntmn. gat um, er þetta ekki fyrsta sinn, sem þetta mál kemur til kasta Alþ. Þó að það hafi að vísu verið gerðar á því örlitlar breytingar frá því, sem áður var, þá er þetta í þriðja sinn, sem þetta mál kemur í þessu svipaða formi fyrir Alþ. Og þetta er í þriðja sinn, sem Kirkjuþing hefur fjallað um þetta mál. Í öll skiptin á Kirkjuþingi hefur verið samþykkt að taka upp í aðalatriðum það skipulag, sem hér er um að tefla. Það virðist svo sem þróunin gangi í þá átt, að þessari skipan hafi verið smám saman að vaxa fylgi á Kirkjuþingi, vegna þess að fyrst þegar það kom til kasta Kirkjuþings, 1962, að ég ætla, þá var það samþ. með 10:5 atkv. Næsta skiptið var það samþ. með 10:4 atkv. En núna í vetur var það samþ. á Kirkjuþingi að kalla einróma eða með 14:1 atkv. Og ég hygg, að prestastefna eða prestastefnur hafi fjallað um þetta mál og þrátt fyrir skiptar skoðanir hafi eindreginn meiri hl. þar verið þeirrar skoðunar, að taka ætti upp svipaða skipan og þá, sem hér er gert ráð fyrir, eða fyrirkomulag, sem henni væri líkt.

Hv. frsm. menntmn. gerði hér áðan grein fyrir í höfuðatriðum, hvernig þessi mál eða tilhögun þeirra er hugsuð, sem sé að það gæti verið lagt á vald sóknarnefnda og safnaðarfulltrúa að kalla prest, sem kallað er, án þess að nokkur kosning fari fram, en til þess að það geti átt sér stað, þurfa ¾ þeirra að vera

sammála. Ákveðið er hins vegar, að ef kosning fari fram og ⅔ kjörmanna greiði einum manni atkv., þá er hann löglega kosinn. En það má segja, að ef þessu er ekki til að dreifa, þá gildi svipað fyrirkomulag og nú er, ef ekki hefur náðst lögmæt kosning, þá sé það biskup, sem geri till. um það, hver skuli skipaður prestur, og kirkjumrh., sem skipar hann.

Ég held, að það fari ekki á milli mála, að hjá prestastéttinni og hjá guðfræðinemum, þ. e. a. s. hinum væntanlegu prestsefnum, er eindreginn vilji í þá átt, að horfið sé frá prestskosningum í þeirri mynd, sem þær eru nú. Hjá söfnuðum eru sjálfsagt skiptar skoðanir um þetta, eða svo hefur verið til þessa. Sumir hafa viljað halda í prestskosningar, en aðrir hafa séð ýmsa agnúa á þeim og talið, að þær bæri að leggja niður. Ég álít, að það sé mjög almenn skoðun, að það þurfi að breyta til frá því, sem verið hefur, og ég er þeirrar skoðunar, að prestskosningar, eins og þær hafa verið, þurfi breytinga við og það sé ekki ástæða til að halda í núverandi fyrirkomulag. Það má í fyrsta lagi benda á, að það er dálítið einkennilegt, að það skuli gilda önnur regla um þessa embættismenn ríkisins heldur en alla aðra. Það er ekki svo, að aðrir embættismenn ríkisins séu kosnir. Það gæti verið álitamál og auðvitað til athugunar að taka upp þá skipan, en á meðan það er ekki gert, má segja, að þetta sé afbrigði frá því venjulega, að prestar séu kosnir, og þá er spurning, hvort það séu sérstök rök fyrir því. Auðvitað hafa menn heyrt mörg rök færð fyrir því. Það er sagt, að það sé miklu persónulegra samband á milli safnaðar og prests heldur en á milli embættismanna almennt og þeirra, sem þeir eiga að veita þjónustu. Það er vafalaust nokkuð til í þessu. En þó held ég fyrir mitt leyti, að þetta séu ekki afgerandi rök, vegna þess að það má segja, að það sé líka mikið trúnaðarsamband og þurfi að vera mikið trúnaðarsamband á milli ýmissa annarra embættismanna og þess fólks, sem embættismaðurinn á að veita þjónustu. Ég hygg t. d., að það megi segja, að það skipti æði miklu máli um lækni, hvort hann nýtur trausts íbúanna í læknishéraðinu eða ekki, en það hafa ekki komið fram neinar till. um, að það ætti að kjósa lækni. Þetta er sem sagt, eins og það er orðið, alger undantekning frá því, sem tíðkast um aðra embættismenn, og ég efast stórlega um, að hægt sé að færa rök að því, að prestar hafi þá sérstöðu, að það sé rétt að láta kosningu gilda um þá eina. Það er sagt, að þetta sé lýðræði, að veita söfnuðinum kost á að kjósa prest. Það má segja, að það væri lýðræði að leyfa mönnum að kjósa almennt sína embættismenn. En það er samt mjög takmarkað lýðræði, eins og það birtist í prestskosningum og eins og það mundi birtast í öðrum kosningum, ef embættismanninn ætti að kjósa ævilangt. En það er einmitt það, sem gert er, þegar um prestskosningar er að tefla. Maðurinn er kosinn í eitt skipti fyrir öll, og síðan getur hann setið og situr þangað til hámarksaldri er náð, og safnaðarmenn hafa engin sérstök áhrif á það og enga aðstöðu til þess að óska eftir öðrum presti. Ég held, að ef menn vilja tala um verulegt lýðræði í sambandi við skipun presta eða embættismanna, þá þurfi að tengja það þannig saman, að kjörtíminn sé bundinn ákveðnu tímabili, eins og er venjulega, þegar um kosningar er að tefla, eins og er t. d. á um Alþ. og sveitarstjórnir. En í prestskosningum er ekki um slíkt að tefla.

Það eru færðir fram ýmsir agnúar á prestskosningunum, að þær hafi í för með sér flokkadrætti og kostnað fyrir prestsefnið og það gróí kannske seint yfir þá flokkadrætti. Reyndar hygg ég fyrir mitt leyti, að það sé ekki of mikið leggjandi upp úr þessu. Ég held, að hitt sé miklu meira atriði, sem liggur ljóst fyrir og kemur fram í þeirri skýrslu, sem fylgir með þessu frv., að prestskosningar fara í langflestum tilfellum alls ekki fram, ekki það, sem hægt er að kalla raunverulegar kosningar. Eins og er greint frá í fskj. með frv., er svo í langsamlega flestum tilfellum, að umsækjandinn er aðeins einn, og má reyndar stundum þykja gott, ef það er nokkur umsækjandi, en í langsamlega flestum tilfellum er það svo utan Reykjavíkur og helztu þéttbýlisstaða, að á undanförnum 8 árum hefur, eins og þessi skýrsla ber með sér, umsækjandi verið aðeins einn. Samkv. bókstafnum fer fram kosning, þó að umsækjandi sé aðeins einn. Í sumum tilfellum hefur það að vísu leitt til þess, að kosningin er lögmæt. Það er fullnægt þeim skilyrðum um þátttöku í kosningunni og um atkvæðafjölda með þessum eina og hann er kosinn löglegri kosningu, og má náttúrlega segja, að það sýni, að hann eigi þar verulegu fylgi að fagna. En ég hygg þó, að hitt sé miklu oftar, að kosningin sé ólögmæt. Þá er það alveg föst og viðtekin regla, sem ég held, að sé alveg afbrigðalaus, að hann er skipaður prestur allt að einu, hve fá atkv. sem hann hefur fengið, þessi frambjóðandi, sem þarna hefur verið í boði. Ég held því, að það, sem megi kannske fyrst og fremst færa fram orðið gegn prestskosningum fyrir utan það, að þær eru undantekning og afbrigði frá því, sem venjulegt er, sé það, að þær eru ekki virkar nema á örfáum stöðum og hafa ekki verið að undanförnu og hafa í langflestum tilfellum þar af leiðandi farið fram meir til málamynda heldur en það sé um að ræða eiginlega prestskosningu.

Eins og ég sagði áðan, held ég fyrir mitt leyti, að það sé tímabært að hverfa frá prestskosningum í þeirri mynd, sem þær hafa verið. En þegar því er játað, er aftur á móti spurning um það, hvaða reglu eigi að taka upp. Með þessu frv. er farin eins konar millileið. En auðvitað getur komið til álíta, hvort það sé ekki allt eins eðlilegt að láta alveg sömu reglu gilda um veitingu prestsembætta og annarra embætta. En ég veit, að gegn því er þeim mótmælum hreyft, að þá séu söfnuðirnir með öllu sviptir möguleikum til þess að hafa áhrif á það, hver verður þeirra prestur. En með þessum hætti, með þessari millileið, sem hér er um að tefla, má segja, að þeir kjörnu fulltrúar safnaðarins, sem eiga sérstaklega að fara með málefni hans, fái aðstöðu til þess að hafa áhrif á þetta og ráða því, ef þeir vilja. Með þessu er því sporið stigið að nokkru leyti til hálfs. Ég fyrir mitt leyti get fallizt á þessa skipan

með tilliti til þess fylgis, sem hún virðist hafa hjá prestastéttinni og guðfræðinemum, sem ég hef sérstaklega kynnt mér. En ég verð að segja það, að persónulega hefði ég talið allt eins hreinlegt að stíga skrefið til fulls og hef reyndar ekki getað sannfærzt um, að það séu rök til þess að láta aðrar reglur gilda um presta í þessu efni heldur en um aðra embættismenn, því að þetta eru embættismenn ríkisins, prestar þjóðkirkjunnar. En þetta er eitt þeirra mála, sem mönnum hefur gengið illa að koma sér saman um, og ég geri ráð fyrir því, að eins og áður séu um þetta skiptar skoðanir á Alþ.

Ég held, að þó að frv. verði ekki afgr. á þessu þingi, sé mjög æskilegt að fá fram skoðanir hv. alþm. um þetta mál, þannig að það geti verið nokkur leiðarvísir um það, hvernig skynsamlegast sé að haga framhaldi málsins, og þess vegna væri það mjög gott, ef hv. Ed.-menn einmitt vildu láta í ljós álit sitt á þessu efni. Það má segja, að það sé líka gott, að málið sé lagt fram nú, þótt það hljóti ekki afgreiðslu, vegna þess að það gefur þá svigrúm til þess milli þinga að kynna það og leita álits safnaða á því, eða a. m. k. geta söfnuðir þá fengið tækifæri til þess að láta í ljós álit sitt á því, ef þeir hafa áhuga á.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa orð þessi fleiri, en vil undirstrika, að mér er vel kunnugt um það, að þetta er sérstakt áhugamál biskups, presta, flestra að ég hygg, og guðfræðinema, að ég hygg allra, sem nú eru í guðfræðideild. Hjá þeim hef ég verið á fundi um þetta mál, og það kom fram alveg eindreginn vilji í þá átt, að prestskosningaar yrðu afnumdar og mikið ógeð hjá hinum ungu mönnum á því að þurfa að byrja feril sinn með því að leggja út í prestskosningar, sem að vísu eru kannske ekki eins óttalegar og menn gera ráð fyrir, þegar þeir athuga þessa skýrslu nánar, sem hér liggur fyrir og sýnir, að í langflestum tilfellum er aðeins um einn mann að ræða, sem býður sig fram til prestsembættis.

En hitt er vafalaust, að þótt það sé eindreginn vilji hjá þessum aðilum og beri að taka mikið tillit til þess, þá er það svo, að þeir, sem þjónustunnar eiga að njóta, söfnuðirnir, eiga auðvitað sinn rétt í þessu, og það er skylt og sjálfsagt að taka líka tillit til þess, sem frá þeim kemur um þetta efni.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Mönnum þykir e. t. v. einkennilegt, að ég fari sérstaklega að rísa hér á fætur og gera þetta mál að umtalsefni, þar sem ég er ekki neinn kirkjunnar starfsmaður. En ástæðan til þess, að ég geri það, er sú, að ég hef allmikið um þetta mál hugsað, m. a. vegna þess, að ég átti alllengi sæti í safnaðarráði Reykjavíkur, og mál þetta var þá mjög á dagskrá, auk þess sem svo er, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, að þetta hefur verið mjög til umr. manna á meðal um árabil og um það gerðar ýmsar ályktanir. Ekki hvað sízt eftir að Kirkjuþing kom til sögunnar, var það tekið þar til ítarlegrar meðferðar, eins og hann réttilega gat um.

Ég get tekið það skýrt fram, að ég er andvígur prestskosningum og hef verið lengi og talið þær fásinnu eina og fyrir þeim væru í raunninni ákaflega haldlítil rök, vegna þess að einu rökin, sem ég hef heyrt varðandi prestskosningar, eru þau, að hér væri um að ræða sérstakt lýðræði, sem ekki mætti taka af fólkinu, að fá rétt til þess að kjósa sér prest, þar sem milli prests og safnaðar væri sérstakara trúnaðarsamband en milli annarra embættismanna og fólksins. Hæstv. forsrh. hefur í raunninni svarað þessu, þannig að ég þarf ekki að ræða það að neinu ráði.

Það er auðvitað svo, að það er sérstakt samband milli prests og safnaðar, og hefur verið litið á stöðu prestsins með öðrum hætti en annarra embættismanna í fjölmörgum löndum, ekki sízt í þeim þjóðfélögum, þar sem ríki og kirkja eru aðskilin. Þar hafa trúmálin verið talin vera málefni fólksins, ættu að vera sérmál þess og ríkið að litlu eða engu leyti þar að koma við sögu, enda nokkur trúfélög verið til, svo sem raunar er einnig á Íslandi. En hér er sú sérstaða, að samkv. stjórnarskránni er hin lúterska kirkja þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið því styðja hana og styrkja. Og á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar er það byggt, að kirkjan starfar svo sem hún gerir nú í dag, þótt þær hugmyndir hafi komið upp, að eðlilegt væri, að það væri með öðrum hætti, ekki sízt hugmyndir frá kirkjunnar mönnum sjálfum. En varðandi lýðræðishugmyndina í þessu efni liggur ljóst fyrir, að það er ekkert lýðræði, nema menn vilji sætta sig við að vera kosnir tímabundinni kosningu. Og ég skal fallast á, að það sjónarmið geti verið rétt, ef menn vilja hugsa þá hugsun til enda og vera sjálfum sér samkvæmir um að láta þetta blessað lýðræði gilda um prestskosningar og val presta. En þá verða prestar að vera reiðubúnir til að leggja sig undir það á vissu árabili að ganga til endurkjörs, svo sem t. d. þm. verða að gera. Annars er þetta auðvitað ekkert lýðræði. Og þegar, eins og hér hefur verið getið um, í fjölmörgum tilfellum er aðeins einn maður í kjöri, í þeim tilfellum og einnig mörgum öðrum er sáralítil þátttaka í prestskosningum, og ótalmargt annað kemur hér til greina, þá sýnist mér allt benda í þá átt, að þessi leið, þessi svokallaða lýðræðisleið um val prests, sé orðin gersamlega úrelt. Í ofanálag kemur allt það tjón, sem í raunninni kirkjunni er unnið með þessum prestskosningum, öll úlfúð og illindi, sem oft skapast og presturinn, sem kosinn er að lokum, á í langri baráttu oft og tíðum við að komast yfir í sínum söfnuði. Enn fremur er það, sem ég tel mjög miður farið, að það getur farið svo, að ungir og efnilegir menn, sem veljast fyrst til afskekktari safnaða, eigi erfitt uppdráttar að koma sér á framfæri til betri prestakalla eða brauða, og það hefur einnig í för með sér ákaflega óheppileg áhrif, því að oft getur einmitt verið mjög æskilegt að geta sent presta til safnaðar, þar sem erfitt er um starfsemi alla og kirkjulíf, einmitt til þess að þeir geti þar vissan tíma a. m. k. neytt orku sinnar til þess að hefja þau prestaköll til vegs og virðingar og auka þar kirkjulega starfsemi, án þess að það væri útlit fyrir, **að þeir yrðu e. t. v. að vera þar alla sína preststíð.**

Ég held því, að það sé orðið nauðsynjamál, bæði fyrir kirkjuna og fyrir kristna trú í landinu og eflingu hennar, að endurskoða þessi prestakallamál og breyta þeim í grundvallaratriðum á þann veg, að prestskosningar verði látnar niður falla.

Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, er það byggt á þeirri meginhugsun, að almennar prestskosningar verði afnumdar, en hins vegar er talað um takmarkaðar kosningar, þ. e. a. s. nokkurs konar kjörmannakosningu presta. Það getur vel verið, að þetta sé millileið, sem sé farandi. Ég skal ekki um það segja eða fella um það dóm. Þó sýnist mér, að það geti jafnvel hafizt þá deilur milli þessara kjörmanna eða um kjör þessara kjörmanna, ef til kæmi. En það skiptir auðvitað ákaflega miklu máli, sem hæstv. forsrh. upplýsti, ef það er orðin samstaða um það milli kirkjunnar manna að velja þessa leið sem millileið frá því að hafa almennar prestskosningar og yfir til þess að skipa presta sem hverja aðra embættismenn, sem auðvitað gæti vel komið til greina.

Ég vil hins vegar leyfa mér, — og það er kannske höfuðástæðan til þess, að ég stóð hér upp, — ekki vegna þess að ég búist við, að það fái mikla áheyrn, en þó koma á framfæri þeirri hugmynd, sem ég hef lengi haft og látið í ljós sums staðar, að ég vil bylta þessu fyrirkomulagi enn meir en hér er gert ráð fyrir. Ég vil gera kirkjuna miklu sjálfstæðara afl í þjóðfélaginu. Við vitum, að víða er um að ræða algeran aðskilnað ríkis og kirkju, og þá eru það kirkjudeildirnar sjálfar, sem ráða sínum málum. Það má segja, að þetta sé með nokkuð öðrum hætti hér, að fela ákveðinni kirkjudeild sérstöðu í þessum efnum. Þó finnst mér, að það geti vel komið til mála, meðan stjórnarskránni er ekki breytt algerlega í þessu efni, — það er mál út af fyrir sig, sem ég skal ekki fara inn á, hvort á að skilja að ríki og kirkju að fullu, það er flóknara mál en svo og erfitt að ýmsu leyti hér í strjálbýlinu, að söfnuðir geti staðið sjálfir undir kostnaði, sem hér er um að ræða, en skoðun mín er í stuttu máli þessi, að ég álít, að kirkjan sjálf eigi að fá ákveðna fjárveitingu og hún eigi sjálf að ráðstafa sínum prestum og í rauninni sjálf að ákveða prestaköllin.

Nú munu menn segja kannske: Kirkjan er engin sérstök stofnun hér á Íslandi. — Vitanlega má gera kirkjuna að stofnun. Það eru til ýmiss konar kirkjustofnanir hér, sem ég álít, að sé brýn nauðsyn að endurskoða ákvæði um og breyta starfsháttum þeirra að ýmsu leyti og samræma. Það er fyrst og fremst prestastefnan, sem lengi hefur verið, og síðan hefur komið til Kirkjuþing, sem er innan kirkjunnar nokkurs konar löggjafarsamkoma, að segja má, og síðan kirkjuráð og biskup í toppi þessa embættiskerfis, undir rn. að vísu. Vitanlega má finna einhverja ákveðna stjórnskipan, ef maður má orða það svo, á kirkjunni, sem geri það mögulegt, að kirkjustjórn fái slíkt vald, sem er hér um að ræða. Og mín skoðun er sú, að það mundi verða til þess að gefa þessum málum nýjan blæ, auðvelda kirkjuyfirvöldum hverju sinni, sem hefðu þá á að skipa ákveðnu starfsliði, ekki endilega bundnu við ákveðin prestaköll, heldur til þess að deila því niður til eflingar kirkjunni, eftir því sem hentaði hverju sinni, þannig að prestur væri ekki endilega staðsettur alltaf á sama stað, heldur yrði um örari skipti að ræða í þeim efnum, og það væri þess vegna í rauninni fengið kirkjunni í hendur bæði sá réttur og ég vil segja um leið sú ábyrgð og að vissu leyti kvöð að sjá um útbreiðslu þess boðskapar, sem hún flytur þjóðinni, án þess þó að beinlínis verði um að ræða að rjúfa tengslin milli ríkis og kirkju. Ríkið mundi sem sagt eftir sem áður greiða til kirkjunnar ákveðnar upphæðir til þess að halda uppi starfsemi hennar, en það yrði raunar svo, að það yrði byggð upp einhver kirkjustofnun eða kirkjustjórn, sem færi í rauninni með önnur mál kirkjunnar.

Kirkjan er auðvitað sérstaks eðlis í þjóðfélaginu, og þess vegna finnst mér, að svona róttæk hugmynd geti vel komið til greina, og einnig með hliðsjón af því, hversu þessum málum er skipað víða annars staðar varðandi kirkjulega og trúarlega starfsemi. Ég er, eins og ég sagði, ekki með þessu að varpa fram þeirri hugmynd að fara að breyta til um, hvaða trúarbrögð verði hér höfuðtrúarbrögð. Það er að sjálfsögðu mat manna og til þess hafa menn persónulegan rétt að skipta um kirkjudeild. En það er ein kirkjudeild, eins og ég áðan sagði, sem hefur hér sérréttindi. Ég er ekki heldur að leggja til, að þeim sérréttindum verði breytt. Það kann vel að vera, að þær skoðanir komi upp, og þær hafa vissulega heyrzt, að það væri óeðlilegt, að ein kirkjudeildin hefði hér þessi forréttindi. En hún tekur líka að sér vissar skyldur við þjóðfélagið. Að vísu eru margt af þessum skyldum eingöngu trúarlegar athafnir, en þó ýmsar með þeim hætti, að það er erfitt að hugsa sér, að þjóðfélagið geti án þeirra verið, hvað sem öllum trúarathöfnum að öðru leyti líður.

Þetta, herra forseti, er aðeins hugmynd, sem ég vildi láta koma fram. Það var gert ráð fyrir því, að þetta mál mundi ekki verða afgreitt á þessu þingi, og ég býst við, að ýmsum þyki þetta nokkuð róttæk hugmynd, sem ég er hér að ræða um. En það gerir kannske ekkert til, þótt hún komi til umr. eins og aðrar hugmyndir um þessi mál. Þetta mál er búið að vera lengi í deiglunni, skoðanir um það eru margvíslegar. Ég býst við, að í þessari hv. d. og á Alþ. séu skiptar skoðanir um, hvort afnema skuli prestskosningar eða ekki. Ég hef talið rétt að láta skoðun mína í ljós í þeim efnum, enda á ég ekki sæti í þeirri n., sem þetta frv. fær til meðferðar, en leiðirnar, sem geti komið hér til greina til breytinga, tel ég vera ýmsar. Ég hef þegar lýst minni skoðun. Hér er um aðra skoðun að ræða á þessu blaði. Þó veit ég ekki beint, hvort það er önnur skoðun, það er sérstök tilhögun til að komast út úr því skipulagi, sem við nú búum við. En ég álít umfram allt, hvað sem því líður, hvað ofan á verður í þessum efnum, þá sé það grundvallarnauðsyn að komast frá því skipulagi, sem við búum nú við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 452 (sbr. 3), 364, 461, 464). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 364,1 felld með 8:8 atkv.
— 364,2.a felld með 8:7 atkv.
— 364,2.b tekin aftur.
— 464 felld með 9:7 atkv.
— 364,3—4 felld með 9:5 atkv.
— 461,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 364,5 tekin aftur.
— 364,6.a felld með 9:8 atkv.
— 364,6.b felld með 9:9 atkv.
— 461,2 samþ. með 9:5 atkv.
— 364,7 tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orkulög, frv. (þskj. 454). — 3. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég gat þess við 2. umr. um mál þetta, að borizt hafði athugasemd frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga við frv. til l. um breyt. á orkulögum, þar sem lagt var til, að heimilt yrði einnig að veita lán út á stöðvarhús og nauðsynlegar línulagnir á milli bæjarhúsa. Iðnn. hafði ekki haft tækifæri til að athuga það mál, en ég gat þess, að hún mundi hins vegar gera það á milli umræðna. Það gerði iðnn. s. l. föstudag, og um þetta var rætt við starfsmenn orkusjóðs.

Virðist vera nokkur andstaða gegn því að veita lán út á stöðvarhús, einkum vegna þess, að erfitt getur verið að meta, hve vandleg slík hús eigi að vera, stór eða lítil o. s. frv., og er talið, að með því að veita 100% lán út á stöðvarhús, yrði illa ráðið við það. Hins vegar var fallizt á, að auka mætti lánið sem næmi kostnaði við flutninga og uppsetningu rafstöðvar. Það eru fastir liðir og lítt breytilegir, og með því móti fær bóndinn, sem í slíkar framkvæmdir verður að ráðast, enn meiri aðstoð en ráð var fyrir gert í frv. N. var sammála um að leggja til, að aftan við 3. lið í 1. gr. yrði bætt orðunum: „að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.“ Þá orðast þessi liður þannig: „Að veita einstökum bændum sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar, að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.“

Athygli er vakin á því, að bændur hafa skv. núgildandi lögum fengið endurgreidda tolla af slíkum stöðvum, og eru það u. þ. b. 10 000 kr., að því er Páll Hafstað, starfsmaður orkusjóðs, upplýsir. Með því að bændur fá einnig greiddan flutningskostnað og uppsetningu, sem er talið nema nokkurn veginn þeirri upphæð, hafa þeir þessar 10 000 kr. til ráðstöfunar til þess að koma upp stöðvarhúsi og einnig til línulagningar, og á það í flestum tilfellum að vera veruleg aðstoð.

Á fundi n., þegar samþykkt var, að n. leggði þetta til, voru fjarverandi Björn Fr. Björnsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Því miður hef ég ekki haft tækifæri til að fá þessa till. prentaða og leyfi mér því að leggja hana fram skriflega og óska eftir því við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða, til þess að hún megi koma til afgreiðslu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 484) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 484 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386, n. 450). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um afbrot í sambandi við svokölluð flugvélarán og refsingar við þeim verknaði. Efni frv. er í samræmi við alþjóðasamninga, sem Íslendingar eiga aðild að og hafa fullgilt. Hegningarlaganefnd hefur samið frv. Allshn. hefur athugað það, ekki fundið neitt athugavert og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háagerði, frv. (þskj. 400, n. 448). — 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta og leitað álits landnámsstjóra og deildarstjóra jarðeignadeildar ríkisins um sölu 16.5 ha. úr landi Pálshúsa í Garðahreppi. Þeir aðilar eru báðir samþykkir því, að þetta frv. nái fram að ganga. Að öðru leyti vísa ég til þeirrar ræðu, sem hv. 3. þm. Reykn. flutti við framsögu málsins. N. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hafnalög, frv. (þskj. 460). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327). 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í þessu frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga eru tvö efnisatriði. Hið fyrra er afleiðing af því, að breytt hefur verið ákvæðum um innheimtu söluskatts. Hann féll áður í gjalddaga ársfjórðungslega, en er nú innheimtur mánaðarlega. Samkv. l. um jöfnunarsjóð hafa sveitarfélögin fengið ⅙ af söluskattinum og hann féll í gjalddaga ársfjórðungslega, en nú telst rétt, að þetta ákvæði breytist og hann gjaldfalli mánaðarlega.

Hitt ákvæðið er um það, að þau sveitarfélög, sem ljúka ekki reikningsuppgjöri eins og til stendur og afhenda það Hagstofu Íslands á tilskildum tíma, njóti ekki fyrirgreiðslu jöfnunarsjóðs, fyrr en þau hafa kippt þessu í lag. Þetta er lagt til að beiðni Hagstofu Íslands, sem getur ekki framkvæmt eðlilega og nauðsynlega skýrslugerð um skil sveitarfélaganna, nema þau standi í skilum. En nokkur vanhöld eru á því, að sveitarfélögin gangi frá reikningum sínum eins og vera ber, og eru þess dæmi, að nokkur sveitarfélög séu nú með óuppgerða og óendurskoðaða reikninga frá 1971 og jafnvel 1970. Þetta er síðara ákvæðið í frv. og er eingöngu flutt til þess að greiða fyrir eðlilegu starfi Hagstofu Íslands varðandi uppgjör sveitarfélaganna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er ekkert í því annað en þessi tvö efnisatriði, sem ég nú gerði grein fyrir. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. 220. mál þessarar hv. d. er frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hinn 7. marz 1972 var skipuð n. á vegum fjmrn. til þess að endurskoða gildandi lög nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breyt. og lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breyt. og l. frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Í n. áttu sæti Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, sem var formaður n., Arnmundur Bachmann lögfræðingur, Björgvin Vilmundarson bankastjóri, dr. Gunnar Thoroddsen prófessor og alþm., Ingólfur A. Þorkelsson kennari, Vilhjálmur Hjálmarsson alþm., Kristján Thorlacius deildarstjóri, sem var tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Albert Kristinsson deildarstjóri, sem einnig var tilnefndur af bandalaginu, og dr. Ragnar Ingimarsson dósent, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna. Þá voru skipaðir sem varamenn í þessa n. Ingi Kristinsson skólastjóri eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Þór Vilhjálmsson prófessor, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna. Varamenn þessir tóku þátt í störfum n. Á starfstíma n. hætti Ragnar Ingimarsson störfum, en við starfi hans tók Hrafn Bragason borgardómari, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna.

Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur n. gert svo hljóðandi grein fyrir sinni afstöðu:

„N. hóf þegar störf og hefur haldið marga fundi. Kom í ljós að skoðanir manna voru mjög skiptar um, hvernig skyldi haga heildarlausn þessara mála. Gildandi kjarasamningar renna út 31. des. 1973. Er kom fram á árið 1973, var ljóst, að útilokað var að ljúka þeirri heildarendurskoðun, sem fyrirhuguð var, það snemma, að nýjum reglum yrði beitt um samninga þá, sem taka eiga gildi 1. jan. 1974. Var því horfið að því ráði að taka fyrir einn þátt málsins til bráðabirgða, lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í því trausti, að breyt. á þeim l. fengjust samþ. á því þingi, sem nú situr, og unnt yrði að beita hinum nýju reglum við samningagerð þá, sem hefjast skal á þessu ári.

Allir nm. eru samþykkir meginstefnu frv., en samkomulag náðist þó ekki um tvær greinar 3. og 4. gr.

Meginbreytingarnar frá gildandi lögum, sem allir nm. styðja, eru þessar: 1) Lagt er til, að l. taki einnig til þeirra opinberra starfsmanna, sem ráðnir eru með skemmri en þriggja mánaða uppsagnarfresti.“ — Eins og kunnugt er, hefur það ekki verið, að lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi tekið til þeirra aðila, sem hafa verið kallaðir lausráðnir starfsmenn ríkisins. En með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að l. nái einnig til þeirra starfsmanna, sem þannig eru ráðnir.

Annað atriði er það, að „heildarsamtök opinberra starfsmanna, sem hlotið hafa viðurkenningu fjmrh., hafi samningsaðild og geri aðalkjarasamning.“ Það sem hér er um að ræða er í raun og veru viðurkenning á því, að fleiri en einn aðili skuli fara með gerð aðalkjarasamings fyrir hönd starfsmanna ríkis og bæja.

Áður hefur það verið svo, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur eitt verið í forsvari fyrir ríkisstarfsmennina. En það var orðið álit þeirra, sem að þeim málum hafa unnið og bezt til þekkja, að breytingar væru óumflýjanlegar í sambandi við samninga þá, sem nú eru fram undan milli ríkisstarfsmanna og ríkisins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Bandalag háskólamanna hefur ekki á síðari árum verið í samtökunum Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Það hefur í raun og veru sagt

sig úr þeim samtökum og myndað ný samtök. Þess vegna er gert ráð fyrir því í þessu frv., að hægt sé að veita fleiri en einum heildarsamtökum aðild að þeim kjarasamningum, sem gerðir verða á vegum ríkisins. Það er í raun og veru viðurkenning á því, sem þegar er orðið. Ég leitaði álits um þetta hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og einnig þeim aðilum, sem farið hafa með þessi mál á vegum fjmrn., og það var þeirra mat, að fram hjá þessu yrði ekki komizt, hvort sem mönnum líkaði betur eða verr. Þess vegna er þessi skipan upp tekin, að fjmrh. geti veitt fleiri en einum heildarsamtökum viðurkenningu sem samningsaðila.

Þriðja atriðið er svo, að einstök félög „semji um skipan manna og starfsheita í launaflokka og nokkur önnur atriði." Hér er einnig um nýmæli að ræða. Það er hugsunin, að í aðalsamningi sé um að ræða nokkurs konar rammasamning, sem þó er takmarkaður, og því settar skorður, um að semja skuli í þeim rammasamningi. En þegar honum er lokið, hafa einstök aðildarfélög rétt til þess að semja um skipan manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði, er þar koma til. Hér er einnig um nýmæli að ræða, sem ekki hefur áður verið, og á að gera það að verkum, að þegar frá samningum hefur verið endanlega gengið, verði þeir bindandi fyrir alla þá aðila, sem að samningunum standa. Á þetta að tryggja betur grundvöll samninga en hefur verið með þeim heildarsamtökum, sem að samningsgerð við ríkið hafa staðið.

Það atriði, sem ekki er einróma álit um, er að finna í 3. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði í 1., 2. og 3. mgr. er fjmrh. heimilt að veita læknafélagi Íslands, að beiðni hlutaðeigandi heildarsamtaka, rétt til að fara með kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sína, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða. Tekur þetta bæði til aðalsamnings og sérkjarasamninga."

Um þetta atriði urðu skiptar skoðanir. Raunar var það stefnan, sem átti að marka við gerð þessa samnings, að ef fleiri en einum heildarsamtökum væri veitt aðild að samningsgerðinni, yrði ekki um fleiri aðila að ræða. Ljóst var, að ekki mundi með neinu móti nást samstaða um þetta eða málið í heild, ef þessu yrði haldið til streitu. Þetta mál var því mjög athugað, og niðurstaðan varð sú, að þrátt fyrir það, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja væri þessu atriði mótfallið, lýstu fulltrúar þess því yfir, að þeir mundu heldur una því en að láta málið stranda á þessu atriði. Enn fremur hefur það komið fram í viðræðum við læknasamtökin, að þrátt fyrir það, að þau hafi kosið að hafa þetta svona nú, stefndu þau að því, að um heildarsamtök gæti orðið að ræða síðar meir, og vildu vinna að því, að svo yrði, þó að þau vildu ekki tapa þeim rétti, sem þau hefðu raunverulega verið búin að ná þrátt fyrir ákvæði eldri laga. Það varð því úr, að á það var fallizt að bera frv. fram með þessum hætti, enda voru þeir aðilar, sem fyrst og fremst voru viðsemjendur í þessari frumvarpsgerð, búnir að gera grein fyrir því með þeim hætti, að þeir vildu una því, jafnvel þótt þeir hefðu ekki kosið að hafa það svo.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið samkv. 1. mgr., skuli greiða til þeirra heildarsamtaka, sem hann á að vera í, gjald eins og hann væri félagsmaður. Þykir þetta réttmætt með tilliti til þess, að þessir aðilar njóta þeirra réttinda og þess, sem að samningsgerðinni lýtur, ekkert síður en hinir, sem borga sín félagsgjöld til að kosta þau félagssamtök, sem að samningum standa.

Þá er og ákvæði í frv. um það, að félagsmönnum, sem eru fyrir utan þessi samtök, sem hér hafa verið greind, hefur ráðh. rétt til þess að ákveða laun í samræmi við heildarsamninga þá, sem gerðir verða samkv. þessu frv., ef að lögum verður.

Eins og ég tók fram þegar í upphafi, var hlutverk þeirrar n., sem skipuð var 7. marz 1972, að vinna að því, að sett yrðu heildarlög, þar sem stefnt væri að því, að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt. Þrátt fyrir það að þetta frv. er komið fram nú, mun n. sú, sem að þessum málum hefur unnið, halda áfram að vinna og vita, hvort hægt er að ná samstöðu eða hver endanleg niðurstaða verður um þetta meginatriði málsins. Á það hefur ekki endanlega reynt enn þá, en það mun verða gert við framhaldsvinnu þessarar n. Það hefur komið fram í þeim umr., sem farið hafa fram um slíka samningsgerð, þar sem opinberir starfsmenn fengju fullan samningsrétt og fullan verkfallsrétt, að þá þyrfti að fara inn á hið almenna svið, þannig að ráðningarkjör þeirra yrðu með sama hætti og annarra manna, er til starfs yrðu ráðnir. Æviráðning, eins og það er kallað, þegar maður getur setið í embætti fram til sjötugs, gæti þá ekki átt við. ef til slíks kæmi. Enn fremur hefur í þeim umr. komið fram, að einhverjar takmarkanir yrðu að vera á verkfallsrétti, vegna þess að þjóðfélagið yrði að geta haldið uppi ýmsum störfum, en mönnum, sem þeim sinntu, væri erfitt að veita verkfallsrétt. En umr. um þessa þætti málsins eru ekki orðnar það víðtækar, að hægt sé að segja, á hverju kynni að stranda, ef það strandar, eða með hvaða hætti það kynni að leysast, ef leyst verður. Hitt vil ég taka fram, að að þessu verki verður unnið áfram til þess að reyna til þrautar að ná því takmarki, sem stefnt var að með skipun n.

Þá er ekki í þessu frv. gert ráð fyrir starfsfólki ríkisbankanna eða lánastofnana ríkisins. Það hafa einnig orðið um það nokkrar umr., hvort ekki væri rétt, að starfsfólk þessara stofnana félli alveg undir lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Meðal þessa fólks munu vera eitthvað skiptar skoðanir um það, en á síðara stigi málsins mun verða athugað betur, hvort það er hugsanlegt eða ekki.

Enn fremur var það mjög rætt í n., hvort starfsfólk Alþ. ætti ekki að njóta þeirra réttinda og skyldna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Nefnarformaður og aðrir nm. ræddu þetta nokkuð við mig, og niðurstaða mín varð sú, að bezt væri, að frv. færi til Alþ., án þess að mælt

væri fyrir um það. En ég gat þess, að ég mundi hins vegar við framsögu minnast á það hér á hv. Alþ., að þetta hefði verið mjög til umr. í n. Ég tel mig fara þar með rétt mál, að a. m. k. þó nokkur hluti nm. taldi eðlilegt, að starfsfólk Alþ. tilheyrði þessum hópi og nyti þeirra réttinda og skyldna, sem opinberir starfsmenn njóta.

Ég vil því leyfa mér að biðja þá n. hér í hv. d., sem fær þetta mál til meðferðar, að kynna sér þetta bæði hjá forsetum Alþ. og skrifstofustjóra svo og starfsfólkinu. Frá minni hendi væri það með góðu samþykki, ef þessi breyting yrði gerð hér.

Fyrir meginbreytingum í þessu frv. er gerð grein í upphafi grg., þar sem m. a. stendur, að einstök félög fái vissan rétt til þess að ganga endanlega frá sínum samningum, eftir að heildarsamningar hafa verið gerðir. Gildistími aðalsamnings er 2 ár. Einnig eru tímamörk, eftir að aðalsamningur hefur verið gerður, þar til frá sérsamningum á að vera búið að ganga, og gildistakan miðuð við það.

Mér er ljóst, að hér eru ekki á ferðinni nein stórkostleg nýmæli frá því, sem áður hefur verið. Hins vegar held ég, að ekki orki tvímælis, að frv. er til verulegra bóta við væntanlega samningsgerð frá því, sem er í gildandi lögum. Það er flutt að ráði þeirra, sem bezt þekkja og mesta vinnu hafa lagt fram í sambandi við slíka samningsgerð. Um það var samstaða í n. svo góð, að ekki var hægt að gera ráð fyrir á þessu stigi málsins að ná betri samstöðu um frv. en þegar er orðin.

Eins og ég gat um áðan, er það von mín og þeirra samningsaðila, sem koma til með að taka þátt í næstu kjarasamningum, að þetta frv. nái fram að ganga hér á hv. Alþ. nú. Ég veit, að hv. alþm. meta þá sameiginlegu afstöðu þeirra, sem að þessu unnu, á þann veg, að þeir greiði fyrir framgangi málsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara út í fleiri atriði að þessu sinni, því að þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, mun verða gerð grein fyrir þeim sérsjónarmiðum, sem fram komu hjá nm. og ég hef þegar skýrt frá, þó að niðurstaðan væri á einn veg. Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fram til ársins 1962 höfðu opinberir starfsmenn ekki samningsrétt. Alþ. ákvað með launalögum launakjör starfsmanna ríkisins. 1962 voru sett lög um kjarasamninga opinberra stafrsmanna, og fengu starfsmenn ríkisins þá í fyrsta sinn viðurkenndan samningsrétt. Þessi lög eru í gildi og hafa verið í rúman áratug. Í þessum lögum var svo ákveðið, að næðust ekki samningar milli ríkisins og hinna opinberu starfsmanna, skyldi sáttasemjari leita um sættir og tækjust þær ekki, skyldi kjaradómur skera úr. Kjaradómur er skipaður þannig, að 3 dómendur eru tilnefndir af hæstarétti og einn frá hvorum aðila, fjmrh. og bandalagi opinberra starfsmanna.

Lög frá 1915 um bann við verkfalli opinberra starfsmanna voru látin haldast og eru enn í gildi.

Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. frá 14. júlí 1971 segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. vill, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt um kjör sín, enda hverfi þá öll sjálfvirk tengsl á milli launasamninga þeirra og annars launafólks."

Fyrir rösku ári skipaði hæstv. fjmrh. n. manna, eins og hann hefur greint frá og getur um í grg. þessa frv., til þess að endurskoða lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lög um kjarasamninga og lög um bann við verkföllum. Í skipunarbréfi n. var bent á þetta ákvæði í málefnasamningnum. Var tekið fram af einstökum nm., að í starfi sínu í n. teldu þeir sig ekki bundna af þessu atriði málefnasamningsins.

Það eru 3 meginatriði, sem þessi n. átti um að fjalla. Eitt er endurskoðun á l. frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Að því er þau lög snertir, hóf fyrrv. ríkisstj. endurskoðun á þeim og var frv. um það efni lagt fyrir Alþ. 1970. Það frv. náði ekki fram að ganga. Um þetta efni, endurskoðun l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, hefur þessi n., sem hæstv. fjmrh. skipaði fyrir ári, ekki fjallað neitt að ráði. Það verkefni er eftir. Um verkfallsréttinn hefur n. að sjálfsögðu nokkuð rætt sem og það meginatriði, sem þetta frv. fjallar um, hver skuli vera samningsaðili gagnvart ríkinu af hálfu opinberra starfsmanna.

Þess var óskað í n., að hæstv. ríkisstj. skýrði það nokkru nánar, hvað þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum þýddi, því að menn voru ekki á einu máli um það, hvernig bæri að skýra það eða túlka. Nú höfðu opinberir starfsmenn fengið samningsrétt 1962. Menn vildu fá skýringu á því, hvað væri átt við með „fullum samningsrétti" og hvað væri átt við með „sjálfvirkum tengslum" milli launasamninga opinberra starfsmanna og annars launafólks, sem ættu að falla niður. Það hefur ekki tekizt enn að fá skýringar frá hæstv. ríkisstj. á þessu ákvæði sáttmálans.

Opinebrir starfsmenn njóta m. a. þess réttar, sem margir þeirra leggja mikla áherzlu á að haldist, að maður, sem skipaður hefur verið í opinbert starf, eigi rétt á að halda því starfi til aldurshámarks, nema hann brjóti af sér í starfinu, svo að rétt þyki að víkja honum úr því. Þetta er stundum kallað æviráðning. Það kom fram, bæði í ríkisstj. og innan stjórnarflokkanna, að skoðainr eru all skiptar um það, hvert beri að stefna í þessu efni, hvort eigi að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt, eins og þeir hafa, sem falla undir l. um stéttarfélög og vinnudeilur, hvort eigi að veita fullan verkfallsrétt eða takmarkaðan verkfallsrétt. En það hefur einnig komið í ljós, að innan stjórnarflokkanna eru m. a. þær skoðanir uppi, að opinberir starfsmenn eigi að vísu að fá verkfallsrétt, en þá verði þeir að sleppa hinni svokölluðu æviráðningu, þeirri tryggingu, sem opinberir starfsmenn hafa lagt svo mikið upp úr. Þegar samtök opinberra starfsmanna hafa verið spurð, hafa þau lýst því yfir, að þau mundu ekki vilja kaupa verkfallsrétt því verði að sleppa æviráðningunni. Ég get þessa hér til þess að skýra nokkuð þetta mál, því að ein af ástæðun-

um til þess, að n. hefur ekki fjallað ýkja mikið um hinn svokallaða verkfallsrétt, er sú, að það hefur ekki verið ljóst og er ekki ljóst enn í dag, hvað hæstv. ríkisstj. vill sjálf í þeim efnum.

Varðandi þriðja atriðið, sjálfa samningsaðildina, er það svo samkv. gildandi l. frá 1962, að samningsaðili fyrir hönd opinberra starfsmanna er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og það er sá aðili einn, sem ríkissjóður eða fjmrh. hefur hingað til samið við. Nú hafa um allmörg ár verið uppi ákveðnar óskir frá Bandalagi háskólamanna um, að það bandalag yrði einnig viðurkennt sem samningsaðili. Þetta atriði hefur verið eitt aðalverkefni þeirrar n., sem skipuð var af hæstv. fjmrh. Niðurstaðan hefur orðið sú, sem greinir í þessu frv., að gera þá breytingu á gildandi l., að í stað þess, að samninsaðilinn sé einn, BSRB, þá séu þeir tveir, BSRB og Bandalag háskólamanna, þótt ekki sé þetta berum orðum tekið fram í frv. Í 3. gr. frv. segir, að heildarsamtök starfsmanna ríkisins, sem fjmrh. hefur veitt viðurkenningu, fari með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um gerð aðalkjarasamninga og aðrar ákvarðanir í því sambandi. Það þótti ekki ástæða til að nefna þessi banadlög tvö í sjálfum l., en það er öllum ljóst, að þetta liggur á bak við. Hins vegar kom í ljós, að vissir aðilar og þá fyrst og fremst læknasamtökin sóttu það fast, að heimild væri til þess, að þau gætu átt sjálfstæða samningsaðild. Eftir miklar umr. í n. hefur niðurstaðan orðið sú, að málið sé leyst á þann veg, að fjmrh. sé heimilt að veita Læknafélagi Íslands að beiðni hlutaðeigandi heildarsamtaka, rétt til að fara með kjarasamninga fyrir félagsmenn sína, eins og greinir í 3. gr. frv., 4. mgr.

Ég vildi hér við 1. umr. málsins láta þetta koma í ljós. N. hefur enn ekki fjallað um það verkefni að endurskoða l. frá 1954, um réttindi og skyldur. Þetta frv. er fyrst og fremst borið fram til þess að opna möguleika til, að samningsaðilar séu þessi tvenn heildarsamtök, með heimild til að veita Læknafélagi Íslands samningsaðild. Í samræmi við þetta þurfti að gera ýmsar lagabreytingar aðrar varðandi meðferð málsins.

Spurningin um verkfallsrétt eða ekki verkfallsrétt hefur ekki verið afgreidd í n., og liggur ekkert fyrir um það hér. Ég vil sérstaklega taka það fram, til þess að hv. alþm. sé það ljóst, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að breyta gildandi l. að þessu leyti. Lög þau, sem eru í gildi um bann gegn verkfalli, haldast óbreytt áfram þrátt fyrir þetta frv. Það þýðir einnig, að um þá kjarasamninga, sem eiga að taka gildi um næstu áramót, og nú á að hefja umræður um, gildir í meginatriðum hið sama og gilt hefur undanfarinn áratug, þ. e.: samninsgréttur fyrir opinbera starfsmenn, heildaraðilarnir eru tveir; ef samkomulag næst ekki, skal vísa málinu til sáttasemjara; takist ekki samkomulag þrátt fyrir það, fer málið til kjaradóms og verður úrskurðað af honum. Í sambandi við þá samninga, sem nú hefjast milli ríkisins og opinberra starfsmanna, kemur verkfallsréttur ekki til greina.

Hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir hér, að hann ætlist til þess, að n. starfi áfram að athugun á þessum atriðum, sem hún hefur ekki fjallað um að neinu ráði og ekki tekið afstöðu til. Ég geri ráð fyrir því, að nm. hafi ekkert við það að athuga að halda áfram störfum við þau verkefni, þó að óneitanlega hafi verið og verði væntanlega nokkuð erfitt fyrir ýmsa að starfa að því máli, meðan með öllu er óljóst, hvað átt er við með þessu ákvæði málefnasamningsins. Að vísu skal ég taka það fram, að fyrir mig sem nm. skiptir það ekki ýkjamiklu máli, vegna þess að ég tók fram í upphafi, þegar ég tók sæti í n., að ég teldi mig á engan hátt bundinn af því, sem ríkisstj. hefði lýst yfir í málefnasamningi sínum. Það er hennar mál og hennar manna.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég styð þetta frv. og tel æskilegt, að það verði afgreitt hið fyrsta frá Alþ., til þess að þeir samningar, sem eiga að taka gildi frá næstu áramótum, geti hafizt sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. ósk stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Efni þess er framlenging á happdrættisleyfi dvalarheimilisins um 10 ár. Eins og menn vita, hefur þetta happdrætti staðið undir þörfum framkvæmdum, en það er mikið af óleystum verkefnum, sem þörf er á að vinna að, og stjórn Dvalarheimilisins telur nauðsynlegt að framlengja þetta leyfi, eins og hér er lagt til. Eins og menn vita og fram kemur í aths. við þetta frv., fara 60% af ágóða þessa happdrættis í byggingarsjóð Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en ákveðinn hluti teknanna renn ur til byggingarsjóðs aldraðra.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. og var þar samþ. shlj. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en legg til, að því sé vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Happdrætti háskólans, frv. (þskj. 455). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál er á sinn hátt sama eðlis og það mál, sem ég mælti hér fyrir síðast. Það felur í sér framlengingu á happdrættisleyfi háskólans um 15 ár. Það var flutt í hv. Ed. og lagt þar fram eins og það kom frá rektor Háskóla Íslands, en það var flutt samkv. beiðni hans. En eftir ábendingu frá rn. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. í Ed. Um þær breytingar var enginn ágreiningur. Það eru yfirleitt breytingar tækniles eðlis eða sem eðlilegt þótti, að kæmu inn í frv. Það er raunar ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða í þessu frv. frá þeim l., sem gilt hafa um happdrættið, nema miðafjölda var

eitthvað fækkað, vegna þess að ástæður þóttu ekki til að halda í þá heimild, sem áður var, að fenginni reynslu. Annars eru breytingarnar, sem gerðar voru í Ed., eins og ég sagði, ekki stórvægilegar eins og t. d. á heitinu. Heitinu var breytt í samræmi við það, sem eðlilegt er orðið, þannig að það heiti Happdrætti Háskóla Íslands, en ekki eins og lögin hafa heitið hingað til: Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjárh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Breyting á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 467). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., er samið samkv. ósk Alþ., er samþykkti hinn 24. febr. 1972 þál. um að skora á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum. Að samningu þessa frv. hafa unnið dómsmrn. og félmrn. í sameiningu, og þau rn. eru sammála um það form, sem valdið er með frv. þessu til úrlausnar á því efni, sem þál. fjallar um, að dóms- og lögreglumál á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri til einu embætti, Keflavík. — Frv. ráðgerir, að bæjarfógetinn í Keflavík verði jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu og taki þannig við allri málameðferð þar, sem nú fellur undir bæjarfógeta- og sýslumannsembættið í Hafnarfirði. En jafnframt breytast mörk Gullbringu- og Kjósarsýslu þannig, að hreppirnir norðan Hafnarfjarðar, sem heyrt hafa til Gullbringusýslu, Garðahreppur og Bessastaðahreppur, flytjist í Kjósarsýslu.

Þess skal getið, að sýslufundur Gullbringusýslu hinn 28. júlí s. l. mælti með þessari breytingu og allir hrepparnir sunnan Hafnarfjarðar lýstu fylgi sínu við flutning málefna umdæmisins til embættisins í Keflavík. Undir hreppsnefndir annarra hreppa hefur þetta verið borið, og fengust yfirleitt jákvæðar umsagnir frá þeim, nema hreppsnefndum Bessastaðahrepps og Seltjarnarneshrepps, en síðarnefnda hreppsnefndin leiddi málið nánast hjá sér.

Ég held, að ég þurfi ekki að láta frekari skýringar fylgja þessu frv. Það skýrir sig nokkuð sjálft, og þær aths., sem því fylgja, og ég vona, að það sé flutt í samræmi við vilja meiri hl. Alþ., þar sem ég hygg, að það hafi verið allir þm. kjördæmisins, sem fluttu þessa þáltill. í fyrra. Má segja, að hún hafi látið það opið, hvort breytt væri þeirri skipan, sem ríkt hefur á Keflavíkurflugvelli. Að athuguðu máli þótti rétt að hreyfa ekki neitt við henni, þannig að þetta frv. snertir ekkert skipan mála þar. Þar helzt áfram sú skipan, sem hefur gilt, og virðist réttast að svo sé, meðan það ástand helzt, sem nú er, þó að það gæti auðvitað komið til álita að leggja það allt undir embættið í Keflavík.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. og dómsmrh., er þetta frv., sem hér liggur fyrir, flutt af ríkisstj. samkv. þáltill. sem samþ. var á síðasta þingi, en þá flutt af öllum þm. Reykn. Það höfðu verið uppi óskir um það hjá ýmsum forustumönnum sveitarfélaganna á Suðurnesjum, að gerð yrði breyting á skipan sýslumarka, sem auðveldað gæti Suðurnesjamönnum ýmislegt varðandi opinberan málarekstur. Þáltill. gerði ekki ráð fyrir neinni ákveðinni breytingu, en í þessu frv. er lagt til, að Garða- og Bessastaðahreppar flytjist úr Gullbringusýslu í Kjósarsýslu, þannig að hægt verði með þessari breytingu að koma fram þeirri hagræðingu, sem óskað hafði verið eftir af hálfu þeirra Suðurnesjamanna. Ég geri ráð fyrir því, að það sé ósk allra okkar þm. úr Reykn., að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, og ég vonast til þess, að sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, fái tækifæri til þess að afgreiða það hið fyrsta.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Ég fagna því, að frv. til l. á þskj. 467 um breytingu á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma hefur verið lagt fram hér í hv. d. Það leikur enginn vafi á því, að með þeirri skipan á dóms- og lögreglumálum, sem hér er lagt til, að gerð verði, er komið til móts við óskir manna í hinum ýmsu byggðarlögum á Suðurnesjum.

Það mun hafa verið árið 1969, að undirnefnd fjvn. Alþ. komst að þeirri niðurstöðu, að með því að sameina lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli og bæjarstjóraembættið í Keflavík í eitt embætti, mætti spara nokkuð útgjöld ríkisins. Með hliðsjón af þeirri ábendingu undirnefndarinnar fluttum við hv. landsk. þm. Geir Gunnarsson og ég þáltill. í Sþ. árið 1970, þar sem skorað var á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti, í Keflavík. Þáltill. fékk ekki afgreiðslu á því þingi vegna einhverrar tregðu þd. þeirrar, sem hana fékk til athugunar. A. m. k. kom hún aldrei frá n. og lognaðist þannig út af, þó að málið væri lagt fyrir í byrjun þings.

Við flm. urðum fljótlega varir við áhuga manna á Suðurnesjum fyrir því, að málum yrði skipað á þann veg, sem við lögðum til í þáltill. þar sem Suðurnesjamenn töldu og það með réttu, að þeir nytu mikils hagræðis við slíka breytingu, þ. e. a. s. að dóms- og lögreglumálin þar suður frá heyðru til einu embætti í Keflavík. Ég mun ekki eyða tíma í að færa rök fyrir því áliti Suðurnesjamanna, læt nægja að minna í því sambandi á samþykktir og áskoranir sveitarstjórna á Suðurnesjum um málið og ræður, sem fluttar voru á Alþ., er þáltill. var til umr. á sínum tíma.

Í byrjun þings haustið 1971 var málið tekið upp að nýju með þeim hætti, að allir þm. Reykn.

gerðust flm. till. óbreyttrar frá því, sem hún var áður flutt af okkur Geir Gunnarssyni. Var hún samþykkt þannig óbreytt á Alþ. hinn 24. febr. 1972, eins og segir í aths. við frv. á þskj. 467. En till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta leggja fyrir Alþ. frv. til l. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík."

Ég vil vekja athygli á því, að ég teldi eðlilegra, að svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar tilheyrði einu og sama embætti, þ. e. embættinu í Keflavík, en ekki vikið frá því að sameina Keflavíkurflugvallarsvæðið þessu sama embætti, um leið og breytingin er gerð, eins og við flm. ætluðumst til í upphafi, að gert yrði.

Vegna þess að ég veit með vissu, að áhugi Suðurnesjamanna og hagsmunir þeirra hníga að því, að sýslumaður Gullbringusýslu sitji í Keflavík, endurtek ég, að ég fagna því, að frv. á þskj. 467 hefur verið lagt fram hér í hv. d., og vona, að það verði samþ. á þessu þingi, en dagi ekki uppi í n. fram yfir þinglok, — það komi ekki til neitt tregðulögmál í kerfinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 191 (sbr. 77), n. 371). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er 73. mál á þskj. 191, er samið af milliþn., sem búnaðarþing kaus árið 1971. Í n. áttu sæti Egill Bjarnason ráðunautur frá Sauðárkróki, Jón Helgason bóndi í Seglbúðum og Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka. Nál. var skilað í frv.-formi, og var það lagt fyrir búnaðarþing 1972. Gekk það þing frá frv. ásamt grg. eins og það var lagt fyrir hv. Ed., nema hvað gerðar voru nokkrar orðalagsbreytingar á því. Hv. Ed. hefur afgreitt þetta mál, og voru þar gerðar nokkrar orðalagsbreytingar á frv. og lítilsháttar efnisbreyting á X. kafla þess, þ. e. um forðagæzlu, sem virðist vera nánast það að sníða frv. eftir þeim breytingum, sem þegar hafa verið gerðar í flestum sveitum landsins og þéttbýlisstöðum í framkvæmd á forðagæzlu.

Þær meginbreytingar, sem með þessu frv. er lagt til að gerðar verði á búfjárræktarlögunum, stefna að því, að kynbótastarfsemin og búfjárræktin öll í landinu aðlagist og færi sér fullkomlega í nyt nýja tækni, aukna þekkingu og bætta aðstöðu, sem skapazt hefur að undanförnu. Þessar breytingar hljóta að hafa veruleg áhrif á félagslega skipulagningu kynbótastarfsins. Ljóst dæmi um þetta eru þær róttæku breytingar, sem verða með tilkomu tveggja djúpfrystistöðva fyrir nautasæði, sem nú þegar þjóna öllu landinu. Við þetta breytist allt kynbótastarf í nautgriparækt, möguleikarnir stóraukast fyrir heildina, en vandinn og ábyrgðin, sem fylgir nautavali til þessara stöðva, kemur á færri hendur. Í samræmi við þetta er nú hægt að styrkja nautahald utan þessara stöðva, nema í örfáum tilfellum. Á hinn bóginn verður að efla verulega afkvæmarannsóknir, og hafa opnazt fleiri leiðir til þess að styrkja þær en áður voru fyrir hendi.

Kostnaðarauki vegna þessa frv., ef að lögum verður, miðað við svipaða starfsemi og verið hefur hingað til og við verðlag 1970, er talið í grg., sem fylgir frv., að verði einhvers staðar í kringum 4 millj. á ári.

Þetta frv. hefur nú legið fyrir hv. landbn. Nd. um nokkurt skeið til athugunar og verið rætt þar á mörgum fundum. Þetta er mikill lagabálkur, sem er í 11 köflum, og lagagreinarnar eru 66 að tölu.

I. kaflinn er um yfirstjórn, félagskerfi og leiðbeiningaþjónustu. Þar er kveðið svo á, að Búnaðarfélag Íslands skuli fara með yfirumsjón allrar búfjárræktar í landinu, og helztu verk efni þess skilgreind. Slík ákvæði hafa ekki verið áður í l., starfssvið Búnaðarfélags Íslands verið markað af langri hefð, en eðlilegt er, að lög um búfjárrækt hefjist á skilgreiningu þess félagskerfis, sem sér um framkvæmd laganna fyrir hönd ríkisins og vinnur að framförum í búfjárrækt landsmanna. Þessi kafli fjallar enn fremur um önnur stig félagskerfisins, þ. e. a. s. búnaðarsamb. og hin minnstu stig þeirra, hreppabún.fél. Í þessum kafla er tekið fram, að Búnaðarfél. Íslands skuli móta samþykktir í öllu félagskerfinu með gerð vissra fyrirmynda, og verður Búnaðarfélag Íslands að staðfesta þær. Á þennan hátt á að tryggja það, að frávik, sem mismunandi aðstæður kunna að skapa í samþykktum einstakra sambanda eða félaga, fari ekki út fyrir þau mörk, sem meginstefnunni eru sett. Þá fjallar þessi kafli um leiðbeiningaþjónustu, annars vegar ráðuneytisþjónustu Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt og hins vegar ákvæði um héraðsráðunauta. Í þessum kafla, þ. e. í 4. gr., er lagt til, að ferðakostnaður ráðunauta sé greiddur af ríkinu í sama hlutfalli og laun þeirra, þ. e. a. s. 65% af hvoru tveggju.

II. kaflinn fjallar um nautgriparækt. Í þessum kafla frv. er gert ráð fyrir mestum breytingum, enda hefur orðið grundvallarbreyting á aðstöðu til kynbóta í nautgriparækt, eins og áður segir. Má segja, að helztu nýmælin séu, að lögfest er, að Búnaðarfélag Íslands skuli reka nautastöð til framleiðslu á djúpfrystu sæði, en eins og vitað er, þá eru nú starfandi í landinu tvær stöðvar, sem vinna að þessu verkefni, og er gert ráð fyrir, að á því verði engin breyting. Þá er í þessum kafla lagt til, að niður falli úr gildandi l. ákvæði um kynbótanefndir, sem hafa verið í hverjum hreppi. Aðalverkefni þeirra, sem var að sjá um nautahald, er að mestu leyti búið **að vera. Er gert ráð fyrir, að búnaðarsambönd**in og nautgriparæktarsambönd sjái um dreifistöðvar á afmörkuðu svæði. Þetta kerfi er komið upp að mestu leyti um allt land, og er gert ráð fyrir, að í einstaka tilvikum sé áfram nautahald, þar sem erfitt er að koma á sæðingum vegna erfiðleika um samgöngur og mikils strjálbýlis.

III. kaflinn er um sauðfjárrækt, og eru þar að miklu leyti svipaðar breytingar og í II. kaflanum. 16. gr. fjallar um sauðfjársæðingar, en ákvæðin um þær eru ekki í kaflanum um sauð-

fjárrækt í gildandi l. Þar er lagt til, að ríkissjóður greiði ⅓ af stofnkostnaði stöðvanna og enn fremur nokkurn styrk á hverja sædda á. En í sambandi við þessar dreifistöðvar eru sams konar ákvæði og í sambandi við II. kafla.

IV. kaflinn er um hrossarækt. Í þessum kafla eru líka verulegar breytingar. Þar er gert ráð fyrir, að hætt verði kosningu kynbótanefnda í einstökum hreppum, en þau verkefni, sem þeim er ætlað í gildandi l. komi í hlut búnaðar- og hrossaræktarfélaga. Þá eru í þessum kafla hækkuð ýmiss konar framlög til kynbótastarfsins. Þá er rætt í 31. gr. um vörzlu stóðhesta. Ákvæði þar eru hert frá gildandi lögum og gerð skýrari og einfaldari í framkvæmd.

V. kafli frv. er efnislega óbreyttur, en hann er um svína- og alifuglarækt.

VI. kaflinn er um hundarækt. Þessi kafli er ekki í gildandi lögum, en í honum er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands hafi forgöngu um, að tekin sé upp ræktun hreinkynja fjárhunda, annaðhvort á sérstökum búum eða hjá einstaklingum, sem vildu sinna þessu verkefni.

VII. kaflinn er enn fremur nýr, en hann er um loðdýrarækt, þar sem loðdýra- eða minkarækt er aftur hafin í landinu og vonazt er eftir því, að minkarækt verði arðgæf búgrein. Þó að ekki hafi tekizt vel til fram að þessu, þykir rétt að hafa ákvæði um leiðbeiningaþjónustu við þessa búgrein í búfjárræktarlögum, enda hefur stjórn samtaka loðdýraræktenda farið þess á leit við Búnaðarfélagið, að það ráði sérfræðing í minkarækt til leiðbeininga, a.m.k. einhvern hluta ársins.

VIII. kaflinn er um æðarrækt. Hann er líka nýr. Þó hefur það verið um nokkurra ára skeið, að Búnaðarfélag Íslands hefur veitt æðarræktarbændum nokkrar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu æðarvarps og myndun nýrra varpstöðva. Áður fyrr hafði félagið æðarræktarráðunaut í sinni þjónustu. Nú hafa flestir æðarræktarbændur landsins bundizt samtökum um eflingu þessarar búgreinar og hafa óskað eftir leiðbeiningaþjónustu í auknum mæli hjá Búnaðarfélagi Íslands. Þykir eðlilegt að hafa heimild til þess í þessum lögum.

IX. kaflinn er um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé, og er þessi kafli óbreyttur.

X. kaflinn er um forðagæzlu. Þessi kafli er efnislega óbreyttur að öðru leyti en því, að felld eru niður öll ákvæði varðandi stofnun og starfrækslu fóðurbirgðafélaga.

XI. kaflinn er svo almenn ákvæði og er um sæðingu annarra búfjártegunda en nautgripa og sauðfjár. Þessi ákvæði eru færð undir þennan kafla, þar sem lagt er til, að VI. kafli gildandi laga falli niður, og ákvæði um sæðingu nautgripa og sauðfjár tekin upp í II. og III. kafla frv., eins og áður hefur verið greint frá. 61. gr. er um útgáfu á reglum, sem móti stefnu Búnaðarfélags Íslands í ræktun einstakra búfjártegunda, svo og reglur um tilhögun sýninga og búfjárdóma. Tilgangurinn með þessu er, að stefna Búnaðarfélags Íslands á sviði búfjárræktar komi skýrt fram og sé kynnt sem flestum.

Landbn. er sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingum. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „nautgripa-,fjár-" komi: nautgripa-,sauðfjár.

2. Brtt. er við 4. gr., að 2. málsl. síðari málsgr. falli niður, þ. e. a. s. þessi málsliður: „Framlag ríkisins miðist við, að hver héraðsráðunautur starfi fyrir minnst 100 bændur." Þegar þetta frv. var samið, var miðað við það, að ráðunautafjöldi í hverju héraði gæti ekki verið nema einn á hverja 100 bændur. Þegar hv. landbn. Nd. fór að skoða frv. nánar og enn fremur jarðræktarlögin, sem voru samþ. á síðasta þingi, kom í ljós, að þetta ákvæði átti aðeins við ráðunauta í búfjárrækt. Ef þessi málsgr. væri hér inni, þá mundi hún ekki þrengja þetta ákvæði, eins og milliþn. og búnaðarþing ætluðust til, heldur hið gagnstæða. Þess vegna leggur n. til, að þessi málsl. falli niður.

Þá er næst 3. brtt., við 23. gr., að 2. málsgr. orðist svo: Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningunni: að hrútar: 1. verðlaun kr. 3 000, en var í frv. kr. 2 000, 2. verðlaun kr. 1 500, en var 1 000, og 3. verðlaun kr. 600, en var kr. 400. b) ær: 1. verðlaun kr. 900, var kr. 600, og 2. verðl. kr. 400, er í frv. kr. 200. Enn fremur má veita heiðursverðlaun á hrúta allt að kr. 8 000, en í frv. var þetta kr. 4 000. — 5. málsl. 3. málsgr. orðist svo: Bezti afkvæmahópur 2 500, en í frv. var þetta 2 000.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að það er ákaflega mikil vinna, sem liggur á bak við svona sýningar, þar sem verður oft að tína einstaklinga kannske úr mörgum hreppum á svona sýningar. N. var sammála um, að til þess að tryggja, að svona sýningar gætu farið fram, þar sem verið er að leita eftir beztu einstaklingum, væri nauðsynlegt að örva þetta. N. hafði enn fremur samband við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í sauðfjárrækt, og mæltu þeir mjög með því, að þessi breyting yrði gerð á frv. Ég vil geta þess, að þarna er ekki um miklar fjárhæðir að ræða, gæti verið kannske 25—30 þús. kr. á ári.

Þá hef ég lýst þeim brtt., sem n. hefur orðið sammála um að leggja til.

Ég vil geta þess, herra forseti, að það hefur verið óskað eftir því, að n. athugaði frv. á milli 2. og 3. umr. í sambandi við 4. gr. og 36. gr. Einstakir nefndarmenn hafa athugað þetta, og geri ég ráð fyrir, að n. verði sammála um að flytja einhverja brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 371, 1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 371, 2 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
14.—22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 371, 3 samþ. með 26 shlj. atkv.
23. gr. svo breytt samþ. með 25 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
27.—38. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 26 shlj. atkv
42.—43. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

44.—45. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
46.—47. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
48.—52. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
53.—59. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
60.—67. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 21, n. 403, 404). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. N. hefur fjallað um frv. til laga um jafnlaunaráð á fundum sínum og leitað umsagnar, svo sem fram kemur í nál. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með breyt., á þskj. 404.

Meginefni frv. er í stuttu máli það, að kveðið skal á um, að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf og að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði í launagreiðslum eða hverju öðru, er starfinu tilheyrir, eða við skipun eða ráðningu í starf. Þá er gert ráð fyrir, að skipað verði sérstakt ráð, sem er ætlað með ýmsu móti að beita áhrifum sínum til þess, að lög þessi séu haldin, að aðstoða launþega, sem telja sig misrétti beitta, og starfa að framþróun þessara mála yfirleitt.

Allshn. leitaði umsagnar allmargra aðila um frv. Þessir aðilar voru Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Kvenréttindafélag Íslands, Rauðsokkahreyfingin, Kvenfélagasamband Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands. Tveir aðilar hafa ekki svarað n. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Lögmannafélag Íslands. Þá kallaði n. á sinn fund ritara Dómarafélags Íslands, Steingrím Gaut Kristjánsson, sem ræddi ýmis atriði frv. við nm.

Aðeins einn umsagnaraðili leggst gegn því, að frv. verði samþ. Sá aðili er Vinnuveitendasamband Íslands. Aðrir umsagnaraðilar eru hins vegar mjög jákvæðir gagnvart meginefni frv. og tilgangi þess, enda þótt sumir hafi ráðlegt ákveðnar breytingar, sem ég mun víkja að síðar. Þannig lýsir miðstjórn Alþýðusambands Íslands sig samþykka meginstefnu þeirri, sem í frv. fellst. Starfsmannafélag ríkisstofnana segir svo um meginefni frv., með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn SFR fagnar því, að með framgöngu þessa máls muni nýr vettvangur skapast til að berjast fyrir jafnlauna- og jafnréttismálum kynjanna á, og leggur til, að frv. verði samþykkt.“ Þá segir í umsögn Dómarafélag Íslands, með leyfi hæstv. forseta: „Félagið styður eindregið þá stefnu, sem kemur fram í frv. um jafnrétti karla og kvenna, og þá viðleitni, sem felst í frv. til að koma á virku eftirliti með því, að mönum sé ekki mismunað eftir kynferði, að því er varðar atvinnu. Í samræmi við þetta er félagið ekki mótfallið stofnun jafnlaunaráðs.“

Eins og ég sagði í upphafi, leggur n. fram brtt. við frv., sem prentaðar eru á þskj. 404. Þrjár þeirra fela ekki í sér efnisbreytingar, heldur orðalagsbreytingar, þar sem nm. þótti, að betur mætti fara eða kveða þyrfti skýrar á. Þær brtt., sem hér um ræðir, eru 1. brtt. og fyrstu tveir stafliðir 3. brtt.

Meginbreytinign, sem n. leggur til, að gerð verði á frv., varðar úrskurðarvald þess. Gagnrýni á þetta verkefni ráðsins barst frá Alþýðusambandi Íslands og Dómarafélagi Íslands, sem töldu blandað saman rannsóknavaldi og dómsýslu. Jafnréttis- og kvennasamtök, sem leitað var til, höfðu hins vegar skiptar skoðanir á þessu atriði. Kvenfélagasamband Íslands lagðist gegn úrskurðarvaldinu. Rauðsokkahreyfingin og Kvenréttindafélag Íslands töldu það hins vegar eitt meginatriði þess.

Nú töldu flm. frv., er það var lagt fram, að jafnlaunaráð væri ekki sérdómstóll. Lögfróðir menn viðurkenna, að skilgreining á sérdómstólum sé mjög á reiki, og svo mikið er víst, að hliðstæður að jafnlaunaráði, eins og það var í upphaflegri gerð, má finna í réttarkerfi okkar. Má m. a. minna á, að þessi hv. deild hefur nýlega samþ. frv. til laga um framkvæmd eignarnáms, þar sem matsnefnd eignarnámsbóta er byggð upp á mjög svipaðan hátt. Varðandi hreinan sérdómstól má minna á, að fyrir þessa hv. deild var lagt frv. um sérstakan dómara í fíknilyfjamálum og var það frv. afgr. án athugasemda frá Ed. Ég og meðflm. mínir höfum hins vegar metið aðstæður svo, að ekki væri rétt að halda þessu atriði til streitu. Sú lausn, sem við leggjum til í staðinn, þykir okkur mjög vel viðunandi og önnur verkefni ráðsins svo mikilvæg, að ekki megi látafrv. daga uppi vegna þessa eina ágreiningsatriðis. Vegna hins einstaka launþega, sem leitar til ráðsins, hlýt ég þó að segja persónulega, að mér þykir miður farið, að hann skuli ekki fá skjóta lausn á sínum deilumálum, þar sem hér er um atriði að ræða, er varðar kaup og kjör. En áfrýjun til almennra dómstóla átti hins vegar að tryggja fyllsta réttaröryggi.

En um þetta þýðir ekki að fjölyrða nú, og vil ég víkja að brtt. n., sem hún er sammála um að flytja.

N. leggur til, að 6. töluliður 4. gr. falli brott og að jafnlaunaráð fái í staðinn fyrir úrskurðarvaldið málshöfðunarheimild. Í samræmi við það leggur n. til, að 5. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú telur jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrirmæli 1. og 2. gr., og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekenda. Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.“

Þá leggur n. til, að 6. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félmrh. tilnefnir. Skulu þeir tilnefndir til 4ra ára. Meðdómendur skulu vera lögráða. Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til búsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta. Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.“

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þessar breytingar, þær skýra sig sjálfar að mestu. Hér á einstaklingur, sem til jafnlaunaráðs leitar, að geta notið allrar lögfræðilegrar aðstoðar, ef svo langt gengur, að málið fari fyrir dómstóla. En mál af þessu tagi eru í eðli sínu mannréttindamál ekki síður en kjaramál. Hér getur t. d. verið um einstakling að ræða, sem er alls ekki kominn út á vinnumarkaðinn, heldur er beinlínis neitað um tiltekið starf. Því hefur þótt eðlilegt, að almennir dómstólar fjölluðu um slík mál, en ekki félagsdómur. Tilnefning sérstakra meðdómenda á að tryggja, að mál viðkomandi einstaklings fái svo réttláta meðferð sem unnt er, þar sem hér yrði um nokkuð sérstæð mál að ræða. Þess skal getið, að við mótun þessara brtt. hefur n. notið leiðsagnar ritara Dómarafélags Íslands, Steingríms Gauts Kristjánssonar, sem var málinu í heild mjög velviljaður.

Þá hefur n. lagt til, að skipan ráðsins verði að nokkru breytt, og er sú brtt. í samræmi við breytt verkefni ráðsins. Í stað þriggja lögfróðra manna ætti nú einn að nægja, þar sem úrskurðarvald í deilumálum yrði ekki lengur í höndum ráðsins. Á þennan hátt hefur líka verið gengið til móts við óskir Starfsmannafélags ríkisstofnana og Kvenréttindafélags Íslands, en báðir þessir aðilar óskuðu eindregið eftir því, að B. S. R. B. yrði ekki gert að skyldu að skipa löglærðan mann í ráðið. En með tilliti til þeirra verkefna jafnlaunaráðs, sem talin eru upp í 2. og 4. lið 4. gr. og eru að miklu leyti félagslegar kannanir eða athuganir, þótti eðlilegt að tengja starfsemi ráðsins að nokkru Námsbraut í almennum þjóðfélags fræðum við Háskóla Íslands. Í þessu sambandi má minna á, að hæstv. félmrh. hefur falið þeirri deild að annast rannsókn á jafnrétti þegnanna samkvæmt þál. frá 1971, svo að ætla má, að deildin hafi þegar þekkingu og reynslu af þeim málefnum, er hér um ræðir, og njóti þess trausts, sem er nauðsynlegt.

Að lokum vil ég drepa á athugasemd frá Kvenréttindafélagi Íslands, þar sem það bendir á, að starf jafnlaunaráðs hljóti fyrst og fremst að vera vettvangur fyrir konur, sem leita þurfi réttar síns, og í framhaldi af því segir svo í umsögn þeirra, með leyfi hæstv. forseta: „KRFÍ telur því brýna nauðsyn, að ráðið sé skipað bæði konum og körlum, og efast um, af slæmri reynslu um nefndarskipanir og fleira, að slíkt jafnrétti verði ráðandi um skipan ráðsins, nema það sé ótvírætt tekið fram í lögunum.“ Vissulega segir þessi tortryggni Kvenréttindafélags Íslands meira en nokkuð annað um nauðsyn jafnlaunaráðs og jafnréttisaðgerða yfirleitt. Persónulega hlýt ég að segja, að ég hef fyllsta skilning á þessum sjónarmiðum Kvenréttindafélagsins. Samt hefur n. ekki talið rétt að verða við þessum tilmælum, einfaldlega vegna þess, að jafnréttissjónarmið þannar það. Það er ljóst, að það getur verið talsverð áhætta í því fólgin að taka það ekki fram sérstaklega, að konur skuli skipa í ráðið ekki síður en karlar. En eðli málsins samkv. fæ ég ekki séð, hvernig unnt yrði að réttlæta það, að gengið yrði fram hjá hæfum konum, og þær eru margar, bæði þegar um er að ræða að skipa í jafnlaunaráðið sjálft eða tilnefna meðdómendur. Ef það hneyksli gerðist, þá er ætíð sá möguleiki opinn að fá lögunum breytt, að fenginni reynslu.

Herra forseti. Eins og ég hef áður tekið fram, leggur allshn. þessarar hv. deildar til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 404,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 404,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 404,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 404,4 (ný 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 404,5 (ný 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57, n. 414). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum ætti að vera sérstakur aufúsugestur fyrir okkur Íslendinga. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur atriði, sem koma fram í upphafi samningsins og gefa til kynna, hvert efni samningsins er í höfuðatriðum eða hverja stefnu hann markar. Þar segir fyrst:

„Samningsaðilar, sem viðurkenna, að hafið og lifandi auðlindir þess hafi ómetanlega þýðingu fyrir allar þjóðir; sem gera sér ljóst, að jafnvægi náttúrunnar og lögmætum notum hafsins er ógnað í vaxandi mæli vegna mengunar; sem viðurkenna, að samvinna ríkisstj., sem nær til þjóða, vissra svæða og hnattarins alls, er þvingandi nauðsyn til að hindra og berjast gegn mengun hafsins; sem gera sér ljóst, að þessi mengun á sér ýmsar orsakir, m. a. losun úrgangsefna úr skipum og flugvélum og afrennsli fljóta, árósa, rennsli úr sorpleiðslum innan lögsögu einstakra ríkja og að mikilvægt sé, að ríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að hindra slíka mengun, og þróa beri framleiðsluhætti og vörur á þann hátt, að skaðleg úrgangsefni, sem þarf að losna við, minnki; sem eru sannfærðir um, að alþjóðlegar ráðstafanir til að hafa stjórn á mengun hafsins vegna losunar skaðlegra efna frá skipum og flugvélum, eru gerlegar og verður að framkvæma án tafar, en að slíkar ráðstafanir komi á engan hátt í veg fyrir viðræður hið bráðasta um ráðstafanir, sem miða að því að takmarka aðrar orsakir mengunar hafsins; sem álíta, að ríkjum, sem liggja að norðaustanverðu Atlantshafi, beri sérstök skylda til að vernda hafið á þessu svæði.“

Síðan kemur löng upptalning um atriði, sem þessir samningsaðilar eru sammála um, en ég mun ekki lesa það hér, það geta þm. sjálfir kynnt sér, en það var álit n. að mæla með því,

að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil enn fremur leggja áherzlu á það, að hver einstakur þm. og raunar sem flestir landsmenn vakni betur til meðvitundar um mengunarvarnir, þar sem mengunarvarnir eru nauðsynlegar, og um náttúruvernd almennt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5, n. 436). — 2. umr.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin í byrjun ágústmánaðar s.l. Efni frv. kemur að öllu fram í 1. gr., en hún er þannig með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkverum með allt að 10 þús. kw framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði ánna til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði."

Í l. frá 1954 um orkuver Vestfjarða er heimild fyrir 7 þús. hestafla orkuveri, en sú virkjun, sem nú er hafinn undirbúningur að, er nokkru stærri og þess vegna skortir fulla heimild í l. fyrir þessari nýju virkjunarframkvæmd. Brbl. í sumar voru gefin út, þar sem nauðsynlegt var talið að hefja undirbúningsframkvæmdir vegna virkjunarinnar á fjöllum uppi þegar í sumar sem leið, en framkvæmdir þar geta ekki farið fram nema stuttan tíma á árinu. Og þar sem raforkuþörf Vestfjarða er þannig háttað, að flýta verður þessari virkjun, voru brbl. gefin út.

Iðnn. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég á sæti í iðnn. þessarar hv. d. og hef skrifað undir þetta nál. án fyrirvara, en ég vildi aðeins gera hv. d. grein fyrir því, á hvaða forsendum ég hef gert þetta. Mál þetta, sem hér er til umr., var frá hendi rn. vanbúið að ýmsu leyti. Í 8. gr. orkul., nr. 54 frá 1966, stendur:

„Umsókn um leyfi til þess ða reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðh. raforkumála ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir fyrirhugað raforkuver. Ráðh. sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega eða fær það Alþ. til meðferðar."

Með þessu frv er ekki nein athugun á því, hvað umrædd virkjun muni kosta, og því síður áætlanir um rekstur hennar né neinn samanburð á því, hvernig aðrar orkuöflunarleiðir fyrir Vestfirðinga mundu koma út. Það er því ákaflega erfitt í raun og veru fyrir hv. d. og hið háa Alþ., að taka ákvörðun, sem er raunsæ í þessu efni, vegna þess, hvernig málið er búið í hendur hins háa Alþ. En mér er tjáð af mönnum, sem til þekkja, að þetta mál megi ekki dragast og það geti kostað öngþveiti í raforkumálum Vestfjarða, ef ekki verður úr þeim bætt hið bráðasta. Á þeim forsendum hef ég skrifað undir þetta nál., þótt undirbúningi málsins sé jafnáfátt og ég hef hér lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 398, n. 446). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Frv. það til l. um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, sem er á þskj. 398, er komið frá hv. Ed., og samþykkti hún þetta frv. að heita má án breytinga, jók þar við örlitlu efnisatriði. Við í menntmn. Nd. höfum rætt þetta frv. og um það hefur verið alger samstaða, þannig að menntmn. Nd. hefur látið frá sér fara svofellt nál. á þskj. 446:

„N. hefur athugað frv. og mælir með samþ. þess, eins og það er eftir 3. umr. í Ed."

Ég sé enga ástæðu til að fara að ræða um gildi þessa frv. eða fara mörgum orðum um það í sjálfu sér, þar sem alger einhugur var í menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vátryggingastarfsemi, frv. (þskj. 177, n. 392). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar að undanförnu frv. til l. um vátryggingarstarfsemi. Hún sendi frv. nokkrum aðilum, og umsagnir hafa borizt frá þeim og í meginatriðum voru þær jákvæðar. Einn umsagnaraðilinn, Samband ísl. tryggingafélaga, gerði hins vegar í sinni umsögn till. um nokkrar breytingar á frv., og hefur heilbr.- og trn. á þskj. 392 flutt nokkrar brtt. við frv., sem ganga mjög í sömu átt og till. þær, sem fram koma í umsögn Sambands ísl. tryggingafélaga. N. stendur öll að því nál., sem liggur frammi á þskj. 392, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja aðrar brtt. eða fylgja þeim. Tveir nm., hv. þm. Ingvar Gíslason og hv. þm. Bjarni Guðnason, voru fjarstaddir á þeim fundi n., sem málið var endanlega afgreitt á, en mér er kunnugt um, að þeir eru efnislega sammála því áliti, sem kemur fram á þskj. 392.

1. breyt. er við 6. gr. frv., en 6. gr. fjallar um hlutafélög, sem annast vátryggingarstarfsemi. N. leggur til, að við 2. mgr. 6. gr. bætist: „Þó skal hlutafé líftryggingarhlutafélaga vera minnst 10 millj. kr." Eins og menn sjá við lestur gr. og lestur þeirrar brtt., sem ég var að lesa, er lagt til, að hlutafé líftryggingarhlutafélaga verði lækkað frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, úr 20 millj. í 10 millj. kr. Þetta þykir eðlilegt og sanngjarnt miðað við það, að líftryggingarhlutafélög hafa allmiklu þrengra starfssvið og þeirra áhætta er talsvert miklu minni en annarra hlutafélaga, sem annast margar tegundir trygginga.

Þá gerum við enn fremur á sama þskj. till. um að 3. mgr. 6. gr. umorðist eins og segir á þskj. 392, hún orðist þannig:

„Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn."

Í 6. gr. frv., sem er um það, hvernig kjósa eigi þennan sérstaka stjórnarmann, stendur þetta:

„Val þessa stjórnarmanns skal háð samþykki ráðh. Náist ekki samkomulag um mann, er trmrh. heimilt að tilnefna mann í stjórnina sem fulltrúa vátryggingartaka."

En það breytist, eins og ég var hér að segja, þannig, að í stað þessa verði það tekið upp í samþykktir félagsins, hvernig slíkur stjórnarmaður skuli valinn.

Næsta brtt. n. er við 10. gr. frv., en sú gr. fjallar um gagnkvæm vátryggingarfélög. N. leggur til, að 2. mgr. 10. gr. frv. orðist svo:

„Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta 10 millj. kr. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst 5 millj. kr. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi trmrh."

Samkv. þessu er stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags lækkað úr 10 millj. kr., eins og það er í frv., í 5 millj. kr., og rökstuðningurinn fyrir þeirri lækkunartill. er sá sami og ég var að rekja áðan varðandi till. n. um lækkun hlutafjár líftryggingarhlutafélaga úr 20 millj. í 10 millj.

Þá leggjum við enn fremur til, að 4. mgr. 10. gr. frv. orðist þannig: „Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað". Þetta er hliðstæð breyting og ég var að lýsa áðan í sambandi við líftryggingarfélögin, og skal ég því ekki endurtaka það.

3. brtt. okkar er við 11. gr., 1. mgr. N. leggur til, að hún orðist svo: „Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en 500 kr. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildariðgjaldstekjum félagsins." Breytingin, sem í þessu fellst frá frv., er sú, að fellt er niður úr 11. gr. frv. það ákvæði, að ábyrgð hvers vátryggingartaka megi eigi nema lægri fjárhæð en hálfu iðgjaldi af viðkomandi skírteini.

4. brtt. okkar er við 17. gr. Þar leggur n. til, að 3. mgr. hennar falli niður.

5. brtt. lýtur að 39. gr. frv., og leggur n. til, að framan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi: „Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum vátryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin." Þessi brtt. skýrir sig sjálf, og skal ég ekki hafa fleiri orð um hana.

Þá kemur 6. brtt., sem lýtur að 43. gr. frv. Samkv. henni er lagt til, að upphaf 1. mgr. 43. gr. orðist svo: „Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingareftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldtækt" o. s. frv. Hér er einungis um formlega breytingu að ræða til samræmis við ákvæði 40. gr., því að það er eins og fallið hafi niður orðið „iðgjöld."

Síðasta brtt. n. lýtur svo að lokagr. frv., 59. gr., en n. leggur til, að sú gr. orðist þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, nema ákvæði 17. og 18. gr., sem taka gildi 1. jan. 1974."

Ég hygg, að ég hafi með þessum fáu orðum gert grein fyrir þeim brtt., sem heilbr.- og trn. þessarar hv. d. leggur til við frv. til l. um vátryggingarstarfsemi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 392,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 392,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 392,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 392,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
23.—31. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
32.—36. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
37.—38. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 392,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
39. gr. svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
40.—42. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 392,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
44.—46. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
47.—58. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 392,7 (ný 59. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 170, n. 443, 465, 468, 179, 192, 444). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á fyrri hluta þingsins og var vísað til fjh.- og viðskn. hinn 15. des. s. l. N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem formaður n. flytur á þskj. 444 og hér verður gerð nokkur grein fyrir.

Við síðustu afgreiðslur framkvæmdaáætlana hafa legið fyrir skýrslur um útlánasjóði atvinnuveganna, starfsemi þeirra og fjárþörf og hvernig áformað hefur verið að mæta þeirri fjárþörf. Sá þáttur hefur enn ekki hlotið fullnaðar-

afgreiðslu hjá ríkisstj., þó að meðferð hans sé nú að komast á lokastig, og var því ekki unnt að gefa fullnaðarupplýsingar um það atriði nú, þó að það hefði verið æskilegt og þess væri raunar óskað í nefndinni.

Það er óheppilegt af augljósum ástæðum að draga öllu lengur en orðið er afgreiðslu þessa frv. Telur meiri hl. fjh.- og viðskn. ástæðulaust að fresta afgreiðslu málsins, þótt nýnefndar upplýsingar séu ekki fyrir hendi samtímis. Það hefur ekki heldur verið nein algild regla í gegnum árin, þótt svo hafi verið við síðustu afgreiðslur framkvæmdaáætlunar og það sé vitanlega æskilegt, eins og ég sagði áðan.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir frv. í einstökum atriðum. Ég skal ekki endurtaka það, sem hann sagði, en sný mér beint að því að gera grein fyrir brtt. á þskj. 444. 1. brtt. er við 1. gr. frv. Nauðsynlegt þykir að afla aukins lánsfjár vegna tiltekinna verkefna í upptalningu 10. gr., og verður vikið að þeim síðar. Við nánari athugun þótti skynsamlegt að hækka heimild 1. gr. frv. úr 200 millj. kr. í 350 millj. kr. eða um 150 millj. Að því lýtur 1. brtt.

Meiri hækkun á sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina þykir ekki tiltækileg. En þar sem talið var, að enn skorti um 100 millj. kr. á, til þess að séð væri fyrir fjármögnun þeirra fjárfestingarframkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, sem óhjákvæmilegar teljast, er lagt til að hækka heimild til erlendrar eða innlendrar lántöku samkv. 7. gr. um 100 millj. kr., og að því lýtur 2. brtt. á þskj. 444. — Ég bendi á, að sú upphæð er ekki tekin inn í sundurliðun í 10. gr. fremur en sú lántökuheimild, 50 millj. kr., sem fyrir var í 7. gr. frv. Sundurliðunin í 10. gr. breytist því einvörðungu sem nemur hækkun á heimild 1. gr. um sölu ríkisskuldabréfa og spariskírteina.

Þá mun verða gerð grein fyrir þeim breytingum eða hækkunum á sundurliðun samkv. 10. gr. frv., sem verða samkv. brtt. á þskj. 444.

Liðurinn Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir, hækkar í sundurliðuninni um 4 millj. kr. og verður 240 millj. Því til viðbótar kemur svo heimild í 7. gr., sem ég gat um áðan, þannig að heimilaðar lántökur vegna Rafmagnsveitna ríkisins, erlendar og innlendar, hækka samtals um 104 millj. kr. og verða 340 millj.

Það er rétt að gera ofurlítið nánari grein fyrir þessu atriði. Það hefur þótt eðlilegt að tengja auknar lántökuheimildir erlendis samkv. 7. gr. framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins, en Rafmagnsveiturnar hafa nú í gangi tvær virkjanir, þ. e. a. s. við Mjólká og við Lagarfoss. Meginástæður hækkana á þessum lið, Rafmagnsveitum ríkisins, úr 236 millj. kr., eins og var í frv., sbr. 3. gr., í 240 plús 100 millj. kr. samkv. 7. gr., sem ég nefndi áðan, þ. e. a. s. í 340 millj. kr., felast annars vegar í 42 millj. kr. hækkun eftirstöðva verkáfanga 1972 og svo í verðbreytingum og öðrum breytingum, sem tengdar eru nánari útfærslu framkvæmdanna 1973. Stærstu liðir framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins 1973 samkv. síðustu útreikningum eru þeir, sem ég nú skal greina: 1. Virkjanirnar í Lagarfossi og Mjólká, samtals 157.3 millj. 2. Stofnlínur og rafveitustöðvar á 10 stöðum á landinu, samtals 116 millj. kr. 3. Innanbæjarkerfi, viðbætur og endurbætur á innanbæjarkerfum 40 millj. samtals. 4. Disilstöðvar, varastöðvar efldar á 4 stöðum, 17 millj. kr. 5. Ýmis verkefni á 18.2 millj. Þetta gerir samtals 348.5 millj. kr. Frá þessu dragast svo heimtaugagjöld, sem eru áætluð 8.5 millj., þannig að niðurstaðan verður 340 millj. kr.

Næsti liðurinn í sundurliðun 10. gr., þ. e. a. s. sá, sem breytist, er Laxárvirkjun. Eftir nánari skoðun þess máls þykir nú rétt að hækka þá fjárhæð, sem Laxárvirkjun er ætluð hér á framkvæmdaáætluninni, um 33 millj. kr., og verður upphæðin þá í heild 80 millj. Er talið, að með því móti verði unnt að halda áfram framkvæmdum við Laxá með eðlilegum hætti.

Þá vík ég að sveitarafvæðingunni, en það er næsti liður í sundurliðuninni, sem breytingu tekur. Komið hafa fram sérstaklega miklar hækkanir á áætluðum tölum sveitarafvæðingarinnar, en fylgt er upphaflegri þriggja ára áætlun með verðlagsuppfærslu. Nýjasta áætlunarupphæð hjá sveitarafvæðingunni er 177 millj. 833 þús., en þar frá dragast heimtaugagjöld, og þá verða eftir liðlega 170 millj. kr.

Í grófum dráttum má greina þessa upphæð í þrennt, þegar sleppt er öllum nánari sundurliðunum. Í fyrsta lagi eru það eftirstöðvar framkvæmdaáætlunar 1972, liðlega 6 millj. kr. Í öðru lagi veitulagnir samkv. þriggja ára áætluninni á árinu 1973, endurgreiðsla á framkvæmdalánum heiman úr héraði og á óafturkræfum framlögum, líka heiman úr héraði, hvort tveggja samkv. þriggja ára áætluninni, eins og hún var út gefin, liðlega 160 millj. kr. samtals. Og í þriðja og síðasta lagi eru svo ýmsar viðbætur við eldri veitur, sem alltaf þarf að taka tillit til, og nýjar veitulagnir utan þriggja ára áætlunar, sem samþykktar hafa verið síðar, rúmlega 11 millj. kr. Samtals gerir þetta 177 millj. 800 þús.

Ég vil geta þess, að í 3. liðnum um viðbætur munar langmest um Reykjarfjarðarlínu vestra. Áætlaður kostnaður við hana er rösklega 4 millj. kr., en hún kæmi til með að tengja smáar einangraðar orkuveitur þarna við Djúp og er m. a. talin mjög nauðsynleg vegna skólans í Reykjanesi.

Sveitarafvæðingunni eru, eins og hv. þm. muna, ætlaðar í fjárl. 50 millj. kr. og í framkvæmdaáætlun samkv. brtt. 110 millj., eða alls 160 millj. kr. Hér skakkar því liðlega 10 millj. kr. frá áætlun rafmagnsveitnanna. En talið er, að það muni varla koma að sök, því að venjan er sú, að tafir verða á framkvæmd einstakra liða af ýmsum ástæðum, sem erfitt er eða jafnvel ógerlegt að sjá fyrir, svo að þetta ætti að nægja til þess, að hægt sé að halda strikið.

Næsti liður, sem breytist í sundurliðun 10. gr., er Hafnarfjarðarvegur. Sá liður hækkar um 15 millj. kr. í 65 millj. kr. Áætlun um þetta verk hefur verið yfirfarin, og þessi hækkun er talin óhjákvæmileg, til þess að næsti áfangi komist það áleiðis, að not verði af. En áfanginn, eins og hann er hugsaður, felst í því að ganga frá vestari akbraut suður fyrir gatnamót við Borgarholtsbraut og Digranesveg.

Þá er það Norðurlandsáætlun til hafna og flugvalla. Það er talið nauðsynlegt að hraða gerð öldubrjóts á Siglufirði meira en frv. um framkvæmdaáætlun gerði ráð fyrir, m. a. vegna hraðfrystihúsbyggingar á staðnum, sem er mjög aðkallandi og hefur nú verið ákveðin. Hækkun þessa liðar nemur 4 millj. kr.

Þá er tekinn nýr liður inn í sundurliðunina í 10. gr., þ. e. til Blævardalsárvirkjunar, 4 millj. kr. Virkjun þessi hófst fyrir ári, og var varið til hennar 4 millj. kr. á framkvæmdaáætlun 1972. Það var óskað eftir 3.5 millj. kr. fjárhæð til viðbótar í nóv. s. l. og með henni mælt síðar af hálfu áætlunardeildar Framkvæmdastofnunarinnar, en þá var þetta frv. um lántöku vegna framkvæmdaáætlunar þegar fram komið. Hér er því mælt með virkjuninni sem nýjum lið að upphæð allt að 4 millj. kr., og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga á árinu.

Loks eru svo Framkvæmdasjóði Íslands ætlaðar 150 millj. kr. af fjáröflun þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. á þskj. 444, en meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem þar greinir.

Út af brtt. á þskj. 179 frá Ingólfi Jónssyni og Guðlaugi Gíslasyni varðandi Þorlákshöfn vil ég segja þetta: Það var rætt um það sem möguleika fyrir áramótin að taka Þorlákshöfn inn í frv. um framkvæmdaáætlun við meðferð málsins á Alþ. En nú hafa komið upp ráðgerðir um að leysa það mál á annan hátt, m. a. með aðstoð Alþjóðabankans, og vænti ég, að flm. nefndar till. sé um þetta kunnugt og þeir muni hafa hliðsjón af því.

Ég vil einnig aðeins vikja að brtt. við 10. gr. á þskj. 192 frá Lárusi Jónssyni o. fl., en þar segir, að í stað orðanna „Stofnlína Norðurland-Suðurland“ komi: Til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland. Meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir gegn þessari till. Um leið og Sigölduvirkjun var ákveðin, ákvað ríkisstj. að tengja saman veitukerfi Suðurlands og Norðurlands, og þessi till. virðist því óþörf, eins og komið er.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn., sem eins og áður greinir leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem prentaðar eru á þskj. 444.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur nú gert grein fyrir brtt., sem hann flytur við þetta frv., og skýrt þær að nokkru. Ég vil þó í sambandi við það, sem hann nefndi í lok ræðu sinnar varðandi hafnargerð í Þorlákshöfn, segja, að rætt var á milli funda í vetur fyrir jólin að taka inn í frv. nokkurt fjármagn til hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn. Það, sem hann nefndi hér áðan í sambandi við lausn þessa máls varðandi væntanlegt lán Alþjóðabankans, hygg ég, að sé algerlega í lausu lofti og enginn viti í dag, hvort það fjármagn fæst eða hvort því verður varið í þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar voru og áætlað var í haust, að mundu kosta um 80 millj. kr. Þá var talið eðlilegt að skipta fjárhæðinni á 2 ár, ef fjármagn fengist fyrir helmingi hennar á árinu 1973. Það væri fróðlegt að fá frekari upplýsingar um þetta mál, frá hæstv. samgrh. ef þær eru fyrir hendi.

15. des., þegar þetta frv. kom til 1. umr. hér í hv. þd., fylgdi hæstv. fjmrh. því úr hlaði, og þá sagði hann í framsöguræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1972 var heimiluð útgáfa spariskírteina að fjárhæð 500 millj. kr. Nú hefur verið ákveðið, að ekki verði notaðar nema 360 millj. kr. úr þeirri heimild, og er ekki talið líklegt, að búið verði að selja skírteini fyrir þá fjárhæð fyrr en á fyrstu mánuðum ársins 1973. Með tilliti til reynslu af sölu á spariskírteinum á þessu ári þykir ekki ráðlegt að reikna með meiri sölu en 200 millj. kr. á árinu 1973, enda mun hluti af heimild þessa árs verða notaður á því ári. Auk þess er ráðgert, að á árinu 1973 verði aukin sala skuldabréfa happdrættisláns vegna vega- og brúaframkvæmda á Skeiðarársandi, sem hér er áætluð 230 millj. kr., og er það í samræmi við vegáætlun.“

M. ö. o.: þegar hæstv. fjmrh. fylgir frv. úr hlaði, segir hann, að það sé ekki talið skynsamlegt að bjóða út nema 200 millj. kr. á árinu 1973. En nú er komin hér fram brtt., sem hv. formaður meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur, um hækkun úr 200 millj. í 450 millj. kr. Það er fljótt að breytast, hvað er skynsamlegt nú og hvað er skynsamlegt í des. En það væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. fjmrh., hvaða breytingum þetta hefur tekið og af hverju það, sem var skynsamlegt í des. í þessum efnum, er ekki nógu skynsamlegt, en talið rétt að hækka um 250 millj. kr.

Eins og fram kemur í nál. okkar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn., teljum við, að það skorti allar upplýsingar til þess að afgreiða þetta frv., alveg gagnstætt því, sem verið hefur á undanförnum árum, að ég tel algerlega undantekningalaust. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. sagði, að meiri hl. n. teldi ástæðulaust að fresta afgreiðslu þessa máls. Hann rökstuddi ekki frekar þessa skoðun sína, en hins vegar vil ég fyrir mitt leyti telja fyllstu ástæðu til að fresta afgreiðslu þessa máls af vissum ástæðum, sem ég skal færa rök fyrir.

Það hefur verið venja og á að vera alveg ófrávíkjanleg venja og regla, að það eigi að liggja fyrir skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, þar sem rekja á starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna og lánsfjáröflun til þeirra. En þetta liggur ekki fyrir. N. hefur engar upplýsingar fengið. Þrátt fyrir ágætan vilja formanns fjh.- og viðskn. tókst ekki að hafa upp á neinum embættismanni, sem gæti gefið n. upplýsingar um fjárfestingarlánasjóðina eða niðurskurð fjárl., sem ég mun koma síðar að. Hann lagði sig fram um það að fá þessar upplýsingar, en þær fengust ekki. Við sjálfstæðismenn segjum í nál., að meiri hl. hafi afgreitt þetta frv. með bundið fyrir augun, og ég stend við það. Meiri hl. vissi ekki meira en við. Og nú komum við að því. Hér liggja fyrir till. um framkvæmdir á vegum hins opinbera í þessu frv. og hækkunartill. upp á 250 millj.

kr., en á sama tíma liggja fyrir fjárl., sem Alþ. samþykkti 21. des. s. l., þar sem ríkisstj. aflaði sér heimildar til að skera niður verklegar framkvæmdir um að jafnaði 15%. Mér finnst ástæða til, að það liggi fyrir í heild, áður en við förum að hækka stórkostlega framkvæmdaáætlun ríkisstj. Hvernig verður fjárv. til stofnlánasjóðanna aflað á yfirstandandi ári? Hvernig á að haga niðurskurði fjárl. samkv. þeirri heimild, sem ríkisstj. aflaði sér við samþykkt fjárl. og stjórnarþm. gáfu stjórninni? Hvernig á að skera þessar framkvæmdir niður? Hæstv. fjmrh. hældi sér af því í des., þegar hann lagði frv. fram, að þetta væri í fyrsta skipti, sem frv. væri lagt svona snemma fram á þingi, og taldi eðlilegt, að það væri afgreitt jafnhliða fjárl. Þá sagði hann enn fremur, að með þessari framkvæmdaáætlun hefði það unnizt, að framkvæmdir á vegum hins opinbera lækkuðu um 400 millj. kr. frá framkvæmdaáætluninni fyrir árið 1972, en þessi lækkun er ekki orðin svo mikil nú, eftir að þessar brtt. liggja fyrir, en þær eru upp á 250 millj. kr.

Í nál. hinnar svokölluðu valkostanefndar, sem þm. fengu í hendurnar í vetur og er frá því í nóv. 1972, segir hún: „Frumathuganir benda til þess, að fjárvöntun fjárfestingarlánasjóða og opinberra framkvæmda geti á þessum forsendum verið af stærðargráðunni 3000 millj. kr., þegar tillit hefur verið teki ðtil þekktrar eða nokkuð öruggrar fjáröflunar á næsta ári. Hversu miklu af þessu verður talið fært að mæta með nýjum erlendum og innlendum lántökum, er torvelt að spá í á þessu stigi málsins. Ólíklegt virðist, að með þessum hætti megi með hægu móti afla meira fjár en sem svarar þriðjingi til helmingi þeirrar fjárhæðar."

Í þessu sambandi má benda á, að fjáröflun innanlands til framkvæmdaáætlunar 1972 hefur ekki gengið greiðlega og að greiðslubyrði vegna erlendra skulda er þegar mjög mikil næstu árin. Þannig bendir margt til þess, að hvort tveggja þurfi að lækka frá því stigi, sem hér er miðað við, opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða, enda hefur byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð vafalaust verið þanin til hins ýtrasta á árinu 1972.

Ég held, að það væri rétt að koma nokkuð inn á, hvernig útlánaóskir fjárfestingarlánasjóðanna eru, eins og þær liggja fyrir. En það kemur í ljós, að útlánaóskir hinna níu fjárfestingarlánasjóða eru upp á 4027.3 millj. kr. Þar við bætast iðnþróunarsjóður og byggingarsjóður ríkisins, sem eru samtals með um 1620 millj. kr., svo að útlán og óskir sjóðanna eru 5 milljarðar 647.3 millj. kr. Nú kunna margir að segja: Er ekki hægur vandi að draga úr þessum útlánaóskum og færa mjög saman það, sem sjóðirnir fara fram á, vegna þess að mikill vinnuaflsskortur er í landinu og framkvæmdir hafa í raun og veru orðið allt of miklar, þannig að þjóðin má ekki við þessum miklu framkvæmdum og verður að beina vinnuaflinu meira til framleiðsluatvinnuveganna. Við skulum þá líta á þann sjóðinn, sem er langstærstur í þessu dæmi, en það er fiskveiðasjóður. Í sambandi við fiskveiðasjóð eru útlánaóskir hans upp á 1730 millj. kr. á þessu ári. Það skiptist þannig, að vegna erlendra skipakaupa eru útlánaóskirnar 265 millj. kr., vegna tækja og viðgerða á skipum 230 millj. kr., vegna vinnslustöðva 500 millj. kr., vegna innlendrar skipasmíði 700 millj. kr. og vegna gengistapa 35 millj. kr. Erlendu skipakaupin eru auðvitað ekkert annað en reikningsdæmi, sem fyrir liggur eftir því, sem skip eru afgreidd frá skipasmíðastöðvum erlendis, en tekur fiskveiðasjóður á sig ákveðnar greiðsluskuldbindingar á hverju ári. Ég hef verið að reyna að gera mér grein fyrir, hvaða breytingar verði á þessari upphæð á næstu tveimur árum, miðað við útreikninga hjá fiskveiðasjóði. Ég hef borið þetta undir kunnuga menn, og þeir telja, að vegna erlendu skipakaupanna muni þessi upphæð hækka á næsta ári upp í 420 millj. kr. og árinu 1975 muni þessi fjárþörf fiskveiðasjóðs vera komin upp í 530 millj. kr., eða tvöfalt hærri upphæð en hún er áætluð á yfirstandandi ári. Útlán vegna tækja og viðgerða eru í áætluninni 230 millj. kr., en hún var í raun á árinu 1972 198.7 millj. kr., svo að það getur hver og einn séð, sem fylgzt hefur með þróun í verðlagsmálum, að hér er um sízt of háa upphæð að ræða. Í sambandi við lán til vinnslustöðva reyndust þau á s. l. ári vera 310.8 millj. kr., en eru nú áætluð 500 millj. í þessari till. fiskveiðasjóðstjórnarinnar. Það sjá líka allir, að vegna hinnar miklu fjárfestingar, sem víða hefur átt sér stað í hraðfrystiiðnaðinum, er vafalaust ekki of hátt að reikna með 500 millj. kr. Innlenda skipasmíðin var í raun á s. l. ári 538.4 millj. kr., en er áætluð á árinu 1973 700 millj. kr. Vegna gengistaps var í reynd 13,5 millj. kr., en vegna gengisbreytinga er hún áætluð 35 millj. kr. Ef við ætlum, að nauðsynlegt sé að skera niður útlán fjárfestingalánasjóða, þá þarf fyrst og fremst að athuga langstærsta sjóðinn, sem þarf mest fjármagnið, fiskveiðasjóð. En við rekumst á það, að fiskveiðasjóður er búinn að taka á sig allar þessar skuldbindingar og ekki unnt að lækka greiðslurnar úr þessu. Það má segja svipað um stofnlánadeild landbúnaðarins. Óskir stofnlánadeildar landbúnaðarins eru upp á 643.4 millj. kr. og óskir veðdeildar Búnaðarbankans upp á 50.9 millj. kr. Stærstu liðirnir til stofnlánadeildar landbúnaðarins eru: til útihúsa og ræktunarframkvæmda 226.8 millj. kr., vinnslustöðva í landbúnaði 166.3 millj. kr. og íbúðarhúsa 94.6 millj. kr. Nú vitum við, að á þeim árum, sem samdráttur var í landbúnaði vegna grasleysis víða á landinu og þar af leiðandi vondrar afkomu hjá bændum, héldu margir að sér höndum. Það hafa aftur aukizt nú á s. l. ári óskir um auknar framkvæmdir í landbúnaði, og því held ég, að verði mjög erfitt að skera verulega niður þessar útlánaóskir landbúnaðarins af þessum ástæðum.

Mér finnst rétt að koma líka nokkuð inn á byggðasjóðinn. Í ársbyrjun 1972 átti sjóðurinn í lausafé og óteknum lánum um 39 millj. kr. Á sama tíma eru óútborguð lánsloforð um 111 millj. kr., þannig að það skortir á 72 millj. kr. til að fullnægja þessum lánveitingum. Hins vegar átti stjórn atvinnujöfnunarsjóðs að fá lánsfé frá ríkissjóði að upphæð 35 millj. kr., sem ganga átti upp í fyrrgreindar lánveitingar.

Opinberum aðilum hafði verið veitt nokkurt lán af fé Norðurlandsáætlunar og atvinnumálanefndar ríkisins til skamms tíma, sem endurgreiddist ekki eins og um var samið, en þetta fé átti einnig að nota til greiðslu áðurnefndra lánsloforða. Á árinu 1972 var eigið ráðstöfunarfé sjóðsins 244 millj. kr. Þar við bætast lántökur frá framkvæmdasjóði og iðnþróunarsjóði, 125 millj. kr., og heildarráðstöfunarfé sjóðsins árið 1972 var því 369 millj. kr. Eins og áður segir, skorti sjóðinn í ársbyrjun 72 millj., þannig að til útborgunar nýrra lána á árinu voru 297 millj. kr. Ný lánsvilyrði á árinu 1972 voru um 480 millj. kr., þar af vegna fiskiskipa um 337 millj. kr., eða um 70% hækkun á lánsvilyrðum frá upphaflegum samþykktum, um 29 millj. kr., að mestu vegna hækkunar á kostnaði við nýsmíði fiskiskipa frá upphaflegu samningsverði. Þá var endursamið um afborganir og vexti í vanskilum að fjárhæð 21 millj. kr., og eins og áður hefur verið sagt, voru 297 millj. kr. til útborgunar nýrra lána á árinu. Af því leiðir, að í árslok 1972 voru lánsloforð umfram fjáröflun ársins hvorki meira né minna en 233 millj. kr. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að eigið ráðstöfunarfé byggðasjóðs geti numið um 122 millj. kr. Eftir því skortir um 111 millj. á, að hægt sé að fullnægja lánasamþykktum í árslok 1972. Er þá gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái að láni frá framkvæmdasjóði 325 millj. kr. á þessu ári og geri það sjóðnum mögulegt að borga út ný lán að fjárhæð 214 millj. kr. Þar sem búast má við, að lán vegna nýsmíði fiskiskipa og skuttogarakaupa, sem samþykkt voru á árinu 1972 og fyrr og koma til útborgunar á árinu, hækki um minnst 20 millj. kr. frá upphaflegum samþykktum, þá gerir það sjóðnum mögulegt að samþykkja ný lánsvilyrði að fjárhæð 194 millj. kr. á þessu ári. Heildarútlán sjóðsins og lán framkvæmdasjóðs og iðnþróunarsjóðs árin 1970—1973 eru þá þannig, að heildarútlánin voru á árinu 1970 269 millj. kr., á árinu 1971 234 millj. kr. og á árinu 1972 394 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að þessi lán verði á árinu 1973 447 millj. kr., en lán frá framkvæmda- og iðnþróunarsjóði eru, eins og ég sagði áðan, ráðgerð 325 millj. kr.

Eins og öllum er kunnugt, hefur sú regla verið gildandi í sambandi við lán til fiskiskipa, að fyrir tilstuðlan ríkisstj. var lánað 10% til fiskiskipakaupa, bæði til nýsmíði skipa og skuttogaralán, samtals um 272 millj. kr. Þar af útvegaði ríkisstj. framlag frá framkvæmdasjóði 20 millj. og frá iðnþróunarsjóði 50 millj., en fjárvöntun vegna þessara lána nam hvorki meira né minna en 202 millj. kr. í árslok 1972. Það er rétt að rifja það upp, að fyrrv. ríkisstj. ákvað að lána til nýsmíði fiskiskipa til að örva fiskiskipabyggingar 10% af kaupverði slíkra skipa eða byggingarkostnaði þeirra skipa og byggðasjóður ákvað að lána 5% af byggingarkostnaði skipa, þannig að skip, sem byggð voru innanlands, fengu 75% lán úr fiskveiðasjóði, 5% lán úr byggðasjóði og 10% lán, sem afgreidd voru af atvinnujöfnunarsjóði og byggðasjóði, eftir að hann tók við, en ákveðin af ríkisstj. Heildarlán til skipa voru því 90% af byggingarkostnaði þeirra. Nokkru fyrir síðustu kosningar ákvað fyrrv. ríkisstj. að lækka þessi lán niður í 5%, sem hún hafði ákveðið að útvega fé til og atvinnujöfnunarsjóður hafði afgreitt. Heildarlánin til skipakaupa, byggðra innanlands, voru því orðin 85%. En þegar núv. ríkisstj. tók við, fannst henni þetta auðvitað allt of lág lán, því að hún varð að vera betri en sú, sem var á undan, og hækkaði hún alveg með sama þessi lán aftur upp í 10%. Byggðasjóður hélt áfram sínum 5% lánveitingum. En sælan stóð ekki mjög lengi, því í des. ákvað núv. ríkisstj. að draga saman seglin, og það var nú ekki svo, að hún færi niður í það, sem fyrrv. ríkisstj. hafði ákveðið að gera, heldur afnam hún algerlega þessi 10% lán, lagði þau hreinlega niður. Byggðasjóður hefur einnig lagt niður þessi 5% lán sem algilda reglu og hefur nú myndað sér nýja starfsreglu, þannig að þessi lán geta verið eftir sem áður 5% til nýbyggingar skipa á ákveðnu svæði á landinu.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það var farið mjög geyst í þessar skipabyggingar og það var í sjálfu sér nauðsynlegt að stemma hér stigu við og draga saman. En fyrst eru leyfð hömlulaus skipakaup og þá er einblínt á næstum því eina stærð og eina gerð skipa. Þegar búið er að byggja jafnmikið og kaupa eins og raun ber vitni, þá á að skrúfa svo rækilega fyrir, að innan eins árs verða verkefni í fjölmörgum skipasmíðastöðvum sama og engin orðin. Þar við bætist, að eðlileg uppbygging og viðhald skipastólsins verður alltaf að vera fyrir hendi innan skynsamlegra marka, og þá á ekki að byggja aðeins eina stærð skipa, heldur á auðvitað að viðhalda skipaflota af öllum stærðum. En þetta er ekki gert, eins og sjá má og menn geta fundið af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar.

Fjmrh. sagði í skýrslu sinni um fjáröflun og framkvæmdir ríkisstj., sem hann lagði fram 5. maí 1972 hér á hv. Alþ., en þá var talið eðlilegt, að frv. biði eftir því, að skýrslan kæmi fram, þannig að n., sem fjallaði um frv., fengi að sjá þessa skýrslu og ræða við embættismennina, og hún afgreiddi þetta mál ekki fyrr en nokkru síðar, og þá lá skýrslan fyrir hjá öllum alþm., — en í skýrslu fjmrh. segir:

„Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun er með seinna móti á ferðinni, enda þótt oft áður hafi seint verið. Stendur það meðfram í sambandi við þær skipulagsbreytingar, sem gerðar hafa verið, sem og við það, að framkvæmdaáform hafa verið æðimikil og því umfangsmikið verkefni að fjalla um þau og fella í eina viðráðanlega heild. Með málefnasamningi stjórnarflokkanna er lögð veigamikil áherzla á eflingu hvers konar áætlunargerðar og samræmt mat á gildi framkvæmda og framleiðslugreina. Mun sú starfsemi einkum fara fram á vegum hinnar nýstofnuðu Framkvæmdastofnunar ríkisins, en með virkri þátttöku rn. og annarra opinberra stofnana og þá einkum, að því er ríkisframkvæmdir varðar, með hlutdeild Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. En þótt nokkur drög að þessari áætlun hafi verið undirbúin á umliðnu hausti, var ákveðið að láta verkefnið bíða hinnar nýju stofnunar. Lagasetning um hana varð ekki lokið fyrr en í árslok, og varð henni því ekki að

fullu komið á laggirnar fyrr en síðla í febr. 1972." Síðar segir hæstv. fjmrh.: „Ljóst er, hvert óhagræði er að því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin skuli ekki fylgjast að við gerð fjárl. og vera tilbúin fyrir upphaf framkvæmdaárs, enda er aðeins með þeim vinnubrögðum unnt að tryggja samræmi framkvæmdaáforma og skynsamlega forgangsröðun." — Takið eftir. Með þeim vinnubrögðum er aðeins unnt að tryggja samræmi framkvæmdaáforma og skynsamlegra forgangsröðun. „Mun stefnt að því", segir hæstv. fjmrh., „að svo geti orðið við samningu næstu áætlunar, þ. e. fyrir árið 1973, og mun Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og Framkvæmdastofnun ríkisins falið að vinna að því í sameiningu, jafnframt því að unnið verði með horfur og áform til lengri tíma fyrir augum."

Þetta var skynsamlega talað, — mjög skynsamlega, og þessu var vel tekið af Alþ. Ég bjóst við því, að jafnröskur og ágætur maður og hæstv. fjmrh. er mundi standa við þetta. Það er öðru nær, því er bara ekki að heilsa. Hann benti réttilega á og var sanntrúaður á gildi Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hún ein gæti unnið þetta verk almennilega, og hann afsakar það, hvað þetta var seint tilbúið í fyrra, með því, að þetta stóra og mikla „apparat" var ekki tilbúið fyrr en í febrúarlok og þess vegna hafi ekki verið að búast við, að slík áætlanagerð hefði verið tilbúin fyrr. En hann segir, að það sé stefnt að því, að þessu verði lokið, og þetta eigi algerlega að fylgjast að. En núna leggur hann þá miklu pressu á flokksbræður sína og hálfbræður í fjh.- og viðskn., að þeir afgreiði frv. með bundið fyrir augun. Hann er auðvitað ekki einn um þessa pressu. Það er auðvitað öll ríkisstj. á bak við hann í þessu, því að það er um að gera að láta allar þessar upplýsingar bíða, og nú er bara stefnt að því að reyna að losna við Alþ., koma þeim heim, þessum þm., því að allt er komið í harðan hnút og ekkert gengur þrátt fyrir alla skipulagninguna, sem átti að eiga sér stað með tilkomu Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað líður samvinnu Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og Framkvæmdastofnunar ríkisins á þessu sviði? Hvernig hafa þessar stofnanir unnið saman? Hvaða árangurs er að vænta á því sviði? Hann segir, að það sé stefnt að því, að svo geti orðið við samningu þessarar áætlunar fyrir árið í ár, og mun Fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og Framkvæmdastofnun ríkisins falið að vinna að því í sameiningu. Hvar eru þessar forgangsframkvæmdir? Hvar er sá listi? Ætlar ekki hæstv. fjmrh. að vera svo góður og almennilegur að skýra okkur þm. frá því, hvernig þetta er tilkomið? Hvernig gengur með fjárfestingarlánasjóðina? Það var lögð fyrir stjórnarfund Framkvæmdastofnunar ríkisins 6. marz til 1. umr., áætlun um fjármögnun og lánveitingar á vegum framkvæmdasjóðs 1973. Þá var talað um að afgreiða þetta eftir hálfan mánuð. Það eru 4 vikur í fyrramálið, síðan þetta kom til 1. umr. í stjórn Framkvæmdastofnunar, og það sér enginn árangurinn af þessu. Þarna átti algerlega að breyta um vinnubrögð. Hin vinnubrögðin hjá fyrri ríkisstj. voru úrelt og löngu gengin sér til húðar.

Í 1. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins segir um hlutverk og skipulag hennar:

„Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er ríkisstj. til aðstoðar við stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Hún annast hagrannsóknir og áætlanagerð og hefur með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála og lánveitingar samkv. lögum þessum. Stofnunin starfar í þremur deildum: Hagrannsóknardeild, áætlunardeild og lánadeild. Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina."

Hæstv. forsrh. fylgdi þessu frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins úr hlaði á sínum tíma og var ákaflega hrifinn af þessari stofnun og mjög bjartsýnn á, að hún mundi gjörbreyta áætlanagerð og öll starfsemi í þessum efnum yrði til fyrirmyndar, eftir að þessi stofnun væri komin á laggirnar. Það var tekið inn í þessi lög, að til þess að stjórna daglegum störfum stofnunar þessarar yrðu fulltrúar ríkisstj., einn frá hverjum stjórnarflokki um sig, en hins vegar sagði hæstv. forsrh., að stjórnarandstaðan þyrfti ekki að kvarta, því að hún fengi að kjósa menn í stjórn stofnunarinnar, en stjórnarandstöðunni kemur ekkert við áætlanagerð, henni koma ekkert við dagleg vinnubrögð, þar er hún algerlega útilokuð. Í grg. frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins segir:

„Er stefnt að því að vinna að eflingu atvinnuveganna með skipulegum áætlunarvinnubrögðum, að tengja saman undir einni stjórn stofnanir og sjóði, sem til þessa hafa starfað sitt í hvoru lagi, og að koma á fót heildarstjórn í fjárfestingarmálum. Samkv. því er Framkvæmdastofnuninni ætlað það hlutverk að semja áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma. Stofnunin á enn fremur að hafa frumkvæði í atvinnumálum. Er lögð rík áherzla á, að Framkvæmdastofnunin hafi náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til þess að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein. Enn fremur ber henni í samvinnu við landshlutasamtök að stuðla að þróun byggða og atvinnulífs í hverjum landshluta. Þá koma því margs konar áætlunarverkefni í hlut Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Framkvæmdastofnunin tók við hlutverki þriggja stofnana, sem voru sameinaðar og lagðar undir eina stjórn, og forsrh. sagði, að slík samfærsla leiddi til hagræðingar og verksparnaðar og miðaði að því að gera stjórnkerfi þessara mála einfaldara. Náin samræming áætlunargerðar og fjárfestingarstjórnar mun auðvelda stofnuninni að eiga frumkvæði að mikilvægum framkvæmdum í atvinnumálum. Nú spyr ég: Hvað hefur orðið einfaldara í gerð framkvæmdaáætlana? Hvað hefur orðið einfaldara með samvinnu eða samræmingu þessara sjóða, sem áður störfuðu sitt í hvoru lagi? Hvað hefur breytzt til batnaðar með tilkomu þessarar ágætu stofnunar? Var kannske um að ræða stórfelldan sparnað við það að koma þessari stofnun á laggirnir? Ég hef hér í höndum upplýsingar um, að kostnaður við allar þessar þrjár stofnanir, Efnahagsstofnun, Framkvæmdasjóð og atvinnujöfnunarsjóð, var til samans árið 1967 11,9 millj., 1968

13,2 millj., 1969 14,1 millj., 1970 16,4 millj. og 1971, síðasta árið, sem þessar stofnanir störfuðu, 20,8 millj. kr. Framkvæmdastofnun tók ekki til starfa fyrr en síðast í febr. á s. l. ári, eins og hæstv. fjmrh. sagði í skýrslu sinni í fyrra, en þrátt fyrir það er heildar rekstrarkostnaður Framkvæmdastofnunarinnar 32,8 millj. kr. og ekkert liggur fyrir í áætlanagerð fyrir árið 1973 enn og kominn apríl. Það hefur tekizt að hækka þennan kostnað um tæp 60%. Til viðbótar þessu eru færðar 7 millj. á stofnkostnað, en við mundum telja, að sumar þessar tölur væri tæplega hægt að færa á stofnkostnað, eins og t. d. veggfóður upp á 79 þús. Ég held, að gólfteppi upp á 1218 þús. sé erfitt að færa á stofnkostnað og gluggatjöld upp á 358 þús. Þannig má lengi telja. Ef við bættum þessari tölu við, þá er kostnaðurinn kominn upp í 39,8 millj. kr. Þetta var nýja „apparatið", sem átti að leysa allt saman og allt átti að verða til fyrirmyndar, allt átti að leggja fyrir í ársbyrjun eða fyrr, eins og hæstv. fjmrh. sagði í sinni barnalegu trú á þessa stofnun fyrir ári. Það er eftirtektarvert, sem kom fram í fsp. hér á Alþ. um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, sem mig minnir að hæstv. forsrh. hafi svarað samkv. bréfi framkvæmdaráðsins, og þar kemur fram, að 2,9 millj. kr. hafi verið greiddar fyrir fram upp í húsaleigu, en ekki minnzt á, að stofnunin hafi orðið að taka á sig skuldbindingar umfram þetta, sem í júlímánuði voru komnar upp í 7 millj. kr., — ekki einu sinni gefið til kynna, að það væri neitt á næsta leiti.

Ég held, að það séu nálægt 733 millj. kr. framlög til skólabygginga í fjárl. yfirstandandi árs, en þar er langstærsti liðurinn til byggingar skyldunámsskóla, upp á 478 millj. En samtals er gjaldfærður stofnkostnaður til skólabygginga um 733 millj. kr. Framlag til hafnarmannvirkja er upp á 206 millj. kr. og til sjúkrahúsa og læknisbústaða upp á 171 millj. Þetta eru um 1100 millj. kr. En það eru einmitt þessir liðir, sem fyrst og fremst verður ráðizt á í sambandi við niðurskurð, að því er ég bezt veit. Hæstv. fjmrh. mun væntanlega á eftir skýra nánar frá því, á hvern hátt hann hyggst skera fjárl. niður, en ég vil benda á það í þessu sambandi, að langstærsti liðurinn til verklegra framkvæmda er til skyldunámsskólanna. Á árinu 1970—1971 hækkaði þessi liður um 39%, á árinu 1971—1972 hækkaði þessi liður um 37%, og þegar við tökum tillit til niðurskurðarins, sem fram fór á s. l. ári vegna brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir, þá er hækkun á þessum lið frá fjárl. ársins 1972 til fjárlaga ársins 1973, þegar búið er að draga frá niðurskurðinn frá fyrra ári, aðeins um 7,5%. Sjá allir á þessu, að það hefur verið reynt að halda þessum fjárframlögum eins langt niðri og frekast var unnt. Það er líka rétt að gera sér grein fyrir því, að á sama tíma og þessar hækkanir verða, fyrst 39%, síðan 37% og nú síðast 7,5%, er þróun byggingarvísitölunnar sú, að byggingarvísitalan hefur hækkað frá 1. júlí 1971 eða frá þeim tíma, að núv. hæstv. ríkisstj. tók við, úr 535 stigum upp í 708 stig, núna frá 1. marz s. l., svo að frá því sjónarmiði séð má segja, að þessi framlög hafi verulega lækkað og eru mun lægri en þau voru á s. l. 2—3 árum.

Mér leikur forvitni á að vita og heyra, hvaða aðferð ætlar ríkisstjórnin að beita við niðurskurð fjárl.? Eru einhver ákveðin verkefni, sem á að skera niður að mestu eða öllu leyti, á sama tíma og er verið að hækka framlög til opinberra framkvæmda á framkvæmdaáætlun? Svo komum við að því, sem er líka stórt atriði málsins, að það eru engar smáframkvæmdir fyrirhugaðar í vegamálum á árinu 1973. Áætluð heildarútgjöld til vegamála eru tæpir 2 milljarðar eða hvorki meira né minna en 1957,7 millj. kr.

Í sambandi við þær brtt., sem formaður fjh.- og viðskn. lýsti hér áðan, get ég ósköp vel fallizt á, að þær séu sanngjarnar flestar hverjar, en það, sem ég fellst ekki á, er að mér finnst, að það verði að liggja fyrir, alveg tvímælalaust, hver er sú raunverulega upphæð, sem fjárfestingarlánasjóðirnir eiga að fá, hvernig á að beita niðurskurðarheimild ríkisstj. á fjárl., og svo hitt: getum við ekki um leið ráðizt á tiltekin verkefni og frestað einhverjum verkefnum vegna þess ástands, sem er í þjóðfélaginu? Það er skortur á vinnuafli. Við þurfum fyrst og fremst að hafa í huga að manna framleiðslutæki okkar og framleiða útflutningsverðmæti, því að útflutningsverðmætið er auðvitað afl þeirra verkefna, sem gera skal. Það er ekki hægt að byggja alveg gegndarlaust á fjáröflun innanlands og þó alveg sérstaklega á erlendum lántökum. Lántökur Íslendinga erlendis hafa verið gífurlega miklar á árinum 1971 og 1972, og hafa heildarskuldir við útlönd aukizt á þessum tveimur árum um nærri 6000 millj. kr. eða um 53%. Valkostanefndin segir í áliti sínu, að í því greiðslujafnaðarmarkmiði, sem sett var af n., hafi verið við það miðað, að erlendar skuldir til langs tíma megi ekki aukast um meira en nálægt 2000 millj. kr. á árinu 1973 og væri þá erlend skuldaaukning á árunum 1971—1973 orðin ríflega 70%. Þegar tekið er tillit til annarra erlendra lána, sem tekin verða á árinu 1973, þ. á m. vegna togarakaupa, þá segir valkostanefndin í sinni álitsgerð, að ekki sé rúm fyrir meira en í mesta lagi 700 millj. kr. lántöku til að mæta umræddri fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða, ef skuldaaukning á ekki að fara út fyrir hin settu mörk. Hvað telur hæstv. ráðh. og ríkisstj. að skuldaaukning við útlönd verði mikil á árinu 1973? Er ekki stefnt í algera ófæru? Það er gott að ráðast í framkvæmdir. Þær eru bráðnauðsynlegar margar og jafnvel allar þessar framkvæmdir, sem um er talað. En er ekki orðið enn nauðsynlegra að fresta einhverjum framkvæmdum og spenna ekki bogann jafn geigvænlega og gert er?

Nú spyrja menn: Hvaða framkvæmdum villt þú fresta? Ég er ekki fær um að segja, hvaða framkvæmdum eigi að fresta. En mér kemur til hugar ein framkvæmd, og þá ætla ég ekki að fara að nefna neinar smáframkvæmdir. Eins og ástandið er, eins og spennan er í þjóðfélaginu á undanförnum árum og sérstaklega á s. l. ári og sjáanlegt er, að verður á þessu ári, er vinnuaflsskortur við sjávarsíðuna. Hefði heimurinn farizt þó að Sigölduvirkjun hefði verið frestað um eitt ár? Þar er 400 millj. erlend lántaka áætluð, sem kemur á árið 1973, sagði fjmrh. í í framsögurræðu fyrir þessu frv. Má ekki líka

reyna að fresta einhverjum öðrum framkvæmdum, eins og t.d. í vegamálum, framkvæmdum við hraðbrautir, þar sem spennan er mest? Dettur engum í stjórnarliðinu þetta í hug? Eða hefur þetta ekki verið athugað? Ef það hefur verið athugað, væri fróðlegt að fá rök fyrir því, af hverju ekkert er til, sem má bíða. Við vitum, að það er búið að spenna bogann til hins ítrasta og miklu meira en það.

Í skýrslu fjmrh. um framkvæmdaáætlunina fyrir árið 1973 var á það bent, að aukning framkvæmda kynni að kalla á aukningu vinnuafls við þær um 1350 mannár, er svarar til um 75% af eðlilegri heildaraukningu mannaflans á einu ári.

Framkvæmdir fóru í flestum greinum fram úr þeirri áætlun, sem í þessu efni var byggt á, enda urðu vaxandi örðugleikar á að fullmanna bátaflotann og önnur framleiðslutæki, og vöruðu samtök hlutaðeigandi atvinnuvega alvarlega við þeirri framvindu. Nú er enn stefnt til verulegrar aukningar framkvæmda, sagði hæstv. fjmrh. hér fyrir ári, sem á sama mælikvarða mætti áætla að kallaði á þúsund mannára aukningu. Á s.l. ári, árinu 1972, var enn stefnt til verulegrar aukningar framkvæmda, og horfði víða til stórvandræða með mannafla á fiskiskipin og við vinnslu á framleiðsluvörum okkar. Nýlega fór fram á vegum sjútvrn., að beiðni samtaka útvegsins, könnun á vinnuafli í sjávarútvegi á svæðinu frá Stokkseyri og vestur um til Snæfellsness. Þessi athugun leiddi í ljós, að á þessu svæði vantar 472 sjómenn á bátaflotann og 578 manns vantar til fiskvinnslustarfa í landi. Á ýmsum stöðum er líka tilfinnanlegur skortur á vinnuafli við þessi störf. T.d. er mikill skortur og hefur ekki verið í mörg ár jafnmikill skortur á vinnuafli á Vestfjörðum, en þar hefur verið tiltölulega góð vertíð í vetur. Það má nefna vinnuaflsskort víðar á landinu m.a. víða á Austfjörðum. En allt þetta virðist hæstv. ríkisstj. ekki taka neitt alvarlega, hvernig komið er. Það er áfram haldið í fjárfsetingunum. Það er áfram haldið að afla fjár, taka nógu há lán. Hvernig færi, ef einstaklingur í þjóðfélaginu hugsaði aðeins um að afla sér lána, en ekkert um það, hvað afborganir og vextir af þessum lánum eru orðin stór hluti af tekjum hans? Hvernig fer að lokum, ef þessi stefna á að vera ríkjandi? Ég spyr, og ég vænti þess að fá svör.

Mér finnst líka rétt að geta þess aðeins lítillega hér, sem valkostanefndin segir um lífeyrissjóðina í áliti sínu frá því í nóv. 1972. En hún segir: „Lífeyrissjóðirnir eru að verða einhver mikilvægasta uppspretta lánsfjár í landinu, og er óhjákvæmilegt, að hún verði í vaxandi mæli nýtt til að mæta sameiginlegum fjármögnunarþörfum þjóðarinnar.“ N. lagði til, að stefnt yrði að því, að afla 400 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum á þessu ári, en það samsvarar 30% af ráðstöfunarfé þeirra, þegar frá hafa verið dregin þau fjárfestingarlán, sem þeir hafa þegar skuldbundið sig til að veita úr sjóðunum. Það er augljóst, að svo mikilli fjáröflun verður ekki komið í framkvæmd nema með lagasetningu og undangengnum viðræðum við forustumenn lífeyrissjóða. Hvað hyggst ríkisstj. gera í þessum málum? Hvernig standa þessi mál í sambandi við lífeyrissjóðina? Hafa náðst samningar um meira fjármagn til þarfa fjárfestingarlánasjóðanna, eða hyggst ríkisstj. bera fram frv. um það að skerða ráðstöfunarfé þessara sjóða og veita því til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar? Mér þætti fróðlegt og gagnlegt að frétta, hvað er framundan eða hvað er að frétta í þessum efnum.

Eins og ég hef áður sagt, tel ég fráleitt að afgreiða þetta frv., fyrr en fyrir liggur, á hvern hátt eigi að útvega fjárfestingarlánasjóðunum fjármagn, og fyrir liggur, á hvern hátt eigi að skera niður framlög, sem eru ákveðin á fjárlögum og fjvn. var búin að skera niður eins og frekast var kostur. Ég tel, að þetta í heild eigi að liggja fyrir, áður en að einn þáttur þessarar fjáröflunar og þessara framkvæmda verður afgreiddur.

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. gefi skýr og greið svör við þeim fsp., sem ég hef lagt hér fram.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. og sú saga af því, sem ég mun víkja lítillega að í orðum mínum hér á eftir, er enn eitt dæmi um vanhæfi ríkisstj. til þess að móta nokkra heildarstefnu í efnahagsmálum. Þetta frv. er sönnun þess, — enn ein sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. er ekki fær um að ná samkomulagi innbyrðis eða meðal stuðningsmanna sinna um það, hvaða heildarstefnu skuli fylgja í íslenzkum efnahagsmálum.

Það atriði í stefnuskrá núv. ríkisstj., sem Alþfl. þegar í upphafi lýsti sig sammála, var, að stjórnin kvaðst vilja halda áfram að framfylgja áætlunarbúskap við stjórn efnahagsmála. Það var eitt af aðalatriðum í stefnuyfirlýsingu hennar, að beita skyldi áætlunarbúskap við stjórn efnahagsmála. Í því skyni kom hún á fót Framkvæmdastofnun ríkisins og setti henni sérstaka löggjöf. Alþfl. studdi þetta frv. og fagnaði stofnun Framkvæmdastofnunarinnar, af því að hann trúði því og vildi geta treyst því, að hér fylgdi hugur máli og að ríkisstj. í raun og veru vildi beita áætlunarbúskap í sívaxandi mæli við stjórn efnahagsmála, eins og fyrrv. ríkisstj. hafði raunar gert á þeim áratug, sem hún fór með völd. Við þm. Alþfl. gagnrýndum að vísu harðlega það stjórnarfyrirkomulag, sem tekið var upp hjá Framkvæmdastofnuninni. Við gagnrýndum harðlega, að framkvæmdaráðið skyldi skipað þrem pólitískum fulltrúum hinna þriggja stjórnarflokka. En við létum það ekki aftra okkur frá því að lýsa yfir fylgi við þá meginstefnu, sem löggjöfin um Framkvæmdastofnunina byggðist á.

En nú hefur komið í ljós á rúmlega árs starfsferli Framkvæmdastofnunarinnar, að hún hefur brugðizt hlutverki sínu gersamlega, og hlýtur það að teljast fyrst og fremst á ábyrgð framkvæmdaráðsins, sem er sá aðili í stofnuninni, sem raunveruleg völd hefur, og rkisstjórnarinnar. Framkvæmdaráðið virðist því miður ekki hafa reynzt vanda sínum vaxið, og það hefur skort mjög á, að um nægilega samvinnu hafi verið að ræða milli þess og hæstv. ríkisstj. A.m.k. bera verkin þess ótvírætt merki, að sá árangur, sem búast hefði mátt við og varð að vera hefur ekki orðið, hvort sem það er sök fram-

kvæmdaráðsins eða ríkisstj. sjálfrar eða vegna skorts á samvinnu milli ríkisstj. og framkvæmdaráðsins.

Á síðustu árum fyrrv. ríkisstj. var sá háttur tekinn upp að semja fjárlög og áætlun um framkvæmdir utan fjárlaga samtímis og jafnframt gera sér grein fyrir fjármálum fjárfestingarsjóðanna. Þetta þrennt er auðvitað náskylt hvað öðru: Samning fjárlaga, samning framkvæmdaáætlunar, sem fjár er aflað til utan fjárlaga, og fjármál fjárfestingarsjóðanna, þ. e. útlán þeirra og fjáröflun til þeirra. Í fyrra tókst hæstv. ríkisstj. ekki að láta samningu þessara þriggja grundvallarþátta í hinum opinbera búskap fylgjast að. Það var þá afsakað með því, að lögin um framkvæmdastofnunina væru ný samþ. og hún ný komin á laggirnar og hefði ekki tekizt að fóta sig með þeim hætti, að hægt væri að hafa þá skipan á, sem æskilegust væri. Hins vegar lofaði hæstv. fjmrh. og reyndar fleiri ráðherrar, að ráðin skyldi á þessu bót á árinu 1973. Nú er meira en ár liðið frá því, að Framkvæmdastofnunin var sett á laggirnar. Samt bólar ekkert á því, að hún hafi gert neina heildaráætlun um fjárfestingarlán þjóðarinnar. Í 1. gr. laga um Framkvæmdastofnunina segir þó, að hún eigi að hafa með höndum heildarstjórn íslenzkra fjárfestingarmála. Meira en ár hefur ekki dugað henni til þess að gera nokkra frumdrætti um það, hvernig stjórna skuli íslenzkum fjárfestingarmálum á árinu 1973. Engar áætlanir um þessi efni eru til af hendi Framkvæmdastofnunarinnar, og hæstv. ríkisstj. hefur engar slíkar áætlanir kunngert.

Þetta frv. er sama eðlis og frv., sem lögð hafa verið fyrir hið háa Alþ. mörg undanfarin ár. Það fjallar um heimildir fyrir ríkisstj. til þess að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Það hefur verið venjan að birta framkvæmdaáætlunina, eins og eðlilegt er, sem rökstuðning fyrir þeim lánsheimildum, sem ríkisstj. fer fram á. Þetta frv. var lagt fram 13. des. Nú er aprílmánuður nýbyrjaður. Þetta frv. hefur legið óhreyft í hv. fjh.- og viðskn. þangað til nú fyrir nokkrum dögum, þá óskar ríkisstj. skyndilega eftir afgreiðslu á frv. Þegar farið var fram á það í n., að hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir því, hver mundu verða raunveruleg útgjöld á fjárlögum, þá var hún ekki reiðubúin til þess. En á það þarf ég vænt-anlega ekki að minna, að þegar fjárlög voru afgreidd rétt fyrir jól, þá aflaði ríkisstj. sér á síðustu stundu heimildar til þess að skera niður ólögbundin útgjöld á fjárlögum um 15%. Síðan hefur hún haft meira en 3 mánuði, og þeir 3 mánuðir hafa ekki dugað hæstv. ríkisstj. til þess að koma sér saman um, hvaða gjöld skuli skorin niður. Það reyndist algerlega árangurslaust að reyna að fá að vita, hvaða útgjöld hæstv. ríkisstj. hygðist skera niður. En samt sem áður ætlast ríkisstj. til þess, að Alþ. samþykki framkvæmdaáætlun og fjáröflun til hennar utan fjárlaga, áður en Alþ. fær að vita, hver útgjöld eiga að verða í reynd samkvæmt sjálfum fjárlögunum á yfirstandandi ári. Þetta hefur ekki komið fyrir áður. Slíkt frv. hefur stundum áður verið síðbúið, en þá hefur alltaf legið fyrir hver muni verða raunveruleg útgjöld samkv. fjárlögum á því ári, sem um er að ræða. Það hefur aldrei komið fyrir áður, að ríkisstj. hafi ekki verið búin að gera upp við sig, hver verða skyldu fjárlagaútgjöld, þegar hún fer fram á, að Alþ. heimili sér lántöku til þess að standa fyrir framkvæmdum utan fjárlaga.

Og sagan er ekki öll sögð með þessu. Það er auðvitað ekki hægt að mynda sér neina heilsteypta mynd af opinberum framkvæmdum og fjáröflun til þeirra, nema því aðeins að fyrir liggi upplýsingar um, hver muni verða útlán hinna stóru opinberu fjárfestingarsjóða og hvernig meiningin sé að afla fjár til þeirra útlána. Allt eru þetta þættir í opinberum framkvæmdum, fjárlagaútgjöldin, útgjöldin samkvæmt framkvæmdaáætlun og útlán fjárfestingarsjóðanna. Það er að miklu leyti sami fjármagnsmark aðurinn, sem á er leitað, fyrir utan ríkistekjur af tollum, sköttum og af einkasölum. Það er leitað á einn og sama fjármagnsmarkaðinn af hálfu ríkisins, af hálfu þeirra stofnana, sem fjármagna opinberar framkv. utan fjárlaga, og stóru fjárfestingarsjóðanna. Það er ekki hægt að mynda sér neina skynsaml. skoðun á því, hvort heildarframkvæmdir séu óeðlilega miklar eða kannske of litlar, — það er ekki hægt að mynda sér neina skynsamlega heildarskoðun á opinberum framkvæmdamálum nema hafa alla hina þreföldu mynd fyrir sér, og það er gersamlega ómögulegt að mynda sér skynsamlega og rökstudda skoðun á því, hvort fjáröflun til opinberra fram kvæmda á fjárlögum og utan fjárlaga og til útlánasjóðanna sé heilbrigð og skynsamleg, nema öll myndin liggi fyrir. Það er auðvitað meginhlutverk ríkisstj. og þeirrar stofnunar, sem á að vera í ráðum með henni, þ. e. Framkvæmdastofnunarinnar, að gera slíkt heildaryfirlit. Helzt ætti það að vera gert fyrir áramót, þ. e. áður en hlutaðeigandi ár byrjar. En það er óverjandi, að komið sé fram í fjórða mánuð ársins, áður en að nokkur slík heildaráætlun liggur fyrir. Að slíkt hefur nú gerzt, að komið skuli vera fram í fjórða mánuð ársins, áður en nokkur heildarmynd af opinberum útgjöldum eða fjáröflun til þeirra liggur fyrir, það er glöggt dæmi um það, að áætlunarbúskapur hæstv. ríkisstj. hefur brugðizt gersamlega, að ríkisstj. hefur brugðizt, að Framkvæmdastofnunin hefur brugðizt, að þessir aðilar eru í raun og veru að koma óorði á áætlunarbúskap. Ef áætlunarbúskap er beitt með réttum hætti, er hann ágætt hagstjórnartæki. En það er til lítils að bera sér orðið áætlunarbúskapur í munn, ef engin alvarleg tilraun er gerð til þess að hagnýta hann. En hæstv. ríkisstj. lætur meira en þriðjung af árinu líða án þess að gera nokkra alvarlega tilraun til þess að beita aðferðum áætlunarbúskapar til þess að stjórna hagkerfinu skynsamlega.

Hæstv. ríkisstj. getur ekki afsakað sig með því, að henni hafi ekki verið nógu snemma bent á það af öðrum trúnaðarmönnum en Framkvæmdastofnuninni, að hér væri mikið vandamál á ferðinni. Efnahagsmálanefndin, sem hæstv. ríkisstjórn skipaði á síðastliðnu sumri, gerði ríkisstj. og þm. rækilega grein fyrir því, að einmitt á árinu 1973 væri við alveg sérstakan vanda að etja í þessum efnum. Í skýrslu efnahagsmálan.,

sem þm. fengu til athugunar í nóv. s.l., var talið, að opinberar framkvæmdir utan fjárlaga mundu á þessu ári, 1973, verða 2160 millj. kr. og að útgjöld fjárfestingarsjóðanna mundu verða 2540 millj. kr., eða með öðrum orðum, að framkvæmdirnar og útlán sjóðanna mundu nema samtals 4700 millj. kr. Væri þetta miklu hærri upphæð en nokkurn tíma hefði áður verið um að ræða í hinum opinbera búskap. N. benti á, að vitað væri um mögulega fjáröflun í þessu skyni að upphæð 1580 millj. kr., en af því leiddi, að um fjárvöntun væri að ræða, sem næmi 3120 millj. kr. Það skorti m. ö. o. rúmlega 3 milljarða kr., til þess að hægt væri að hrinda í framkvæmd fyrirhuguðum opinberum framkvæmdum utan fjárlaga og hægt væri að lána það, sem fjárfestingarsjóðirnir vildu lána, rúma 3 milljarða kr. Efnahagsmálan. benti á, að þessu markmiði væri ekki hægt að ná með heilbrigðum hætti. Það mundi verða til að stórefla verðbólgu í landinu, ef staðið væri við þessar fyrirhuguðu framkvæmdaáætlanir. Þær yrði að skera niður að mjög verulegu leyti.

Í framhaldi af þessum till. voru bæði framkvæmdaáætlanir utan fjárlaga og útlánaáætlanir sjóðanna skornar niður að talsverðu leyti og enn fremur leitað eftir nýjum fjáröflunarleiðum. Endurskoðun, sem framkvæmd var í byrjun þessa árs eða eftir áramótin, leiddi til þeirrar niðurstöðu, að fjáröflunarvandinn minnkaði niður í 1741 millj. kr., þ. e. 416 millj. vegna opinberra framkvæmda og 1325 millj. kr. vegna fjárfestingarsjóðanna. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. vitað í 3 mánuði. Hún hefur vitað í 3 mánuði, að eftir að nokkrir hennar færustu embættismanna hafa gert áætlun um opinberu framkvæmdirnar og fjárþörf sjóðanna og eftir að þeir hinir sömu eru búnir að yfirfara þessar áætlanir, þá hefur ekki tekizt að skera fjárvöntunina niður meira en svo, að enn nemur hún 1741 millj. kr. eða rúmum 1700 millj. kr. Um þennan vanda hefur hæstv. ríkisstj. vitað í meira en 3 mánuði, og samt ekkert gert.

Mér vitanlega liggja engar áætlunartill. fyrir frá framkvæmdaráði Framkvæmdastofnunarinnar um það, hvernig þennan vanda skuli leysa. Því hefur að vísu heyrzt fleygt, að hæstv. ríkisstj. eða einstakir ráðherrar og framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunarinnar hafi verið að ræða um að leysa þennan vanda að meiri hluta með innlendum og erlendum lántökum, án þess að það sé tilgreint, hvar taka skuli erlend lán eða hvar taka skuli innlend lán umfram þá lánamöguleika innanlands og erlendis, sem þegar hefur verið ákveðið að hagnýta. Því hefur líka heyrzt fleygt, að Framkvæmdastofnunin telji þennan niðurskurð, sem gerður var í ársbyrjun, vera af mikinn og að fjárþörfin sé ekki 1740 millj., heldur nær 2000 millj. kr., og að hún telji nauðsynlegt að taka innlend og erlend lán til þess að jafna metin, sem nema því sem næst 1100 millj. kr. Ef þetta er rétt, að ríkisstj. og framkvæmdaráðið séu í raun og veru að hugleiða að jafna upp undir 2000 millj. kr. fjárvöntun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarsjóða með um 1100 millj. kr. erlendri eða innlendri lántöku, þá er hér um að ræða hið alvarlegasta ábyrgðarleysi, sem ekki gæti leitt til annars en stóraukins verðbólguvaxtar. Lánamarkaður innanlands er svo gjörnýttur, að telja má mjög litlar líkur á því, að hægt yrði að fá meiri lán innanlands en þegar eru fyrirhuguð, nema beinlínis að hella olíu á verðbólgubálið. Og að því er snertir lántökur erlendis til að standa undir opinberum framkvæmdum og fjárþörf fjárfestingarsjóðanna, þá er það að segja, að eftir því sem ég bezt veit, þá hafa verið fyrirhugaðar lántökur til langs tíma erlendis á þessu ári, að upphæð rúmlega 4000 millj. kr. Það hefur þegar verið ákveðið, — ég endurtek, — það hefur þegar verið ákveðið, að opinberar lántökur erlendis til langs tíma nemi rúmlega 4000 millj. kr. Á móti þessu koma auðvitað endurgreiðslur á eldri lánum, en á árinu í ár mun mega telja, að samkvæmt ákvörðunum, sem búið er að taka, muni verða skuldaaukning erlendis um 2500 millj. kr. Erlendar skuldir þjóðarinnar munu í ár aukast vegna þegar tekinna ákvarðana um 2500 millj. kr. Þetta jafngildir því, að erlendar skuldir aukizt um 75% á undanförnum þremur árum, þ. e. frá árinu 1971 til ársins 1973. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera kunnugt um þetta, og framkvæmdaráði Framkvæmdastofnunar hlýtur að vera kunnugt um þetta. Ef þessir aðilar eru samt að ráðgera hundruð millj. kr. nýjar lántökur erlendis ofan á þetta, þá segi ég, að það sé meira ábyrgðarelysi en í raun og veru er hægt að trúa alvöruríkisstj. til.

Sannleikurinn er sá, að það er í raun og veru móðgun með Alþ., það er bein móðgun við Alþ. að ætlast til þess, að það afgreiði frv., sem veiti hæstv. ríkisstj. heimild til lántöku, sem er meiri en einn milljarður, til að standa undir opinberum framkvæmdum, þegar ríkisstj. getur ekki gert Alþ. grein fyrir því hverjar muni verða opinberar framkvæmt samkv. sjálfu fjárlagafrv., og getur engar upplýsingar gefið um það, hvað fjárfestingarsjóðir muni geta lánað út á yfirstandandi ári og hvernig fjár til þess verður aflað. Þess vegna hefur þingflokkur Alþfl. tekið þá ákvörðun að taka ekki þátt í afgreiðslu þessa máls, ef ríkisstj. knýr fram atkvgr. um það. Auðvitað ætti málið að bíða, þangað til hæstv. ríkisstj. hefur gert upp hug sinn um það, til hvaða opinberra framkvæmda skuli efnt samkv. fjárl., og þangað til hún hefur gert sér grein fyrir því, hvernig mál fjárfestingarsjóðanna eigi að leysa. Fyrr er ekki hægt að ætlast til þess með sanngirni, að hið háa Alþ. taki afstöðu til meira en milljarðs kr. lántökuheimildar til handa ríkisstj.

Þetta undarlega ástand er auðvitað eitt dæmi þess, — en mörg dæmi þess höfum við horft upp á undanfarnar vikur og raunar mánuði, — að hæstv. ríkisstj. hefur gersamlega misst tök á stjórn efnahagsmála þjóðarinnar. Sú ríkisstj., sem í aprílbyrjun veit ekki enn, hver eiga að verða útgjöld samkv. fjárl. á yfirstandandi ári, — sú ríkisstj., sem veit ekki, hvernig fjárfestingarlánasjóðirnir eiga að fá það fé, sem þeir þurfa á að halda á árinu 1973, hún hefur ekkert vald á stjórn efnahagsmála þjóðarinnar. En samt vill hún fá heimild til á 2. þús. millj. kr. lántöku til að standa undir framkvæmdum utan fjárl.

Hér ber allt að sama brunni. Hæstv. ríkisstj. hefur fyrir löngu misst tök á stjórn íslenzkra

efnahagsmála, og þetta frv. og allur málatilbúnaður í því sambandi er enn ein sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að ríkisstj. stjórnar ekki lengur landinu, heldur lætur reka á reiðanum. Þess vegna sjáum við þm. Alþfl. ekki ástæðu til þess að taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Það geta hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar gert á sína eigin ábyrgð.

En fyrst ég hef farið nokkrum almennum orðum um efnahagsmál, eins og eðlilegt er í sambandi við frv. eins og þetta, þá langar mig að síðustu til þess að gera að umtalsefni tvær mikilvægar staðhæfingar, sem tveir af hæstv. ráðh. ríkisstj. hafa látið sér um munn fara í umr. í þessari hv. d., aðallega á undanförnum vikum, og margendurtekið og látið stuðningsblöð sín endurtaka tugum, ef ekki hundruðum sinnum á undanförnum vikum, — mikilvægar yfirlýsingar um grundvallaratriði íslenzkra efnahagsmála, sem báðar eru rangar og ég mun nú sýna fram á, að eru rangar.

Fyrri staðhæfingin hefur verið margendurtekin af hæstv. viðskrh. í umr. hér á hinu háa Alþ. á undanförnum vikum. Hann heldur varla svo ræðu, hæstv. viðskrh., að hann komi ekki þessari staðhæfingu sinni að. Og síðan endursegja stuðningsblöð hæstv. ríkisstj. þessa staðhæfingu 5—10 sinnum eftir hverja ræðu ráðh., og þá geta menn nærri, hve oft hún hefur komið á síðum stuðningsblaða ríkisstj. En staðhæfingin er um það, að dregið hafi úr vexti verðbólgu á Íslandi á valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. Máli sínu til sönnunar hefur svo hæstv. ráðh. nefnt vöxt vísitölunnar í nokkra mánuði, eftir að ríkisstj. kom til valda, í samanburði við einhverja aðra mánuði, meðan önnur ríkisstj. var við völd, og af því hefur hann dregið þá ályktun, að það sé sannað, að verðbólguvöxturinn sé minni síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, heldur en var, áður en hún tók við völdum. En þessi málflutningur er því líkastur, þegar menn slíta orð og setningar úr samhengi og draga síðan af þeim algildar ályktanir. Vilji menn bera saman frammistöðu núv. stjórnarflokka í verðbólgumálunum, er auðvitað réttast að athuga þróun framfærslukostnaðarvísitölunnar, síðan ríkisstj. kom til valda, og bera þann vöxt saman við allt það tímabil, — ekki hluta af því, heldur allt það tímabil, sem liðið hefur, síðan þessir flokkar voru síðast í ríkisstj. Þeir voru síðast í ríkisstj. í árslok 1958. Þá fór ríkisstj. Hermanns Jónassonar frá völdum og þar með Framsfl. og Alþb., sem báðir eru í núv. ríkisstj. Það, sem á að bera saman, er verðbólguvöxturinn frá ársbyrjun 1959 til miðs árs 1971 annars vegar og verðbólguvöxturinn frá miðju ári 1971 hins vegar til dagsins í dag, þ. e. til síðustu vísitölu. Þetta hljóta menn að játa fyrir fram, að er eini skynsamlegi og réttmæti samanburðurinn, sem til er, varðandi það, hvort verðbólgan hafi vaxið meira í tíð núv. ríkisstj. eða á þeim tíma, sem núv. flokkar voru ekki í ríkisstj. En á því tímabili sátu tvær stjórnir eða tvenns konar stjórnir að völdum, annars vegar minnihlutastjórn Alþfl. og hins vegar samsteypustjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Ég hef hér á blaði vísitölu framfærslukostnaðar 1. jan. 1959 og síðan 1. jan. hvers árs til 1. jan 1973 og auk þess vísitöluna á miðju árinu eða 1. júlí 1971 og síðustu vísitölu í febr. 1973. Ég þreyti hv. þm. ekki á því að lesa hverja einustu tölu, en í jan. 1959 var vísitalan 105 miðað við grundvöllinn 100 í marz 1959, þegar nýr vísitölugrundvöllur var innleiddur. Hún var 105 1. jan. 1959, þegar núv. stjórnarflokkar fóru úr stjórn, og hliðstæð vísitala var orðin 336 stig 1. júlí 1971, þegar þessir flokkar komu til valda, m. ö. o. hliðstæð vísitala hefur hækkað á þessu 12½ ári úr 105 upp í 336. Ef reiknaður er út árlegur meðal vöxtur vísitölunnar á þessu tímabili á ársgrundvelli, þá hefur hann reynzt 9,7%. Þegar ríkisstj. tók við völdum í júlí 1971, var vísitalan, eins og ég sagði áðan, 336. Síðasta vísitala, 1. febr. 1973, var 396. Hlutfallslegur vöxtur vísitölunnar á valdatíma núv. ríkisstj. á ársgrundvelli hefur því verið 10,8%. M. ö. o. á því 12½ árs tímabili, sem þessir flokkar voru utan ríkisstj., í stjórnarandstöðu, og aðrir fóru með stjórnina, var árlegur vöxtur vísitölu 9,7%, síðan þeir tóku við völdum, hefur árlegur vöxtur vísitölunnar verið 10,8% eða meira en einu stigi meiri.

Allar staðhæfingar hæstv. viðskrh. um þetta efni eru því rangar. Það er sannað með þessum opinberu tölum frá hagstofunni og síðan útreikningi á hlutfallslegum vexti vísitölunnar á þessum tveimur tímabilum á ársgrundvelli. Nú tel ég ekki nema sjálfsagt, að stuðningsblöð hæstv. ríkisstj. segi frá þessum upplýsingum mínum, sem eru tvímælalaust réttar, þótt ekki væri nema einu sinni, svo að það komi ofboðlítið á móti því, að þau hafa verið sagt 100 sinnum frá röngum upplýsingum hæstv. viðskrh. um þetta mál. Ef einhver treystir sér til þess að rengja þessar upplýsingar, þá skal vera mér að mæta öðru sinni. (**Gripið fram í:** Þá vita menn það.) Þá vita menn það, já. Upplýsingarnar eru frá hagstofunni, og það er áreiðanlega rétt reiknað út frá þeim. (Gripið fram í). Uppistaðan er frá hagstofunni, skýrslan gerð af hagstofunni sjálfri. (Gripið fram í). Já, prósentureikningurinn er örugglega réttur líka, það get ég fullvissað hæstv. fjmrh. um. Sem sagt, ég bíð nú með eftirvæntingu eftir því, hvort stuðningsmenn ríkisstj. vilja segja jafnáberandi frá þessum sannleika eins og frá ósannindunum. Þar reynir á, hvers konar blöð hæstv. ríkisstj. hefur sér til stuðnings. Tölurnar þarf ég ekki að endurtaka, af því að þær eru ekki svo flóknar.

Raunverulega er ekki öll sagan sögð með þessu. Ég lét við það sitja að skýra frá vexti framfærslukostnaðarvísitölunnar frá 1. júlí 1971 til febr. 1973, þeirri tölu, sem hagstofan er búin að reikna út. En hagstofan er búin að áætla hver vísitalan muni verða 1. maí. Hún er búin að áætla það. Hún áætlar ábyggilega ekki of hátt. Hún áætlar að vísitalan muni þá verða 430 stig. Lægri en þetta verður hún aldrei, það er öruggt, — hún verður fremur hærri en þetta. Þetta eru þær verðhækkanir, sem vitað er um. Ef við tökum tillit til þessara verðhækkana, sem vitað er um í dag, verður verðbólguvöxturinn eða aukning vísitölu framfærslukostnaðar í tíð núv. ríkisstj. ekki 10,8%, eins og ég gat um áðan, heldur 14,4% á ársgrundvelli, miðað við 9,7% á 12—13 ára tímabilinu, sem þessir flokkar voru utan ríkisstj. Stjórnarstuðningsblöðin mega gjarnan bæta þessum upplýsingum við fyrir lesendur

sína og almenning í landinu. Þetta tekur auðvitað enn frekar af öll tvímæli um það, að hæstv. viðskrh. hefur farið með rangt mál hér á Alþ. hvað eftir annað, þegar hann hefur staðhæft, að núv. ríkisstj. hafi dregið úr vexti verðbólgunnar eða vaxtahraða hennar.

um hönd hvað eftir annað á undanförnum vik-

Hin staðhæfingin, sem höfð hefur verið hér um hönd hvað eftir annað á undanförnum vikum, — þar á hæstv. fjmrh. hlut að máli, — hefur verið um það, að launþegar hafi aldrei búið við jafngóð kjör og þeir búa við núna, og það er rétt. Því er fyrir að þakka, að þjóðarframleiðslan hefur vaxið mjög mikið og verðlag erlendis aldrei farið jafnört hækkandi og einmitt nú undanfarið. Þetta hefur auðvitað komið launþegum verulega til góða, svo sem vera ber. En hæstv. ráðh. hefur einnig sagt, að aukningin sé meiri nú en nokkurn tíma áður, og í öðru aðalstuðningsblaði hæstv. ríkisstj., Þjóðviljanum, hefur slíku og því um líku verið haldið fram í tíma og ótíma, endalaust. Ég veit ekki, hve oft þetta hefur verið endurtekið. En þetta er rangt. Það skal ég nú sýna fram á og vitna einnig í opinberar heimildir. Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeildin, gaf, eins og allir vita, út rit um þjóðarbúskapinn 1972 og horfur 1973 í okt. s. l. Á bls. 22 í þessu opinbera heimildarriti Framkvæmdastofnunar og þar með ríkisstj. er skýrsla eða yfirlit um breytingar kauptaxta, tekna og verðlags á árunum 1970—1972, og eru tölurnar fyrir 1972 áætlaðar. Nú er þess fyrst að geta, að þegar hæstv. ráðh. og blöð þeirra, Tíminn og Þjóðviljinn, skýra frá breytingum á kjörum launþega, þá eru svo að segja alltaf allir útreikningar miðaðir við kauptaxta launþeganna. En það þarf ekki að skýra fyrir hv. þm., að launþegar lifa ekki á töxtunum, þeir lifa ekki á kauptöxtunum, þeir lifa á þeim tekjum, sem þeir öðlast á grundvelli kauptaxtanna. Þess vegna er sú staðreynd, sem á að athuga, þegar er verið að athuga lífskjör og breytingar á þeim, atvinnutekjur einstaklinganna, heildaratvinnutekjur þeirra og breytingarnar á þeim. Síðan þarf að athuga skattana og breytingarnar á þeim, vegna þess að einstaklingarnir nota ekki þann hluta tekna sinna, sem hið opinbera tekur í skatta. Mismunurinn á tekjum einstaklinganna og sköttunum er kallaður á hagfræðimáli ráðstöfunartekjur heimilanna, og um þær eru líka gefnar sem lokaniðurstöður upplýsingar í þessari skýrslu um þjóðarbúskapinn 1970—1972.

1970 var síðasta heila árið, áður en núv. ríkisstj. kom til valda, 1972 er fyrsta heila árið, sem hún var við völd, og þessi tvö ár skulum við því bera saman til þess að dæma um það, hvort hæstv. fjmrh. hefur farið með rétt mál, þegar hann hefur verið að halda því fram og sömuleiðis Tíminn og Þjóðviljinn, að kjarabætur hafi aldrei í sögunni orðið meiri en þær hafa orðið á tímum núv. ríkisstj. Samkv. þessari skýrslu, á bls. 22, jukust heildaratvinnutekjur einstaklinga 1970, síðasta árið áður en ríkisstj. kom til valda, um 28%. Þær jukust árið 1972, fyrsta heila árið, eftir að ríkisstj. kom til valda, um 30%, þ. e. 2% meira. En sagan er ekki öll sögð með þessu, vegna þess, sem segir ofar á síðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Álagning beinna skatta og fasteignaskatta hækkaði verulega á þessu ári, 1972, miðað við síðasta ár, og meira en brúttótekjur einstaklinga, þannig að ráðstöfunartekjur heimilanna aukast lítið eitt minna á árinu en brúttótekjurnar eða um 28%."

Nokkrum línum neðar eru sýndar ráðstöfunartekjur heimilanna, þ. e. atvinnutekjurnar mínus skattarnir árin 1970 og 1972. Ráðstöfunartekjur heimilanna, þ. e. þær tekjur, sem menn gátu ráðstafað til neyzlu og fjárfestingar, — það sem menn höfðu til þess að ráðstafa, þegar ríkið var búið að taka sitt og aðrir opinberir aðilar — jukust 1970, síðasta árið áður en stjórnin kom til valda, um 30,8%. 1972, fyrsta árið eftir að hún kom til valda, jukust þær um 28,0%. M. ö. o.: á síðasta árinu, áður en stjórnin kom til valda, jukust tekjurnar um 30,8% eða 2,8% meira en á fyrsta árinu, eftir að hún kom til valda.

Þá geta menn séð, hvort það er rétt, sem hæstv. fjmrh. hefur verið að segja, að kjarabætur hafi aldrei orðið meiri en eftir að ríkisstj. kom til valda. Þá geta menn séð, hvort það er rétt, sem Tíminn og Þjóðviljinn hafa sagt í tugi skipta á undanförnum vikum, að kjarabót hafi aldrei verið meiri en síðan ríkisstj. kom til valda. Hvort tveggja er rangt, alrangt. Þetta eru rangar staðhæfingar, ósannindi. Hér er ekki um að ræða neitt, sem ég hef reiknað út eða fundið út á nokkrum forsendum. Þetta er opinber skýrsla hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, gefin út af Framkvæmdastofnuninni eða ríkisstj. Ég veit ekki, hvor aðilinn hefur gefið ritið út. En hér er auðvitað um óyggjandi heimildir að ræða.

Ég ætla að leyfa mér að óska þess, að bæði helztu blöð ríkisstj. skýri frá þessum staðreyndum, þótt ekki væri nema einu sinni, til uppbótar á þeim hundruðum skipta, sem þau eru búin að fara með rangar staðhæfingar um þessi efni. Ef ráðh. og opinber málgögn hafa áhuga á því að segja satt, þá ættu nú ráðh. að hætta þeim staðhæfingum, sem þeir hafa viðhaft hér undanfarið, og játa hreinskilnislega, að það sé rétt hjá hagrannsóknadeildinni og mér, sem ég hef verið að segja um verðbólguvöxtinn og kjarabæturnar. Ef blöðin vilja hafa það, sem sannara reynist, ættu ritstjórar þeirra að reynast menn til þess að sýna, að þeir vilji heldur hafa það, sem sannara reynist. Það er kannske ekki hægt að ætlast til þess, að þeir hafi sjálfir haft framkvæmd í sér til þess að leita þessara upplýsinga uppi, þó að þær séu ekki afskaplega torfundnar. Ég lái blaðamönnum það ekki, þeir hafa hitt og þetta að gera og hafa sínum herrum að þjóna. En það er vítavert af ráðh. að nota ekki eitthvað af þjónum sínum til þess að leiða sig í sannleika um þessi efni. Er þeir hefðu spurt einhvern af sínum færu sérfræðingum, hver verðbólguvöxturinn hafi verið á því tímabili, sem þeir voru utan stjórnar, og hver hann hafi verið núna, hefðu þeir fengið þetta svar, sem ég var að lesa núna. Og ef þeir hefðu spurt: Hver var aukning raunverulegra tekna heimilanna á árunum 1970 og 1972? — þá hefðu þeir fengið svarið, sem þeir hafa fengið núna. Það skiptir ekki máli, hvenær þeir fengu það. Aðalatriðið er, að nú eru þeir búnir að fá að vita sannleikann

í málinu, og nú er bara að vita, hvaða tillit þeir taka til hans.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla mér nú ekki að fara út í almennar umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hv. frsm. fjh.- og viðskn. hafa gert glögga grein fyrir sínum viðhorfum í þessum efnum í stórum dráttum. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, var sú, að ég hef ásamt hv. þm. Gunnari Gíslasyni og Pálma Jónssyni, leyft mér að flytja brtt. á þskj. 192 um þetta frv., sem hér er til umr. Brtt. er í því fólgin, að í stað orðanna „Stofnlína Norðurland-Suðurland" í 10. gr. komi orðalagið „Til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland." Hér er sem sagt ekki um að ræða breytingu á fjárhæðum, heldur er hér þess freistað að víkka heimild hæstv. ríkistsj. til þess að nota fjármagn á skynsamlegan hátt, sem er ætlazt til í þessari 10. gr. að nota til stofnlínu Norður- og Suðurlands, það megi nota almennt til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland.

Eins og hv. þm. mun eflaust vera kunnugt, hefur það verið stefna forustumanna Norðlendinga í orkumálum, að kannaðar verði allar orkuöflunarleiðir, bæði á Norðurlandi og eins sú leið að afla orku sunnan yfir fjöll, þessar leiðir verði kannaðar og þær verði bornar saman á hlutlægan hátt og síðan tekin ákvörðun í málinu. En eins og mönnum er e. t. v. líka kunnugt, hefur hæstv. ríkisstj. verið þessari leið andvíg, og hv. frsm. meiri hl. nál., hv. 5. þm. Austf., sagði raunar, að hæstv. ríkisstj. hefði, þegar Sigölduvirkjun var ákveðin, ákveðið einhliða, að lína yrði lögð norður yfir fjöll og þar með Norðlendingum tryggð raforka á þann hátt. Ég vil til staðfestingar því, hver er stefna fyrirsvarsmanna Norðlendinga í þessu máli, lesa upp almenna ályktun um orkumál, sem var gerð á fundi fjórðungsráðs Norðlendinga í marz s. l. Þar var um ítrekun að ræða á fyrri stefnu, — stefnu, sem var tekin af milli 60 og 70 sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi á s. l. hausti, en í þessari ályktun segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsráð Norðlendinga telur ástand orkumála á Norðurlandi með öllu óviðunandi og geti svo farið, að orkuskortur hefti framþróun í fjórðungnum á næstu árum. Telur ráðið, að mjög skjótra aðgerða sé þörf, ef komast á hjá vandræðum. Það er skoðun fjórðungsráðs, að með ákvörðunum, sem Fjórðungssamband Norðlendinga hafi ekki átt aðild að, hafi ríkisstj. í reynd tekið til sín af heimamönnum frumkvæði í orkumálum Norðurlands. Telur Fjórðungsráð þetta mjög varhugavert og leggur áherzlu á, að lík mál eigi að leysa í samstarfi ríkisvalds og heimamanna. Ítrekar fjórðungsráð fyrri áskorun sína um, að skipuð verði hið fyrsta nefnd ríkisstj. og Fjórðungssambands Norðlendinga, sem geri hlutlausa könnun á orkuþörf, orkuöflun og dreifingu raforku á Norðurlandi. Verði sú leið til orkuöflunar valin, sem hagkvæmust reynist fyrir Norðurland sem og þjóðarheildina."

Þessari brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim, sem ég gat um áðan, er ætlað að halda opnum dyrum til þess að þessa stefnu samtaka heimamanna á Norðurlandi sé hægt að framkvæma. En eins og þetta er orðað í frv., sem borið er fram af hæstv. ríkisstj., yrði ekki um það að ræða að framkvæma þá stefnu að hafa samráð við Norðlendinga um, hvaða orkuöflunarleið yrði farin, ef því er slegið föstu, að því fjármagni, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að verja til þessara mála, sé eingöngu varið til athugana á stæði fyrir stofnlínu Norðurland-Suðurland og til þess að fjármagna þá framkvæmd.

Ég vil aðeins, fyrst ég er farinn að ræða þessi mál hér, gera hv. þm. grein fyrir því, að það lítur svo út, að það verði mjög dýrt fyrir þjóðarbúið í heild að fara þá leið til orkuöflunar á Norðurlandi, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að fara og virðist staðráðin í að framkvæma, þrátt fyrir að heimamenn vilji fara aðrar leiðir. Ég hef aðeins kannað það, hvað mikil orka yrði flutt eftir þessari línu á næstu árum miðað við orkuspár fyrir Norðurl. v. og Norðurl. e. og miðað við þá framleiðslu á orku, sem er nú á Norðurlandi. Og það kemur út úr því dæmi, að á árunum 1975—1980 verði flutt nokkurn veginn eftirtalið magn orku í millj. kwst: Á árinu 1975 yrðu fluttar 14 millj. kwst, 1976 17 millj., 1977 20 millj., 1978 27 millj., 1979 39 millj. og 1980 52 millj. Ef lagt er venjulegt arðsemismat á þessa línu, þ. e. a. s. hún látin standa undir þeim kostnaði, sem í er ráðizt vegna hennar, og rekstrarkostnaði af henni, og þessi orka er flutt eftir henni, þá kostar raforkan á Norðurlandi, miðað við, að hún kosti 35 aura í Sigöldu, sem er mjög lágt verð — hún kostar áreiðanlega miklu meira þegar sú virkjun verður komin í gagnið, — en miðað við, að hún kosti einungis 35 aura í Sigöldu, þá er orkuverðið miðað við ofangreindar tölur hvorki meira né minna, þegar það er komið til Norðurlands en 3,35 kr. 1975, 2,82 kr. 1976, 2,45 kr. 1977 og 1,91 kr. 1978, 1979 1,43 kr. og 1980 1,11 kr. Hér er sem sagt um að ræða óheyrilega dýra orku, sem einhver verður að borga, annað hvort þjóðin í heild eða orkunotendur á Norðurlandi. Inn í þetta dæmi er þá alls ekki búið að taka, að það þarf auðvitað að reisa miklu meiri varaaflsstöðvar á Norðurlandi, ef þessi leið verður farin í orkuöflunarmálum fyrir Norðlendinga. Það gefur auga leið, að það er ekki hægt að sætta sig við það, að ein lína norður yfir fjöll eigi að fullnægja verulegri orkuþörf fyrir heilan landsfjórðung. Við þekkjum dæmin hér af því, hvað það hefur haft slæmar afleiðingar á Suðvesturlandi, þar sem eru þó tvær línur frá stórum orkuverum til höfuðborgarsvæðisins, að þar hefur orðið samt sem áður verulegt tjón, beint tjón, vegna þess að orkuskortur hefur orðið, þegar þessar línur hafa bilað, hvað þá þegar um er að ræða línu yfir hálendið, sem engin reynsla er fyrir og allar athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, benda í þá átt, að það verði mjög undir hælinn lagt, hvað þessi lína yrði örugg. Og við vitum það, að í slæmum veðrum um miðjan vetur, verður ekki farið inn á hálendið til þess að gera við slíkar línur, jafnvel svo að dögum eða vikum eða kannske mánuðum skiptir, þannig að varaafl þarf auðvitað að auka mjög á Norðurlandi, ef þessi leið evrður farin, og það er ekki komið inn

í þetta dæmi. Ég get til hliðsjónar nefnt það hér og upplýst hv. þm. um það, að nú í haust kom út skýrsla um gufuaflsvirkjanir við Mývatn eða þar í grennd, og þær benda til miklu hagstæðari niðurstöðu um orkuöflun fyrir Norðlendinga heldur en þessi leið, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera búin, ef svo mætti segja, að ákveða eða a. m. k. vilja ákveða með þessu orðalagi í þessari framkvæmdaáætlun. Kemur fram í þeirri skýrslu, að 8 megaw. virkjun muni kosta 274 millj. kr. í heild eða miklu minna en lína norður og að kostnaðarverð á kwst. raforku úr þeirri virkjun sé 60 aurar, 12 megaw. virkjun muni kosta 311 millj. kr. og kostnaðarverð raforku úr þeirri virkjun muni vera 44 aurar og 16 megaw. virkjun muni kosta 365 millj. kr. og kostnaðarverð á kwst. 38 aurar. Það er sem sagt þrisvar sinnum minni kostnaður við þessa orkuöflun heldur en orkukostnaður verður á Norðurlandi 1980 samkv. þeirri leið, sem hæstv. ríkisstj. virðist vilja fara, þvert ofan í óskir allra heimamanna. Og er þá, eins og ég sagði áðan, alls ekki tekið tillit til þess, að það þarf að gera stórátak um varaafl á Norðurlandi.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að ég vil freista þess að bera fram þessa brtt., og ég vil óska þess þegar í stað við hæstv. forseta, að hann láti fara fram nafnakall um þessa till., þannig að það verði alveg ljóst, ef hún verður felld, að þá sé hæstv. ríkisstj. og þar með þm. Norðlendinga að ákveða það, að ekki skuli fara að óskum Norðlendinga í þessu efni og það skuli fara að á þennan óhagkvæma hátt fyrir þjóðina í heild, eftir því sem bezt verður séð. En það eru óskir heimamanna, eins og ég las upp hér áðan, að það verði sett á laggir n. til þess að kanna þetta. Og þetta er fljótkannað mál, því að það liggja margar og miklar upplýsingar fyrir um það, og þá ætti að koma óyggjandi í ljós, ef þetta er rangt hjá mér. En ég tel, að allar líkur bendi í þá átt, sem ég hef hér verið að segja um þetta efni.

Það er annað atriði í sambandi við þetta frv. um heimild fyrri ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, sem ég vildi gera að örstuttu umræðuefni. Það er brtt. hv. fjh.- og viðskn. um 10. gr., þ. e. e-liður brtt. Hann fjallar um Norðurlandsáætlunina, hafnir og flugvelli. Þar er lagt til, að aflað verði 4 millj. kr. í viðbót til þessarar áætlunar vegna öldubrjótar á Siglufirði. Að því er mér skildist á hv. frsm. meiri hl. n. Ég get að sjálfsögðu verið meðmæltur því, að þetta sé gert. En ég verð að lýsa yfir óánægju minni yfir því, að þetta skuli hafa verið gert, en þá jafnframt ekki tekinn til athugunar niðurskurður, sem hæstv. ríkisstj. gerði á þessu á sínum tíma. Hæstv. forsrh. upplýsti hv. Alþ. um það á sínum tíma, að það mundi verða aflað 50 millj. kr. til hafna og flugvalla á Norðurlandi eftir Norðurlandsáætlun á þessu ári, og m. a. yrði þá ákveðinni fjárhæð varið til hafnargerðar í Ólafsfirði. Síðan kom frv. hæstv. ríkisstj. fram, og þá var sú framkvæmd skorin niður og þá líka öldubrjótur á Siglufirði. En nú hefur hann fundið náð fyrir augum hæstv. ríkisstj., væntanlega vegna orða hæstv. forsrh., og ég vildi gjarnan óska eftir því, að hann myndi eftir þeim orðum, sem hann hafði hér við hv. Alþingi, og tæki til athugunar, hvort ekki væri rétt að standa við hitt líka, fyrst hann er búin að leiðrétta þennan þátt í því, sem hann sagði hér áður, og taka þá inn það, sem hann sagði í sama skipti, og að framlag til Ólafsfjarðarhafnar yrði einnig tekið hér inn í og Norðurlandsáætlun fengi 50 millj. af þeirri fjáröflun, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að afla eftir þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil víkja örfáum orðum að málflutningi þeirra frsm. 1. og 2. minni hl. fjh.- og viðskn.

Hv. 7. þm. Reykv., sem talaði fyrir áliti 2. minni hl., lauk ræðu sinni með því að gera samanburð á vísitöluhækkunum í tíð núv. og fyrrv. ríkisstj. Ég vil í því sambandi rétt minna á hvað gerðist árið 1967. Nokkru fyrir kosningarnar var gerð verðstöðvun, sem menn hafa svo seinna kallað kosningaverðstöðvun, því að fyrirbrigðið endurtók sig 1971. Þessi verðstöðvun stóð fram á haustið 1967. Þm., sem þá voru á þingi, er það að sjálfsögðu minnistætt, hvernig þá var málum komið. Stjórnarliðið vissi ekki sitt rjúkandi ráð, fyrr en svo lánlega vildi til fyrir það, að Bretar felldu gengi sterlingspundsins, og þá leystu þeir sín mál að nokkru með stórfelldri gengislækkun, miklu meiri en sem svaraði lækkun pundsins. Sami leikur var svo endurtekinn aftur fyrir kosningarnar 1971, þ. e. a. s. þá var aftur byggð svikul stífla fyrir verðbólguflóðið, kosningaverðstöðvun var framkvæmd aftur, en ekki með sama árangri gagnvart kjósendum, því að þeir létu ekki blekkjast þriðja sinnið af þessu bragði, en auðvitað með sömu afleiðingum að öðru leyti. Það hefur víst enginn reiknað það út í prósentum, hvað það kostaði í hækkun vísitölu, þegar sú stífla sprakk og allur dammurinn, eins og hann var þá líka þokkalegur, flæddi yfir þjóðina. Það væri kannske ekkert úr vegi að taka það inn í samanburð líkan þeim, sem hv. 7. þm. Reykv. var að gera. En annars er þessi prósentureikningur hv. 7. þm. Reykv. eitt hið allra kunnasta og þekktasta fyrirbrigði í íslenzkum stjórnmálum, sem þjóðin öll gerþekkir og ástæðulaust er að ræða margt um hér.

Það mætti halda af málflutningi bæði í nál. og í ræðum frsm. minni hl. fjh.- og viðskn., að það væri gífurlegur ágreiningur um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þeir væru ákveðnir í því að einbeita sér og öllu stjórnarandstöðuliðinu til þess að fella þennan djöfuls óskapnað og koma frv. fyrir kattarnef. Það eru komin ítarleg nál., og það er búið að flytja æðilangar og vel uppbyggðar ræður um þetta mál. En þegar menn lesa með athygli nál. og hlýða á þessar ræður, þá verður allt annað upp á teningnum. Þar er næstum engin gagnrýni á frv., heldur er rætt í löngu máli um vinnubrögð ríkisstj. og hvað hún hafi verið sein að afgreiða sjóðamálin. Eiginlega hefðu þessir hv. þm. getað komið þessu öllu saman fyrir í einni setningu með því að hafa yfir gamla visuorðið: „Illa gengur að afgreiða póstinn."

Ég sagði það í minni framsögu og er ekkert að draga fjöður yfir það, að það er auðvitað æskilegt, að samferða verði allt í senn: fjár-

lög, framkvæmdaáætlun og yfirlit um þarfir sjóðanna. Að þessu hefur verið stefnt. Fyrrv. ríkisstj. stefndi að þessu, þótt henni tækist það aldrei. Og að þessu er stefnt og það verður stefnt að þessu, enda þótt þetta hafi mistekizt núna. Viðreisnarstjórninni tókst aldrei að láta þetta verða samferða, því að framkvæmdaáætlunin hefur aldrei fylgt fjárlögunum. Frv. um lántöku vegna hennar var á þeim árum aldrei lagt fram fyrr en á útmánuðum og fylgdi aldrei fjárlögunum og var oft mjög seint á ferðinni. Eins var með afgreiðslu sjóðanna. Hún var oft seint á ferðinni. Á öllum tímum eru vandkvæði á því að ráða til lykta þessum vandasömu málum, þó að ekki bættist við það, sem nú hefur gerzt, voðaatburðir af völdum náttúruhamfara, sem auðvitað gera strik í reikninginn á þessum sviðum eins og á öðrum, þó að flokkar þeir, sem þessir frsm. hafa talað hér fyrir, hafi heimskað sig á því að halda því fram, að slíkt snerti ekki efnahagsmál þjóðarinnar í heild. Það er kapítuli út af fyrir sig.

Nei, þetta er gömul og ný saga. Ég skal ekki segja, að viðreisnarstjórnin hafi bisað við það í 12 ár að tengja saman fjárlög, framkvæmdaáætlun og fjáröflun vegna lánasjóða, en í síðasta skiptið, þegar Magnús Jónsson, fyrrv. hæstv. fjmrh., talaði fyrir framkvæmdaáætluninni, þá harmaði hann það, að þetta hefði ekki enn tekizt, en að þessu bæri að stefna. Ég segi ekki, að hann hafi bisað við þetta í 12 ár, en mörg ár, og það tókst ekki. Og það var auðvitað fleira af svona málum, ekki sízt á efnahagssviðinu, sem verið var að glíma við, t. d. leiðréttingar í skattamálum. Mér er minnisstæð lýsing þáv. hæstv. fjmrh. á því, hvernig tekju- og eignarskattalögin væru í reynd, þegar hann talaði síðast fyrir breytingu á þeim lögum. Hún var ekki falleg. Nei, það er engin ástæða til þess að vera með þennan glumrugang, þó að þessi mál séu ekki samferða nú fremur en oft áður.

Ég er nú ekki alveg viss um, að það sé eins mikil alvara á bak við kröfurnar um það að fá þessar upplýsingar — vissulega æskilegar upplýsingar — um málefni lánasjóðanna og um niðurskurð á fjárlögum, eins og hv. frsm. minni hl. vilja vera láta. Þetta frv. var fyrst tekið fyrir í fjh.- og viðskn. 16. des. og þá aðeins rætt. Svo var ekki meira um það fjallað fyrir áramótin, og var þá samkomulag um að láta það bíða. En þegar þetta var tekið fyrir í annað sinn í n. 22. marz, þá satt að segja boðaði ég þann fund m. a. til þess, að menn gætu áttað sig á því, hvaða upplýsingum þeir óskuðu eftir, en það hefur verið venja að biðja um ýmsar upplýsingar í sambandi við þetta mál. En þá komu engar sérstakar óskir fram á þeim fundi, og ég skyldi það svo, að menn væru tilbúnir að afgreiða málið á þriðjudag næstan á eftir þessum, sem við og gerðum raunar. Það er ekki fyrr en á mánudag, að það koma fram ákveðnar óskir um tiiteknar upplýsingar, þ. e. 26. marz, en á fundinum, sem við héldum 22. marz, kom ekki þessi beiðni fram. Mér finnst þetta benda til þess, að það sé ekki eins mikil alvara á bak við þetta og hv. frsm. vilja vera láta, á bak við þessa kröfu, þó að þeir virðist nú telja það alveg ófrávíkjanlegt og óhjákvæmilegt atriði, að þessar upplýsingar liggi fyrir hér við meðferð málsins.

Nálega öll gagnrýni hv. ræðumanna, frsm. minni hl., snerist um vinnubrögð ríkisstj. Þó er það nú svo, að 1. minni hl. kemur inn á efnisatriði þessa frv. í niðurlagi í nál. sínu, og segir þar, að það ætti að hugsa alvarlega um að draga úr framkvæmdum hins opinbera, einkum þar sem þær hafa verið mestar, o. s. frv. Hvað meina svo hv. þm. með þessu, þeir sem standa að þessu áliti? Hafa þeir lagt fram einhverjar tillögur um það að hægja á í sambandi við þetta mál, sem hér er til meðferðar, — þetta mál sérstaklega? Það fylgdi ekki með. Og það er ástæða til þess í sambandi við bollaleggingar þeirra, að líta aðeins á frv. eins og það liggur fyrir og hvað þar er um að tefla. Og ef við lítum á frv. eins og það liggur hér fyrir í heild, með þeim brtt., sem fluttar voru á þskj. 444 og ég lýsti, þá kemur í ljós, að allur obbinn af því fjármagni, sem um er að ræða í þessu frv., gengur til tveggja meginþátta, annars vegar til rafmagnsmála og þá fyrst og fremst í dreifbýli, því að þar starfa Rafmagnsveitur ríkisins, og hins vegar til samgöngumála — langsamlega mestur hlutinn, hitt eru hreinir smámunir miðað við heildina.

Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í að rifja þetta upp í einstökum liðum. Menn hafa þetta fyrir framan sig á borðunum. Og þá er það spurningin, eftir að hafa lesið þessi niðurstöðuorð í nál. 1. minni hl.: Treystir hv. frsm. 1. minni hl. sér til þess að lækka einhvern af þessum liðum og þá að marki? En eins og ég sagði áðan: Um það fylgdi engin tillaga. Auðvitað eru rafmagnsmál og samgöngumál í eðli sínu alltaf mál þjóðarinnar allrar. En það, sem hér er um að tefla, er þó jafnframt alveg sérstaklega dreifbýlismál. Langstærsti liðurinn, Rafmagnsveitur ríkisins, eru mál, sem heyrir dreifbýlinu til alveg sérstaklega. Laxárvirkjunin á að mata stóran landshluta utan aðal þéttbýlissvæðisins. Sveitarafvæðingin, stofnlínan norður, þetta allt saman er nátengt hagsmunum landsbyggðarinnar. Sama gildir um samgönguþáttinn í stórum dráttum, þó að hann snerti líka þéttbýlið. Og auðvitað eru öll samgöngumál samanslungin og snerta þjóðfélagið í heild. En þarna eru stórir hlutir, sem snerta þéttbýlið líka, eins og t. d. Hafnarfjarðarvegurinn, sem er mjög mikið og dýrt verk, sem ég vil segja, að verði að ljúka. Það er afskaplega lítil hagsýni í því að leggja stórfé í verk á borð við þetta og ljúka þeim ekki, þannig að þau komizt í gagnið.

Þetta er það, sem við blasir, ef menn rýna í einstaka þætti þessarar áætlunar, að málin eru svona vaxin, og svo segir hv. 1. minni hl. þetta, sem ég vitnaði til áðan, að það ætti að hugsa alvarlega um að draga úr framkvæmdum hins opinbera, þar sem þær hafa verið mestar, án þess að flytja till. um eitt einasta atriði og án þess að víkja að einstökum liðum í nál. hv. minni hl., sem er undirskrifað af tveimur hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen. Það er ástæða til að spyrja: Er þetta hægt, Matthías? Þannig var einhvern tíma spurt áður. Þá var svarið já — eftir nánari athugun! En ég held, að hér gildi ekki það sama. Ég held, að ef þeir gefi sér tíma til að hugsa sinn gang, að

þeir mundu komast að því, að það er ekki hægt að taka mikið mark á svona málflutningi, nema beinar till. fylgi. Annars er það ekki hægt.

Þetta sá líka frsm. 1. minni hl., þótt seint væri. Hann sá það ekki fyrr en hann fór að tala hér áðan. Þá svall honum móður. Og hann var þangað til að mjálma í sig móðinn, að hann setti fram ákveðna tillögu. Og það var virðingarvert út af fyrir sig, að láta sig hafa það. Hann sló því fram í fyrsta lagi, hvort ekki væri rétt að láta Sigölduvirkjun bíða í eitt ár. Nú er Sigölduv. að vísu ekki í þessu frv., en hún er náttúrlega einn liður í þeim verkefnum, sem þarf að fjármagna. Nú skal ég ekki gera mig að dómara í þessu, hvort hægt er að láta Sigölduvirkjun bíða í eitt ár. En allur málflutningur, sem ég hef heyrt í sambandi við þetta mál, er á þá leið, að hér á mesta þéttbýlissvæði landsins vofi yfir orkuskortur, ef ekki er haldið áfram skv. áætlun við þessa virkjun. Ef þetta er rétt, þá gæti það orðið þjóðinni dýrt að láta slíkar framkvæmdir bíða, fresta þeim um eitt ár. Og það þarf þá raunar ekki að líta eingöngu til yfirvofandi orkuskorts, heldur sér hver maður hvað það kostar í óhagkvæmni og í vöxtum, að stöðva slík verk eða hægja á þeim í miðjum klíðum, svo að ég efast um, að þetta sé raunhæft, þó að það sé virðingarvert að manna sig upp í það að nefna ákveðið atriði. Og hann nefndi líka annað atriði og það snertir þetta frv. Hann nefndi einnig hraðbrautarframkvæmdir hér syðra. Nú er það svo, að í vegáætlun fyrir 1973 er gert ráð fyrir aðalhraðbrautarframkvæmdunum hér suður á Reykjanesskaga eða fyrir eitthvað um 90 millj. kr. Og þá fer það kannske að verða skiljanlegt, að þeir nafnar, hv. 2. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Reykn., hikuðu við að gera um þetta sameiginlega tillögu, enda hugsa ég, að hv. 2. þm. Vestf. hafi bara dottið þetta í hug, þegar hann var kominn í „stuð" hérna í ræðustólnum. Hér til viðbótar eru líka ráðgerðar framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg, þar sem hann kemur beint inn í sundurliðun í 10. gr., eins og vikið hefur verið að. En hvað sem því líður, hvers vegna ekki var nú gerð um þetta tillaga af hálfu þeirra í 1. minni hl., hvað væri þá efnislega séð um það að segja að fresta þessum verkum? Nú hef ég ekki haft tíma til þess að setja mig inn í það að nýju, eða rifja upp þau fræði, sem okkur voru þulin, þegar vegáætlunin var gerð. En það má mikið vera, ef þessar vegaframkvæmdir eru ekki taldar einhverjar þær arðbærustu, sem hægt er að gera. Þarna er um að ræða að leggja varanlegt slitlag á og byggja upp vegi, sem liggja undir mjög mikilli umferð og mér þykir líklegt að séu ekki stórum betri yfirferðar heldur en Keflavíkurvegurinn sjálfur var orðinn, áður en hann var lagður varanlegu slitlagi. Og þá gefur það auga leið, að þessi framkvæmd hlýtur að vera, miðað við vegaframkvæmdir á Íslandi, mjög arðbær og beinlínis gjaldeyrissparandi, vegna þess gífurlega sparnaðar, sem leiðir af varanlega slitlaginu, í rekstri bifreiðanna. Þetta þarf sjálfsagt vel að skoða, áður en út í það væri farið, og frá mörgum hliðum.

Í nál. 1. minni hl. er vikið að manneklunni og alveg sérstaklega manneklu í sjávarútvegi. Og frsm. þess nefndarhluta kom inn á þetta í sinni ræðu. Þar er vissulega mikið vandamál á ferðinni, sem út af fyrir sig þarf að vega og meta, þegar ákvörðun er tekin um opinberar framkvæmdir. En það er þó, ef ekki villandi, þá a. m. k. ekki nægilegt að líta fyrst og fremst á þann þátt út frá því ástandi, sem ríkir á vetrarvertíð. Það er vegna þess, í fyrsta lagi, að það mun vera ein mannfrekasta árstíðin í sjútveginum, og svo hins vegar, að þá er fæst fólk á vinnumarkaðinum vegna þess fjölda, sem þá er í skólum landsins. En svo vill hins vegar til, að opinberar framkvæmdir margar eru að miklum hluta unnar á sumrin, þegar skólafólkið hópast út úr skólunum og leitar á vinnumarkaðinn. En enda þótt þetta sé þannig vaxið, þá er hér auðvitað aðgæzlu þörf. Og að sjálfsögðu er leitazt við á hverjum tíma af hálfu stjórnarvalda, að taka fullt tillit til þessa atriðis. En það kemur engin ákveðin ábending fram um þetta í tillöguformi, ekki frekar en annað varðandi þetta frv., frá talsmönnum minni hl.

Það er ekki rétt í nál. 1. minni hl., þar sem sagt er, að ríkisstj. leggi áherzlu á að hækka opinberar framkvæmdir um 150 millj. kr., frá því, sem var í frv., þegar það var lagt fram. Þessi hækkun er um 200 millj. kr., eins og ég hélt, að við hefðum verið búnir að rifja upp í n. og ætti að vera alveg augljóst af brtt. Það er nú mál út af fyrir sig. Þessi hækkun er sem sagt gagnrýnd, án þess að nokkrar formaðar till. fylgi og engar till. utan þessarar, sem ég gat um, hjá frsm. 1. minni hl. Út af þessu vil ég til viðbótar því, sem ég hef áður sagt um þetta atriði, minna á tvennt. Í fyrsta lagi það, að þegar þetta mál var til 1. umr. hér um jólin, kom fram nokkur gagnrýni, og við 1. umr. töluðu sex hv. þm., þar af fimm úr hópi stjórnarandstöðunnar. En þeir töluðu ekki um að draga úr framkvæmdum, heldur þvert á móti. Tveir þeirra óskuðu eftir hækkunum á lántökum vegna vega og tveir eða jafnvel þrir vegna vega og hafna. En það orðaði enginn samdrátt af þeim, sem töluðu hér af hálfu stjórnarandstæðinganna. Þannig var tónninn þá. Ég vil einnig minna á ummæli hæstv. fjmrh., sem hann viðhafði við 1. umr., þar sem hann lagði áherzlu á, að það, sem hefði verið lagt til grundvallar við gerð þessa frv., væri í fyrsta lagi að halda áfram þeim verkefnum, sem hafin eru og ógerlegt er að stöðva. Virkjanirnar tvær eru dæmigerðar um það. Og reyndar fleiri verk en þær. Ýmis rannsóknarstörf, sem unnið er að ár frá ári er t. d. ómögulegt, án stórtjóns, að fella út eitt ár. Hins vegar er það, sagði hæstv. ráðh., að ráðast í ýmis verk, sem nánast væru óhjákvæmileg, eins og að styrkja flutningalínur rafmagns, treysta vararafstöðvar og fleira af slíku tagi, sem alveg væri óhjákvæmilegt að ráðast í, ef ekki ætti að hljótast tjón af.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En þannig hefur þessi málflutningur hjá hv. minni hl. komið mér fyrir sjónir, að auk þess að tvístiga sí svona yfir lækkun eða ekki lækkun á einstökum liðum þessa frv., þá er fyrst og fremst kaldhamrað á því, að hér verði að liggja fyrir upplýsingar um lánasjóðina og upplýsingar um niðurskurð á fjárl. Ég vil bara árétta það,

að þó að þetta sé æskilegt, þá hefur sú raunin orðið á, að menn hafa þurft æ ofan í æ að afgreiða þessi mál hvert í sínu lagi eins og nú, en ekki í samhengi. Það er t. d. alls ekki rétt, sem segir í áliti 2. minni hl., — það er alrangt, og ég skil ekkert í því satt að segja, — þar segir:

„Fyrrv. ríkisstj. tók upp þann sið að semja framkvæmdaáætlun um opinberar framkvæmdir utan fjárl. fyrir komandi ár og gera Alþ. grein fyrir þeim samtímis fjárlagafrv. Var þetta gert í sambandi við öflun lánsheimilda til þessara framkvæmda. Það er og efni þessa frv.“ Þetta er alls ekki rétt. Frv. um lántökuheimildir voru ekki lögð fram á sama tíma og fjárl. Ég hef ekki gáð að dagsetningum nema fyrir síðustu tvö árin hjá fyrrv. ríkisstj. Frv. um lán vegna framkvæmdaáætlunar var útbýtt 2. apríl 1970 og 16. marz 1971. Ég er alveg hissa á þessari fullyrðingu hjá hv. 7. þm. Reykv., sem var ráðh. í fyrrv. stjórn.

Það er álit okkar í meiri hl., að það sé ekkert hér annað að gera en leitast við að meta efni þessa frv. sjálfstætt, eins og það liggur fyrir og eins og menn hafa áður metið fjárlög sér í lagi. Þetta verður að gera. Við megum vel við una í meiri hl., hvað snertir mat minni hl. á þessu frv. Það hafa varla og ekki í nál. verið bornar brigður á eitt eða neitt atriði í þessu frv., ekkert einstakt atriði. Meiri hl. má vel við það una. Önnur efni, bæði skyld og óskyld, sem hér hefur borið á góma í ræðum hv. þm., skal ég ekki ræða að sinni.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hafði satt að segja átt von á því, að næsti ræðumaður hér á eftir frsm. hv. fjh.- og viðskn. yrði hæstv. fjmrh. og hann gerði svo lítið að svara fsp., sem hv. þm. hafa lagt fyrir hann í sambandi við afgreiðslu á þessu máli. En það má vel vera, að það sé svipað með hann og hv. síðasta ræðumann í skoðunum varðandi frv. þetta, en þm. sagði: Ja, það er nú sennilega ekkert annað að gera en samþykkja þetta frv. eins og það er, hvað svo sem því fylgir, með öllum þess göllum.

Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. gerði að umræðuefni hér þá gagnrýni, sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar og kemur mjög fram í nál. stjórnarandstöðunnar, bæði 1. og 2. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., en sú gagnrýni hefur sérstaklega beinzt að því, að ríkisstj. hugsar sér að keyra í gegn frv. um auknar opinberar framkvæmdir á ýmsum sviðum, á meðan ekki er hægt að fá upplýsingar um það, með hvaða hætti niðurskurði verður hagað á fjárl. þeim, sem samþ. hafa verið fyrir yfirstandandi ár. Það er ekki óeðlilegt, þegar samþykkja á lántökur, útgáfu spariskírteina, þegar samþykkja á fjáröflun upp á tæpar 1200 millj. til opinberra framkvæmda, að Alþ. vilji mjög gjarnan fá vitneskju um það, hvaða framkvæmdir það eru, sem fyrirhugað er að skera niður, miðað við þau fjárlög, sem samþ. hafa verið.

Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. var hér með töluverða umvöndun út af þessu við minni hl. n. og orðaði það, að menn mjálmuðu í sig móðinn hér í ræðustól, og taldi, að svo hefði verið hér um einn af hans ágætu nm. Það var skýrt tekið fram í ræðu þessa hv. þm., að þrátt fyrir virðingarverðar tilraunir formanns n. hafði ekki tekizt að ná til embættismanna eða fá skýrslur um þá hluti, sem fjh.- og viðsknmenn óskuðu eftir, en hv. form. fjh.- og viðskn. virðist taka þetta allt ákaflega nærri sér, og var að heyra á ræðu hans hér áðan, að allar þessar aths. pirruðu hann mjög og hann hefði gjarnan kosið, að umr. hefðu ekki farið fram á þeim grundvelli, sem hér hefur gerzt.

Þegar framkvæmdaáætlun hefur legið fyrir og frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar, þá hygg ég, að það hafi aðeins verið í tvö fyrstu skiptin, sem slík frv. voru lögð fyrir Alþ., að ekki hafi verið gerð grein fyrir allri fjármögnunarhliðinni, eins og hér er óskað eftir, að gerð verði grein fyrir. Það er á þinginu 1964—1965, sem fyrst er flutt frv. um lántökuheimild varðandi framkvæmdaáætlun, og með því frv. var ekki heildaryfirlit. Það er aftur á þingi 1965, sem slíkt frv. er flutt, og málið þá enn ekki það langt komið, að slíkt heildaryfirlit sé fyrir hendi. En á þinginu 1966 er lagt fram frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967, og því frv. fylgir heildaryfirlit yfir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1967. Þar eru greindar opinberar framkvæmdir, og þar er gert ráð fyrir fjármögnun fjárfestingarlánasjóða. Allt frá því og þar til nú hefur þessi háttur verið á hafður, og ég fullyrði, að það er rangt hjá hv. 5. þm. Austf., form. fjh.- og viðskn. og frsm. meiri hl., er hann hélt því fram hér áðan, að afgreiðsla á málinu eins og Alþ. er ætlað að afgreiða það nú hafi átt sér stað af og til. Við höfum ekki gagnrýnt það, að það skuli ekki enn vera komið svo, að um leið og fjárlög eru afgreidd sé hægt að afgreiða framkvæmdaáætlunina og alla fjáröflunarpóstana, sem þarf að afgreiða í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þess árs. Að vísu hefur verið stefnt að þessu, frá því að framkvæmdaáætlanir voru fyrst afgreiddar frá Alþ., en það hefur ekki tekizt, og þetta hefur verið einmitt eitt af því, sem núv. stjórnarflokkar hafa gagnrýnt og gagnrýndu fyrrv. ríkisstj. og stjórnarflokka fyrir, þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Það stóð ekki heldur á loforðum þessara flokka, þegar málefnasamningurinn var saminn, og hæstv. fjmrh. gerði í ræðu sinni fyrir framkvæmdaáætluninni fyrir 1972 grein fyrir áformum sínum í þessum efnum. Þau voru ekki síðri en fyrirrennara hans, og ég trúi, að það hafi verið hugsun hans, að honum tækist það, sem þeim hafði ekki tekizt, að afgreiða samtímis fjárlög og framkvæmdaáætlun og þar með lægri fyrir yfirlit yfir fjáröflunarleiðir fjárfestingarsjóðanna. Á fyrsta ári gerðist það ekki, sem hæstv. fjmrh. vildi gjarnan og hann hafði gagnrýnt fyrirrennara sinn fyrir. En hann lofaði að sjálfsögðu bót og betrun. Nú höfum við annað árið, og þá sjáum við, hvernig dæmið stendur. Við höfum afgreitt fjárlög fyrir 1973. Þar er gert ráð fyrir ákveðnum niðurskurði. Nú á að afgreiða framkvæmdaáætlun eða lántökuheimildir fyrir ríkisstj. Það

er ekki vitað, hver niðurskurðurinn verður, og það liggur ekki heldur fyrir, með hvaða hætti fjármagna skal lán frá fjárfestingarsjóðunum á árinu 1973. Ég trúi ekki, að formaður fjh.- og viðskn., hv. frsm. meiri hl., hafi í raun og veru meint nokkuð af því, sem hann sagði hér áðan. Það var allt með öðrum hætti en hans ummæli höfðu verið, þegar hann sat sem minnihlutamaður í fjh.- og viðskn. og talaði í slíkum málum sem þessum á þeim tíma.

Vinnubrögð í n., en að þeim vék formaðurinn áðan, voru að mínum dómi ekki með þeim hætti, sem Alþ. er samboðið. Þegar óskað er eftir opinberum starfsmönnum til þess að mæta hjá þn. og gefa þar sínar skýrslur, þá á það að vera hægt fyrir Alþ. að fá slíka menn til viðræðna, og upplýsingar frá opinberum sjóðum eiga að geta legið fyrir þn., ef rétt er á haldið. Það var ofureðlilegt, að á öðrum fundi, þar sem þetta mál var tekið fyrir, kæmu fram aths. frá nm. um þessi efni, þ. e. a. s. óskir um upplýsingar frá opinberum starfsmönnum og opinberum sjóðum, því að nm. trúðu því ekki, fyrr en á fundinn kom, að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir. Frv. hafði verið hér í Alþ. í nokkra mánuði, og nm. töldu að sjálfsögðu, að sá tími hefði verið notaður til þess að undirbúa aðrar aðgerðir, þannig að þegar Alþ. afgreiddi þetta mál, lægju þær upplýsingar fyrir, sem eiga að liggja fyrir Alþ. og Alþ. á heimtingu á að fá, áður en slíkt frv. sem þetta verður afgreitt.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, en ég vildi mótmæla því, sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. sagði hér áðan, að þessi afgreiðsla væri með svipuðum hætti og hefði verið undanfarin ár, svona tvist og bast og allt í lausum reipum. Ég kannast ekki við, að framkvæmdaáætlun hafi áður verið afgreidd, að undanteknum fyrstu tveimur árunum, öðruvísi heldur en fyrir Alþingi lægju upplýsingar um fjármögnun opinberra sjóða, þannig að dæmið lægi allt fyrir Alþ., þegar framkvæmdaáætlun var afgreidd.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það má segja um hv. formann fjh.- og viðskn., sem hér var að tala áðan, að hann hafi tekizt á hendur erfitt verkefni að reyna að verja þau vinnubrögð, sem eru viðhöfð í sambandi við afgreiðslu þessa máls, enda var málflutningurinn eftir því. En hins vegar má segja, að mjög er dregið af hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að taka ekki þátt í þessum umr. og svara ekki nokkurri spurningu, sem fram er borin. Hlutverk formanns fjh.- og viðskn. hefur verið það að vera sverð og skjöldur ráðh., enda má segja, að hann hafi reynt að gera það til þess ítrasta. En hann þarf ekki að segja mér eða öðrum það, að hann sé ánægður með þessi vinnubrögð, þótt hann hafi látizt vera það. Eins og síðasti ræðumaður tók fram, hafa þessi vinnubrögð ekki verið viðhöfð í mörg ár og eiga ekki að vera viðhöfð. Ég spyr einu sinni enn þá hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur á því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlunin er ekki til? Hvernig stendur á því, þegar hann ætlaði að stefna að því, að hún yrði til fyrir áramót, þegar hann afsakaði í fyrra, hvað hún væri þá seint á ferðinni, en þá hafði hann mjög gild rök fyrir þeim afsökunum. Hvernig stendur á þessu? Hvað hefur gerzt? Eru hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. ánægðir með vinnubrögð „kommissara" sinna í Framkvæmdastofnun ríkisins? Það væri fróðlegt að fá að heyra það af þeirra eigin vörum, hvort þeir eru ánægðir með þetta fyrirkomulag, sem þeir settu á og hæstv. forsrh. var svo hrifinn af fyrir rúmu ári.

Hv. formaður fjh.- og viðskn. sagði, að það lægju ekki fyrir till. frá okkur í minni hl. um lækkun á neinum einstökum liðum, og sagði, að ég hefði mannað mig upp í að nefna ákveðin atriði, eða réttara sagt, ég hefði mjálmað mig upp í það. Mér fannst nú vera lítill móður í hv. þm. í fyrri ræðu hans í kvöld, þegar hann fylgdi þessu þriggja lína nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. úr hlaði. En í seinni ræðunni held ég, að hann hafi mjálmað úr sér þann litla móð, sem var í honum í fyrri ræðunni, og það sé ekkert eftir og hann geti ekki mjálmað meira, enda virðist hann vera horfinn af sjónarsviðinu. Ég furða mig á, að maður, sem er búinn að vera á þingi eins lengi og hv. þm., skuli tala af jafnmiklum ókunnugleika um sjávarútveg. Hann sagði, að það væri auðvitað sérstakt núna í sambandi við vinnuaflsskortinn í sjávarútvegi, hann væri auðvitað langmestur á vetrarvertíð og þetta væri allt saman gerbreytt, þegar kæmi fram á vorið. Ætli hann hafi ekki nokkra hugmynd um, að það fara fleiri tugir smábáta af stað með vorinu og eru gerðir út allt sumarið og stóru bátarnir eru gerðir út allt árið um kring, og það er enginn sparnaður á mannafla á þeim bátum, þó að vertíð ljúki. Ætli hann hafi aldrei heyrt þetta fyrr? verður mér að spyrja. Eða veit kannske enginn framsóknarmaður um þetta? Er þetta alveg lokuð bók fyrir öllum flokknum?

Ég þakka hv. þm. þá leiðréttingu og þann sóma, sem hann sýndi mér að leiðrétta það, að í nál. varð sú meinlega villa, að þar var talið, að brtt. *væru 150 millj. og sagði, en* eru 200 millj. Mér þykir leitt, að hann skuli nú eftir allt saman fara rangt með, og minni hann á það, að í ræðu minni talaði ég um, að hér væri um hækkunartill. að ræða upp á 250 millj., og einmitt í sambandi við það nefndi ég framsögurræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. í vetur, en þar sagði hann, að framkvæmdaáætlunin lækkaði um 400 millj., og ég sagði það í minni ræðu hér áðan, að það væri ekki mikil lækkun eftir, því að hún hefði hækkað í meðförum þingsins um 250 millj., svo að mismunurinn væri ekki nema 150 millj. Formaður fjh.- og viðskn., sem flytur hér brtt., sagði, að þær væru upp á 200 millj., en þær eru 250 millj., svo að ég má til með að leiðrétta þetta, um leið og ég þakka honum fyrir leiðréttingu á mínu nál., *þó að ég hafi tekið það fram í minni ræðu.* Og hann spyr einu sinni enn þá: Hvað á að spara? Úr hvaða framkvæmdum á að draga? Af hverju koma mennirnir ekki með till.?

Til hvers er fyrir minni hl. að koma með till. um að draga úr þessu eða hinu, þegar ekki

er hægt að draga fram í dagsljósið, hvernig á að fjármagna sjóðina? Við vitum, hvernig sjóðirnir standa, og við vitum, hverium það er að kenna, hve fjárvöntunin er mikil. Ætli það hafi ekki verið hyggilegra fyrir núv. ríkisstj., þegar hún tók við völdum, að láta gilda áfram þau atriði í sambandi við lán ríkisstj. til bátabygginga, sem fyrrv. ríkisstj. hafði ákveðið? Ætli það hefði ekki orðið töluvert minni ágengni í það að byggja jafnmikið af skipum erlendis og flytja til landsins. Ætli fjárvöntunardæmið í sambandi við fiskveiðasjóð væri ekki töluvert léttara nú við að eiga, ef þeir hefðu ekki hlaupið til og hækkað aftur lán frá ríkinu, sem þeir hafa svo ekki staðið við og gengið á byggðasjóð þrátt fyrir allt strjálbýlistalið, sem verið hefur að undanförnu? Hverjir hafa leitt þessa erfiðleika yfir nema þessir hæstv. ráðh. sjálfir? En það er ekki hægt að flýja núna frá þeim vanda. Það eru komnar ákveðnar skuldbindingar, sem fiskveiðasjóður og aðrir sjóðir verða að standa við, og þess vegna verður að fjármagna þessa sjóði, vegna þess að það var röng og ógætileg stefna, sem þessi ríkisstj. tók upp. En hvað er svo gert? Ætli það hefði ekki verið hyggilegra að reyna að halda eitthvað skynsamlegar á þessum hlutum, byggja eitthvað minna af skuttogurum, halda sig meira að segja bara við málefnasamninginn fræga, sem forsrh. bað þm. svo innilega um að lesa kvölds og morgna, fyrst eftir að ríkisstj. tók við. Hefði þá verið haldið sér við þann málefnasamning, að stórefla fiskiskipaflotann með skuttogurum og öðrum fiskiskipum, sem vel henta til hráefnisöflunar fyrir fiskiðnaðinn, en þar segir, að afla skuli fjár í þessu skyni og veita nauðsynlega forustu og fyrirgreiðslu. Skyldi þegar gera ráðstafanir til, að Íslendingar eignuðust svo fljótt sem verða mætti a. m. k. 15—20 skuttogara af ýmsum stærðum og gerðum. Ef það hefði verið haldið sér innan þessara marka eða kannske eitthvað rúmlega það, þá væri fjáröflun þessara sjóða minni. Og svo er annað: Það væri meiri þörf á að halda skipabyggingum áfram og efla skipasmíðaiðnaðinn íslenzka, enda segir í málefnasamningnum, að leggja skuli áherzlu á eflingu skipasmíðaiðnaðarins með það takmark fyrir augum, að Íslendingar smíði að miklu leyti skip sín sjálfir, og geti annazt viðhald fiskiskipa og kaupskipa. Ég hygg, að það hefði verið hyggilegra að fara gætilegar í þessar skipabyggingar, stefna að því, að endurnýjun skipastólsins færi fram með eðlilegum og ekki of hröðum hætti, þannig að skipasmíðastöðvarnar íslenzku hefðu verkefni í náinni framtíð. Nú horfir málið þannig við, að verkefni skipasmíðastöðvanna eru takmörkuð, mjög takmörkuð, eftir að þetta ár er liðið. Og það sem verra er, nú er búið að skrúfa fyrir alla endurbyggingu á skipum af hinum ýmsu stærðum, því að það er dregið svo úr þessum lánum, að það dregur úr vilja manna að endurnýja skip af hinum ýmsu stærðum, sem er auðvitað nauðsynlegt að gera, en ekki einblína á einhverja ákveðna tegund skipa og byggja svo mikið af henni og hrúga inn erlendis frá, en hugsa ekki neitt um komandi ár í sambandi við skipasmíðaiðnaðinn og eðlilega uppbyggingu skipastólsins í heild, burtséð frá því, af hvaða stærðum skipin eru.

Formaður fjh.- og viðskn. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki nokkur leið að draga neins staðar úr fjárfestingu, þetta væri allt það mikilvægt og það lægi svo mikið á öllu, að það yrði að halda áfram að byggja, bara að taka lán, nógu mikil lán, draga hvergi úr, og stjórnarandstaðan kæmi bara ekki með nokkrar till. Ég segi fyrir mitt leyti, eins og ástandið er núna og þegar við hafa bætzt náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum, þá er auðvitað enn meiri ástæða til að reyna að draga úr jafnvel því, sem áður hefur verið ákveðið, með það efst í huga að draga ekki vinnuaflið frá framleiðsluatvinnugreinunum. Og þá hefði ekki verið nein stórsynd að draga úr ákveðnum framkvæmdum. Og meira að segja ég, sem er strálbýlismaður ekki síður en hv. þm., hefði vel getað sætt mig við að draga hlutfallslega úr vegaframkvæmdum, eins og Norðurlands- eða Austurlandsáætlun gera ráð fyrir, eða á Skeiðarársandi að einhverju leyti færa flesta af þeim yfir á næsta ár. Ég hefði vel getað hugsað mér að standa að því, eins og ástandið er, því að ég sé ekki nokkurn sparnað í því, að það vanti vinnuafl á fiskibátana okkar, sem hann gerði litið úr. Það er einn sparnaður við það, að auðvitað sparast olía á bátana, ef þeir liggja bundnir við bryggju. Það gæti verið sparnaður kannske í því, ef það á bara að líta á oliuna. En ég held, að það sé mikið atriði fyrir þjóðfélagið, að sá bátafloti, sem við höfum keypt og eigum, sé gerður út, og það er líka mikið atriði að vinna sem mest úr þeim fiski í landinu, og þetta held ég, að sé hornsteinn þess, að það sé hægt að halda áfram að byggja upp þetta þjóðfélag, en ekki stofna til skulda í stórum stíl, eins og virðist vera aðaláhugamál hæstv. ríkisstj.

Ég leyfði mér að benda á, hvort ekki hefði verið rétt að fresta framkvæmdum við Sigöldu-virkjun á þessu ári. Það má enginn taka orð mín á þann veg, að ég sé andstæðingur þessarar mikilvægu mannvirkjagerðar. Spennan í þjóðfélaginu er það mikil og skuldaaukningin er svo ofboðsleg, að við verðum einhvers staðar að slá af. Við verðum fyrst og fremst að leggja höfuðáherzluna á að afla sem mestra tekna, draga sem mesta björg í bú og auka verðmæti útflutningsafurða okkar til þess að standa sjálfir undir því, sem við erum að framkvæma. Það má vel vera, að ég sé svona miklu íhaldssamari en þm. stjórnarliðsins, að mér hrýs hugur við þeirri skuldaaukningu, sem verður erlendis núna á hverju ári. Ég sagði hér áðan, að lántökur Íslendinga hafi verið gifurlega miklar á árunum 1971 og 1972 og heildarskuldir við útlönd hafi aukizt á þessum tveimur árum um nærri 6000 millj. Það hefði þótt efni í meira en eina ræðu hjá sumum framsóknarmönnum, áður en þeir komust í stjórnaraðstöðu, að tala um slika skuldaaukningu þjóðfélagsins við útlönd, og ef áfram er haldið, þá er sjáanlegt, að skuldaaukningin verður aldrei undir 70% frá árinu 1971 til og með árinu 1973, og þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Loftarðu þessu, Halldór?

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. öllu meira, en út af því, sem formaður fjh.- og

viðskn. sagði, að upplýsinga hefði ekki verið óskað á fundi í n. 22. marz, þá vil ég undanskilja mig. Ég var því miður fjarverandi þann dag, en strax á fundi n., sem ég mætti á, þá taldi ég, að það væri bráðnauðsynlegt, að fyrir lægju upplýsingar um fjárvöntun fjárfestingarlánasjóðanna og sömuleiðis upplýsingar um það, á hvern hátt eigi að haga niðurskurði fjárlaga. Nú er ég ákaflega veikur fyrir því og hef mikinn áhuga á því að hraða rafvæðingu sveitanna. Í þessum brtt. er hækkun til rafvæðingar sveitanna. En ég verð að viðurkenna það, að ég get ekki gert það upp við mig, nema fyrir liggi upplýsingar, hvort rétt er að hækka mjög verulega framlög til rafvæðingar, á sama tíma og við Vilhjálmur Hjálmarsson og Karvel Pálmason lögðum okkur fram í fjvn. í vetur að lækka framlög til allra skólabygginga, í strjálbýli sem í þéttbýli, og tókum fullt tillit til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði við okkur, að hann treysti sér ekki til að hækka framlög til þessa mikilvæga málaflokks frá því, sem var í fjárlagafrv. Ég tók alveg eins og þeir þátt í því að reyna að koma þessum málum saman, en svo kemur á eftir heimildin til niðurskurðar. Ég treysti mér ekki til að dæma um það, hvort nauðsynlegt sé að hækka verulega, eins og segir í till. formanns fjh.- og viðskn., sveitarafvæðinguna, úr 70 millj. í þessari framkvæmdaáætlun í 110 millj., á sama tíma og það á kannske fyrir að liggja að lækka framlög til mikilvægra skólabygginga, sem komnar eru á framkvæmdastig og sveitarfélög hafa beðið eftir með mikilli óþreyju, sömuleiðis framlög til hafnargerða, sem eru í raun og veru lífæð flestra kauptúna á landinu, framlög til sjúkrahúsa, til læknamiðstöðva og læknisbústaða. Ég treysti mér ekki til þess að segja, hvað af þessu er mikilvægast. Ég treysti mér ekki til þess að segja: Það er bráðnauðsynlegt að lækka framlög til ákveðinna skólabygginga að lágmarki um 15%, e. t. v. um 60, 70, 80%, eða til sjúkrahúsa, en segja svo í sömu andránni: Það er jafnnauðsynlegt og enn nauðsynlegra að hækka framlag til sveitarafvæðingar úr 70 millj. upp í 110 millj. samkv. þessari framkvæmdaáætlun umfram það, sem er á fjárlögum. Á svo líka kannske að lækka samkv. fjárlögum sveitarafvæðinguna, en hækka hana hér í opinberum framkvæmdum? Kannske það. En það eru hundakúnstir, það var a. m. k. kallað þar fyrir vestan, þegar ég var að alast upp. Ég held, að það hafi verið notað sama orðið fyrir austan.

Menn sjá, að það er ekki hægt fyrir stjórnarandstöðu að flytja ákveðnar till. í þessum efnum undir þeim kringumstæðum, sem hér eru fyrir hendi. Hins vegar hygg ég, að flestir menn í stjórnarandstöðunni séu reiðubúnir til þess að setjast niður með ríkisstj. og hyggja betur að, hvað hægt er að ganga langt í framkvæmdum og hvað er hægt að ganga langt í skuldasöfnun erlendis og fjárútvegun innanlands við þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu, og koma í veg fyrir það, að mikilvæg framleiðslutæki liggi bundin í höfn, eins og sjáanlegt er, að hluti af bátaflotanum mun gera, ef áfram á að halda þetta kapphlaup um vinnuaflið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lagarfossvirkjun, fsp. (þskj. 427). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Mér er kunnugt um, að vegna seinkunar á afgreiðslu á vélasamstæðu frá Tékkóslóvakíu var um seinkun á áætlun um virkjun Lagarfoss að tefla. Enn fremur var það upplýst, að sú seinkun yrði að nokkru bætt með því, að vélasamstæður yrðu stærri, þannig að afl þessa áfanga virkjunarinnar yrði meira. Ég vil ekki draga dul á, að fyrir hefur flogið, að enn frekari seinkun kunni að verða, og þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 427, að beina fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hafa orðið breytingar á áætlun um virkjun Lagarfoss? Ef svo er, í hverju eru þær fólgnar?"

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessari fsp. hv. þm. Sverris Hermannssonar vísaði ég til Rafmagnsveitna ríkisins og fékk þar svo hljóðandi svör frá Valgarð Thoroddsen:

Það eru byggingarmannvirki fyrst: Útboð var gert í apríl 1971. Lægsta tilboð barst frá Norðurverki h/f og var tekið og verksamningur gerður í júlí 1971. Samkv. honum skyldi byggingarmannvirkjum lokið 1. okt. 1973. Var þá miðað við, að uppsetning véla gæti hafizt 1. nóv. 1972. Viðbótarverksamn. var gerður við Norðurverk h/f í júní 1972 um gerð flóðgátta og brúar yfir fljótið. Jafnframt var samið um framlengingu á skilafresti einstakra byggingaverkþátta og jafnframt, að heildarverkinu yrði lokið 1. júlí 1974 í stað okt. 1973, vegna endanlegs samnings um vélakaupin.

Svo segir um vélarnar: Tilboð Skoda Export í vélar og rafbúnað var tekið með undirritun samnings 8. febr. 1972. Tilboð Skoda Export var lægst, fyrir utan, að um var að ræða stærri vélar, 7,5 megawött í stað 6 megawatta. Á móti kom, að afgreiðslufrestur, 24 mánuðir, var lengri en hjá öðrum bjóðendum, svo og þurfti að stækka stöðvarhúsið vegna stærri véla. Við val á vélum voru ofantalin atriði metin, svo og sá aukakostnaður, sem stafaði af aukinni dísilraforkuframleiðslu vegna lengingar á afgreiðslutíma Skoda Export umfram aðra bjóðendur, og reyndist tilboð þeirra hagkvæmast, þegar þessi atriði voru metin.

Loks segir svo um framkvæmd verksins: Framkvæmdir hafa gengið með eðlilegum hætti, en nokkur tilfærsla verið gerð á einstökum verkþáttum hvað tíma snertir, m. a. vegna lengri afgreiðslutíma en upphaflega var gert ráð fyrir. Þá má geta þess, að ekkert hefur komið fram, sem gefur til kynna, að afgreiðsla á vélum verði ekki í samræmi við ofangreindan samning.

Eins og fram kemur af þessu svari frá Valgarð Thoroddsen, er meginbreytingin fólgin í því, að tekið var tilboði um vélar frá Skoda Export, sem voru stærri en fyrirhugað var, en afgreiðslutíminn hins vegar nokkru lengri. Þetta mál var lagt fyrir síðasta þing vegna þess, að

það þurfti breytingar á lögum um Lagarfossvirkjun, til þess að hægt væri að nýta þessar stærri vélar. Alþ. gaf að sínu leyti heimild til þess einróma á síðasta þingi, að sú breyting væri gerð, en eins og fram kom, er ekki kunnugt um, að neinn frekari dráttur verði á þessum framkvæmdum.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans, sem í alla staði eru fullnægjandi.

Sameinað þing, 66. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, að loknum 65. fundi.

Vegagerð yfir Sprengisand, þáltill. (þskj. 69, n. 354). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 503).

Réttarstaða tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar, þáltill. (þskj. 124, n. 378). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 504).

Vegagerð í Mánárskriðum, þáltill. (þskj. 62, n. 411). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Brtt. 411 samþ. með 32 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 505).

Gjaldskrá Landssímans, þáltill. (þskj. 344). — Ein umr.

Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt aðstaða nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu, þáltill. (þskj. 88, n. 412). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um bætta aðstöðu nemenda landsbyggðarinnar, sem sækja verða sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. N. mælti einróma með samþykkt till. Nál. er stutt og er svo hljóðandi:

„N. hefur athugað till. og fengið umsagnir Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Stýrimannaskólans í Reykjavík, fræðslustjórans í Reykjavík, skólastjóra Tækniskóla Íslands og skólastjóra Verzlunarskóla Íslands. N. mælir með samþykkt till. Bjarni Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins."

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 506).

Lánsfé til hitaveituframkvæmda, þáltill. (þskj. 9, n. 438). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um þá till. til þál., sem hér er til umr. þ. e. a. s. till. til þál. um lánsfé til hitaveituframkvæmda. N. hefur fengið umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um till., og leggja samtökin til, að ráðstafanir verði gerðar til að útvega Lánasjóði sveitarfélaga nægilegt lánsfé til að lána sveitarfélögum til framkvæmda sinna, þ. á m. hitaveituframkvæmda. Þá fékk fjvn. umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um þáltill. Í bréfi Framkvæmdastofnunar segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessu tilefni skal upplýst, að ár hvert er að því unnið á vegum framkvæmdasjóðs að afla Lánasjóði sveitarfélaga nauðsynlegs lánsfjár til brýnna framkvæmda. Hafa hitaveituframkvæmdir að öllum jafnaði haft þar algeran forgang, svo sem sést á því, að árið 1972 var ráðstafað 100 millj. kr. frá framkvæmdasjóði til Lánasjóðs sveitarfélaga, en af útlánum hins síðarnefnda gengu 66 millj. kr. til hitaveituframkvæmda."

Og í skýrslu frá Lánasjóði sveitarfélaga, sem fylgir umsögn Framkvæmdastofnunar, kemur fram, að útlán sjóðsins á 6 árum, frá upphafi til þessa dags, nema 368 millj. kr., þar af lán til hitaveituframkvæmda um 120 millj. kr. Á árinu 1972 voru lánveitingar 144 millj., þar af lán til hitaveituframkvæmda 66 millj. kr. Af útlánafénu hafa 195 millj. kr. verið teknar að láni hjá Framkvæmdasjóði Íslands, svo sem hér segir: 1967 5 millj., 1968 15 millj., 1969 10 millj., 1970 25 millj., 1971 40 millj. og 1972 100 millj. kr. Þá kemur fram, að lán úr Lánasjóði sveitarfélaga til hitaveituframkvæmda hafa verið aukin mjög og hafa numið eftirgreindum upphæðum: 1967 350 þús., 1968 300 þús., 1969 2 millj., 1970 31 millj., 1971 20 millj. og 1972 66 millj. kr., eða samtals 119 millj. 650 þús.

Fjvn. óskaði einnig umsagnar Orkustofnunar um þáltill. Orkustofnun leggst gegn þeirri hugmynd, sem fram kemur í grg. till., að stofna sérstakan sjóð til að fjármagna hitaveituframkvæmdir, en telur, að miklu eðlilegra væri að efla orkusjóð og auka verkefni hans með því að heimila honum að fjármagna framkvæmdir jafnt sem rannsóknir á jarðvarmasviðinu.

Afstaða fjvn. til þess, að stuðlað verði að því að auka fjármagn til hitaveituframkvæmda, er jákvæð. Fjármögnun til hinna nauðsynlegustu framkvæmda í þjóðfélaginu, hvort sem um er að ræða hafnarframkvæmdir, hitaveituframkvæmdir, vegaframkvæmdir, framkvæmdir í flugsamgöngum og öðru, sem einnig mætti telja, hljóta að verða að skoðast í samhengi. Jafnan verður að velja og hafna, þar sem seint verður unnt að verða við ítrustu óskum á öllum sviðum.

Að þessu öllu athuguðu er það till. fjvn., að þáltill. á þskj. 9 verði vísað til ríkisstj.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þeirri afgreiðslu, sem þetta mál hefur hlotið hjá hv. fjvn. Till., sem hér um ræðir, um lánsfé til hitaveituframkvæmda, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda."

Sem sagt, það, sem hv. alþm. þurfa að taka afstöðu til í þeirri atkvgr., sem hér fer fram á eftir, er, hvort þeir telja þörf á því, að ríkisstj. geri ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda frekar en gert hefur verið til þessa eða ekki. Þess vegna get ég ekki séð, hvaða tilgangi það þjónar í raun og veru að leggja til, að þessari till. sé vísað til hæstv. ríkisstj. Annaðhvort eru menn þeirrar skoðunar, að nauðsyn sé slíkra aðgerða, sem till. gerir ráð fyrir, eða ekki. Að vísa slíkri till., sem hér er um að ræða, til hæstv. ríkisstj. er að mínu mati algerlega út í hött.

Hv. form. fjvn. lét orð að því liggja hér áðan, að þessi till. fæli það í sér, að það ætti að stofna einhvern sjóð í þessu sambandi. Það er auðvitað alrangt, eins og ég hef hér bent á. Hann lét a. m. k. liggja að því, að það væri e. t. v. ekki þörf á því að hafa í frammi sérstakar aðgerðir til að tryggja sveitarfélögum fé til hitaveituframkvæmda frekar en gert hefur verið til þessa. Því til sönnunar reyndi hann að vitna í bréf Framkvæmdastofnunar ríkisins varðandi þetta. Það er varla hægt að skoða hana sem umsögn um málið. Hún er um það, að unnið hafi verið að því, á vegum framkvæmdasjóðs að afla Lánasjóði sveitarfélaga lánsfjár til hitaveituframkvæmda, annað ekki. Aðrar umsagnir, sem fjvn. fékk um þetta mál, eru jákvæðar hvað þá áhrærir, að bæði Oskustofnunin og Samband ísl. sveitarfélaga eru þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum fé til hitaveituframkvæmda meira en gert hefur verið til þessa. Það er skoðun Orkustofnunarinnar, að það skuli gert með því að efla hana til að styrkja slíkar framkvæmdir. En það er skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga, að eðlilegt sé að gera það á þann hátt að auka fjármagn Lánasjóðs sveitarfélaga til þess að sinna þessu verkefni. Í rauninni eru því báðir þessir aðilar samþykkir því, sem stendur í þessari till., að nauðsynlega sé að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé til hitaveituframkvæmda. Eðlilegt framhald af umsögnum þessara aðila hefði auðvitað verið það, að hv. n. hefði lagt til, að hv. Alþ. samþykkti þessa till. Það mundi þá koma í verkahring hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir varðandi það atriði, á hvern hátt eðlilegast og bezt væri að tryggja sveitarfélögunum hið aukna lánsfé til þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. flm. þeirrar þáltill., sem hér er til afgr., var ekki fyllilega ánægður með afgr. fjvn. á till. Ég held, að ástæðulaust sé fyrir hv. þm. að vera óánægður með, að till. verði vísað til ríkisstj. Till. hans hljóðar um, að þingið skori á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum ótiltekið lánsfé til hitaveituframkvæmda. Flestar ríkisstj. telja sig hafa verið að reyna að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögunum lánsfé til þessara framkvæmda. Það hefur tekizt misjafnlega, m. a. vegna þess, að jafnan er í mörg horn að líta. En eins og fram kom af þeim tölum, sem ég áðan tilgreindi um ráðstafanir stjórnvalda til að efla Lánasjóð sveitarfélaga og þar með stuðning við sveitarfélög vegna hitaveituframkvæmda, hefur núv. ríkisstj. sýnt það í verki, að henni er ljós þörfin á þessu sviði. Það má svo alltaf halda því fram, að ekki sé nóg að gert, og ég er því vissulega sammála, að meira þurfi enn að gera. En á það má minna, að lánveitingar úr Framkvæmdasjóði Íslands til Lánasjóðs sveitarfélaga hafa hækkað úr 25 millj. kr. 1970 í 100 millj. 1972 og lán til hitveituframkvæmda úr 2 millj. kr. 1969 í 66 millj. kr. s. l. ár. Af lánsfé Lánasjóðs sveitarfélaga, sem runnið hefur frá Framkvæmdasjóði Íslands, hafa 119 millj. farið til hitaveituframkvæmda á s. l. 6 árum, þar af 66 millj. kr. á s. l. ári eða á því eina ári 56% af allri upphæðinni á s. l. 6 árum. Þetta sýnir, að það er verið að vísa till. hv. þm. í hendur ríkisstj., sem verulega hefur bætt úr í þessu efni, og því ástæðulaust annað en treysta henni til að gera það, sem unnt er, til þess að efla framkvæmdir í hitaveitumálum. Það er öðru nær en verið sé að vísa þáltill. hv. þm. út á kaldan klakann. Það má vel vera, að hv. þm. hafi fengið það á tilfinninguna og haft af því spurnir, áður en hann kom á þing, að það þætti heldur neikvæð afgreiðsla á þáltill., ef þeim væri vísað til ríkisstj. En það fer nokkuð eftir því, hverja afstöðu viðkomandi ríkisstj. hefur sýnt í verki til þess máls, sem verið er að afgreiða. Ég sé ekki annað en þær skýrslur, sem ég hef hér vitnað til, sýni, að núv. hæstv. ríkisstj. er fyllilega treystandi til að fjalla á jákvæðan hátt um þessa þáltill., sem öll fjvn. hefur lagt til, að verði til hennar vísað. Afgreiðsla n. er því fyllilega jákvæð gagnvart efni málsins og ástæðulaust fyrir hv. flm. að vera óhress vegna þessarar afgreiðslu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við það að vísa upphaflegri till. beint til ríkisstj. Í sjálfu sér hefði þurft að orða þetta á þennan veg, eins og niðurstaðan var í fjvn., vegna þess að till. er einföld og felur í sér að skora á hæstv. ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja sveitarfélögum lánsfé

til hitaveituframkvæmda. Fyrir nokkru voru hér umr. um hitaveituframkvæmdir og nokkuð harðar um tíma. Þá undirskrikaði ég það af minni hálfu og beindi þeim orðum til hæstv. iðnrh. að sérstakt átak yrði gert til þess að leysa fjármögnun hitaveituframkvæmda, sem fram undan væru.

Mig langar í þessu tilfelli til að nefna eitt dæmi norðan frá mínu byggðarlagi, Húsavík. Í nærri 40 ár voru menn að deila þar um, með hvaða hætti menn skyldu framkvæma hitaveitu á staðnum. Fram komu hugmyndir 1934 eða 1935 frá þekktum iðjuhöldi, búsettum hér í Reykjavík, um ákveðna lausn á málinu. Æ ofan í æ urðu harðar deilur um það á staðnum, með hvaða hætti menn skyldu framkvæma hitaveitu og þá um fjármögnun. En loksins þegar samstaða náðist um að leysa vandann, tók það aðeins hálft ár að leggja leiðsluna og framkvæma verkið, og þá auðvitað kom fjármagnsþörfin.

Það er alveg sama, sem er að ske í hreppsfélaginu á Seltjarnarnesi. Lengi höfðu verið vangaveltur um, hvaðan menn skyldu fá heita vatnið. Síðan var ákveðið að bora, en ekki taka vatnið frá Reykjavík, og þá kom fjármagnsþörfin fram. Þess vegna er ekki hægt að kenna neinni sérstakri ríkisstj. um illvilja eða velvilja. Það er oft fólkið heima fyrir, sem deilir hvað lengst um, hvernig á að framkvæma hlutina til þess að ná í heita vatnið, og slíkt hefur nú gerzt í Hafnarfirði, en ég rek þá sögu ekki neitt nánar. Nú hefur Kópavogur haft áhuga á hitaveitu lengi og gert samkomulag við Reykjavík, og einnig kemur fram áhugi í Garðahverfinu og víðar á Suðurnesjum. 1. þm. Reykn. ef ég man rétt, hélt hér jómfrúræðu sína á þingi fyrir 14 árum einmitt um stórátak í hitaveitumálum fyrir suðursvæðið í sínu kjördæmi.

Þetta gildir víða úti um land. Það er enn deilt um, hvort á að bora eða leggja langar leiðslur frá heitu vatni í námunda við viðkomandi byggðarlag eða ekki. Þegar heimamenn loksins hafa tekið ákvörðun um, hvernig á að framkvæma hlutina, þ.e.a.s. ná í vatnið, þá kemur stórkostleg eftirspurn eftir fjármagni. Það, sem við flm. viljum með þessari till., er að tryggja það, að ríkisvaldið sinni þessari beiðni, þegar hún kemur fram. Fari svo, að Hafnarfjörður og Garðahverfi og Suðurnes komist að niðurstöðu um, með hvaða hætti heppilegast verði að ná í heita vatnið, skapast fjármagnsþörf upp á mörg hundruð millj. Það er það verkefni, sem þarf að glíma við, hvaða ríkisstj. sem situr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þar sem ég álít, að efni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., sé afar þýðingarmikið og lánsútvegun til þessara framkvæmda sé þjóðfélagslega ákaflega hagkvæm, vil ég undirstrika, að þó að ég greiði atkv. með till. hv. fjvn. um að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. til fyrirgreiðslu, má á engan hátt skoða það þannig, að ég sé á móti málinu, enda tel ég mig vera í góðum félagsskap í þeirri atkvgr., þar sem ég fæ ekki betur séð en annar af hv. flm. þessarar **þáltill. leggi** það til sjálfur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leiga og sala íbúðarhúsnæðis, þáltill. (þskj. 46, n. 340 og 358). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hér er til umr. till. á þskj. 46 til þál. um leigu og sölu á íbúðarhúsnæði. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp till., hún er stutt:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. til l. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis og leggja þær fyrir Alþ. Í frv. skal kveðið á um hámark leigu, sem heimta má fyrir útleigt íbúðarhúsnæði. Jafnframt skal skipulag fasteignasölu í landinu tekið til athugunar og að því stefnt í ákvæði frv. að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði."

Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar, en aldrei þessu vant hefur henni ekki tekizt að vera sammála um till. Meiri hl. n. álítur rétt, að till. verði vísað við svo búið til ríkisstj. til athugunar og leiðbeiningar um framhald máls, en minni hl. vill samþykkja till.

Vissulega er það rétt, að húsnæðismálin eru mjög erfið viðfangs og margt þar, sem ekki fer samskipa. Og þannig er um slík mál ekkert síður hjá nágrannaþjóðum okkar. En þau eru þrátt fyrir það ein hin brýnustu í flokki félagsmála og þarf að sjálfsögðu að líta mjög til þeirra og gera allt það, sem kostur er á, til þess að leysa úr þeim vanda, sem er við að etja í þessum efnum.

Nú er það kunnugt, að við Íslendingar höfum fyrir alllöngu tekið upp þá stefnu — og það má segja jafnvel framar öðrum þjóðum — að gera almenningi sem auðveldast að eignast eigið íbúðarhúsnæði. Þessi stefna er að sjálfsögðu hárrétt, og það verður ekki annað sagt þrátt fyrir allt, en það hafi verið vel unnið í þessa átt. Ríkið hefur haft forgöngu um úrlausn þessara mála á hverjum tíma og veitt mikilsverða aðstoð. En þá er ekki því að leyna, heldur miklu fremur ber að taka það alveg sérstaklega fram, að einstaklingarnir hafa sýnt framúrskarandi dugnað að sínu leyti í uppbyggingu eigin íbúða. En eins og ég sagði, þá er margt ógert í þessum efnum og vangert, og verður því að herða enn þennan róður. En víst er um það, að vegna þessarar stefnu, eiginíbúðarstefnunnar, hefur æ minna verið hugað að byggingu íbúðarhúsnæðis til útleigu, og hefur nú þrengzt mjög verulega að þeim hluta húsnæðismálanna. Enn á langt í land, að ekki sé vant slíks húsnæðis, og þá ekkert síður víðs vegar úti um land en á höfuðborgarsvæðinu.

Það má taka fram í þessu sambandi, að til eru þau fyrirtæki, ekki sízt úti á landi, sem hafa mjög hugað einmitt að þessum málum og komið þeim í betra horf en annars, að því er varðar það fólk, sem vinnur á vegum fyrirtækjanna. Ég vil t. d. geta þess, að Kaupfélag Rangæinga í Hvolsvelli, sem er talið vel meðalstórt kaupfélag, hefur á síðustu 3—4 árum tekið að sér að byggja íbúðarhúsnæði, milli 20 og 30 einbýlishús, og gengið þannig frá, að þau eru tilbúin undir tréverk, sem kallað er. Þeir, sem við þeim taka, hvort sem þeir eru starfsmenn kaupfélagsins eða starfa að öðru í þorpinu, hafa

þurft að greiða um 450 þús. og nú síðast um 500—600 þús. fyrir hvert hús tilbúið undir tréverk, og það þykja mjög góðir kostir. Þá hafa sveitarfélög líka unnið nokkuð að þessum málum, svo sem ber, vegna þess að eigi má gleyma því, að sveitarfélögum ber rík skylda til þess að sinna þessum þætti félagslegs vanda. Þyrfti að styrkja þau allverulega til þess að koma slíku húsnæði upp. Hygg ég, að á ferðinni sé frv. sem stefnir einmitt í þá átt að herða á sveitarfélögum að byggja íbúðarhúsnæði og styrkja þau um leið af opinberrri hálfu með nauðsynlegum lánum.

Þá vil ég geta þess og það er kunnugt, að í fyrra var samþ. á Alþ. þáltill. um byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga og annarra aðila, sem vilja reisa slíkt húsnæði. Samkv. þeirri till. var ríkisstj. falið í fyrsta lagi að láta kanna þörf fyrir íbúðarhúsnæði um land allt og þá ekki síður á höfuðborgarsvæðinu en með sveitarfélögum úti um land. Í öðru lagi átti svo ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir. Þetta er ærið stórt verkefni og sýnist í raun og veru ekkert áhlaupaverk. Hefur hæstv. félmrh. upplýst um nokkrar niðurstöður í sambandi við könnun á skorti á leiguíbúðarhúsnæði, og er allt vel um það, þannig að að nokkru leyti er kominn grundvöllur undir frekari aðgerðir í því efni. En víða úti um land hafa þó ekki enn fengizt upplýsingar um skort á leiguhúsnæði.

Þá mun vera í athugun hjá ríkisstj. mál, sem gengur alveg jafnhliða þessu. Það er, með hverjum hætti eigi að setja almennar og nauðsynlegar reglur um viðskipti leigutaka og leigusala, að því er varðar leigu íbúðarhúsa. Það er mjög nauðsynlegt einmitt að koma skipulögðum reglum á um þau viðskipti, því að eins og vikið er að í grg. fyrir till., þá er margt í þeim efnum, er viðkemur samningum á milli þessara aðila, sem er höfuðnauðsyn að koma í eðlilegt horf. Það er algerlega vandalaust að benda á mörg dæmi um háa og sjálfsagt allt of háa húsaleigu. En á hitt er þó að líta, að verðbólga og sívaxandi byggingarkostnaður grípa að sjálfsögðu mjög inn í þessi mál, og vissulega greiða þeir, sem koma sér upp eigin íbúðarhúsnæði, allverulega húsaleigu. Þar koma inn í vextir af stórlánum, skattar, fasteignaskattar af margvíslegu tagi, og svo kemur til viðbótar nauðsynlegt árlegt viðhald, þannig að þeir, sem eiga sitt eigið íbúðarhúsnæði, og ekki sízt þeir, sem eru nýbúnir að byggja á hverri tíð, eiga mjög erfitt um vik fjárhagslega. Svo er ýmsum þannig farið og kannske æðimörgum hér í þessu landi, að þeir kæra sig ekki um að leigja út frá sér og þá sízt að byggja þannig, að hægt sé að hafa húsnæði til útleigu alveg sérstaklega. Á þskj. 46 er vikið að kaupum og sölu á íbúðarhúsnæði og jafnframt hinu háa verðlagi, sem er á þeim markaði, og það þurfi nánari athugunar. Vissulega er hér einn vandinn enn á höndum, og skal ég ekki draga úr því, að þetta er erfitt mál við að eiga, en að sjálfsögðu þyrfti að líta á það og sjá til, hvort ekki væri hægt að lagfæra eitthvað í því efni. Þetta á að sjálfsögðu kannske einna helzt við á þéttbýlissvæðunum hér við Faxaflóa og þá ekki sízt í höfuðborginni sjálfri. En í sambandi við fasteignasölu kemur enn við sögu hinn aukni byggingarkostnaður með hverju ári og svo auk þess óvissan um alla framvindu í efnahagsmálum. Þetta hvort tveggja eykur að sjálfsögðu mjög á spennu í þessum efnum og á um leið sinn þátt í viðvarandi skorti á húsnæði.

En það er eðlilegt, að þessi mál séu umhugsunar- og áhyggjuefni margra, þau eru þess eðlis, og svo hefur verið að sjálfsögðu lengi. Hitt hefur meir vafizt fyrir mönnum, hvernig á að leysa úr þessum vandamálum. Það er skoðun okkar í allshn., að það sé ekkert vafamál, að til þess að draga úr þessum vanda, koma þessum málum betur á veg, sé öruggasta og hagkvæmasta ráðið að efla með skipulegum og markvissum hætti og vinnubrögðum hin ýmsu byggðarlög úti um land til uppbyggingar og aðstöðubóta. En að sjálfsögðu má til þess koma, að leysa megi þann vanda, sem fastast knýr á nú og þar sem þörfin er brýnust, með einhverjum ráðstöfunum, sem mættu vera til bráðabirgða, þótt ekki væri annað, og gætu komið að nokkru haldi.

Þau atriði, sem um ræðir í þessari till. og ég hef aðeins drepið á, eru, eins og húsnæðismálin í heild, til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., sem að sjálfsögðu hefur bezta aðstöðu til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga um, hvernig málin standa, og gera sér að lokum heildargrein fyrir þeim. Og svo vill til, að einmitt þessi mál eru meðal þeirra, sem ríkisstj. telur, að leggja beri sérstaka áherzlu á, og hefur sett sér það höfuðmarkmið að vinna að og bæta úr. Kemur það greinilega fram í stjórnarsamningnum sjálfum. Okkur í meiri hl. allshn. þykir með hliðsjón af þessu eðlilegast að bíða eftir niðurstöðum af athugun ríkisstj., sem hún sjálf telur sér skylt að láta fara fram, og væntanlegum till. af hennar hálfu. Því verður að treysta, að unnið sé að þessum málum og þeim skili áfram með þeim hraða, sem hæfir, og að komizt verði að niðurstöðum, sem taldar eru heppilegar. Svo vil ég geta þess, að það mætti ætla, að ekki þyrfti, þegar þannig er um búið, eins og ég sagði áðan, að ríkisstj. sjálf hefur sett sér mark að vinna að í þessum málefnum, sem till. ræðir um, að samþykkja áskorun á ríkisstj., að hún framkvæmi það, sem hún sjálf er einmitt að vinna að. Okkur finnst mörgum sem ekki sé beinlínis ástæða til þess. Ef einstakir stjórnarliðar hafa áhuga á því, að einstök málefni innan þessa margumtalaða stjórnarsamnings þurfi fram að ganga, eiga þeir að tala við sína ráðh., a. m. k. finnst mér rétt að farið með þeim hætti. En sem sagt, af þessum ástæðum, sem ég hef þegar greint, þykir okkur í meiri hl. n. eðlilegast, að þáltill. þessari verði við svo búið vísað til ríkisstj.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ástand í húsnæðismálum þjóðarinnar hefur áreiðanlega aldrei verið jafnskyggilegt og einmitt nú. Húsaleigan hefur farið mjög hækkandi á síðustu vikum og aldrei verið hærri. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að sjaldan hafi húseignir hækkað jafn-

mikið á jafnskömmum tíma og einmitt núna síðustu mánuðina. Ástæðurnar fyrir þessu eru flestum kunnar. Þótt byggingarstarfsemi sé mikil um þessar mundir og hafi verið mikil undanfarin tvö ár, var mjög lítið byggt á árunum 1967—1970 og skapaðist jafnt og þétt mikil húsnæðisekla, sem er núna að koma í ljós og hefur verið að koma í ljós á síðustu árum. Hin mikla byggingarstarfsemi síðustu tveggja ára, hefur ekki gert miklu meira en að halda í horfinu miðað við hina stórauknu þörf. Síðan bætist það að sjálfsögðu við, að atburðirnir í Vestmannaeyjum hafa markfaldað vandann. Ég hef að vísu ekki neinar tölur um það, hversu margar fjölskyldur hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa eru í yfirþyrmandi húsnæðisvandræðum, enda er mér næst að halda, að það hafi ekki verið rannsakað sem skyldi. En ég minnist þess, að þegar úthlutað var fyrr á þessum vetri íbúðum á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, lá það ljóst fyrir, að á þessu sviði væri greinilega um mikla neyð að ræða. Hundruð fjölskyldna, sennilega um 500 fjölskyldur, voru í algerri neyð, með algerlega óhæft húsnæði, og aðrar 300 í sárri vöntun, þótt kannske stæði ekki alveg jafnilla á fyrir þeim og þeim, sem ég fyrr nefndi. Ofan á þetta hefur síðan bætzt sú neyð, sem siglt hefur í kjölfar jarðeldanna í Vestmannaeyjum. Það er ekkert launungarmál, að húsaleiga hefur tekið risastór skref upp á við, alveg sérstaklega nú á síðustu vikum.

Með þeirri till., sem ég hafði lagt hér fram á þskj. 46, er skorað á ríkisstj. að undirbúa frv. til l. um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis og leggja það fyrir Alþ. Hér er sem sagt ekki verið að taka neina endanlega ákvörðun í þessu máli. Það er einungis verið að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv., sem taki á þessum vanda, og síðar mundu þá hv. alþm. fái tækifæri til þess að fjalla um það. Ég lít svo á, að þetta verkefni þoli enga bið og einmitt þess vegna sé sjálfsagt og eðlilegt, að Alþ. samþykki þessa till, en fari ekki að vísa henni til ríkisstj. án þess að taka raunverulega nokkra stefnumótandi ákvörðun. En hv. allshn. hefur því miður ekki fallizt einróma á þá málsmeðferð. Hún hefur klofnað um meðferð málsins og meiri hl. n. leggur sem sagt til, að frv. sé vísað til ríkisstj. Minni hl., hv. þm. Jónas Árnason, Bjarni Guðnason og Stefán Gunnlaugsson, leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Ég er síður en svo að halda því fram, að þótt þessari þáltill. verði vísað til ríkisstj., felist í því algerlega neikvæð afgreiðsla málsins. Okkur er öllum ljóst, að svo er ekki, og ýmislegt það, sem hv. frsm. meiri hl. allshn. sagði áðan, fól í sér viðurkenningu á því, að sú hugsun, sem í till. er fólgin, ætti fyllsta rétt á sér. Hann tók bæði undir þörfina á því, að athugað væri um húsaleigumálin og þá ekki síður um skipulag fasteignasölunnar í landinu. En hitt blasir að sjálfsögðu við öllum, að það er alls ekki nógu jákvæð afgreiðsla á svo brýnu máli, sem enga bið þolir, að því sé einungis vísað úr þinginu til ríkisstj., án þess að nokkur efnisleg afstaða sé tekin til málsins. Í því felst sem sagt engin stefnumótun. Málið er algerlega látið á vald ríkisstj., og það tel ég, að Alþ. eigi ekki að gera. Breytir þar engu um, þótt bæði ég og hv. frsm. n. treystum okkar kæru hæstv. ríkisstj. ágætlega í flestum efnum. Ef um væri að ræða nýtt mál, algerlega nýjar hugmyndir, sem þyrftu nákvæmrar rannsóknar við, gæti ég fallizt á, að það væri sómasamleg afgreiðsla málsins að vísa því til ríkisstj. En þegar um er að ræða svo gamalkunnugt mál, sem allir þekkja svo að segja af daglegri reynslu og þar að auki þolir enga bið, er að sjálfsögðu eðlilegast, að Alþ. móti einhverja stefnu, sem verði þá höfð að leiðarljósi við samningu frv. um þetta efni. Spurningin er sem sagt: Vilja menn setja einhverjar hömlur á hóflausar hækkanir húsaleigu? Ef svo er, þá samþykkja menn hér á Alþ. að fela ríkisstj. að undirbúa frv. um það efni. Ef aftur á móti hv. þm. vilja þetta ekki, þá er eðlilegast, að það komi fram, og hefði þá verið eðlilegast hreinlega að fella till. eða a. m. k. koma með brtt. við hana. Ég tel, að Alþ. geti alls ekki skotið sér undan að taka afstöðu til þessa mikilvæga atriðis.

Eins er með þá hlið húsnæðismálanna, sem nefnd er í síðari hluta þáltill., þ. e. a. s. um skipulag fasteignasölunnar í landinu. Það er lagt til, að skipulag fasteignasölunnar verði tekið til athugunar og að því stefnt í ákvæðum frv. að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði. Það er svo sem ekki mikið sagt með þessum orðum, og manni finnst, að þá ætti að vera svigrúm til að athuga, hvaða leiðir gætu komið þarna til greina. Það hlýtur hins vegar að ráða úrslitum, hvort menn eru ánægðir með ástandið eins og það er, algert eftirlitsleysi á þessu sviði og mjög misjafna þjónustu af hálfu fasteignasala, að ekki sé meira sagt, og síðan hömlulausar hækkanir verðlags á íbúðarhúsnæði, eins og hafa átt sér stað á undanförnum missirum. Ég tel sem sagt, að ef hv. alþm. vilja, að núv. skipulag fasteignasölunnar sé rannsakað gaumgæfilega í þeim tilgangi, að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja kaupendum og seljendum íbúða fullkomna og áreiðanlega þjónustu á sanngjörnu verði, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, eigi þeir að samþykkja þessa till. og þar með að fela ríkisstj. að undirbúa allar hliðar þess máls.

Ég tel sem sagt, að afskiptaleysi og áframhaldandi frestun og algert stefnuleysi á þessu sviði af hálfu Alþ. eigi ekki við í þessu máli. Ég er ekki ósammála hv. meiri hl. allshn. um það, eins og kemur fram í nál. meiri hl., að óruggasta og hagkvæmasta úrræðið í þessum vanda sé alhliða, skipuleg og markviss efling landsbyggðarinnar, eins og segir í nál. meiri hl. Ég er algerlega sammála þessu. En ég spyr bara: Hafa menn raunverulega þolinmæði til þess að bíða eftir því, að gerðar verði alhliða skipulegar og markvissar ráðstafanir til eflingar landsbyggðinni? Á að bíða með lausn á þessum hrikalegu vandamálum í húsnæðismálum, þar til þessar ráðstafanir verða gerðar? Nei, ég segi fyrir mig, að ég hef ekki þolinmæði til að bíða eftir því. Ég veit, að það eru þúsundir manna hér á þéttbýlissvæðinu, alveg sérstaklega í kringum Faxaflóa, sem skortir þá þolinmæði. Og ég get fullvissað hv. alþm. um það, að þýsna margir munu fylgjast vel með því,

hvaða afgreiðslu þessi þáltill. hlýtur, og binda áreiðanlega miklar vonir við það, að hv. Alþ. taki afstöðu í þessu máli, gripi sem sagt í taumana og móti ákveðna stefnu. Það er sú lágmarkskrafa, sem menn gera til hv. Alþingis.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum ítreka öll meginatriðin í ræðu síðasta ræðumanns. Hann vék þar að *því skipulagsleysi og stefnuleysi, sem ríkir í* þeim málum, er varða leigu og sölu íbúðarhúsnæðis á þessu landi. Þetta er hárrétt. Ég hygg, að þingheimur ætti að gera sér ljóst, að það fólk, sem býr í leiguhúsnæði hér á landi, er efnaminnsta fólkið. Það er það fólk, sem þarf á margan hátt að sinna með félagslegum aðgerðum. En *því miður hafa málin yfirleitt snúizt* þannig, að íbúðareigendum er miklu fremur sinnt heldur en þeim, sem þurfa að leigja húsnæði. Íbúðareigendum eru veitt ýmiss konar skattaleg hlunnindi, sem íbúðarleigjendur fara á allan hátt á mis við.

Það eru til a. m. k. þrjár leiðir til þess að *styðja á bakið á efnaminnsta fólkinu í landinu*, sem þarf að búa í leiguhúsnæði. Ein er sú að veita leigjendum á einhvern hátt skattfríðindi með hluta af húsaleigu. Það er aðferð, sem að mínu viti kemur mjög til greina, og það mundi þá tryggja það, að húsaleiga væri rétt upp gefin. Í öðru lagi er til sú leið, sem ég hygg, að sé farin á Norðurlöndum, t. d. í Noregi, að hið opinbera veitir fólki ákveðinn húsaleigustyrk. Og í þriðja lagi er sú leið, sem er sú sjálfsagða, þ. e. að byggja leiguhúsnæði skipulega á ódýran hátt, þannig að það komi efnaminnsta fólkinu að verulegum notum. Því miður ríkir hér lögmál hins frjálsa markaðar í húsnæðismálum. Og okkur vill gleymast, að húsnæðisleigjendur munu vera, að ég hygg, milli 30 og 40 þús. manns í þessu landi, þ. e. a. s. feður og fjölskyldur, þannig að þetta er mikill hópur manna. Og eins og ég sagði áðan, þetta er það fólk, sem yfirleitt býr við erfiðust kjör og er pastursminnst í þjóðfélagsbaráttunni. Og það er einmitt þetta fólk, sem hlýtur að koma í hlut Alþ. að styðja við bakið á, miklu fremur en það fólk, sem er búið að koma sér vel fyrir í miklu og dýru húsnæði og hefur hagnazt á þeirri verðbólgu, sem er í þessu þjóðfélagi.

Ég verð að segja það, að mér kemur dálítið spánskt fyrir sjónir, að hið háa Alþ. getur talað dögum saman um það, þó að það vanti kannske sjónvarp út á einstaka bæi á annesjum. Ég skil það fullkomlega, að það er eðlilegt að veita fólki þátt í menningu þjóðarinnar. En þegar kemur að jafnmikilli þörf og sjálfum húsnæðismálunum, þ. e. a. s. að bæta úr húsnæðisþörf þeirra, sem þurfa að taka á leigu húsnæði, þá er eins og þingheimur sitji þögull og láti sig það litlu skipta.

Ég vil eindregið skora á þm. að styðja álit minni hl. allshn. í þessum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafrannsóknastofnunin, þáltill. — (þskj. 58, n. 439). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um *bætta aðstöðu fyrir Hafrannsóknastofnunina*, en í þeirri till. er lagt til, að Alþ. heimili ríkisstj. að kaupa eða láta smíða tvo vélbáta fyrir Hafrannsóknastofnunina. Fjvn. sendi þáltill. til umsagnar Fiskifélagsins og til Hafrannsóknastofnunarinnar, en báðar þessar stofnanir mæltu með því, að heimildin yrði miðuð við smíði á einum *báti. Fiskifélagið leggur til, að um yrði* að ræða 50 brúttólesta bát samkv. nýju mælingareglunum, en í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er þess getið, að smíðakostnaður 75 lesta báts sé talinn 26—27 millj. kr., það var fyrir áramótin. Þess má einnig geta, að talið er, að stofnunin eigi nú kost á að kaupa um 50 *brúttólesta bát, nýlegan, með hagstæðum kjörum*. Fjvn. hefur því einróma samþ. að leggja til, að tillgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að kaupa eða láta smíða um 50 rúmlesta vélbát til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina."

Samkv. áætlun, sem Hafrannsóknastofnunin hefur verið beðin um að gera, er talið, að rekstrarkostnaður sliks báts sé um 4.5 millj. kr. á ári, en á hinn bóginn fellur þá niður kostnaður vegna leiguskipa, sem hefur verið um 3 millj. á ári.

Gert er ráð fyrir, að bátur sá, sem lagt er til, að heimilað verði að kaupa eða smíða fyrir Hafrannsóknastofnunina, stundi rannsóknir á grunnmiðum, og samkv. skýrslu, sem fjvn. hefur aflað frá Hafrannsóknastofnuninni, yrði verkefnaskrá bátsins á næsta ári, þ. e. a. s. 1974, þessi: 15. jan. til 15. febr. Vestfirðir, kúskel, leit og kortlagning miða. 15. febr. til 15. marz Vestfirðir, hörpudiskur, athuganir á veiðisvæði og leit. 15. marz til 30. apríl Ísafjarðardjúp, Arnarfjörður, Húnaflói, rækja, athuganir á veiðisvæðum og leit. 1. maí til 15. maí Eldeyjarsvæði, rækja, athuganir á veiðisvæði og leit. 15. maí til 15. júní Suðvesturland, Suðausturland, humar, magn humarlifra, árlegt prógram og athuganir á veiðisvæði. 15. júní til 15. júlí Breiðafjörður, hörpudiskur, athuganir á veiðisvæðum og leit. 15. júlí til 15. ágúst Breiðafjörður, rækja, athuganir á veiðisvæðum og leit. 15. ágúst til 30. sept. Arnarfjörður, Ísafjarðardjúp, Húnaflói og Eldey, athuganir á veiðisvæðum og leit. 1.—30. okt. Norðausturland, rækjuleit. 1.—30. nóv. Norður- og Austurland, hörpudisksleit. Og 1.—20. des. Norður- og Austurland, kúskel, leit og kortlagning miða.

Björn Pálsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. frsm. sagði hér, að það mundi kosta 4.5 millj. reksturinn á bátnum, vil ég leyfa mér að spyrja um það, hvort þar í eru vextir og afskriftir af bátnum. Ég álít, að þetta sé einkennilega lág upphæð, ef það er reiknað með.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. vil ég aðeins taka það fram, að þessi grg. frá Hafrannsóknastofnuninni var ekki margbrotin, en ég hygg, að í þeirri tölu, sem

ég áðan nefndi, 4.5 millj., sé ekki gert ráð fyrir vöxtum og afborgunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðvörunarkerfi á hraðbrautum, þáltill. (þskj. 102, n. 440). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til afgreiðslu till. til þál. um sjálfvirk viðvörunarkerfi á hraðbrautir með varanlegu slitlagi. N. sendi till. til umsagnar Vegagerðar ríkisins. Í umsögn Vegagerðarinnar kemur m. a. fram, að það er á misskilningi byggt í grg. með þáltill., að gerð hafi verið af hálfu Vegagerðarinnar áætlun um uppsetningu slíkra viðvörunarkerfa, en s. l. haust hafi verið tekin upp kerfisbundin dagleg könnun á hálku á hraðbrautum út frá Reykjavík á þann hátt, að kl. 6 að morgni fari menn frá Reykjavík að kanna Reykjanesbraut, Suðurlandsveg og Vesturlandsveg með tilliti til hálku, og kalla þeir á bifreiðar til sand- eða saltdreifingar, ef þurfa þykir, áður en umferð um vegina hefst að marki. Telur vegamálastjóri, að slíka þjónustu, sem kostar töluvert fé, yrði ekki unnt að leggja niður, þótt sjálfvirk viðvörunarkerfi yrðu tekin í notkun. Umsögn vegamálastjóra fylgir grg. frá Sigfúsi Erni Sigfússyni deildarverkfræðingi um þessi sjálfvirku hálkuviðvörunarkerfi, þar sem m. a. kemur fram, að slíkum búnaði virðist enn þá yfirleitt vera nokkuð áfátt, þannig að tækið gefur ætíð nokkuð af fölskum viðvörunum, ef það á að vara við hálku með fullu öryggi, en það dregur mjög úr gildi viðvörunarkerfa og gæti smám saman rýrt tiltrú vegfarenda á kerfinu. Tæki þessi munu einkum hafa verið notuð á einstökum hlutum vega með mjög mikilli umferð, svo sem brúm. Kemur fram, að verkfræðingar Vegagerðarinnar hafa því ekki hirt um að kynna sér sérstaklega þessi tæki, þau séu ekki auglýst og sjaldan rædd í sérfímaritum um vegamál. Er talið, að til þess að velja gerð tækja og gera sér hugmynd um kostnað þyrfti að framkvæma sérstaka könnun og e. t. v. leita tilboða, en slíkt tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma.

Að öllu þessu athuguðu leggur fjvn. til, að orðalagi þáltill. verði breytt á þann veg, að í stað þess, að skorað verði á ríkisstj. að fela Vegagerðinni að koma upp sjálfvirku viðvörunarkerfi, verði við það miðað, að Vegagerðin kanni notagildi slíks útbúnaðar við hérlendar aðstæður, svo og kostnað við uppsetningu og rekstur tækjanna, og till. verði orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að gera ítarlega könnun á notagildi sjálfvirkra hálkuviðvörunarkerfa miðað við aðstæður hér á landi og kostnað við uppsetningu og rekstur þeirra.“

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipulag byggðamála, þáltill. (þskj. 383). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 8 þm. sjálfstæðismanna að flytja till. til þál. um skipulag byggðamála og auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar á þskj. 383. Hér er um að ræða, að ég hygg, ítarlegustu þáltill., sem flutt hefur verið fyrr eða síðar á hv. Alþ. um þetta efni, og hún er að því leyti til sérstæð, að hún er flutt af þm. úr öllum kjördæmum landsins, en það hygg ég, að sé nánast einsdæmi um slíkt mál. Sú staðreynd, að þm. úr öllum kjördæmum landsins, þ. á m. þm. Reykv., flytja á framangreindu þskj. svo ítarlega og afdráttarlausa till. til þál. um byggðamálin, undirstrikar þá skoðun þingflokks sjálfstæðismanna, að áframhaldandi röskun byggðar í landinu, eins og það fyrirbrigði er nánast skilgreint í grg. till., sé félagslega og efnahagslega dýr þjóðinni allri, hvar sem menn búa, í sveit eða við sjó, í borg eða bæ. Í grg. með till. er stutt óyggjandi rökum, að áframhaldandi aðflutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins skapi þar þrýsting á húsnæðismarkaðinum og aukna þörf sífellt dýrari opinberra framkvæmda. Á það er bent sem augljósa staðreynd, að á Reykjavíkursvæðinu sé risin öflug höfuðborg, sem gegni prýðilega því hlutverki að vera miðstöð þjóðlífsins, af þeim sökum sé hraðstækkun höfuðborgarsvæðisins með aðflutningum fólks frá landsbyggðinni óþörf, en jafnframt ákaflega dýr því fólki, sem þar býr. Á hinn bóginn nýtast mannvirki og auðlindir þjóðarinnar verr en skyldi á landsbyggðinni vegna brottflutnings fólks úr heilum landshlutum. Af þessum sökum fylgir tvöföld efnahagsleg og félagsleg verðmætafórn áframhaldandi byggðaröskun, bæði í höfuðborgarþéttbýlinu og strjálbýlinu.

Samhengið milli þeirrar starfsemi, sem rekin er í höfuðborgarþéttbýlinu og á landsbyggðinni, er mjög flókið í nútímaþjóðfélagi. Veruleg verkaskipting er orðin á milli fólksins, sem býr í þessum byggðarlögum. Á landsbyggðinni fer fram megnið af útflutningsframleiðslunni og matvælaframleiðslu fyrir innlenda neyzlu, en á höfuðborgarsvæðinu starfar mikill fjöldi að þjónustustörfum, sem verður að framkvæma, til þess að hin tækni- og vélvædda framleiðsla á landsbyggðinni geti átt sér stað. Þar er auk heldur miðstöð vísinda, lista, menntunar og menningar í þjóðlífinu, svo að nokkuð sé nefnt. Ekkert nútíma velferðarþjóðfélag getur lifað án hvorrar tveggja þessarar starfsemi, sem rekin er í framangreindum landshlutum. Það gefur auga leið, að miklir og flóknir fjármagnsstraumar liggja á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins af framangreindum sökum. Sé aðeins tekið eitt dæmi, má minna á, að landsfólkið allt stendur undir miklum og sívaxandi atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu, þar sem er starfsemi miðstjórnarstofnana ríkisins og ýmissa annarra, svo sem Háskóla Íslands og viðlíka stofnana. Með sköttum sínum stendur allur landslýður undir starfsemi þessara aðila. Fólk, sem við þessar stofnanir vinnur, þarf ýmiss konar þjónustu og vörur, sem framleiddar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þessi mikli og margvíslegi fjármagnsstraumur, sem kemur að verulegum hluta frá landsbyggðinni, hefur því ekki

einungis mikil bein áhrif á atvinnu- og efnahagslíf höfuðborgarbúa til eflingar þess, heldur einnig meiri óbein áhrif en flesta grunar að óathuguðu máli. Upp á móti þessu vegur, að miklar fjárhæðir renna frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar á ýmsan hátt. Sem dæmi mætti taka, að til samgöngukerfisins, sem raunar er í þágu allra landsmanna að verulegu leyti, renna miklar fjárhæðir, sem höfuðborgarbúar greiða að hluta með sköttum sínum í einni eða annarri mynd.

Hér er aðeins dregin upp gróf mynd af því flókna fjármagnsstreymi og því nátengda samhengi, sem er í starfsemi, sem fram fer á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þegar þetta er skoðað, sést, að því fer víðs fjarri, að unnt sé með nokkru móti að gera það dæmi upp, ef sanngjarnlega er á málið horft, hvort annar hvor aðilinn fái í sinn hlut óeðlilegan skerf af þjóðartekjunum til fjármunamyndunar, t. d. með starfsemi byggðasjóðs. Sú heildarniðurstaða skiptir öllu máli, að það fjármagn, sem varið er á skynsamlegan hátt til þess að hafa áhrif á byggðaþróun í rétta átt, er arðbær fjárfesting fyrir þjóðarbúið í heild, hvar sem menn búa á landinu.

Sjálfstæðismenn hafa jafnan látið byggðamálin sig miklu skipta. Sú saga verður ekki rakin hér ítarlega. Hér skulu nefnd nokkur lagafrv. og þáltill., sem þeir hafa flutt á undangengnum þingum, allt frá árinu 1952, en það ár fluttu Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jónas G. Rafnar og fleiri frv. til laga um atvinnubótasjóð ríkisins. Þetta mál var ekki útrætt á því þingi, en hins vegar var þá samþ. þál., sem Sigurður Bjarnason var 1. flm. að, um undirbúning að heildaráætlun í þeim tilgangi að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Á áratugnum 1950—1960 fluttu sjálfstæðismenn margar till. og frv. í byggðamálum, og á þinginu 1960—1961 var samþ. þál., sem Sigurður Bjarnason og Magnús Jónsson voru m. a. flm. að, um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins. Á þinginu 1965—1966 urðu svo þau þáttaskil, að þá var samþ. stjórnarfrv. til laga um atvinnujöfnunarsjóð.

Í kjölfar laganna um atvinnujöfnunarsjóð var einnig ráðizt í að gera og framkvæma byggðaáætlanir. Fram til þessa má segja, að meginverkefnin í byggðaáætlanagerð séu fjögur. Fyrst var ráðizt í samgönguþátt Vestfjarðaáætlunar, þá atvinnumálaþátt Norðurlandsáætlunar, síðan Austurlandsáætlun í samgöngumálum og síðast samgönguþátt Norðurlandsáætlunar. Mörg hundruð millj. kr. hefur verið varið í samræmi við þessar áætlanir og frekari byggðaáætlanagerð undirbúin í öðrum landshlutum. Þessi vinnubrögð og samræmdu átaök í byggðamálum voru hafin undir forustu sjálfstæðismanna, þrátt fyrir mikla og óbilgjarna gagnrýni þáv. stjórnarandstæðinga. Þau mörkuðu þáttaskil í byggðastefnu og framkvæmd hennar hér á landi. Í tengslum við þessa áætlanagerð fór fram mikil og víðtæk könnun á þeim þáttum byggðavandans, sem þá var brýnast að gera sér grein fyrir.

Þær till., sem við sjálfstæðismenn gerum nú í byggðamálum, eru í beinu framhaldi af þeim tímamótaaðgerðum, sem fyrrverandi ríkisstj. beitti sér fyrir á síðasta áratug og hér hefur lauslega verið drepið á. Í þessu sambandi skal þó á það bent og lögð á það þung áherzla, að þessar till. eru fyrst og fremst aðgerðir, sem að áliti okkar flm. er unnt og verður að grípa til strax. Miklu fleiri ráðstafanir koma til greina um svo flókið mál sem hér um ræðir, en við teljum, að þessum till. sé sammerkt, að unnt sé að grípa til þeirra þegar í stað og raunar þótt fyrr hefði verið.

Þau þáttaskil urðu einnig á síðasta áratug, að tekin var upp ný byggðastefna. Hún var í því fólgin að leggja höfuðáherzlu á að efla byggð í hverjum landshluta sem heild, í stað þess að áður var stefnt að því að viðhalda byggð, þar sem byggð var fyrir, án tillits til aðstæðna og vaxtarskilyrða. Hin nýja stefna hefur það m. a. í för með sér, að lögð er áherzla á að efla þau byggðarlög, sem bezt hafa vaxtarskilyrði innan hvers landsfjórðungs, þannig að heildarmannfjöldaþróun hans verði sem hagstæðust, jafnframt því — og það vil ég leggja sérstaka áherzlu á, að minni og veikari byggðarlög séu efld, eftir því sem unnt er. Þessi byggðastefna, sem hvarvetna hefur hlotið viðurkenningu fróðra manna um byggðamál, bæði hér á landi og í nágrannalöndum, styðst við þau augljósu rök, að mikilvægir málaflokkar þróast í takt við heildaríbúatölu ákveðins landssvæðis. Það er t. d. alveg ljóst, að þeim mun fleira fólk sem byggir Norðurland eystra, því meiri umferð verður á aðalvegakerfi Norðurlands vestra og því meiri áherzlu verður að leggja á að koma því í svipað horf og hér í kringum höfuðborgarsvæðið.

Það er almenn regla, að þróun samgangna, heilsugæzlu, skólamála og fleiri málaflokka fer mjög eftir því, hver fólksfjöldi og fólksfjölgun er í heilum landshlutum, þannig að ekki er nægilegt að líta afmarkað á vöxt einstakra byggðarlaga, heldur fara búsetuskilyrði í hverju og einu þeirra að verulegu leyti eftir mannfjöldaþróun í viðkomandi landshluta sem heildar.

Þegar hin nýja stefna og vinnubrögð í byggðamálum voru tekin upp á síðasta áratug undir forustu sjálfstæðismanna, stóð þannig á í íslenzku þjóðlífi, að verðhrun og aflabrestur dundu yfir, þannig að útflutningstekjur þjóðarinnar minnkuðu á skömmum tíma um helming. Verulegt atvinnuleysi fylgdi í kjölfar þessara áfalla, svo sem vænta mátti, og við þetta kom skýrt í ljós, hver sérstaða atvinnulífsins er á landsbyggðinni, því að atvinnuleysi var þar miklum mun meira en hér á höfuðborgarsvæðinu. Einkum var þetta áberandi á Norðurlandi. Það gefur auga leið, að þegar svo er ástatt, skiptir meginmáli að beina athyglinni í byggðamálum að eflingu atvinnulífsins. Þetta var gert, bæði með framkvæmd atvinnumálaþáttar Norðurlandsáætlunar og starfi atvinnumálanefnda, sem störfuðu um skeið í öllum landshlutum. Þessari varnarorustu, ef svo mætti að orði komast, er nú lokið fyrir allnokkru. Nú skiptir meginmáli í atvinnumálum landsbyggðarinnar, að auka þarf fjölbreytni atvinnulífsins með langtímamarkmið í huga, en eins og ástatt er nú, skipta skipulagsbreytingar á

húsnæðismálakerfinu höfuðmáli, svo og að bæta félagslega aðstöðu á landsbyggðinni í sem víðustum skilningi og jafnframt að endurskipuleggja allt byggðastarf í stjórnkerfi landsins, þannig að það verði ekki aukastarf í ríkisbáknínu, eins og einn hv. þm. úr stuðningsliði hæstv. ríkisstj. komst að orði í umr. hér á dögunum. Við þessar nýju aðstæður eru till. okkar miðaðar og þá reynslu og þekkingu, sem aflazt hefur með þeim nýju vinnubrögðum, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp í byggðamálum á sínum tíma.

Miklar blikur eru á lofti í byggðamálum og veruleg hætta á, að röskunin fari jafnvel vaxandi á næstunni, ef ekki er gripið til nýrra ráða til lausnar þessum vanda. Um þetta segir svo í grg. till. okkar, með leyfi hæstv. forseta.

„Aldurskiptingu þjóðarinnar er þann veg háttað, að miklu fleira og fjölmenntaðra ungt fólk velur sér búsetu og starf á þessum áratug en nokkru sinni fyrr. Um 40 þús. Íslendingar verða tvítugir á áratugnum 1971—1980. Vitað er, að hlutfallslega fleiri úr þessum hópi hafa sérmenntun eða afla sér hennar. Þetta hefur það í för með sér m. a., að aukinn fjöldi ungs fólks mun velja sér starf í úrvinnslu- og þjónustugreinum og velja sér búsetu í félagslega þróuðu umhverfi. Til viðbótar þessu er á að líta eftirfarandi atriði, sem hafa í för með sér stóraukna hættu á vaxandi byggðaröskun:

a) Atvinnuvegirnir utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins eru einhæfir, og horfur eru á mikilli áframhaldandi framleiðniaukningu í landbúnaði og sjávarútvegi, þannig að framleiðsla þeirra hefðbundnu bjargræðisvega landsbyggðarinnar mun aukast verulega án viðbótarvinnuafls að marki.

b) Á landsbyggðinni er jafnan við sérstæð húsnæðisvandamál að etja. Fólk flytur þangað ógjarnan, ef það þarf að hefja búsetu með því að koma upp yfir sig húsnæði. Aftur á móti kaupa ýmsir úr strjálbýlinu íbúðir á Reykjavíkursvæðinu, jafnvel löngu áður en þeir flytjast þangað.

c) Mismunur á aðstöðu til heilbrigðisþjónustu, menntunar, menningarlífs og samgangna er augljós milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

d) Rík tilhneiging er til þess að velja stórfyrirtækjum og opinberum stjórnsýslustofnunum stað á höfuðborgarsvæðinu.

e) Hætt er við, að stjórnvöld gripi til niðurskurðar á framkvæmdum á landsbyggðinni í þeirri viðleitni að hamla gegn verðbólgu, þótt þensluáhrif framkvæmda á Suðvesturlandi ráði úrslitum um þann þátt verðbólguvandans og niðurskurður framkvæmda á landsbyggðinni geti beinlínis haft öfug áhrif."

Í samræmi við þessar staðreyndir, sem ég hef talið hér og eru úr grg. með till., teljum við flm. að gripa þurfi til skjótra úrræða. Við teljum, að þegar sé fyrir hendi næg þekking og reynsla til þess að framkvæma þegar í stað þessar till. okkar, sem hér liggja fyrir, jafnframt því sem könnun og athugun á öllum öðrum hliðum byggðavandans sé haldið áfram.

Herra forseti. Ég vil ekki tefja störf hins háa Alþ. með því að gera nánari grein fyrir tillögu okkar flm. í byggðamálum en ég hef þegar gert. Þeim fylgir ítarleg grg., sem hv. þm. hafa vafalaust kynnt sér. En ég vil leggja áherzlu á þetta að lokum: Nágrannaþjóðir okkar hafa á síðustu árum gert byggðamálin að meginþætti í stjórnmálum við hlið umhverfis- og náttúruverndarmála. Árangurinn er sá, að gripið hefur verið til stórfelldra ráðstafana til þess að stýra byggðaþróuninni inn á hagkvæmari brautir fyrir viðkomandi þjóðfélag. Ég lít á þessar till. okkar sjálfstæðismanna sem veigamikið spor í hliðstæða átt, í framhaldi af starfi fyrrv. ríkisstj.

Því fylgja ýmsir kostir að búa á landsbyggðinni, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson benti réttilega á í umr. hér á dögunum. Þar er heilsusamlegt að búa, og þar komast menn auðveldlega í nána snertingu við náttúru okkar kæra lands. En það skortir jafnframt ýmislegt, sem menn gera kröfur til í nútímaþjóðfélagi. Með því að samþ. till. okkar í byggðamálum á hið háa Alþ. nú þess kost að stuðla að því að bæta skilyrðin til þess að nýta betur alla kosti Íslandsbyggðar. Ég vænti þess, að slíkum till. verði vel tekið á hinu háa Alþ. og þær verði samþ. á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna framkominni þáltill. frá hv. sjálfstæðismönnum. Mér sýnist þar um töluverða stefnubreytingu að ræða hjá þeim hv. þm. Að vísu var frsm. mjög ánægður með hlut síns flokks í meðferð þessara mála á undanförnum árum, en ekki eru allir meðflm. hans honum sammála. M. a. kom það fram hjá hv. 2. þm. Vestf. í umr. hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum, að hann telur, að hraði og meðferð þessara mála hefði mátt vera meiri og betri í stjórnartíð sjálfstæðismanna. En það er ekki ástæða til að vera að rifja þetta upp. Það er miklu frekar ástæða til að fagna þessari stefnubreytingu, sem ég orða svo. Og ég sé enga ástæðu til annars en að þarna geti orðið góð samstaða um raunhæfar aðgerðir til eflingar byggð og betra jafnvægis um land allt.

Ég ætla ekki að fara að rekja einstaka liði þessarar þáltill. Ég get í fljótu bragði tjáð mig fylgjandi ýmsu, sem þar kemur fram, enda, eins og raunar kom fram í umr. um þáltill. um svipað efni, sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm., var fjölmargt í minni framsögurræðu og sérstaklega nefnt af hv. 2. þm. Vestf., sem þessir hv. þm. telja sig geta fylgt, og raunar kemur furðumargt af því fram í þeim liðum, sem upp eru taldir í þessari þáltill., sem nú er til umr. Engu að síður er það óbreytt skoðun mín frá því, sem þá var, að það séu skynsamlegri vinnubrögð að skoða þessi mál sem vandlegast. Ég er ekki reiðubúinn að segja, að þessi lausn, sem hér er bent á, sé sú eina rétta. Ég vil kanna málin betur og ræða þau vandlega. Ég vil ekki láta samþ. ákveðna tilhögun þessara mála í einhverjum flýti og svo síðan hendur mínar og segja: Nú hefur nóg verið gert í þessum málum og þeim verið skipað í réttan bás og komið á rétta leið.

Mér sýnist því, að eðlileg meðferð sé að vísa þessu máli til þeirrar mþn., sem lagt er til að sett verði á fót í þeirri till., sem ég hef leyft mér að flytja hér á þinginu. Sýnist mér raunar sjálfsagt, að þannig verði skoðuð öll þau atriði, sem þarna koma fram, og fjölmörg fleiri.

Ég get upplýst það, að mér er kunnugt um, að íslenzkur fræðimaður er nú að búa sig undir ítarlega athugun á þeim leiðum, sem aðrar þjóðir hafa valið í svipuðum málum, og mun hann gera tilraun til að meta árangur þeirra, e. t. v. með nokkurri hliðsión af því, hvernig þær mættu reynast hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar, að slík vinnubrögð séu skynsamleg, og læt það ekki á mig fá, þótt reynt sé að gera lítið úr því, að í fyrri þáltill. er rætt um að kanna málin. Ég held, að könnun sé til alls fyrst og að ana og flana sé aldrei til góðs. Ég er þó ekki að segja, að svo sé gert með þessari till., en legg áherzlu á, að þessi atriði og fjölmörg önnur ber að skoða mjög vandlega, áður en almenn stefna er mörkuð í þessu mjög svo mikilvæga máli. Ég vil því leyfa mér að vona, að þessi till. fái skjóta afgreiðslu hjá n., sem fær hana til meðferðar, og verði skoðuð ásamt þeirri þáltill., sem þar er nú. Skoða þarf fjölmargt fleira. Ég vil vekja athygli á ítarlegum frv., sem lögð hafa verið fram hér af hv. framsóknarmönnum um atvinnumálastofnun og fjölmargt annað í þessu sambandi. Öll þau mál ber nú að draga fram og kanna þau og skipa síðan þessum mikilvæga málaflokki þannig, að okkur sé sómi að.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum, þáltill. (þskj. 424). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 424, sem hér er til umr., er á þá leið, að Alþ. feli ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til, að þætt verði móttökuskilyrði sjónvarps á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum.

Það mun öllum vera ljóst, að sjónvarpið gegnir miklu og mikilvægu hlutverki meðal þjóðarinnar, og þó að á undanförnum árum hafi margt og mikið verið gert til þess að koma sjónvarpi til sem allra flestra landsmanna, þá skortir þó enn talsvert á, að allir njóti þeirrar sjálfsögðu þjónustu, sem sjónvarp er nú talið. Vart þarf að draga í efa, að allir munu sammála um það, að svo sjálfsagt sem það er, að allir, sem á þurru landi eru, geti notið sjónvarps, þá mun ekki síður mikilvægt að búa þannig um hnútana, að sjómenn, sem eru meginhluta úr árinu á hafi úti, fjarri sínum heimilum, eigi þess einnig kost að njóta þessarar sjálfsögðu þjónustu. Nú mun það vera svo, að því er ég bezt veit, að verst ástand mun vera að því er þetta varðar á miðunum úti fyrir Vestfjörðum. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að enda þótt vestfirzkir sjómenn eigi þarna mikilla hagsmuna að gæta, að úr þessu verði þætt, þá er það svo, að mikinn hluta ársins eru sjómenn víðs vegar að af landinu á Vestfjarðamiðum. Ástand þessara mála á umræddu svæði er nú svo, að sjónvarp sést vart út fyrir mitt Ísafjarðardjúp. Í athugun, sem póst- og símamálastjórnin lét gera á s. l. hausti um þetta mál, kemur fram, að helzt er talið koma til greina, að reist verði endurvarpsstöð á Barða, sem er milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar. Talið er í þessari athugun, að stöð, sem þarna yrði sett, mundi auk þess að þjóna miðunum einnig leysa vandamál fyrir hluta af byggðinni á Ingjaldssandi, sem ekki nýtur nú sjónvarps. Það má því segja, að með þessari lausn, ef úr yrði, væru slegnar tvær flugur í einu höggi. Ég held, að líóst sé af þeirri athugun, sem póst- og símamálastjórnin gerði, að þar sé um svo smáar fjárupphæðir að ræða, að vart sé orð á gerandi. Þessari athugun póst- og símamálastjórnarinnar fylgdi kostnaðaráætlun, sundurliðuð, og er hún sem hér segir: Tæki, loftnet, mastur og annar búnaður er áætlað á 1 millj. 435 þús. Bygging undirstaða og flutningar 1 millj. 350 þús. Rafmagn og sími 1 milli. Uppsetning masturs, loftneta og tækja er áætlað 250 þús. Og ófyrirséð er áætlað 465 þús. kr. Einnig kemur fram í þessari áætlun eða athugun, að ekki er gert ráð fyrir vegarlagningu á þetta svæði, heldur ráð fyrir því gert, að við uppsetningu, aðflutning efnis og viðhald, yrði notuð þyrla.

Mér sýnist ljóst mál af því, sem hér hefur verið sagt, að tvennt fari í raun og veru saman, þ. e. annars vegar að bæta þessa aðstöðu, þar sem hún er verst og tiltölulega litlu þurfi til að kosta í fjármunum, og eins og ég sagði áðan, þá mun það a. m. k. að mínu mati — og ég hygg mun fleiri — vart vera áhorfsmál, að þetta beri að gera.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða öllu frekar um þetta mál, nema því aðeins að tilefni gefist til. Ég vænti þess fastlega, að þetta sé svo augljóst mál öllum hv. þm., að vart þurfi um það fleiri orð að hafa. Ég tel, að hér sé svo sjálfsagt réttlætis- og nauðsynjamál á ferðinni, að ég treysti hv. þm., treysti á dómgreind þeirra, að þeir sjái sér fært að veita þessu máli jákvæða fyrirgreiðslu. Og ég treysti því, að sú hv. þingnefnd, sem kemur til með að fá þetta mál til meðferðar, sýni af sér röggsemi, — ef röggsemi þarf til, sem ég tel nú ekki vera, — að mál þetta fái afgreiðslu skjótlega úr n., þannig að það megi ná fram að ganga þegar á þessu þingi.

Ég vék að því áðan, að þarna væri um sjálfsagt nauðsynjamál að ræða, sem litlu væri til kostað, aðeins hluta af kostnaðarverði lítils trillubáts, þannig að ég held, að það þurfi ekki miklar vangaveltur yfir þessu að hafa, og ég treysti því sem sagt, að sú þingnefnd, sem þetta mál fær til meðferðar, afgreiði það skjótlega og á jákvæðan hátt.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. Og ég vænti þess, að hún sýni af sér rögg og láti okkur sjá afgreiðslu á þessu máli nú innan nokkurra daga, þannig að við getum afgreitt það, áður en þing lýkur störfum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Loðna til manneldis, þáltill. (þskj. 433). — Ein umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Hv. varaþm. Bragi Sigurjónsson og ég höfum leyft okkur að flytja á þskj. 433 till. til þál. um þurrkun loðnu til manneldis. Hugmyndin að þessari till. er komin norðan úr Mývatnssveit. Þar höfðu áhugamenn tekið sér fyrir hendur í síðasta mánuði eða á síðustu vikum að gera nokkra tilraun til þess að þurrka loðnu við jarðvarma. Nú er það ljóst, að loðnan er mikilvægt hráefni, og þegar þau ósköp sem nú veiðast hér við land, þá er þýðingarmikið, að reynt sé að gera sem allra verðmætasta vöru úr loðnuunni.

Fyrir nokkrum árum var byrjað að frysta loðnu, og sú framleiðsla hefur aukizt mjög verulega á síðustu árum og varan fyrst og fremst veri seld til Japans. Nú á allra síðustu vikum hefur verið farið að sjóða niður loðnu, og enn eru Japanir kaupendur, og mér er sagt, að Sölustofnun lagmetis og sjávarafurðadeild SÍS hafi selt nú þegar til Japans niðursoðna loðnu fyrir um 20 millj. kr., algerar reynslusendingar. Það er mikill áhugi á þessari vöru, og þarna er loðnan orðin verðmest. Það er því alveg vafalaust, að þennan iðnað þarf að efla mjög sterklega á næstunni. Nú þegar eru til nokkrar verksmiðjur í landinu, sem geta soðið niður loðnu, svo að dæmi séu nefnd: í Hafnarfirði, Akureyri, Neskaupstað og kannske víðar. Ef eftirspurnin er jafnmikil og framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis hefur sagt okkur, er hér um mjög verulega möguleika að ræða.

Þessi till. er um það að fela hæstv. ríkisstj. að gera á því alvarlega athugun, hvort ekki sé enn hægt að fá meiri fjölbreytni út úr þessu mikilsverða hráefni, nefnilega að þurrka loðnuna. Að sjálfsögðu gerum við ráð fyrir, að stofnun eins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins muni vinna að þessu máli, og það getur vel verið, að það hafi þegar farið fram einhverjar tilraunir í þessu efni, þó að okkur sé ekki kunnugt um það. En það er auk þess mikilsvert, ef það er rétt, sem áhugamennirnir við Mývatn hafa fullyrt, að þægt sé að nota jarðvarmann til þessarar þurrkunar.

Markaðsmálin í þessum efnum eru auðvitað stór þáttur, en hér kemur Sölustofnun lagmetis enn til skjalanna, sem ætti að geta gert á því itarlegar athuganir, hvort slík vara eins og þurrkuð loðna kynni að vera markaðsvara á japönskum markaði eða annars staðar.

Það, sem fyrir okkur vakir, er fyrst og fremst að leggja áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, að viðeigandi tæknilegar rannsóknir verði gerðar á því sviði að gera þetta hráefni, sem er svo gífurlega mikið af, að sem verðmætastri útflutningsvöru fyrir okkur Íslendinga. Mér finnst dæmið um niðursoðnu loðnuna, vera mjög sláandi um það, að það er ýmislegt hægt að gera í þessum efnum. Ég held, að menn hafi ekki átt von á þessum markaði fyrir niðursoðna loðnu. En reynslan sýnir, að áhuginn er svo mikill, að það ganga skeytasendingar og símtöl heimshlutanna á milli til þess að ganga úr skugga um það, að við Íslendingar getum framleitt upp í þær fyrirspurnir og beinu pantanir, sem hafa verið að berast. Þó hefur ekki verið mjög mikið að þessum málum í raun og veru unnið enn þá einfaldlega vegna þess, að það er svo stuttur tími, síðan þessi markaður var uppgötvaður.

Þetta mál um þurrkun á loðnu þarf auðvitað mikillar athugunar. Okkar till. er, að ríkisstj. beiti sér fyrir þessu og geri það sem fyrst.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háagerði, frv. (þskj. 400). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er að meginstofni til samið af n., sem félmrh. skipaði í febr. 1969, en hlutverk þeirrar n. var að endurskoða gildandi l. um atvinnuleysistryggingar. Formaður þeirrar n. var Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, en auk hans sátu í n. Björgvin Sigurðsson framkvstj., Eðvarð Sigurðsson alþm. og Magnús E. Guðjónsson framkvstj. Sambands ísl. sveitarfélaga. Þessi n. skilaði frv. til breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar og l. um vinnumiðlun, og voru þær till. samþ. á Alþ. í maí 1969. Þau atriði, sem fólust í þeim frv., voru af n. talin svo aðkallandi, að ekki væri hægt að láta þau bíða eftir heildarendurskoðun laganna. Hins vegar var haldið áfram með hana. Í maí 1970 voru svo samþ. á Alþ. smávægilegar breytingar við lög um atvinnuleysistryggingar. En frv. um heildarendurskoðun, eins og það kom frá framangreindri n., var síðan tekið til yfirlestrar með tilliti til þeirra öru breytinga, sem orðið hafa í atvinnumálum hér á landi og í nágrannalöndum, síðan þessi síðasta heildarendurskoðun laganna hófst í febr. 1969. Þannig var frv. nefndarinnar sent í júní 1972 þeim Benedikt Davíðssyni og Birni Jónssyni til umsagnar, og barst umsögn þeirra hinn 5. marz s. l. Um-

sögn þeirra ásamt upphaflega frv. var síðan send stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til umsagnar, og barst umsögn sjóðsstjórnarinnar hinn 15. marz s. l.

Á frv., eins og það var upphaflega samið af n., hafa því verið gerðar smávægilegar breytingar, svo sem til samræmis við breytingar þær, sem orðið hafa á kaupi og vinnutíma, frá því að frv. var upphaflega samið. Þá voru gerðar efnisbreytingar varðandi biðtíma og bótafjárhæðir og sömuleiðis sérstakan styrk til þátttakenda í starfsþjálfunarnámskeiðum. Þýðingarmestu breytingar frá núgildandi l., sem felast í frv., eru þessar:

1. Í frv. er lagt til, að gildissvið laga um atvinnuleysistryggingar sé aukið svo, að ákvæði þeirra taki til alls landsins, en ekki aðeins til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri, eins og nú er.

2. Lagt er til, að ákvæði um biðtíma verði felld niður og að sá, sem öðlast bótarétt á annað borð, eigi þá þegar rétt til bóta fyrir hvern heilan dag, sem hann hefur þá verið atvinnulaus.

3. Lagt er til, að upphæð dagpeninga sé ákvörðuð öðruvísi en nú gildir, þ. e. a. s. að dagpeningaupphæð sé ákveðinn hundraðshluti af tilteknum launataxta, eins og hann er á hverjum tíma, að viðbættri greiðslu verðlagsbóta.

4. Gert er ráð fyrir því, að framvegis renni aðeins helmingur vaxtatekna sjóðsins á sérreikninga verkalýðsfélaganna, en samkv. gildandi l. skal færa allar vaxtatekjur á sérreikninga.

5. Lagt er til, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita sveitarfélögum styrk og einstaklingum vaxtalaus lán, þar sem um er að ræða verulegt og langvarandi atvinnuleysi, gegn því skilyrði, að þeir sjái ákveðinni tölu atvinnulausra fyrir vinnu tiltekinn tíma.

6. Lagt er til, að stjórn sjóðsins verði heimilað að taka þátt í kostnaði þátttakenda í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum, sem haldin eru fyrst og fremst í því skyni að endurhæfa fólk til að stunda ný störf, sem völ kann að vera á á vinnufarkaðinum.

Verða nú þessar meginbreytingar raktar nokkru nánar.

Eftir núgildandi lögum er gildissvið laga um atvinnuleysistryggingar bundið við kaupstaði og kauptún með 300 íbúa eða fleiri. Þó er sú heimild í l., að ráðh. getur veitt samþykki sitt til þess, að l. taki til fleiri staða, ef þess er óskað af verkalýðsfélögum á þeim stað og atvinnurekendum og viðkomandi sveitarstjórn hefur samþ. það. Þetta heimildarákvæði l. hafa ráðh. einatt notað, þegar skilyrði hafa verið til þess.

Í frv. þessu er hins vegar lagt til, að tryggingarnar taki til landsins alls með þeirri einu undantekningu, að bændur verði undanþegnir gjaldskyldu vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra. Gildissvið l. yrði samkv. þessu ekki lengur bundið við ákveðinn fólksfjölda í kaupstöðum, og mundu þannig sjálfkrafa bætast við um 20 þéttbýlisstaðir með samtals um 2300 íbúa.

Með l. frá 1970, sem ég minntist á áðan, voru gerðar nokkrar breytingar á 4. gr. gildandi l., m. a. í þá átt, að meðlimir verkalýðsfélags, sem stunda sjósókn á eigin fari og vinna auk þess í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, séu gjaldskyldir af þessari vinnu í eigin þágu á sama hátt og atvinnurekendur og öðlist þannig aukinn bótarétt. Í frv. er þessu ákvæði efnislega haldið, en gerð nánari grein fyrir því, hver skilyrði þurfa að vera fyrir því, að félagsmaður verkalýðsfélags, sem stundar sjósókn á eigin fari, geti orðið gjaldskyldur og öðlazt bótarétt vegna eigin atvinnu.

Í e-lið 15. gr. frv. felst þýðingarmikil breyting frá gildandi l. Þar segir, að rétt til bóta samkv. l. þessum hafi þeir, sem sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkv. l. um vinnumiðlun, að þeir hafi verið atvinnulausir einn eða fleiri heila vinnudaga. Í þessu ákvæði felst það nýmæli, að biðtímaákvæði gildandi l. falla niður og hver sá, sem uppfyllir skilorð e-liðs 15. gr., öðlast þannig þegar bótarétt fyrir hvern heilan dag, sem hann hefur þá verið atvinnulaus, en samkv. gildandi l. greiðast ekki bætur fyrir fyrstu 6 dagana, sem umsækjandi er atvinnulaus.

Í stað þess, að bótafjárhæðir séu föst upphæð, sem breytist aðeins með kaupvísitölu, er í frv. gert ráð fyrir því, að upphæð dagpeninga verði ákveðinn hundraðshluti af tilteknum launataxta, þ. e. a. s. af 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þessi hlutfallstala er mismunandi, lægst 70% af þessum taxta, en getur farið upp í 99.5%, ef um er að ræða kvænt an karl eða gifta konu, sem hafa á framfæri sínu 3 börn eða fleiri. Til samanburðar má geta þess, að samkv. núgildandi l. eru þessar hlutfallstölur lægst 45.66%, en hæst 70.53% af áðurnefndum taxta Dagsbrúnar. Þarna er því um mjög verulega hækkun að ræða nú þegar, eða í krónutali lægst úr 393 kr. á dag í 723 kr., en hæst úr 607 kr. í 1028 kr. á dag.

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á færslu vaxta af innstæðufé sjóðsins og af verðbréfum, er gömul hugmynd, sem kom fram hjá n., sem skipuð var 1960 til þess að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, og var ekki ágreiningur um það atriði þá. Með frv. er lagt til, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita sveitarfélögum styrk og einstaklingum vaxtalaus lán eftir ákveðnum reglum. Ákvæði þetta er heimildarákvæði, og er því nokkuð þröngur stakkur skorinn. Það er t. d. skilyrði, að um sé að ræða verulegt og varanlegt atvinnuleysi á viðkomandi stað og sveitarfélag eða einstaklingur, sem slíkrar fyrirgreiðslu nýtur, geta tryggt verulegum fjölda atvinnuleysingja örugga vinnu í nokkurn tíma. Það blandast víst engum hugur um það, hversu miklu heppilegra er, ef unnt er, að útvega fólki atvinnu en að láta það lifa á styrkjum. Með þessu heimildarákvæði er einmitt verið að leitast við að tryggja möguleika til aukinnar atvinnu á viðkomandi stöðum, þannig að hægt sé að létta á hinni beinu bótagreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þá er í frv. það nýmæli, að stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilað að veita eins konar námsstyrki til þeirra, sem taka þátt í starfsþjálfunarnámskeiðum, sem haldin yrðu í því skyni að auka verulega verkkunnáttu þátt-

takenda eða til þess að endurhæfa þá til fyrri eða nýrra starfa á vinnumarkaðinum. Um þetta atriði var flutt sérstakt frv. fyrr á þessu þingi, en að sjálfsögðu væri eðlilegra, að það væri fellt inn í heildarlöggjöfina, eins og lagt er til í þessu frv.

Þá eru í frv. nokkrar breytingar, sem beinlínis þarf að gera vegna breyttra aðstæðna í atvinnumálum hér á landi. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því, að vinnustundafjölda verði breytt úr 1144 stundum í 1032 í sambandi við bótarétt, og er þetta til samræmis við lög nr. 88 1971, um 40 stunda vinnuviku.

Með þessum orðum hygg ég, að ég hafi getið helztu breytinga á núgildandi l., sem í þessu frv. felast. Ég harma það, að þetta frv. kemur fram fullseint á þessu þingi, en ég hygg, að ekki verði neinn meiri háttar ágreiningur um þá meginstefnu, sem þar er mörkuð, og ég tel það ákaflega miklu máli skipta, að unnt verði að afgreiða þetta frv. sem lög frá þessu þingi, enda þótt nú sé nokkuð liðið á þingtímann. Vil ég vinsamlegast fara þess á leit við hv. alþm., að þeir starfi þannig að þessu máli, að slíkt verði unnt.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja almennar umr. um þetta mál og veit ekki heldur, að hve miklu leyti þess gerist þörf. Þetta frv. er alveg nýlega fram lagt, og þm. hefur naumast gefizt kostur á að lesa það. Á þessu stigi málsins er því ekki einu sinni hægt að ræða það efnislega, þó að einhver atriði kunni þar að vera, sem menn vildu breyta. En ástæðan til þess að ég stend hér upp, er í rauninni aðeins ein, og það er nánast til þess að gera fsp. til hæstv. ráðh.

Það er enginn ágreiningur um það, að atvinnuleysistryggingar og atvinnuleysisbætur eru nauðsynjamál fyrir hvert siðmenntað þjóðfélag og nauðsynlegt að tryggja, að þeir, sem ekki hafa atvinnu, búi ekki við neyðarkjör. En því er ekki að leyna, að það eru mjög háværar raddir um, að atvinnuleysisbætur séu misnotaðar. Það er ekkert nýtt, að um það sé talað, en sumt af því á rétt á sér og annað ekki, eins og vill verða. Ég bíka þó ekki við að fullyrða, að þetta eigi sér stað í allstórum stíl, að vísu mjög mismunandi eftir byggðarlögum, að því er ég hygg. Sumir hafa komizt upp á að misnota þær dálítið, og annars staðar þekkist það ekki. Ég skal ekki nefna nein dæmi í því sambandi, þess gerist ekki þörf. En það hefur áður komið til umr., hvort hægt væri að koma í veg fyrir þetta og þá með hverjum hætti.

Það er auðvitað ljóst hverjum manni, að það er brýn nauðsyn, að atvinnuleysistryggingar verði ekki til að draga úr framtaki manna og áhuga á vinnu, eins og hæstv. ráðh. kom raunar inn á í ræðu sinni. Hygg ég, að við séum algerlega sammála um þá skoðun og það geti ekki verið neinn ágreiningur um það. En það eru ýmis atriði, sem geta leitt til misnotkunar þessa eins og margs annars, sem út af fyrir sig er gott og nytsamlegt. Og það er auðvitað hin brýnasta nauðsyn, bæði í þessum tilfellum og öðrum, þar sem um svo mikilvæg hlunnindi er að ræða, að þau séu ekki misnotuð.

Mér er kunnugt um það, að atvinnuleysisbætur hafa beinlínis komið í veg fyrir, að menn vildu vinna verk. Það kann að vera, að með þessu frv. sé girt fyrir þá hættu með einu atriði, ef ég hef skilið það rétt, og það er um það, að biðtími sé felldur niður. Ég nefni aðeins sem dæmi, að það hefur gengið erfiðlega á stöðum, þar sem hefur kannske verið nokkurt atvinnuleysi, að fá menn til þess að vinna við skammtímaverkefni, ef þeir hafa með því misst bætur og svo orðið að koma til nýr biðtími eftir bótum. Kann að vera, að þarna sé einmitt spor í jákvæða átt. Ég bið hæstv. ráðh. að leiðrétta mig, ef ég hef misskilið þetta, — því að frv. er lesið með miklum hraða, — en þetta kynni að vera jákvætt í þessa átt, að menn forðuðust t. d. ekki að skipa upp úr skipi. Ég þekki ákveðin dæmi um það, að menn hafi ekki fengizt til þess. Þeir hafa verið á atvinnuleysisbótum, en hafa með þessu kannske fengið tveggja daga vinnu og sagt: Ja, við förum ekki að rjúfa okkar bótarétt með því að fara til slíkrar vinnu. Svona atriði mega auðvitað ekki eiga sér stað.

Ég kem svo loks að fsp. Ég veit, að þetta hefur áður verið til meðferðar í ríkisstj. og viðkomandi rn., einmitt þetta atriði, að koma í veg fyrir misnotkun bótanna. Hafa einhverjar sérstakar ráðstafanir verið gerðar eða eru fyrirhugaðar, til þess að þetta eigi sér ekki stað? Þetta vekur alltaf leiðindi og má ekki eiga sér stað. Ég hygg, að það sé ekki ágreiningur á milli okkar um það, að slík hlunnindi má ekki misnota. Það spillir fyrir hlunnindunum og veldur óánægju, og auk þess fylgir því óheilbrigður hugsunarháttur og annað slíkt, sem aldrei getur verið til góðs.

Það mun, að því er ég hygg, hafa valdið nokkrum misskilningi, þegar verið er að birta mánaðarlega atvinnuleysingjatölur, sem er auðvitað hrein fjarstæða. Það eru engir menn atvinnulausir, sem vilja vinna, nema þá þeir, sem geta ekki unnið af öðrum ástæðum. Mér er að vísu sagt, að þessar tölur merki ekki það, að þetta fólk fái atvinnuleysisbætur, heldur sé það af öðrum ástæðum skráð atvinnulaust. Þetta kann að vera á einstökum stöðum, en þegar jafnvel er verið að birta skrá um atvinnulausa á stöðum, þar sem ekki er hægt að fá mann til nokkurs verks, hljómar það ákaflega ankannalega og veldur misskilningi og í rauninni kurr hjá fólki. Ég segi, að sem betur fer, þegar svona er ástatt, er ekki um neitt atvinnuleysi að ræða.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið. Það fer í n. og kemur þá aftur til athugunar. En ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. vildi á þessu stigi málsins upplýsa, hvaða ráðstafanir eru gerðar til þess að tryggja það, að ekki geti orðið um misnotkun að ræða. Ég þykist alveg viss um, að hæstv. ráðh. hefur frétt af því sjálfur, að það hafi átt sér stað ýmislegt slíkt og að það sé ekki hans vilji, að eins mikilvæg hagsmunalöggjöf og hér um ræðir sé misnotuð. Það væri æskilegt að vita, hvaða ráðstafanir eru gerðar í því efni.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki langt síðan þessu frv. var útbýtt hér í d., og ég verð að játa, að mér hefur ekki gefizt tóm til að lesa það gaumgæfilega, enda ætla ég ekki að ræða frv. almennt. En við lauslega athugun hef ég tekið eftir því, að ein af þeim breytingum frá gildandi l., sem gera á samkv. þessu frv., er að víkka gildissvið l., enda tók hæstv. ráðh. það mjög skýrt fram í framsöguræðu sinni. Það er aðeins út af þessu atriði, sem mig langar til að segja örfá orð og þá helzt í fyrirspurnarformi, ef hæstv. ráðh. þætti hlýða að skýra þau atriði nánar við umr., en þá að öðrum kosti til athugunar fyrir þá n., sem fær málið í sínar hendur.

Eins og lögin hafa verið og eru nú, taka þau einungis til staða, þar sem íbúafjöldi er 300 manns eða fleiri. Þessi lína er mjög skýrt dregin, því að það fer auðvitað ekki milli mála í sambandi við íbúaskrá hvers byggðarlags, hver íbúafjöldinn er. Nú á að hverfa frá þessari reglu. Að sönnu hefur áður verið heimilt að láta ákvæði l. ná til staða með minni fólksfjölda, en nú á að lögbjóða það, að gildissvið l. taki til landsins alls. Þá sýnist mér við lauslega athugun, að af því leiði það, að í sumum greinum geti mörkin orðið óglögg, því að vissar undantekningar eru þó samkv. frv., t. d. um starfsemi bændanna.

Við framkvæmd l. er á aðra hlið verkalýðsfélög og félagsmenn þeirra. Ber ekki að skilja þessi ákvæði 4. gr. þannig, að þeir einstaklingar, þótt þeir stundi verkamannavinnu, sem eru ekki félagsbundnir í verkalýðsfélagi, njóti ekki réttar samkv. þessum l. og að skyldur sveitarfélags, þar sem ekkert verkalýðsfélag er starfandi, séu þá ekki heldur lögboðnar, t. d. komi greiðsluskylda sveitarfélags þá ekki heldur til greina í sveitarhreppi, þar sem ekkert verkalýðsfélag er starfandi? Hinn aðilinn í sambandi við framkvæmd þessara l. eru svo atvinnurekendur og að sönnu sveitarfélög og ríkissjóður, sem leggja framlög í sjóðinn og styðja þetta málefni á þann hátt. Það er tekið fram, að ákvæði l. nái til allra atvinnurekenda, innlendra og erlendra, sem reka atvinnu hér á landi. Þetta mun þá einnig ná til ríkisins sjálfs, þeirra framkvæmda, sem ríkið sjálft hefur á hendi, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar. Við opinberar framkvæmdir, þar sem kannske stórir flokkar vinna, svo sem við vegagerð og rafmagnsveitur og því um líkt, greiðir þá ríkisstofnunin, sem fyrir verkinu stendur, iðgjald vegna þeirra manna, sem þar eru við störf. Hvert sveitarfélag greiðir síðan á móti því fyrir þá einstaklinga, sem eiga lögheimili í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Ef þetta er ekki réttur skilningur, þá vildi ég gjarnan fá nánari skýringar á því. En þá kemur að undantekningunni: „Bændur eru þó ekki gjaldskyldir vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra.“ Þá kemur í huga minn fyrst þessi spurning: Nær þessi undanþága til allrar vinnu, sem bóndinn lætur inna af hendi, t. d. húsbyggingar, ef hann ræður sér smið til þess að reisa hús á búi sínu, eða einungis þess, sem unnið er vegna búskaparins sjálfs, teknaöflunarinnar á heimilinu?

Í öðru lagi kemur í huga minn þessi spurning: Í sveitunum starfa ræktunarsambönd, sem hafa á sínum vegum allmikinn vélakost og vinna að ýmiss konar verkefnum, — er sú vinna, sem ræktunarsamband innir af hendi fyrir bóndann, svo sem jarðrækt, undanþegin þessari gjaldskyldu eða ekki? Og ef ræktunarsamband lætur vinna að öðrum verkefnum, sem ekki snerta bóndann sjálfan, heldur kannske opinberar framkvæmdir að meira eða minna leyti, er þá sú vinna ekki gjaldskyld? Er þá sveitarsjóður skuldbundinn til þess að leggja fram fé samkvæmt 11. gr., jafnvel þótt ekkert verkalýðsfélag sé starfandi í hreppnum? Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem hafa reynslu af því að framkvæma lögin, eins og þau eru nú, hafi í huga, hvernig þetta hefur verið í framkvæmd, og auðvelt sé að svara þessu, en mér finnst eðlilegt, að þm. geri sér þessi atriði algerlega ljós, a. m. k. áður en frv. verður afgreitt frá deildinni.

Ég tók það fram, að ég ætlaði ekki að ræða málið almennt, en varpa þessum spurningum fram. Ef ráðherra telur hlýða og er viðbúinn því að skýra þessi atriði nánar, er það sjálfsagt æskilegt. Að öðrum kosti bið ég þá n., sem skoðar málið, að athuga þetta ofurlítið.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. þm. Magnús Jónsson beindi til mín þeirri spurningu, hvaða ráðstafanir væru gerðar til að koma í veg fyrir misnotkun á atvinnuleysisbótum. Ég verð að viðurkenna, að ég er vanbúinn að svara þessari fsp. í sjálfu sér, en þó hygg ég, að ákvæðin, sem hv. þm. minntist á um afnám biðtíma, stuðli einmitt að því, eins og hann sagði, að koma í veg fyrir, að menn hafni skammtímaverkefni, vegna þess að það dragi það, að þeir fái rétt til atvinnuleysisbóta. Ég hef eins og þessi hv. þm. heyrt sögur um það, að atvinnuleysisbætur séu misnotaðar, og vafalaust er hægt að finna dæmi um það. Ég hygg, að það sé mjög erfitt að finna nokkurt kerfi, sem komi í veg fyrir, að félagslegar tryggingar í þágu ákveðins hóps þjóðfélagsins sé hægt að misnota á einn eða annan hátt. Ég held, að það sé mjög erfitt að koma í veg fyrir þetta, og ef menn reyna að koma gersamlega í veg fyrir það, yrði að byggja upp eitthvert ákaflega flókið og erfitt kerfi, sem mundi fara að nálgast lögregluríki. Ég hygg, að enginn okkar hafi áhuga á neinu slíku. Hins vegar er sjálfsagt, að ákvæði um þetta séu sem skýrust og menn finni fyrirkomulag, sem stuðlar að því, að misnotkun verði alla vega sem allra minnst. En það eru ekki í þessu frv. nein sérstök ný ákvæði til að koma í veg fyrir slíka misnotkun. Ég hygg, að það verði að leggja áherzlu á það við þá, sem fara með framkvæmd laganna í verki, að þeir reyni, eins og þeir eru menn til, að koma í veg fyrir allt slíkt.

Hv. þm. Páll Þorsteinsson vék að 4. gr. frv., en þar er gildissvið laganna aukið. Fellt er niður það ákvæði, að lögin taki aðeins til kaupstaða og kauptúna með 300 íbúa eða fleiri. Með þessu frv. er gert ráð fyrir, að það nái til landsins alls. Heimild til þessa hefur verið í gildandi lögum, og eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, hafa ráðherrar notfært sér þessa heimild, þegar tilefni hafa verið til. Í þessu felst því í

sjálfu sér ekki ýkjamikil efnisbreyting frá þeim vinnubrögðum, sem verið hafa að undanförnu. Hv. þm. spurði um gjaldskyldu bænda. Hann spurði, hvort bændur væru gjaldskyldir, ef þeir réðu sér mann til þess að vinna við húsbyggingu. Mér virðist það vera alveg ótvírætt, að í slíku dæmi sé bóndinn gjaldskyldur, enn fremur ef um er að ræða þau störf í þágu ræktunarsambands, sem hv. þm. vék að. Þetta sýnist mér alveg ótvírætt. En mér finnst sjálfsagt, að sú n., sem fær málið í hendur, kanni það sérstaklega, hvort þarna geti verið um að ræða eitthvert álitamál.

Að öðru leyti vil ég þakka þeim tveimur þm., sem hér hafa tekið til máls, fyrir jákvæðar undirtektir við þetta frv. í heild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 460 (sbr. 83)). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þó að þetta sé allþýðingarmikið mál og ég leggi þunga áherzlu á, að það fái afgreiðslu fyrir lok þessa þings, tel ég samt ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum að þessu sinni, m. a. af þeirri ástæðu, að það var lagt fram hér í hv. deild á síðasta þingi og þá kynnt allrækilega efnislega. Frv. var samið af mþn., sem ég held að hafi vandað mjög til sins verks og það sé alveg óumdeilanlegt, að ýmsar breytingar, sem gerðar eru frá gildandi hafnalögum, miði í rétta átt. Það telst sennilega rétt átt í þessu sambandi, að létt er nokkuð á byrðum hinna aðþrengdu hafnarsjóða og þær færðar yfir á ríkissjóð. Einkanlega er að þessu stefnt með ákvæðinu um það, að margvíslegar hafnarframkvæmdir, sem áður fengu aðeins 40% styrk úr ríkissjóði, falla nú undir það ákvæði að njóta 75% framlags.

Hafnamálasambandið hefur einnig farið rækilega í þetta mál og rætt frv. á þingi sínu. Það gerði að visu till. um ýmsar minni háttar breytingar frá því, sem fólst í frv. mþn., og hefur nú við endurframlagningu frv. verið komið nokkuð inn á þessar brtt. Hafnamálasambandsins og sumar þeirra teknar til greina, þó ekki allar. Ein var sú till., sem Hafnamálasambandið gerði, að setja sérstaka hafnamálastjórn með hafnamálaskrifstofunni, en á það hefur ekki verið fallizt.

Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. að þessu sinni og hefur fengið afgreiðslu þar án breytinga frá því, sem þingnefndin lagði til. Við endurframlagningu frv. var horfið frá því að hafa 2. bráðabirgðaákvæði, sem var með frv., þegar það var lagt fram í fyrra, en í hv. Nd. var það tekið upp á ný. Er það varðandi það, hversu með skuli fara, þegar vandamál rísa út af því, að dráttarbraut er í eign einstaklings og þarf að bjarga við rekstri hans. Skal þá opinber aðstoð koma til eða framlög til fyrirtækisins, sem yrðu eignarhlutdeild hins opinbera í fyrirtækinu.

Ég held, að alger eining hafi verið í hv. Nd. um þetta mál. Enginn ágreiningur var í n. um afgreiðslu þess. Læt ég því þessi orð nægja og óska þess, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. samgn. Ég endurtek þá ósk mína, að málið fái fullnaðarafgreiðslu í deildinni fyrir þinglok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 73, n. 483). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þetta frv. til breytinga á lögum um hæstarétt hefur legið alllangan tíma fyrir allshn. þessarar hv. deildar, og hefur hún einróma samþ. fyrir nokkru að mæla með frv.

Efni frv. er aðallega með tvennum hætti. Annars vegar mælir frv. fyrir um það, að fjölga skuli dómurum í hæstarétti, og í öðru lagi er mælt fyrir um að breyta ýmsum frestum frá því, sem nú er, til þess horfs, sem talið er hentugra. Nokkrar breytingar aðrar eru gerðar.

Eins og segir í grg., er orðið mikið álag á dómendum í hæstarétti. Þeir eru fimm í dag, þ. e. a. s. jafnmargir og í öndverðu, 1920, þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður. En viðs vegar við dómaraembætti, svo að segja um allt land og þá ekki sizt hér í Reykjavík, hefur fjölgun dómara verið æðimikil og ekki sízt á seinni árum. Það sýnist því vera eðlilegt, að nú komi til nokkurrar fjölgunar dómenda í hæstarétti. Og það verður að segja eins og er, að það er margra kunnugra manna álit, að ekki sé stefnt of hátt með því að bæta einum dómanda við, heldur væri miklu fremur réttara að fjölga þeim upp í sjö. En það hefur ekki þótt fært að þessu sinni, og verður við svo búið að standa.

Þetta frv. gerir auk þess ráð fyrir því, að komið verði á nokkurri vinnuskiptingu innan dómsins við úrlausn einstakra mála. Er lagt til í frv., að til þess geti komið, að aðeins 3 manna dómur fjalli um mál, þ. e. a. s. hin smærri mál svokölluð, og þau eru talin upp í 2. gr.: Einkamál, ef úrslit máls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, og í opinberum málum, ef refsing, sem getur legið við broti, er ekki þyngri en varðhald eða 2 ára fengelsi. En samt sem áður verður meginreglan sú, að 5 dómendur skipi dóm. Svo er ákvæði um það, hvernig skipta skuli verkum, og þá er gert ráð fyrir því í frv., að dómarafundur ákveði hverju sinni um starfstilhögun, starfsskiptingu og deildaskiptingu.

Allt frá upphafi laga um hæstarétt hafa verið sérstök ákvæði um setudómara. Hafa þeir oft komið til og dæmt í málum, sem eðlilegt er, þegar hinir reglulegu hæstaréttardómarar hafa ekki getað dæmt í máli. Til setudómarastarfa hafa að sjálfsögðu valizt hinir fremstu lagamenn utan hæstaréttar, svo sem prófessorar lagadeildar, hæstaréttarlögmenn og héraðsdómarar þeir, sem

hafa mjög með dómsstörf að gera í embætti. Við þá breytingu, sem nú er lögð til í frv., að fjölga um einn dómanda, má gera ráð fyrir því, að ekki þurfi eins að leita til setudómara. Það er svo t. d., að því er ég bezt veit, víðast hvar við hæstarétt á Norðurlöndum, að ekki þykir hlýða að kveðja til starfa í þeim dómum lögfræðinga utan hæstaréttar. Þess vegna eru þar bæði margir dómendur og ekki nema nokkur hluti dómenda hverju sinni, sem tekur þátt í meðferð máls, úrskurðum og dómum.

Þá eru nokkur atriði önnur í frv. til breytinga, sem ég vil rétt minnast á. Það er t. d. lagt til, að lágmarks áfrýjunarupphæð hækki úr 5 þús. kr., sem hún er í dag samkvæmt lögum, í 25 þús. kr. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess að fækka minni háttar málum, ef verða mætti, sem koma og hafa komið til kasta hæstaréttar, og þykir eðlilegt miðað við verðlag og peningagildi, eins og það er nú í dag. Þá er lagt til, að þótt fjárkrafa nái ekki áfrýjunarupphæð 25 þús. kr., geti hæstiréttur mælt með áfrýjun eigi að síður. Þykir eðlilegt, að hæstiréttur hafi nokkur afskipti af því, hvort heimil sé áfrýjun. Þó að mál nái ekki áfrýjunarupphæð, kann það eigi að síður að vera mikilsvert mál og hæstiréttur eigi að taka það fyrir til meðferðar. Og eins og ég sagði í upphafi, er enn fremur breytt ákvæðum um fresti, sem þykir sjálfsagt og til samræmis.

Ég vil geta þess, að umsagnir hafa borizt frá lagadeildinni og frá Lögfræðingafélagi Íslands. Lagadeildin telur sig fylgjandi meginbreytingum í frv., en vekur jafnframt athygli á því í umsögn sinni, að það sé tímabært, að hæstiréttur fái enn fremur til aðstoðar löglærða starfsmenn til undirbúnings dómum, þar sé um geysimikla vinnu að ræða og eðlilegt, að dómendur fengju slíka aðstoð. En um það er ekki að ræða í þessu frv., eins og það liggur fyrir, og heyrir það til framtíðarinnar. Þá telur lagadeildin æskilegt, að breytt sé 2. mgr. í 2. gr. frv. þannig, að bætt verði við, að dómurinn ákveði, hverjir af hinum reglulegu dómendum hæstaréttar skipi dóm í máli hverju. Þeir skjóta þarna inn setningunni: „hverjir af hinum reglulegu dómurum hæstaréttar“ skipi dóm í máli, en í gr. segir: „Dómurinn ákveður, hve margir dómarar og þá hverjir skuli skipa dóm í máli.“ Það mætti e. t. v. ætla, að þessi till. lagadeildarinnar gerði gr. svolítið skýrari. En ég tel, að það sé ekki. Það gætu komið fram þær aðstæður, að það orðalag, sem lagadeildin bendir á, hinir reglulegu hæstaréttardómarar, gæti valdið nokkrum erfiðleikum, t. d. ef margir af hinum reglulegu dómurum víkju úr sæti, sem getur vel komið til. Það hefur oft komið fyrir, að jafnvel 3 dómendur hafi orðið að víkja úr sæti og orðið að kveða til setudómara. Þá eru þessir setudómarar ekki hæfir til þess að ákveða um málsmeðferð. Frvgr., sem hæstaréttardómarar sjálfir hafa samið, sýnist eðlileg og á alls ekki að geta valdið neinum misskilningi. Þessi brtt., sem lagadeildin hefur orðað, er í sjálfu sér ekki þess eðlis, að talið verði rétt að hrófla við frv. hennar vegna.

Þá er lagadeildin með aðra till., og það er seinni till., að mál skuli fara úr þriggja manna dómi í fimm manna dóm og vera flutt að nýju, ef ágreiningur verður í þriggja manna dómi um dómsorð. Við þessa till. er það að athuga, að áður en dómurinn í heild tekur ákvörðun um, hvort dæma skuli mál í þrískiptum dómi, hefur að jafnaði komið fram, hvort nokkur þau atriði geti verið svo vafasöm, að ágreiningi kunni að valda. Dómendur gera sér í upphafi fulla grein fyrir því, ekki sízt vegna þess, að mál yfirleitt, sem annars kæmu í þriggja manna dóm, væru ekki svo mikilvæg í eðli sínu, að ekki væri hægt að ganga úr skugga um það nokkurn veginn, þótt slíkt mætti kannske fyrir koma, að ágreiningur yrði. Ef dómendur telja, að ágreiningur kunni að koma upp, þá verður auðvitað dómurinn fullskipaður. Yfirleitt eru þau mál, sem mundu koma fyrir þrískipaðan dóm, þess eðlis, að þau eru einföld og yfirleitt ekki óþægilegt að ganga frá þeim að meðferð eða úrslitum. En aftur á móti yrði flutningsreglan þannig, að yrði ágreiningur um mál í þrískipuðum dómi, 2 gegn 1, þá ætti að fara í fullskipaðan dóm með málið og flytja það að nýju. Yrði þá í raun og veru vinningurinn við heimildina til deildaskiptingar enginn. Svo má minna á það, að í fimmskipuðum dómi getur og hefur oft orðið ágreiningur, og er ekki talið út af fyrir sig óeðlilegt. En hitt er annað, að ef ágreiningurinn er 2:1, í þrískipuðum dómi og 3:2 í fimmskipuðum dómi, þá er öryggið nokkurn veginn jafnt í hvoru tveggja tilvikinu. Þess vegna verður að telja, að þessarar brtt. sé ekki sérstaklega þörf, enda sýnast lagadeildarmenn ekki leggja sérstaka áherzlu á þessar till. sínar, þó að þeir drepi á þær í sinni umsögn.

Þá telur lagadeildin æskilegt, að lög um hæstarétt verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar á næstunni, og verður að sjálfsögðu að fallast á nauðsyn þess og enn fremur að lagadeildin, þegar þar að kemur, verði kvödd til ráða. Það er í raun og veru alveg sjálfsagt, og þarf vart að taka það fram.

Lögfræðingafélag Íslands hefur haft þetta mál, eins og ég sagði, til endurskoðunar og hefur gert sams konar eða mjög svipaðar till. og lagadeildin, og mun ég ekki ræða þær frekar. En félagið mælir með samþykkt frv. og tekur fram, alveg eins og lagadeildin, að það telji rétt og sjálfsagt, að lög um hæstarétt verði endurskoðuð sem allra fyrst.

Þá vil ég geta þess, sem olli því, að við héldum æðimarga fundi um þetta mál. Það voru umræður um lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til hæstaréttardómara, sem látið hafa af embætti. Ég held, að ég megi segja það, að allir nm. hafi verið á einu máli um, að til framtíðar mætti ekki við svo búið standa og yrði að breyta löggjöf á þá lund, að þeir embættismenn, það eru hæstaréttardómarar í þessu tilviki, sem hafa full laun, eftir að þeir hætta starfi, fái ekki greiðslur úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Réttur til lífeyris ætti sem sagt að miðast við það, að launagreiðslum til viðkomandi sjóðfélaga væri hætt. Ég held, að ég megi segja það, að ýmsir hæstaréttardómarar á liðnum árum, sem hafa látið af starfi, hafi ekki tekið lífeyri. Það hef ég heyrt og hef fyrir satt, þannig að þetta mál hefur opnazt nú á allra síðustu árum. Það er alveg ljóst, að hér þarf breyting að eiga sér stað. Og í nál., sem þykir

nú heldur veikt orðað í þessu efni að áliti ýmissa nm., segir, að réttur til lífeyris ætti að miðast við það, að launagreiðslum til sjóðfélaga væri hætt og þessari reglu ætti að koma á, áður en fjölgað yrði hæstaréttardómurum. En sem sagt, eins og ég sagði, hafa sumir nm. talið, að hér væri of vægt að orði komizt í nál., og það má vel vera. Á hitt er þá að líta, að það eru ekki aðeins hæstaréttardómarar, sem koma inn í endurskoðun lífeyrissjóðslaganna, heldur eru það ýmsir aðrir embættismenn, þannig að athugun á þessum málum nær lengra en til umboðsstarfalausra dómara. Þetta tekur eðlilega sinn tíma, en ég veit, að endurskoðun er nú í fullum gangi að því er þetta mál varðar, og má alveg eins búast við því, að henni verði lokið fyrr en seinna. Þess vegna er eðlilegt að láta endurskoðun ganga fram til fulls og ríkisstj. komi síðan á framfæri sem fyrst þeim breytingum, sem m. a. er ætlazt til í nál.

Við nánari athugun kom í ljós, að lagfæringar er þörf við 9. gr. frv. Þar segir, að ákvæði l. skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. apríl 1973. Nú er það mark úr sögunni, og ég hef leyft mér að flytja brtt., sem á að vera til bóta á þessari missmíð. Leyfi ég mér að leggja hana hér fram fyrir hæstv. forseta. Hér þarf tvöfaldra afbrigða við. Till. er bæði skrifleg og of seint fram komin, en ég vil lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 9. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. taka til mála, sem stefnt er til hæstaréttar eftir þann tíma."

Þá hef ég séð, að það liggur brtt. á borðum okkar þm. varðandi það frv., sem hér er til umr., till., sem hv. þm. Geir Gunnarsson flytur, en hann var fjarverandi, þegar n. afgreiddi frv. Ég hef rétt litið á brtt. N. hefur ekki rætt brtt., sem ekki er von. Ég tel rétt við svo búið að láta vera að tala um till. frekar og bíða, þar til tillögumaður hefur lokið sinni framsögu um hana. Það verður þó að segja eins og er, að hún á mjög skylt við þá allsherjarskoðun, sem ríkti í allshn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 517) samþ. með 13 shlj. atkv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., hefur verið rætt á mörgum fundum allshn., en um það náðist ekki samstaða fyrr en á síðasta fundi nú fyrir fáum dögum. Á þeim fundi gat ég ekki mætt, þar sem ég var þá upptekinn á öðrum fundi. Það tilkynnti ég, þegar er fundurinn var boðaður með dagsfyrirara. Engu að síður var fundurinn haldinn á þessum tíma og málið afgreitt. Um það get ég ekki fengizt. Ég á því ekki aðild að nál. og hef flutt brtt. við frv. á þskj. 502.

Í framsöguræðu sinni greindi formaður n. frá því atriði, sem helzt var því til fyrirstöðu, að n. afgreiddi frv. fyrr en raun hefur orðið á. Í nál. þeirra hv. nm., sem að því standa, er þessa atriðis sérstaklega getið með ábendingu af hálfu n. Áður en að því atriði kemur, vil ég aðeins geta þess, að varðandi aðalefni frv., að fjölga dómurum í hæstarétti úr 5 í 6, dreg ég ekki dul á, að mér þykir það að ýmsu leyti hæpin ráðstöfun og engan veginn sjálfsögð. Í fyrsta lagi tel ég eins líklegt, að með því að gefa dómurum aukinn kost á aðstoðarvinnu mætti auðvelda hæstarétti störfin, svo að ekki þyrfti að fjölga dómurum um sinn a. m. k. Í öðru lagi tel ég óeðlilegt, að tala hæstaréttardómara standi ekki á stöku, jafnvel þótt störfum sé svo hagað, að ekki dæmi allir dómarar í hverju máli. Enda þótt ég væri að þessu leyti ekki sérlega hrifinn af þeim breytingum, sem hér er lagt til, að gerðar verði, hefði ég þó, ef ekki kæmi annað til, látið til leiðast að verða við þeim tilmælum, sem í flutningi frv. felast um fjölgun dómara í hæstarétti. Það er jafnan erfitt fyrir leikmenn og utanaðkomandi aðila að hafa uppi fullgild rök gegn slíkum óskum varðandi svo sérhæfa og um leið mikilsverða stofnun sem hæstiréttur er, jafnvel þótt mönnum virðist a. m. k. við fyrstu sýn ekki endilega vera valin heppilegasta leiðin til úrbóta.

Ég kem þá að því atriði, sem lengst stóð í n. við afgreiðslu málsins, en að því vék hv. formaður n., og get ég því haft um það færri orð en ella.

Það var upplýst og staðfest í allshn., að auk þess sem hæstaréttardómarar njóta samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar fullra launa, þegar þeir hætta störfum við lok starfsaldurs, njóta þeir einnig fullra lífeyrisréttinda, eftirlauna. En núgildandi mánaðarlaun hæstaréttardómara, sem þeir njóta einnig, er þeir láta af störfum vegna aldurs nema nú 120 391 kr. og eftirlaun því til viðbótar á mánuði 92 697 kr., eða samtals 213 083 kr. á mánuði, auk venjulegs ellilífeyris, sem allir njóta. Þessi tilhögun mun vera byggð á sérstökum úrskurði, lögskýringu um rétt hæstaréttardómara til eftirlauna samkv. núgildandi l. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, hvað sem líður fullum launum, eftir að starfsaldri lýkur. Það var samdóma álit allra nm. í allshn., að slík tilhögun væri algerlega fráleit, þ. e. a. s. að launatekjur hæstaréttardómara hækkuðu stórlega, er þeir létu af störfum vegna aldurs. Ég taldi í n., að óhjákvæmilegt væri að fá l. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna breytt að þessu leyti, áður en fjölgað væri í hæstarétti, vegna þess að væntanleg breyting á l. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna mundi að sjálfsögðu ekki gilda aftur í tímann gagnvart þeim hæstaréttardómara, sem yrði ráðinn til viðbótar samkv. þeirri lagabreytingu, sem hér er verið að afgreiða. Ég lýsti mig jafnframt fúsan til að styðja þetta frv. um breyt. á l. um hæstarétt, ef lagabreytingin um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna kæmi á undan. Þetta sjónarmið tel ég, að hafi átt meirihlutafylgi á þeim fundum, sem ég sat í n., þegar um þetta mál var fjallað. En á síðasta fundi n. hefur frv. eigi að síður verið afgreitt með tilstyrk allra nm. og látið nægja, að í nál. kæmi fram ábending um, að rétt væri að breyta l. um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og breytingin tæki gildi, áður en fjölgað yrði hæstaréttardómurum, eða eins og sagt er orðrétt í nál., með leyfi hæstv. forseta: „Um leið og n. af-

greiðir frv., vill hún benda á, að eðlilegt sé, að lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verði breytt á þá leið" o. s. frv. Mér þykir lítil trygging felast í þessari góðu meiningu, sem fram kemur í nál., og hef því viljað fá tekin af öll tvímæli um, að þau sérstæðu réttindi, sem núv. dómarar í hæstarétti njóta og verða ekki af þeim tekin, skuli ekki gilda um þá, sem í dóminn kunna að bætast, m. a. með þeirri nýju stöðu, sem kveðið er á um í því frv., sem hér er til afgreiðslu. Ég hef því á þskj. 502 flutt svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 8. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Hæstaréttardómari, sem skipaður er eftir gildistöku laga þessara, skal ekki njóta lífeyris samtímis fullum launum samkv. niðurlagi 61. gr. stjórnarskrárinnar."

Ef ekkert sérstakt kemur fram um þetta atriði annað en ábending í nál. samstarfsmanna minna í hv. allshn., sem hefur í sjálfu sér ekki annað gildi en að vera ábending 6 hv. alþm., tel ég, að engin trygging sé fyrir hendi, að ekki sé með samþykkt frv. verið að fjölga aðilum, sem geta notið og eiga rétt á að njóta þeirra fáránlegu starfskjara að fá bæði full laun og full eftirlaun að loknum starfsaldri og hvorugt skorið við nögl. Ef ekkert annað kemur fram varðandi þetta atriði en nál., tel ég einsýnt, að óhjákvæmilegt sé að fá úr þessu máli skorið með atkvgr. um brtt. mína á þskj. 502. Fari svo, að hún verði felld, án þess að annað jafngilt komi í staðinn, mun ég greiða atkv. gegn frv. Komi fram skýr yfirlýsing, t. d. frá hæstv. dómsmrh. eða hæstv. fjmrh., um, að frá þessu máli verði gengið efnislega á þann veg, sem ég hef hér lagt til, mun ég draga till. mína til baka og fylgja frv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af brtt. hv. 10. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, og þeim umr., sem hér hafa farið fram um eftirlaun hæstaréttardómara, vil ég segja frá því, að áður en ég kom í fjmrn., hafði verið gerð athugun á réttindum hæstaréttardómara til eftirlauna við brottför úr hæstarétti, þ. e. fullum launum og lífeyrisréttindum. Það var shlj. álit þeirra lögfræðinga, sem skoðuðu málið þá, að samkv. stjórnarskránni ættu hæstaréttardómarar rétt á fullum eftirlaunum, þegar þeir létu af embætti. Þetta mun hafa verið til umr. milli fyrrv. fjmrh. og ráðuneytisstjóra, áður en stjórnarskiptin urðu, og var svo tekið til athugunar áfram.

Í haust fékk ég Gauk Jörundsson prófessor og Hákon Guðmundsson borgardómara, sem unnið höfðu að þessum málum áður, og bað þá að taka málin fyrir á nýjan leik og þá með tilliti til þess, að þó að þetta ákvæði, sem væri stjórnarskrárákvæði, stæði, yrði gengið að hinu atriðinu, lífeyrisréttindunum, eftir að dómarar létu af störfum. Jafnhliða fól ég þeim að athuga þetta mál á víðtækari hátt, þegar um væri að ræða aðila, sem ættu eftirlaunarétt í mörgum lífeyrissjóðum og gætu þess vegna fengið hæstu launin, eftir að þeir létu af störfum. Nú var það von mín, að ég yrði búinn að fá þessi frv. í hendur, sem munu verða tvö frv., annað, sem snertir hæstaréttardómara, og hitt, sem snertir þessi mál almennt, svo að ég gæti lagt þau fram hér á hv. Alþ. En ég get lýst því yfir, að það verður gert, og ég vona, að það sé stutt í það, eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk síðast, að ég fái frv. í hendur. Það, sem ég held, að hafi verið að vefjast fyrir þeim, hvernig ætti með að fara, var þegar hlutaðeigandi persónur væru búnar að greiða í lífeyrissjóði, ef það væru menn, sem hefðu verið áður embættismenn. Hitt var ekkert vafamál að stöðva lífeyrissjóðsgreiðslurnar, eftir að þeir tækju sæti í hæstarétti. Get ég því gefið þá yfirlýsingu, að ég er sammála hv. þm. Geir Gunnarssyni og nál. því, sem hv. 4. þm. Sunnl. lýsti um stefnu í þessu máli. Ég mun reyna að koma því til þingsins eins fljótt og ég hef nokkur tök á og hef sem sagt beitt mér fyrir því, að það kæmi hér fram og skæri á þessa línu, sem hv. þm. gat um.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál., sem mælir með samþykkt þessa frv., og hins vegar haft uppi alveg sams konar röksemdir í hv. n. og hv. 10. landsk. þm. gat um áðan. Eftir að málið hafði legið mjög lengi í n. og raunar miklu fyrr, var rekið mjög hart á eftir því af hálfu hæstv. ráðh., — mér skildist fyrst og fremst hæstv. forsrh., og raunar einnig sagt, að það væri hæstv. fjmrh. Nú veit ég ekki, hvort hann hefur sérstakan áhuga á fjölgun í embættismannakerfinu, en mönnum var tjáð það síðustu dagana, ég læt ósagt, hvort það er raunverulegt eða ekki, a. m. k. var lögð á það mikil áherzla að afgreiða málið úr n. Ég féllst á það fyrir mitt leyti að standa að nál., enda þótt ég hefði nákvæmlega sömu skoðun á málinu og áður. Ég hafði aldrei verið efnislega á móti því, heldur talið æskilegt, að það biði, þangað til væri búið að gera þær breytingar á eftirlaunamálum hæstaréttardómara, sem hv. 10. landsk. þm. lýsti hér áðan og við í n. vorum algerlega sammála um og að því er mér skildist meiri hl. n. Nú var n. hins vegar tjáð, að það væri ekkert því til fyrirstöðu, að frá þessu væri formlega gengið, ríkisstj. hefði vegar ákveðið að gera það. Í trausti þess, því að maður vill alltaf treysta ríkisstj. að öðru jöfnu, féllst ég á að skrifa undir þetta nál. fyrirvaralaust. Ég skal að vísu játa, að ég hafði sömu efasemdir og hv. 10. landsk. og áleit, að það mundi vera hægt að styrkja störf hæstaréttar með öðrum heppilegri hætti en að fjölga dómurum, þ. e. a. s. þeir fengju þá ódýrari starfskrafta til þess að vinna að athugun mála fyrir sig, og í rauninni vantar það mjög tilfinnanlega í hæstarétti. Það eru mjög óskynsamleg vinnubrögð að láta hæst launuðu embættismenn vinna störf, sem væri hægt að láta aðra vinna fyrir mun lægri laun. En eins og hv. frsm. n. sagði, liggur það ekki fyrir í þessu máli og ekki mögulegt fyrir n. að endurskoða þessa tilhögun.

Málið er flutt að eindreginni ósk hæstaréttar um fjölgun um einn dómara í réttinum. Og vissulega er það rétt, að það hefur verið kvartað yfir því, að í okkar dómakerfi, — raunar ekki sérstaklega í hæstarétti, heldur kannske síður í héraðsdómi, — væri of mikill seinagangur. Ég

tel, að það séu rétt rök, og kann að vera, að með þessari fjölgun dómara um einn sé hægt að bæta eitthvað hér úr, enda þótt ég leyfi mér að láta í ljós efasemdir um, að ekki væri hægt að gera það með öðrum skynsamlegri hætti. En ég var ekki reiðubúinn frekar en hv. 10. landsk. þm. til þess að forma breytingar í þá átt. Það er flókið mál. Efnislega gat ég fallizt á þetta mál, sem hlaut að hafa fengið sína meðferð og athugun í ríkisstj., og varð að ætla, að hæstv. ríkisstj. hefði skoðað það ofan í kjölinn að vera ekki að leggja í óþarfakostnað, hvorki við hæstarétt né annað.

Hitt var okkur ljóst, og þess vegna hef ég ekki skilið í því óskapakappi að afgreiða þetta frv., að ef svo átti að vera, sem n. hefur verið tjáð, að bæta ætti úr þessum fráleitu reglum um eftirlaun, þá lá auðvitað ekkert á framgangi þessa máls, fyrr en það frv. a. m. k. hefði verið lagt fyrir Alþ., ef það var ætlun ríkisstj. að fjölga ekki í hæstarétti, fyrr en þessi umbót væri komin á, og henni verður ekki komið á fyrr en með samþykkt Alþingis. En látum svo vera. Hv. 10. landsk. þm. hefur flutt hér brtt., sem formar nákvæmlega þá hugsun, sem var í mínum hug og ég hygg flestra eða allra nm. Ég hef fyrir mitt leyti tilhneigingu til að greiða atkv. með þessari brtt. eða ákvæði til bráðabirgða, ef ekki lægi fyrir alveg ljós yfirlýsing, eins og hv. þm. sagði, frá hæstv. ráðh., raunar helzt hæstv. forsrh., vegna þess að hann getur skipað manninn í hæstarétt, ef hann hefur lagaheimildina, enda þótt fjmrh. vilji stöðva hann. Nú er ég ekki að segja, að það sé ekki sú sambúð þar á milli, að ég taki ekki gilda yfirlýsingu hæstv. fjmrh. En mér fannst sú yfirlýsing áðan vera harla léleg, því að í henni fólst ekkert um málið annað en það, að hann mundi reyna að sýna Alþ. þetta mál eins fljótt og hann gæti. Með hliðsjón af því, ef ekkert kemur skýrar fram um þetta, mun ég greiða atkv. með till. hv. 10. landsk. þm., ef málinu verður ekki frestað eða skýrari yfirlýsing kemur fram frá hæstv. fjmrh., helzt þó frá hæstv. dómsmrh., sem hefur þetta í hendi sinni, þegar lögin hafa tekið gildi. Það má að vísu segja, að það vanti fjárveitingu til þess, en látum það vera. Hvor sem það verður af hæstv. ráðh., sem gefur slíka yfirlýsingu, tek ég það gott og gilt, en hún verður að liggja fyrir og ekki í því formi, sem hæstv. fjmrh. gaf hana.

Það var rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál kom upp nú fyrir fáum árum. Þá hafði snjöllum mönnum dottið í hug, að hæstaréttardómari ætti ekki aðeins rétt á fullum launum, eins og hann á rétt á samkv. stjórnarskránni, heldur ætti hann líka rétt á lífeyri samkv. eftirlaunalögum ríkisstarfsmanna, þar sem hann hefði greitt í þann sjóð. Niðurstaðan í þessu máli varð sú árið 1970, að ég, sem þá sat í embætti fjmrh., skipaði 3 mjög merka lögfræðinga til þess að kanna, hver réttarstaða hæstaréttardómara væri að þessu leyti. Þeir skiluðu áliti fyrri hluta árs 1971, þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ótvírætt, að hæstaréttardómarar ættu einnig þennan rétt, þar sem þeir hefðu greitt í lífeyrissjóð.

Hér er auðvitað um alveg einstætt fyrirbrigði að ræða, sem ég sé enga ástæðu til að rugla saman við almenna athugun á þeim, sem borga í fleiri en einn lífeyrissjóð fyrir fleira en eitt starf. Ég álít, að það sé ekkert hliðstætt þessu máli. Ef menn hafa borgað í lífeyrissjóði fyrir fleira en eitt starf, sem þeir hafa unnið á ævinni, þá tel ég ekki, að þurfi að blanda því máli saman við þetta, það er allt annars eðlis. En það, að maður hækki í launum í sambandi við eitt tiltekið embætti, þegar hann hættir að sinna því, held ég, að brjóti svo í bága við alla réttlætiskennd, hvað sem líður peningaupphæðum, að slíkt nái ekki nokkurri átt. Það var upplýst af hv. 10. landsk. þm. áðan, hvað hæstarættardómarar þeir, sem nú eru á eftirlaunum, mundu hafa rétt til, þeir sem hafa fullan eftirlaunarétt. Það er rétt, að samkv. greiðslum, eins og þær eru nú, fá þeir 212 þús. kr. á mánuði, auk þess sem þeir fá lífeyri. Ef það er lífeyrir hjóna, sem þar er um að ræða, þá er greiðslan 227 þús. kr. á mánuði. Þetta nær auðvitað engri átt. Þeir, sem hafa unnið sér þennan rétt, verða auðvitað ekki sviptir honum, og þeir, sem nú eiga sæti í hæstarétti, njóta vafalaust þessa réttar. Þeir hafa þegar fengið hann, eftir að þeir hafa verið skipaðir í embætti og hæpið, að hægt sé að rýra réttindi þeirra manna, sem hafa verið skipaðir í embætti, meðan svo er ástatt, að þessu hefur ekki verið með lögum breytt. En sannast sagna hefur, held ég, engum manni dottið þetta í hug fyrr en nú. Ég hygg, að það hafi verið á árinu 1970, sem þetta mál kom upp, þótt ég muni það ekki nákvæmlega, en þó held ég mig fara þar rétt með. Áður held ég, að engum hafi dottið í hug, hvorki hæstaréttardómurunum né öðrum, að þessi réttur kynni að vera fyrir hendi.

Það er grundvallaratriði, að nýr dómari verði ekki skipaður í hæstarétt, áður en þessu er breytt. Þetta lá ljóst fyrir haustið 1971, og hefði auðvitað átt að vera hægt að breyta þessu nú þegar. Það hefði átt að vera hægt að leggja þetta mál fyrir þetta þing miklu fyrr, úr því að þessi óskapa áhugi er á því að ná fram fjölguninni í hæstarétti, svo sem raun ber vitni um varðandi þetta frv. um hæstarétt. En af einhverjum ástæðum hefur þetta ekki verið gert. Það hefur dregizt úr hömlu að gera þetta, en það hefur ekki komið að sök, hygg ég. Á þessu tímabili man ég ekki til, að skipaður hafi verið nýr dómari í hæstarétt, þó þori ég ekki að fullyrða það. Hafi slíkt gerzt, er mjög vítavert, að breyta þessu ekki áður. En það liggur í augum uppi, að það er ekki hægt að afgreiða þetta mál frá Alþ., án þess að ákvörðun sé tekin um þetta efni.

Ég skal játa, að það er næsta óeðlilegt að breyta l. um hæstarétt með þessum hætti, enda býst ég við, að meir hafi vakað fyrir hv. 10. landsk. þm. að vekja athygli á málinu og leggja áherzlu á það. Ég endurtek, en ætla ekki að orðlengja um það frekar, að ég get efnislega fallizt á frv., þó að ég sé í vafa um, að þetta sé heppilegasta leiðin, sem farin hefur verið, og a. m. k. þurfi að rannsaka betur, hvort ekki sé hægt, eins og frsm. n. raunar kom inn á, að bæta vinnuskilyrði hæstaréttar með öðru en því að fjölga þar dómurum. Ég get fallizt á það efnislega. En ég get ekki fallizt á, og hlýt að

beita atkv. mínu í samræmi við það, að skipaður sé nýr dómari í hæstarétt, sem hlýtur þessi óhæfilegu hlunnindi, sem engri átt ná, áður en gerðar hafa verið nauðsynlegar lagabreytingar í þá átt. Það er auðvitað ekki nóg að segja sem svo, að það verði lagt fyrir þingið á sínum tíma. Það segir ekki mikið, að það verði reynt, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, að leggja það fyrir þingið sem fyrst. Mér skilst, að þingi sé að ljúka innan tíðar, og alveg undir hælinn lagt, a. m. k. hvort það frv. yrði að lögum, og mjög vafasamt. En ef ætlunin er að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþ. nú, er ekkert, sem hindrar, að það sé hægt að skipa þennan dómara, án þess að nokkuð hafi verið aðhafzt í málinu, nema skýrari yfirlýsingar liggi fyrir.

Umr. frestað um sinn.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem gerir ráð fyrir því að koma á föstu skipulagi á flutningskostnaði á sementi til hinna ýmsu verzlunarstaða í landinu, þannig að hægt sé að halda uppi nokkuð sambærilegu sementsverði um allt land. Frv. þetta er flutt að beiðni sementsverksmiðjustjórnar, en eins og kunnugt er hefur þessum málum verið þannig háttað nú um nokkurt árabil, að Sementsverksmiðja ríkisins hefur haft með höndum svo að segja alla sementssölu í landinu. Hún hefur haft það skipulag á að koma fyrir nokkurs konar verðjöfnunarfyrirkomulagi á sementssölunni, þannig að í gegnum ákveðið kerfi, sem verksmiðjustjórnin hefur haft, hefur verið haldið uppi svo að segja sama verði á sementi á öllum helztu sölustöðvum í kringum landið. Með þátttöku okkar í EFTA-samtökunum var hins vegar gert ráð fyrir því, að það kæmi til þess stig af stigi, að innflutningur á sementi gæti orðið einhver hér. Þegar þessi innflutningur fer að verða að einhverju magni, þarf í raninni að gera ráð fyrir því að jafna þennan aðstöðumun, þannig að annað hvort verði allir, sem með sementssölu hafa að gera, eða þá enginn, háðir því að taka þátt í þessum flutningskostnaði og verðjöfnuninni á þessari vörutegund.

Gert er ráð fyrir því samkv. þessu frv. að taka í rauninni upp mjög hliðstætt kerfi og í gildi hefur verið í allmörg ár varðandi olíusöluna í landinu. Er það kerfi, sem frv. byggir á, alveg miðað við það, sem þar hefur verið í gildi. Gert er sem sagt ráð fyrir því, að allir þeir, sem annast sölu á sementi, verði að greiða í sérstakan verðjöfnunarsjóð tiltekið gjald af sinni sementssölu og síðan sjái þessi sjóðsstjórn, sem skipa á, samkv. frv., um verðjöfnunarfyrirkomulagið. Um næstu áramót eykst nokkuð sá kvóti, sem gert er ráð fyrir samkv. EFTA-samningunum, að gildi um innflutning á sementi. Því er það, að stjórnendur Sementsverksmiðju ríkisins leggja mikla áherzlu á, að þetta frv. nái fram að ganga og hægt verði að byggja á formlegan hátt upp það verðjöfnunarfyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir.

Hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða, og ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það, en vænti þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, afgreiði það tiltölulega fljótlega, svo að hægt verði að ná málinu fram á þessu þingi. Ég vil líka vænta þess, að ekki þurfi að verða neinn teljandi ágreiningur um meginatriði málsins.

Herra forseti. Ég legg til, að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. til fyrirgreiðslu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að verða langorður um þetta frv. Það er ekki oft, sem maður hefur ástæðu til þess að standa hér upp og fagna stjfrv. Ég vildi lýsa fullum stuðningi við þetta frv. Það undirstrikar þá stefnu, sem ég tel, að þurfi að útfæra í sem ríkustum mæli þ. e. að koma á verðjöfnun á helztu nauðsynjum um allt land.

Það, sem hér um ræðir, sement, er ákaflega þýðingarmikið, eins og gefur að skilja, til þess að jafna byggingarkostnaðinn í landinu. Það er svo, að ef við ætlum að vinna raunhæft að því að efla jafnvægi í byggð landsins, er fátt þýðingarmeira en að beita aðgerðum í því skyni á vettvangi húsnæðismálanna. Einmitt sementskostnaðurinn er veigamikill þáttur í því efni, eins og gefur að skilja.

Ég vildi aðeins standa upp til þess að leggja áherzlu á þetta. Það vill svo til, að nú fyrir nokkrum mínútum var útbýtt í þessari hv. d. frv., sem ég flyt á þskj. 501, sem er einmitt að meginefni um aðgerðir í húsnæðismálunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta frv., sem hér er á dagskrá, stuðlar mjög að því, að unnið sé í sama anda og lagt er til í frv. mínu.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að jöfnun flutningskostnaðarins samkv. þessum lögum verði sem víðtækust. Nú segir í 1. gr. frv., að jöfnun flutningskostnaðar samkv. l. þessum nái til allra verzlunarstaða í landinu, sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Ég leyfi mér að efast um, að þetta sé nægilega víðtækt. Ég vil þess vegna beina því til þeirrar n., sem fjallar um málið, að athuga, hvort ekki þurfi að rýmka þetta, þannig að tryggt sé með samþykkt þessa frv., að verðjöfnunin komi öllum landsmönnum til góða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 73, n. 483). — Frh. 2. umr.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég gat þess áðan í ræðu minni, að kæmi fram skýr yfirlýsing frá hæstv. ráðh., dómsmrh. eða fjmrh., um, að frá því máli, sem brtt. mín snertir, verði efnislega gengið á þann veg, sem ég hef lagt til, mundi ég falla frá till. Í tilefni af þessu kvaddi hæstv. fjmrh. sér hljóðs og lýsti því yfir, að von væri á frv. til l. um breyt. á l. um líf-

eyrissjóð opinberra starfsmanna, þar sem á máli þessu yrði tekið. Það er auðvitað gott og blessað, að von er á því frv., en það segir ekkert um það, sem ég gerði að aðalatriði varðandi þetta mál, þ. e. a. s. hvort sú breyting, sem þar er von á, taki til þeirrar stöðu, sem þetta frv. fjallar um. Um það kom ekkert fram í yfirlýsingu hæstv. ráðh. Verði þetta frv., sem hér er til umr. og afgreiðslu, samþ., áður en frv., sem hæstv. ráðh. gat um, verður afgreitt, sé ég ekki annað en um þá stöðu, sem hér er fjallað um, gildi þær fáránlegu reglur, sem nú gilda um réttindi hæstaréttardómara. Ég get því ekki tekið yfirlýsingu hæstv. ráðh. gilda, að hún sé fullnægjandi, til þess að ég falli frá brtt. minni, og komi ekkert frekar eða skýrar fram í því efni, mun ég halda fast við brtt. og óska eftir því, að um hana verði greidd atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég tel, að þessi till. á þskj. 502 eigi ekkert erindi inn í heildarlöggjöf um Hæstarétt Íslands, hún eigi heima, ef til kæmi, á allt öðrum stað í löggjöf, og það auðvitað í löggjöf, sem fjallar um lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Enn fremur lít ég svo á, að hæstv. fjmrh., af máli hans að dæma hér áðan, sé á sömu skoðun og nm. í allshn., að óhæft sé það fyrirkomulag, sem nú er talið gilda um lífeyrismál hæstaréttardómara, að því er varðar lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna. Í þessari till. segir m. a.: „skal ekki njóta lífeyris". Nú er margs konar lífeyrir til, t. d. ellilífeyrir og annar lífeyrir. Er þá meiningin yfirleitt, að hæstaréttardómarar t. d. eigi ekki að njóta ellilífeyris eða annars lífeyris, sem þeir kaupa sér alveg sérstaklega? En hvað sem túlkun minni líður, endurtek ég það, að ég tel, að bráðabirgðaákvæði eins og þetta eigi alls ekki heima þarna.

Hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að endurskoðun á lífeyrissjóðsmálunum sé nú í fullum gangi, og enn fremur gefið yfirlýsingu um áformaða löggjöf til breytingar á þeirri missmíð, sem við teljum vera á lífeyrissjóðslöggjöfinni að því er varðar þessa starfsmenn, sem hér ræðir um. Ég hlýt að sjálfsögðu að treysta þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. og mun því greiða atkv. gegn till. á þskj. 502.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er ósköp einföld yfirlýsing, sem ég óska eftir frá hæstv. fjmrh. eða hæstv. dómsmrh. vafningalaust. Hún er einfaldlega sú, að þessi nýi dómari verði ekki ráðinn, eða skipaður í embætti, fyrr en þessar breytingar hafa verið gerðar. Ef sú yfirlýsing liggur fyrir, er ég reiðubúinn til að styðja þetta mál. Ef hún liggur ekki fyrir, greiði ég atkv. gegn frv. Ég mundi telja eðlilegast, ef ekki er hægt að fá þessa yfirlýsingu nú, að þá verði frv. tekið út af dagskrá og því frestað, þannig að það væri ekki verið að tefla því í óefni. En mér finnst ósköp einfalt að fá yfirlýsingu á þennan hátt.

Forseti (EggÞ): Ég vil til skýringar við umr. um málið lýsa því yfir, að að höfðu samráði við dómsmrh. verður ekki gengið til atkv. um þetta mál á þessum fundi og endanlegri afgreiðslu þess frestað, en hins vegar er málið til umr. enn þá.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eftir þær umr., sem hér hafa farið fram um till. á þskj. 502, sýnist mér einsýnt, eins og fram hefur komið, að fresta málinu. Annað er ekki hægt. Það er þannig vaxið, að við getum ekki afgreitt málið nema hafa um það hreinar línur. Mér sýnist þessi till. um að fresta málinu hið eina rétta á þessu stigi og málið verði athugað nánar og haft samráð við hæstv. dómsmrh.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég get að vissu leyti verið sammála hv. formanni allshn. um, að efni brtt. minnar eigi kannske ekki vel heima í lögum um hæstarétt. En það er að mínum dómi ekki um annað að ræða. Ég hef reynt það, sem unnt hefur verið, til að fá það fram, að efnisbreytingin stæði á réttum stað, þ. e. a. s. í lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Það hefur ekki fengizt, og þess vegna er þetta eina ráðið, sem ég hef komið auga á, til þess að koma í veg fyrir, að sá dómari, sem ráðinn yrði til hæstaréttar samkv. þessum l., njóti þeirra fáránlegu réttinda, sem nú gilda um þá, sem þar sitja.

Í tilefni af því, sem hv. formaður n. sagði um það, hvort það ætti að hafa af þessum mönnum réttinn til alls annars lífeyris, held ég að umr. hér fram að þessu hafi skýrt það rækilega, hvað verið væri að tala um. En ég get lýst því yfir af minni hálfu, að þar er aðeins átt við það, að hæstaréttardómarar geti ekki samtímis fullum launum samkv. stjórnarskránni notið lífeyris úr lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Ég held, að þetta sé ósköp einfalt og ljóst og eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, þurfi enginn að velkjast í vafa um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 75. fundur.

Miðvikudagurinn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5, n. 436). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fjölbrautarskóli, frv. (þskj. 398, n. 446). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 489). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frv. (þskj. 57). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 514).

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 490 (sbr. 177)). — 3. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil leyfa mér að flytja brtt. við 59. gr., sem orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1974" — og jafnframt, að á eftir 59. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða: „Til undirbúnings framkvæmd l. skipar trmrh. 3 menn í n., og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og í 2. málsgr. 38. gr. 1. greinir."

Eins og sjáanlegt er á þessu frv., er hér um mjög veigamiklar breytingar að ræða á vátryggingarstarfsemi. Þegar frv. þetta var lagt fyrir Alþ. í fyrra, tók ég undir mörg atriði, sem í frv. felast og eru mjög til bóta, því að sú löggjöf, sem fyrir var, var fyrir löngu orðin úrelt. En þessi atriði eru mjög viðamikil og þarfnast nokkurs undirbúnings, og því tel ég eðlilegt, að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 1. jan. 1974. Þrátt fyrir það er full nauðsyn á því, að undirbúningur að framkvæmd l. hefjist strax, og því legg ég til í ákvæði til bráðabirgða, að trmrh. skipi 3 menn í n., sem skuli fullnægja sömu skilyrðum og segir í 2. málsl. 38. gr. Ég ræddi þessa brtt. rétt áðan við hæstv. trmrh. og skýrði honum frá, hvernig á henni stæði. Hann sagðist fyrir sitt leyti ekki hafa neitt á móti henni og sýndi skilning á því, að hér væri um vandasamt verk að ræða, sem þyrfti nokkurn undirbúning. Enn fremur ræddi ég áðan lauslega við formann heilbr.- og trn., sem tók sömu afstöðu til þessarar till. og hæstv. trmrh.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 516) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins smávægileg aths. Ég vil leita eftir því við hæstv. forseta, hvort hann geti fallizt á að fresta afgreiðslu málsins hér við 3. umr. um stund, vegna þess að ég hef í huga, hvort ekki verði hægt að fá hv. Alþ. til þess að fallast á, að inn í 6. gr. væri tekin heimild fyrir þau vátryggingarfélög, sem nú þegar starfa, að starfa áfram, án þess að lagt sé fram jafn mikið hlutafé og þar er gert að skilyrði. Á Blönduósi hefur starfað vátryggingarfélag, Byggðatrygging hf, um allmörg ár og var lengst af eina tryggingarfélagið utan Reykjavíkur, og það hefur gegnt þýðingarmiklu hlutverki. Eigi að síður er fjárhagur þess ekki það traustur né starfssvæði þess svo stórt, að ég geti búizt við, að unnt sé að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé, og þætti mér vænt um, að það væri athugað nánar, hvort ekki fengist samþykki fyrir því, að slíkri undanþáguheimild væri komið inn í frv., sem gerði þessu vátryggingarfélagi kleift að reka starfsemi sína áfram. Fyrir því fer ég þess hér með á leit við hæstv. forseta, að hann fresti afgreiðslu þessa máls hér við 3. umr. nú um skeið, meðan það er athugað, hvort unnt er að verða við þessari málaleitan minni.

Umr. frestað um stund.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 488 (sbr. 77)). — 3. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr., hafði komið ósk um það, að 4. gr. sérstaklega yrði athuguð til samræmingar. Ég hef haft samband við landbn. um þetta og hefur nefndin orðið ásátt um að flytja svo hljóðandi brtt. við 4. gr.:

Í stað orðanna „þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í búfjárrækt og hafa sérþekkingu á þeirri búfjárræktargrein, er þeir starfa við". Í 1. mgr. komi: „Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði og að auki vera sérmenntaðir í búfjárrækt."

Þar sem þessi brtt. er skrifl. og of seint fram borin, óska ég þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða um till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 515) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 515 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv. svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. felur það eitt í sér, að ákvæði l., sem verið hafa í gildi um aðstoð við landakaup í kaupstöðum og kauptúnum og giltu fyrir tímabilið 1963—1972, um 10 ára tímabil, en lauk í árslok 1972, verði framlengt með þeirri einu breytingu, að í stað þess að á fyrra 10 ára tímabilinu var aðeins varið til þessa 3 millj. kr., er í þessu frv. lagt til, að upphæðin verði 10 millj. kr., sem ríkissjóður leggur til. Ákvæði eru um það í frv., að aðstoðin megi nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands eða lægri hundraðstölu, en hámarkið er 60%.

Það hefur verið hin fyllsta þörf fyrir þessa aðstoð við kauptún og kaupstaði, og hefur á 10 ára tímabilinu, sem l. giltu, verið varið 34 821.288 kr. til slíkrar aðstoðar við landakaup. Hefur þó oft verið nokkurt bil á því, að hægt væri að veita þá aðstoð, sem sveitarfélögin hafa óskað eftir. En það er síður en svo, að þessari þörf sé fullnægt. Því er lagt til, að framlenging

verði gerð um næsta 10 ára tímabil að því er þetta snertir í sama formi. Liggja fyrir fjöldamargar umsóknir um slíka aðstoð, eins og nánar er gerð grein fyrir í þskj.

Þetta mál skýrir sig sjálft. Sú 10 millj. kr. upphæð, sem hér er lagt til, að ríkissjóður greiði í þessu skyni, er aðeins ríflega sambærileg við þá 3 millj. kr. upphæð, sem ákveðin var fyrir 10 árum. Þetta er vissulega algerlega í lágmarki. Ég hefði helzt óskað þess, að þessi upphæð væri ekki neðan við 15 millj. kr. á ári, en samkomulag hefur orðið um, að þetta væri nánast sama upphæð, framreiknuð miðað við það, sem verið hefur.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. félmn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er komið fram, og læt í ljós þá von, að það fái afgreiðslu á þessu þingi. Eins og fram kemur í grg. með frv., er þörfin augljós, og hún er raunar miklu meiri en kemur fram á upptalningunni hér, þar sem talin eru upp þau sveitarfélög, sem eiga óafgreiddar umsóknir um lán úr landakaupasjóði. Mér er kunnugt um fjölmörg sveitarfélög, sem hafa ekki sent umsóknir einfaldlega vegna þess, að þau hafa vitað, að ekki yrði unnt að verða við þeim.

Hér er orðið við tilmælum Sambands ísl. sveitarfélaga um, að áfram verði veitt fé úr ríkissjóði til þess að styrkja sveitarfélög við landakaup, og fyrir það vil ég þakka. Ég vil aðeins geta þess, og það gæti orðið til athugunar fyrir þá n., sem fær frv. til athugunar, að komið hafa fram hugmyndir hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um, hvort ekki væri rétt að gera landakaupasjóðinn að sérstakri deild í Lánasjóði sveitarfélaga. Það var um þetta ályktað á fundi sambandsstjórnar 13. febr. s. l., þar sem framkvæmdastjóra var falið að athuga þetta mál, og eins og ég sagði, að landakaupasjóður verði gerður að sérstakri deild í Lánasjóði sveitarfélaga, en hafi sérstaka fjárveitingu úr ríkissjóði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 166, n. 409). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum. Lög þau, sem hér er um að ræða, eru frá 1961. Eru í þeim allmörg ákvæði, þar sem vísað er til verðlags, en þau ákvæði eru auðvitað úrelt nú vegna þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa. Í þessu frv. felast því ýmsar lagfæringar, og eru í sumum tilvikum tífaldaðar þær upphæðir, sem eru í núgildandi lögum.

Í 16. og 22. gr. frv. er lagt til, að tekið verði upp ákvæði um heimild saksóknara til að fela fulltrúum sínum sókn mála fyrir hæstarétti, en nú flytur saksóknari sjálfur öll mál þar. Er þá gert ráð fyrir, að slíkur fulltrúi uppfylli sömu skilyrði og þarf til skipunar í embætti saksóknara, en það eru sömu skilyrði og til skipunar í embætti hæstarettardómara. N. barst umsögn frá fulltrúum saksóknara, þar sem þeir óska eftir því, að n. kalli fyrir sig formann stjórnskipaðrar n., sem hefur verið skipuð til þess að endurskoða lagareglur um réttarfar, og óskuðu fulltrúar saksóknara, að þeirra mál væru sérstaklega athuguð í þessu sambandi og lögunum breytt. N. kallaði svo á sinn fund þessa fulltrúa og eins formann n., sem er Björn Sveinbjörnsson hrl. Kom í ljós, að n. er aðeins að byrja sitt verk og er að safna gögnum, þannig að n. fannst einsýnt, að hún mundi ekki geta fengið nægar upplýsingar til þess að breyta lögunum nú, en leggur til, að þetta frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingum:

„1. Á eftir 25. gr. komi ný gr., 26. gr. svo hljóðandi:

„Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði 1. nr. 29 frá 28. apríl 1966 og 1. nr. 75 frá 27. apríl 1972, um breyt. á 1. nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál 1. nr. 82 frá 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.

2. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frv. um það efni í byrjun næsta þings."

N. sá sér ekki fært að koma meira til móts við óskir fulltrúa saksóknara og er n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—25. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 409 (ný gr., verður 26. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 189, n. 447). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Hv. menntmn. Nd. hefur tekið til athugunar og rætt frv. til laga um breyt. á lögum nr. 49 frá 1967, um skólakostnað, á þskj. 189, og hefur orðið samstaða í n. um að mæla með samþykkt þessa frv. Frá því er þó ein undantekning, því að Ellert B. Schram, einn nm., hefur ritað undir nál. með fyrirvara.

Þetta frv. er ósköp einfalt að efni til. Það felur í sér að lengja það árabil, sem fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja miðast við. Í stað þess að áður var í lögum, að ríkið greiddi fjárframlög á þriggja ára fresti, er nú ákveðið fjögurra ára greiðslutímabil. Þetta er í reynd staðfesting á því, sem verið hefur samkv. þeim brbl., sem gefin voru út árið 1968, og þannig í raun og veru staðfesting á þeirri framkvæmd, sem tíðazt hefur í þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 490 (sbr. 177)). — Frh. 3. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri aths., sem ég lét falla hér áðan, og þeim tilmælum til hæstv. forseta að fresta afgreiðslu þessa frv., vil ég taka það fram, að ég lít svo á við nánari skoðun, að í frv. felist heimildir, sem telja verður, að séu fullnægjandi í því efni, sem ég vakti athygli á, og ég hafði ekki tekið eftir fyrr. Ég sé því ekki ástæðu til að óska eftir því, að afgreiðsla frv. sé tafin meira af þessum sökum en þegar er orðið.

ATKVGR.
Brtt. 516, 1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 516, 2 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv. svo breytt samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 306, n. 413). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 29 er frv. til laga um breyt. á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og á þskj. 306 er frv. eins og það lítur út eftir 3. umr. í Ed.

Breytingarnar, sem gerðar voru á frv. í meðförum Ed., eru fólgnar í því, að komizt er ákveðnar að orði í 1. mgr., þannig að í stað orðanna „Stefnt skal að því, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfræki rannsóknastofur" o.s.frv. kemur: „Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir rannsóknastofur utan Reykjavíkur", og álít ég þetta vissulega til bóta.

Einnig er í breytingunni kveðið á um stofnkostnað væntanlegra rannsóknastofa. Eins og talað er um í grg. með frv. á þskj. 29, eru nú sífellt meiri kröfur gerðar til alls hreinlætis í meðferð matvara. Þar undir fellur að sjálfsögðu öll okkar fiskvinnsla, og þarf ekki að fjölyrða, að í tengslum við auknar hreinlætis- og gæðakröfur hlýtur að koma stóraukið reglulegt gæðaeftirlit. Mér sýnist, að eftirlit með gæðum framleiðslunnar þurfi að vera vel virkt, og ef það á að vera vel virkt, þá þarf a. m. k. að setja upp eina rannsóknastofu í hverjum landsfjórðungi í þessu skyni. Hér má í engu til spara, ef við eigum að halda okkar söluhluta á dýrmætustu fiskimörkuðum okkar.

Ég vildi einnig bæta því við, að ég álít hér stórt mál á ferðinni, sem knýjandi sé að leysa sem fyrst.

Hv. sjútvn. d. hefur kynnt sér þetta mál og mælir með, að það verði samþ., eins og segir í nál. á þskj. 413.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 376, n. 451). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. er um breyt. á l. frá 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu, og breytingarnar eru fólgnar í því, að stofna skal loðnuflutningasjóð. Tekjur sjóðsins eru fengnar með þeim hætti, að loðnukaupendur greiða í sjóðinn 15 aura á hvert kg. landaðrar loðnu til bræðslu, og þessir 15 aurar stuðla að því, að skip geti siglt með aflann lengra en venjulega þykir æskilegt. Aurarnir stuðla einnig að því, að loðnan er unnin í fleiri verksmiðjum, einnig því, að löndunarbið verður minni og heildarafköst flotans aukast.

Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál og leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 377 (sbr. 351), n. 453). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hv. sjútvn. Ed. flutti á þskj. 351 frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í meðförum Ed. var gerð breyting á ákvæðum til bráðabirgða, og breytingarnar fólgnar í því, að þar eru vikkaðar heimildir til endurgreiðslu á útflutningsgjaldi, þannig að bætt er við saltsíld, sem framleidd er á árinu 1973, og einnig þurrkuðum saltfiski, sem framleiddur kann að verða á árinu 1973. Að öðru leyti er það óbreytt frá Ed.

Sjútvn. Nd. hefur athugað þetta mál á fundum sínum og leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337, n. 472). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 472 er álit allshn. varðandi frv. til l. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu. N. mælir meðð samþykkt frv., eins og það hefur verið samþ. í Ed., en einn nm. Pétur Pétursson, skrifar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta mál neitt nánar, það hefur þegar verið gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131, n. 482). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 482 er nál. allshn. um þetta mál, en n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Ed. Eftir að n. lauk störfum, var þeirri ábendingu komið á framfæri við hana, að rétt væri að breyta síðasta ákvæði frv. um gildistöku laganna þannig ,að í stað þess, að lögin öðluðust þegar gildi, væri gefið eitthvert ráðrúm og miðað t. d. við 1. júlí. N. hefur ekki getað tekið afstöðu til þessarar brtt., en mun væntanlega gera það og mun þá leggja fram brtt. fyrir 3. umr.

N. vísaði þessu máli ekki til umsagnar neinna aðila, en kynnti sér umsagnir, sem höfðu legið fyrir í Ed., þ. e. a. s. umsagnir Læknafélags Íslands og frá lögreglustjóranum í Reykjavík.

Það hafa einkum komið fram tvær aths. við þetta frv., annars vegar frá lögreglustjóranum í Reykjavík þess efnis, að hann sé ekki hlynntur því, að stofnuð sé sérstök deild lögreglumanna hjá sérstöku dómaraembætti. Hann telur skiptinguna nú vera nægilega erfiða, enda þótt ekki sé stofnað til nýs slíks embættis, eins og þarna er gert ráð fyrir.

Hin aths., enda þótt hún hafi ekki komið formlega til n., er á þá leið, að það sé óeðlilegt og gegn réttarþróuninni, að stofnaðir séu sérstakir dómstólar. Með tilliti til þessa máls og atvika allra hefur n. þrátt fyrir kannske mismunandi skoðanir nm. á þessum tveimur aths., engu að síður lagt einróma til, að þetta frv. yrði samþ.

Ég vil persónulega fá að segja hér nokkur orð, vegna þess að á síðasta þingi lagði ég ásamt hv. þm. Oddi Ólafssyni fram þáltill., sem fjallaði um sölu og neyzlu fíkniefna, en þar gerðum við að till. okkar, að stofnuð yrði sérstök rannsóknardeild vegna fíkniefnaneyzlu. Af þeim ástæðum fagna ég því, að þetta frv. hefur nú verið lagt fram, en það gengur í aðalatriðum í sömu átt, þ. e. a. s. þarna er gert ráð fyrir því, að stofnuð sé sérstök deild. Að vísu er í frv. lögð mikil áherzla á dómstólinn sem slíkan og hann gerður að aðalatriði þessa máls. Mér persónulega finnst, að það sé ekki lagt nægilega mikið upp úr öðrum þáttum, sem snúa að þessu vandamáli, þáttum eins og t. d. þjálfun sérhæfðra starfsmanna, útbúnaði slíkrar deildar, hinni læknisfræðilegu og félagslegu hlið málsins og hinu fyrirbyggjandi starfi, svo sem fræðslu og endurhæfingu. Á allt þetta skortir nokkuð í þessu frv. og þarf að sjálfsögðu að takast á við. Hins vegar hef ég skilið það svo, að þessi deild og þessi dómstóll séu sett á stofn nú til þess að grípa strax á þessu vandamáli og leysa brýnustu þörfina, og hef ég fullan skilning á því, enda þótt málið sé ekki skoðað ofan í kjölinn og gerðar ítarlegar till. um alla þætti þess, og er ég því mjög ásáttur um málið eins og það liggur fyrir núna.

Ég vil aðeins upplýsa það, að ég hef aflað mér upplýsinga um þá starfsemi, sem nú fer fram á vegum lögreglunnar um þessi mál, — og reyndar hefur það komið fram að einhverju leyti í umr. áður um þetta frv. — starfsemi, sem er fólgin í því, að tveir menn eru starfandi eingöngu að rannsókn fíkniefnaneyzlu og sölu og dreifingu á slíkum efnum, og þessir tveir menn hafa unnið ágætt starf. Þeir hafa lagt þar grundvöll að miklu meira starfi, sem að sjálfsögðu þarf að vera, bæði hvað snertir mannafla og allan aðbúnað. Þeir hafa tjáð mér, að þeir hafi sent frá sér til sakadómaraembættisins 206 skýrslur vegna mála, sem upp komu á tímabilinu jan.-des. 1972. Það munu ekki liggja fyrir nein mál hjá þessum lögreglumönnum nú, sem ófrágengin eru, en mér er hins vegar sagt, að ekkert þessara mála, þ. e. a. s. engin þessara skýrslna, sem þeir hafa sentfrá sér, hafi hlotið afgreiðlu hjá dómstólum, í þessu tilfelli Sakadómi Reykjavíkur, og er það að sjálfsögðu mjög miður og sýnir, hversu nauðsynlegt er, að þeim þætti málsins, sem snýr að dómstólunum, lokastiginu, sé kippt í lag, eins og reyndar er gert ráð fyrir í þessu frv. Auk þess sem þessir lögreglumenn hafa sent frá sér þessar rúmlega 200 skýrslur, hafa þeir byggt upp mjög góða spjaldskrá og hafa þar safnað saman upplýsingum um á sjötta hundrað einstaklinga, sem geyma ýmsan fróðleik um fólk, sem hefur á einn eða annan hátt verið tengt við neyzlu þessara fíkniefna.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um, hversu alvarlegt vandamál hér er á ferðinni. Við skulum vona, að það vaxi ekki meira í þessu þjóðfélagi. Margt bendir til þess, að hér hafi verið unnið mjög gott starf, þannig að að einhverju leyti hafi verið komið í veg fyrir mikinn vöxt þess. En við skulum ekki vera of bjartsýn, og við skulum ekkert til spara til þess að hefta útbreiðslu og neyzlu á fíkniefnum.

Ég endurtek það að lokum, að n. hefur einróma lagt til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 480). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstj. var gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hefði forgöngu um byggingu leiguhúsnæðis, sem lúta skuli félagslegri stjórn, eins og þar segir. Það er einmitt í samræmi við þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum, sem þetta frv. er fram borið. Í því er gert ráð fyrir, að heimilað verði að veita sveitarfélögum lán til byggingar leiguíbúða og megi lánið nema allt að 80% af byggingarkostnaðinum og lánskjörin verði jafnhagstæð og þau lánskjör, sem veitt hafa verði til byggingarframkvæmd-

anna í Breiðholti í Reykjavík, sem löngum hefur verið vitnað til sem einhverra sérréttinda fyrir Reykjvíkinga. Það er þó að verulegu leyti á misskilningi byggt, því að önnur sveitarfélög hafa átt þess kost að notfæra sér lagaákvæðin frá 1965, þar sem ríkisstj. var heimilað að láta byggja íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélag, en Reykjavíkurborg hefur ein orðið til þess, að undanskildum Sauðárkrókskaupstað, sem fór af stað með slíkar byggingarframkvæmdir samkv. þessum lögum, en hætti við það í miðjum klíðum og breytti því yfir í verkamannabústaði, enda er það sannast sagna, að verkamannabústaðakjörin eru endanlega hin hagstæðustu, sem völ eru á í sambandi við lausn á þeim vanda að koma upp íbúðarhúsnæði. Sannleikurinn er sá, að önnur sveitarfélög hafa ekki notfært sér þessi lagaákvæði fram til þessa, og veldur því vafalaust, ð þau eru efnaminni en Reykjavíkurborg.

Efni frv. felst í fyrri gr. þess, — það er aðeins tvær gr. — og er breyt. á 8. gr., B-lið, ákvæði um aðstöðu og rétt sveitarfélaga til þess að taka lán alveg eins og verktakar og aðrir, sem eru framkvæmdaaðilar í húsbyggingum. Með leyfi hæstv. forseta, segir svo í 1. gr.:

„Lánsfjárhæðin má nema allt að 800 þús. kr. á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkv. mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðh., árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar."

Í þessari mgr. 1. gr. í frv. eru tvenn nýmæli: Í fyrsta lagi, að lánsfjárupphæðinni er breytt úr 600 þús. í 800 þús. kr., og er það í samræmi við *það, sem nú er heimilt um aðra þætti í* húsnæðismálalöggjöfinni, en þá hámarkið ¾ hlutar byggingarkostnaðar. Og svo má breyta þessari upphæð árlega, í staðinn fyrir að nú er aðeins heimilt að breyta lánsupphæðinni á tveggja ára fresti. Þessar tvær breytingar eru í 1. mgr. Síðan kemur algerlega nýtt ákvæði í 2. mgr. 1. gr., og er það á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 frá 22. des. 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánskjörin hin sömu og lánakjör byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir. Ráðh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um úthlutun lána þessara."

Þessi lánskjör, sem þarna er gerð grein fyrir, 33 ára lánstími, afborgunarlaus fyrstu 3 árin og síðan endurgreiðsla á lánunum á 30 árum, eru alger hliðstæða við þau lánakjör, sem fólk hefur átt við að búa varðandi Breiðholtsframkvæmdirnar. Þannig eru sveitarfélögum heimiluð þau lánakjör, sem einstaklingar, efnaminni verkamannafjölskyldur, hafa notið í Reykjavík, og þeim sveitarfélögum, þar sem þörf er fyrir leiguhúsnæði, ætlað að hafa frumkvæði. Síðan er sveitarfélögunum að sjálfsögðu heimilt að selja þessar íbúðir einstaklingum og þá vitanlega gert ráð fyrir, að það sé gert án hagnaðar af hendi sveitarfélagsins, það sé aðeins þjónusta, sem einstaklingunum sé veitt, og þannig geti þetta orðið einstaklingsíbúðir í einkaeign. Þannig verður fyrir milligöngu sveitarfélaganna einstaklingum gefinn kostur á að njóta þessara lánskjara.

Eins og ég áðan sagði, eru kjörin þannig, að í upphafi er auðveldara fyrir kaupendur íbúða samkv. þessum kjörum að komast yfir íbúð heldur en með öðrum hætti. En þegar líður á lánstímann, þyngist greiðslubyrðin, svo að verkamannabústaðakjörin verða, þegar upp er staðið, mun hagstæðari en þessi kjör, sem fólk hefur átt kost á í Breiðholti og fólk mundi eiga kost á þarna í sambandi við að kaupa leiguhúsnæði, sem sveitarfélög hefðu komið upp. Þetta gerir sveitarfélögunum mögulegt að koma upp íbúðarhúsnæði án þess að leggja fram neitt ofurfjármagn til þess að svara þörf, sem sveitarstjórnirnar meta, að fyrir hendi sé.

Á s. l. ári fól félmrn. Húsnæðismálastofnun ríkisins að kanna þörf fyrir leiguhúsnæði um land allt. Var það gert, vandlega unnin skýrsla kom til rn. og gerð hefur verið grein fyrir henni hér í fsp.-tíma. Það virtist svo sem veruleg þörf væri fyrir leiguhúsnæði samkv. þessari skýrslu. Að vísu skal það játað, að sum svör sveitarfélaganna voru nokkuð út í loftið, án vandlegrar könnunar og án þess að haft væri í huga, að sveitarfélögin þyrftu eitthvað á sig að leggja sjálf í sambandi við það að koma slíkum íbúðum upp. Ég gæti hugsað, að tölurnar kynnu að lækka við það, þó að ekki sé um stærri upphæðir að ræða en svo, að sveitarfélagið verður um tíma að sjá fyrir um 20% af byggingarkostnaðinum.

Það er ekki um það að deila, að hér eru boðin þau vildarkjör, sem fólk hefur verið að tala um, að verkamannafjölskyldur í Reykjavík ættu kost á, auk verkamannabústaðakerfisins, sem fólk á alls staðar í þéttbýli úti um land kost á *að notfæra sér og eru, eins og fskj. með frv.* sýna, langhagstæðustu kjörin, þegar litið er á allan lánstímann.

Hvers vegna eru nú sett inn ákvæði um það, að þessar lánveitingar skuli fyrst um sinn ná til 1000 íbúða á næstu 5 árum? Það er til þess *að halda hliðstæðunni* við þau *réttindi, sem* efnalítið fólk í Reykjavík hefur átt við að búa. Í grg. segir um þetta:

„Lagt er til, að fjöldi slíkra lána verði takmarkaður. Ef gert er ráð fyrir, að á Reykjavíkursvæðinu séu ca. 100 þús. íbúar, kemur í *ljós, að íbúðabyggingar framkvæmdanefndar* byggingaáætlunar nema 1¼ íbúð á hverja 100 íbúa. Kauptún með 1000 íbúa ætti þannig að eiga kost á 12½ íbúð með þessum kjörum."

Og hins vegar:

Samkv. skýrslu Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. des. 1971 var íbúafjöldi í kaupstöðum utan Reykjavíkur og Kópavogs 48 599 og í öðrum þéttbýlisstöðum 36 580 eða samtals 85 179. Ef miðað er við mannfjölda, lætur nærri, að 1000 íbúðir utan Reykjavíkursvæðisins svari til þeirra 1250 íbúða, sem byggðar verða á vegum framkvæmdanefndar byggingaáætlunar í Breiðholti í Reykjavík. Með hliðsjón af þessu er lagt til,

að fjöldi lána til umræddra leiguíbúða verði allt að 1000 á 5 árum eða 200 íbúðalán á ári að meðaltali."

Þó er ekki ætlunin að búta þetta þannig niður eingöngu eftir hausatölunni, því að mér er ljóst, að fleiri atriði geta komið til greina um meira og meira knýjandi þörf á einum stað heldur en öðrum og það verði að taka tillit til annars jafnframt því sem tekið verði nokkurt tillit til íbúafjöldans. Ákvæði um þetta yrði vafalaust sett í reglugerð.

Ég held, að málið liggi ljóst fyrir. Öll efnisatriði þess eru í 1. gr., sem ég hef hér lesið frá orði til orðs og síðan skýrt að öðru leyti. Ég hef því ekki fleiri orð um þetta mál. Eg tel, að með því að flytja þetta frv. sé svarað þeirri eftirspurn, sem hér hefur verið og sem könnun virtist staðfesta varðandi þörf á leiguhúsnæði, og tel, að það verði síðan að líta á þann vanda, sem af þessu skapast. Það verður vafalaust að horfast í augu við aukna þörf húsnæðismálakerfisins, þegar þessi lög hafa verið staðfest, því að reikna verður með því, að allmörg sveitarfélög mundu notfæra sér ákvæði þessara laga, a. m. k. eftir því sem þau hafa túlkað þessi mál fram til þessa.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði, þegar umr. lýkur, vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um þetta mál, en ég tel ástæðu til þess að fagna því sérstaklega. Ég hef ekki dregið dul á það, að ég hef verið einn þeirra manna, sem hafa haldið því fram, að með hinni svokölluðu Breiðholtsáætlun og framkvæmdum þar var stigið skref til mismununar, þegar við berum saman þéttbýlið annars vegar og dreifbýlið hins vegar. Þetta hefur gilt allt frá árinu 1965 og hefur gilt að mínu mati allt of lengi. En um það er ekki að sakast við núv. hæstv. ríkisstj., þar bera aðrir ábyrgð á, fyrrv. valdhafar, og ég tel sérstaka ástæðu til þess að fagna nú þessu fram komna frv.

Það er rétt, sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan, og það er mín skoðun, eins og hann lýsti sinni, að hagkvæmasta byggingarkerfið eru verkamannabústaðalögin, þ. e. a. s. sé þeim þannig fyrir komið, að það sé í raun og veru framkvæmanlegt fyrir smærri byggðarlög jafnt sem hins stærri að notfæra sér þau. Það hefur því miður að mínu mati ekki verið grundvöllur fyrir slíkt hjá hinum smærri sveitarfélögum, frá því að breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni áttu sér stað á árinu 1970. Ég hef sagt það hér áður í ræðu á Alþ., að ég hef talið, að með þeirri breytingu á húsnæðislöggjöfinni hafi verið stigið skref til baka að því er varðar uppbyggingu í hinum fámennari sveitarfélögum eftir lagabálkinum um verkamannabústaði.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram í framsögu, þetta er útvíkkun á hinum svokölluðu Breiðholtsframkvæmdum. Að vísu er ekki alveg um hliðstæður að ræða, vegna þess að samkv. þessu frv. er þar um að ræða hlutdeild viðkomandi sveitarfélags í fjármögnun stofnkostnaðar, en samkv. Breiðholtsframkvæmdum, að því er ég bezt veit, var einungis um að ræða ríkisframlagið á 80% og svo 20% frá viðkomandi eiganda, þannig að þetta er ekki alveg hliðstætt. Ég tel þó, að þarna sé um svo mikilsvert og stórt mál til jöfnunar að ræða, að vart sé ástæða til þess að hreyfa andmælum út af slíkri framkvæmd. En hyggilegra hefði kannske verið og æskilegra, að þar hefði verið viðhaft sama form og nú er í sambandi við Breiðholtsuppbyggínguna.

Það fer að mínu mati ekkert á milli mála, að einn af þeim þáttum, kannske stóru þáttum, í þeim vandkvæðum að byggja upp á hinum ýmsu fámennari stöðum úti um landið er skorturinn á því að koma upp viðunandi íbúðarhúsnæði. Og það hefur verið ósk æðimargra og allflestra, að ég held, sveitarstjórna víðs vegar í kringum landið, að rétt yrði hjálparhönd í fyrirgreiðsluformi til uppbyggingar á íbúðarhúsnæði, á vegum sveitarfélaga. Þarna er vissulega komið allverulega og mjög myndarlega til móts við þessar óskir. Eins og vitnað var í hér áðan, gerði hinn margumtalaði stjórnarsáttmáli vissulega og gerir ráð fyrir slíkri aðstoð. Og ég skal láta það verða mín síðustu orð að þessu sinni, að ég fagna því heils hugar, að þetta mál sér hér dagsins ljós, og ég vænti þess fastlega, að það verði afgreitt á þessu þingi, þannig að hin fámennari sveitarfélög úti á landsbyggðinni þurfi ekki lengur að bíða eftir því að geta farið að notfæra sér þá sérstöðu og þau auknu réttindi, forréttindi, sem ég vil kalla svo, sem þéttbýlið hér á Reykjavíkursvæðinu hefur nú notið í nærri 8 ár.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vildi aðeins taka til máls við 1. umr. um það frv., sem hér liggur fyrir.

Það er áreiðanlega mikið til í því, sem kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að húsnæðismálin eru eins og sakir standa verulegur þröskuldur í vegi þess að jafna byggðaþróun í landinu, og flestir hv. þm. vilja a. m. k. í orði kveðnu stuðla að aukinni byggðaþróun. Við þurfum að gera okkur ljóst, að það eru mjög breyttir tímar nú á síðustu árum. Eftir áfallaárin 1967 og 1968 var mikið atvinnuleysi í landinu, og vegna sérstöðu atvinnulífsins á landsbyggðinni varð þar enn þá meira atvinnuleysi en hér á þéttbýlissvæðinu. Nú hefur hins vegar góðæri ríkt um nokkurra ára skeið, og allir hafa næga atvinnu, en þá koma önnur atriði til, sem mismuna mönnum eftir búsetu í landinu, og þá eru húsnæðismálin þar mjög ofarlega á blaði.

Það er einu sinni svo, að verð hækkar miklu meira á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu heldur en annars staðar á landinu. Fólk vill gjarnan festa þar fé í íbúðum, og þeir, sem hyggjast flytja af landsbyggðinni, jafnvel þótt ekki sé fyrr en síðar, reyna að festa fé í íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. En þessu er alveg öfugt farið, ef eitthvert ungt fólk, t. d. kennarar eða aðrir slíkir menn, vill flytjast til landsbyggðarinnar. Þá vill fólk ógjarnan fara að gera það með því að koma þar yfir sig húsnæði, sem það jafnvel getur illa losnað við, a. m. k. ekki fyrir skaplegt verð. Þessar markaðs-

aðstæður í sjálfu sér verka alveg í eina átt og alveg sérstaklega þegar svo er ástatt á öðrum sviðum í þjóðfélaginu eins og núna. Þess vegna tel ég, að það sé mjög brýn nauðsyn á því nú að taka þennan þátt byggðamálanna mjög til athugunar.

Það kann að vera, að þetta frv. sé verulegt skref í þessa átt. Ég hefði þó gjarnan viljað, að í því væru ákvæði, sem auðveldaðu fólki að eignast eigin íbúðir, en það væri ekki fyrst og fremst miðað við leiguhúsnæði, og fleiri hliðar þessa máls væru teknar þar til athugunar, svo sem hugmyndir, sem fram hafa komið um verðtryggingu íbúðarhúsnæðis á hinum ýmsu svæðum landsins. Í frv., sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hefur flutt í Ed., er slíkum hugmyndum hreyft. En það kann að vera, að það sé svo víða, að leiguhúsnæði þurfi einnig að koma til, og því tel ég rétt að skoða þetta frv. með athygli og hvort ekki sé rétt að koma þar inn í fleiri hugmyndum um að auka íbúðarhúsabyggingar á landsbyggðinni. Nýlega hafa verið gerðar um það skýrslur, hvernig fé frá húsnæðismálastjórn og öðrum þeim sjóðum, sem lána til húsnæðismála, — opinberum sjóðum í landinu, — hvernig það fé skiptist milli kjördæma, og það sýnir sig, að þar er mjög misskipt. Það er t. d. svo mikill munur á, að á hvern íbúa er 3—4 sinnum, að mig minnir, minna fjármagni varið til íbúðarhúsabygginga á Vestfjörðum heldur en hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er því alveg ljóst, að þessi mál þarf mjög að kanna, og að því leyti til tel ég þetta frv. vera allrar athygli vert, þó að í því þyrfti að koma inn á miklu fleiri leiðir en í frv. eru.

Ég vil svo að lokum aðeins leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hann taldi, að fyrrv. valdhafar hefðu ráðið Breiðholtsframkvæmdum í Reykjavík. Hann ætti að vita það sem aðili að launþegasamtökum, að þessar framkvæmdir voru ákveðnar í samningum milli launþega og ríkisstj. Það má segja, að þessar framkvæmdir hafi verið gerðar á ábyrgð beggja þessara aðila, og ég fæ ekki séð, að það hafi út af fyrir sig verið spor aftur á bak, heldur hefði þurft að stíga þetta skref víðar á landinu og efla þannig íbúðarhúsabyggingar í öllu landinu, eins og hér var gert á þessum tíma.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fagna sérstaklega þessu frv. Ég hef verið þeirrar skoðunar og látið í ljós oftar en einu sinni á undanförnum árum, að það standi ýmsum byggðarlögum úti um landið mjög fyrir þrifum, að þar er svo sem ekkert leiguhúsnæði að fá. Það hefur verið mín skoðun, að ekkert pláss gæti tekið eðlilegum vexti, nema þar sé hægt að fá leiguhúsnæði, talsvert leiguhúsnæði, af þeirri einföldu ástæðu, að menn eru ekki ætíð reiðubúnir að koma sér upp eigin húsnæði, þegar þeir setjast að, kannske til reynslu, og fleira hefur komið þarna til.

Mér sýnist hér vera stefnt í það að gera þarna verulega úrlausn og vil því lýsa sérstöku fylgi mínu við þetta mál og leggja áherzlu á, að það yrði greitt þannig fyrir því, að það gæti orðið að lögum nú á þessu þingi. Það sýnist mér vera afar stórfellt atriði. Og þó mundi það nú líklega varla geta orðið, nema menn stilltu sig um að blanda inn í þetta öðrum málum, sem kannske væru flóknari í meðferð en þetta, sem hefur hlotið svo góðan undirbúning, — þetta atriði húsnæðismálanna.

Það liggur í loftinu, að ekki sé langt eftir þingtímans, og ég vil þess vegna skora á alla velunnara málsins að vinna að því að drífa þetta frv. hæstv. ríkisstj. í gegn nú fyrir þinglokin og blanda ekki inn í það neinu því, sem kynni að geta tafið málið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér hafa svo margir ágætir ræðumenn lagt gott til málanna, að ég hef í rauninni litlu við það að bæta. Ég vil þó sérstaklega þakka hæstv. félmrh. fyrir ágætt framsöguerindi, þar sem hann skýrði efni þessa frv. og innihald. En þar sem komið hefur hér til tals að jafna byggðabróunina í landinu, vildi ég aðeins segja, að það hefur verið ákaflega mikið talað um jafnvægi í byggð landsins, svo að það hefði átt að vinna að því að minnka þensluna héðan á Reykjavíkursvæðinu og gera meira í staðinn fyrir landsbyggðina. Það hefur ekki verið gert. Venjulegur húsbyggjandi í Reykjavík hefur verið settur við alveg nákvæmlega sama borð og fólkið úti á landi, þannig að þar hefur byggðasjónarmiðið ekki verið haft efst í huga, þ. e. a. s. húsnæðismálalánin hafa verið jafnhá alls staðar. Þau hafa meira að segja verið langtum betri varðandi þær framkvæmdir, sem kenndar eru við Breiðholt. Og eins og kom áðan fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, þá var það að vísu útkoma úr samningum verkalýðsfélaganna hér syðra, en mér finst það nokkuð einkennilegt, ef verkalýðshreyfingin vill vera í fararbroddi í því verki að stuðla að aukinni stækkun Stór-Reykjavíkursvæðisins á kostnað landsbyggðarinnar.

Það er þannig nú, að heildarfjármagnið, sem Húsnæðismálastofnunin hefur á þessu ári til ráðstöfunar, er um 1200 millj. Af þessum 1200 millj. fara 400 millj. strax í framkvæmdir í Breiðholti, 150 millj. til þeirra verktaka, sem þegar er búið að semja við, 105 millj. í yfirdrátt í Seðlabankanum, 380 millj. í seinnihlutalán, sem búið er að taka fyrri hlutann af áður, og svo mætti lengur telja, þannig að það eru ekki nema 29 millj. eftir, þegar allt þetta hefur verið talið, og Breiðholtsframkvæmdirnar hafa vissulega verið allmikill baggi á sjóðnum.

Ég hef lengi haft þá skoðun, að það hefði verið skynsamlegast til þess að hjálpa fólki til að setjast að úti á landi og gera það æskilegra, að menn byggðu þar hús, að húsnæðismálalánin yrðu jafnvel hærri til fólks, sem væri að byggja úti á landi, heldur en þeirra, sem eru að byggja í þéttbýlinu. Þetta er alls ekki nein frumleg hugmynd og er víða í „praxis" í útlöndum, þar sem verið er að vinna á móti óeðlilegri stækkun höfuðborga, að þar eru lægri lán veitt til mestu þéttbýliskjarnanna en hærri til þeirra, sem eru úti á landinu. Ég veit ekki, hversu almennt þetta er, og get þess vegna ekki nefnt mörg einstök dæmi.

Að mínu áliti er hér hreyft mjög mikilsverðu máli, sem maður var reyndar orðinn mjög langeygður eftir, máli sem leyst gæti einn mikilvægan þátt þessara margumtöluðu byggðamála. Lög um byggingu verkamannabústaða hjálpa sveitarfélögunum til þess að leysa vanda efnaminna fólks, og reyndar gerir þetta frv. það líka. Það er staðreynd, að það hefur verið ákaflega erfitt að fá ýmiss konar fólk til starfa úti á landi, þ. e. sérmenntað fólk hvers konar, og það hefur staðið bæjunum mjög fyrir þrifum, kauptúnum og kaupstöðum úti á landi, að fá ekki slíkt fólk til sín, vegna þess að framboð á íbúðarhúsnæði hefur verið mjög lítið í þessum bæjum, þar sem byggingarlag er með allt öðrum hætti heldur en gerist hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég vona, að byggingarsjóður ríkisins geti ráðið við að fjármagna þessar framkvæmdir, en verður sjálfsagt erfitt þessi fyrstu tvö ár, meðan Breiðholtsframkvæmdirnar verða enn í gangi, en vonast til þess að vel gangi að fjármagna þetta, svo að byggingarnar geti farið í gang af fullum krafti.

Ég verð að segja það að lokum, að mér er það vissulega mjög mikið áhugamál landsbyggðarinnar vegna, að þetta mál verði eitt þeirra mála, sem koma til með að hljóta afgreiðslu á þessu þingi.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka þær einróma góðu undirtekir, sem frv. hefur mætt nú við 1. umr., og vil láta í ljós þá ósk, að framhaldið verði, að það fái greiðan gang í gegnum þingið og hljóti afgreiðslu nú fyrir þinglokin. Málið er það einfalt í sniðum, að ef ekki verður blandað inn í það óskyldum atriðum eða öðrum atriðum, þá á að vera hægt að skoða það rækilega og veita því fulla afgreiðslu.

Það var kastazt á orðum áðan um það, hvers vegna Breiðholtsframkvæmdirnar væru búnar að standa yfir svo lengi, og taldi einn ræðumaður, að það væri búið að standa of lengi, að fólk nyti þeirra sérréttinda. Verkalýðshreyfingin samdi um þessar framkvæmdir við Reykjavíkurborg og ríkisstj. þáv., og það er rétt, að það var samið um það, að þessar 1250 íbúðir skyldu byggðar á skemmri tímabili en orðið hefur. En ég held, að það sé ekki við neinn að sakast, þó að það hafi tekið lengri tíma. Það urðu tæknilegir erfiðleikar í byrjun á þessari framkvæmd, en þegar á leið tímabilið, fór svo, að sú stóriðja, sem notuð var við þessar byggingarframkvæmdir, naut sín æ betur og betur, og nú er svo komið, að kerfið skilar einni íbúð á virkum degi. Það er á þriðja hundrað íbúðir, sem þetta kerfi getur skilað á ári núna. Og nú eru þetta óumdeilanlega góðar íbúðir. Ég held því, að þessi samningur hafi verið merkilegur á sinni tíð. Hann hefur valdið því, að ný vinnubrögð voru tekin upp við húsbyggingar hér á Reykjavíkursvæðinu og langt út yfir þessa framkvæmd eina, og þessi framkvæmd hefur orðið til þess að draga að verulegulegu leyti úr vaxandi byggingarkostnaði. Það er viðurkennt af hlutlausum byggingarmönnum, sérfræðingum á húsnæðismálasviðinu, og ég held, að það muni þess vegna allir fagna því, að þessi spor voru stigin. Það gleymist fljótt, að það hefur tekið nokkru lengri tíma, og er ekki aðalatriði málsins.

Hér var nefnt áðan af síðasta hv. ræðumanni, að tekjur húsnæðismálakerfisins væru um 1200 millj. á ári, og það er rétt. Af þessu færu í Breiðholtsframkvæmdirnar um 400 millj., og það er líka rétt, rúmar 400 millj. Nú vita allir, að það býr meira en þriðji hluti landsmanna í Reykjavík, svo að þótt 400 millj. fari í þetta, þá er það lægri hlutfallstala en íbúatala Reykjavíkur miðað við landsbyggðina alla. Verkamannabústaðir hafa ekki verið byggðir hér nú s. l. 3 ár. Hins vegar er Reykjavíkurborg nú að undirbúa allmyndarlegt átak í byggingu verkamannabústaða frá og með næsta ári og ætlar sér þá að notfæra sér einmitt þá tækni, sem við höfum notað við Breiðholtsbyggingarframkvæmdirnar, og þá munu byggingar verkamannabústaða taka við hér í Reykjavík af Breiðholtsframkvæmdunum, þegar þeim lýkur eftir ár eða svo.

Ég held, að menn megi ekki gleyma því, að önnur sveitarfélög áttu líka kost á sömu kjörum og Breiðholtsframkvæmdirnar veita. Það er aðeins eitt, sem gerir það torveldara, og það er, að þessum tækninýjungum við byggingu verður ekki komið við í fámennum sveitarfélögum, og Reykjavík hafði bezta aðstöðu til þess að framkvæma þetta að því leyti. Hér var hægt að taka í notkun stórvirk vinnutæki og vélar, sem ekki varð komið við öðruvísi en í sambandi við staðlaðar byggingarframkvæmdir í stórum stíl. Það er aðeins á örfáum stöðum á landinu, sem hefði verið hægt að gera það með árangri.

Aðeins eitt atriði í viðbót. Það var minnzt á, að það væri kannske galli á þessu frv., að hér væri um leiguíbúðir að ræða, en ekki íbúðir til einkaeignar. Ég álít, að megintilgangurinn með frv. sé einmitt sá að komast út fyrir það, að eftirspurn einstaklinga á stöðunum ráði því, hvort fáar eða margar íbúðir eru teknar fyrir til byggingar. Það þarf annað frumkvæði að koma til, og þar er sveitarstjórnin sá eini aðili, sem getur metið þörfina, og telji sveitarstjórn, að hún þurfi að hafa 5 eða 10 íbúðir umfram það, sem menn hafa viljað ákveða sig til að gerast kaupendur að, þá er það eini aðilinn, sem getur ráðizt í að byggja slíkar íbúðir og hafa þær til taks til þess að fullnægja þessari þörf. Ef um einkaeignaríbúðir væri að ræða, væru hagkvæmustu kjörin fyrir einstaklingana á stöðunum að halla sér að byggingu verkamannabústaða. Það er alveg óumdeilanlegt. Töflurnar hérna, sem veðdeild Landsbankans hefur reiknað út, sýna það, að hagfelldustu kjörin, þegar upp er staðið, eru þau, sem verkamannabústaðaákvæðin veita.

Ég held, að menn verði að átta sig á því, að einmitt það að hafa þetta leiguíbúðir, sem sveitarstjórnirnar byggi, selji síðan einstaklingum án milliliðagróða, þá er frumkvæðið sett í hendur þessara aðila, sem geta látið íbúðirnar koma fyrst og fólkið á eftir. Slíkt verður ekki leyst með einkaeign íbúða. Síðan eiga einstaklingarnir, sem festast í sveitarfélaginu, þess kost að verða eigendur íbúðanna. Kjörin eru hins vegar algerlega sambærileg við það bezta,

sem vitnað hefur verið til, þó að það jafnist ekki, þegar til lengdar lætur, á við kjörin um verkamannabústaði.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. — Ég vildi í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Sunnl. taka mjög undir það, sem hann sagði, að ég lít svo á og það er mín skoðun, að það ættu að vera hærri lán á landsbyggðinni til íbúðabygginga heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Það er kannske matsatriði, hvaðan þetta fjármagn ætti að koma, hvort það ætti að koma úr byggðasjóði eða hvort það ætti að koma úr hinu almenna húsnæðislánakerfi, en ég held, að þetta sé einmitt eitt atriði, sem þyrfti að kanna í sambandi við það, þegar húsnæðismál landsbyggðarinnar eru tekin sérstaklega á dagskrá, eins og gert er í þessu frv., en um það er ekkert í því.

Ég vil svo undirstrika enn og aftur, að ég held, að það komi fyllilega til álita, að það þurfi að byggja leiguhúsnæði á landsbyggðinni, en meginstefnan eigi að vera sú, að það eigi að auðvelda fólki fram yfir það, sem annars staðar er gert, að eignast þar íbúðir. Og ég er alveg viss um, að við hæstv. félmrh. erum alveg sammála um það.

Svo vil ég aðeins að lokum, af því að hann vék og eins hv. 5. þm. Sunnl. að skiptingu á fjármagni eins og nú er á milli kjördæma, vekja athygli á því, að á þskj. 383, í till. okkar sjálfstæðismanna um auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar, er á þskj. 3 sýnt nákvæmlega, hvernig þessi skipting er á árunum 1971 og 1972. Og til þess að tefja ekki hv. d. nema í góðu hófi skal ég lesa hér upp, hvernig árið 1972 kemur út, og þá les ég upp framlag á hvern íbúa, bæði frá stofnlánadeild landbúnaðarins og frá Húsnæðismálastofnuninni, þ. e. a. s. þessum tveim aðilum, sem aðallega lána fé til íbúðabygginga í landinu. Þannig eru tölurnar 1972: Það eru 5819 kr. í Reykjavík, 6360 í Reykn., 2760 í Vesturl., 2061 í Vestf., Norðurl. v. 3559, Norðurl. e. 4718, Austf. 3570 og Suðurl. 4761 kr. Það er sem sagt þrisvar sinnum minna fjármagn á íbúa, sem fer til íbúðabygginga miðað við íbúa á Vestfjörðum, heldur en þar sem það er hæst, þ. e. a. s. í Reykjaneskjördæmi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég get tekið undir nokkuð af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. En það er aðeins í sambandi við það, þegar hann er að tala um, að auka þurfi eignarhúsnæði einstaklinganna. Ég lít svo á, að þetta frv. miði að því. Það verður að vísu til að byrja með háð frumkvæði og samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, en í framtíðinni og vonandi eftir tiltölulega stuttan tíma getur þarna verið um sjálfseignarhúsnæði viðkomandi einstaklinga að ræða, og það breytir miklu.

En svo í sambandi við það, sem hæstv. félmrh. sagði um verkamannabústaðakerfið, það er alveg rétt, eins og ég sagði áðan, það er hagkvæmasta byggingarkerfið til þess að byggja eftir. Það er enginn vafi á því. En gallinn er bara sá við það kerfi, eins og það er núna sniðið, að þar ráða ekki einstaklingarnir því, hvort verður byggt eða ekki byggt. Það var með breytingum frá 1970 lagt á herðar viðkomandi sveitarstjórna, sem sennilega, eins og kannske er eðlilegt, hafa mismunandi viðhorf til þessara mála, hvort farið verður út í framkvæmdir eða ekki. Þess vegna er ekki um að ræða, að einstaklingarnir sem slíkir taki ákvörðun um það, hvort þeir byggja eftir því kerfi eða ekki. Það verður fyrst og fremst á valdi sveitarstjórnanna, hvaða viðhorf þær hafa til þessara mála á hverjum tíma. En hitt er rétt, að það kerfi er langhagkvæmast fyrir íbúðabyggjendur. Og ég tek undir það, sem hér hefur komið fram og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, — en þess hefðu hans flokksbræður mátt minnast fyrr, — að það hefði fyrr mátt taka upp þá stefnu að veita hærri íbúðalán til íbúðabyggjenda úti um landsbyggðina. En það er alveg rétt, það ætti að gera það og hefði fyrir löngu átt að vera búið að því.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég verð að játa, að erfiðleikum væri það bundið að hafa mismunandi hagstæð lánakjör til húsnæðismála eftir því, hvar menn væru búsettir á landinu. Það yrði ekki gott að binda slíkt misrétti í lögum, það verð ég að játa. (Gripið fram í). Nei það hefur ekki verið það. Það hafa aðrir átt kost á því líka, en ekki notfært sér það.

Hins vegar finnst mér alveg fáránlegt að koma með tölur og töflur, eins og hér voru lesnar upp áðan, ef þær eiga að sýna nokkuð, þar sem sýnt er fram á, að það komi mismunandi krónutala á íbúa í ýmsum héruðum landsins, þegar byggt er á því að svara þeim umsóknum, sem berast um íbúðarhúsnæði, og þeim er fullnægt eftir því sem ég bezt veit, úr öllum byggðum landsins, nema helzt Reykjavík, þar er skortur á því, að húsnæðislánaþörfinni sé fullnægt og húsnæðisleysi, húsnæðisskortur meiri hér en annars staðar á landinu. Dettur nokkrum í hug, að það svaraði nokkrum tilgangi, að sama krónutala kæmi í húsnæðislánum á mann á Siglufirði á móts við t. d. vaxandi kaupstað eins og t. d. Kópavog eða kauptúnið í Garðahreppi. Þessar tölur eru einber vitleysa, og ég veit ekki, til hvers menn eru að slá þessu upp í töflur. Vitanlega verður að svara þeirri þörf fyrir byggingar, sem er á hverjum stað, og reyna að mæta þeim sjónarmiðum. En hér á engin jafnaðarkrónutala á haus við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 485, (sbr. 3)). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Málið, sem liggur fyrir hv. d. á þskj. 3, eins og það var lagt fram, og á þskj. 485 með áorðnum breytingum eftir meðferð í Ed., er samið af n.,

sem skipuð var síðla árs 1971 til þess að semja frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri barnaheimila.

Það er ekki vonum fyrr, að efnt er til löggjafar um hlut íslenzka ríkisins í því að koma upp í landinu á þéttbýlisstöðum kerfi dagvistunarheimila fyrir börn innan við skólaaldur. Um það er ekki lengur deilt, eins og var hér á árum fyrr, að þessi heimili, þessar stofnanir hafa þýðingarmiklu uppeldishlutverki að gegna í því borgarsamfélagi, sem vistar nú vaxandi hluta íslenzku þjóðarinnar. Það er einnig augljóst orðið, að félagsleg þýðing dagvistunarheimila og þjóðhagsleg fer einnig vaxandi.

Í samræmi við þau sjónarmið, sem nú eru ríkjandi í þessum málum, hefur n. talið rétt að móta þá framtíðarstefnu, að öll börn innan skólaaldurs eigi þess kost að njóta dvalar hluta úr degi eða daglangt á dagvistunarheimilum á einhverju aldursskeiði, áður en skólaganga þeirra hefst, og er þetta óháð því, hvort foreldrar vinna báðir utan heimilis. Hér er ekki verið að gera því skóna, að dagvistunarheimili komi í stað heimilisuppeldisins, heldur er verið að styrkja heimilisuppeldið með samfélagslegum þætti. Það er verið að veita foreldrunum aðstoð við uppeldi barna sinna á þann hátt að veita þeim aðgang að vistun barna sinna á stofnunum, þar sem uppeldismenntað fólk annast þau hluta dagsins. Með þessum hætti vinnst hvort tveggja í senn, að stuðlað er að heppilegum uppeldisáhrifum á börnin og öryggi þeirra aukið, því að reynslan er sú, að þar sem ekki er aðgangur að dagvistunarstofnunum, er gatan að verulegu leyti leiksvæði barna þann tíma, sem þau eru utan heimilis.

Þá er annað atriði ekki þýðingarminna, að foreldrar eigi þess kost að koma börnum sínum til vistunar á dagvistunarstofnanir einhvern hluta dags í því skyni, að foreldrar báðir geti stundað atvinnu eða nám, að ekki sé þannig í pottinn búið, að annað hvort þeirra hljóti að dvelja á heimili við barnagæzlu. Þetta er ómissandi þáttur í framkvæmd allra ákvæða og fyrirheita um jafnrétti kynjanna, því að eins og allir vita, hefur það verið ríkjandi venja í íslenzku þjóðfélagi eins og öðrum skyldum, að þurfi foreldrarnir um að velja vegna umönnunar barna, að aðeins annað stundi atvinnu í tekjuöflunarskyni eða afli sér starfsréttinda með námi, þá er það faðirinn, sem þess nýtur, en móðirin, sem gætir barnanna á heimilinu.

Ekki þarf að fjölyrða um það, hverja þjóðhagslega þýðingu það hefur, að báðir foreldrar hafi aðstöðu til að sinna störfum utan heimilis og geti vitað börn sín örugg í góðri gæzlu þann tíma dagsins, sem þau eru bundin við störf eða nám fjarri heimilum.

Loks hefur borið á því, að vegna þess að skortur hefur verið á dagvistunarheimilum, hefur jafnvel þurft að vista börn á vistheimilum, þar sem gert er ráð fyrir dvöl allan sólarhringinn án þess að slíks hafi í raun og veru verið brýn þörf að öðru leyti. En þetta er að allra dómi neyðarúrræði, og ekki á að eiga sér stað, nema einskis annars sé kostur, að slíta börn á viðkvæmum aldri með öllu úr sambandi við heimili og foreldra.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir styrk ríkisins til að koma upp dagvistunarheimilum, sem greinast aðallega í þrjár gerðir. Þar er um að ræða dagheimili ætluð börnum frá þriggja mánaða aldri til skólaskyldu og þar sem börnin dvelja a.m.k. 5 stundir dag hvern. Í öðru lagi er um að ræða leikskóla. Þeir eru sniðnir fyrir börn frá tveggja ára aldri fram til skólaskyldu, en þar er ekki gert ráð fyrir lengri dvöl dag hvern en 3—4 klukkutíma. Loks eru skóladagheimili. Þar er starfsemin mjög svipuð og á dagheimilum, að því viðbættu, að börnunum er búin aðstaða til heimanáms og veitt hjálp til að búa sig undir skólanámið. Í frv. eru ákvæði um, hverjar kröfur skuli gera til starfsemi þessara heimila, til starfsfólks þeirra, til húsakynna og til búnaðar, bæði innanhúss og á leiksvæðum.

Ég mun svo ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um frv. að svo komnu máli. Ég vil aðeins láta í ljós þá ósk, að hv. d. sjái sér fært að afgreiða málið á þessu þingi og vil leyfa mér að leggja til, að því sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. frestað um sinn.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327. n. 491). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er flutt eingöngu í því skyni að breyta einu ártali til leiðréttingar. Allshn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. — Frh. 1. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vil nefna við þessa 1. umr. í hv. Nd. um frv. til l. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Hér er vissulega hreyft við merkilegu máli, sem ég tel sjálfsagt, að nái fram að ganga, en ég vil eins og ég sagði áðan, nefna nokkur atriði, sem eiskum snerta sveitarfélögin.

Í fyrsta lagi vil ég finna að því, hvernig mál þetta er undirbúið. Þetta er mál, sem snertir mjög sveitarfélögin í landinu, en frv. er samið af n., sem ráðh. skipaði án nokkurrar samvinnu við samtök sveitarfélaganna í landinu, þótt, eins og ég sagði, um sé að ræða efni, sem sveitarfélögin láta sig mjög varða. Ég vil einnig nefna það, að þetta frv. gengur allmjög í öfuga átt við þær óskir, sem sveitarfélögin hafa látið í ljós varðandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þarna er um að ræða, að sveitarfélagið og ríkið taka sameiginlega þátt bæði í stofnkostnaði og rekstri þessara dagvistunarheimila. Sveitarfélögin í landinu hafa ályktað, bæði á

landsþingum og fulltrúaráðsfundum, um þessi efni, að gerð verði gleggri skil á verkaskiptingunni, og þetta er eitt dæmi um málaflokk, sem sveitarfélögin telja að eigi algerlega að vera í höndum þeirra. Ég teldi eðlilegra, að ríkisvaldið tæki engan þátt í rekstrarkostnaði dagvistunarheimila, en ekki séu settar upp flóknar endurgreiðslureglur um hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði þessara heimila, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Það er grundvallaratriði í skoðunum sveitarstjórnanna varðandi skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga, annars vegar, hvort framkvæmdin varðar öll sveitarfélögin jafnt, og hins vegar, hvort staðarþekking eigi ekki að skipta mestu máli, þegar um er að ræða verk, sem sveitarfélögin ein annast. Landsþing sveitarfélaganna hafa ályktað, að það væri talið eðlilegt, að ríkisvaldið hefði með höndum ýmis verkefni, sem vörðuðu alla landsmenn nokkurn veginn jafnt og kölluðu ekki á staðarþekkingu eða bein náin tengsl við borgarana. Með sama hætti hefur verið talið eðlilegt, að sveitarfélögin hefðu með höndum verkefni, sem væru mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum, verkefni, sem væru staðbundin, og verkefni, þar sem bein náin tengsl við borgarana væru nauðsynleg eða eðlileg, og meðal slíkra verkefna hafa verið talin ýmis félagsmál, svo sem umönnun borgaranna á öllum aldri, barnaverndarmál, dagvistunarstofnanir, æskulýðsstarfsemi, heimilishjálp og umönnun við aldraða, þ. á m. bygging og rekstur elliheimila, félagsstarfsemi fyrir aldraða og heimilishjálp. Þær till., sem settar hafa verið fram af hálfu sveitarfélaganna, hafa þó ekki falið það í sér, að ríkisvaldið væri útilokað frá afskiptum af þessum málum. Það hefur verið talið eðlilegt, að ríkisvaldið hefði yfirumsjón með málaflokkum sem þessum, sem ég taldi upp, eins og öðrum málefnum sveitarfélaganna, m. a. því að setja lög um skipan þessara mála að höfðu samráði við sveitarfélögin.

Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hefur ályktað um þetta mál sérstaklega og er mótfallin þeirri meginstefnu, sem fram kemur í þessu frv., þ. e. a. s. að bygging og rekstur þessara stofnana verði sameiginlegt verkefni ríkisins og sveitarfélaganna. Stjórnin hefur talið ýmis vandkvæði á slíkri skipan og byggir þar á áþreifanlegri reynslu varðandi slíkt fyrirkomulag á fjölmörgum sviðum.

Það er hætt við, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, að þá verði stofnað til óþarflegra flókinna samskipta ríkis og sveitarfélaga, og það er ástæða til að ætla, svo að bent sé t. d. á 15. gr. frv., að það sé til þess fallið, að dregið verði úr framkvæmdum sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka á þessu sviði. En slíkt hefur þó áreiðanlega ekki verið ætlunin, ef litið er á grg. frv. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að meðan tekjustofnum sveitarfélaga er svo komið sem nú er, þá tel ég ekki annað fært en að styðja þetta frv., vegna þess að sveitarfélögin í landinu eru þannig sett fjárhagslega, að þau geta ekki tekið á sig miklar kvaðir eða aukið mjög framkvæmdir á þessu sviði frá því sem nú er.

Þessi atriði vildi ég láta koma fram við 1. umr. þessa máls.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli nú vera komið til þessarar hv. deildar til fyrirgreiðslu og að meðferð þess í hv. Ed. skyldi í engu hafa breytt meginstefnu þess. Hér er um mjög merkilegt mál að ræða, og hafa margir beðið þess með óþreyju, að úr rættist í dagvistunarmálum fyrir börn, bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Þegar n. starfaði að undirbúningi þessa frv., varð hún vör við mikinn áhuga sveitarfélaga úti á landi og sannfærðist um, að þörfin væri ekki síður þar en hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hér er þá auðvitað um að ræða kaupstaði og sveitarfélög, þar sem atvinnulífi er svo háttað, að mjög mikið er undir því komið, að þau geti notfært sér vinnuafl kvenna á staðnum.

Hér við 1. umr. ætla ég ekki að tefja störf þessarar hv. deildar. Ég vil aðeins koma inn á þau atriði, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson nefndi hér áðan, þar sem hann fann að störfum þeirrar n., sem undirbjó þetta frv. Ég vil upplýsa það, og mig minnir, að það komi fram í grg., að n. skrifaði öllum sveitarfélögum, þar sem vitað var til, að dagheimili eða leikskólar væru starfandi, og bað þau um að veita ýmsar upplýsingar, sem gætu orðið n. leiðarljós. Svör bárust frá mörgum, sumir svöruðu hins vegar ekki. En það er rétt, að það kom fram í einstaka bréfi, að heppilegra væri, að sveitarfélög sæu ein um reksturinn, og ég vil, vegna þess, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson las áðan úr umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga, nota þetta tækifæri til þess að skýra að nokkru þau sjónarmið, sem vöktu fyrir n.

Hv. þm. sagði, að þetta væri mál, þar sem staðarþekking eða bein náin tengsl við almenning hlytu að ráða nánast öllu í ákvarðanatekt varðandi þessi mál. Ég fæ ekki séð, að þetta frv. taki í neinu frumkvæði af sveitarfélögum. Það eru sveitarfélögin sjálf, sem eiga að hafa frumkvæði að því að ákveða, hvort reisa skuli dagheimili og reka þau, og þau sækja síðan um styrk til ríkisins. Sveitarfélög geta líka gert þetta alveg upp á sitt eindæmi, ef þau vilja það og treysta sér til þess. Ég held að þessi afstaða Sambands íslenzkra sveitarfélaga byggist líka á grundvallarmisskilningi. Þegar menn telja dagvistunarmál til þeirra mála, þar sem sveitarfélögin eigi að ráða mestu um, þá eru menn að flokka dagvistunarheimili eingöngu til félagsmála. Ég vil benda hv. þm. á, að þetta frv. er lagt fram af hæstv. menntmrh. og málin heyra undir menntmrn., ekki félmrn. Þeir, sem starfa að þessum málum, leggja áherzlu á, að hér sé um menningarmál að ræða, ekki einvörðungu félagslega hjálp, sem eigi að bæta mönnum upp eitthvað, sem þeir hafi ekki, heldur þvert á móti er dagvistunarheimilum ætlað að aðstoða heimilin við uppeldi á menningarlegum grundvelli.

Ég vil enn fremur í lokin benda á, að styrkur ríkisins varðar fleira en sveitarfélög. Það er gert ráð fyrir því, að ríkið geti veitt bæði byggingar- og rekstrarstyrki til annarra aðila, svo sem starfsmannafélaga, húsfélaga, og það yrði því mjög miður farið, ef menn legðust gegn því, að ríkið legði þessum aðilum til rekstrarstyrki, þar

sem þeir hafa ella enga tryggingu fyrir því að fá slíkan styrk frá sínu sveitarfélagi.

Ég vil að lokum, herra forseti, undirstrika ánægju mína með það, að frv. skuli fram komið. Ég á sæti í þeirri n., sem mun fjalla um frv., og mun gjöra mitt til þess, að það fái mjög greiðan framgang hér í deildinni fyrir þinglok.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þarf að leiðrétta hv. 4. landsk. Ég var ekki að finna að störfum n., alls ekki. Ég var að finna að því, hvernig n. var skipuð. Það var ekki haft neitt samráð við sveitarfélögin í landinu, en hitt er mér kunnugt, að n. skrifaði sveitarfélögunum, og það er að sjálfsögðu þakkarvert. Þetta vildi ég leiðrétta.

Í sambandi við það, sem hv. þm. sagði, að afstaða Sambands íslenzkra sveitarfélaga byggðist á grundvallarmisskilningi, það vil ég ekki viðurkenna. Það hefur verið mótuð alveg ákveðin stefna hjá sveitarfélögunum varðandi verkefnaskiptinguna, og ég get ómögulega séð, að sú stefna þurfi að vera í andstöðu við þá stefnu, sem ég tel eðlilegt að væri hjá ríkisvaldinu. Ég nefndi hér áðan, að sveitarfélögin telja eðlilegt, að ríkisvaldið eitt hefði með höndum verkefni, sem vörðuðu alla landsmenn nokkurn veginn jafnt. Þetta verkefni verður ekki flokkað undir það, að það varði alla landsmenn jafnt. Það er fjöldi sveitarfélaga í landinu, og þá á ég að sjálfsögðu við sveitarhreppana, þar sem hvorki er þörf fyrir dagvistunarstofnanir né nokkur grundvöllur fyrir að reka þær. En með þessu framlagi ríkissjóðs taka íbúar þeirra sveitarfélaga að sjálfsögðu þátt í rekstri þessara heimila, sem eingöngu eru eða verða í þéttbýlum sveitarfélögum. Þannig sýnist mér, að þetta sé einmitt verkefni, sem fellur undir þá skoðun sveitarfélaganna í landinu, að það eigi að vera algerlega í höndum þeirra. Það er hins vegar grundvallaratriði, að þau hafi þá tekjustofna til þess að standa undir slíkum framkvæmdum.

Ég var ekki heldur að segja, að neitt frumkvæði væri tekið úr höndum sveitarfélaganna. Þau hafa það eftir sem áður. En ef þau ætla að njóta þessa styrks til byggingarframkvæmdanna, geta þau ekki hafið framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrn. Það fer svo eftir ákvörðun Alþ. hverju sinni, hversu mikið fé verður veitt á fjárlögum til þessara mála, og það var það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að þetta gæti orðið til þess að draga úr framkvæmdum.

Þá var einnig nefnt, að þessi styrkur ríkisins varðaði fleiri en sveitarfélögin, og það er alveg rétt, það gerir hann, og það þykir mér mjög gott ákvæði í þessu frv. En ég sé ekki, að það þurfi að verða nokkuð annað upp á teningnum, þótt ríkið taki ekki þátt í rekstrarkostnaðinum, heldur sveitarfélögin. Ég sé ekki annað en sveitarfélögin hlytu að styrkja slík heimili, þó að þau væru í eigu einkaaðila eða félagasamtaka. Ég sé ekkert á móti því, að sveitarfélögin styrktu slíkan rekstur, alveg eins og þau hljóta að greiða með þeim stofnunum, sem þau koma sjálf á fót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til menntmn. með 34 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, frv. (þskj. 170, n. 443, 465 og 468, 179, 192, 444). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 444,1 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JSk, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, GilsG.

JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, StefG, SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (JónasÁ, PP, PS, BK, GÞG) fjarstaddir, 2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Þm. Sjálfstfl. hafa mjög átalið meðferð þessa máls í þinginu og þingnefndarmönnum flokksins hefur verið synjað um upplýsingar, sem þeir telja nauðsynlegar og var eðlilegt að yrðu þeim í té látnar, til þess að við gætum haft heildarsýn yfir meðferð þessara mála og í fullum tengslum við það, sem fyrirhugað er og ráðgert er í sambandi við fjárlögin og fjárveitingar til opinberra framkvæmda. Þegar innt hefur verið eftir upplýsingum hér í umr. á þingi, hafa engin svör borizt. Með þessu móti hefur hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið gert í raun og veru ókleift að taka nokkurn þátt í afgreiðslu slíks máls með þeim hætti, sem það nú ber að höndum. Ég greiði því ekki atkv.

Bjarni Guðnason: Ég vil taka fram, að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti þeim framkvæmdum, sem eru ráðgerðar í þessu frv., síður en svo. Hins vegar virðist mér framkvæmdaáætlun þessi vera í mótsögn við þá stefnu að lækka útgjöld fjárlaga um 15%, enda liggur ekki fyrir neitt heildaryfirlit um stöðu fjárfestingarsjóða, hvorki útlánafyrirætlanir þeirra né fjáröflun. Mikil atvinna er í landinu og jafnvel skortur á vinnuafli. Því væri ástæða til að koma á nokkru jafnvægi á vinnumarkaðnum með því að efna ekki til verulegra framkvæmda, eins og sakir standa, og þannig óbeint hamla á móti vaxandi verðbólgu og þenslu í þjóðfélaginu. Þess vegna mun ég sitja hjá við atkvgr. um þetta frv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HES, HV, JJ, JSk, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, GilsG.

IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, StefG, SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG greiddu ekki atkv.

6 þm. (JónasÁ, PP, PS, BK, GTh, GÞG) fjarstaddir.

2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, JSk, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, GilsG.
IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, StefG, SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG greiddu ekki atkv.
6 þm. (JónasÁ, PP, PS, BK, GTh, GÞG) fjarstaddir.
Brtt. 444,2 (ný 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, KP, LJós, MK, GilsG.
ÓE, PJ, StefG, SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM greiddu ekki atkv.
6 þm. (PP, PS, BK, GTh, GÞG, JónasÁ) fjarstaddir.
8.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, KP, LJós, GilsG.
MB, MÁM, ÓE, StefG, SvH, BGr, BGuðn, FÞ, GuðlG, GunnG, IngJ, JóhH, LárJ greiddu ekki atkv.
8 þm. (PJ, PP, PS, BK, EBS, GTh, GÞG, JónasÁ) fjarstaddir.
Brtt. 179 og 192 teknar aftur til 3. umr.
Brtt. 444,3 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HES, HV, JJ, JSk, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, GilsG.
IngJ, JóhH, LárJ, MB, ÓE, SvH, BGr, BGuðn, FÞ, GuðlG, GunnG greiddu ekki atkv.
10 þm. (GÞG, JónasÁ, MÁM, PJ, PP, PS, BK, StefG, EBS, GTh) fjarstaddir.
10. gr., svo breytt, og 11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, GíslG, HES, HV, JJ, JSk, KP, LJós, MK, ÓlJ, SV, SvJ, GilsG.
SvH, BGr, BGuðn, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, ÓE, StefG greiddu ekki atkv.
8 þm. (EBS, GÞG, JónasÁ, MÁM, PJ, PP, PS, BK) fjarstaddir.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, að loknum 75. fundi.

Dómari og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, frv. (þskj. 131). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 524).

Skólakostnaður, frv. (þskj. 189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 519). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 306). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 525).

Loðna til bræðslu, frv. (þskj. 376). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KP, LárJ, LJós, MB, ÓE, ÓlJ, PS, SV, SvJ, SvH, VH, ÞÞ, ÁÞ, EðS, EystJ, FÞ, GuðlG, GunnG, JJ, GilsG.
EBS greiddi ekki atkv.
19 þm. (JSk, JónasÁ, MK, MÁM, PJ, PP, BK, StefG, BGr, BGuðn, BP, GS, GíslG, GTh, GÞG, HES, HV, IngJ, JóhH) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

Lögreglustjóri í Hafnarhreppi í A-Skaftafellssýslu, frv. (þskj. 337). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 527).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 377 (sbr. 351)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 528).

Efri deild, 83. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 73, n. 483, 502, 517). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 502 tekin aftur til 3. umr.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 517 samþ. með 16 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 520 (sbr. 177)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta var samið af n., sem þáv. heilbr.- og trmrh. Eggert G. Þorsteinsson skipaði í febrúarmánuði 1970. Formaður n. var Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, en aðrir nefndarmenn voru þeir tryggingastærðfræðingarnir Bjarni Þórðarson og Jón Erlingur Þorláksson, en þessi n. skilaði síðan áliti í ágústmánuði 1971. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginstofni til samhljóða upphaflegum till. þessarar n., en auk þess var leitað til tveggja tryggingastærðfræðinga í viðbót, Guðmundar Guðmundssonar og Erlendar Lárussonar, sem gerðu nokkrar athugasemdir við frv. Enn fremur hafa komið till. frá ýmsum aðilum, þ. á m. frá sambandi vátryggingafélaga, sem tekið hefur verið tillit til við þessa endanlegu gerð frv., en auk þess voru gerðar á því nokkrar minni háttar breytingar í Nd.

Um vátryggingarstarfsemi á Íslandi er fyrst og fremst fjallað í l. um ábyrgðarfélög, nr. 62 frá 1913, en einnig í l. nr. 17 frá 1964, en þar er rætt um ávöxtun fjár tryggingarfélaga. Þá er komið inn á vátryggingarfélög í umferðarl., nr. 40 frá 1968. Lögin frá 1913 eru algerlega úrelt og gegna að sjálfsögðu ekki lengur hlutverki sínu, enda eru þau orðin 60 ára gömul. Það hefur því verið brýnt um alllangt skeið að endurskoða þau lög eða réttara sagt að semja að nýju lög um vátryggingarstarfsemi út af fyrir sig.

Vátryggingarstarfsemi skiptir mjög miklu máli í nútímaþjóðfélagi og það er mjög mikils virði, að slík starfsemi sé rekin á heilbrigðum grundvelli og í senn sé gætt hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Nauðsynlegt er, að stjórnarvöld taki að sér að hafa nauðsynlegt eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga, og það verður að búa þannig um hnútana, að slíkt eftirlit verði raunverulegt, en ekki pappírsgagn. Hér er í mörgum tilvikum um mjög mikla fjármuni að tefla, og vátryggingartakar hafa yfirleitt enga aðstöðu til að meta sjálfir fjárhagsgetu þeirra vátryggingarfélaga, sem þeir ætla að skipta við. Það verður því að vera ríkisvaldið, sem tryggir þegnunum það, að vátryggingarfélag, sem heimild hefur til að selja vátryggingar, sé fært um að standa við skuldbindingar sínar, hvenær sem á þær reynir.

Eins og nærri má geta, hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda, þegar þetta frv. var samið, en löggjöf Norðurlanda stendur á gömlum merg og hefur auk þess verið endurskoðuð nýlega. Þar hafa verið uppi mjög nútímalegar hugmyndir um tryggingarstarfsemi og eftirlit með henni. Í þessu frv. hefur verið tekið mið af norrænum lögum um þetta efni og það sjónarmið hefur verið mjög ríkjandi, að sá, sem tryggður er, skuli jafnan eiga rétt á hagkvæmri vátryggingu gegn réttlátu iðgjaldi. Hið félagslega hlutverk vátryggingarstarfseminnar hefur þannig verið látið sitja í fyrirrúmi, en öll vátryggingarstarfsemi af þessu tagi er auðvitað félagslegt fyrirbæri, hvernig svo sem rekstrarformi einstakra vátryggingarfélaga kann að vera háttað.

Eins og ég sagði áðan eru l. frá 1913 afar ófullkomin, og kemur hvort tveggja til, að í þau vantar mörg og mikilvæg ákvæði, sem þurfa að vera í nútímalögum, og eins eru þau ákvæði, sem í l. eru, lítils virði í dag. Þessi lög eru aðeins 5 efnisgreinar og taka samtals rétt rúmlega hálfa blaðsíðu í lagasafninu.

Yfirleitt má segja það um félagsrétt okkar Íslendinga, að hann er mjög ófullkominn. Um marga þætti hans skortir algerlega lagaákvæði, og í staðinn hefur orðið að styðjast við venjurétt og hefð. Um ýmsa aðra þætti gilda úrelt lög, svo sem lög um hlutafélög.

Frv. þetta um vátryggingarstarfsemi skiptist í 5 kafla. I. kaflinn er um gildissvið vátryggingarstarfsemi o. fl., II. kafli er um vátryggingarfélög, III. um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga, IV. um eftirlit með vátryggingarfélögum, og loks er kafli um vátryggingarfélög, sem starfa við gildistöku þessara laga, hverning beri að bregðast við gagnvart þeim. Ég mun nú í mjög stuttu máli rekja efnisatriði hvers kafla um sig, án þess þó að gera teljandi samanburð við gildandi lög og venjur.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að l. taki til allrar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli, jafnt frumtryggingar, sem end-

urtryggingar. Hins vegar er ekki ætlazt til þess, að þessi lög taki til eftirlaunasjóða, lífeyrissjóða og sjúkrasjóða. Tryggingastofnun ríkisins og hliðstæðar stofnanir falla ekki heldur undir lög þessi, nema að því leyti sem starfsemi þeirra kann að vera rekin á viðskiptagrundvelli, svo sem frjálsar tryggingar Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar taka l. til þeirra vátryggingarfélaga hér á landi, sem rekin eru samkv. sérlögum og njóta jafnvel að sumu leyti einkaréttar til ákveðinna trygginga. Þetta á t. d. við um Brunabótafélag Íslands, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Íslenzka endurtryggingu og Húsatryggingu Reykjavíkurborgar, en öll þessi félög eru rekin samkv. sérlögum. Þarna fer fram vátryggingarstarfsemi á viðskiptagrundvelli, sem fellur undir þetta frv. Í þessum kafla er kveðið á um það, að þeir einir megi reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, sem annaðhvort hafa fengið til þess tilskilin leyfi eða starfað samkv. sérlögum. Í 4. gr. er sérstakt ákvæði, sniðið eftir erlendum l., sem segir, að líftryggingar megi ekki reka með öðrum tegundum vátryggingarstarfsemi. Algengt er nú, að vátryggingarfélögin reki samtímis almenna vátryggingarstarfsemi og líftryggingarstarfsemi. En líftryggingar eru þannig skipulagðar, að ætlazt er til þess í flestum tilvikum, að vátryggingarsamningurinn gildi um langan tíma og vátryggingarfélagið leggi til hliðar verulegt fé um langan tíma til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Venjulegar skaðatryggingar gilda hins vegar yfirleitt um skamman tíma eða unz ákveðið atvik hefur gerzt eða ekki gerzt á ákveðnu tímabili.

Í kaflanum um vátryggingarfélög er fjallað sérstaklega um hlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög og erlend vátryggingarfélög. Svo eru þar almenn ákvæði, og sérstök ákvæði um líftryggingarfélög.

Vert er að vekja athygli á því nýja ákvæði, sem felst í 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að stofnendur hlutafélaga geti bæði verið menn og félagssamtök. Innborgað fé slíkra vátryggingarfélaga skal nema a. m. k. 20 millj. kr. Þó er gert ráð fyrir því, að hlutafé þurfi ekki að vera nema 10 millj. kr., ef um líftryggingar er að ræða. Þá er í þessari gr. nýmæli, sem ég tel miklu máli skipta. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu tryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt tekið fram, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.“ Hér er um að ræða nýmæli, sem ég tel ákaflega mikilvægt, og þetta er í samræmi við ákvæði laga annars staðar á Norðurlöndum. Er þar raunar fastar kveðið á um þetta atriði en gert er í þessu frv.

Um gagnkvæm vátryggingarfélög gilda að nokkru leyti aðrar reglur en um hlutafélög. Í frv. er lagt til, að stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags skuli nema hið minnsta 10 millj. kr., en 5 millj. kr., ef um líftryggingarfélag er að ræða, og það megi ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingaráðh. Einnig er þar um að ræða sams konar ákvæði og ég gat um áðan um fulltrúa hinna tryggðu.

Um erlend vátryggingarfélög er það að segja, að þótt 8 slík félög séu á firmaskrá hér á landi, er talið, að a. m. k. 4 þeirra reki svo til enga starfsemi hérlendis, og starfsemi annarra hefur mjög dregizt saman á síðustu árum. Samt sem áður er nauðsynlegt að hafa í lögum sem þessum skýr ákvæði um erlend vátryggingarfélög, skyldur þeirra og réttindi hér á landi, og því fjallar einn undirkafli í II. kafla um þessi félög. Á öllum Norðurlöndunum eru strangari ákvæði um erlend en innlend vátryggingarfélög, og svo er einnig í þessu frv. Þannig er leyfi til erlends félags til vátryggingarstarfsemi hér á landi háð því skilyrði, að viðkomandi félag hafi rekið slíka starfsemi í heimalandi sínu í a. m. k. 5 ár. Erlent félag skal árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi a. m. k. 10 millj. kr. Auk þess eiga ýmis almenn ákvæði frv. að sjálfsögðu við erlend vátryggingarfélög ekki síður en þau innlendu.

Í kaflanum um almenn ákvæði eru ítarlegar reglur um það, hvernig ársreikningar eiga að vera úr garði gerðir, svo að samræmi myndist og samanburður náist milli félaga.

Í kaflanum um líftryggingarfélög er nánar rætt um sérstöðu líftryggingarfélaga og kveðið nánar á um, hvaða gögnum þau skuli skila eftirliti og rn. á hverjum tíma. Kveðið er á um það, að hvert tryggingarfélag skuli hafa í þjónustu sinni tryggingastærðfræðing, sem er gerður ábyrgur fyrir því, að félag það, sem hann veitir þjónustu, fari eftir tilskildum reiknigrundvelli iðgjalda og reglum um iðgjaldasjóð og ágóðaúthlutun. Þá eru í þessum kafla nákvæmar reglur um það, hvernig líftryggingasjóð skuli ávaxta. Reglur þessar eru í öllum aðalatriðum í samræmi við reglur núgildandi l. frá 1964 um þetta efni. Þó eru gerðar á þessu nokkrar breytingar í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á fjármálum og verðmætamati hér á landi, síðan fyrrnefnd lög voru sett.

Á vegum félmrn. áður og nú trmrn. hefur verið gerð tilraun til að fylgjast með ávöxtun fjár tryggingarfélaga, svo sem lögin frá 1964 gerðu ráð fyrir. Þetta eftirlit hefur þó ekki náð tilætluðum árangri, m. a. vegna þess, að reikningar félaganna eru mjög mismunandi úr garði gerðir, samkvæmt mismunandi kerfum og erfitt að gera sér grein fyrir því, hvaða liðir eru sambærilegir og hvaða liðir ekki.

Þá eru í þessum kafla ítarleg ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef skipa þarf skilastjórn í líftryggingarfélagi. Verði líftryggingarfélag gjaldþrota, eru ákvæði um það, að líftryggingasjóður skuli ekki teljast með eignum félagsins né heldur skuli líftryggingaskuldbindingar þess teljast með skuldum. Skal líftryggingasjóður hins vegar rekinn áfram með þeim skuldbindingum, sem á honum hvíla, og þeim eignum, sem hann á, og hann gerður upp sem slíkur.

Í III. kafla frv. er fjallað um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga. Þar er kveðið á um, að halda skuli skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi, og að slík skrá skuli vera á vegum trmrh. Í 33. gr. er ákvæði, sem vert er að vekja sérstaka athygli á, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfseminnar í landinu eða til hagsbóta fyrir tryggingartaka og vátryggða, getur trmrh. neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.“ Í þessu ákvæði felst heimild fyrir ráðh. til að setja skorður við því, að upp spretti grúi smárra félaga, sem hafa í raun og veru ekkert nýtt til málanna að leggja og gera ekkert annað en að auka á tilkostnað í allri vátryggingarstarfsemi í landinu, en fyrirbæri af því tagi þekkja menn afar vel frá síðustu áratugum.

Í 36. gr., lokagr. III. kafla, er ákvæði um það, að birta skuli árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um öll félög, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi.

Í IV. kafla frv. eru mikilvæg ákvæði að minni hyggju, en þau fjalla um eftirlit með vátryggingarfélögum. Í tryggingaeftirliti þessu skulu sitja 3 menn og sé einn lögfræðingur, annar tryggingastærðfræðingur og einn þeirra skipaður formaður eftirlitsins. Gert er ráð fyrir, að eftilitið hafi með höndum itarlega gagnasöfnun og birti árlega skýrslu um starfsemi sína opinberlega. Ákvæði þessa kafla eru mjög í samræmi við ákvæði allra norrænu laganna um vátryggingarstarfsemi, og gengur þetta frv. sízt lengra en þau gera. Einn mikilvægasti hlekkurinn í upplýsingum um starfsemi og stöðu vátryggingarfélaga eru áætlanir fyrir áföllnum, en ógreiddum tjónum, tala, sem oft er kölluð tjónavarasjóður. Norrænu lögin hafa forvitnileg ákvæði í þessu efni, einkum þau finnsku, en þar er gengið svo langt að ákveða tryggingastærðfræðilega, hversu háar þessar áætlanir skuli vera, til þess að vátryggingarfélagið geti örugglega staðið við skuldbindingar sínar við tjónþola. Hér á landi eru slíkir útreikningar naumast tímabærir enn þá, en þeir geta orðið það síðar, ef tryggingaeftirlitinu er fengin heimild til þess að segja til um það, hvernig skýrslur um þetta efni skuli gerðar.

Í 40. gr. er gert ráð fyrir því, að tryggingaeftirlitið kanni innihald skilmála vátryggingarfélaga. Tryggingaeftirlitið á einnig að fylgjast með iðgjöldum og iðgjaldagrundvelli. Því ber að athuga, hvort iðgjöld vátrygginga eru í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins. Um þetta atriði eru bein ákvæði í nýlegum sænskum lögum, og þau voru þarna höfð til fyrirmyndar. Danir hafa hins vegar farið þá leið, að þeir settu á fót með lögum rannsóknarnefnd, en hlutverk hennar var að kanna allan rekstur vátryggingarstarfsemi í landinu og hvort hann færi fram með óeðlilega miklum tilkostnaði.

Eitt aðalhlutverk tryggingaeftirlitsins er þó að kanna fjárhag vátryggingarfélaga, þ. e. a. s. hvort félag eigi nægilegar eignir fyrir skuldbindingum sínum og hvort það eigi nægilegt fé til rekstrar sins. Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð skuli nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun fari fram hjá tryggingaeftirlitinu.

Í þessum kafla er einnig ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef ráðh. neyðist til þess að afturkalla starfsleyfi vátryggingarfélags. Skal hann þá skipa þriggja manna skilastjórn í félagið, sem tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir stjórnarinnar.

Í niðurlagsgrein þessa kafla er ákvæði um kostnað af rekstri tryggingaeftirlitsins og hvernig hann skuli borinn uppi. Gert er ráð fyrir því að gera megi vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingaiðgjöldum og 0.6‰ af beinum endurtryggingaiðgjöldum til að standa straum af þessum eftirlitskostnaði, og er talið, að þá muni endar ná saman.

Í V. og síðasta kafla frv. er fjallað um vátryggingarfélög þau, sem starfa við gildistöku laga þessara. Ákvæði þessa kafla hniga öll í þá átt að gera vátryggingarfélögunum sem auðveldast að laga sig að þeim lögum, sem hér er verið að setja. Þannig er gert ráð fyrir því, að þau félög, sem óska að starfa áfram, skuli senda umsókn um starfsleyfi og skráningu í vátryggingarfélagaskrá til ráðh. innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna. Komi í ljós, að hlutafé vátryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags sé lægra en gert er ráð fyrir í frv., en tryggingaeftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, er ráðh. heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Eins er ráðh. heimilt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja um leið þau skilyrði, að hlutafé eða stofnfé skuli aukið upp að lögboðnu lágmarki innan ákveðins tíma, og má sá frestur nema allt að 5 árum.

Ég hef nú í stuttu máli rakið aðalatriði þessa frv. En rétt er að geta þess, að við 3. umr. frv. í gær í Nd. var ákveðið, að lögin í heild öðluðust gildi 1. jan. 1974, en sett voru svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta: „Til undirbúnings framkvæmdar laganna skipar trmrh. 3 menn í n., og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og í 2. mgr. 38. gr. greinir.“ Þarna er vísað í þá gr., sem fjallar um tryggingaeftirlitið, og felst það þá raunar í þessu, að tryggingaeftirlitinu verði komið á laggirnar nú þegar, en að það fái það verkefni fram að næstu áramótum að undirbúa framkvæmd þessara laga. Tel ég, að hér sé skynsamlega að farið, því að að sjálfsögðu munu vátryggingarfélögin þurfa að hafa þó nokkurn umþóttunartíma til að geta hagað starfsemi sinni í samræmi við ákvæði þessa frv., ef að lögum verður.

Um þetta mál tókst ágæt samstaða í þeirri n., sem um það fjallaði í Nd. og í d. sjálfri, og vona ég, að svo verði einnig hér í hv. Ed. Mér væri það mikið kappsmál, að frv. þetta gæti orðið að lögum á þessu þingi, þótt áliðið sé, en þar sem ekki hafa komið fram nein meiri háttar ágreiningsefni í sambandi við það, vona ég, að svo geti orðið.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til hv. heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 489). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Búfjárræktarlög, frv. (þskj. 518 (sbr. 77)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 541).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 519). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 543).

Skólakostnaður, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 189 er borið fram til þess að breyta ákvæðum 14. gr. l. um skólakostnað, nr. 49 frá 1967, til samræmis við þá starfshætti, sem ríkt hafa allt frá því að þau lög tóku gildi, en eru ekki í samræmi við bókstaf laganna. Í skólakostnaðarl. er það tímabil, sem fjárveitingar til stofnkostnaðar skólamannvirkja skal miða við, ákvarðað 3 ár að hámarki. En þegar árið 1968 voru gefin út brbl., sem kváðu svo á, að greiðslutímabilið skyldi vera 4 ár, að því er varðaði árið 1969. Síðan hefur þessari fjögurra ára reglu verið fylgt stöðugt þrátt fyrir þriggja ára ákvæðið í 14. gr. laganna. Að fenginni reynslu þykir einsýnt, að hvorki ríkissjóður né sveitarsjóðir geti með góðu móti risið undir örari framkvæmdum en átt hafa sér stað, og því þykir rétt að breyta lagaákvæðinu til samræmis við fengna reynslu.

Í 2. gr. frv. er ákvæði til bráðabirgða, sem stafar af því, að á fjárhagsárinu 1973 hefðu samkv. fjögurra ára reglunni átt að koma til greiðslu framlög til nokkurra dýrra skólabygginga hærri en svo, að fært þætti að ljúka þeim á því ári. Er því í 2. gr. ákvæði um að þessum sérstöku framlögum til mjög dýrra byggingarframkvæmda megi skipta á árinu 1973 og 1974.

Loks hefur verið í dag lögð fram brtt. við þetta frv., sem ég ber fram. Ég veit ekki einu sinni, hvort henni hefur verið útbýtt enn þá, og vil ég því leyfa mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta. Hún er á þá leið, að á undan 1. gr., sem nú er í frv., komi ný gr., sem hljóði svo:

„Við síðustu mgr. 6. gr. l. bætist: Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir l. um framkvæmd eignarnáms".

6. gr. l. um skólakostnað fjallar um hlutverk sveitarstjórna við undirbúning skólamannvirkja, um ráðningu sérfræðinga og framkvæmd verka. Síðasta mgr. þessarar 6. gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja, sem lög þessi ná til". Í beinu framhaldi af þessu kæmi síðan sú brtt., sem ég ber fram, og fjallar hún um það, að þegar ekki næst samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirkin, sé heimilt að taka landið eignarnámi. Sem betur fer, hefur að jafnaði gengið skaplega að afla lands undir skólamannvirki, en mér hefur verið tjáð, að upp hafi komið a. m. k. eitt tilvik, þar sem ekki hafi náðst samningar við landeigendur, og þar sem slíkt getur auðvitað átt sér stað víðar, þó að vonandi verði það sem sjaldnast, þá hef ég talið rétt, að inn í skólakostnaðarl. komi eignarnámsheimildarákvæði, en slíkt eignarnám færi auðvitað fram samkv. hinum almennu eignarnámslögum. Ef þetta ákvæði væri ekki, þyrfti, ef til eignarnáms kæmi, að setja um það sérstök lög í hverju tilviki. En þar sem um er að ræða framkvæmdir, sem þurfa að geta gengið sem skrykkjaminnst og tafaminnst, hefur verið talið rétt að taka upp almennt eignarnámsákvæði í skólakostnaðarlögin.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 366, 513). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 513 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Fjölbrautaskóli, frv. (þskj. 398). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 545).

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 327). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 546).

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368, n. 497). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. leggur til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Happdrætti háskólans, frv. (þskj. 455, n. 498). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 130, n. 466) — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til laga um fangelsi og vinnuhæli allítarlega á mörgum fundum. Hún hefur leitað umsagna um það og boðað til sín aðila, sem að fangelsismálum starfa, og heyrt álit þeirra á frv. Á grundvelli alls þessa hefur n. mótað þær brtt., sem hún flytur við frv. og birtar eru á þskj. 466.

Með lagafrv. þessu er lagt til, að sameinuð séu í ein lög, núgildandi lög um fangelsi og vinnuhæli, nr. 18 frá 1961, og lög um félagsfangelsi, nr. 21 frá 1961, annars vegar, og hins vegar, að þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri héraðsfangelsa sé felld niður, en ríkið taki þann kostnað á sig. Er sú breyting í samræmi við samþykkt laga um lögreglumenn, nr. 56 frá 1972, en með samþykkt þeirra laga tók ríkið að sér alla löggæzlustarfsemi í landinu. Um þetta síðarnefnda atriði urðu ekki miklar umr., svo sjálfsagt sem það var. Allar umr. n. snerust hins vegar um fyrra atriðið, þ. e. a. s., hvort rétt væri þrátt fyrir fáein nýmæli, sem í frv. eru, að halda núgildandi lögum um ríkisfangelsi og vinnuhæli svo til óbreyttum og vinna áfram að þessum málum eftir þeirri stefnu, sem þar er lýst, eða hvort sveigja ætti frv. í átt til ýmissa nýrri viðhorfa, sem gætir í rekstri á fangelsismálum, eftir því sem við yrði komið. N. tók síðari kostinn, og miða allar brtt. hennar eða flestar þeirra í þá átt, enda voru umsagnir og álit sérfróðra aðila svo einróma í afstöðu sinni til ýmissa þátta frv., að ógerningur hefði verið að taka það ekki til greina.

N. bárust umsagnir frá allmörgum aðilum. Samband íslenzkra sveitarfélaga mælir með þeim þætti, sem lýtur að verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, en tekur ekki afstöðu til þeirrar stefnu í fangelsismálum, sem í frv. felst. Þá bárust umsagnir frá félagasamtökunum Vernd, Barnaverndarráði Íslands, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Hildigunni Ólafsdóttur afbrotafræðingi. Þau, sem mættu á fundum n. voru Hildigunnur Ólafsdóttir, Óskar Clausen, sem starfrækt hefur Fangahjálpina, og séra Jón Bjarman fangelsisprestur. Það atriði frv., sem var öllum þessum aðilum mestur þyrnir í augum, er bygging ríkisfangelsis, sem rúma skuli eigi færri en 100 fanga. Slíkt stórhýsi vildu menn ekki sjá rísa hér, en telja smærri eða fámennari vinnuhæli eða fangelsiseiningar bæði mannúðlegri og heppilegri.

Svo sem fram kom í framsögurræðu hæstv. dómsmrh., er hann mælti fyrir frv., hafa þegar verið gerðar frumteikningar að slíku fangelsi, sem rísa átti í Úlfarsárlandi undir Úlfarsfelli. En frekari undirbúningsvinna mun þó ekki hafa verið unnin.

1. brtt. n. miðar að því að koma í veg fyrir, að þetta stórhýsi rísi af grunni. N. leggur því til, að síðasti málsl. 3. gr. orðist svo: „Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrareiningar". Og í samræmi við þetta sjónarmið, að fangelsi og vinnuhæli skuli vera smærri og þar af leiðandi kannske fleiri, var eðlilegt að breyta 1. málsl. 3. gr. með tilliti til staðarvals. Fleiri staðir hljóta þar af leiðandi að koma til greina, og því þótti n. eðlilegra, að það yrði lagt á vald ráðherra að ákvarða staðinn hverju sinni.

Þá kom fram andstaða gegn deildaskiptingu ríkisfangelsis, en þar eru sérfróðir menn ekki að öllu leyti sammála. Ef litið er á 2. og 3. gr. frv., sést, að flokka- og deildaskipting ræðst af þrennu: 1) Tegund afbrota eða afbrotamanna. 2) Aldri þeirra. 3) Kynferði. Í umsögn Hildigunnar Ólafsdóttur kom fram, að sú deildaskipting, sem fram kemur í frv. og byggð er á svonefndri meðferðarstefnu, hafi sætt rökstuddri gagnrýni í nágrannalöndum okkar og þyki ekki hafa gefizt sem skyldi. Þá er hún þeirrar skoðunar, að flokkun fanga eftir aldri orki tvímælis. Hér eru þó aðrir aðilar á annarri skoðun, og hefur n. því ekki treyst sér til að gera till. til breytinga á frv. hvað þetta snertir. Ég nefni þetta hér bæði til þess að gagnrýna, að enginn þeirra aðila, sem að fangelsismálum eða málefnum fanga starfa, var kvaddur til aðstoðar, þegar frv. var samið, og jafnframt til þess að vekja athygli á, að þörf er á því að vinna gagngert að mótun refsistefnu, áður en mörg fangahús eru reist, sem munu kannske verka sem hemill á stefnubreytinguna í þessum málum í framtíðinni. En umr. um þessi mál hljóta að aukast hér ekki síður en í nágrannalöndum okkar.

Aðilar voru hins vegar sammála um, að skipting eftir kynferði væri röng. N. gerir till. um, að orðið „kvennafangelsi" í 2. málsl. 3. gr. falli brott. Hér ætti kannske að nægja að vísa til hagkvæmnisjónarmiða. Konur, sem afplána refsidóma, eru ekki það margar, að ástæða sé til að reisa tvær byggingar af hverri tegund. Hitt verður ekki heldur séð, hvers vegna fangar af báðum kynjum geti ekki starfað saman á daginn, notið sömu starfs- og tómstundaaðstöðu. Slíkt ætti að geta stuðlað að eðlilegra andrúmslofti innan fangelsisveggjanna.

5. brtt. n. er flutt til samræmis við þessa.

Aðrar brtt. n. miða að því að leggja meiri áherzlu á félagslega hjálp við fanga og vandamenn þeirra. 2. brtt. n. fjallar um launagreiðslur til fanga, og er þar lagt til, að við ákvörðun launa skuli miða við launagreiðslur á almennum vinnumarkaði, auk arðsemi vinnunnar. Lagt er til, að ákveðinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, sem skuli annað hvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Er þessi brtt. byggð á beinni till. frá félagssamtökunum Vernd og samkvæmt ábendingum annarra aðila, en flestir fordæma auðvitað þá meðferð, sem nú tíðkast, að fangar séu sendir út í lífið eftir afplánun refsidóms nánast allslausir og geti í mörgum tilfellum hvorki keypt sér máltíð né greitt húsnæði.

Þá leggur n. til, að kveðið sé skýrar á um menntunarkröfur til þeirra, er veita fangastofnunum forstöðu. Leggur hún til, að 2. málsl. 11. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál". Þessi brtt. þarf varla nánari skýringa við.

Þá leggur n. til breytingu á 14. gr. frv., að hún orðist svo sem hér segir á þskj. 466. Meginbreytingin þar er á þá lund, að skylt verði að starfrækja stofnun til umsjónar og eftirlits með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsum með skilyrðum, en frv. gerir aðeins ráð fyrir heimild. N. var sammála um, að þessi stofnun væri í raun og veru aðalatriði málsins og ef meiri áherzla væri lögð á starfrækslu hennar, væri e. t. v. ekki þörf á fleiri fangarýmum en nú eru á Íslandi.

Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að allar þessar brtt. séu í anda þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði í framsöguræðu sinni, en þar kom skýrt fram, að hann telur frelsissviptingu ekki mannbætandi og beri að reyna allar aðrar leiðir fyrst.

Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 466, er allshn. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef nú gert grein fyrir. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið athugað allítarlega í allshn. Ég vil segja það, að þetta frv. er samið af starfsmönnum dómsmrn., og ég hygg, með fullri virðingu fyrir öðrum aðilum, sem koma nálægt þessum málum, að aðrir hafi ekki meiri alhliða þekkingu á og reynslu af þeim en þeir ráðuneytisstarfsmenn, sem fyrst og fremst fást við þessi mál. Það eru þarna nokkrar brtt. við frv. Það mætti sjálfsagt sitthvað segja um þær og um þessi mál almennt, en ég vil aðeins segja það, að ég fellst á þessar brtt. og mun ekki ræða þetta mál frekar nú vegna þess, að ef kostur á að verða á því að koma þessu máli í gegn á þessu þingi, þarf að hraða því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 466,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 466,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 466,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 466,4 (ný 14. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 466,5 samþ. með 27 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Námsflokkar, frv. (þskj. 98, n. 456). — 2. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. um greiðslukostnað við námsflokka var flutt af Braga Sigurjónssyni í þeim tilgangi að reyna að bæta aðstöðu til fullorðinsnáms hér á landi. Efni frv. er í stuttu máli það, að ríkið taki þátt í greiðslu kostnaðar við námsflokka, sem sveitarfélög annast og frjáls aðgangur er að, á svipaðan hátt og ríkið tekur þátt í skólakostnaði. Þar sem nú starfar á vegum ríkisstj. n., sem fjallar um fullorðinsfræðslu á víðtækum grundvelli, hefur orðið samkomulag um það í menntmn. að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að viðkomandi n. fái það til athugunar.

ATKVGR.
Till. á þskj. 456 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 118, n. 496). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. sendi þetta frv., eins og venja er, Landnámi ríkisins og jarðeignadeild ríkisins, til umsagnar. Umsagnir bárust, og voru báðar þessar stofnanir meðmæltar því, að frv. væri samþ. óbreytt. Á Höfðabrekku er ábúandi, og hefur n. borizt svo hljóðandi yfirlýsing frá honum:

„Hér með lýsi ég undirritaður því yfir, að ég neyti ekki forkaupsréttar að landi býlisins Höfðabrekku í Grýtubakkahreppi, sem byggt er í Svæðislandi, og er því samþykkur, að Grýtubakkahreppur fái keypt þetta land, enda breytist ekki leigusamningur minn á landi býlisins.

Stefán Árnason."

Landbn. er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt, en fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Benedikt Gröndal og Pálmi Jónsson.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér fyrri hönd okkar flm. að þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa frv. og vænti þess, að það nái fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, sem hér liggur fyrir, er samið af svokallaðri hegningarlaganefnd í samráði við utanrrn. og samgrn., og efni þess er að leggja refsiviðurlög við flugvélaránum og brotum í sambandi við þau.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér, að á undanförnum árum hefur oft skapazt hættuástand vegna ofbeldisaðgerða um borð í flugvélum, þegar menn hafa beitt þar ofbeldi eða hótunum um ofbeldi eða öðrum ólögmætum aðferðum til þess að komast yfir stjórn flugvélar. Tilgangurinn hefur verið ýmiss konar, eins og t. d. fjárkúgun, landflótti afbrotamanna o. s. frv. Á undanförnum árum hefur löggjöf margra ríkja verið breytt til þess að tryggja, að lögum verði örugglega komið yfir þá, sem slíka verknaði fremja, og sett hafa verið ákvæði um þung viðurlög. Alþjóðastofnanir hafa enn fremur látið þessi mál til sína taka, og hafa verið gerðir 3 alþjóðasamningar um þau málefni, sem kenndir eru við Tokió, Montreal og Haag. Tokió-samningurinn hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu, en til þess að unnt sé að fullgilda þá samninga, sem gerðir voru og kenndir eru við Haag og Montreal, er talið nauðsynlegt að gera þær breytingar á hegningarlögunum, sem lagt er til í þessu frv.

Með tilliti til þess, hve Ísland tekur mikinn þátt í flugsamgöngum og hve mikið af flugvélum fer hér um, er nauðsynlegt, að gerðar verði hér þær ráðstafanir, sem hægt er að gera til þess að koma í veg fyrir flugvélarán og til þess að geta refsað þeim, sem hingað kynnu að leita eftir að hafa framið slíkan verknað. Hafa fjölmörg alþjóðasamtök beint þeim tilmælum til allra ríkja, að þau staðfesti þessa samninga og lögfesti þung viðurlög við brotum, sem snert geta öryggi flugsamgangna. Hygg ég, að slík tilmæli hafi ekki hvað sízt komið frá ýmsum samtökum flugmanna.

Það er gerð ítarleg grein fyrir þessu frv. í grg., sem fylgir með því, og ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þess. Það kemur glöggt fram í þessum fáu gr., sem hér er um að ræða, og skal ég ekki fjölyrða frekar um það. Málið hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið afgreitt þar shlj.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háagerði, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 486). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem snertir þá framkvæmd á sveitarafvæðingu, sem nú er verið að ljúka á næstu árum og hefur verið og er ákaflega mikið átak. En þrátt fyrir þetta mikla átak verða sveitabýli eftir, sem ekki verður unnt að tengja við samveitur, og tilgangur þessa lagafrv. er sá einn að tryggja þeim bændum, sem búa utan þess svæðis, sem samveiturnar ná til, hagkvæmari lánskjör en þeir hafa haft til að koma upp hjá sér, hvort sem er mótorrafstöðvum eða vatnsvirkjunum. Ég vænti þess, að um þetta mál geti tekizt full samstaða og það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Heimilishjálp í viðlögum, frv. (þskj. 487). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum. Það er efnislega á þá leið, að hjálp megi einnig veita samkv. þeim lögum vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilunum forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins. Nú er 1. gr. í þessum lögum orðuð svo, að það orkaði tvímælis, hvort í rauninni hefði þurft þessa breytingu. Um hlutverk heimilishjálpar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum".

Af umr. hér á hv. Alþ. á sínum tíma er hins vegar enga vísbendingu að finna um, hvað átt

var við með „öðrum ástæðum", og eftir upplýsingum, sem ég hef aflað mér í félmrn. mun skilningur laganna ekki tryggja heimilishjálp samkv. þessum lögum, þegar börn eða aðrir, t.d. aldraðir, sem kunna að vera á framfæri heimilisins, veikjast og þurfa umönnunar við og húsráðendur eru bundnir af atvinnu sinni.

Þegar lögin um heimilishjálp í viðlögum voru sett, kom fram í umr. á Alþ., að slík hjálp ætti að tryggja, að heimilishættir röskuðust sem minnst, þótt húsmóðurinnar nyti ekki við um stundarsakir. Hún átti að tryggja, að börn, aldraðir og sjúklingar, sem á heimilinu væru, fengju eftir sem áður nauðsynlega umönnun, og hún átti að tryggja, að fyrirvinnan þyrfti ekki að leggja niður vinnu til að taka að sér heimilisstörfin. Móðir, sem sér sjálfri sér og börnum sínum farborða með starfi sínu utan heimilis, stendur oft frammi fyrir því að verða að biðja um leyfi frá störfum vegna veikinda barna sinna. Hún er oft af þeim ástæðum dæmdur lélegur vinnukraftur og býr af þeim sökum við skert atvinnuöryggi. Einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, fer einnig fjölgandi, og ætti réttur til heimilishjálpar einnig að standa þeim til boða, ef veikindi steðja að. Þörfin fyrir slíka hjálp er mjög brýn. Fyrir skömmu auglýsti Félag einstæðra foreldra eftir fólki til aðtoðar í þessu skyni, og buðu sig fram til starfans um það bil 10 konur, svo að skortur á fólki ætti ekki að þurfa að vera því til fyrirstöðu, að þessu sé komið á fót.

Það er skoðun mín, að tímabært sé að breyta lögum um heimilishjálp á þann veg, sem ég hef nú greint frá, og að óeðlilegt sé, að heimilishjálp sé ekki veitt án tillits til hjúskaparstéttar eða kynferðis fyrirvinnunnar.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs undir umr. um þetta mál s. l. fimmtudag vegna nokkurra ummæla, sem féllu af munni hæstv. félmrh., sem er því miður ekki staddur hér í dag. Hæstv. ráðherra sagði, að ég hefði flutt ádeilu á hæstv. ríkisstj., sem væri röng og ætti ekki stoð í veruleika. Tilefni þessara orða ráðherrans mun hafa verið það, að inn í þessar umr. var dregin af hæstv. forsrh. ein málsgrein úr málefnasamningi ríkisstj., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoða ber skiptingu verkefna og valds á milli ríkis og sveitarfélaga í því skyni að auka sjálfsforræði byggðarlaganna. Haft verði samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga og samtök sveitarfélaga í einstökum landshlutum um þessa endurskoðun. Stefnt verði að því, að ríkisstofnunum verði valinn staður úti um land meir en nú er gert".

Í ræðu minni um þetta mál hafði ég gert þær athugasemdir við störf hæstv. ríkisstj. á þessu sviði, að þau hefðu í ýmsum greinum gengið í þveröfuga átt við það, sem þarna er boðað. Og ég lýsti ánægju minni yfir þeim áréttingum, sem hæstv. forsrh. gerði í sínu máli á þessari grein málefnasamningsins og einnig þar sem hann lagði áherzlu á sem sína skoðun að fela þyrfti sveitarfélögunum aukin verkefni og þar með aukin fjárráð í framtíðinni. Ég taldi, að m. a. hefði verið breytt þvert gegn þessari skoðun við þær breytingar, sem gerðar voru á skattalögum og tekjustofnalögum á síðasta Alþ. Þar átti ég við, að nokkrir þættir, sem áður voru undir umsjá sveitarfélaganna, voru nú felldir undir verksvið ríkisvaldsins, t. d. löggæzla og hluti útgjalda til almannatrygginga. Þar með hefði einnig verið dregið úr þeim tekjustofnum, sem sveitarfélögin hefðu haft til þess að sinna þessum verkefnum. Hæstv. félmrh. kvað mig fara með rangt mál um þetta efni og sagði um það, að þetta hefði verið gert í samráði við sveitarfélögin og með þessu hefði sveitarfélögunum verið gerður sérstakur búhnykkur, eins og hann orðaði það, og allt hefði þetta verið að óskum sveitarfélaganna og væri þeim til hagsbóta. Hæstv. ráðherra flutti hér langan talnalista um það, hvað tekjur sveitarfélaganna hefðu hækkað milli áranna 1971 og 1972. Þessar tölur skal ég alls ekki rengja. Á það vil ég þó benda, að verðlag á milli þessara 2 ára hefur hækkað mjög mikið. Í annan stað taldist mér til eftir upplýsingum ráðherra, að tekjuaukning sveitarfélaganna á milli þessara tveggja ára hefði numið samtals um 436 millj. kr., þ. e. a. s. að hækkun á milli ára hefði verið um 13%. Á sama tíma er rétt að vekja athygli á því, að tekjur ríkisins, þ. e. fjármagnið, sem ríkið innheimtir af borgurunum, hækkar um það bil um 5 þús. millj. eða um 44—45%. Þetta sannar, svo að ekki verður um villzt, að hlutdeild ríkisins í tekjuöflun hins opinbera hefur stórlega vaxið. Og það er vitaskuld m. a. afleiðing af því, að verkefni sveitarfélaganna eru skert, en þau að sama skapi aukin hjá ríkisvaldinu. Þetta ætti að vera ljóst, og ég hefði óskað þess, að hæstv. félmrh. hefði verið hér til þess að ræða þessi mál frekar, ef hann hefði talið ástæðu til.

Ég skal ekki mæla á móti því, að sveitarfélögin hafi tekið því vel, að þessum þáttum úr verkefnum þeirra væri af þeim létt. En það hefur ævinlega verið um það rætt af forustumönnum sveitarfélaganna, að jafnframt því sem einstakir þættir hyrfu úr meðferð þeirra til ríkisins, þá væru þeim fengin ný verkefni, önnur verkefni til meðferðar, og tekjustofnar í samræmi við það. Það var þetta, sem ekki var gert við þessar breytingar á tekjustofna- og skattalögum, og það var þetta, sem ég átaldi hæstv. ríkisstj. fyrir, að hún hafði látið undir höfuð leggjast. Það hefur svo aftur fylgt þessu, að valdið skerðist hjá sveitarstjórnunum og hjá forustumönnum þeirra úti um land að sama skapi. Ég legg á það áherzlu, að það er þýðingarmesta atriðið í sambandi við tal manna um það að dreifa valdinu að fela sveitarfélögunum aukin verkefni til meðferðar og aukna tekjustofna og þar með aukna hlutdeild í fjáröflun hins opinbera, til þess að forsjá ákveð-

inna málaflokka sé í ríkari mæli til meðferðar hjá sveitarstjórnunum og í höndum fólksins sjálfs úti á landsbyggðinni. Þetta er áhrifaríkasta aðferðin til þess að dreifa valdinu í þjóðfélaginu og jafnframt sú einfaldasta, og ég fagna því, að hæstv. forsrh. skyldi telja ástæðu til þess, sem vissulega var ekki vanþörf á, að láta þessa skoðun einnig koma fram í sínu máli.

Ég skal ekki tefja þessa umr. með miklu lengra máli um þessi atriði. Það eru vitaskuld fjölmargir þættir, sem unnt er að ræða í löngu máli í sambandi við sveitarstjórnarlög, í sambandi við skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og skiptingu tekjustofna. Ég skal aðeins í framhaldi af því, sem rætt var um hér í síðustu viku, að ekki væri samstaða um það, að Fjórðungssamband Norðlendinga starfaði á sama grundvelli hér eftir sem hingað til eða hvort kljúfa skyldi sambandið í tvö landshlutasamtök, þá hef ég kynnt mér það nokkuð, bæði meðal þm. og forustumanna sveitarfélaga úr Norðlendingafjórðungi, og ég hygg, að það sé mjöð auðvelt að fá samstöðu um, að það verði opnuð heimild í þessu frv. fyrir því, að sveitarstjórnarmenn geti breytt þarna til, ef þeir vilja sjálfir. Sú brtt. kæmi væntanlega fram undir meðferð málsins í n. og ekki ástæða til þess *að flytja hana hér við 1. umr. En ég hygg, að* um þetta atriði megi takast alger samstaða hér á hv. Alþ., — samstaða, sem fulltrúar sveitarstjórnanna á Norðurlandi öllu geti sætt sig við. Þar með væri rutt úr vegi þeim þröskuldi, sem þetta atriði kynni að vera fyrir því, að málið fengi framgang á þessu þingi.

Það er ekkert launungarmál, sem og kom fram í máli mínu hér í síðustu viku, að ég tel það verulegu máli skipta, að frv. verði að lögum á yfirstandandi Alþ., og það kemur æ betur í ljós, hvern þunga sveitarstjórnarmenn víðs vegar af landinu vilja leggja á það, að afgreiðslu málsins ljúki á þessu þingi. Ég vil því vonast til þess, að þær úrtölur og sú mikla tregða, sem vart varð við hjá hveimur hæstv. ráðherrum við fyrri hluta þessarar umr., verði ekki til þess að svæfa þetta mál nú og drepa því á þá dreif, sem þeir gerðu ráð fyrir, þ. e. að afgreiða ekki þetta frv., fyrr en tekin hefðu verið til athugunar og endurskoðunar sveitarstjórnarlögin og skipting landsins í sveitarstjórnarumdæmi í heild og jafnframt skipting verkefna og tekjustofna á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er ærið verkefni, sem tími verður að gefast til að sinna á næsta Alþ. Þetta frv. er, eins og áður hefur verið sagt, aðeins staðfesting á því ástandi, sem þegar er orðið í myndun þessara umdæma, landshlutasamtakanna, það er mín skoðun, að það sé nauðsynlegt að veita þessari nýju umdæmaskipan stoð í lögum og þar með grundvöll að standa á.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það hefur gengið það illa að ljúka 1. umr. um þetta mál, að ég skal ekki verða til þess að tefja það meira að ráði og verð því stuttorður. En svo margt kom fram í ræðu hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. fyrir viku, að ég kemst ekki hjá því að gera nokkrar athugasemdir.

Ég sagði í ræðu minni á fimmtudaginn var, að það hefði verið unnið að því af ákveðnum aðilum að kljúfa Fjórðungssamband Norðlendinga og þessi klofningsstarfsemi hefði ekki átt upphaf sitt í hugum sveitarstjórnarmanna, heldur væru það aðrir, sem þar hefðu unnið að. Þetta, sem ég þarna sagði, fór eitthvað illa í hæstv. forsrh. og hv. 2. landsk. þm. og báðir gerðu hér kröfu til þess, að ég segði, hverjir það væru, sem að þessum klofningi hefðu unnið. Ég sé nú ekki ástæðu til að fara að gera mönnum það hátt undir höfði að koma nöfnum þeirra inn í þingtíðindi, enda þjónar það í sjálfu sér engum tilgangi. En ég sagði sem sagt, að það væru ákveðnir menn, sem hefðu að þessu unnið, aðrir en sveitarstjórnarmenn. Hæstv. forsrh. spyr: Hverjir eru þessir utanaðkomandi menn, eru þm. kannske utanaðkomandi? Ég veit ekki nema hæstv. forsrh. hafi með þessum orðum sínum svarað þessari spurningu sjálfur. Annars finnst mér fráleitt að vera að gera þetta atriði að einhverju höfuðdeilumáli í umr. um þetta frv., hvort samtökin verði tvö á Norðurlandi eða eitt samband áfram eins og hefur verið.

Það hefur verið talað um það og þ. á m. af hæstv. ráðh., að heimamenn eigi að ráða þessu. Ég get alveg á það fallizt, að heimamenn eigi að ráða þessu, og færi betur, ef hæstv. ráðh. breyttu eftir því í fleiri málum en þessu að leyfa heimamönnum að ráða. En hverjir eru þá þessir heimamenn, sem eiga að ráða? Eru það allir þeir, sem mynda núv. Fjórðungssamband *Norðlendinga, eða eru það eingöngu þeir, sem* eru í Norðurlandskjördæmi vestra? Mér þykir þarna vera spurning, sem þarf að fá svar við. Til þessa hafa engin lög bannað skiptingu á Fjórðungssambandi Norðlendinga. Þeir, sem að *því sambandi standa og hafa staðið, hafa auð*vitað getað allt til þessa skipt þessu sambandi í tvö. Ef á að koma fram með till. núna á hv. Alþ., þegar þetta frv. er til meðferðar, að samböndin verði tvö, þá er verið að þvinga þetta fram með lagasetningu, en ekki með vilja heimamanna, nema þá það verði kannað til hlítar áður. Ég minni á, sem ég gerði einnig hér um daginn, að það var einróma samþykkt áskorun á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir fáum dögum um, að þetta frv. færi óbreytt gegnum Alþ. Á þessum fulltrúaráðsfundi áttu sæti 3 fulltrúar úr Norðurlandskjördæmi vestra, og það heyrðist ekki eitt einasta orð, hvorki frá þeim né öðrum, um að skipta þessum samtökum.

Hv. 2. landsk. þm. nefndi í sinni ræðu, að ekkert hefði verið gert í áætlanagerð fyrir Norðurl. v., og mér skildist, að hann teldi það stafa af því, að það væri enginn aðili þar til þess að reka á eftir eða vinna verkið. Þetta hefur verið eitt af höfuðverkefnum landshlutasamtakanna, að vinna að áætlanagerð í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins, en samkv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins á hún að hafa ákveðið frumkvæði í þessum málum. Mér er ekki kunnugt um, hvað líður áætlanagerð á Norðurlandi vestra, en ég fékk svör við því í fyrirspurnatíma hér á Alþ. um daginn varðandi áætlanagerð fyrir Reykjaneskjördæmi, að það hefði ekkert verið gert, nákvæmlega ekkert, á

vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það, sem hefur verið gert, hefur verið unnið af landshlutasamtökunum. Ég hef ekki trú á því, að betur verði að þessum málum staðið á Norðurlandi, ef landshlutasamtökin verða tvö, frekar en ef þar er eitt samband eins og nú er. Ég held, að það sé alveg augljóst mál, að það er styrkara þannig. En ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Ég styð það að sjálfsögðu, að heimamenn ráði þessu, en mér kemur á óvart sá mikli áhugi, sem nú er allt í einu kominn upp á því að skipta þessu í tvö samtök.

Þá þarf ég að fara nokkrum orðum um hina einkennilegu ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti hér á fimmtudaginn. Mér þykir satt að segja furðulegt að heyra ráðh. sveitarstjórnarmála tala eins og hann gerði, ekki sízt þegar tillit er tekið til þess, að hann er jafnframt oddviti í sínum hreppi, og eftir því sem ég bezt veit, er hann líka sýslunefndarmaður. Samt talar hann af vanþekkingu. Hann taldi sig sem ráðh. sveitarstjórnarmála ekki eiga að hafa frumkvæði að málefni sem þessu, það eigi sveitarfélögin að hafa, og hann því alveg sammála því, að mál þetta, beri þannig að, að sveitarfélögin leggi málið fyrir, eins og gert er. Svo er það aftur annað mál, hvort honum þykir frv. ómögulegt. Hæstv. forsrh. segir hins vegar, að þess sé að gæta, að frv. sé samið af landshlutasamtökunum sjálfum og það sé ekki heppilegt að selja þeim sjálfdæmi, sem laganna eiga að njóta. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem eitt rekur sig á annars horn hjá hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj., en ég verð að segja það, að mér þykir skoðun hæstv. félmrh. geðfelldari, þ. e. a. s. að það sé eðlilegur aðdragandi þessa máls, að frv. sé samið af landshlutasamtökunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Hæstv. félmrh. setti það mjög fyrir sig, að frv. hefði ekki verið borið undir sýslunefndir, og virtist það vera a. m. k. í byrjun, ein höfuðástæðan fyrir því, að hann gæti ekki samþykkt frv. á þessu þingi. Hann talaði jafnframt um, að þarna væri komin ofskipulagning í stjórnkerfið. Það, sem verið er að gera með þessu frv., er að tengja saman öll sveitarfélögin í viðkomandi landshlutum. Það gerist ekki með núv. kerfi. Sýslunefndirnar eru ekki vettvangur fyrir öll sveitarfélögin í viðkomandi landshluta, þar standa kaupstaðirnir af eðlilegum ástæðum fyrir utan. Sýslunefndirnar eru þess vegna ekki, eins og núv. kerfi er, í tengslum við öll sveitarfélögin í viðkomandi landshluta, og þær þurfa ekki heldur að vera í tengslum við sveitarstjórnirnar í viðkomandi sýslum. Það er ekkert ákvæði í lögum, sem kveður á um það. Fulltrúar í sýslunefnd þurfa ekki að vera sveitarstjórnarmenn, og þeir geta tekið afstöðu í sýslunefnd í algerri andstöðu við sveitarstjórnirnar. Það er sem sagt verið að stofna samtök sveitarfélaga í hverjum landshluta. Svona einfalt er þetta og ætti að vera öllum skiljanlegt. Auðvitað geta sýslunefndir haldið áfram að vera aðilar í stjórnkerfinu, ef mönnum sýnist svo, og það er ekkert verið að hrófla við þeim með þessu frv., en ég fullyrði, að landshlutasamtökin eru virkara afl í stjórnkerfinu og munu verða það. Meginatriðið er, að hér er verið að dreifa valdinu.

Þá talaði hæstv. félmrh. um hin mörgu ágreiningsefni, sem væru sýnileg í þessu frv. Hann talaði um skylduákvæðið um aðild að samtökum sveitarfélaga í hverjum landshluta, sem eru í 111. gr. samkv. frv., og hann talaði um bráðabirgðaákvæði því til sönnunar, að þarna sé um ágreiningsefni að ræða, þ. e. a. s. að sveitarfélögum, sem ekki ættu beina aðild að landshlutasamtökum sveitarfélaga við gildistöku þessara laga, sé heimilt að fela fulltrúa sýslunefndar að fara með umboð sitt til loka kjörtímabils sveitarstjórnar 1978. Hér er ekki um neitt ágreiningsefni að ræða. Hér er um það að ræða, að settur er eðlilegur aðlögunartími. Það má sjálfsagt deila um, hve langur hann á að vera. En ég held, að augljóst sé, að það er nauðsynlegt að hafa þarna skylduákvæði um aðild. Landshlutasamtökin hljóta að vinna verkefni, sem snerta öll sveitarfélögin í viðkomandi landshluta, og nefni ég þar sérstaklega áætlanagerð.

Þá talaði hæstv. ráð. um efni 113. gr., sem fjallar um kjör fulltrúa á fulltrúafundi, og bótti það líka vera merki um ágreining innan landshlutasamtakanna, vegna þess að í sömu gr. er heimildarákvæði um, að einstökum landshlutasamtökum sé heimilt að ákveða fulltrúafjölda með öðrum hætti. Ég hef borið þetta nokkuð saman, hvernig fulltrúakjöri er hagað í hinum einstöku landshlutasamtökum, og satt að segja er munurinn þarna ekki mikill. T. d. gera öll landshlutasamtökin ráð fyrir þremur fulltrúum fyrir hverja 1500 íbúa, en bilið er hins vegar nokkuð breytilegt.

Í öðru orðinu er sem sagt fundið að skylduákvæðum, en í hinu, að allt sé í lausum endum. Þetta stafar ekki af ágreiningi, heldur er hér sjálfsagt og eðlilegt að hafa nokkurt svigrúm og í samræmi við það, sem hæstv. ráðh. hafa sagt, eðlilegt, að heimamenn hafi þarna nokkuð um að segja.

Þá bótti mér farið nokkuð háðulegum orðum um ákvæðin í 112. gr. um hlutverk landshlutasamtakanna, þar væri raunverulega ekkert nýtt, þetta sé falleg stefnuyfirlýsing og ekkert meir. Ég veit ekki, hvort má túlka þetta þanig, að raunverulega séu landshlutasamtökin óþörf. En ég legg áherzlu á það, að þessum samtökum er ekki ætlað að draga vald úr höndum sveitarfélaganna sjálfra. Það er alveg rétt, að það hefur orðið vart við nokkra tregðu hinna minnstu sveitarfélaga til þess að eiga aðild að þessum samtökum, og ég hef ástæðu til að ætla, að sú tregða stafi meðfram af því, að ýmsar sveitarstjórnir hafa talið, að það væri verið að draga valdið úr þeirra höndum og þjappa því saman í hendur þessara heildarsamtaka. En það er misskilningur. Þessi samtök eiga að styrkja sveitarfélögin og styðja. Þau eiga að vera sameiginlegur vettvangur þeirra til að leysa meiri háttar mál, sem sveitarfélögunum mörgum hverjum er ómögulegt að leysa, vegna þess að þau eru of fámenn.

Þá talaði hæstv. félmrh. um það, að í þessu frv. væri ekki eitt einasta orð um fjármál landshlutasamtakanna. Þau hafa nú, eins og kunnugt er, 1% af tekjum jöfnunarsjóðs, og

er skipt jafnt á milli landshlutasamtakanna. Það er vissulega rétt, eins og hæstv. félmrh. sagði, að það kostar talsverða peninga að reka landshlutasamtökin og þau þurfa meiri tekjur, eftir því sem þeim eru falin fleiri verkefni í lögum og eigin samþykktum. En ákvæði um fjármál landshlutasamtakanna eða tekjustofna þeirra eiga bara ekki heima í þessum lögum. Þau eiga heima í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem hæstv. félmrh. setti það ákvæði í fyrra. Nú talar hann hins vegar um með nokkurri hneykslun, að það sé ekki eitt einasta orð um tekjustofna þeirra í þessu frv. Það er rétt, eins og ég sagði, að þau þurfa áreiðanlega á auknum tekjustofnum að halda, eftir því sem verkefni þeirra vaxa. Í grunnskólafrv., sem er til meðferðar á hv. Alþ. nú, er gert ráð fyrir því, að landshlutasamtökin fái mjög aukin verkefni, sem koma til með að kosta fé. Eitt með öðru, sem kallar á nauðsyn þess að festa þau í sveitarstjórnarl., eru ýmsar fyrirætlanir, sem uppi eru, eins og t. d. í grunnskólafrv.

Þá talaði hæstv. félmrh. um fjármál sveitarfélaganna, sem mér sýnist ekki koma þessu máli beint við, en ég get ekki stillt mig um að fara um það nokkrum orðum. Hann las hér upp eða gerði samanburð á tekjustofnum nokkurra sveitarfélaga fyrir og eftir breytingu á tekjustofnal. í fyrra og vildi með því sanna, hversu miklu betri hagur þeirra væri nú en verið hefði áður. Mér er fyllilega ljóst, að það er hægt að taka dæmi um ýmis sveitarfélög, sem hafa haft hag af breytingunni, sem gerð var í fyrra. En það er á sama hátt hægt að taka dæmi um önnur, sem hafa farið mjög illa út úr þessari breytingu. Það er líka aðfinnsluvert við þennan samanburð hjá hæstv. ráðh., að það er ekkert tillit tekið til þess, að gífurlegar hækkanir hafa orðið á öllum framkvæmdakostnaði á milli ára, það er öllum ljóst. Það er ekki heldur tekið tillit til þess, að fyrir breytinguna á tekjustofnal. höfðu flest þessi sveitarfélög ekki notað allar álagsheimildir, en núna eru þau öll í toppi. Það eru allar álagsheimildir nýttar til hins ítrasta og samt nást ekki saman endar.

Ég skal nefna örfá dæmi um sveitarfélög hér í næsta nágrenni, sem hafa farið mjög illa út úr þessari breytingu. Þau dæmi eru öll úr Reyknkjd. Grindavíkurhreppur hafði samtals út úr sínum tekjustofnum 1971 30,5 millj. kr., 1972 26,2. Hafnahreppur, sem er lítið sveitarfélag með innan við 200 íbúa, hafði tæplega 3,2 millj. 1971. Hann hækkar aðeins í 3,4, um 200 þús. kr. Miðneshreppur, sem er sveitarfélag með um 1000 íbúa, hafði 18,7 millj. 1971, 17,6 1972. Gerðahreppur hafði 10,4 1971, 9,6 1972. Njarðvíkurhreppur hafði liðlega 62 millj. kr. 1971, en fer niður í 34,4 1972. Vatnsleysustrandarhreppur stendur í stað með 5,6 millj. Þetta eru dæmi, sem segja allt aðra sögu en þau dæmi, sem hæstv. félmrh. nefndi.

Þá talaði hæstv. félmrh. um það, að samþykktir landshlutasamtakanna væru ósamhljóða. Ég nefndi í ræðu minni um daginn, að það hefði verið unnið að því að undanförnu að samræma þessar samþykktir, en ég tek það skýrt fram, að ég sé enga ástæðu til þess að vera að steypa þær allar í sama mótið. Hvað með bæjarmálasamþykktirnar? Þær eru alls ekki samhljóða. Ég veit ekki betur en hæstv. félmrh. hafi staðfest í fyrra nýja bæjarmálasamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, yngsta kaupstaðinn, og sú samþykkt er í verulegum atriðum frábrugðin bæjarmálasamþykktum annarra kaupstaða. Hvað gerði hæstv. ráðh. til þess að samræma bæjarmálasamþykktina öðrum? Það er engin ástæða til þess að gera mikið veður út af þessu, þó að samþykktir landshlutasamtakanna séu ekki allar steyptar í sama mótið. Það er eðlilegt, að þetta fari eftir aðstæðum í hverjum landshluta og heimamenn fái þarna nokkurt svigrúm og fái að ráða.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir hæstv. ráðh. að vera með þær úrtölur, sem þeir voru með hér á fimmtudaginn var. Ég fullyrði, að skoðanir þeirra eru í andstöðu við óskir og vilja sveitarstjórnarmanna. Það hafa komið fram margar áskoranir til Alþ. um að samþykkja þetta frv. eins og það er úr garði gert og afgreiða það á þessu þingi. Því vænti ég þess, að þeir láti af andstöðu sinni og vinni að því, að þetta mál fái afgreiðslu nú á þessu þingi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst vegna þess, að tveir síðustu hv. ræðumenn voru með nokkrar ádeilur á félmrh., en hann var þá ekki við, og ég ætlaði að fara fram á það, að umr. væri frestað, þangað til honum gæti gefizt tóm til þess að vera við. Nú er hann að vísu kominn, og þá getur hann sagt til um það, hvort hann óskar að athuga frekar það, sem þeir komu fram með, eða ekki. En mér hefði þótt óeðlilegt, að málið væri afgreitt, þó að til n. væri aðeins, án þess að hann fengi möguleika á því að bera hönd fyrir höfuð sér.

Ég skal ekki orðlengja um þetta. En það verð ég að segja, að sízt af öllu hafa ræður tveggja síðustu hv. ræðumanna sannfært mig um nauðsyn þess að flaustra þessu máli af. Þeir hefðu áreiðanlega getað sagt það, sem þeir vildu segja, í miklu færri orðum en þeir gerðu. Og ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þeim málflutningi, sem hv. 11. landsk. þm. virðist iðka í þessu máli. Hann talar um úrtölur og því um líkt og tregðu hjá okkur ráðh. Það er ákaflega einkennilegt að gera slíkt, þó að menn telji ástæðu til þess eða jafnvel skyldu sína að gera aths. við þingmál, sem eru til umr., og benda á agnúa, sem þeir telja á þeim vera. Stjórnarsinnar mættu áreiðanlega fara að tala oft um tregðu og úrtölur hjá hv. stjórnarandstæðingum. Ég skil ekki, hvað svona málflutningur á að þýða. Ég tel það skyldu mína að benda á þau atriði í lagafrv., sem mér sýnast miður fara, og ég vil ekki láta kenna það við neinar úrtölur, enda er það ástæðulaust. Og hv. þm. hefði verið betra í sinni fyrstu ræðu að taka minna upp í sig. Honum hefði verið betra þá að tala minna um, að þau væru einhverjir aðilar utan Norðurlands, einhverjir utanaðkomandi aðilar, sem hefðu unnið að því að kljúfa Fjórðungssambandið. Hann varð að koma hér upp áðan og viðurkenna, að hann gæti ekki nefnt eitt einasta

nafn, algerar getsakir, sem þm. leyfði sér að fara með. Hann er þó ekki í Norðlendingafjórðungi og ætti ekki að vera kunnugri því, sem gerist þar, heldur en þeir, sem fara með umboð fyrir Norðlendinga.

Ég get frætt hann um það, að það hafa á undanförnum árum einmitt oft verið umr. um það heima í héraði og meðal þm., hvort ekki væri heppilegra að hafa fjórðungssamböndin tvö. Það er að vísu svo, að Fjórðungsamband Norðlendinga er að formi til nokkuð gamalt. En eins og réttilega kom fram í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, var það sett á alveg nýjan grundvöll og nýtt form í raun og veru og fékk ný verkefni í sambandi við þær atvinnmálanefndir, sem settar voru á fót á sínum tíma. Og þá var það einmitt svo, að ein atvinnumálanefnd var sett fyrir Norðurland. Hv. þm. Lárus Jónsson sagði um daginn, að það hefði engin aths. komið fram um þetta hjá einum eða neinum. En ég ætla að leyfa mér að fullyrða það, að ég gerði þegar aths. við það á Alþ., að atvinnumálanefndin skyldi vera ein fyrir Norðurland, en ekki tvær, — ein fyrir hvert kjördæmi. Þetta má lesa í Alþingistíðindum, og þýðir ekki fyrir menn að koma hingað upp og segja allt annað, og það, sem stangast á við raunveruleikann.

Það er ákaflega einkennilegur hugsanagrautur, sem kemur fram hjá hv. 11. landsk. þm., þegar hann fer að bollaleggja um þetta. Ef þessu ætti að vísa til heimamanna, þá er líklega spurning um það, hverjir ættu að leysa úr því, hvort það ætti að vera heildin öll, Norðurl. e. og Norðurl. v. saman, eða Fjórðungssambandið í heild, sem ætti að ákveða um það, eða þá menn í Norðurl. v., sem ættu þá að segja til um, hvort þeir vildu vera sérstakt samband eða ekki. Ég held, að þetta geti varla vafizt fyrir nokkrum, ef hann athugar það, að það eiga náttúrlega að vera íbúar í Norðurl. v., sem eiga að segja til um, hvort þeir vilja vera sérstakt samband eða ekki, en ekki hin stóra heild. En það er ákaflega gott að heyra það, að það megi svo sem gera það fyrir þessa menn, sem eru með þessa tregðu, að taka inn í lögin, að það skuli vera heimild fyrir þetta Fjórðungssamband að skipta sér í tvennt. En það er ekki þannig í frv. Í frv. á að binda það, að Fjórðungssambandið skuli vera eitt. En hvernig væri þá að opna þetta meira? Hvað er landshluti? Við höfum okkar gömlu fjórðunga. Þeir eru í raun og veru þeir reglulegu landshlutar. Hvernig væri að taka upp heimild um það, að Reykjanes og Suðurland mættu sameinast í eitt eða Reykjanes og Reykjavík mættu sameinast í eitt samband? Því ekki þá að hafa þetta þannig, að það megi sameina líka, ef það á að taka fram um heimild til að skilja í sundur?

Ég verð að segja það, að mér fannst ákaflega lítilsiglt hjá hv. þm. að vera að snúa út úr því, sem ég sagði, og hafa það rangt eftir. Ég sagðist ekki telja eðlilegt að selja þeim sjálfdæmi um lagasetningu, sem lögin lúta að. Þessu þurfti hv. þm. endilega að snúa á þann veg, að ég hefði sagt, að það væri ekki eðlilegt að selja þeim sjálfdæmi, sem laganna eiga að njóta. Það er ákaflega einkennilegt að geta ekki farið rétt með það, sem eftir er haft.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 5. þm. Norðurl. v. Hann beindi máli sínu að félmrh. En ég vil þó segja það eitt, að það var einkennilegt í hans ræðu, að það var í öðru orðinu eins og hann væri að segja, að það hefði ekki verið gert eftir ósk sveitarfélaga, að löggæzlumálin og hluti trygginganna væru af þeim tekin, en þó sagði hann í hinu, að hann sæi, að þessu hefði verið vel tekið af sveitarfélögunum, vel þegið. Sannleikurinn um þetta, sem þarf ekki að vera að hafa mörg orð um, og staðreyndin er sú, að þetta var gert, a. m. k. að því er löggæzluna varðar, samkv. margendurteknum samþykktum Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri aðila, þannig að um það þarf auðvitað ekkert að deila, hvort sem það hefur verið skynsamleg ráðstöfun eða ekki. Það er annað mál.

Ég skal svo ekki blanda mér í umr. um þetta, en vil þó enn undirstrika það, að þetta frv. er illa og flaustrslega samið. Það tek ég ekki aftur. Framsetning þess er svo óákveðin og grautarkennd, að það er ekki til fyrirmyndar. Ég vil ekki vera að þreyta hv. þm. á því að vera að telja það upp. En auðvitað er augljóst mál t. d. varðandi það, sem segir í 112. gr. um hlutverk landshlutasamtakanna, í a-liðnum, „að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls," að þarna þarf að koma einhver skilgreining á milli landshlutasamtakanna og sveitarfélaga. Annars leiðir það til þess, sem átt hefur sér stað, að þessir aðilar eru að fást við sama málið. Sveitarfélög hafa þó ákveðin verkefni, og það verður að vera að mínum dómi nokkuð skýrt, af hvaða málefnum landshlutasamtökin mega og eiga að skipta sér, þannig að þau viti, hvar þau standi í því efni, hver aðilinn á að hafa með þessi málefni að gera, en að þessu sé ekki öllu ruglað saman og þau séu að fást við sömu málefnin.

Ég bendi líka á það, að það er a. m. k. ákaflega óvenjulegt, að löggjafinn framselji vald sitt til skattlagningar þannig, að hann setji engin takmörk. (ÓE: Hann hefur gert það við sýslunefndirnar.) En þannig er þetta í 115. gr. Ég er alls ekkert að gefa í skyn, að landshlutasamtökin muni fara illa með það vald, en þeim er þó fengið þarna alveg ótakmarkað vald, þ. e. a. s. aðalfundi þeirra, til þess að leggja þau gjöld á sveitarfélögin, sem þau telja sig þurfa. Og ég sé ekki, að það saki, þó að það sé athugað svolítið nánar af Alþ., áður en það samþykkir slíkt.

Í 111. gr. segir: „Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta". Vantar þá ekki skilgreiningu á því, hvað landshluti er. Það má sjálfsagt segja, að það sé gert ráð fyrir því, að það eigi að gilda sú upptalning, sem er í 110. gr., en ekki mundi saka að taka þetta svolítið skýrar fram.

Ég held sem sagt, að það standi alveg, það sem ég sagði síðast, að þörf sé á því að líta á þetta í heild og marka samtökum sveitarfélaga ákveðna stöðu og ákveðin verkefni í stjórnkerfinu, en ekki með eins óákveðnu orðalagi og gert er í 112. gr. Og ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að þó að frv. yrði samþykkt núna, þá yrði komið innan skamms

og farið að endurskoða það og reynt þá að setja skýrari ákvæði, því að auðvitað hanga sveitarfélagasamtökin að meira eða minna leyti í lausu lofti eftir sem áður, ef það er ekki kveðið nánar á um verkefni þeirra en þetta. (Gripið fram í.) Já, en þó eru lög um stjórnskipun ákveðinna stofnana dálítið annars eðlis heldur en skattalög.

Ég skal ekki endurtaka það, sem hv. þm. Pétur Pétursson gat um hér síðast og las upp. Samþykkt bæjarstjórnar Sauðárkróks liggur hér fyrir undirskrifuð af mönnum úr öllum flokkum, þannig að það er ekkert að véfengja það, að hún óskar breytinga, og það þýðir ekki að vera að segja, að einhver og einhver hafi kannað afstöðu sveitarstjórna á Norðurlandi til þessa. Það eina, sem ég hef í höndum um þetta, er þessi samþykkt. En ég veit, að það er ágreiningur hjá mörgum um þetta, og það, sem ég hef sagt um þetta, er það eitt, að heimamenn eiga auðvitað að ráða þessu, og þá svara ég tvímælalaust spurningu hv. 11. landsk.: auðvitað heimamenn í Norðurl. v., en ekki að þeir þurfi að lúta því, sem margfalt fleiri íbúar í Norðurl. e. ákvæðu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, að loknum 77. fundi.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 368). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 549).

Happdrætti háskólans, frv. (þskj. 455). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 550).

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 551 (sbr. 130)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 118). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380). — Frh. 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. út af því, að hæstv. forsrh. misskildi það, sem ég sagði áður í þessum umr., að það hefði aldrei komið fram ágreiningur um stofnun Fjórðungssambands Norðlendinga. Hann taldi, að það hefði komið fram ágreiningur um það, þegar um var að ræða atvinnumálanefnd, sem var sett á laggir fyrir Norðurland. Þarna var smámisskilningur. Fjórðungssamband Norðlendinga var stofnað, áður en þessar atvinnumálanefndir komu til, eða var endurskipulagt, — það mun hafa verið 1968, sem það var gert. Á hinn bóginn voru atvinnumálanefndir ríkisins settar á stofn 1969. Ég ætlaði aðeins að láta það koma fram, að hér var um smámisskilning að ræða, en ég ætla ekki að lengja þessar umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 67. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lánsfé til hitaveituframkvæmda, þáltill. (þskj. 9, nr. 438). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 438, um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 35:2 atkv.

Leiga og sala íbúðarhúsnæðis, þáltill. (þskj. 46, n. 340 og 358). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 358 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 29:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, GuðlG, GunnG, HES, HV, JónÁ, JSk, KP, LárJ, MJ, MB, OÓ, ÓE, ÓlJ, PÞ, BK, SV, StH, SteinG, ÞK, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, HK, BFB, BP, EÁ, FÞ, GTh.

nei: GÞG, HFS, JÁH, JónasÁ, LJós, MK, RA, StefG, SvJ, BGuðn, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG.

IngJ, JóhH, MÁM, SvH, GB, EBS greiddu ekki atkv. 10 þm. (IG, MÓ, PJ, PP, PS, VH, BGr, BJ, EystJ, GH) fjarstaddir.

Hafrannsóknastofnunin, þáltill. (þskj. 58, n. 439). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.
Brtt. 439 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 563).

Viðvörunarkerfi á hraðbrautum, þáltill. (þskj. 102, n. 440). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.
Brtt. 440 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 564).

Skipulag byggðamála, þáltill. (þskj. 383). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum, þáltill. (þskj. 424). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Loðna til manneldis, þáltill. (þskj. 433). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 544). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 567).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Með þessu frv. er gert ráð fyrir einni breyt. á l. um fiskveiðasjóð, og hún varðar tekjur sjóðsins. Gert er ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður fái auk þeirra tekna, sem hann hefur nú samkv. lögum, 1% af andvirði útfluttra sjávarafurða frá 1. júlí á þessu ári að telja og til ársloka 1975. Gjald þetta er miðað við þetta framleiðslutímabil, þ. e. a. s. útfluttar sjávarafurðir, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. des. 1975. Auk þess er lagt til, að ríkissjóður leggi fiskveiðasjóði jafnhátt framlag og þessu nýja útflutningsgjaldi nemur. Gert er ráð fyrir því, að á ársgrundvelli geti hér verið um að ræða útflutningsgjald, sem nemi í kringum 150—160 millj. kr., og mundi þá framlag ríkissjóðs nema sömu fjárhæð. Er hér þá um að ræða nýjar tekjur til handa fiskveiðasjóði sem nema rúmlega 300 millj. kr., á þessu tímabili, þ. e. a. s. á árunum 1974 og 1975 og að hálfu á árinu 1973. Lagt er til að afla þessara nýju tekna til fiskveiðasjóðs vegna þess, að verkefni sjóðsins hafa aukizt mjög mikið að undanförnu, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt.

Nú stendur yfir mjög mikil endurnýjun fiskiskipaflotans í landinu, sem kallar á stóraukin lán úr sjóðnum. Þó að tekin séu allmikil erlend lán með þeim skipum, sem byggð eru erlendis, verður fiskveiðasjóður eigi að síður að koma þar nokkuð til, þar sem hann tekur yfirleitt að sér að lengja hin erlendu lán og verður því að bæta við þau lán, sem þannig eru tekin. Auk þessa hafa svo lánveitingar út á innanlandssmíði fiskiskipa farið mjög ört vaxandi. Það má segja, að allar skipasmíðastöðvar í landinu hafi haft fullt verkefni nú um nokkurt skeið og muni væntanlega hafa áfram, en af því leiðir, að lánveitingar út á ný fiskiskip, sem smíðuð eru innanlands, hækka verulega frá því sem verið hefur. Í þriðja lagi aukast svo útlán fiskveiðasjóðs mjög mikið vegna endurbyggingar frystihúsa eða meiri háttar endurbóta á frystihúsum landsmanna, og er þar um mjög mikla aukningu að ræða í útlánum. Sem dæmi um útlán fiskveiðasjóðs má nefna það, að heildarútlán sjóðsins voru á s. l. ári rúmlega 1200 millj. kr., en á yfirstandandi ári er reiknað með, að heildarútlán sjóðsins verði í kringum 1600—1700 millj. kr. Þar af eru lánveitingar vegna fiskvinnslustöðvanna í kringum 500 millj. kr.

Ég veit, að það þarf ekki að fara um það mörgum orðum við hv. þdm., það liggur svo augljóst fyrir, að þörf er á því að auka við tekjur fiskveiðasjóðs, svo stór verkefni sem hann glímir nú við, og af þeim ástæðum er þetta frv. lagt fram. Frv. er mjög einfalt og þarf því ekki langra útskýringa við. Það kemur því miður seint fram á þinginu, og verður því að vænta þess, að sú þn., sem fær málið til athugunar, greiði fyrir afgreiðslu þess og hv. þm. stuðli að því, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, svo þýðingarmikið, sem það er fyrir starfsemi fiskveiðasjóðs.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. gangi til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr., og sé ekki ástæðu til þess að orðlengja hér frekar um málið á þessu stigi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er orð að sönnu hjá hæstv. sjútvrh., að þetta frv. um tekjuöflun fyrir fiskveiðasjóð er seint á ferðinni. Okkur þm. er sagt, að þingstörfum skuli hætt nú fyrir hátíðar, og þá er þingi ætlaður um vikutími til þess að fjalla um þetta frv. Nú er það ekki svo, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki mátt vera ljós fjárþörf fiskveiðasjóðs fyrir

langa löngu. Það var spurt um fjárþörf og fjáröflun til fiskveiðasjóðs við afgreiðslu fjárlaga á fyrri hl. þessa þings, en engin svör fengust. Það hefur æ ofan í æ verið rætt um þessa fjárvöntun, sem hér er um að ræða, en engin svör hafa fengizt fyrr en ef svar skyldi kalla með því frv., sem var lagt á borð þm. í gær. Hér er um slík vinnubrögð að ræða, að ávíta ber þau harðlega og gagnrýna. Hér er um hreina óvirðingu við þm. að ræða. Hæstv. ríkisstj. mátti vita af vandamálinu, en horfðist ekki í augu við það og hefur ekki haft úrræði fyrr en í tengslum við þetta frv., ef úrræði skyldi kalla.

Ég get ekki annað en minnt á, að þegar rætt var um ráðstafanir í efnahagsmálum hér í des. s. l., var lagt á borð þm. álit svokallaðrar valkostanefndar, þar sem tekið var fram, að auk tiltekinna leiða, sem þyrfti að fara í efnahagsmálunum almennt, væri nauðsynlegt að gera ýmiss konar hliðarráðstafanir. Meginþátturinn í þeim hliðarráðstöfunum var samdráttur í framkvæmdum ríkissjóðsins sjálfs og útlánum fjárfestingarlánasjóða. Engar slíkar till. hafa komið hér fram á Alþ., engar upplýsingar að einu eða neinu leyti, hvernig að slíkum samdrætti skyldi staðið. Ég hef ekki þessi skjöl við höndina, en ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að hér hafi verið um töluverðar upphæðir að ræða, eða 1700—2000 millj. kr. samdrátt.

Það er ætlazt til þess, að Alþ. kveði á um fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða, því að þetta er ekki eina frv. þar að lútandi, sem lagt hefur verið fyrir Alþ. þessa dagana og væntanlega verða lögð fyrir Alþ. á næstunni, án þess að nein heildarmynd sé í raun og veru gefin. Í fyrsta lagi: Hver er fjárþörf þessara sjóða? Í öðru lagi: Hvernig á að nýta fjármagn þessara sjóða? Og í þriðja lagi: Í hvaða tengslum er starfsemi þessara sjóða við efnahagsmál landsmanna almennt og þær ráðstafanir, sem gerðar voru í des. s. l.? Engin svör fást. Hér er um vinnubrögð að ræða, sem sýna aðeins, að þeir, sem með stjórn fara, eru ekki verki sínu vaxnir.

Ég minni á það, að milli jóla og nýárs mun hæstv. sjútvrh. hafa gert samkomulag við útvegsmenn í sambandi við ákvörðun fiskverðs, sem fól í sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, þ. e. niðurfellingu tekna í sambandi við niðurfellingu launaskatts af fiskveiðum, er nemur um 160 millj. kr. á ársgrundvelli. Frv. þar að lútandi er fyrst að sjá dagsins ljós hér á Alþ. í þessari viku, nánar tiltekið, hygg ég, í gær eða dag. Það verður ekki skilið, hvers vegna tefja þurfti þetta mál allan þennan tíma, og enn óhönduglegar sýnist vera staðið að málum, þegar á það er litið, að niðurfelling útgjalda bátaútvegsins samkv. því samkomulagi, sem gert var í tengslum við ákvörðun fiskverðsins, nemur um 160 millj. kr. á ársgrundvelli, en aukning álaga á sjávarútveginn samkv. þessu frv., 1% útflutningsgjald af fob.-andvirði sjávarframleiðslunnar, nemur sömu upphæð. Það er sem sagt verið að taka með annarri hendinni það, sem búið er að gefa með hinni.

Ég vek athygli á því, að núv. hæstv. ríkisstj. vildi slá sig til riddara í upphafi valdaferils sins með því að lengja lán til framleiðsluatvinnuveganna og lækka vexti. Efndirnar voru þær, að lánin til stóru skipanna frá fiskveiðasjóði voru lengd úr 15 árum í 20 ár og vextir lækkaðir úr 6½% í 5½%. Ég verð að segja það sem mina persónulegu skoðun, að lenging lánstíma til fiskiskipa úr 15 árum í 20 ár er í raun og veru játning á því, að ekki sé þörf á að endurnýja fiskiskipastólinn á styttri tíma en 20 árum. Ég tel mjög óeðlilegt og óheilbrigt, ef lengja þarf lán á fiskiskipum eins og þarna var gert. Það þýðir ekki að vera að tala um, að við Íslendingar höfum til skamms tíma búið við skipaflota, sem er gamall að árum og hefur skort endurnýjun, eins og t. d. togaraflotinn, ef það er blátt áfram gert ráð fyrir því, að því er snertir rekstrargrundvöll fiskiskipa, að þau greiði ekki lán sín niður á skemmri tíma en 20 árum. En þar að auki er um það að ræða, og það skiptir kannske mestu máli í sambandi við fjárþörf fiskveiðasjóðs, að auðvitað gerir þetta það að verkum, að afborganir og vextir til fiskveiðasjóðs af lánum verða minni og fjárþörf fiskveiðasjóðs verður þess vegna meiri. Þess vegna er þörf á aukinni skattlagningu á sjávarútveginn í staðinn fyrir lengingu þessa lánstíma. Það er sama sagan, það er verið að taka aftur núna það, sem áður var hrósað sér af, að verið væri að gefa sjávarútveginum. Að því er snertir lækkun vaxta úr 6½% í 5½%, er gæzkan ekki meiri en sú, að það mun vera gert að skilyrði fyrir lántökum í fiskveiðasjóði yfir 500 þús. kr., að 10% lánanna séu tekin með spariskírteinum eða spariskírteinakjörum, sem mun þýða um 6¼% meðalvexti. Auk þess er hér, að því er mér skilst, og hæstv. sjútvrh. leiðréttir mig, ef ég fer ekki með rétt mál, um verðtryggingu að ræða. Ef þetta er sambærileg verðtrygging og á sér stað á öðrum sviðum að því er snertir spariskírteini ríkissjóðs, geta vextir af þessum lánum orðið, miðað við reynslu síðasta árs, eingöngu, um 17—18%. Þá er orðið lítið eftir af loforði hæstv. ríkisstj. um að lækka vexti framleiðsluatvinnuveganna.

Það var einnig loforð hæstv. ríkisstj. í upphafi stjórnarferilsins að létta gjöldum af framleiðsluatvinnuvegunum. Hverjar eru efndirnar? Þær, sem birtast í þessu frv., að það er lagður nýr skattur, 1% skattur, á fob.-andvirði útflutningsins. Það er ljóst mál, að þessi nýi skattur verður til þess að lækka fiskverðið til útvegsmanna og sjómanna, vegna þess að þessi skattur, eins og útflutningsgjöld almennt, er almennt dreginn frá, áður en fiskverð er ákveðið. Ef við lítum á, hvað hér er um að ræða, má gera ráð fyrir því, að 1% á fob.-andvirði þýði 2% á verð fisks upp úr sjó. Hér er sem sagt um 2% fiskverðslækkun að ræða.

Og þá er spurningin, hvort ríkisstj. tefli hér eins og annars staðar á tæpasta vaðið, að hagstæð þróun á erlendum mörkuðum geti borið þetta uppi, eða hvort ríkisstj. treysti sjávarútveginum til að bera þennan skatt. Það er venja, þegar um fjáröflun til framleiðsluatvinnugreina er að ræða, eins og hér er á ferðinni, að hafa samráð við forsvarsmenn atvinnugreinanna. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., hvort hér hafi verið höfð slík samráð eða ekki. Og ef ekki hefur verið um slík samráð að ræða, tel ég einsýnt,

að sú n., sem fjallar um þetta mál, hljóti að hafa samráð við forvígismenn sjávarútvegsins.

Ég vil taka það fram, að við gerum okkur það ljóst, að fjárþörf fjárfestingarlánasjóðs eins og Fiskveiðasjóðs Íslands er ótvíræð. Við höfum bent á þessa fjárþörf og bent á þá fjárvöntun, sem fyrirsjáanleg hefur verið hjá fiskveiðasjóði og öðrum fjárfestingarlánasjóðum. Hæstv. sjútvrh. og aðrir hæstv. ráðh. hafa uppt öxlum og ekki sinnt fyrirspurnum okkar og athugasemdum þar að lútandi. Með þessu frv. er ekki sýnt fram á, hvort búið er að brúa bilið eða ekki. Engar upplýsingar eða mjög ómerkilegar og tætingslegar þar að lútandi fást a.m.k. í frumræðu hæstv. sjútvrh.

Þá er á það að líta, að með þessu frv. og öðrum þeim frv., sem hent er á borð alþm. núna síðustu daga þingsins og ætlazt er til, að þeir afgreiði eins og á færibandi, er ekki eingöngu verið að leggja nýja skatta á framleiðsluatvinnuvegi landsmanna, heldur er einnig verið að leggja skatta til viðbótar á landsmenn með því að leggja byrðar á ríkissjóð. Og það er ekki verið að leggja byrðar á ríkissjóð frá og með næsta fjárlagaári, 1. jan. 1974, heldur á ríkissjóður strax að hefja greiðslur á þessu ári. Nú munum við það öll, að fjárlög voru afgreidd þannig, að ekki var gert ráð fyrir 500 millj. kr. útgjöldum þar til niðurgreiðslna. Það skorti algerlega tekjuöflun til þeirra. Ég hef getið um 160 millj. kr. útgjaldaauka, sem hæstv. sjútvrh. með einu pennastriki gekk frá í samningum í tengslum við fiskverðsákvörðun. Hér er á ferðinni hvert frv. á fætur öðru, sem leggur aukin útgjöld á ríkissjóð á þessu ári án þess að geta um tekjuöflun, sem þar komi á móti. Hæstv. sjútvrh. nefndi 60 millj. kr. útgjöld á þessu ári samkv. þessu frv. Hvernig er ætlun hæstv. ráðh. og ríkisstj. að afla fjár til að standa undir þessum útgjöldum? Hvaða vinnubrögð eru það að afgreiða slík útgjöld úr ríkissjóði nokkrum vikum eða mánuðum eftir að fjárlög eru afgreidd, og þrátt fyrir það, að bent var á við afgreiðslu fjárlaga, að ekki væri tekið tillit til fjáröflunar slíkra fjárfestingarútlánasjóða, sem hér er um að ræða?

Það ber allt að sama brunni. Vinnubrögð hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild, að því er snertir fjárfestingarlánasjóði, eru slík, að það er ekki bjóðandi Alþ. að einu eða neinu leyti. Úrræðaleysið hefur verið slíkt, að fyrst á síðustu dögum þingsins er slengt fram frv., sem þó, að því er virðist, leysa ekki vandann að fullu og langt frá því.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Hv. 2. þm. Reykv. hefur rætt ýmis atriði varðandi vinnubrögð í sambandi við þetta mál og aðbúnað sjávarútvegsins í sambandi við lánveitingar, eins og nú standa sakir, og skal ég ekki fara frekar út í þau atriði, en vildi þó aðeins með nokkrum orðum minnast á þetta mál.

Þetta er eitt af þremur frv., tvö þeirra eru þegar komin fyrir Alþ., um Fiskveiðasjóð Íslands og Iðnlánasjóð, og það þriðja væntanlegt eftir helgi, um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem eiga að miða að því að bæta fjárhagsaðstöðu þessara þriggja stofnsjóða. Út af fyrir sig er ekki nema gott um það að segja að styrkja þessa sjóði, því að ég get efnislega verið sammála því, að það er ljóst, að það horfir í fullkomið óefni með uppbyggingu þeirra, ef á að byggja jafnmikið og í vaxandi mæli á lántökum til að mæta þörfum þeirra og nú verður að gera, enda málum þannig háttað, að það er illmögulegt að sjá, hvernig á að láta enda ná þar saman. Hitt er auðvitað annað mál, að ýmislegt varðandi einstök vinnubrögð í þessu sambandi getur verið athugunarvert, ekki sízt það, sem hér var vakin athygli á áðan, að varðandi alla þessa sjóði er um svo mikið mál að ræða og grundvallarstefnumörkunaratriði varðandi uppbyggingu þeirra, að það er auðvitað með öllu fráleitt að Alþ. fái ekki svigrúm til þess að íhuga þetta stóra vandamál í heild og gera sér grein fyrir því, hvernig á að mæta því. Ég vil ekkert um það segja, nema það gæti orðið grundvöllur til þess að ná samkomulagi um uppbyggingu sjóðanna og skapa þeim sterkari undirstöðu, eins og ég tel nauðsynlegt og ég hygg að ríkisstj. stefni að með þessum frv. En það hefur ekkert verið reynt til slíks, og það hefði auðvitað mátt gera það hér á þingi og hefði ekki verið óeðlilegt, hvað sem líður undirbúningi málanna. En það gefst ekkert tóm til þess, svo sem málum er háttað.

Það er ýmislegt í þessum frv., sem vekur athygli og mun kannske verða vikið nánar að í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstj. Þá meina ég ekki hvað sízt það, að hér er gert ráð fyrir að leggja allverulega aukinn bagga á ríkissjóðinn nú þegar á þessu ári, samtímis því sem gert hefur verið ráð fyrir, að þyrfti að skera niður stórlega ríkisútgjöld að öðru leyti. Á ég þar ekki eingöngu við þetta frv., heldur iðnlánasjóðsfrv., sem hér liggur einnig fyrir til meðferðar.

Mál þetta, varðandi alla þessa sjóði er í heild sinni stórkostlegt vandamál, eins og ég sagði, og sívaxandi vandamál. Ég get fúslega fallizt á það meginsjónarmið, að þetta þurfi að takast til heildarathugunar, og vitanlega hefði verið æskilegast allra hluta vegna, að það hefði getað gerzt með sem allra víðtækustu samkomulagi. Því ber að harma það, að þessi vinnubrögð eru höfð og menn fá ekki svigrúm til þess að gera sér grein fyrir því, hverjar hefðu verið æskilegustu leiðirnar til að ná þessu mikilvæga takmarki.

Fiskveiðasjóður er e.t.v. ekki stærsta vandamálið í þessu sambandi. Hann er það hvað upphæðir snertir, en ekki varðandi afkomulega hlið vegna þess að fiskveiðasjóður hefur verið byggður upp mjög mikið með eigin framlögum sjávarútvegsins, þannig að það er ekki fyrr en nú á síðustu árum, sem reynir verulega á það, að ráðstöfunarfé hans fer hlutfallslega minnkandi og hann er meira og minna háður lántökum. Þess vegna er vandi hans að verða svo mikill sem raun ber vitni. En það eru aðrir sjóðir, sem raunverulega eru þó meira vandamál að þessu leyti, því að það verður að fjármagna þá að svo til öllu leyti með lánsfé, svo sem á sér stað með stofnlánadeild landbúnaðarins, sem ég ætla ekki að öðru leyti að ræða hér, en nefni aðeins vegna þess að öll þessi mál eru nátengd hvert öðru og um sams konar vanda

að ræða í öllum tilfellum. Þetta vildi ég aðeins efnislega láta koma fram.

Mér finnst ámælisvert, að stjórnin skuli hafa valið þann kost að láta þetta mál dankast þangað til nú síðustu daga þingsins, vegna þess að þetta mál var auðvitað ljóst löngu fyrr, þannig að það hefði verið hægt að taka það til athugunar með alveg nægilegu svigrúmi. Það var ljóst fyrir áramót, að þessi vandi sjóðanna væri af einhverri svipaðri stærðargráðu og hér er talað um. Auk þess er vandi þeirra í rauninni alls ekki leystur með þessu frv. nema að sáralitlu leyti, þannig að það er aðeins gert ráð fyrir að brúa bil, sem þó er stórkostlega vafasamt, að sé verið að brúa eða takist að brúa. Mér er nær að halda, að það fari eins og einhvern tíma, að það var veitt fé í hálfa brú. Það eru eitthvað svipuð þau átök, sem hér er verið að gera. Málið er alls ekki krufið til mergjar og því ekki gerð glögg skil, þannig að verið sé að leysa vandann til frambúðar, heldur er aðeins verið að reyna að bjarga málinu, eins og sakir standa nú, en ekki með langtímasjónarmið í huga.

Mig langar til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort það sé skoðun hans, að Fiskveiðasjóði Íslands nægi það fé, sem honum er ætlað í þeim lokatill. um fjárveitingar til sjóða atvinnuveganna, sem voru til meðferðar í Framkvæmdastofnun ríkisins nú síðast í morgun, — þetta hefur allt saman verið með þeim ósköpum og endemum, það eru nokkrar klukkustundir eða jafnvel mínútur, sem menn hafa til þess að ganga á milli funda, þar sem málin eru flutt sitt á hvað. Þess vegna er það svo, að það er dálítið erfitt fyrir mann að vera reiðubúinn með allar tölur í þessu sambandi. En hér er auðvitað um mjög mikilvægt atriði að ræða, gögn, sem voru lögð fram í framkvæmdasjóði fyrir nokkru. Þar var óskað eftir því frá fiskveiðasjóði eða talið nauðsynlegt, að hann gæti lánað 1730 millj. kr. Það er gert ráð fyrir því, að með því fé, sem honum er ætlað nú, geti hann aðeins lánað tæpar 1600 millj., ef ég skil það rétt, þannig að þarna vantar um 150 millj. kr. Nú kann að vera, að segja megi, að þetta sé ekki stórfelld upphæð miðað við þessa heildarupphæð. En mér er nær að halda, að svo standi á með fiskveiðasjóðinn, að meginhlutinn af hans fjárveitingum sé bundinn og lofað fyrirfram, þannig að spurningin er sú, hvort sjóðurinn geti leyst vanda sinn með þessum hætti. Þetta er annað atriðið, sem ég vildi spyrjast fyrir um. Og svo er hitt atriðið, sem má segja, að sé að vísu sameiginlegt mál hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh., en þó ekki síður sjútvrh., en það er spurningin um viðbótarlánveitingar til byggingar fiskiskipa innanlands, sem ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., hvort ákvarðanir hafi verið teknar um. Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, hefur til eflingar skipasmíða innanlands verið undanfarin ár veitt 10% aukalán á þau skip, sem smíðuð hafa verið innanlands. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur haft með þessar lánveitingar að gera. Að vísu hefur þar verið vandræðaástand, vegna þess að byggðasjóði og atvinnujöfnunarsjóði hefur verið ætlað að annast þessar lánveitingar, en það er fjarri öllu lagi, að þessir sjóðir annist slíkar sjálfvirkar lánveitingar. Þess vegna var ríkisstj. tilkynnt nú eftir áramótin, að þetta yrði ekki lengur gert sem almenn regla. Nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um, hvort með einhverjum öðrum hætti verður séð fyrir lánum af þessu tagi, til þess að hægt sé að veita sambærilega aðstoð þeim, sem smíða skip innanlands, og veitt hefur verið til þessa? Það kann vel að vera, að hægt sé að hugsa sér einhverjar breytingar á þessum lánaprósentum yfir höfuð. Það virðist ljóst, að gera þurfi sérstakt átak, eins og viðurkennt hefur verið undanfarin ár, til þess að styrkja innlendar skipasmíðastöðvar. Þær hafa að vísu, að því er ég hygg, nokkuð nægileg verkefni nú, þó er það nokkurt vafamál um sumar þeirra. Þessi vandi verður e. t. v. ekki mjög áberandi á þessu ári, en það er auðvitað grundvallarnauðsyn að taka ákvörðun um það, hver eigi að annast þessi lán eða hvort yfirleitt sé hugsanlegt, að þau séu veitt áfram, til þess að þeir, sem eru að hugsa til skipakaupa, geti gert sér grein fyrir því, hverrar fyrirgreiðslu er að vænta, ef þeir semja við innlendar skipasmíðastöðvar, miðað við það, sem áður var. Þetta hygg ég, að hæstv. ráðh. hljóti að vera mætavel ljóst. Menn hafa verið að velta þessum vanda á milli sín, og ég held, að hann verði alls ekki leystur, nema ríkisstj. skeri á hnútinn og geri ákveðnar ráðstafanir. Ég tel eðlilegast, að það væri gert með viðbótarlánum frá fiskveiðasjóði, e. t. v. 2. veðréttar lánum eða með slíkum hætti, til þess að mæta þessum vanda, svo að menn þurfi ekki að vera í vafa um það, hvernig á þessu verði tekið og hvers verði að vænta, ef þeir ákveða að fela innlendum skipasmíðastöðvum að smíða slík skip.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að hefja umr. almennt um sjávarútveginn og aðbúnað hans. Hér er að sjálfsögðu verið að auka á hann kvaðir með þessu gjaldi, sem hér er gert ráð fyrir að leggja á. Hvort hann er þess umkominn að rísa undir því, veit ég ekki, en það kemur vafalaust í ljós, og þess er að vænta, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér einhverja grein fyrir því, áður en hún lagði til, að þessi leið yrði farin.

Vanda ríkissjóðs er, eins og ég sagði, rétt að ræða á öðrum vettvangi, þegar hæstv. fjmrh. mætir hér í d. til þess að gera grein fyrir sínu máli, en ofboð finnst manni þetta nú ankannalegt og kynlegt, ef hægt er að leggja á ríkissjóðinn stórfelldar nýjar álögur, samtímis því sem unnið er að því að skera niður stórlega, — e. t. v. ekki stórlega miðað við fjárlög eins og þau eru nú, en þó það mikið, að það er kveinað undan því, að það sé erfiður niðurskurður. Það eru, að því er manni sýnist, nokkuð mikil handarbakavinnubrögð. En látum það liggja á milli hluta, þangað til að því kemur, að hæstv. fjmrh. gerir grein fyrir sínu máli.

Það, sem ég spurði um, var þetta tvennt, sem ég vona, að hæstv. sjútvrh. vilji upplýsa okkur um, hvort hann telur, að í framkvæmdaáætluninni í ár sé gerð viðhlítandi úrlausn Fiskveiðasjóði Íslands, miðað við þær skuldbindingar, sem sjóðurinn hefur á sig tekið og getur naumast komizt undan að uppfylla á þessu starfsári og í annan stað, hvort ákvarðanir hafi verið teknar um 10% lán vegna innlendra skipasmíða.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil fyrst svara þeim fsp., sem til mín hefur verið beint, og þá fyrst af hv. 2. þm. Norðurl. e., sem hér var að ljúka máli sínu. Hann spyr um það, í fyrsta lagi, hvort ég telji, að sómasamlega sé séð fyrir fjárhag fiskveiðasjóðs eða möguleikum hans til að standa við skuldbindingar sínar á árinu og standa undir þeim lánveitingum, sem honum er ætlað að standa undir, með því, sem hér er gert ráð fyrir, og því sem er gert ráð fyrir í þeirri áætlun, sem gerð hefur verið um útlán fjárfestingarlánasjóðanna. Það er rétt hjá hv. þm., að nýendurskoðuð áætlun stjórnar fiskveiðasjóðs um útlánaþörf sjóðsins á yfirstandandi ári gerði ráð fyrir því, að sjóðurinn þyrfti að hafa 1730 millj. kr. til útlána. En samkvæmt þeirri áætlun, sem nú er miðað við, og þeim tekjum, sem hér er gert ráð fyrir, mundi sjóðurinn ekki hafa fjármagn nema sem næmi í kringum 1600 millj. kr. til útlána. Ég tel fyrir mitt leyti, að mjög sómasamlega sé séð fyrir fjárþörf sjóðsins með þessari áætlun, þótt sé nokkuð undir þeirri áætlun, sem sjóðsstjórnin hafði gert. Slíkt átti sér einnig stað á s. l. ári og hefur alla jafna verið gert. Það verður að hafa í huga, að hér er um að ræða útlánaáætlun, en ekki fyrir fram gerðar skuldbindingar. Mikill meiri hlutinn af þeirri fjárhæð, sem hér er um að ræða, er aðeins áætlun um hugsanleg útlán á árinu. Eins og ég sagði er t. d. gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður geti samkvæmt þessari áætlun lánað til fiskvinnslustöðva, bygginga og framkvæmda á árinu 500 millj. kr. á móti rétt rúmlega 300 millj. kr. til hins sama á s. l. ári. Það er í rauninni ómögulegt að segja um það með neinni nákvæmni í upphafi ársins, hversu mikil þessi lán kunna að verða. Þau fara eftir framkvæmdamagni hinna ýmsu aðila. Hvað komast þeir yfir að gera? Hvað ráða þeir við sjálfir? Sömuleiðis er það, að áætlað er að lána vegna innanlandssmíði skipa 700 millj. kr., en var á s. l. ári um 538 millj. kr. Það er satt að segja mjög vafasamt, að skipasmíðastöðvunum takist að skila af sér þetta miklu meira verkefni en var á s. l. ári. Það getur þá ekki gert annað en það í þeim efnum, ef svo tækist til, að þær kæmust yfir miklu meiri skipasmíðar en árið áður, að eitthvað af þessu kynni að dragast yfir á næsta ár á eftir. Sömuleiðis er það, að hér er gert ráð fyrir ákveðinni fjárhæð til lánveitinga vegna endurbyggingar gamalla skipa og til tækjakaupa. Þar er einnig um talsvert miklu hærri upphæð að ræða en var árið á undan. Hér er því einnig um áætlun að ræða, og ég tel eftir atvikum, að fjárhag sjóðsins sé mjög sæmilega borgið með þeirri áætlun, sem hér er miðað við. Ég er líka á þeirri skoðun, að þarna verði í öllum tilfellum, ekki aðeins hjá fiskveiðasjóði, heldur öðrum stofnlánasjóðum, að setja sér eitthvert mark, það sé ómögulegt að starfa hér þannig, að alltaf verði að liggja fyrir fjármunir til útlána, eftir því sem pantanir berast um lán á hverjum tíma. Þar verða stjórnir allra stofnlánasjóða að setja sér eitthvert mark og sætta sig við að vinna innan þess marks, svo framarlega sem um eðlilega áætlun er að ræða. Ég ætla, að hér sé um að ræða hækkun á útlánum fiskveiðasjóðs úr rúmlega 1200 millj. kr. upp í 1600 millj., hér sé um slíka hækkun að ræða, að það verði að telja, að hér sé sæmilega að staðið, þótt ekki sé gert ráð fyrir meiri útlánum.

Þá spurði hv. 2. þm. Norðurl. e., hvað ég segði um hin svonefndu 10% viðaukalán til skipabygginga vegna skipasmíði innanlands. Það er rétt, sem kom fram hjá honum, að þessi mál heyra ekki undir mig í sjálfu sér, ekki nema á þann óbeina hátt, að það er verið að veita þessi lán út á fiskiskip, sem smíðuð eru hér innanlands. Þessi lán eru hreinlega stuðningslán, veitt innlendri skipasmíði. Og það hefur verið afstaða þeirra, sem hafa haft með höndum stjórn á málefnum fiskveiðasjóðs, og ég er á sömu skoðun, að þessi lán eigi ekki að falla undir fiskveiðasjóð sem slíkan. Lög fiskveiðasjóðs gera ráð fyrir því, að veitt sé nokkuð hærra lán, þegar um skipasmíði innanlands er að ræða, þ. e. a. s. að þá sé hámarkslán 75% af kostnaðarverði, en ef um er að ræða fiskiskip, sem smíðað er erlendis, sé hámarkslán 67%, þ. e. a. s. hér er um 8% hærri lán að ræða, þegar smíðað er innanlands. Ég tel fyrir mitt leyti, að ekki komi til mála, að fiskveiðasjóður sem slíkur eigi að veita meiri lánamismun vegna smíði innanlands en sem þessu nemur. Hitt get ég vel viðurkennt, að það geti verið þörf á því að styrkja eða styðja innlendar skipasmíðar, á meðan þær eru að búa betur um sig og verða færari í samkeppni við þær erlendu, með slíkum viðbótarlánum eins og hér hafa verið nú um nokkurt skeið, þar sem veitt hafa verið 10% viðaukalán vegna smíði innanlands. Þetta er því í rauninni hreint iðnaðarmál í sambandi við innlendu skipasmíðarnar. Það er rétt, að það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um það í ríkisstj., hver skuli hafa kvæmdastofnun ríkisins hefur haft með þessar það leiki enginn vafi á því, að það sé ætlunin að halda þessum lánum áfram. Það hefur verið hafður sá háttur á, að byggðasjóður eða Framkvæmdastofnun ríkisins hefur haft með þessar lánveitingar að gera og útvegað hefur verið nokkurt fé í þessu skyni, þótt e. t. v. hafi byggðasjóður þurft að leggja eitthvað af sínu fé þarna til viðbótar, það skal ég ekki segja um. En á s. l. ári var útvegað sérstakt viðaukafé fyrir byggðasjóð vegna þessara lánveitinga.

Afstaða mín er sem sagt þessi, að ég tel, að það komi ekki til mála að fara að blanda þessum lánveitingum saman við lán fiskveiðasjóðs. Ég vil fyrir mitt leyti aðgreina lán hans frá þessum lánum algerlega, en tel, að það þurfi að halda áfram þessum lánum, og ég er sammála hv. þm. um, að það þarf að liggja alveg ljóst fyrir, að þeir, sem láta smíða skip sín innanlands, eigi að fá þessi lán. Um það má ekki vera nein óvissa. Menn þurfa að vita það fyrir fram. Þá þarf auðvitað að sjá um fjármagn í þessu skyni, miðað við það, hvað reiknað er með miklum viðbótarlánum af þessu tagi.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á það, eins og hv. 2. þm. Reykv., að mál þetta kæmi óþægilega seint fram og hefði verið ástæða til að leita eftir samkomulagi um afgreiðslu þessara fjáröflunarmála. Ekki vil ég neita því, að það hefði verið einhver ástæða til þess. En ég vil hins vegar minna þessa hv. þm. á það, að þegar þeir fóru

hér með stjórn mála, þótti ekki nauðsynlegt að bera þetta undir okkur í stjórnarandstöðunni og leita eftir samkomulagi við okkur. Við sáum frv. af þessu tagi nokkrum sinnum og ólíkt stærri og meiri mál en þetta koma fram á þingi á síðustu stundu. En ég er hins vegar ekkert að undanþiggja mig því, að það er galli að þurfa að leggja fram stór frv. í þinglok. Það væri líka fyllsta ástæða til þess að reyna að ná samkomulagi um afgreiðslu mjög stórra mála. En hér er ekki um nein ný vinnubrögð að ræða að þessu leyti frá því, sem áður hefur verið.

Ég vil leiða hér algerlega hjá mér almennar umr. um fjáröflun til annarra stofnlánasjóða. Það eru mál, sem ég tel, að liggi ekki hér fyrir til umr. nú, heldur frv., sem er verið að ræða um, þ. e. a. s. um fiskveiðasjóð og málefni hans. Ég vil segja það alveg skýrt, að því fer fjarri, að fjárhag fiskveiðasjóðs hafi verið þannig háttað eða sé þannig háttað nú í dag, að það hafi verið nokkurt vandræðaástand. Fiskveiðasjóður er fjárhagslega mjög öflugur sjóður, einn öflugasti lánasjóður í þessu landi að eigin fé, og hann hefur getað staðið við sínar skuldbindingar á mjög eðlilegan hátt. Það er hins vegar alltaf nokkurt álitamál í sambandi við lánveitingar fiskveiðasjóðs, hvað langt á að ganga á þeirri braut að taka erlend lán til framlána, en það gefur hins vegar auga leið, að við komumst ekki hjá því að taka talsvert mikil erlend lán í sambandi við útlán fiskveiðasjóðs. Það er alveg útilokað að mínum dómi að halda hér uppi miklum skipasmíðum innanlands á þann hátt, að ekki séu tekin einhver erlend lán í sambandi við þær framkvæmdir. Við höfum um mjög langan tíma yfirleitt keypt okkar dýrari fiskiskip með þeim hætti, að við höfum fjármagnað þau kaup með lánum erlendis. Við höfðum í mörg ár þær reglur, að allir, sem keyptu fiskiskip erlendis frá, urðu að semja á þeim grundvelli, að þeir fengju stóran hluta af kaupverðinu lánaðan til minnst 5 ára, síðan 7 ára og nú síðast í 8 ár. Hlutverk fiskveiðasjóðs hefur því um langt árabil verið þannig, að hann hefur fyrst og fremst tekið að sér að lengja þessi lán og tekið sem sagt á sig stofnlánavandann stig af stigi. En um leið og horfið er að því að byggja mikið af skipunum hér innanlands, eykst lánavandinn svo ört, að það eru engar líkur til þess, að hægt sé að standa undir þeim lánum, nema tekin séu erlend lán að meira eða minna leyti, og fiskveiðasjóður fái þau lán. Svipað má segja um framkvæmdir á vegum ýmissa fiskvinnslustöðva. Þar er oft um að ræða vélakaup í stórum stíl, og hefur þótt eðlilegt á undanförnum árum að taka erlent lán í sambandi við slíkar framkvæmdir, og það er gert enn. Hins vegar er ég á þeirri skoðun, að þegar lánveitingar fiskveiðasjóðs vaxa mjög hratt, eins og nú á sér stað, vegna gífurlega mikilla framkvæmda á vegum fiskiðnaðarins í landinu og einnig vegna óvenjumikilla skipasmíða innanlands sé eðlilegt, að tekjur sjóðsins séu auknar. Og þegar það er einnig haft í huga, að gildandi lagareglum um fiskveiðasjóð hafði verið breytt í tíð fyrrv. ríkisstj. fiskveiðasjóði stórlega í óhag, þannig að dregið var úr þeim tekjum, sem fiskveiðasjóður átti að hafa samkvæmt lögum, með því að framlag ríkissjóðs var minnkað á móti öðrum tekjum, sem sjóðurinn hafði, þá er ekki óeðlilegt, að sótt sé eftir því að auka tekjur fiskveiðasjóðs nokkuð, eins og hér er lagt til, að vísu um stuttan tíma eða 2½ ár, vegna þeirra sérstöku verkefna, sem nú er við að glíma.

Það er ósköp auðvelt að segja, eins og kom hér fram hjá hv. 2. þm. Reykv.: það vantar fé í stofnlánasjóðina, það vantar fé til framkvæmda, en hafa svo engar till. fram að færa sjálfur, heldur bara almennt nudd, tala um það, að ef þetta sé lagt á sjávarútveginn, þá sé það skattur á hann, ef það sé lagt á ríkissjóð, þá sé það skattur á landsmenn. Það er rétt eins og hv. þm. hafi helzt komið það til hugar, að til væri einhver leið, þannig að hægt væri að afla fjárins án þess að nokkur borgaði það. Hér þýðir vitanlega ekkert annað en að horfast í augu við veruleikann. Það er auðvitað hægt að reka fiskveiðasjóð áfram, eins og gert hefur verið, með þeim tekjum, sem hann hefur búið að, og láta hann aðeins taka meira af erlendum lánum og framlána þau. Það er tiltölulega auðvelt. Eða á heldur að fara þá leið, sem upphaflega var mótuð varðandi tekjur fiskveiðasjóðs, að sjávarútvegurinn sem heild leggi fram nokkuð í sjóðinn frá sér og ríkið viðurkenni uppbyggingu sjóðsins með því að leggja fram álíka fjárhæð á móti. Þetta er sú stefna, sem hér hefur verið ríkjandi í þessum málum um margra ára skeið.

Sú till., sem hér er gerð um það að leggja á sjávarútveginn 1% útflutningsgjald á verðmæti sjávarafurða þýðir það, að allir þeir, sem að sjávarútveginum standa, eru hér að leggja á sig nokkurt aukagjald, útvegsmenn og sjómenn, og ég ætla, að þeir muni ekki skorast undan því í sambandi við þær framkvæmdir, sem þeir eiga sjálfir að búa að, þótt þetta sé gert, enda er gengið út frá því, að þessi sjóður veiti þessum aðilum hagkvæmari lán en almennt er hægt að fá í krafti þess, að þessir aðilar hafa sjálfir lagt fé í sjóðinn við að byggja hann upp. (**Gripið fram í:** Hefur verið haft samráð við þessi samtök?) Já, ég átti eftir að svara því. Ég skal svara því. Það er rétt, það hefur ekki verið haft neitt formlegt samband við samtök sjávarútvegsins um þessi mál, en hins vegar liggja fyrir margar samþykktir um, að það beri að gera útlán fiskveiðasjóðs sem hagkvæmust fyrir sjávarútveginn og efla beri sjóðinn. Þessi till. er við það miðuð, að tekjur sjávarútvegsins af útflutningi fari nú mjög vaxandi. Þegar þær fara vaxandi er auðvitað um það að ræða, að fiskverð geti hækkað, og hægt er þá að ganga út frá betri afkomu í sjávarútvegi en áður hefur verið, eða þá að sú leið er farin, eins og líka hefur verið gert á þessu ári, að taka þó nokkurn hluta af hækkandi verðlagi og leggja í verðjöfnunarsjóð, eins og á sér stað í allríkum mæli á þessu ári. Það er skoðun mín, að það sé eðlilegra að láta þann hluta, sem hér er um að ræða, renna til fiskveiðasjóðs heldur en að auka greiðslur sjávarútvegsins í verðjöfnunarsjóð. Og það er vitanlega það, sem fyrst og fremst mundi gerast í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, að greiðslur sjávarútvegsins í verðjöfnunarsjóð yrðu þetta miklu minni sem nemur því gjaldi, sem hér er um að ræða.

Nei, það er í rauninni ekki hægt að leyfa sér að halda þannig á þessum málum, eins og hv. 2. þm. Reykv. gerði í sinni ræðu, að segja, að fjárþörf sjóðanna sé ótvíræð, þeir þurfi á auknu fé að halda, en geta svo ekki hugsað sér neina leið til þess að leysa þennan ótvíræða vanda. Mér væri mjög kært, ef hv. þm. vildi koma hér með nýjar till. um það, hvernig ætti að leysa þennan vanda.

Hér hefur verið gerð sú athugasemd, að með þessu frv. sé m.a. verið að leggja til, að ríkissjóður taki á sig á þessu ári nýjar fjárskuldbindingar, og það sé rétt að nokkru leyti. Það er gert ráð fyrir því samkvæmt frv., að tekjur fiskveiðasjóðs gætu aukizt á síðari hluta þessa árs um allt að 150 millj. kr. og af því ættu að koma frá ríkissjóði um 75 millj. kr. Þetta framlag ríkissjóðs mundi að venju ekki koma til fiskveiðasjóðs nema að sáralitlu leyti þá á þessu ári, vegna þess að hér er um greiðslu á útflutningsgjaldi að ræða. Sú framleiðsla, sem á sér stað á síðari hluta ársins, er að mjög verulegu leyti flutt út á næsta ári á eftir. Ég held því, að samkvæmt þessu frv. sé ekki um miklar aukagreiðslur að ræða á ríkissjóð á þessu ári, en greiðslan kæmi að sjálfsögðu á næsta ár. Hér er um að ræða fjárskuldbindingu fyrir ríkissjóð fyrir 2½ árs tímabil, en greiðsluskyldan mundi auðvitað ná yfir nokkuð lengra tímabil en til ársloka 1975, vegna þess að hér er um mótframlag að ræða á móti útflutningsgjaldi.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist hér á ýmis atriði mjög almenn eðlis, sem ég skal ekki fara að eltast við hér, nema aðeins víkja að örfáum atriðum til leiðréttingar. Hann sagði, að ég hefði samið við sjávarútveginn um s. l. áramót, um niðurfellingu á tilteknu gjaldi, sem næmi í útgjöldum fyrir ríkissjóð 160 millj. kr. á ársgrundvelli. **(Gripið fram í: Tekjumissi.)** Já, eða tekjumissi. En þetta er rangt. Þetta nemur ekki, samkvæmt útreikningi, nema á milli 80 og 90 millj. kr., sem koma ekki heldur til greiðslu úr ríkissjóði að öllu leyti á þessu ári, heldur kemur það að eðlilegum hætti, samkv. innheimtureglum, ekki fyrr en á árinu þar á eftir. Ég hef heyrt þessar fullyrðingar nokkrum sinnum áður, en þetta er rangt. Hér er ekki um það að ræða. En það samkomulag varðaði líka allt annað en það, sem hér er um að ræða. Þar var um að ræða samninga, sem snerta rekstrargrundvöll útgerðarinnar miðað við þá tímabil, sem var verið að semja fyrir. Hins vegar varðar uppbygging sjóðanna í rauninni allt annað og er líka miðuð við allt annað tímabil. Ég hefði ekki lagt það til um s.l. áramót að leggja á sjávarútveginn 1% viðaukaútflutningsgjald. Það hefði mér ekki dottið í hug þá. En það er orðin breytt aðstaða. Og nú tel ég, að það sé ekki óeðlilegt, að lagt sé á þetta gjald, miðað við þær stórkostlegu breytingar, sem orðið hafa á útflutningsverði sjávarafurða síðan. Það verður að sjálfsögðu samið á nýjan leik við sjávarútveginn, bæði sjómenn og útvegsmenn, um nýtt fiskverð nú í júnímánuði n.k., og þá verður auðvitað tekið fullt tillit til þessa nýja gjalds, verði það samþykkt, og samningar allir miðaðir við þessi útgjöld, sem þá eru orðin. En eins og ég hef sagt, þá eru þessar till. miðaðar við það, að nú hafi skapazt aðstæður til þess, að sjávarútvegurinn geti greitt sjálfum sér á þennan hátt þetta framlag og það sé betur komið í fiskveiðasjóði, eins og sakir standa, en leggja það í verðjöfnunarsjóð.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á sérstök skilyrði fiskveiðasjóðs í sambandi við lánveitingar hans og komst þá jafnvel upp í það, að vextir af slíkum lánum gætu komizt í 17—18%. Ég þykist sjá, að hv. þm. sé hér að fara með atriði, sem hann veit ekki nægilega um, en ég verð að játa líka, að ég þekki það ekki, að slíkt geti átt sér stað varðandi lán út á skip, því að um það gilda alveg fastar reglur hjá fiskveiðasjóði. Það eru alveg föst fyrirmæli um lánstímann, vextina og almenn skilyrði um það, að taka má allt að ⅔ af gengisáhættu á hverjum tíma. Þetta, sem hann var að greina frá varðandi framlán á spariskírteinalánum, getur verið til allt annarra framkvæmda á vegum fiskveiðasjóðs og úr fiskveiðasjóði til allt annarra framkvæmda. Þá hefur það verið siður í fiskveiðasjóði, föst regla, að hann lánar yfirleitt það fé, sem hann tekur að láni, með sams konar kjörum og hann tekur það. Hann hefur tekið örlítið af þessum spariskírteinalánum og lánað út til alveg sérstakra hluta. En það eru ekki lán, sem ganga til kaupa á skipum eða venjulegra skipalána, sem eru með öðrum kjörum.

Ég held að sjávarútvegsmenn hafi aldrei kvartað undan því, — mér er ekki kunnugt um það, þó að þeir hafi gert það á ýmsum tímum —, að greiða nokkurt gjald til fiskveiðasjóðs. En hitt er annað mál, að þeir hafa gert magrar samþykktir um að vilja losna undan ýmiss konar öðrum gjöldum, sem lögð hafa verið á þá. Slíkum gjöldum hefur verið létt af í ýmsum greinum. Hv. þm. minntist á, að það hafi verið gert ráð fyrir því að létta slíkum gjöldum af. Ég vil nefna eitt atriði í þeim efnum, sem hefur skipt sjávarútveginn allverulegu máli. Létt var af söluskatti á olíu, einni aðalnauðsynjavöru útgerðarinnar. Þessi skattur var felldur algerlega niður, og það munar að sjálfsögðu allverulega í rekstrinum. Það er hins vegar rétt, að það mætti létta þarna af miklu fleiri gjöldum, og þarf vissulega að vinna að því, að það verði gert, því að það er búið á undanförnum árum að stafla þarna upp margvíslegum útgjaldaliðum. Einn af þessum útgjaldaliðum var sá launaskattur á aflahlut sjómanna, sem lagður var á í tíð fyrrv. ríkisstj. og hv. 2. þm. Reykv. var hér einmitt að minnast á, að ég hefði samið um við útvegsmenn að létta af þeim nú um síðustu áramót. Sá launaskattur var alltaf mjög ósanngjarn, að leggja hann á aflahlutinn, því að aflahluturinn hreyfist ekki eftir vísitöluútreikningi eins og önnur laun. Það er öllum kunnugt, að þessi launaskattur var beinlínis lagður á með þeirri röksemd, að hann kæmi í staðinn fyrir beinar launagreiðslur, sem annars hefðu orðið með hækkandi vísitölu. Útvegsmenn fundu að þessu og gerðu margsinnis kröfu um, að hætt yrði að innheimta þennan launaskatt af aflahlut sjómanna, en útgerðin verður að borga þennan launaskatt af öllum launagreiðslum og í sambandi við allar sínar framkvæmdir verður vitanlega útgerðin og öll fiskvinnslan að borga launa-

skatt. Hér er aðeins um það að ræða, að það er hinn eiginlegi aflahlutur sjómanna, sem þarna er undanþeginn.

Nú, ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vil ætla, að þrátt fyrir þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram og sumpart hafa verið fullkomlega eðlilegar, en aðrar sprottnar af því, að menn hafa afskaplega mikla þörf fyrir að skammast almennt um málið, og við því er í rauninni ekkert að segja, að það geti í rauninni orðið samstaða hér á hv. Alþ. um það, að fiskveiðasjóður fái þær auknu tekjur, sem hér er gert ráð fyrir, og menn viðurkenni, að eins og tekjum sjóðsins er nú orðið háttað og miðað við þær stórkostlegu framkvæmdir, sem hann á að veita lán til og nú ganga yfir í þjóðfélaginu, sé ekki óeðlilegt, að ríkið taki á sig þann hluta, sem hér er gert ráð fyrir, og það þegar atvinnugreinin sjálf leggur á sig jafnmikið og hér er lagt til að hún geri. Þetta er að vísu gert af minni hálfu í fullu trausti þess, að sjávarútvegurinn verði fær um það að standa undir þessu gjaldi áfram. Ég geri mér vonir um það, eins og sakir standa nú. Hvað verður á næstu árum, skal ég ekki um segja, en ég geri mér vonir um, að hann eigi að geta staðið undir þessu gjaldi og þeir, sem eiga að njóta, í þessu tilfelli sjávarútvegsmenn allir, skorizt ekki undan því að taka þetta á sig, ef ríkið vill leggja fram sinn hlut.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Það var sérstakt atriði, sem ég vildi ræða um. Ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að þegar hæstv. sjútvrh. lét svo ólíklega að ætla hv. 2. þm. Reykv. þá skoðun, að hægt væri að taka fé án þess að taka það nokkurs staðar frá, fannst mér hann höggva nokkuð nærri sjálfum sér. Það hefur nefnilega verið einkenni á hæstv. ráðh. og raunar ekki frekar á honum en hans samflokksmönnum, að þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, hafa þeir ekki stillt kröfum sínum betur í hóf en svo, að það hefur ekki verið neinu líkara en þeir héldu, að það væri hægt að ráðstafa fé án þess að taka það nokkurs staðar frá.

En það er nú svo, að jafnvel þó að þessir menn, hæstv. ráðh. og hans flokksmenn, séu komnir í ríkisstj., eru þeir ekki lausir við þann hugsunarhátt, að hægt sé að ráðstafa fé, án þess að það sé tekið nokkurs staðar frá. Ég nefni í þessu sambandi dæmi, sem er ekki fjarlægara en gengislækkunin, sem gerð var í desember s. l. Þá var það yfirlýstur tilgangur með gengislækkuninni, að það ætti að yfirfæra fjármagn, á ársgrundvelli 800—1200 millj. kr., til sjávarútvegsins honum til styrktar. Það þótti þá eitt aðaleinkenni þessarar gengislækkunar og kostur, að það átti enginn að verða var við það, að þetta fé væri tekið. Það átti ekki að taka það af neinum. Og það voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að áhrif gengislækkunarinnar kæmu ekki inn í kaupgjaldsvísitöluna, til þess að undirstrika þetta. Nú er það hins vegar framför, þegar hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki hægt að ráðstafa fé, nema það sé tekið einhvers staðar frá. Og auðvitað er ég honum sammála um það. Ég er honum sammála um, að það sé nauðsynlegt að efla tekjustofna fiskveiðasjóðsins. Þá geri ég auðvitað ráð fyrir, að það verði að taka fé einhvers staðar frá.

En mér fannst ábótavant við það, hvernig hæstv. ráðh. lagði þetta mál fyrir. Hann gerði hv. þm. ekki nógu skýra og glögga grein fyrir því, hvernig málin stæðu, þannig að þeir mættu meta það sjálfir að fengnum upplýsingum, hvort þær ráðstafanir, sem lagðar eru til með frv., sem hér er til umr., væru nægjanlegar. Hæstv. ráðh. gat um, hvað væri áætlað um útlán sjóðsins. Það er góðra gjalda vert. En það eru ekki nægilegar upplýsingar til þess að gera sér grein fyrir því, hvort þær ráðstafanir, sem frv. leggur til um tekjuöflun, séu nægilegar. Hæstv. ráðh. sagði, að mjög væri að gert. Ég vil ekki bera brigður á þá fullyrðingu hæstv. ráðh. að svo stöddu. En ég óska eftir því, að hæstv. ráðherra geri glögga grein fyrir því, þ. e. a. s. að hann upplýsi ekki einungis hv. þm. um það, hvað útlánin eru áætluð mikil á næsta ári, heldur einnig, hvað aðrar greiðslur sjóðsins eru áætlaðar. Ég á við, hvað eru áætlaðar afborganir af skuldum og vöxtum sjóðsins? Þetta þarf að koma fram annars vegar. Hins vegar þarf að koma fram, og það hefur ekki komið fram, hverjar eru áætlaðar tekjur sjóðsins á næsta ári. Hverjar eru áætlaðar tekjur af vöxtum af lánum og öðrum kröfum sjóðsins? Hverjar eru áætlaðar tekjur af útflutningsgjöldum, sem renna til sjóðsins samkvæmt núgildandi lögum? Þetta er nauðsynlegt að fá upplýst, til þess að hægt sé að sjá, hvað þessar tekjur nema miklu til viðbótar við þær 35 millj. kr., sem eru framlag ríkissjóðs, og hver er þá munurinn, þegar þetta dæmi er sett upp, annars vegar á tekjum sjóðsins samkvæmt tekjuáætlun og hins vegar á greiðsluskyldum sjóðsins. Hver er munurinn? Ég óska eftir að fá upplýsingar um það til þess að gera mér grein fyrir, hvort sú tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, nægir. Samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðh. og eins og greinir frá í grg. frv. er hér um að ræða um 320 millj. á ársgrundvelli. Nú tel ég, að hv. þm. þurfi að vita, hvort þessi upphæð nægi til þess að mæta mismuninum á áætluðum útgreiðslum og inngreiðslum sjóðsins á þessu ári. Ég legg mikið upp úr þessu og mér finnst ekki hægt að ætlast til, að hv. þm. taki afstöðu til þessa máls, fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir.

Ég verð að segja það, að mér fannst það nokkuð veikja allan málflutning hæstv. ráðh. og tilgang þessa frv. um tekjuöflun til sjóðsins, þegar hann færði fram í ræðu sinni hér áðan ástæður fyrir því, að menn þyrftu ekki að óttast, að ríkissjóðnum yrði mikið ofboðið í ár. Hæstv. ráðh. sagði, að þessar tekjur, sem hann var áður búinn að segja að ættu að koma sjóðnum til góða á þessu ári, kæmu ekki til sjóðsins fyrr en á næsta ári. Mér finnst, að þetta sé ekki góð röksemdafærsla, og þetta veikir nokkuð trú mína á gagnsemi þesssarar tekjuöflunar, a. m. k. fyrir sjóðinn á þessu ári, ef slík rök sem þessi halda. En ég sagði, hæstv. forseti, að ég ætlaði ekki að lengja mikið þessar umr. Ég stóð fyrst og fremst upp til þess að fá þær upplýsingar, sem ég óskaði eftir, og ég vænti

þess, að hæstv. ráðherra gefi þær þegar við 1. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Umr. hafa nú staðið nokkuð lengi um þetta mál, sem ráðh. undirstrikaði þó, að ætti að vera samstaða um, en sjálfur hefur hann notað langmestan tímann, svo að ég ætla hér að fjalla um málið í nokkrum orðum.

Í 1. gr. er fjallað um tekjuöflun sjóðsins og í c-lið er bætt inn þessu nýja ákvæði: „1% af *fob.-verði útfluttra sjávarafurða. Skal gjald þetta* reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og skal það reiknað af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu 1. júlí 1973 til 31. desember 1975". Það er því um tímabilsbundið gjald að ræða, eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. og hann undirstrikaði. Ég skildi svo tölu hans einnig, að þetta kæmi inn í heildarmyndina, þannig að það yrði einnig dregið frá við fiskverðsákvörðun. Ég skildi það einnig svo í sambandi við skiptakjör. Ef þetta er ekki réttur skilningur, þarf það að undirstrikast á einhvern annan veg. Einnig kemur fram í d-lið: „til viðbótar framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa *fjárhæð árlega*", en í grg. kemur fram, að í frv. um útflutningsgjald af sjáfarafurðum, sem nú liggur fyrir hv. þingi, lækkar þetta hlutfall, sem fiskveiðasjóður hefur haft, enn og mun verða sem næst 9.4%, og hér er auðvitað verið að koma í veg fyrir þessa þróun. Þetta frv. á að gefa sjóðnum auknar tekjur. Það hefði verið ósköp eðlilegt, þegar við vorum að fjalla um útflutningsgjaldið, að okkur hefði verið gerð grein fyrir því í sama mund, hvað þetta þýddi fyrir fiskveiðasjóð. Einnig hefði verið eðlilegt, að hér fylgdi með í grg., hvað mikið af skipum væri í smíðum innanlands, því að ef ég man rétt, nefndi hæstv. ráðh., að fjármögnun fyrir innanlandssmíði væri rétt um 700 millj. *Þetta þýðir í sjálfu sér ekki mörg skip, ef hér* er um skutsmíðuð skip að ræða. Hins vegar getur þessi tala dreifzt á mjög marga, ef um mjög ólíka samsetningu flotans er að ræða.

Þá kem ég að mjög mikilvægu atriði í sambandi við þessa fjármögnun. Það er rétt í sjálfu sér, að útvegsmenn hafa ekki kvartað undan þessu kerfi, sem er orðið, ef ég man rétt, 50 eða 60 ára gamalt, þessari kvöð hjá þeim sjálfum að leggja nokkuð af mörkum í sjóðinn, sem endurlánaði þeim svo með góðum kjörum, en hafa skipzt á að vera 20 ár, niður í 15 ár og svo aftur núna 20 ár. En það, sem hefur oft staðið í mönnum, er að mismuna mönnum í lánakjörum. Aðalreglan hefur verið 75% á innanlandssmíði og 67% á erlenda smíði, eins og ráðh. undirstrikaði, að ætti að vera fast og tryggt, og ég er honum alveg sammála í því efni. En út frá þessari reglu hefur stundum verið brugðið og skip keypt til landsins með miklu betri kjörum en önnur og einnig smíðuð hér innanlands skip, sem hafa fengið mun betri lánskjör en önnur, jafnvel án gengisálags. Þetta er óeðlilegt, og ég hef gagnrýnt þetta áður hér á Alþ. og einnig í samtökum útvegsmanna. Vegna hvers er þetta óeðlilegt? Vegna þess, að gjaldið er tekið af öllum jafnt, hver sem dregur fiskinn úr hafinu. Hann verður að borga gjaldið þegjandi og hljóðalaust. Þá á ekki að mismuna mönnum mjög úr sama sjóði í lánum. Hins vegar, ef þarf að hjálpa til vegna annarra aðstæðna við innlenda skipasmíði, þá ber að leita eftir þeirri aðstoð eða þeim möguleikum á öðrum vettvangi. Það er mín skoðun. Og ég skil hæstv. ráðh. mjög á sama veg, ef ég hef skilið orð hans rétt áðan, þannig að þess sé gætt í fiskveiðasjóði, að hann haldi sér við sínar grundvallarreglur og láni út 75% á innanlands*smíði og 67%* við innkaup á skipum smíðuðum erlendis.

En nú vil ég í leiðinni spyrja, af því að hér átti sér stað samþykkt á frv. með mjög skjótum hætti og ég fékk aldrei svör við því, þó að ég spyrði um það: Hvað varð um þessa 10 milljarða, sem voru teknir að láni nokkru fyrir áramót? Hvernig skiptust þeir? Fóru þeir óskiptir í það að borga japönsku togarana út, eða fékk fiskveiðasjóður eitthvað til endurláns, og hvernig hefur því fjármagni verið ráðstafað? Einnig segir í skýrslu, sem var að koma rétt í þennan mund, um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, að það sé gert ráð fyrir, að sjóðurinn taki lán innanlands og erlendis. Þetta kann allt að verða nánar skilgreint, þegar við ræðum þessa skýrslu í hv. deild, en ef það liggur fyrir hjá hæstv. ríkisstj., hvernig þessi skipting fer fram, teldi ég eðlilegt, að það kæmi a. m. k. fram í n. Það er ekki víst, að hæstv. ráðh. geti svarað því nú með þessum stutta fyrirvara, en það er a. m. k. eðlilegt, að við fáum um það glöggar hugmyndir, hvernig sjóðurinn ætlar að fjármagna sig með lántökum innanlands og erlendis. Erlendri lántöku fylgir auðvitað ákveðin gengisáhætta, og segir á bls. 2, að árleg fjáröflun til fiskveiðasjóðs sé ekki meiri en svo, að eigið fé sjóðsins minnki stöðugt í hlutfalli við útlánin. Þetta getur auðvitað ekki haldið áfram. Við erum allir sammála um það. Fari svo, getur sjóðurinn ekki starfað, nema þeim forsendum sé fullnægt með aukinni tekjuöflun eða aukinni lántöku. Og þá skiptir miklu máli, hvort lánin koma af innlendum eða erlendum peningamarkaði. Nú segir áfram á bls. 2, að reiknað sé með 10% aukningu útflutningsverðmæta á næstu tveimur árum. Þetta er auðvitað spádómur, sem enginn veit um til né frá, hvernig muni rætast, hvort þetta er magnaukning, sem skiptir miklu máli, eða verðmætisaukning vegna gengis krónunnar, sem skapar bylgjuhreyfingu í aukna fjármagnseftirspurn og skapar því ekki raunhæfar tekjur að mínu mati, því að þá vex eftirspurnin jafnhratt. Sé hins vegar um magnaukningu að ræða, sem ég vildi vænta, að ætti sér stað, vegna landhelgisútfærslunnar og margs annars, er hér um hreina nettótekjuaukningu að ræða fyrir ríkissjóð og fiskveiðasjóð.

Ég hef raunverulega ekki mjög miklar áhyggjur af þessu aukna álagi á ríkissjóð nú, þegar upplýst er, að loðnuvertíðin muni gefa 2.2—2.4 milljarða óvænta tekjuaukningu í heild. Samkv. meðaltekjuöflun ríkissjóðs af útfluttum sjávarafurðum eða tolltekjum eru það réttir 24 aurar af hverri kr., svo að þarna fær ríkissjóður

nokkur hundruð millj. óvænt, og verði honum að góðu, þörfin er mikil. En áfram er beitt 15% niðurskurðinum alls staðar þar, sem hægt er. Ég held, að fjmrh. hafi ekki dregið neitt úr þeirri siglingu enn þá eða rifað seglin í því efni þrátt fyrir betra útlit.

En eitt hefur ekki komið fram hér, sem skiptir miklu máli í þessu sambandi: Hver er möguleiki fyrir togarana, sem kalla á svona geysilega aukna eftirspurn í fjármunum? Hver er möguleiki til að standa í skilum gegnum stofnfjársjóðskerfið, sem fyrrv. ríkisstj. kom á? Ég fullyrði, þrátt fyrir hörð átök ýmissa manna, sem ég ætla ekki að fara að rifja hér upp, að það er fiskveiðasjóði til mikilla heilla. Endurnýjun skipaflotans er trygging þess, að föst innheimtuprósenta komi jafnan til fiskveiðasjóðs í gegnum stofnfjársjóð. Það er mjög mikilvægt, að það sé svo. Ef það kemur í ljós, að togararnir með núverandi ákvæði hafi enga möguleika til að standa í skilum með þeirri prósentu, sem fylgir innlögðu fiskverði í dag, gæti vel hugsazt, að það þyrfti að endurskoða það hlutfall. Það getur ekki verið eðlilegt og sanngjarnt, að það séu lagðar stórálögur á marga aðra í útveginum, sem einnig hafa verri lánakjör en þessi hluti flotans og er einnig gert að greiða miklu meira inn í sjóðinn. Það er ekki eðlilegt. Og hvernig fer þá hjá þessum nýja, stóra flota, sem þegar á þessu ári og komandi ári kallar á milljarðaeftirspurn í lánum, ef 10% ákvörðun á innanlandssölu og 16% ákvæðið á erlenda sölu gerir þeim enga möguleika til að standa í skilum og vanskil hrannast upp? Auðvitað verður það verkefni viðkomandi ríkisstj. hverju sinni að leysa vandann. En ég trúi því ekki, að þetta frv. hafi verið sett fram og greiðsluáætlun samin af fiskveiðasjóði eða í Framkvæmdastofnun ríkisins öðruvísi en þessu vandamáli hafi verið velt fyrir sér samtímis. Ég trúi því varla. Ég fer fram á það, að við getum fengið það a. m. k. í n., ef hæstv. ráðh. getur ekki svarað því á þessu stigi málsins.

Einnig er mjög fróðlegt að vita um það, hver arðsemi vissra hópa bátaflotans hefur verið og hver skilasemi í gegnum stofnfjársjóðskerfið, því að það liggur mjög vel fyrir. Að gefnu tilefni get ég sagt það, að um einn hóp báta sagði lögfræðingur fiskveiðasjóðs ekki fyrir löngu, að ef við förum af stað með innheimtu vegna vanskila, þá er kippa til af þessum flota til sölu eða í snörunni. Þeir hafa þó notið mjög mikilla og betri lánskjara en margir aðrir, og þetta er alvarlegt mál. Það skiptir nefnilega mjög miklu máli, þegar um fjármögnun af almenningseign er að ræða og með kvöð á útveginn, hvernig peningum er ráðstafað aftur. Það skiptir mjög miklu máli. Það er allt annað sjónarmið, sem á að ríkja í því sambandi, en bara hugsa um það eitt að útvega ákveðnum hóp manna atvinnu við ákveðna iðngrein. En þetta er flókið vandamál. En það er þess eðlis og viðkvæmt, að eðlilegt er, að það sé athugað í leiðinni við slíka afgreiðslu sem hér á sér stað, þegar við erum að leggja kvaðir á ríkissjóð, sem gætu numið, ef vel árar, um 140—180 millj. fram yfir það, sem verið hefur, á næstu tveimur árum.

Í eðli sínu deilir enginn um það, að stofnfjársjóðirnir verði að hafa trygga fjármögnun, það er ekki deiluatriði í þessu tilfelli. En hæstv. ráðh. sagði, að á sínum tíma hefðu þeir séð mörg stór frv. svipuð þessu koma fram á síðustu stundu. Hann nefndi ekki eitt einasta dæmi. Fyrst hann hefur dæmi um mörg frv. af svipuðum tagi, mætti hann nefna 2—3, svo að við sæjum, hvaða sannleiksgildi fælist í þessum orðum. En hvað sem því líður, þá eru með þessu frv. lagðar meiri kvaðir á sjávarútveginn sem heild. Það eru líka lagðar meiri kvaðir á sjávarútveginn með hafnal., sem við munum væntanlega afgreiða innan skamms í hv. d. og hafa komið frá Nd. Menn hafa deilt um, hve stór tala fælist í þeirri afgreiðslu. Hún er örugglega á 2. hundrað millj. Síðan eru auknar tryggingar, sem á venjulegu skipi nema orðið hundruðum þús. á áhöfnina. Þó að ótrúlegt sé, er tryggingin orðin svona mikil. En það er gott og vel, ef sjávarútvegurinn þolir þetta án áfalla og án þess að ríkissjóður þurfi að hlaupa undir bagga, ef afli er rýrari en gerist í meðalári. En það er ekki skynsamlegt að hafa ekkert svigrúm til, ef á bjátar, við íslenzkar aðstæður, því að það kemur fyrr eða síðar fram, að hér eru það miklar sveiflur til sjávar og til lands varðandi tíðarfar og annað árferði, að við megum alltaf búast við einhverjum erfiðleikum í rekstrinum, án þess að við þurfum nokkuð að kenna misgóðri ríkisstj. eða missnjöllum ráðh. Þetta kemur og þetta gerist, og þá er það slæmt, að öllu sé eytt það ört, að ekkert sé lagt til hliðar, þar til miður árar.

Annað atriði, sem snertir þessa fjármögnun mjög, var vátryggingakerfið, og var það eitt af atriðum í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., að það skyldi endurskoðað. En þar á sér stað gífurlegur tekjuflutningur á milli manna, sem nemur mörgum tugum millj., án þess að nokkurn tíma komist á hreint, hvernig þeim málum sé háttað, því miður. Þetta er gamalt kerfi og verður engum einum kennt um til eða frá. En þetta loðir við og heldur áfram og hefur heldur velt upp á sig en hitt, því miður. Þrátt fyrir það að reynt hefur verið að hamla á móti því með aukinni eigin áhættu hjá skipunum, þá er það alveg sama. Það er staðreynd, að þessi góðu aflaskip leggja svo að nemur 1—2 millj., jafnvel yfir 2 millj., á borð með öðrum í viðbót við alla aðra skatta, sem teknir eru af þeim, bara í gegnum þetta eina kerfi, og þykir mörgum sæmileg skattheimtan. En þetta kemur hvergi fram. Þetta er tekið þegjandi og hljóðalaust í öllu kerfinu. Þetta mun auðvitað halda áfram, þegar um prósentutölu er að ræða. Hér kemur fram í grg. á bls. 2, að fiskvinnslustöðvar hafa fengið nokkuð á fjórða hundrað millj. í lánum, og ég skil þetta kerfi allt þannig, að lánakvöðin liggi raunverulega ekki á þeim, hún liggi á frumöflun. Vegna hvers? Vegna þess að þau gjöld, sem allt þetta kerfi býður upp á, hvort sem það er þetta gjald til fiskveiðasjóðs eða annað, eru dregin frá, áður en fiskverð er endanlega ákveðið til skipta. Það þýðir það, að ef einhver tala er 100, þá er þessum gjöldum safnað saman, og hvort sem þau eru 5 í hlutfalli eða 15, eru þau dregin frá, og til uppskipta kemur síðan afgangurinn. Eftir verður aðeins hlutur öflunarinnar, þ. e. a. s.

áhafnar og útgerðar, og það má alltaf hlaða á hann. Það er eins og megi alltaf hlaða á hann, hvernig sem árar, og hann eigi að geta velt sér áfram hikstalaust. En þetta er varhugavert, og það hlýtur einhvern tíma að koma að þeim mörkum, að hann kiknar undan því og hefur ekkert, ef misferst í árferði. Þá er hlaupið til og sagt: Klaufar, óforsjálir menn, þeir verða að leita á náðir ríkissjóðs. — Þennan söng þekkjum við allvel hér í sölum Alþ., þjóðin einnig, og gerir það að verkum, að færri og færri vilja starfa að öflun við sjávarútveg á Íslandi, því miður. Þó að hæstv. sjútvrh. hafi e. t. v. fundizt ég fara nokkuð út fyrir aðalefni þessa frv., þá er þetta raunverulega allt tengt, eins og honum er mætavel kunnugt um. Ég er ekki að deila á efni frv. út af fyrir sig eða hann persónulega. Það er öðru nær. En ég undirstrika, að þetta mál er það stórt og viðamikið, að ánægjulegra hefði verið, ef við hefðum fengið meira en eina viku til umráða um svona mál og til þess að fjalla um það í n. og athuga ýmsar hliðar þess. Það hefði verið miklu ánægjulegra.

Jón Árnason: Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt, að það komi fram við þessar umr., hvernig nú horfir um afgreiðslu mála. Það kemur mikið inn á síðustu dögum þingsins, ef gert er ráð fyrir að ljúka Alþ. fyrir páska. Það, sem hæstv. ráðh. hafa sér til afsökunar í þeim efnum, er að vísa til þess, að slíkt hafi átt sér stað áður. En ég verð að segja, að það er hart að þurfa að taka til fyrirmyndar þau vinnubrögð, sem þeir deildu harðast á, á meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. En það virðist vera það, sem á að taka sem góða og gilda afsökun í sambandi við afgreiðslu og vinnubrögð hæstv. núv. ríkisstj. í sambandi við þau stóru mál, sem nú er kastað inn á þingið á síðustu dögum.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, er mál, sem var gert ráð fyrir, að mundi koma hér til meðferðar í þinginu miklu fyrr en raun hefur á orðið. Og það er vegna þess, að mönnum var að sjálfsögðu ljóst, að þessi stofnfjársjóður og fleiri stofnfjársjóðir þurfa á því að halda, að þeim séu tryggðar auknar tekjur fram yfir það, sem sjóðirnir nú hafa. Og það, sem hér er um að ræða, er 1% gjald á útfluttar sjávarafurðir, sem á að gilda í rúmlega 2½ ár eða um það bil. Það vitanlega nægir ekki nema til þess að brúa bilið á fyrstu árunum og til að mæta mismun, sem leiðir af þeim stórauknu skipabyggingum, sem eiga sér stað, bæði hér innanlands og erlendis. Það verður ekki fyrr en að 7 árum liðnum, sem það kemur að fullu á fiskveiðasjóð að standa undir og framlengja lánin eða mæta þeim kostnaði, sem af skipabyggingunum leiðir.

Hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að vitanlega snerti þetta frv. rekstrargrundvöll sjávarútvegsins og sér hefði ekki komið til hugar að bera fram þessar álögur á sjávarútveginn, þetta 1% gjald, um s. l. áramót, en síðan hafi orðið stórkostlegar breytingar í málefnum sjávarútvegsins. Þá geri ég ráð fyrir því, að það, sem hæstv. ráðh. á við í þeim efnum, séu mun betri afkomuhorfur hjá sjávarútveginum í dag heldur en var um s. l. áramót, þegar gengið var frá samningum fyrir vetrarvertíðina. Ég hygg, að það eigi því miður eftir að koma á daginn, þegar þessari vetrarvertíð lýkur, sem nú stendur yfir, að aflabrögðin verða mun minni á þorskveiðunum heldur en áætlað var í upphafi, og þó að sá bátafloti, sem stundað hefur loðnuveiðarnar, hafi góða afkomu, þá segir það sig sjálft, að þar er aðeins um takmarkaðan hluta af heildarfiskiskipaflota landsmanna að ræða. Heildarútflutningstekjur af loðnuaflanum munu nema sem næst 18% af heildarútflutningsmagni sjávaraflans eða um 3000 millj. kr.

Hæstv. sjútvrh. sagði, að sjávarútvegurinn hefði ekki haft á móti álögum í sambandi við tekjuöflun til fiskveiðasjóðs. Það kann vel að vera, að það sé eitthvað til í þessu. En ekki man ég eftir því, að það hafi verið óskað eftir sérstökum álögum á sjávarútveginn eða sjávarútvegsframleiðsluna til að byggja fiskveiðasjóðinn upp, heldur er bæði honum og öðrum, sem hafa verið í röðum útvegsmanna, kunnugt um, að það eru aðrar skoðanir, sem útvegsmenn hafa á því, á hvern hátt eigi að fjármagna t. d. fiskveiðasjóðinn. Margir hafa talið réttlátt, að á sölu gjaldeyris væri lagt sérstakt gjald, gjaldeyrisöflun sjávarútvegsins sé þess virði, að það réttlæti að byggja upp sjóð fyrir þann atvinnuveg, sem á svo ríkan þátt í okkar gjaldeyrisöflun. Um þetta eru sjálfsagt skiptar skoðanir milli manna. En ég veit, að það eru margir útvegsmenn, sem hafa talið réttara að fara þá leið í fjáröflun fyrir fiskveiðasjóðinn heldur en leggja skatt á sjávarútveginn sjálfan, eins og hér er lagt til.

Þá má einnig gera sér grein fyrir því, að á þessum tíma, sem liðinn er síðan sjómannasamningarnir voru gerðir um áramótin, hefur verið um verulegar breytingar að ræða á öðrum sviðum heldur en því, að afurðaverðið hafi hækkað erlendis. Verðbólgan hefur haft sín áhrif á afkomu framleiðslutækjanna, — síaukinn kostnaður og verðbólga, sem ég hygg, að sé enn meiri nú á þessum mánuðum heldur en dæmi eru til um áður um langan tíma. Og þegar dæmið verður gert upp í vertíðarlokin, þá er ég þess fullviss, að afkoman a. m. k. hjá þeim, sem stunda þorskveiðarnar eða þorskveiðarnar, verður ekki það góð, að það réttlæti að setja nýtt gjald á útflutningsafurðirnar.

Ég skal ekki orðlengja frekar um málið á þessu stigi. En ég hef talið eðlilegt og ekki sízt með tilliti til þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. sjútvrh. gaf varðandi sjávarútveginn, að hann sé tilbúinn að taka á sig slíkar kvaðir eins og þessar, þá hefði ekki verið síður ástæða til að ræða við forsvarsmenn sjávarútvegsins um þetta mál, eins og aðra hliðstæða atvinnuvegi, þegar um sambærilegar álögur er að ræða. Ég tel sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, hafi samráð við forsvarsmenn sjávarútvegsins um málið, og ég tek undir það, sem hér hefur komið fram í umr., að það er nauðsynlegt að fá meiri upplýsingar varðandi stöðu og framtíðarhorfur fiskveiðasjóðsins, hverjar þær eru, ekki aðeins í 2½ ár, heldur yfir lengra tímabil, því að út af fyrir sig væri gott að fá að vita, hvort verið er að brúa hér bil aðeins til bráðabirgða eða hvort í náinni framtíð verði að gera veru-

lega meira átak til þess að mæta því, sem fyrirsjáanlega er fram undan varðandi fjárvöntun hjá fiskveiðasjóði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 551). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um fangelsi og vinnuhæli hefur gengið í gegnum Nd., hefur verið athugað þar mjög rækilega í hv. allshn., og hún gerði á því nokkrar breytingar, sem samþ. voru í Nd. Þær breytingar voru þó ekki það veigamiklar, að ég geti ekki sætt mig við þær.

Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir fengelsismálunum, þegar ég flutti framsögu fyrir þessu máli í hv. Nd. á sínum tíma, og ég vona, að mér fyrirgefist það, þó að ég fari ekki svo ítarlega út í það nú, þar sem sú ræða er tiltæk í þingtíðindum og menn geta kynnt sér þær upplýsingar, sem ég þá gaf.

Það er alkunnugt, að framkvæmd fangelsismála hefur verið gagnrýnd hér nokkuð, bæði af fjölmiðlum og jafnvel af hv. alþm. Þrátt fyrir það að ýmislegt hafi verið gert til úrbóta í því efni, eins og t. d. góð viðbótarbygging við vinnuhælið á Litla-Hrauni, fangelsi, sem nú hefur verið endurbætt og er verið að taka í notkun við Síðumúla, þá er það svo, að það má sjálfsagt með réttu segja, að það sé ýmsu ábótavant í þessum málum. Og það er einfaldlega af því, að það hefur ekki í sjálfu sér skort vilja til úrbóta í þessu efni, hvorki hjá mér né mínum fyrirrennurum, heldur hefur verið skortur á aðstöðu til þess að koma við þeim breytingum í þessum efnum, sem æskilegar eru. Þetta frv. er flutt til þess að reyna að skapa aðstöðu til þess, og má segja, að aðalatriðið sé það, að lagður er grundvöllur eða reynt að leggja grundvöll í frv. að því, að framkvæmdir geti hafizt í byggingarmálum þessara stofnana. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að á hverju ári skuli 15 millj. kr. lagðar til þessara bygginga, en eftir núgildandi lögum er það aðeins 1 millj. á ári, og það er auðvitað vegna þeirra breytinga, sem hafa orðið frá 1961, allsendis ófullnægjandi og hefur því þess vegna verið þröngur stakkur skorinn, hvað hægt væri að gera í þessu efni.

Það er ekki hugsað til þess að byggja eitt stórt fengelsi, heldur er gert ráð fyrir, að þarna geti verið um áfanga að ræða og þetta geti verið fleiri en ein bygging, eftir því sem talið er heppilegt, og þessu geti verið skipt niður í rekstrareiningar, en þó verður vitaskuld að hafa hliðsjón af því, að því hljóta að vera nokkur mörk sett, hve lítil rekstrareiningin má vera, til þess að um sæmilegan rekstur geti verið að ræða.

Að öðru leyti er það svo, að þó að það sé að stofni til byggt á þeim lögum, sem eru nú um fangelsi og vinnuhæli, þá er gert ráð fyrir ýmsum endurbótum á framkvæmdinni í þessu frv. Um sum þau atriði má auðvitað segja, að það mætti koma þeim við og ákveða um þau í reglugerð. En það er þó skýrara að hafa þau í lögum.

Þá er það fyrst og fremst það, að mælt er fyrir í þessum lögum um ákveðna deildaskiptingu, sem ég tel ákaflega þýðingarmikla, vegna þess að ég tel óheppilega þá skipan, sem hér hefur tíðkazt, að menn væru settir saman án tillits til þess, hvert brotið er, án tillits til aldurs o. s. frv. Ég tel það mjög þýðingarmikið spor, ef hægt er að koma við deildaskiptingu, og það er gert ráð fyrir því einmitt þarna, að það sé hægt. Það er t. d. sjálfsagt að hafa þá sér, ef unnt er, sem eru í gæzluvarðhaldi, og þeir eiga að fá og eiga rétt á sérstakri meðferð, en ekki að farið sé með þá eins og brotamenn. Enn fremur er að mínum dómi sjálfsagt að hafa sérstakt hæli fyrir unglinga, sem þarf að taka úr umferð.

Þá er það líka mjög aðkallandi að koma upp sérstakri deild fyrir geðveila menn, sem þarf að hafa í öryggisgæzlu. Það mál er skelfilegt vandræðamál nú, vegna þess að geðveikraspítalarnir neita algerlega að taka við slíkum mönnum. Af þessu hafa hlotizt þau mestu vandræði, sem jafnvel hefur stundum verið reynt að leysa úr með því að reyna að koma þessum mönnum á hæli erlendis, en það hefur þó ekki tekizt í öllum tilfellum. Þess vegna er öryggisgæzla þessara ógæfumanna mjög miklum vandkvæðum bundin. Það er enn fremur gert ráð fyrir því, að með þessari deildaskiptingu og viðbótarbyggingum verði hægt að koma því við að gera vinnuhælin að raunverulegum vinnuhælum, sem geti verið opin að meira eða minna leyti, eins og vinnuhæli eiga að vera. En eins og þessu er nú háttað, hefur þurft að nota þessi vinnuheimili bæði fyrir regluleg afplánunarfangelsi og svo vinnuhæli.

Þá er lögð áherzla á það í þessu frv., að reynt sé að sjá föngum fyrir vinnu, eftir því sem kostur er. Það er lögð áherzla á, að þeim sé séð fyrir tómstundaiðju einnig. Það er lögð rík áherzla á, að það sé reynt að koma við kennslu, alveg sérstaklega að því er varðar unglingavinnuhælið, en líka í öðrum vinnuhælum, þar sem það á við. Er kveðið á um, að það skuli, eftir því sem kostur er, vera vissir sérfræðingar, sem þarna eru taldir upp, fengnir að þessum hælum, en það er ekki vafi á því, að það má segja, að verið hafi ábótavant í því efni til þessa. Ég fer ekki lengra út í það.

Þá er það líka, að gerðar eru sérstakar kröfur til forstöðumanna, kunnáttukröfur, sem settar eru fram sem aðalregla. En það verður að horfast í augu við það, að eins og er getur verið skortur á slíkum mönnum. En það er stefnt að því að reyna að fá menn með slíka kunnáttu og reynslu til þess að taka við forstöðu þessara stofnana.

Það er heimilað að setja stjórnarnefnd fyrir hvert vinnuhæli, en nú er slík nefnd bara fyrir vinnuhælið á Litla-Hrauni.

Þá er með þessu frv. fylgt eftir og stigið til fulls það skref, sem stigið var í fyrra, að því er varðar löggæzluna, að hún var yfirtekin af ríkinu. Það er gert ráð fyrir í þessu frv., að allur kostnaður við byggingu og rekstur héraðsfangelsa færist yfir á ríkið, og það er eins um það og annað, að það kostar auðvitað sitt. Það er, ef

ég man rétt, gert ráð fyrir að þetta geti kostað 10 millj. kr. En það er talið vera í samræmi við það, að þegar búið er að yfirfæra löggæzluna, þá fylgi hitt með. Það var ekki gert í lögunum í fyrra, en verður að teljast út af fyrir sig eðlilegt framkvæmdaatriði.

Eins og ég sagði, herra forseti, gerði ég nokkuð ítarlega grein fyrir málinu, þegar ég lagði það fyrir þingið í vetur, og ég ætla því að láta þetta nægja nú, nema komi fram einhverjar fsp. í sambandi við málið. Ég er að sjálfsögðu þakklátur fyrir það, ef hv. d. og hv. n., sem fær málið til meðferðar, tekst að afgreiða það. Ég veit, að það er til nokkuð mikils mælzt, að þetta mál sé afgreitt í þessari d. á svona stuttum tíma, þar sem meðferð þess hefur tekið tiltölulega langan tíma í hv. Nd. En ég vona þó, að miðað við þá athugun, sem málið hefur þar fengið, geti það tekizt.

Ég skal svo ekki tefja málið með lengri framsögu að þessu sinni. Það eru ítarlegar skýringar, sem fylgja með frv. og einstökum gr. þess, og ég leyfi mér að vísa til þess og óska, að frv. sé að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 63, n. 531, 532). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Til þess að flýta fyrir afgreiðslum í málum eins og þessu, sem hér liggur fyrir um ríkisborgararétt, hefur jafnan áður verið venjan, að formönnum allshn. þd. hefur verið falið ásamt skrifstofustjóra Alþ. að athuga frv. og umsóknir, sem því hafa fylgt, og síðan umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar hafa borizt n. Sams konar málsmeðferð hefur einnig verið viðhöfð nú. Að frumathugunum loknum tók allshn. hv. þd. málið fyrir og hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún hefur gert á því, og eru þær á þskj. nr. 532.

Reglur þær, sem farið er eftir í þessu efni, voru settar á sínum tíma í nál. árið 1955, og hefur síðan verið farið eftir þessum reglum með vissum breytingum, og voru þær einnig nú hafðar til hliðsjónar við athuganir. Það er kannske rétt, að ég lesi upp þessar reglur. Þær eru fáar og stuttar:

„1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.

2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt lögheimili hér á landi í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.

3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.

4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, skulu fá ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.

5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu í landinu.

6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja."

Þetta eru þær meginreglur, sem farið er eftir við athugun á umsóknum um ríkisborgararétt. Og eins og ég sagði, mælir allshn. með því, að þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í brtt. n. á þskj. 532, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Þessir nýju ríkisborgarar eru 35 talsins. Það hefur komið í ljós, að enginn þessara umsækjenda hefur sætt neinum þeim viðurlögum hér á landi, sem gætu hindrað, að honum yrði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Þá vil ég geta þess, að í 2. gr. frv. er tekið efni 2. gr. laga um sama efni frá í fyrra, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang að lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkv. lögum um mannanöfn."

ATKVGR.
Brtt. 532 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 435, n. 537). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti: Heilbr.- og trn. hefur haft til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni. Frv. er áður komið frá Nd. Óþarft er að fara mörgum orðum um þetta frv., en aðalefni þess er í raun það, að viðaukar og breytingar á listum yfir eiturefni og hættuleg efni séu ekki háð lagabreytingum, heldur komi þar til staðfesting með reglugerð, að fengnum till. eiturefnanefndar. Auk þess felur frv. í sér tvær till. um breytingar og viðbætur á greindum listum yfir eiturefni og hættuleg efni. Um-

sagnir voru í hvívetna jákvæðar, og n. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 3. ágúst í fyrra voru gefin út brbl., sem fólu í sér, að ríkisstj. var heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 þús. kw. framleiðslugetu. Breytingin frá gildandi lögum var sú, að í gildandi lögum var miðað við 7 þús. kw., en hækkunin var upp í 10 þús. kw. samkv. þessum brbl. Í fyrra var tekin ákvörðun um virkjun Mjólkár, og í þeirri ákvörðun fólst virkjun, sem nam 8400 hestöflum. Hún var þannig örlítlu stærri en gildandi lög frá árinu 1954. Jafnframt var talið nauðsynlegt af sérfróðum mönnum, að hægt yrði að hefjast handa við vinnu í þessu sambandi í hálendishéruðum þar vestra, vegna þess að þar er starfstími ákaflega stuttur, og til þess að flýta þessari virkjun eftir megni var talið nauðsynlegt, að hægt væri að vinna nokkur undirbúningsverk þegar á síðasta hausti. Af þessari ástæðu var tekin sú ákvörðun að gefa út brbl. um þessa stækkun virkjunarinnar úr 7 þús. kw. í 10 þús., og þær framkvæmdir, sem ráðgerðar voru, fóru fram á s. l. hausti. Um þessa ákvörðun, hygg ég, að í sjálfu sér sé enginn ágreiningur, og hygg, að ekki sé ástæða til þess að fjalla frekar um fyrirkomulag þessarar virkjunar á þessu stigi, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 534). — 1. umr.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í þessu frv. til l. um iðnlánasjóð felast tvær breytingar, sem báðar gera ráð fyrir auknum tekjum sjóðsins. Annars vegar er lagt til að hækka um fjórðung gjald það, sem er innheimt til sjóðsins af iðnaðinum í landinu, eða úr 0.4% í 0.5% af sama gjaldstofni og aðstöðugjald er reiknað. Hins vegar er lagt til, að framlag ríkissjóðs hækki úr 15 millj. kr., eins og það var 1972, í 50 millj. kr. frá og með árinu í ár. Þessum breytingum er ætlað að stuðla að eflingu iðnlánasjóðs og gera honum kleift að sinna í ríkari mæli en áður hinum síauknu verkefnum sínum. Einnig er með frv. þessu verið að gera ráðstafanir til að halda í horfinu eða bæta hlutfall eigin ráðstöfunarfjár sjóðsins af heildarútlánum hans. Með þessum ráðstöfunum er verið að spyrna við fótum hvað iðnlánasjóð snertir gegn þeirri neikvæðu þróun fjárfestingarlánasjóða almennt á síðustu árum, sem ekki hafa getað uppfyllt vaxandi eftirspurn eftir lánsfé nema með stórauknum lántökum sjálfir, sem aftur hefur leitt til þess, að eigin ráðstöfunarfé sjóðanna hefur farið hlutfallslega minnkandi ár frá ári, ef miðað er við heildarútlán þeirra. Samkv. bráðabirgðatölum mun hlutfallið fara úr 55% árið 1970 niður í 33% 1973, ef viðhlítandi ráðstafanir verða ekki gerðar.

Efling iðnlánasjóðs er sameiginlegt áhugamál ríkisvaldsins og samtaka iðnaðarins sjálfs. Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins um 25%, sem hér er lögð til, er skerfur iðnaðarins til eflingar þessum stofnlánasjóði. Þegar iðnlánasjóðsgjaldið var fyrst lagt á 1963, nam það 4.2 millj. kr., en á síðasta ári, 1972, nam innheimt iðnlánasjóðsgjald 51.5 millj. kr. Frá upphafi og til ársins 1972 hefur iðnlánasjóðsgjaldið numið samtals 253 millj. kr., en höfuðstóll iðnlánasjóðs var 31. des. 1972 459.4 millj. kr. Með hækkun ríkisframlagsins úr 15 millj. í 50 millj. kr., eins og hér er lagt til, kemur ríkisvaldið til móts við iðnaðinn sjálfan og stuðlar á raunhæfan hátt að auknu eigin ráðstöfunarfé sjóðsins til frambúðar jafnframt því að gera sjóðnum auðveldara að rækja hlutverk sitt.

Ríkissjóður hefur lagt iðnlánasjóði til árlegt framlag alla tíð síðan 1935, og hefur það farið síhækkandi. Á síðasta ári nam það 15 millj. kr. og hafði það þá numið í heild frá upphafi 42 millj. kr.

Iðnaðurinn hefur verið í mjög örum vexti að undanförnu, og sú þróun krefst síaukinna stofnlána, og því gegnir iðnlánasjóður mjög mikilvægu hlutverki, en hann lánar einkum til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til vélvæðingar í iðnaði og lítið eitt til hagræðingar. Í grg. er rakið, hve eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Fjöldi lánsbeiðna var 1971 231, 1972 250 og 1973 290. Upphæðin, sem um var sótt, nam 1971 327 millj. kr., 1972 419 og í ár 665 millj. kr. Af þessu var aðeins hægt að afgreiða sem lán á árinu 1971 127 millj. kr., í fyrra 176 millj., og í ár er búið að afgreiða 158 millj. kr.

Af þessum tölum er ljóst, að með ráðstöfunarfé sjóðsins 1973 hefur aðeins tekizt að sinna 23.7% umbeðinnar lánsfjárhæðar. Ef sjóðurinn á að geta sinnt fleiri umsóknum, þarf hann að taka að láni verulega fjármuni, og mun hann gera það að einhverju marki á þessu ári einnig. En með þeim ráðstöfunum, sem hér eru lagðar til, er staða sjóðsins styrkt mjög verulega og það bæði til frambúðar og þegar á árinu í ár. Hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins úr 0.4% í 0.5% færir sjóðnum tæpar 14 millj. kr. til viðbótar áætluðu iðnlánasjóðsgjaldi, sem var áætlað 55 millj. kr., og mun því iðnlánasjóðsgjaldið nema í heild 69 millj. kr. á þessu ári. Hækkun ríkisframlagsins úr 15 í 50 millj. gefur sjóðnum til viðbótar 35 millj. kr. á þessu ári. Þessi lagabreyting felur því í sér um 50 millj. kr. aukningu á höfuðstól iðnlánasjóðs á þessu ári umfram það, sem ella hefði orðið að óbreyttum lögum. Málefni iðnlánasjóðs hefur oft borið á góma hér á Alþ., og ég hygg, að fulltrúar allra stjórnmálaflokka hafi flutt og stutt till. um það, að fram-

lög ríkissjóðs í þennan sjóð ykjust frá því, sem verið hefur. Slíkar till. hafa átt mismunandi auðvelt uppdráttar, en ég geri mér vonir um, að um þessa breytingu, sem hér er lögð til, verði enginn teljandi ágreiningur.

Ég vil í sambandi við þetta frv. fara örfáum orðum um brtt., sem ég lagði fram í gær í sambandi við annað frv., sem snertir iðnaðinn, þ. e. a. s. iðnrekstrarsjóð. Þegar ég lagði það frv. fram, var gert ráð fyrir því, að hluti af tekjum sjóðsins væri úr ríkissjóði, en þar var engin upphæð tilgreind. Ástæðan var sú, að ríkisstj. var þá enn að kanna fjármál sjóðanna. Nú hefur hins vegar verið tekin sú ákvörðun að leggja til, að ríkissjóður leggi fram 50 millj. kr. til iðnrekstrarsjóðsins, þannig að í þessum tveimur frv. er gert ráð fyrir auknu ríkisframlagi í þágu iðnaðarins, sem nemur 85 millj. kr. Það er vissulega mjög veruleg breyting frá því, sem verið hefur. En hitt þurfa menn að gera sér ljóst, að fram undan eru miklir örlagatímar fyrir iðnaðinn, ef hann á að standast þær miklu breytingar, sem verða, þegar aðildin að EFTA fær fullt gildi og samningurinn við Efnahagsbandalagið. Þá verður að veita þessari mikilvægu atvinnugrein það öflugan stuðning, að iðnaðurinn geti keppt þar á jafnréttisgrundvelli með fullum árangri.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Í þessu frv., sem hér er til umr., er lagt til, að styrktir séu tekjustofnar iðnlánasjóðs. Ég tel, að það sé þörf á því að gera slíkt. Það getur naumast leikið nokkur vafi á því. Hins vegar kann að leika vafi á því, með hverjum hætti það skyldi gert. Ég vil ekki fara að ræða þetta mál ítarlega hér að sinni. Það er, eins og kemur fram í grg. með frv. þessu, nokkuð alvarleg þróun, sem hefur orðið í málum iðnlánasjóðs á árunum 1971, 1972 og fram á þetta ár, því að eins og þar segir, hefur eigið ráðstöfunarfé sjóðanna farið hlutfallslega minnkandi, ef miðað er við heildarútlán þeirra. Greint er frá því, að samkv. bráðabirgðatölum hafi þetta hlutfall eigin ráðstöfunarfjár verið 55% árið 1970, en nú 33%.

Það eru að sjálfsögðu ákveðnar ástæður fyrir því, að svo mikil breyting hefur orðið í þessu efni á svo skömmum tíma. Það kann að vera vegna þess, að það sé meiri eftirspurn eftir lánum og sjóðurinn hafi þurft að teygja sig lengra miðað við eigið fé en áður. En það getur líka verið, að hið almenna efnahagsástand valdi þessu. Ég á við þá miklu breytingu, sem hefur orðið á þessu tímabili í sambandi við verðbólguþróunina í landinu. Það er þess vegna ekki víst, að það sé frambúðarlausn að hækka iðnlánasjóðsgjaldið, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Við verðum að hafa í huga, hvers eðlis iðnlánasjóðsgjaldið er. Samkv. lögum á að leggja það á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á, en aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðins almannaksárs. Þetta þýðir, að eftir því sem dýrtíðin vex, rekstrarútgjöldin aukast, eftir því er það í krónutölu meira, sem greitt er í iðnlánasjóðsgjaldi. Af þessum ástæðum hefur ekki verið breytt upphæð iðnlánasjóðsgjaldsins neitt frá því að það var lagt á árið 1963 og til þessa dags, eða í 10 ár. Þannig hefur þetta verið þrátt fyrir verulega dýrtíðaraukningu og verðbólguþróun í sínum venjulegu myndum, þó að hún kunni ekki að hafa verið eins mikil og nú á síðustu misserum.

Ég bendi á, að það er eðlilegt að athuga, hvort ekki komi til önnur eðlilegri og raunhæfari leið í þessu efni en að hækka iðnlánasjóðsgjaldið. Í grg. með frv. segir, að efling iðnlánasjóðs sé sameiginlegt áhugamál ríkisvaldsins og samtaka iðnaðarins sjálfs. Þetta mun ekki ofmælt. En með því að samtök iðnaðarins eiga svo mikið undir eflingu iðnlánasjóðs, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh., hvort það hafi verið haft samráð við samtök iðnaðarins um þá till. um hækkun á iðnlánasjóðsgjaldinu, sem þetta frv. felur í sér. Það væri fróðlegt að heyra, hvort samráð hafi verið haft eða rætt hafi verið um þetta við samtök iðnaðarins og hver viðbrögð þessara samtaka hafi verið um þetta efni.

Ég vil aðeins benda á þessi atriði þegar við 1. umr. til þess að leggja áherzlu á, að það sé athugað gaumgæfilega, hvort ekki finnist fleiri raunhæf ráð til þess að efla iðnlánasjóð heldur en hverfa að því ráði að hækka iðnlánasjóðsgjaldið. Nú er það svo, að í þessu frv. er gerð till. um, hvaða leið skuli fara jafnframt. þ. e. a. s. hækkun framlaga úr ríkissjóði. Ég tel, að það sé tvímælalaust rétt að ráðstafa fé úr ríkissjóði í þessu skyni. Iðnaðurinn er einn af höfuðatvinnuvegum landsmanna og hefur grundvallarþýðingu sem slíkur. En einmitt nú á þessum tíma varðar það ákaflega miklu, að einskis sé látið ófreistað að efla iðnaðinn og auka þýðingu hans, ekki einungis fyrir innanlandsmarkaðinn, heldur sem útflutningsiðnað. Mér finnst, að það gæti komið til greina, hvort ekki væri rétt að ganga lengra í svo þýðingarmiklum málum sem hér er um að ræða og veita hærri upphæð úr ríkissjóði. Það fer að vísu eftir því, hvort það finnast önnur eða fleiri úrræði í þessu efni. En því hreyfi ég þessu nú þegar við 1. umr. að ég tel, að það sé svo þýðingarmikið að efla iðnaðinn, að ástæða sé til að leggja áherzlu á það með þessum orðum.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar um það, hvort ég hafi haft samráð við Félag ísl. iðnrekenda um þessa breytingu á iðnlánasjóðsgjaldi, skal ég geta þess, að þetta samráð hafði ég og stjórn Félags ísl. iðnrekenda kvaðst geta fallizt á þessa breytingu.

Að því er varðar framlag ríkisins, þá sagði hv. þm., að það væri hægt að ganga lengra og leggja hærri upphæðir úr ríkissjóði en þarna er lagt til, og vissulega væri það hægt. En ég vil minna á það, að fyrir þessu þingi liggur till. flutt af formanni Sjálfstfl., þar sem lagt er til, að framlag ríkisins til iðnlánasjóðs sé 30 millj., en ekki 50 millj., eins og lagt er til í þessu frv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð til þess að fyrirbyggja misskilning. Ég sagðist ekki leggja til, að ríkisframlagið

til iðnlánasjóðs væri hækkað, en ég taldi, að það gæti komið til greina og ætti að athuga með hliðsjón af öðrum leiðum, sem kynnu að finnast. Það breytir engu í þessu efni, sem hæstv. ráðh. sagði, að hv. 1. þm. Reykv. er 1. flm. að frv. á þessu þingi um að hækka ríkisframlagið einungis upp í 30 millj. Ég vil minna á það, að á síðasta þingi flutti sami hv. þm. frv. um að hækka þetta framlag upp í 25 millj., en það frv. fékk ekki náð fyrir augum meiri hl. Alþ. þá, og ef ég ætlaði að beita sömu röksemdafærslu og hæstv. iðnrh. gerði með sínum orðum, þá mætti álykta sem svo, að fyrst hann stóð að því, að till. um 25 millj. kr. framlag næði ekki fram að ganga á síðasta þingi, þá sé harla einkennilegt, að nú skuli hann leggja til, að 50 millj. kr. skuli lagðar fram samkv. þessu frv. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra minnir mig á, að það frv., sem hv. 1. þm. Reykv. bar fram á síðasta þingi, hafi ekki verið fellt. Það veit ég, en ég hygg, að hann sé svo þingvanur, að hann viti, að það er sama og að fella þingmál, þegar stjórnarliðið leggst á það með því að afgreiða það ekki úr n. og tryggir þannig, að það fær sömu örlög og það hefði verið fellt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 459 (sbr. 301), n. 535). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umsagnar frv. til l. um dvalarheimili aldraðra, en frv. þetta er komið frá Nd. N. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv.

Í aths. við frv. segir, að í meginatriðum sé tilgangurinn með þessari lagasetningu tvíþættur:

1. Settar verði reglur um byggingu og rekstur dvalarheimila fyrir aldraða og skapaðir möguleikar á eftirliti með rekstri þeirra.

2. Settar verði reglur um framlög úr ríkissjóði til byggingar dvalarheimila og kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði.

Ekki er mikil þörf á því að ræða nú náið efni frv. né málefni aldraðra í heild, enda hefur ráðh. fyrir skömmu flutt um það framsögu hér í d. Umsagnir um frv. voru mjög á einn veg. Frv. var fagnað og það talið jákvætt skref fram á við í velferðarmálum aldraðs fólks. Breyttir þjóðfélagshættir kalla í enn frekari mæli á auknar framkvæmdir í málefnum aldraðra, ekki sízt spurningunni um húsnæði þeirra á elliárum, hvort sem um er að ræða tiltölulega hraust fólk eða sjúklinga.

Það er skoðun mín, að hin stórfellda og mikla skipting milli kynslóða og skortur á tengslum þeirra í milli sé þjóðfélaginu í heild til ills. Einkum þarf að reyna á nýjan hátt að tengja yngstu kynslóðina þeirri elztu og hefði hvor tveggja af gleði og gagn. En út í það sambandsleysi og þá einangrun, sem allt of mikið af gömlu fólki býr við án þess að vilja það, skal ekki farið hér, þótt að því beri að huga í fullri alvöru. Hitt er staðreynd, sem við blasir einnig, að í dvalarheimilismálum aldraðs fólks þarf að vinna mörg og mikilvæg verkefni á næstu árum. Ekki svo að skilja, að margt hafi ekki verið vel gert í þessum málum. Það sanna miklar framkvæmdir síðustu ára. En þetta frv. er hins vegar talandi vottur enn aukins skilnings stjórnvalda á þessum málum, og er því að vonum, að umsagnaraðilar séu frv. fegnir og leggi því liðsinni sitt. Það er sannarlega mikilvægt spor í rétta átt.

Ég skal svo ekki fjölyrða mikið um þetta mál að öðru leyti en því, að ég endurtek samþykki n. við frv. þetta.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma í ljós, að við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og trn. Ed. fögnum þessu frv., þykir vænt um, að það er komið fram, og vonum, að það fái skjóta afgreiðslu. Það hefur komið fram hér hin mikla þörf fyrir dvalarheimili og hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Við vitum öll, að þeim fer fjölgandi í þessu landi og að á fáum sviðum eru vandræðin jafnmikil og einmitt að vista aldrað fólk. Þetta hefur verið mikið rætt á Alþ. nú upp á síðkastið, og mun ég því ekki fara frekar út í það.

Það, sem ég vildi aðeins minnast á hér, er að mér finnst að það sé kannske heldur of mikið gert að því að tryggja eftirlit og umsýslu hins opinbera með dvalarheimilum fyrir aldraða, enda þótt þau séu ekki byggð að neinu leyti upp á vegum ríkisins. Á ég þar einkum við 3. gr. frv., þar sem tekið er fram um, að rn. skuli ekki einungis fylgjast með byggingum og segja fyrir um, hvernig þær skuli vera, og fá upplýsingar um allt slíkt, heldur enn fremur um allt innbú og annað það, er að rekstri og kjörum vistmanna lýtur. Ekki efast ég um, að það er heilbrigt og nauðsynlegt, að opinberir aðilar hafi eftirlit með aðbúð og þjónustu, sem vistmönnum á dvalarheimilum er veitt. Hins vegar finnst mér, að eftir þessu frv. verði allerfitt að snúa sér við og það geti orðið flókið mál og mikil skriffinnska við að reka þessi heimili. Þetta er svo sem ekki nýmæli, því að þetta hefur verið í okkar gömlu sjúkrahúslögum. En ég vildi vekja athygli á því, vegna þess að það er í mörgum gr. frv. einmitt minnzt á þetta atriði, að það skuli vera ráðh. og rn. sem setji ákvæði um framkvæmd þessara laga, um búnað húsa, um aðbúnað og þjónustu við vistmenn og um starfslið dvalarheimilis. Ég held, að það verði mjög þrengt að forstöðumönnum þessara dvalarheimila, þeir fái varla aðstöðu til þess að ráða nokkru, jafnvel ekki að kaupa stólinn handa sér, nema fara með það í rn. og fá til þess sérstaka heimild.

Í 6. gr. frv. er talað um stjórn dvalarheimila og tekið fram, að þegar byggt sé af sveitarstjórn, skuli hún að sjálfsögðu skipa menn í stjórnina, en séu aðrir eigendur, skuli þeir skipa stjórn til fjögurra ára í senn. **Við erum heldur á því, að jafnvel þótt aðrir eigendur séu en sveitar-**

stjórn að dvalarheimilum, þá væri full ástæða til, að sveitarstjórn í því sveitarfélagi, þar sem dvalarheimilið er reist, skuli jafnan eiga einn mann í stjórn heimilisins. Það held ég, að mundi verða til öryggis og skilnings og mundi stuðla að bættri og öruggari samskiptum á milli sveitarinar og vistheimilisins. Við höfum ekki komið fram með neinar brtt., en höfum í hyggju að koma e.t.v. með brtt. við 3. umr. Þær verða ekki veigamiklar, en það er ýmislegt smávægilegt, sem við teljum, að mundi geta betur farið í þessu efni. Það er t. d. í sambandi við 9. gr., sem hljóðar svo:

„Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum till. forstöðumanns."

Við erum á því, að jafnvel geti verið mjög æskilegt fyrir stjórnendur dvalarheimilis, að það væri sérstök n., sem vistar fólk á slíkum heimilum. Þetta er mikið vandamál orðið hér í landi, hvað erfiðleikar eru miklir við að koma fólki á slíkar stofnanir, og forstöðumenn þessara heimila eiga í miklum örðugleikum, svo að vægt sé til orða tekið, vegna þess, hvað ásókn er mikil að komast á slík heimili. Við lítum svo á, að það gæti verið hentugt, að sérstök n. hefði þetta verkefni með höndum og að forstöðumenn og stjórn væru losuð undan þeirri ábyrgð, sem því fylgir.

Þetta frv. kemur að sjálfsögðu með að hafa allmikil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég vil geta þess, að það er talið, held ég, öruggt, að hvort sem um dvalarheimili er að ræða eða íbúðir fyrir aldraða, þá muni hvert rúm kosta milli 1 og 2 millj. kr., og hér þurfa að koma fljótlega nokkur hundruð rúm fyrir aldraða á tiltölulega skömmum tíma. Þetta geta því orðið allmikil fjárútlát, og einmitt vegna þess erum við þeirrar skoðunar, að það gæti verið hentugt, að einstökum aðilum, félagasamtökum eða öðrum, væri heimilt að byggja slík heimili, án þess að ríkið kæmi þar til með aðstoð, og lítum þá svo á, að slík heimili ættu að vera frjálsari og ekki þurfa eins mikið afskipta ríkisvaldsins við og þau, sem njóta fyrirgreiðslu þessa frv. Þó vil ég taka skýrt fram, að þetta á ekki við eftirlit með þjónustu og aðbúð að þeim vistmönnum, sem á heimilinu búa, því að við lítum svo á, að nauðsynlegt sé, að þar með sé fullt eftirlit.

En þetta breytir ekki því, þó að við höfum eitthvað við orðalag að athuga, að við fögnum framkomu þessa frv. og gerum okkur vonir um, að það muni setja hreyfingu á aukinn rúmafjölda til vistunar gömlu fólki.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru fá orð. Ég vildi aðeins taka það fram í sambandi við þær boðuðu brtt., sem hv. þm. Oddur Ólafsson 3. þm. Reykn., var að minnast á hér áðan, að kæmu kannske fram við 3. umr., að þessar hugmyndir sumar, sem hann reifaði hér, voru ræddar nokkuð í n., og það varð að ráði, að afgreiðslan yrði á þann veg, sem ég lýsti hér áðan.

Ég vil aðeins taka fram í sambandi við það, sem hann sagði um 6. gr. varðandi aðild sveitarstjórnar að stjórn dvalarheimilanna, hvort sem sveitarfélagið væri aðili að þeim eða ekki, að nm. voru yfirleitt á þeirri skoðun, að það gæti út af fyrir sig verið til bóta. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar varðandi þetta mál nú, eins og áliðið er orðið, að allar breytingar, sem á því yrðu gerðar, kostuðu það, að það yrði sent til Nd. aftur. Þær gætu teflt málinu í nokkra tvísýnu, ef væri um það stórfelldar breytingar að ræða, að mönnum þætti alveg sérstök ástæða til þess að koma fram með þær, og hef það einmitt fyrir mér í því, að þetta frv. er búið að vera grunsamlega lengi í Nd., og má segja, að við höfum jafnvel verið farnir að reikna með því hér í Ed., að það væri hátt í það dagað uppi þar. Það var fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að ég taldi og tel enn, að það geti stefnt málinu í nokkra tvísýnu, ef það þyrfti að fara aftur til Nd. vegna breytinga, sem á því yrðu gerðar hér.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 460, (sbr. 83), n. 538). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða nýjan endurskoðaðan lagabálk um hafnalög. Hann hefur verið alllengi í undirbúningi og var sýndur hér á síðasta þingi, en málið náði þá ekki fram að ganga. Síðan hefur enn nokkur endurskoðun farið fram á þessum lagabálki, og hafa m.a. í meðferð hv. Nd. verið gerðar allmargar breytingar á frv., fyrst og fremst til þess að koma til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga.

Það er nú svo örstutt um liðið, frá því að hæstv. samgrh. gerði nákvæma grein fyrir þessu frv. hér í þessari hv. d., að ég sé ekki ástæðu til þess að fara ítarlega út í efnisatriði frv. En það, sem liggur að sjálfsögðu til grundvallar flutningi þessa frv., er hin ákaflega erfiða rekstrarafkoma og greiðslustaða hafnanna í landinu, sem víða er svo slæm, að það má segja, að það sé að sliga viðkomandi bæjarfélög. Þær úrbætur, sem frv. gerir ráð fyrir á þessum miklu erfiðleikum, sem mörg sveitarfélög eiga við að etja í í sambandi við sín hafnamál, eru þær, að breytt er styrkjahlutföllum, þ. e. a. s. því, sem ríkið greiðir, og því, sem sveitarfélögin greiða. T. d. má segja, að það sé aðalbreytingin, að bryggjur og viðlegukantar, sem áður nutu aðeins 40% ríkisstyrks, fá nú 75%, og er ætlað, að meðaltalskostnaðarþátttaka ríkissjóðs hækki úr rúmum 60% í um það bil 72—74%. En þó er enn haldið eftir nokkrum af þeim þáttum, sem ríkissjóður greiddi aðeins 40% af, þ. e. a. s. þeim sama hlutfallskostnaði greiddum af ríkinu, og það eru dráttarbrautirnar, sem þar eru þýðingarmestar.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að Hafnabótasjóður verði efldur, og er gert ráð fyrir því, að til hans renni frá ríkissjóði 12% af árlegum framlögum ríkissjóðs á fjárl. til hafnar-

mannvirkja og lendingarbóta, en framlagið verði þó aldrei lægra en 25 millj. kr.

Loks er svo í ákvæðum til bráðabirgða gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til þess að bæta úr brýnustu neyð ýmissa þeirra bæjarfélaga, sem eiga í mestum erfiðleikum vegna þungra lána, sem á þeim hvíla vegna hafnarframkvæmda, og læt ég mér nægja að vísa til þess, sem þar segir um þau efni.

Þá er gert ráð fyrir því, að hafnargjöld verði endurskoðuð og samræmd, og má ætla, að það bæti einnig verulega hag hafnarsjóðanna.

Þetta eru helztu atriðin í frv., og ég má segja, að í hv. Nd. hafi orðið fullt samkomulag um málið að lokum með þeim brtt., sem þar voru samþykktar. Það var einnig svo í hv. samgn. þessarar d., að það náðist fullt samkomulag um málið. Þó áskildu einstakir nm. sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. En það er sem sagt till. samgn., að frv. verði samþykkt.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, en vil lýsa ánægju minni yfir afgreiðslu þess, þar sem sýnilegt er, að málið muni hljóta endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Það eru mörg ákvæði í þessu lagafrv., sem Alþ. er hér að afgreiða, sem koma til góða fyrir sveitarfélögin og þá hafnarsjóði, sem þurfa að standa undir höfnunum úti á landi. Það er vitað, að margir hafnarsjóðir eiga í miklum erfiðleikum vegna hins gífurlega mikla stofnkostnaðar, sem um er að ræða, og lántöku í sambandi við uppbyggingu hafnanna. En með þeirri skipan, sem nú kemst á þessi mál samkv. þessu frv., þá er um verulegar breytingar á þátttöku ríkisins í uppbyggingu hafnanna að ræða.

Það er eitt nýmæli í þessum hafnalögum, sem við í sjútvn. töldum e. t. v., að væri hæpið að samþykkja, en vildum þó ekki á þessu stigi málsins, þar sem stutt er til þingloka, fara að hreyfa því og stefna endanlegri afgreiðslu málsins í hættu, en það er varðandi hafnabótasjóðinn. Það er nýmæli að þessu sinni, að það skuli bundið fast í lögum, að ákveðinn hundraðshluti af heildarfjárveitingu, sem veitt er til hafnarframkvæmda í landinu, skuli koma á móti frá ríkissjóði, þ. e. 12% af því fjármagni, sem á fjárl. er veitt árlega til hafnarframkvæmda. Þetta kann að vera hæpið ákvæði, a. m. k. er það álit einstakra nm., enda þótt það beri að viðurkenna, að hafnabótasjóðurinn hafi miklu hlutverki að gegna og þurfi oft að hlaupa undir bagga með þeim höfnum eða sveitarfélögum, sem eru með hvað erfiðastan fjárhag varðandi rekstur hafnanna. Það getur samt sem áður verið um það að ræða á vissum árum, að ráðizt sé í óeðlilega miklar framkvæmdir vegna hagkvæmnisjónarmiða og sé talið réttara að taka stóra áfanga og ljúka þeim, en af því leiðir, að það þarf jafnvel af hálfu þess opinbera að taka lán til að koma slíkum framkvæmdum áfram. En jafnhliða því að sjá fyrir fjármagni til þeirra framkvæmda, þá er það einnig bundið, að hafnabótasjóðurinn skuli fá 12% af því aukna fjármagni til sinnar starfsemi.

Ég ætla ekki að gera málið eða einstakar greinar þess að frekara umræðuefni. Það eru, eins og ég sagði, mörg ákvæði í þessu frv., sem koma til góða fyrir sveitarfélögin og sérstaklega þá hafnarsjóði, sem eiga hvað erfiðast með að standa undir sínum rekstri og byggingarkostnaði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 501). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 501 ber ég fram frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970. Í þessu frv. felast verulegar breytingar á skipan þessara mála frá því, sem nú gildir í lögum. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir þeirri nýjung, að lánin, sem húsnæðismálastjórn ríkisins veitir, verði mismunandi há eftir því, hvar er á landinu. Það er í öðru lagi gert ráð fyrir, að tekin verði upp verðtrygging á íbúðum á vissum stöðum á landinu. Það er í þriðja lagi gert ráð fyrir, að byggingarsjóður verkamanna verði efldur stórlega. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir verulegri hækkun hinna almennu lána húsnæðismálastjórnar. Og í fimmta lagi er gert ráð fyrir fjárframlögum úr byggðasjóði til aðgerða í húsnæðismálunum, sem miða að því, að stuðlað verði að jafnvægi í byggð landsins.

Á nauðsyn byggðajafnvægis er víðtækur skilningur. Þó er það svo, að við þetta mál hefur verið fengizt með minni árangri en flest önnur viðfangsefni. Þetta er vegna þess, að mönnum hefur seint skilizt, að til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins þarf að koma til alhliða uppbygging þeirra byggðarlaga eða landssvæða, sem efla skal til aukins byggðajafnvægis. Enn fremur hafa menn lengi skirrzt við að viðurkenna, að ekki verður unnið að jafnvægi í byggð landsins nema mismuna þannig, að meira verði gert fyrir þá staði, sem efla þarf, en hina.

Efling byggðajafnvægis er í framkvæmd margslungið viðfangsefni. Ekki tjóar að láta til sín taka hluta vandamálsins. Venjulega þurfa að koma til samverkandi aðgerðir á ýmsum sviðum, svo sem á vettvangi samgöngumála, atvinnumála, skólamála, heilbrigðismála og félagsmála.

Í allri viðleitni til eflingar byggðajafnvægi kreppir nú skórinn ekki hvað sízt að í húsnæðismálunum. Víða úti um land skortir nú íbúðarhúsnæði. Þetta á einkum við þróttmikla útgerðarstaði. Þar er húsnæðisskorturinn þess eðlis, að hann kemur í veg fyrir fólksflutninga til þessara staða, sem annars væri grundvöllur fyrir. Þetta er á stöðum, þar sem skortir fólk á vinnumarkaðinn til þess að framleiðslutækin, sem þar eru þegar fyrir, verði fullnýtt og rekin með eðlilegum hætti. Á þessum sömu stöðum eru víða hinar hagkvæmustu aðstæður til frekari atvinnuuppbyggingar. Þar sem svo háttar til, getur því verið hinn ákjósanlegasti grundvöllur til eflingar byggðajafnvægi í landinu, ef ýtt er undir fólksflutninga til þessara staða frá þeim landshlutum,

þar sem fjölmenni hefur raskað eðlilegu byggðajafnvægi.

Til að hagnýta þennan grundvöll til eflingar byggðajafnvægi þarf aðgerðir, sem koma í veg fyrir, að húsnæðisskortur hindri búsetu fólks, sem vill leita til þessara staða í atvinnuskyni. Þessar aðgerðir þurfa og að vera þess eðlis, að þær í sjálfu sér örvi til þessara fólksflutninga. Þess vegna eru ekki önnur úrræði í þessu máli en að gera mögulegt, að íbúðarlán, sem veitt eru til þessara staða, verði hærri og hagkvæmari en almennt gerist.

Þetta þarf að gilda um öll íbúðarlán, sem veitt eru til þeirra byggðarlaga, sem njóta þessarar aðstoðar. Ekki er t.d. nægilegt að binda þessi sérstöku lán við byggingu leiguíbúða. Á þessum stöðum eru leiguíbúðir að vísu nauðsynlegar, en þær leysa ekki allan vandann. Engin frambúðarlausn fæst, nema öllum, sem byggja íbúðarhús, séu veitt þessi lán. Ekki á þetta sízt við um þá, sem vilja koma sér upp eigin íbúðum, svo sem algengast er um landsmenn. Mest er um vert að ýta undir íbúðarhúsabyggingar einstaklinga á þessum stöðum, því að það eru einstaklingarnir, sem eru driffjöðurin í þessum framkvæmdum í landinu. Hins vegar hefur í þessum efnum reynzt sá Þrándur í Götu, að einstaklingar hafa oft veigrað sér við að byggja sér íbúðir á mörgum þeim stöðum, þar sem þessi sérstaka aðstoð í húsnæðismálunum þarf einmitt að koma til. Menn hafa óttazt, að fjármunir þeir, sem þeir legðu í íbúðarbyggingar á þessum stöðum, rýrnuðu í verði vegna ótryggrar framtíðar viðkomandi staða. Þeir hafa óttazt, að þeir gætu ekki selt íbúðir sínar á kostnaðarverði eða í eðlilegu samræmi við almennt verðlag, ef þeir þyrftu að selja þær, t.d. vegna brottflutnings. Gegn þessum vanda verður ekki snúizt, nema þessir menn fái nokkra tryggingu fyrir því, að þeir biði ekki tjón af framtaki sínu, sem er þjóðfélaginu svo mikilvægt til eflingar byggðajafnvægi.

Með skírskotun til þessa, sem ég hef nú sagt, þá gerir frv. þetta ráð fyrir, að í lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins komi nýr kafli, er fjalli um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi. Þar segir, að ríkisstj. geti ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórnar sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins, þar sem aðstoðar er þörf til eflingar byggðajafnvægi í landinu. Lagt er til, að stjórn byggðasjóðs sé kvödd til ráða við slíkar ákvarðanir. Þarf þá að meta, hvort aðstoðar er þörf og hvort aðstoð kemur að tilætluðum notum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Enn fremur getur þurft að meta, hvaða staðir hafi forgang eða í hvaða röð hin einstöku byggðarlög hljóta aðstoð þessa, ef ekki verður hægt að sinna öllum réttmætum umsóknum samtímis.

Frv. kveður svo á um form þeirrar aðstoðar, sem veita skal, að ákvörðun um aðstoð eigi að gilda fyrir 4 ár í senn. Hér er reiknað með ákveðnu framkvæmdatímabili hliðstætt því, sem lög mæla nú fyrir um aðstoð úr byggingarsjóði verkamanna, til að koma við skipulegum vinnubrögðum og áætlunargerð um að ná settum áfanga í íbúðarbyggingum. Á þessu tímabili skal veita í viðkomandi sveitarfélag sams konar lán og veitt eru nú úr byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem byggðar eru á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholti í Reykjavík. Þessi sérstöku íbúðarlán á að veita öllum byggingaraðilum, bæði til byggingar eigin íbúða og leiguíbúða, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög eða viðkomandi sveitarfélag sjálft. Hin sérstaka aðstoð er fólgin í því, að lán þessi eru að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúðar og eru til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Hér er um að ræða miklum mun betri lán en hin almennu lán byggingarsjóðs ríkisins. Þau lán, sem nú eru ákveðin 800 þús. á hverja íbúð, nema naumast 40% af byggingarkostnaði meðalstórrar íbúðar og eru einungis til 25 ára og með engum afborgunarfresti.

Til að mæta fjármagnsþörf byggingarsjóðs ríkisins vegna framangreindra íbúðalána til eflingar byggðajafnvægi er í frv. lögð sú skylda á byggðasjóð að kaupa skuldabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út til fjáröflunar í byggingarsjóðinn. Þessi skuldabréfakaup byggðasjóðs hljóta að nema verulegri fjárhæð á hverju ári, ekki undir 200—300 millj. kr., ef miðað er við, að íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi verði ekki til færri en 200—300 íbúða árlega. Með tilvísun til þess, sem ég sagði um mikilvægi þessara aðgerða, getur ráðstöfunarfé byggðasjóðs ekki verið betur varið miðað við tilgang sjóðsins en að standa undir því, sem sérstaklega er gert í húsnæðismálunum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Ef hins vegar kann að þykja nauðsynlegt að auka tekjur byggðasjóðs í þessu skyni, þá er það aðgerð, sem að mínu viti krefst forgangs.

Þá felur frv. í sér ákvæði um verðtryggingu þeirra íbúða, sem hin sérstöku lán til eflingar byggðajafnvægi hafa verið lánuð út á. Þessi verðtrygging er til góða upphaflegum lántakendum, en nær ekki til eigenda íbúðanna, sem síðar kunna að verða. Er verðtryggingin í því fólgin, að byggingarsjóði ríkisins er að beiðni lántakenda gert skylt að yfirtaka viðkomandi íbúð, ef 5 ár eru liðin frá lántöku og lánið er ekki greitt að fullu. Skal þá kaupverð íbúðar nema byggingarkostnaði að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu að frádreginni fyrningu að mati dómkvaddra manna. Þessa verðtryggingu er ekki skylt að láta í té, ef sveitarfélag er lántakandi.

Ekki er gert ráð fyrir, að byggingarsjóður ríkisins hafi eignarhald til frambúðar á þeim íbúðum, sem hann yfirtekur. Sjóðnum er gert að skyldu að selja þessar íbúðir á hæsta fáanlegu verði. Hins vegar er ekki heimilt, að söluverð þessara íbúða sé lægri en sem nemur byggingarkostnaði, nema sveitarfélag sé kaupandi.

Til að mæta tapi, sem byggingarsjóður kann að verða fyrir vegna mismunar á kaupverði og söluverði hinna verðtryggðu íbúða, kveður frv. svo á, að ráðstafa skuli fjárhæð, sem svarar tekjum af 1% lántökugjaldi, sem sjóðurinn tekur nú samkv. lögum af öllum útlánum sínum. Erfitt er af augljósum ástæðum að gera sér grein fyrir, hve miklu byggingarsjóður kann að tapa við framkvæmd verðtryggingarinnar. Það hlýtur að fara mikið eftir árangri þeirra aðgerða, sem gerðar eu samkv. þessu frv. Ef vel tekst til, eru

líkur fyrir því, að fólksflutningar til staða, sem njóta verðtryggingarinnar, stuðli þar að hækkun húsaverðs eða geti komið í veg fyrir óeðlilega lágt verðlag húsa. Hins vegar er nauðsynlegt að kveða á um, hvað heimilt er að verja miklu fjármagni vegna verðtryggingarinnar. Þess vegna er lagt til, að fjárhæð, sem svarar lántökugjaldi byggingarsjóðsins, megi verja í þessu skyni.

Í bili þarf aftur á móti ekkert fjármagn vegna verðtryggingarinnar. Samkv. ákvæðunum um verðtryggingu getur hún ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi eftir 5—6 ár frá því, að frv. þetta verður að lögum. Ekki er óvarlegt að reikna með, að það fjármagn, sem lántökugjaldið gefur á þessu tímabili, verði orðið samtals a. m. k. 100 millj. kr., þegar komið getur til útgjalda að ráði vegna verðtryggingarinnar. Nauðsyn ber hins vegar til að hafa hliðsjón af þessari nýju fjármagnsþörf vegna verðtryggingarinnar, þegar hinir almennu tekjustofnar íbúðarlánakerfisins verða efldir, eins og augljóslega þarf að gera, þótt ég geri ekki í þessu frv. till. um það efni, þar sem mér þykir enn rétt að láta reyna á, hvort hæstv. félmrh. stendur við margítrekuð loforð um að gera þetta.

Auk hins nýja kafla um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi, sem ég hef nú gert grein fyrir, felur þetta frv. í sér breytingar varðandi tvö önnur atriði. Er þar um að ræða hækkun á framlagi ríkissjóðs til byggingarsjóðs verkamanna og hækkun á fjárhæð hinna almennu íbúðarlána byggingarsjóðs ríkisins.

Í meira en 40 ár hefur ríkissjóður greitt árlega framlag til byggingarsjóðs verkamanna, sem verið hefur jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingarsjóðsins hafa verið á hverju ári. Eftir að gagnger breyting var gerð á verkamannabústaðakerfinu árið 1970, komu í ljós erfiðleikar í fámennum sveitarfélögum á framkvæmd þessara mála. Kom það til af því, að byggingarframkvæmdum eru sett takmörk, sem miðast við framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til byggingarsjóðs verkamanna. Samkv. þessum ákvæðum mátti hámarksframlag sveitarfélaga ekki vera hærra en sem svaraði 400 kr. á hvern íbúa í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta hámarksframlag reyndist vera of lágt í fámennum sveitarfélögum, til þess að við yrði komið nægilega miklum og hagkvæmum byggingarframkvæmdum. Til að bæta úr þessu var samþ. á síðasta Alþ., að hámark framlagsins skyldi vera 1200 kr. í stað 400 kr.

Þrátt fyrir þessa bragarbót, sem þýddi, að möguleikar til framkvæmda þrefölduðust, hefur komið í ljós, að ekki var nóg að gert. Þar að auki hefur komið til, að sveitarfélögin hafa átt erfitt með að standa undir greiðslubyrði sinni vegna byggingar verkamannabústaða. Afleiðingin hefur orðið sú, að verkamannabústaðir hafa ekki verið byggðir í eins ríkum mæli og þurft hefði. Til að bæta úr þessu er ekki ráð að leggja þyngri byrðar á sveitarfélögin en gert hefur verið, miðað við óbreytta tekjustofna þeirra og verkefni. Þess vegna er lagt til í þessu frv., að byggingarsjóður verkamanna verði fjármagnaður af ríkissjóði að ¾ hlutum og af sveitarsjóðum að ¼. Þessi breyting felur í sér þreföldun á upphæð framlaga ríkissjóðs miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þannig er á fjárlögum þessa árs framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðs verkamanna ákveðið 63 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögunum. Hér er því um að ræða 126 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs, miðað við óbreytta fjárhæð frá sveitarfélögunum. Þetta þýðir, að ráðstöfunarfé til byggingar verkamannabústaða gæti tvöfaldazt, án þess að aukið sé framlag sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir, að þessi breyting á hlutfalli framlaga til sjóðsins stórauki byggingu verkamannabústaða, þar sem frumkvæði þessara framkvæmda er samkv. lögum í valdi sveitarstjórna. Með slíkum ráðstöfunum verður bezt unnið að húsnæðismálum láglaunafólks, þar sem lánskjör byggingarsjóðs verkamanna eru þau langtum beztu, sem völ er á.

Þá felur frv. loks í sér breytingu á hámarki íbúðarlána byggingarsjóðs ríkisins úr 600 þús. kr. í 900 þús. kr. til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þegar lögfest var 600 þús. kr. hámarksupphæðin í maí 1970, var vísitala byggingarkostnaðar 439 stig, en var orðin um síðustu áramót 689 stig eða hafði hækkað um 56,9%. Miðað við þessa hækkun byggingarkostnaðarins er það algert lágmark að hækka lánin í 900 þús. kr., ef þau eiga að halda raungildi sínu. Það er því ekki nægileg sú hækkun upp í 800 þús. kr., sem húsnæðismálastjórn hefur nú ákveðið með samþykkt hæstv. félmrh. En þessu frv. er ætlað að bæta úr þessu ófremdarástandi.

Mér þykir rétt að geta þess, að fyrr á þessu þingi — fyrir áramót — lagði ég fram till. til þál., þar sem skorað var á hæstv. félmrh. að hlutast til um, að íbúðarlán byggingarsjóðs ríkisins yrðu hækkuð úr 600 þús. kr. í 900 þús. kr. Þessi till. virtist koma hreyfingu á málið, því að skömmu síðar ákvað húsnæðismálastjórn hækkun upp í 800 þús. kr., eins og ég hef þegar getið um. En hér var hvergi nærri nóg að gert. Nú hef ég lagt til í frv.-formi, að þessi ráðstöfun verði gerð. Þáltill. mín liggur hins vegar enn þá fyrir allshn. SÞ. Það hefur verið leitað álits húsnæðismálastjórnar um till. Þrír húsnæðismálastjórnarmenn hafa skilað séráliti, og einn þeirra manna er Hannes Pálsson frá Undirfelli, sá eini, sem hefur verið alla tíð, frá því að húsnæðismálastjórn var stofnuð, í stjórninni og er því að öllum öðrum ólöstuðum sá maður, sem mest er inni í þessum málum. Ég vil nú leyfa mér að lesa úr þessu bréfi, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðismálastjórn hefur borizt bréf, dags. 23.3. 1973, frá félmn. Alþ., þar sem leitað er álits húsnæðismálastjórnar varðandi þáltill. á þskj. 135. Þáltill. þessi er flutt af Þorvaldi Garðari Kristjánssyni og er áskorun til hæstv. félmrh. um það að hækka lánsfé þeirra, er fá lán á vegum byggingarsjóðs ríkisins, með hliðsjón af byggingarvísitölu úr 600 þús. kr. á íbúð í 900 þús. kr. á íbúð. Við undirritaðir húsnæðismálanefndarmenn leggjum til, að hið háa Alþ. samþ. umrædda þáltill. á þskj. 135 og færum fyrir því eftirfarandi rök:

Með lögum nr. 30 frá 12. maí 1970 var hámarkslán frá Húsnæðismálastofnuninni ákveðið 600 þús. kr. og skyldi félmrh. geta hækkað það

að tveimur árum liðnum með hliðsjón af hækkun byggingarvísitölu. Þegar hámarkslánið 1970 var ákveðið af hinu háa Alþ., var byggingarvísitalan frá 1.3. 1970 í gildi. Miðað við þá vísitölu kostaði rúmmetrinn í vísitöluhúsinu 4080 kr. Byggingarkostnaður á 370 rúmm. íbúð, sem má teljast meðalíbúð, var því 1 509 00 kr. og byggingarsjóðslán út á slíka íbúð var þá 39,7% af kostnaðarverði meðalíbúðar. Miðað við byggingarvísitölu er tók gildi 1.3 1973, er byggingarkostnaður á hvern rúmmetra 6580 kr. eða á hverja 370 rúmmetra íbúð 2 434 600 kr. Ef hámarkslán væri 900 þús. kr. á íbúð, þá er lánið þó ekki meira en ca. 37% af kostnaði. Lántakandi, sem byggir nú, fengi því 2,7% lægra lán miðað við byggingarkostnað heldur en lögin frá 1970 gerðu ráð fyrir. Það er því um afturför að ræða, þótt hámarkslán væri ákveðið 900 þús. kr. 1973. Rétt er og að geta þess, að samkv. lauslegri áætlun Hagstofu Íslands hækkar byggingarvísitalan, sem nú er í gildi, úr 708 stigum í 762 stig, vegna kauphækkana 1. marz 1973 og hækkunar á söluskatti. Þegar slík hækkun er tekin með, verður kostnaður á hvern rúmmetra vísitöluhússins 7100 kr. eða byggingarkostnaður á 370 rúmm. íbúð ca. 2 627 000 kr. Þessu til viðbótar kemur svo hækkun byggingarefnis á tímabilinu frá 1. marz til 1. júlí 1973, svo að byggingarvísitalan fer 1. júlí 1973 langt yfir 762 stig. Það má því slá því föstu, að þótt hámarkslán yrði hækkað í 900 þús. kr. þá yrði lánaprósentan miðað við byggingarkostnað 1973 alltaf talsvert lægri en 34% af kostnaði á meðalíbúðina. Þrátt fyrir 900 þús. kr. hámarkslán yrði því um meiri en 6% afturför að ræða frá 1970 og meiri afturför teljum við óhæfu, þar sem takmarkið þarf vitanlega að vera það að hækka lánin og lengja lánstímann. Þróunin má ekki verða öfug, því að slík öfugþróun eykur húsnæðiskostnaðinn."

Svo mörg voru þau orð. Ég þarf í raun og veru engu að bæta við þessi sterku rök. Það liggur við, að ég fyrirverði mig fyrir að hafa ekki gert till. um meiri hækkun íbúðarlánanna en í 900 þús. kr. á íbúð.

Ég hef nú, herra forseti, lokið við að gera grein fyrir frv. því, sem ég flyt á þskj. 501. Mér þykir aðeins rétt að víkja að því, að nú liggja fyrir hv. Alþ. tvö frv. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Annað er frv. frá hv. 1. þm. Vestf. og þm. Tómasi Árnasyni á þskj. 388. Hitt frv. er stjfrv. á þskj. 480. Í stjfrv. felast tvær breytingar. Önnur er sú að hækka íbúðarlán húsnæðismálastjórnar úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr. á hverja íbúð eða nánar tiltekið að staðfesta þá ákvörðun, sem húsnæðismálastjórn hefur þegar tekið, eins og ég hef áður getið um. Ég þarf ekki að fara orðum um það, hve fánýt og óeðlileg slík till. er. Hin till. er um, að heimilt sé að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 frá 1965. Hér er um að ræða að veita lán til byggingar leiguíbúða með þeim lánskjörum, sem veitt voru til bygginga á vegum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholti í Reykjavík. Er gert ráð fyrir, að þessi lán séu veitt til 1000 íbúða á næstu 5 árum.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, hve ófullnægjandi þessi till. hæstv. ríkisstj. er og varhugaverð, leyfi ég mér að segja, fyrir sveitarfélögin sjálf. Hún er ónóg, vegna þess að með tilvísun til þess, sem ég hef áður sagt, þá er alls endis ónóg að miða fyrirgreiðslu við landsbyggðina einungis við leiguíbúðir. Og hún er ábyrgðarlaus gagnvart sveitarfélögunum, því að auðvitað vildu sveitarfélögin komast hjá að leggja í byggingarframkvæmdir, ef þess væri kostur, að aðrir aðilar gætu það. En öðrum aðilum er fyrirmunað að gera það með þessum kjörum, vegna þess að þetta ákvæði gerir einungis ráð fyrir, að sveitarfélögin eigi hlut að máli.

Þetta er þeim mun meiri óhæfa, þar sem á síðasta Alþ. var samþykkt þál. um að skora á ríkisstj. að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir. Þessi þáltill. var samþykkt á síðasta þingi, og ríkisstj. var fyrirlagt að flytja frv. um að efla byggingu leiguíbúða, en miða það ekki einungis við sveitarfélög, heldur hverja þá aðra aðila, sem væru fúsir til að byggja. Ég bendi á þetta aðeins til þess að leggja áherzlu á, hve fáránlegur þessi málatilbúnaður hæstv. ríkisstj. er.

Ég gat um það, að annað frv. lægi hér fyrir á þskj. 388. Það fjallar um að veita lán með sömu kjörum og gilt hafa um byggingar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholti. Það fjallar að þessu leyti um það sama og stj.frv. En þetta frv., sem hv. 1. þm. Vestf. er 1. flm. að, er betra frv. að mínu viti heldur en stj.frv., vegna þess að það takmarkar ekki þessa aðstoð einungis við leiguíbúðir, heldur er það opið að veita þessi kjör við byggingar annarra íbúða. Hins vegar hefur þessi till. hv. 1. þm. Vestf. mikinn ókost. Það er gert annars vegar ráð fyrir, að þetta verði bráðabirgðaákvæði í lögunum, en ekki til frambúðar. Hins vegar er gert ráð fyrir, að þessi fyrirgreiðsla komi ekki til framkvæmda fyrr en árið 1975.

Ég hef leyft mér að vekja athygli á þessum tveimur öðrum frv. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að leggja áherzlu á það, hve þýðingarmikið er, að frv. mitt á þskj. 501 nái fram að ganga á þessu þingi, ef mönnum er alvara að gera eitthvað raunhæft og markvisst í húsnæðismálunum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Það kann að vera, að það sé lítil von til þess, að það fáist afgreiðsla á þessu frv., áður en þingi lýkur. En ég geri ráð fyrir, að eitthvað verði samþykkt til breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, áður en þingi lýkur. Ég vildi því, ef ekki tekst að fá frv. mitt samþ., sem auðvitað væri eðlilegt og væri hægt að gera, ef vilji væri til þess hjá meiri hluta hv. Alþ., mega vonast til þess, að við afgreiðslu þessara mála á þessu þingi verði tekið það tillit til þessara till. minna, að eitthvað af þeim nái þá fram að ganga sem breyt. við stj.frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 467, n. 507). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. N. hefur athugað frv. og birtir nál. sitt ásamt brtt. á þskj. 507. Meginefni frv. varðar breytingu á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma. Lagt er til, að Garðahreppur og Bessastaðahreppur verði sameinaðir Kjósarsýslu og heyri þannig áfram til umdæmis bæjarfógetans í Hafnarfirði sem sýslumanns Kjósarsýslu, en bæjarfógetinn í Keflavík verði jafnframt sýslumaður Gullbringusýslu með þeim breyttu mörkum, sem ákveðin eru í 1. gr. frv.

Frv. þetta er flutt á grundvelli þál. frá 24. febr. 1972 um breytta skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum, þannig, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þau mál til einu embætti í Keflavík. Vegna staðhátta þótti slík skipan mála hentugri og til mikils hagræðis fyrir þá, sem búa í hreppum sunnan og vestan Hafnarfjarðar.

N. þótti rétt til þess að taka af öll tvímæli, að það yrði tekið fram í frv., að afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í l. þessum, til beitilanda og afrétta, haldist óbreyttur þrátt fyrir ákvæði laga þessara, og hnígur brtt. n. að því. Ákvæði til bráðabirgða fela í sér nauðsynleg fyrirmæli um framkvæmdaratriði vegna þessara breytinga á sýslumörkum og þurfa ekki skýringa við.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef gert grein fyrir. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Gísli Guðmundsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 507,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 507,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Námulög, frv. (þskj. 428 (sbr. 48), n. 536). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forsti. N. hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 521 (sbr. 170), 179, 192). — 3. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var til 2. umr. hér í hv. d., urðu um það allmiklar umr., bæði um einstaka þætti þess og almennar umr. um efnahagsmál. Ég tel mig ekki geta komizt hjá því að víkja nokkuð að þessum atriðum nú við 3. umr. frv., fyrst ég gerði það ekki við 2. umr. En að sjálfsögðu gerði ég grein fyrir frv. við 1. umr. þess, þegar það var flutt fyrir áramótin.

Ég vil byrja á því að taka undir það, sem fram kom í ræðum hv. þm., þeirra sem þá töluðu, er þeir gagnrýndu, hve málið væri seint á ferðinni, og létu í ljós þá skoðun, að eðlilegt væri, að framkvæmdaáætlun væri afgreidd með fjárlögum. Ég hef áður látið þessa skoðun í ljós og bið mig ekki undan gagnrýni í sambandi við það. Ég er alltaf að sannfærast um það betur og betur, að þessi háttur, sem upp var tekinn fyrir nokkrum árum eða nærri áratug, að slíta fjárlögin þannig í sundur, eins og gert er með framkvæmdaáætlun og fjárlagaafgreiðslu, er afskaplega hæpinn og hlýtur að hafa þau áhrif, að minni festa verður í meðferð ríkisfjármála og efnahagsmála yfirleitt.

Afgreiðsla eignahreyfingar hjá ríkinu eða það, sem er fjármagnað með lánsfé, var á 20. gr. fjárlaga, eins og þau voru hér áður fyrr, og þá kom ekki neitt sérstaklega til afgreiðslu á framkvæmdaáætlun, eins og verið hefur á síðari árum. Ég hafði hugsað mér, að hægt væri að afgreiða framkvæmdaáætlunina með fjárlögunum fyrir áramótin í vetur, en því miður var það ekki gert, og er ég ekki að biðja mig undan gagnrýni í sambandi við það. En ég endurtek, að ég tel, að raunverulega orki það mjög tvímælis, hvort þessi þáttur á ekki beinlínis að vera einn af þáttum fjárlagafrv., en ekki sérstakt lagafrv., eins og hér er. Auk þess, sem ég hef talið fram sem galla í því sambandi, vil ég einnig vekja athygli á því, að eins og meðferð fjárlaga er hér á hv. Alþ., eru það Sþ. og fjvn., sem kosin er af því, sem fjalla um fjárlagafrv., en fjhn. og deildir aftur um þetta frv. Þess vegna getur fjvn. sem slík ekki haft nein áhrif á meðferð framkvæmdaáætlunar, og er það að minni hyggju mjög fráleitt. Hitt er svo ekki rétt, sem fram kom í umr., og það hefur komið í blöðum síðar, að fjárlagaafgreiðsla og afgreiðsla á framkvæmdaáætlun hafi farið saman. Það hefur aldrei komið fyrir hér á hv. Alþ., að það hafi skeð, og í þessu tilfelli ekki um meiri breyskleika að ræða en áður hefur verið. Ég hef athugað afgreiðslu á framkvæmdaáætlun frá 1966, sem ég hygg að sé sú fyrsta, sem var afgreidd í slíku formi, og eru afgreiðsludagar þeir, sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: 1966 27. apríl, 1967 18. apríl, 1968 19. apríl, 1969 16. maí, 1970 27. maí, 1971 6. apríl, 1972 17. maí.

Þetta yfirlit sannar, að hér er ekkert nýtt á ferðinni í sambandi við afgreiðslu framkvæmdaáætlunarinnar. En það breytir ekki því, að nauðsyn ber til að tengja þetta tvennt saman, framkvæmdaáætlun og fjárlög. Hitt finnst mér meira

orka tvímælis, hvort sjóðamálin eigi að vera samhliða þessari afgreiðslu, það finnst mér geti verið annar þáttur, ekki sízt ef framkvæmdaáætl. væri betur tengd fjárl.afgr. en verið hefur.

Ég vil í sambandi við þetta mál geta þess, að það kom fram í umr. við 2. umr. málsins, að hv. þm. voru undrandi á því, hvað hefði tafið afgreiðslu þessa máls frá áramótum til þessa tíma. Mér finnst í raun og veru, ef á það mál er litið í heild, að engum hv. þm. ætti að vera það neitt undrunarefni, þó að nokkur töf hafi orðið á þessari afgreiðslu, fyrst henni var ekki lokið fyrir jólin. Það var fyrstu daga framhaldsþings eftir áramótin, sem hamfarirnar í Vestmannaeyjum byrjuðu, og þær hafa sett sinn svip á afgreiðslu þjóðmála síðan. Þarf engan að undra, þótt nokkurn tíma hafi tekið að vinna að öðrum málum, sem Alþ. fjallar um nú, vegna þess óhapps, sem þar varð. Ég vil vekja athygli á því, að í sambandi við þá afgreiðslu, sem gerð var á Vestmannaeyjamálunum, voru lagðar á þjóðina nýir skattar, sem nema um 2000 milj. kr., eða álíka fjárhæð og ætluð er til allra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Það þarf því engan að undra, þó að þetta mál hafi haft veruleg áhrif í sambandi við afgreiðslu á framkvæmdaáætlun og fjárútvegun í stofnlánasjóðina.

Það eru fleiri atriði, sem koma til greina í sambandi við Vestmannaeyjamálin, en fjármálin ein, því að vegna þess óhapps hlýtur að verða veruleg tilfærsla á framkvæmdum í þjóðfélaginu frá því sem hugsað var. Þær framkvæmdir, sem verða vegna Vestmannaeyja, munu a.m.k. að verulegu leyti verða á því svæði, sem vegna byggðajafnvægis var hugsað, að ekki mætti auka framkvæmdir á frá því, sem áður hefur verið. Það veldur því tvöföldu álagi og áhyggjum, einmitt það verkefni, sem er í sambandi við þessar náttúruhamfarir. Ef ætti svo að stilla inn á það að skera niður framkvæmdir á öðrum byggðasvæðum landsins en hér á suðvesturhorninu, mundi það að sjálfsögðu ganga þveröfugt í þá átt, sem allir flokkar vilja kenna sig við, sem er byggðajafnvægismálið. Þess vegna er það svo, að sá þáttur þessa mikla vandamáls hefur að sjálfsögðu haft mikil áhrif í sambandi við allar þær ákvarðanir, sem hefur orðið að taka við endanlega ákvörðun framkvæmdaáætlunarinnar.

Þá hefur jafnframt, fyrst ekki var hægt að ljúka afgreiðslu framkvæmdaáætlunarinnar fyrir jólin í vetur, verið talið eðlilegt að gera grein fyrir því, hvernig hægt væri að mæta fjárþörf fjárfestingarlánasjóða til þeirra verkefna, sem þeir eiga að inna af hendi á yfirstandandi ári. Það er í þeirri skýrslu, sem lögð hefur verið á borð hv. þm. og samin er af áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, gerð grein fyrir því, hvernig ríkisstj. að till. Framkvæmdastofnunarinnar hugsar sér að fjármagna fjárfestingarlánasjóðina og hvernig því fjármagni er skipt á milli þeirra. Áður en ég vík að því frekar, vil ég vekja athygli á skýrslu í þessari grg. Framkvæmdastofnunarinnar um það, hvernig áætlunin hefur staðizt á s.l. ári, þ.e. fjármunamyndunin í landinu miðað við þær áætlanir, sem gerðar voru hér á s.l. vori.

Í heild hefur þessi fjármunamyndun farið 390 millj. kr. fram úr áætlun þeirri, sem þá var byggt á. Þeir liðir, sem fram úr hafa farið, eru landbúnaður með 200 millj. kr., iðnaður með 80 millj. kr., þar er þó álverksmiðjan ekki með talin, flutningatæki 220 millj. kr., verzlunar- og veitingastarfsemi 70 millj. kr., ýmsar vélar og tæki um 20 millj. kr., íbúðarhúsabyggingar um 450 millj. kr. og rafvirkjanir og rafveitur um 70 millj. kr. Hins vegar hafa aðrir liðir orðið undir þessum áætlunum, og er þar álverksmiðjan með hæsta tölu eða 370 millj. kr. og byggingar hins opinbera um 240 millj. kr.

Þessi skýrsla sýnir þau tilvik, sem hafa orðið frá þeirri áætlun, sem gerð var á s.l. ári og framkvæmdir samkv. framkvæmdaáætlun þá, og þeim spám, sem þá voru birtar.

Þá er einnig í töflu 5 í þessari sömu skýrslu uppgjör á framkvæmdaáætlun um opinberar framkvæmdir á s.l. ári, og sé ég ekki ástæðu til að fara að lesa það upp, þar sem skýrslan skýrir sig sjálf og er í höndum allra hv. þm.

Frá 2. til 3. umr. hafa ekki verið gerðar till. um breyt. á framkvæmdaáætlunarfrv., en hins vegar eru tvö mál eftir, sem ekki hefur endanlega verið tekin ákvörðun um, hvort verða tekin inn nú við 3. umr. eða sérstaklega um fjallað. Það kom fram við 1. umr. málsins, að nauðsyn bæri til að hefja framkvæmdir í Þorlákshöfn þegar á þessu ári. En eins og frv. bar með sér, þegar það var lagt fram hér á hv. Alþ., var ekki gert ráð fyrir því, að annað yrði unnið í Þorlákshöfn á yfirstandandi ári en undirbúningur að framkvæmdum á næsta ári. Með náttúruhamförunum í Vestmannaeyjum hefur það hins vegar orðið ljóst, að hjá því yrði ekki komizt að gera þarna stórt átak á þessu ári og meira en menn höfðu hugsað sér fyrir áramótin. Nú hafa farið fram viðræður milli íslenzkra stjórnvalda og fulltrúa frá Alþj.bankanum um hugsanlegar lánveitingar Alþj.b. í sambandi við þessa hafnargerð. Ekki er lokið þeim viðræðum eða séð, hvernig málinu reiðir af. Þó má nokkurn veginn ljóst verða af því, sem þegar er kunnugt, að fjármagn fæst þarna til framkvæmda í Þorlákshöfn í stórum stíl, þó að ekki sé endanlega frá því gengið. Verða menn að gera það upp við sig, áður en þingi lýkur, hvort afgreiða á málið með brtt. við þetta frv. eða flytja um það sérstakt frv., til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir í sumar. Þetta er ekki alveg ljóst eins og er, og þess vegna skýri ég frá þessu núna út frá því, sem fyrir liggur, en mun fá endanlega niðurstöðu um það, áður en málið fer héðan úr hv. deild.

Þá er og annað mál, sem var til meðferðar hér fyrir áramótin, sem var þörungaverksmiðja á Reykhólum. Það hefur ekki ennþá verið endanlega frá því gengið, hvernig að því verki skuli staðið. En vegna þeirra samninga, sem gerðir hafa verið við væntanlega kaupendur ber nauðsyn til að hraða því verki það mikið, að til framkvæmda komi á þessu ári. Hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um, hvort það verður tengt þessu frv. eða flutt sem sérstakt mál á hv. Alþ.

Það kom hvort tveggja mjög fram við 2. umr. þessa máls, að hv. þm. fannst of mikið að gert í fr.kv. og í hinu tilfellinu, að þeim þætti of lítið að gert í framkv. Því er ekki að neita, að hér er, eins og í fleiru, vandi að sigla á milli skers og báru, og ekki hefur sá vandi minnkað við

þær framkvæmdir, sem bætast á atvinnumarkaðinn vegna Vestmannaeyjaáfallsins. En eins og ég gat um áðan, er vandinn kannske fyrst og fremst fólginn í því, að þær framkvæmdir, sem leiðir af því óhappi, verða mestar á því svæði hér suðvestanlands, þar sem þm. álíta yfirleitt að ekki sé æskilegt að fólk safnast meira saman en orðið er, og þurfi heldur að draga úr framkvæmdum hér og auka þær aftur annars staðar. Það kom t.d. fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., að hann taldi, að nauðsyn bæri til að draga úr framkvæmdum víðs vegar um landið vegna þess, að of mikið vinnuafl væri bundið í þeim framkvæmdum, sem hér er lagt til að fjármagna. Nú er það að segja um þær framkvæmdir, sem lagt er til að fjármagna samkvæmt framkvæmdaáætluninni, að hér er fyrst og fremst um það að ræða að halda áfram við verk, sem eru þegar í framkvæmd. Svo má segja um rafvæðinguna, eins og t.d. Lagarfossvirkjun og Mjólkárvirkjun, sem eru stærstu framkvæmdaaðilarnir í ríkisframkvæmdum. Að öðru leyti er um að ræða endurnýjun á kerfi, sem þegar er úr sér gengið eða álagið hefur aukizt svo mikið, að ekki verður hægt að komast hjá því að endurnýja það. Það mun vera svo m.a. í mínu kjördæmi, að línan vestur á Snæfellsnes er orðin þannig, að þær fjárveitingar, sem ætlaðar eru til þess að endurnýja hana, munu fremur þykja of litlar en of miklar. Sama er að segja um mál eins og Laxárvirkjunarmálið. Nógu erfitt er það mál í skauti, þó að reynt sé að ljúka því, sem þar hefur verið unnið að á síðustu árum. Til þess að það megi verða, er sú tala, sem nú er í frv. eftir 2. umr., nauðsynleg í alla staði. Mun vera þar eins og víðar, að menn telja heldur of naumt skammtað en um of. Um sveitarafvæðinguna er það að segja, að það hefur verið sett upp ákveðin áætlun um að ljúka því verki á næsta ári, og þær tölur, sem hér eru, eru miðaðar við það. Það má svo sem segja, að það megi draga slíkar framkvæmdir eitthvað, en þó mun vera svo, a.m.k. meðal hv. alþm., að yfirleitt hafa þeir sótt á að hraða þessum framkvæmdum heldur en hitt. Hafa mörg sveitarfélög og byggðarlög lagt á sig veruleg útgjöld til þess að hraða framkvæmdum á þessu sviði. Hér er reynt að keppa að því að halda þessum áætlunum.

Um aðra þætti, sem hér er lagt til, að fé sé útvegað til, eins og t.d. til Skeiðarársandsvegar, er það að segja, að það væri hægara sagt en gert að draga úr þeirri framkvæmd, m.a. vegna þess, að búið er að panta mikið af efni til þessa verks. Það er í raun og veru búið að leggja í það allt of mikið til þess að hægt sé að reikna með því að fara með miklum hægagangi í framkvæmdina, og það væri afskaplega erfitt að spara til þess fé á þessu ári vegna þeirrar útborgunar, sem nauðsynleg er vegna efniskaupa. Enn fremur er það mat þeirra, sem þekkja og má byggja á, að hér sé um að ræða verk, sem bezt sé að vinna að á veturna, og þetta verk er bundið sérstakri tekjuöflun, sem er sala á happdrættisskuldabréfum og verður fjáröflunin og framkvæmdin að fara saman. Hitt er ljóst, að nauðsyn ber til að halda þessu verki áfram með eðlilegum hraða.

Það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., að það mætti draga úr framkvæmdum, og nefndi hann til nokkur dæmi þar um. Þar var fyrst um að ræða Sigölduvirkjunina, sem nú þegar er búið að leggja verulega fjármuni í, og hún er, alveg eins og Búrfellsvirkjunin, miðuð við það, að við getum gert okkar atvinnuvegi fjölbreyttari og farið meira inn á svið iðnaðar. Þar mun nú verða um að ræða fjáröflun, sem mundi ekki verða fengin að láni til annars verks, þar sem það er Alþjóðabankinn, sem lánar féð. Þar verður náttúrlega að hafa það sjónarmið í huga í sambandi við framkvæmdir, hvort eðlilegt er að draga úr þeim vegna mannfæðar. Aðrar uppástungur, sem hv. 2. þm. Vestf. hafði til að draga úr framkvæmdum, var að draga úr vegaframkvæmdum á Norður- og Austurlandi og í hraðbrautum. Nú er reynsla okkar hv. þm. sú, að yfirleitt sækja þm. á um vegaframkvæmdir. Ég minnist þess, að þegar verið var að fjalla um vegamál í fjvn. hér áður fyrr og það féll í hlut fjvn. að skipta fénu, m.a. til þess að greiða niður lán, sem tekin höfðu verið til vegaframkvæmda á Vestfjörðum, samþykktu þm. það, en þá var m.a. gert ráð fyrir, að það hlyti að leiða til þess, að slíkum vinnuaðferðum yrði beitt í fleiri landshlutum. Ég held því, að það sé hægt út af fyrir sig að gera till. um það að spara framkvæmdafé hjá nágrönnum sínum, ef menn vilja leggja sig í það, en sneiða fram hjá sjálfum sér. En ég held, að það verði nú svo, að aðrir þm. geti fundið önnur svæði, sem heldur ættu að bíða en þau, sem þessi hv. þm. benti á. Sama er að segja um hraðbrautaframkvæmdir. Það vita allir, að þetta eru hin mestu nauðsynjamál, og það er alveg geysilegur munur fyrir þá, sem hraðbrautanna njóta, m. a. vegna atvinnuvega. Einn af þeim vegum, sem á að leggja nú, er vegurinn frá Keflavíkurvegi til Grindavíkur. Þarna fer fram geysilegur flutningur á fiski. Ég er ekki búinn að sjá, að það sé rétt og skynsamlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði að fresta þessari framkv.

En það er svo með allar þessar framkvæmdir, að þær kosta sína fjármuni, og verður að afla fjár til þeirra. Og svo mun vera um allt, sem við hér erum að ræða um, að nauðsyn ber til að afla þess fjár. Vandi okkar er meiri núna en nokkru sinni fyrr vegna þeirra óhappa, sem við höfum orðið fyrir á fyrstu mánuðum ársins. Sá vandi er náttúrlega tengdur fjárútvegun, framkv.-röskun og mannaflsskorti. Ég hygg, að það mundi fara svo, ef ætti að fara að gera grein fyrir því, hvað af þessum framkvæmdum ætti að bíða, að sitt sýnist hverjum þar um, eins og oft vill verða, þegar um slíkt er að ræða í sambandi við framkvæmdir í þjóðfélaginu.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja að sjóðamálunum og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið varðandi fjáröflun og framkvæmdir í sambandi við sjóðina.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að jafnhliða því, sem verið er að afgreiða þetta mál, verða lögð fyrir þingið frv. til tekjuöflunar í sambandi við fiskveiðasjóð, stofnlánadeild landbúnaðarins og iðnlánasjóð. Sú áætlun, sem hér er gerð, er miðuð við það, að eigin tekjur þessara sjóða vaxi frá því, sem gert var ráð fyrir, þegar Framkvæmdastofnunin fjallaði um þessi sjóðamál upphaflega. Niðurstöðutölur af fjáröfluninni

í sambandi við framkvæmdasjóðinn eru 1910 millj. kr., og skiptingin er einnig í þeirri skýrslu, sem lögð var fyrir Alþingi í dag. Er gert ráð fyrir því, að framkvæmdasjóður eigi um 130 millj. kr., eftirstöðvar af samkomulagi við bankana frá í fyrra séu um 66 millj. kr. og að samkomulag verði gert við bankana núna um áframhaldandi 10% af sparifjársöfnun, sem áætluð eru 284 millj. kr., hluti af spariskírteinaláni verði 150 millj. kr. og lán frá iðnþróunarsjóði vegna iðnlánasjóðs 40 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því að aukin lán hjá lífeyrissjóðum. Fundur hefur verið haldinn með forráðamönnum lífeyrissjóðanna, og hefur þar verið rætt um að komast að samkomulagi við þá um að kaupa á þessu ári allt að 300 millj. kr. a. m. k. af skuldabréfum með verðtryggingu. Hér er um tvíþættan tilgang að ræða. Í fyrsta lagi er hér um að ræða frá hendi ríkisstj. fjáröflunarleið vegna framkvæmdasjóðs til að fjármagna þær framkvæmdir, sem sjóðurinn þarf að fjármagna, og í öðru lagi er verið að stefna að því með þessu, að aðstoða lífeyrissjóðina með því að gera fjármuni þeirra verðtryggða, þegar þeir koma til útborgunar sem eftirlaun handa lífeyrisþegunum. Það er ekki vafi á því, að það er mikill áhugi orðin á því hjá lífeyrissjóðamönnum að verðtryggja lífeyrissjóði sína, og er þetta heppilegasta leiðin til þess. Það hefur orðið með samkomulagi við þá skipuð n. til að vinna að þessu máli, sem þeir hafa tilnefnt sína fulltrúa í og ríkisvaldið og Seðlabankinn hafa svo aftur tilnefnt sína fulltrúa. Er þessi n. að byrja að vinna þetta verk, sem hér er stefnt að árangri af. En jafnhliða því á það svo að vera hlutverk þessarar n. að vinna sameiginlega að lausn þessara mála eða finna leiðir til þess, að í framtíðinni megi takast samstarf um ráðstöfun á hluta af lífeyrissjóðafénu með þessum hætti. Það er von ríkisstj., að það takist að ná samkomulagi við forustumenn lífeyrissjóðanna, til þess að ekki þurfi að grípa til neinna annarra ráða í sambandi við þá löngun, sem stjórnvöld hafa til að fá þarna fé að láni, og jafnframt til þess að mæta óskum þeirra sjóðfélaga, sem eru í óverðtryggðum lífeyrissjóðum, um að verðtryggja hluta af sínu fé.

Þá er gert ráð fyrir því að taka erlend lán vegna sjóðanna upp á 800 millj. kr., og ef fjárþörfin verður sú, sem hér er gert ráð fyrir, mundi Seðlabankinn lána 160 millj. kr. til að brúa þetta bil, ef ekki yrði hægt að mæta því með öðrum hætti.

Um útlánin er það að segja, að gert er ráð fyrir því, að framkvæmdasjóðurinn láni stofnlánadeild landbúnaðarins um 300 millj. kr., og mundi þá deildin með því fé, sem hún hefur til ráðstöfunar, og þeim tekjuauka, sem gert er ráð fyrir, að hún hafi á næsta ári, hafa um 430—450 millj. kr. til útlána. Hér er um allverulega lægri fjárhæð að ræða en deildin sjálf gerir ráð fyrir, að hún þurfi að lána eða um var sótt. Að athuguðu máli er nú talið, að lækka megi umsóknir vegna vinnslustöðva landbúnaðarins um 70—80 millj. kr., og ef þeir fjármunir, sem hér er gert ráð fyrir, nægja ekki til, yrði þessi lánaþörf deildarinnar að færast á milli ára. Með frv., sem mun verða lagt fram annað hvort í dag eða á morgun á hv. Alþ., er gert ráð fyrir því að breyta nokkuð um útlánastarfsemi deildarinnar á þann veg, að það verði meira á mati stjórnar og það megi frekar skipta lánum í stærri verk en gert hefur verið. En eins og kunnugt er, hefur útlánaþörf stofnlánadeildar landbúnaðarins aukizt geysilega á tveimur síðustu árum eða sérstaklega s. l. ár, og reyndar hitt árið líka, en eftir áætluninni var þó þörfin lang mest nú. Eitt af þeim atriðum, sem koma þar mjög við sögu, eru vinnslustöðvar landbúnaðarins, en eins og kunnugt er, hafa framkvæmdir í þeim verið mjög litlar á s. l. árum, en þörfin aukizt geysilega, og kröfur um gerð sláturhúsa og mjólkurbúa hafa vaxið gífurlega, eins og kunnugt er. Hefur löggjafinn átt sinn þátt í því að gera þær kröfur mjög strangar og allur útflutningur, t.d. á kjöti, er vonlaus frá okkar landbúnaði, nema vinnslustöðvar og sláturhús séu eftir fyllstu kröfum. Kaupendurnir hafa haft með þvi strangt eftirlit, og um tíma hafði ekkert sláturhús á Íslandi leyfi til útflutnings á kjöti, og nú síðustu árin hafa þau verið 2—3, — ég man ekki nákvæmlega, hve mörg, — einu sinni var það eitt. En eins og nú er, er kjötútflutningur hagstæður og mjög nærri því að ná framleiðsluverði. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að styðja að því, að svo verði, enda er vitað mál, að kröfur innlendra neytenda verða alveg þær sömu og erlendra og ekkert nema eðlilegt um það að segja.

Sá sjóðurinn, sem fyrirferðarmestur er í útlánastarfseminni, er Fiskveiðasjóður Íslands. Það er gert ráð fyrir því, að til hans verði lánaðar úr framkvæmdasjóðnum um 1000 millj. kr., og hann fái svo um 150 millj. kr. tekjur umfram það, sem sjóðurinn gerði ráð fyrir. Það er alveg sama um fiskveiðasjóðinn að segja og lánasjóð landbúnaðarins, það er langt frá því, að hér sé fullnægt því, sem sjóðsstjórnin telur sig þurfa til lánveitinga, því að hún mun eftir þessu hafa um 1500 millj., en þeirra till. voru upp á 1730 millj. kr. En það verður að vera þarna eins og í hinum sjóðnum, að það verður að færast á milli ára, sem ekki næst til í þessu sambandi. Það þarf ekki orðum að því að eyða að skipabyggingarnar, skipakaupin og endurbygging hraðfrystihúsanna eru stærstu verkefni fiskveiðasjóðs. Það er um það fyrra að segja, að bæði er búið að kaupa mikið af skipum, sem koma til greiðslu á þessu ári og svo áfram hjá fiskveiðasjóði, og þar koma einnig inn í innlendar skipasmíðar. En auk þess er það svo, að endurnýjun í frystihúsunum er eitt af stóru verkefnunum, sem fiskveiðasjóður verður að fást við. Þar er um að ræða, eins og í sláturhúsunum, mjög auknar kröfur erlendra neytenda til frystihúsanna. Er ljóst, að ef ekki tekst að leysa þau verkefni, áður en þær kröfur ganga í gildi, t. d. í Bandaríkjunum, lokast sá markaður fyrir Íslendinga að öðru leyti en frá þeim húsum, sem þá yrðu komin í lag. Þetta er verkefni, sem hefur beðið framkvæmda á síðari árum og kostar mikið og gerir það að verkum, að fjárútvegunin er geysilega mikil í sambandi við þetta.

Um aðra þætti í þessari skýrslu skal ég ekki eyða mörgum fleiri orðum, vegna þess að þeir

skýra sig sjálfir. En hér er nokkur fjárhækkun til byggðasjóðs. Er það m. a. vegna fyrirheita sjóðsins um lánsloforð, sem hann verður að inna af hendi á þessu ári og að sumu leyti voru sjálfvirk. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að lána til viðbótar 75% lánum fiskveiðasjóðs vegna innlendra skipasmíða 10%, og er áætlað hér 15 millj. kr. Smærri liðir í þessu eru lánasjóður sveitarfélaga, sem þó er þarna með yfir 100 millj. kr., en stærstu verkefnin hjá Lánasjóði sveitarfélaga verða á næsta ári, eins og á s. l. ári, hitaveituframkvæmdir, en þá var mjög aukið til þeirra. Svo eru verkefni iðnlánasjóðs, sem að vísu eru ekki fyrirferðarmikil hér, en það er einnig gert ráð fyrir því, að hann fái auknar tekjur til starfsemi sinnar samkv. þeim frv., sem fyrir hafa verið lögð.

Þetta er það, sem ég hef í stórum dráttum að segja um þá þætti, sem að framkvæmdaáætluninni og fjáröflun til sjóðanna snýr. Nú efast ég ekkert um það, eins og kom fram hér við 2. umr., að um þetta má að sjálfsögðu deila. Það er nú svo með þetta eins og fleiri atriði, að það er hægt að deila um málið í heild, en þegar á að fara að velja og hafna, reynist það oft miklu erfiðara.

Ég vil svo segja út frá því, sem kom fram í sambandi við heimild ríkisstj. til 15% niðurskurðar á fjárl. yfirstandandi árs, að það hefur ekki verið gert í því annað en það, að afgreiðsla allra rekstrarfjárliða er með 15% lækkun, og ekki hafa neinar heimildir verið gefnar um það að nota fjárveitingar að fullu. Hins vegar hef ég rætt um það við fjvn., og ég geri ráð fyrir, að það verði hlutverk undirnefndar fjvn. að taka þau mál til athugunar, hvort tilfærslur geti átt sér stað innan málaflokka, þegar tími vinnst til þess. Ég get endurtekið það, sem ég hef áður sagt, að ég tel mig hafa heimild Alþ. til 15% niðurskurðarins, en frávik frá henni tel ég mig ekki hafa án samráðs við fjvn., hvort sem það er undirnefnd eða n. öll. Það hefur venjulega verið undirn., sem hefur fjallað um það.

Að því, sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv. hér við 2. umr. fjárl. þessa frv., tel ég mig verða að víkja. Það var nú svo, með þá ræðu þessa hv. þm., eins og hefur verið með að ég held flestallar, ef ekki allar ræður, sem hann hefur flutt hér á hv. Alþ. síðan hann kom úr endurhæfingunni í Kaupmannahöfn í fyrra, að hún var um efnahagsmál og aftur efnahagsmál og byrjaði á þessu sama, að ríkisstj. væri óhæf til að móta stefnu í efnahagsmálum. Allar ræðurnar hafa haft eina niðurstöðu, og hún hefur verið sú, að það væri ekki samboðið Alþýðuflokksmönnum að taka þátt í afgreiðslu á málum sem þessum og þeir ætluðu því að fara að ráðum strútsins og stinga höfðinu í sandinn og ekki vera með. Þannig hefur þeirra háttur verið við fjárlagaafgreiðslu, og þannig var yfirlýsingin um framkvæmdaáætlun hér við 2. umr. Vil ég hans vegna vona, að það breytist, en um það skal engu spáð.

Ég skal ekki fara að ræða hér fjárl. fyrir árið 1972. Ég gerði nokkra grein fyrir þeim við umr. um vantraust á ríkisstj. fyrr í vetur, og ég geri mér enn þá vonir um, að það takist að sýna Alþ. reikningsniðurstöðu A-hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1972, áður en þessu þingi lýkur, þó að reiknað sé með, að skammt sé þangað til þinglok verða. En að því er samt stefnt að reyna að koma þessu hér fram, svo að þm. geti a. m. k. fengið reikninginn með sér, áður en þeir fara af þingi. Þess vegna er ekki ástæða til að fara að ræða um þann þátt efnahagsmálanna að sinni.

Það, sem hv. þm. gerði mjög að umtalsefni, var afkoma þjóðarinnar út á við og vinnumátinn í sambandi við afgreiðslu á framkvæmdaáætluninni. Nú hef ég sjálfur sagt, hvers ég mundi óska í því efni, og tel mig einnig hafa gert grein fyrir því, að veruleg ástæða var til, að málið dróst, fyrst því var ekki lokið fyrir áramót, vegna þeirra óhappa, sem orðið hafa síðan, eins og kunnugt er. Hins vegar sá ég nýlega í Alþýðublaðinu, að alltaf hefði farið saman hér á Alþ. afgreiðsla fjárl. og framkvæmdaáætlunar. Töldu þeir sig hafa það eftir hv. 7. þm. Reykv. Ég veit, að það er ekki rétt eftir honum haft, því að það hefur aldrei farið saman. Mun þetta hafa skolazt eitthvað til hjá þeim blaðamönnum, og færði ég það undir hugspeki þeirra, sem talað er um að séu sauðglöggir. Eg get vel skilið, að það sé ekkert undarlegt, þótt það fjölgi hægt í þeim flokki, ef þar er aðeins sauði að finna, því að þá er ekki framleiðslunnar von. En hvað sem því líður, langar mig til þess að víkja að þessum þætti viðskipta okkar við útlönd, sem hv. 7. þm. Reykv. talaði svo mikið um og taldi, að sannaði, hvað vanhæf núv. ríkisstj. væri til að fást við efnahagsmál og stjórna þjóðfélaginu. Í því sambandi vitnaði hann í spádóm um niðurstöður á viðskiptum þjóðarinnar út á við, sem fram kom í skýrslu þeirri, sem efnahagsmálanefndin vann fyrir jólin, og áður hafði komið fram í skýrslum. En spádómur er alltaf spádómur og alltaf reynt að gæta þess, að hann sé byggður á því, að hið góða skaði mann ekki og þess vegna þurfi alltaf að vera heldur með vaðið fyrir neðan sig í þessum spádómum. Og það er nú orðið lýðum ljóst, hvernig þessar staðreyndir eru í sambandi við viðskiptin við útlönd á s. l. ári. Viðskiptajöfnuðurinn var óhagstæður um 1770 millj. kr. Hann var óhagstæður árið áður um 3860 millj., og í spádómum var gert ráð fyrir, að hann gæti orðið óhagstæður um 4300 millj. árið 1972, en reynslan varð þessi. Ástæðan fyrir því, að þetta reyndist svona, var sú, að hvort tveggja kom til, að innflutningurinn var minni en gert var ráð fyrir og útflutningurinn meiri. Þá var fjármagnsjöfnuður hagstæður á árinu um 2437 millj. Þar af voru löng lán 2652 millj., og innkomin lán voru 4692 millj., en afborganir af lánum voru 2040 millj. kr. og breyting á gjaldeyrisstöðunni tæpar 700 millj. kr. til batnaðar. Niðurstaðan af þessu er því sú, að raunveruleg skuldaaukning var á árinu við útlönd um 2000 millj. kr. eða tæplega það.

Nú er um þetta að segja, að hér skiptir verulegu máli, hver er ástæðan fyrir því, að svo var. Er þetta eyðsla ein, eða er þetta arðgæft í framtíðinni? Ef teknir eru saman opinberir aðilar í þessu tilfelli, þá voru lán, sem þeir tóku á árinu, um 2845 millj. kr., og þar af

ríkissjóður og ríkisstofnanir, eins og það er kallað, um 2088 millj. kr. Og hvað var svo gert við þessa fjármuni? Landsvirkjun fékk lán upp á 1 milljarð 451 millj. kr. Ég held, að það muni ekki orka tvímælis, að menn telji þetta ekki undir eyðslu, heldur til þess að undirbyggja atvinnurekstur í landinu, og þess vegna sýni þetta lán ekki neina vanhæfni eða stjórnleysi. Lán til Straumsvíkurhafnar var 367 millj. kr. Ég held, að það verði einnig talið, að ekki sé hægt að færa þetta lán undir stjórnleysi. Lán vegna hraðbrautaframkvæmda var 132 millj. kr. Þessi lánaákvörðun var einn liður í hraðbrautaframkvæmdum. Ég las það í blaði í morgun, að menn teldu, að það skorti nú á, ef þessu væri haldið áfram, og eitt af því, sem var verið að reyna að koma í veg fyrir með tekjuöfluninni fyrir áramót, var að reyna að draga úr lánum til vegagerðar. Hins vegar held ég, að það muni ekki vera hægt að komast hjá því og það verði að halda þeim áfram. Mín skoðun er sú, að hraðbrautaframkvæmdir séu hagkvæmleg framkvæmd fjárhagslega séð. Þá koma Laxárvirkjun með 288 millj. kr. og Áburðarverksmiðjan með 99 millj. Ég held, að um Áburðarverksmiðjuna verði a. m. k. ekki sagt, að það sé nein óráðsía eða stjórnleysi að taka það lán. Um Laxárvirkjun ætla ég ekki að eyða orðum. Að vísu mundi ég vilja segja það, að ljóst er, að það hefði verið hægt að framkvæma það verk hagkvæmar en gert hefur verið, en það er búið sem búið er um þá hluti. Bæjar- og sveitarfélög fengu erlend lán samtals 357 millj. kr. Þarna var fyrst og fremst um að ræða hitaveituframkvæmdir, eins og ég hef áður sagt, og mun almennt talið, að það muni verða gjaldeyrissparandi lán, en ekki hið gagnstæða. Landsbankinn fékk 256 millj. og fjárfestingarlánasjóðir vegna sinna framkvæmda 792 millj. Þar voru framkvæmdasjóður og fiskveiðasjóður stærstu aðilarnir. Þá voru tekin lán vegna togarakaupa frá fiskveiðasjóði upp á 176 millj. kr. Einkaaðilar voru samtals með um 802 millj. kr. Það voru lán vegna skipakaupa 472 millj. og flugvélakaupa og önnur smærri atriði.

Þegar á þetta er litið, held ég, að ljóst sé, að þó að skuldaaukningin við útlönd hafi orðið um 2000 millj. kr. á árinu 1972 vegna þeirra framkvæmda, sem ég hef hér talið, sé ekki hægt að færa rök að því, að hér sé um óráðsíu eða vanstjórn að ræða. Ég tel, að hér sé um það að ræða að undirbyggja atvinnureksturinn í landinu og fjárhagslega afkomu þjóðarinnar út á við einmitt samkv. þessum leiðum, sem hér hafa verið farnar. Ég hef fengið upplýsingar um það, hvað þau skip, sem keypt voru á s. l. ári og eru nú að veiðum, eru búin að fiska fyrir mikla fjárhæð í gjaldeyri á þeim stutta tíma, sem þau hafa verið í rekstri. Börkur á Norðfirði er búinn að fiska fyrir 35 millj. kr., Guðmundur RE fyrir 125 millj. kr., Jón Finnsson GK fyrir 35 millj., eða samtals 195 millj. kr., Sólbakur á Akureyri fyrir 75 millj., Karlsefni 6 millj. og Gullver 60 millj. Þessi skip, sem ég hef hér talið, eru búin að fiska fyrir 336 millj. kr. í gjaldeyri, frá því að þau komu til landsins, seinni hluta ársins í fyrra flest þeirra.

Þegar þetta er haft í huga, held ég, að hv. þm. sé það ljóst, að hér er ekki um neina vanstjórn eða skammsýni að ræða í sambandi við lánsútvegun til þessara verkefna. Ég álít, að öllum hv. þm. verði ljóst, þegar þeir hugsa málið kalt og rólega, að hér er rétt að farið, þó að það sé afskaplega auðvelt að blása upp í sambandi við tölur um aukningu á skuldum við útlönd, eins og gert hefur verið í þessum umr.

Ég vil einnig í sambandi við þennan þátt máls míns geta þess, að það var langt frá því, að árið 1972 væri sérstaklega hagstætt, var t. d. mun óhagstæðara ár en árið 1971. Raunveruleg þjóðarframleiðsla jókst um 6%, en raunveruleg aukning þjóðartekna um 5%. Sérstaklega var það borskaflinn, sem brást mjög verulega á s. l. ári, og gerði það að verkum, að útkoman á þjóðartekjunum varð ekki eins góð og hefði verið, ef hann hefði haldizt óbreyttur. Auk þess versnuðu viðskiptakjörin verulega vegna verðhækkana erlendis. Framleiðsla sjávarafla minnkaði um 7% frá árinu áður, árinu 1971, sem var annað árið í röð, því að 1971 minnkaði hún um 4½%. Hins vegar varð verðmætaaukning um 9—10%, og í krónutali er aukningin um 2½%. Landbúnaðarframleiðslan jókst nokkuð á árinu eða um 4% í mjólkurframleiðslu, um 6% í sauðfjárframleiðslu, en dróst saman í öðrum liðum, svo að heildarframleiðsluaukningin varð um 3%. Útflutningsaukningin var um 27%, en ef ál er undanskilið, er aukningin um 14%. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að á birgðir gekk á árinu, svo að heildarminnkun útflutningsafurða var um 2%. Á útflutningi iðnaðarvara varð nokkur aukning, eða um 17%.

Innflutningurinn reyndist hins vegar, eins og ég gat um áðan, að magni minni en gert hafði verið ráð fyrir, að magni til var aukningin um 10—11% og að verðmæti nálægt 17½% meiri en árið áður, en það hafði verið gert ráð fyrir verulega meiri aukningu innflutningsins.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu í sambandi við það, sem hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sagði, en vil víkja að tveim atriðum öðrum, sem hann gerði sérstaklega að umtalsefni og lagði ríka áherzlu á, að blöð og fjölmiðlar segðu satt og rétt frá.

Fyrra atriðið, sem hann nefndi til, var vöxtur verðbólgunnar, og tók hann þar 12 ára dæmi. Það voru viðreisnarárin, en þá taldi hann, að vöxtur verðbólgunnar hefði verið 9.7%. Þetta sannaði, að þeir hefðu búið betur en núv. ríkisstj., því að á 1½ ári hjá henni hefði vöxtur verðbólgunnar verið 10.8%. Hann vitnaði í hagstofuna, og ég sagði í sæti mínu, að ég væri viss um, að rétt væri það, sem frá hagstofunni kæmi. En við athugun þá, sem ég hef gert á þessu, kemur fram, til þess að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason fái út þennan vöxt verðbólgunnar, tekur hann með árið 1959, þ. e. a. s. árið, sem stjórn Alþfl. sat og lækkaði kaupgjald í landinu, eins og allir muna. Ef það er tekið með og tekið 13 ára tímabil annars vegar og 1½ árs tímabil hins vegar, getur hv. þm. fengið þessa útkomu. En ef við tökum tímabilið frá 1960, frá og með tilveru viðreisnarstjórnarinnar, til og með dauðadags hennar í júlí 1971, er

meðaltal á ári á öllu þessu tímabili 11.1%. Þegar allt þetta tímabil er tekið með, er ekki einu sinni verið að velta því fyrir sér, að frá haustnóttum 1970 fram til þess tíma, sem ríkisstj. fór frá, voru bannaðar með lögum allar verðhækkanir í landinu, og þær verðhækkanir voru geymdar og varð að taka í ársbyrjun 1972, eftir að verðstöðvunarlögin gengu þá úr gildi. Ef við tökum þetta allt tímabilið, er meðaltalið 11.1%. En ef við tökum svo aftur t. d. tveggja ára tímabil, eins og árin 1968 og 1969, sem eru þó í heild 2 ár, og mætti gera með sama rétti og hv. 7. þm. Reykv. gerði, er vöxtur verðbólgunnar 21.9%. Ég held því, að hv. þm., sem lagði mikla áherzlu á það, að menn héldu sig við staðreyndir, verði að gera sér grein fyrir því, að honum er nauðsynlegt eins og öðrum að gera samanburð með þeim hætti, að það sé hægt að segja, að það sé verið að halda sig við staðreyndir. Það var óeðlilegt að fara að nota í þessu sambandi árið 1969, sem var sérstakt ár, eins og hv. þm. man.

Þá vitnaði hv. þm. í kaupmáttaraukninguna eða ráðstöfunartekjur, eins og hann orðaði það, og taldi, að ég hefði farið rangt með. Að vísu sagði hann það rétt vera, að ráðstöfunartekjur væru nú meiri hjá launþegum en nokkru sinni fyrr, það væri rétt, hins vegar hefði bilið á milli ára orðið meira en á milli áranna 1971—1972. Til þess að fá þann samanburð vitnaði hv. þm. í árin 1969 og 1970. Árin 1968 og 1969 voru ár atvinnuleysis, og þurfti engan að undra, þó að nokkur prósenthækkun væri á því, þegar farið var úr atvinnuevsi yfir í aukna atvinnu, eins og var 1970—1971, en þá var verulegur vöxtur í atvinnu og hefur verið síðan. Kaupmáttur ráðstöfunarteknanna lækkaði 1968 um 7.4% og 1969 um 7.3%. Það er ekkert undarlegt, þó að hækkunin yrði veruleg, þegar horfið var frá þessu tímabili. Og mér finnst þetta kannske bezta sönnun þess, hvað vel er að þessum málum staðið, að hv. 7. þm. Reykv., jafnsnjall og hann er, skyldi þurfa að vitna í þetta tímabil til þess að fá sér hagstæðan samanburð. Hitt er staðreynd, að kaupmáttaraukning er meiri en hún hefur áður verið, þó að það sé hins vegar rétt, að milli þessara tveggja ára er vöxturinn meiri en var á milli áranna 1971—1972.

Ég skal nú, herra forseti, fara að styttа mál mitt. Ég hef vikið að því, sem fram kom við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. og ég taldi nauðsynlegt að upplýsa, vegna þess að mér fannst það ekki falla saman við staðreyndir og væri rétt að vekja athygli á þeim. Ég hef í ræðu minni hér að framan skýrt frá staðreyndum einum um afkomu ársins 1972, og ég hef sýnt fram á það, að afkoman út á við varð betri en spáð var. Þá var unnið með þeim gjaldeyrislánum, sem tekin voru, að framkvæmdum, sem munu spara gjaldeyri eða auka gjaldeyristekjur í verulegum mæli. Ég vil þessu til viðbótar geta þess, að vörukaupalán voru mjög svipuð og þau höfðu verið árið áður og breyting á þeim á milli ára var þá minni en hún hafði verið næstu tvö árin á undan. Ég hef líka sýnt fram á það, að gjaldeyrisstaðan batnaði á s. l. ári og afkoma launþega og kjör þeirra eru nú betri en áður hefur verið. Atvinnulíf í landinu er nú með miklum blóma, því að áhyggjur manna beinast að því, hvort við höfum nógu margar hendur til þess að vinna þau verk, sem vinna þarf. Þegar þannig er, verður, eins og var t. d. á síldarárunum, mikill framkvæmdavilji hjá þjóðinni, og það gerir að verkum, að meira fjármagn þarf til framkvæmda en þegar lægð er í atvinnumálum þjóðarinnar. Vöxtur verðbólgunnar er ekki meiri en hann hefur verið, nema síður sé. Hitt er jafnljóst, að hann er þó of mikill, og það er ekki innanlandsmál eitt, því að verðhækkanir á erlendum vörum hafa farið mjög vaxandi á s. l. ári og þessu, sem kunnugt er, m. a. vegna óróleika í gjaldeyrismálum erlendra þjóða og verðhækkunum á mörgum sviðum. Ég hef líka bent á, að það mikla áfall, sem þjóðin hefur orðið fyrir á fyrstu mánuðum þessa árs, setur sinn svip á afgreiðslu mála nú, og ber að hafa það í huga, þegar mál eru afgreidd. En ég er sannfærður um, að með manndómi, samheldni og hæfilegri bjartsýni kemst þjóðin út úr þeim vandamálum, sem við er að fást. Og það er engin ástæða til að vera með kvíða eða reyna að ala upp í mönnum volæði, þó að til nokkurra átaka þurfi að koma við þau verkefni, sem nú þarf að fást við.

Ég vil svo, herra forseti, geta þess, að vegna þess að skýrsla sú, sem fram var lögð hér í dag, var ekki lögð fram fyrr, hefur verið óskað eftir því, að umr. yrði ekki lokið að sinni. Ég vil verða við því, og ég veit og treysti því jafnframt, að það eigi ekki að tefja málið nema um stundarsakir, þannig að við getum lokið þessari umr. með litlum umr., þegar hv. þm. hafa fengið að kynna sér þessa skýrslu. Ég held, að hún muni ekki gefa ástæðu til nýrra umræðna.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Eins og fram kom í lok ræðu hæstv. fjmrh., fór ég fram á það, að umr. um þetta mál yrði frestað, og það var í raun og veru í beinu framhaldi af því, hversu okkur hefur fundizt, þm. Sjálfstfl. og reyndar fleirum, áþótavant um meðferð þessa máls og litlar upplýsingar legið fyrir um það, þegar það var hér til meðferðar við 2. umr. Það var ekki ætlun mín að lengja neitt umr. eða tefja fyrir málinu með þessum hætti, en í dag hefur það tvennt gerzt, að stjórn framkvæmdasjóðs hefur á fundi í morgun fengið einhverjar upplýsingar, sem mér er ókunnugt um, um fjármögnun fjárfestingarsjóðanna, og mér finnst alveg sjálfsagt, að fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. fái þessar upplýsingar, sem hún innti eftir, þegar n. hafði málið til meðferðar fyrir 2. umr., en fékk ekki, hversu fullkomnar eða ófullkomnar sem þær kunna að vera, en á það get ég engan dóm lagt. Í öðru lagi var útbýtt hér á borð okkar þm. skýrslu fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, og hún er dagsett í dag, 6. apríl. Með því að fá einhvern frest á málinu gefst einnig tóm til að huga að þessari skýrslu.

Að vísu er það svo, að hæstv. fjmrh. hélt hér mjög langa ræðu, ég held allt að því í 1½ klst., a. m. k. í 1 klst. og 20 mínútur eða eitthvað þar

um bil, og hefði kannske mátt búast við meiri skýringum eða upplýsingum í þeirri ræðu en raun bar vitni, vegna þess að hæstv. ráðh. vék mikið að öðrum málum, sem eru þessum málum ekki skyld, og skal ég leiða það allt hjá mér. Ég mun þess vegna í þeim fáu orðum, sem ég segi hér, einkum binda mig við meðferð þessa máls, sem snertir einnig meðferð annarra mála, sem þingið hefur haft til meðferðar, og í hvaða stöðu við erum að því leyti, eins og nú standa sakir.

Ef ég vík fyrst að nokkrum efnisatriðum varðandi þetta mál í ræðu hæstv. fjmrh., þá er ég honum alveg sammála um, að það skapar auðvitað meiri festu í meðferð fjármála og efnahagsmála, ef hægt er að afgreiða framkvæmdaáætlunina samtímis fjárlögunum, eins og hann sjálfur lét í ljós óskir um í fyrra, en ekki hefur reynzt mögulegt að standa við núna, og það er ekki nema gott um það að segja, ef meðferð á þessu máli stendur til bóta í framtíðinni. En þá skiptir auðvitað höfuðmáli, að það verði ekki aðeins orðin tóm, eins og reynslan er nú, miðað við loforð og fyrirætlanir frá því í fyrra.

Mér finnst hæstv. fjmrh. gera allt of mikið úr því, að hamfarirnar í Vestmannaeyjum hafi sett sinn svip á afgreiðslu þingmála, síðan gosið hófst. Alþ. tók rösklega á þeim málum og afgreiddi þau mál á vikutíma. Mér finnst ekki, að hamfarirnar í Vestmannaeyjum hafi þurft að setja þann svip á afgreiðslu mála og það sé þess vegna nokkuð furðulegt, að þessari framkvæmdaáætlun, sem var útbýtt og fór til n. fyrir jólin, skuli ekki hafa skilað betur áfram en raun ber vitni.

Hæstv. ráðherra sagði einnig: Hvað á að bíða og hvað á að skera niður af því, sem ákveðið er í framkvæmdaáætluninni? Þegar komið er að einstökum liðum, þá vefst mönnum kannske tunga um tönn. Ég get líka fallizt á, að það getur verið ákaflega erfitt að fá tilreidda framkvæmdaáætlun og eiga svo að skera niður einstaka liði hennar. En við hefðum gjarnan viljað fá að heyra einmitt í sambandi við framkvæmdaáætlunina, hvað af henni ætti að standa og ætti ekki að standa, og m. a., hvað á að standa af því, sem ráðgert er í fjárlögum, og hvað á ekki að standa. Hvernig gengur niðurskurðurinn á þessum ca. 500 millj. af framkvæmdum, sem þar er ráðgert að skera niður? Hæstv. fjmrh. hefur marglýst yfir, að stjórnin muni nota þá heimild, sem hún hefur aflað sér til þessa niðurskurðar. En mér heyrðist á hæstv. ráðh. áðan, að það væru aðeins rekstrarfjárliðir, sem væru skornir niður nú um 15% og lengra væri niðurskurðinum ekki komið. Það er auðvitað eitt út af fyrir sig að fjármagna vissar opinberar framkvæmdir með lánum og vita þá ekki á sama tíma, hvernig þær verða fjármagnaðar í fjárlögum. Verða þær fjármagnaðar eins og þar er, eða verða þær skornar þar niður að verulegu leyti? Þetta er eitt af því, sem við höfum fundið að eða ekki hafa fengizt upplýsingar um og ekki hafa enn fengizt upplýsingar um eftir þessa löngu ræðu hæstv. ráðh.

Ég skal ekki að öðru leyti eyða mörgum orðum í þessa ræðu, annað en það, þar sem hæstv. fjmrh. vék að erlendu skuldunum. Hér er gert ráð fyrir, eins og hann sagði, í sambandi við fjármögnun sjóðanna að taka erlend lán að upphæð 800 millj. kr. Ég held, að það sé full ástæða til þess að hugleiða nánar, hversu miklar erlendu lántökurnar eru. Það má rekja einstaka liði, sem erlendar lántökur hafa verið notaðar til að fjármagna, eins og hæstv. ráðh. gerði, og spyrja: Vilja menn ekki taka erlend lán í raforkuvirkjanir og í skip o. s. frv.? En þetta er ekkert nema blekkingar og hálfsögð saga. Við skulum fá allan listann, í hverju hallinn á viðskiptum við útlönd er fólginn, en ekki bara einstaka liði, sem hafa farið til skipakaupa og annars sliks. Það var ekki verið að gera grein fyrir því af hæstv. ráðh., og ég hygg, að það sé rétt, enda hótt eitthvað hafi dregið úr hallanum á s. l. ári, miðað við það, sem áætlað var, að þá sé hallinn alveg geigvænlegur á síðustu 2 árum. Hvort hann er yfir 12 þús. milli. kr. eða ekki, það skal ég ekki segja um, miðað við þær breytingar, sem orðið hafa á s. l. ári. En miðað við þær spár, sem fyrir lágu hjá sérfræðingum ríkisstj. í desembermánuði, — það var nú ekki fyrr en um mánaðamótin nóvember og desember, — þá mátti búast við því, að hallinn á árunum 1971 og 1972 og áætlunum, sem þar voru um 1973, yrði a. m. k. 12—14 þús. millj. kr. Nú er gott, ef þetta hefur lækkað eitthvað, eins og það virðist hafa, hallinn á árinu 1972, miðað við það, sem ráðgert var. Hins vegar held ég, að engum sé kunnugt um neinar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til þess að minnka hennan halla, hvorki í sambandi við minnkandi innflutning né heldur í sambandi við hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum. Ég held, að stjórnin hafi ekki neitt ráðið um það, að verðlag er nú betra og hagstæðara á erlendum mörkuðum en nokkru sinni fyrr, og þar af leiðandi verður hallinn minni, m. a. af þeim sökum. Það getur nefnilega verið gott að hafa góðæri og stöðugt hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum. Samt sem áður eru menn að deila um það, hvort vöxturinn á dýrtíðinni sé meiri nú en hann hefur áður verið, í tíð fyrrv. stjórnar, og skal ég ekki fara langt út í það. Auðvitað jókst verðbólguvöxturinn á árunum 1968 og 1969 vegna þess erfiða árferðis, sem við höfðum þá við að glíma. Núv. ríkisstj. þarf ekki að glíma við þá erfiðleika, að útflutningsverðmæti þjóðarinnar falli á tveggja ára tímabili um allt að 50%. Þvert á móti hafa útflutningsverðmæti stöðugt verið að hækka. Samt sem áður vex dýrtíðin, samt sem áður vex óvissan í þjóðfélaginu og samt sem áður versnar afkoma atvinnuveganna, svo að það þurfti að gera ráðstafanir til þess að styrkja þá með sérstökum útflutningsuppbótum á s. l. hausti, með gengisfellingu í desember og með sérstökum ráðstöfunum, sem nú er að koma fram, að lofað hefur verið á milli jóla og nýárs í sambandi við fiskverðsákvörðun. Það er dálítið annað að mæta þeim örðugleikum, sem áföllin eins og á árunum 1967 og 1968 voru fyrir íslenzka þjóð, eða þegar góðæri er til lands og sjávar og útflutningsverðmæti fer stöðugt vaxandi.

Að öðru leyti er viðhorfið þetta hjá okkur

núna, og að því vil ég víkja með örfáum orðum, að hæstv. forsrh. ræddi við mig fyrir nokkru um þann möguleika að ljúka þinginu fyrir páska, og á því tók ég í fyrstu vel. Eftir viðræður í okkar flokki vakti ég athygli á því, að það væri mjög mikið af málum, sem væru vandasöm mál, ef þau ættu fram að ganga á svo skömmum tíma, og óskaði þá eftir lista yfir þau mál, sem ríkisstj. legði áherzlu á, að afgreidd yrðu fyrir páska. Fékk ég lista frá hæstv. forsrh. næsta dag þar á eftir, og þó vantaði lista frá einum ráðherranum, en þessi listi var óskalisti ráðherranna um þau stjórnarfrv., sem þeir vildu að yrðu afgreidd, áður en þingi yrði lokið. Þá innti ég eftir því, hvort við gætum ekki fengið til þess að átta okkur á og greiða fyrir fljótlegri afgreiðslu mála og þingslitum, lista yfir þau mál, sem ríkisstj. í heild legði áherzlu á að yrðu afgreidd fyrir páska, en þann lista hef ég aldrei fengið og hann mun ekki vera til eða sameiginleg ákvörðun hæstv. ríkisstj. um þetta. Þetta gerir það að verkum, að aðstaðan er ákaflega erfið við að ljúka þingi á jafnskömmum tíma og stefnt hefur verið að, og verðum við í stjórnarandstöðunni að reyna að hafa á því allan fyrirvara og þann auðvitað fyrst og fremst, að við fáum einhverja möguleika til efnislegrar meðferðar veigamikilla mála. En þegar ég fékk þennan óskalista, þá var á honum mikið af málum, sem alls ekki voru komin fram. Síðan hafa þau svo verið að koma fram hér í þinginu. Og það eru mál, sem að mörgu leyti tengjast einmitt fjármálunum, eins og það mál, sem við nú erum hér um að ræða. Það eru frv. um fiskveiðasjóð, iðnlánasjóð og iðnrekstrarsjóð, og það er frv. um launaskatt, og öll eru þessi mál þannig, að þau leggja ýmist nýjar byrðar á atvinnuvegina og/eða jafnframt á ríkissjóðinn. Vegna fiskveiðasjóðs koma á þessu ári, 1973 — og þá er ekki gert ráð fyrir nema á hálfu árinu — um 60 millj. kr. á ríkissjóðinn. Iðnlánasjóður er með 35 millj. til viðbótar á ríkissjóðinn. Það hefur legið fyrir frá því í byrjun þings frv. frá okkur sjálfstæðismönnum um að hækka framlagið til iðnlánasjóðs úr ríkissjóði upp í 35 millj. kr. Það var auðvitað ekki litið við því og ekkert hugsað um það, þegar fjárlög voru afgreidd. Um iðnrekstrarsjóðinn var lagt fram frv. fyrir nokkrum dögum, og segir í grg. fyrir því frv., þegar það kemur fram: „Ekki er gert ráð fyrir framlagi ríkisins til sjóðsins í þetta sinn" — enda er það ekkert í frv. Svo kemur brtt. núna, að það skuli á þessu ári, árinu 1973, koma ríkissjóðsframlag til þessa sjóðs, 50 millj. kr. Það er afnuminn launaskattur, greiðslur frá sjávarútveginum í vissum tilfellum, eins og frv., sem lagt hefur verið fram, ber með sér. Sumir segja, að þetta muni útveginn um 160 millj. kr. í minnkandi tekjum og nýjum framlögum frá ríkinu. Þessar hækkanir eru þá kannske eitthvað svipaðar og ríkissjóður eða fiskveiðasjóður mundi fá á heils árs grundvelli við þá hækkun, sem ráðgerð er á útflutningsgjaldinu, sem mun kannske næsta ár verða 160, 170 eða 180 millj. kr. En það er undarlegt að gefa fyrirheit fyrir áramótin um 160 millj. kr., sem virðist vera til hagsbóta fyrir útgerðina, og leggja svo ný útflutningsgjöld á núna, sem á ársgrundvelli mundu nema þessari upphæð.

En það sem skiptir máli, er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla fjár til þess að mæta þessu af ríkissjóði. Annars vegar eru álögur á iðnaðinn, því að iðnlánasjóðsgjaldið er hækkað um fjórðung frá því, sem áður hefur verið, um leið og ríkissjóður á að hækka sig upp í 50 millj. á ári úr 15 millj., og eins eru lagðir þessir bögglar á fiskveiðasjóð, og ríkissjóður á að leggja á móti. Svo er talað um, að eftir sé að koma enn eitt frv., um stofnlánadeild landbúnaðarins. Við höfum ekki séð það, og ég veit ekki hvort það kemur fram og hvað það er mikið, sem þar er lagt á ríkissjóð. Bara þetta, sem þarna er um að ræða og ég taldi upp, er á árinu 1973 um 300 millj. kr. Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að afla rekstrarfjárins, eða ætlar hann ekki að gera einhverjar ráðstafanir til þess? Þegar þm. sjá frv., sem fela í sér hundruð millj. kr. nýjar álögur, spyrja þeir náttúrlega, ef það felst ekki í frv.: Hvar á að taka þetta? Þeir vita, hvað búið er að leggja á Rauðku eða Skjónu eða hvað við eigum nú að kalla hann, blessaðan ríkissjóðinn. Og við vitum, að þegar við vorum að vinna að frv. til laga um neyðarráðstafanir vegna eldgossins í Vestmannaeyjum, sagði hæstv. fjmrh. okkur, að það væri ekki hægt að taka neitt úr ríkissjóði í þær neyðarráðstafanir, og um það stóð slagurinn langa lengi. Það var ekki heldur hægt að taka af framkvæmdaáætluninni. Niðurstaðan varð sú, að 160 millj. var samt sem áður áætlað að fá í viðlagasjóðinn. En þá var staða ríkissjóðs talin af hæstv. fjmrh. þannig, að hann yrði ekki aflögufær og þyrfti sennilega að skera niður minnst um 500 millj. kr., sem við vitum ekki neitt um enn þá, og kannske hærri upphæðir, sem voru þá nefndar, eins og 6 og 7 hundruð millj. kr. Þá var einmitt á orði haft af mönnum, sem að þessum málum unnu og að frv. til framkvæmdaáætlunar, að fjáröflun til framkvæmdaáætlunar mætti ekki skera niður, eins og hún lá þá fyrir, því að það mundu vera þegar raddir uppi um það og hugleiðingar um niðurskurð á því. En þegar frv. kemur aftur frá n., kemur um 250 millj. kr. tekjuöflun, í staðinn fyrir, að það var látið í veðri vaka við okkur, að aldrei mundi verða eins mikil fjáröflun og var í frv. fyrir jól, þegar við vorum að glíma við neyðarráðstafanirnar í sambandi við Vestmannaeyjar.

Ég vil segja það, að á sama tíma og hægt er að henda inn í þingið dag eftir dag nýjum frv., sem fela í sér álögur á ríkissjóð, viðbótarálögur um hundruð millj. kr., þá getum við ekki afgreitt hér í þinginu 75 millj. kr. til olnbogabarns núverandi stjórnarflokka, þ. e. a. s. landhelgissjóðsins. Það er nú loksins komið nál. frá meiri hl. um að vísa því frv. frá afgreiðslu Alþ., en hæstv. forsrh. hafði tekið því mjög vel og lagt mikla áherzlu á, að það mundi enginn telja eftir sér framlög til landhelgissjóðsins og það væri mjög mikils virði fyrir landhelgissjóðinn að fá vissar árstekjur til þess að byggja framtíð sína á. Það mál á nú eftir að koma til umr. hér í hv. d., og ég vil leyfa mér að bera þá von í brjósti, að ekki séu allir stjórnarliðar svo heillum horfir, að þeir láti teyma sig í einni

keðju óslitinni til þess að vísa frá ákvörðun um 75 millj. kr. árlegt framlag til landhelgissjóðsins, á meðan þeir eru að samþykkja hundruð millj. kr. nýjar álögur á ríkissjóðinn á þessu ári og enginn veit, hvað í raun og veru búið er að samþykkja í löggjöf og á kannske eftir að samþykkja í löggjöf af nýjum álögum á ríkissjóðinn á næsta ári í sambandi við þau frv., sem nú eru til meðferðar. Við skulum taka frv. eins og um heilbrigðisþjónustuna, — ef það á eftir fram að ganga — sem eflaust felur í sér mörg ágæt nýmæli, þó að menn hafi margar athugasemdir við sitthvað í því, og ég skal ekki tjá mig um núna, þá er þarna um að ræða milljarða í auknum útgjöldum fyrir hið opinbera, þegar tekin er saman sú mikla aukna fjárfestingarþörf, sem þarna verður fyrir hendi til nýbygginga á þessu sviði, sem út af fyrir sig er ekki nema gott eitt um að segja, ef fé er fyrir hendi til þess, og líka stórkostlega aukin rekstrarútgjöld.

Það er einnig galli á þessu, að þegar við nú erum að samþykkja vissa hluti til ýmissa greina atvinnulífsins, þá er spurningin um það, að hve miklu leyti aðrar atvinnugreinar eru þá afskiptar. Ég nefni t.d. eina atvinnugrein, innlendar stálskipasmíðar eða skipabyggingar í landinu, sem ég því miður tel, að hafi verið mjög óvarlega eða illa hugað að, bæði hvað snertir fjáröflun í sambandi við framkvæmdaáætlun og annað, og væri vissulega ástæða til þess að hyggja betur að, áður en málin eru endanlega afgreidd. Því miður er það svo, að ekki horfir betur en það, að um mikinn verkefnaskort hjá þessum skipasmíðastöðvum verði að ræða á næsta ári vegna þess, hvernig að þessum málum hefur verið staðið.

Ég vil endurtaka spurningu mína og vonast til þess í framhaldi umræðnanna, að við fáum svör við því, hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að afla tekna til þeirra margvíslegu nýju útgjalda, sem felast í þeim frv., sem verið er að ætlast til, að *við afgreiðum nú fyrir páskana og koma til* útgjalda á þessu ári. Hitt er svo aftur mjög fróðlegt, en það er seinni tíma spursmál, hvernig á að afla tekna til þessa á næstu árum. Það er engu líkara en þeir menn, sem eru að leggja þessi frv. fram núna — burt séð frá því, þótt þörf sé á því fyrir sjóðina, — séu eiginlega búnir að gera það upp við sig, að þeir ætli ekki að semja fjárlög fyrir árið 1974. Ég spurði einn ráðherrann að því í gær, hvort þeir væru með þessum frv. um ný útgjöld, löngu eftir að fjárlög væru afgreidd á árinu 1973, að undirbúa brottför sína úr stjórnarráðinu. Hann brosti bara og taldi, að það gæti að vissu leyti verið gott að losna við það. En hvernig á að skýra þetta, að það sé allt í einu hægt fyrir ríkissjóð að sinna hinum og þessum verkefnum, en hæstv. fjmrh. sjálfur hefur talið hann vera fjárvana og þurfi að skera verulega niður útgjöld hans. Það dæmi ætti hæstv. fjmrh. að skýra fyrir okkur. Við höfum fengið vissa skýringu á þessu undraverða fyrirbrigði í fallegri grein um hæstv. fjmrh., sem birtist í Nordisk kontakt. Þar er ásamt mörgu öðru fögru, sem um hæstv. fjmrh. er sagt og hann sjálfsagt verðskuldar, sagt, að hann, Halldór E. Sigurðsson, hafi lengi verið talsmaður sparnaðar í ríkiskerfinu, og þar segir svo enn fremur: „Þetta virðist stríða gegn höfuðgagnrýninni á Halldór E. Sigurðsson sem fjmrh. að fjárlög ríkisins hafi tvöfaldazt á 2 árum.“ En svo heldur þessi ágæti greinarhöfundur áfram: „Aðdáendur Halldórs E. Sigurðssonar segja, að ekki megi blanda saman því, sem hann sjálfur vill gera í ríkisrekstrinum, og því, sem hann neyðist til að gera, vegna stjórnarsamstarfsins.“ Þetta er kannske skýringin á því, að það er allt í einu, löngu eftir að fjárlög eru afgreidd, komið fram með frv. hér, sem fela í sér miklar greiðslur þegar á þessu ári.

Ég vil að lokum segja það, að ég vil leyfa mér að hafa allan fyrirvara um það, að hve miklu leyti við getum lagt okkar lið og hjálpsemi til þess, að þingi ljúki fyrir páska, ef svo heldur fram sem verið hefur, að ný frv. eru stöðugt að koma fram, og meðan óvissa ríkir um það, hvaða einstök mál er lögð áherzla á að afgreiða fyrir páskana. Við erum reiðubúnir til samstarfs með eðlilegum hætti, en við viljum ekki standa að því að vera ábyrgir fyrir afgreiðslu stórkostlega þýðingarmikilla mála hér á Alþ., sem við ekki fáum tóm til þess að athuga og grandskoða og ekki er hægt að ætlast til, að við tökum afstöðu til á svo að segja engum tíma og með engum upplýsingum. Ef það á að gerast, er það mín skoðun, að hér sé bæði um að ræða stjórnleysi og fullkomið ábyrgðarleysi, að ætlast til þess að þingið standi þannig að afgreiðslu mála.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. í hv. fjh.- og viðskn. þessarar d., var það harðlega gagnrýnt af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, að n. væri ætlað að afgreiða frv., sem fjallar um áætlun um 11—12 hundruð millj. kr. opinberar framkvæmdir utan fjárlaga og fjáröflun til þeirra, án þess að fyrir lægju upplýsingar um það, hvaða framkvæmdir sjálf ríkisstj. ætlaði að draga saman samkv. *heimild veittri í fjárlögum, og án þess* að fyrir lægju upplýsingar um það, hver yrðu útlán opinberra fjárfestingarsjóða og hvernig fjár til þeirra skyldi aflað. Þessa gagnrýni lét meiri hl. n. sem vind um eyru þjóta og vildi afgreiða málið. Við þm. Alþfl. töldum þetta óhæfu, og lýsti ég því yfir fyrir hönd flokksins í nál., að flokkurinn myndi ekki taka þátt í afgreiðslu málsins og sitja hjá við meðferð þess.

Þetta var líka harðlega gagnrýnt af okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar við 2. umræðu málsins. Þá var lítið talað af hálfu hæstv. ríkisstj., en hún hefur þó látið sér nokkuð segjast, og ber að fagna því, svo langt sem það nær. Nú í upphafi 3. umr. lagði hæstv. ríkisstj. fram áætlun um fjárfestingarsjóðina, hver útlán þeirra skuli vera og hvernig fjár til þeirra skuli aflað. M. ö. o.: gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga í n. og við 2. umr. hefur þó borið þennan árangur. Nú fáum við upplýsingar um það, hvernig fjármagna á hina opinberu fjárfestingarsjóði og hvernig útlánum þeirra á að vera háttað, en um hitt þegir hæstv. ríkisstj. enn, hvernig hún ætlar sér að draga saman útgjöld á fjárlögum. Um það fær þingið enn ekkert að vita. Enn stendur þess vegna, að ósæmilega er staðið

að þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj. og þó sérstaklega af hálfu hæstv. fjmrh.

Þar sem ákveðið hefur verið, að umr. ljúki ekki í dag, heldur muni fram haldið á mánudaginn, mun ég ekki gera að umtalsefni þær upplýsingar, sem dreift var meðal þm. nú á þessum fundi, þ. e. um fjárfestingarsjóðina, heldur láta umr. um það bíða til mánudagsins. En ég get ekki stillt mig um það að vekja athygli á því, að í lok ræðu minnar við 2. umr. gerði ég tvö atriði, sem snerta efnahagsmál almennt, að umtalsefni. Ég vakti athygli á tveimur röngum staðhæfingum, sem hampað hefði verið hvað eftir annað, sérstaklega af hálfu tveggja ráðh., hér í d. á undanförnum vikum og jafnvel mánuðum — staðhæfingu um það, að verðbólguvöxtur hafi farið minnkandi í tíð hæstv. ríkisstj. og staðhæfingunni, að lífskjör hefðu aldrei batnað meir á Íslandi en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Þessar staðhæfingar hafa síðan blöð hæstv. ríkisstj. endurtekið í sífellu á undanförnum vikum. Ég sýndi fram á það, að báðar staðhæfingarnar eru rangar. Ef tekið er allt það tímabil, sem núv. stjórnarflokkar voru í stjórnarandstöðu, þ. e. frá 1. jan. 1959 til miðs árs 1971, þá hefur vísitala hækkað á ársgrundvelli að meðaltali um 9,7%. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi þessa tölu í ræðu sinni áðan, enda ekki við öðru að búast, þar sem hún er auðvitað rétt. En frá því að ríkisstj. kom til valda um mitt ár 1971 og til 1. febr. s. l. hefur vísitalan hækkað á ársgrundvelli um 10,8%, miðað við 9,7%, meðan þessir flokkar voru í stjórnarandstöðu. Ég skoraði á ritstjóra stjórnarblaðanna, sem hafa haldið hinu öfuga fram, að verðbólguvöxturinn hefði verið minni í tíð núv. ríkisstj. en í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, að skýra frá þessum staðreyndum, skýra frá sannleikanum í málinu í staðinn fyrir að halda áfram að hampa ósannindum, eins og þeir hafa gert undanfarnar vikur. Nokkrir dagar eru liðnir síðan. Á þetta hefur ekki verið minnzt í neinu af stuðningsblöðum hæstv. ríkisstj. Þannig er sannleiksástin á bænum þeim.

Ég vek athygli á því, að hæstv. ráðh. hefur viðurkennt þessar tölur. Hann sagðist viðurkenna, að þær væru réttar. Kannske er þá von á því, að eitthvað verði frá þeim sagt í blöðum stjórnarflokkanna og lesendur þeirra blaða fái loks að vita það sanna og rétta í málinu. En hæstv. ráðh. sagði, að fyrri talan gæfi ekki alls kostar rétta mynd, vegna þess að þar er árið 1959 tekið með, en það var stjórnarár minnihlutastjórnar Alþfl. Það er rétt, það er tekið með. Því ekki að taka það með? Ég tala fyrir hönd Alþfl. og auðvitað lýsi ég ástandinu á þeim tíma, sem Alþfl. var í stjórn, frá árslokum 1958 þangað til á miðju ári 1971. Hvað er eðlilegra? Má ekki heildartalan njóta góðs af því, að það var sérstaklega góð stjórn í landi árið 1959? Það er ekki nema sanngjarnt. Jafnvel þótt þessu ári sé sleppt, hafa verið 11,1% — ég vek athygli á þessu — og bar ekki á móti tölunni 10,8 síðan núv. stjórn tók við völdum og til 1. febr., en 11,1% áður. Meiri er munurinn ekki. Það er um 11% á báða kantana, og samt hefur verið haldið fram viku eftir viku hér á Alþ. og í blöðum, að verðbólguvöxturinn sé miklu, miklu minni í tíð hæstv. núv. ríkisstj. Nú kemur sjálfur fjmrh. og segir: Eins og ég hef reiknað þetta, þá var hann 11,1% í tíð stjórnar Sjálfstfl. og Alþfl., en í sinni tíð viðurkennir hann að verðbólgan sé 10,8%, þ. e. til 1. febr. s. l. Þetta er nú allt og sumt, þetta er grundvöllurinn undir óteljandi staðhæfingum um það, að ríkisstj. hafi ekki bara stöðvað verðbólguhjólið, heldur stórum dregið úr verðbólguvextinum.

Ég gat um það síðan, að þróunin stöðvaðist ekki 1. febr. s. l. Verðbólguvöxturinn hefur verið 10,8% í tíð núv. ríkisstj. Þessi einkunn hennar er miðuð við 1. júlí 1971 og 1. febr. 1973. En nú er kominn apríl og hagstofan hefur áætlað, hversu verðbólguvöxturinn þessar vikurnar sé mikill. Hún er búin að áætla, hver vísitalan verði a. m. k. 1. maí n. k. Hún hefur áætlað, að þá muni hún verða 430 stig, miðað við 336 1. júlí. M. ö. o. ef reiknaður er verðbólguvöxturinn frá 1. júlí til 1. maí af verðlagi 1. júlí 1971 og verðlagi, sem við vitum að verður a. m. k. 1. maí 1973, þá er verðbólguvöxturinn á ársgrundvelli 14,4%. Þessu getur enginn á móti mælt, að er rétt miðað við áætlanir hagstofunnar. M. ö. o.: Þó að ég gefi hæstv. ráðh. það eftir að miða við samstjórn Alþfl.-Sjálfstfl., þá var samkvæmt hans eigin orðum verðbólguvöxturinn ekki meiri en 11,1%, en hann er nú orðinn hjá núv. ríkisstj. 14,4%. Þá geta menn séð, hvort hægt er að halda áfram að halda því fram, að núv. ríkisstj. hafi stöðvað vöxt verðbólgunnar. Nei, snúningshraðinn er meiri á verðbólguhjólinu nú en hann var, hvort sem miðað er við stjórnartíð Alþfl. og Alþfl.-Sjálfstfl. eða Alþfl.-Sjálfstfl. eingöngu. Þetta eru ómótmælanlegar staðreyndir, og er tími kominn til þess, að þær komist inn í stjórnarblöðin, a. m. k. núna eftir að hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt, að þær séu réttar. Það ætti að verða óhætt að skýra frá þessu. Það er einhver sérstök feimni, ef frétt þessi kemst ekki enn til lesenda stjórnarblaðanna. Þá er eitthvað sérstaklega undarlegt á ferðinni.

Varðandi hitt atriðið, að kjarabæturnar hafa aldrei orðið meiri en á tíma þessarar hæstv. ríkisstj. þá hef ég líka leiðrétt það með því að vitna í rit hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar, þar sem það kom fram, að ráðstöfunartekjur heimilanna, sem eru rauntekjur almennings, hafi vaxið um 30,8% 1970, en ekki nema um 28% 1972 — 30,8% á síðasta heila ári fráfarandi stjórnar, en ekki nema um 28% á fyrsta heila ári núv. ríkisstj. Þessar tölur viðurkenndi hæstv. ráðh. einnig, enda er ekki hægt annað, þær eru prentaðar eftir sjálfri hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, og hún reiknar auðvitað rétt. Það er því mál til komið, að þessi fregn berist líka til lesenda stjórnarblaðanna, eftir að hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt, að þessar tölur eru réttar. Það eina, sem hann hafði um þetta að segja, var það, að ekki mætti bera árið 1970 saman við 1972, vegna þess, að árið 1970 hafi verið fyrsta árið eftir atvinnuleysisár, þess vegna væri það ósambærilegt við árið 1972. Með alveg sama hætti mætti þá segja: Það má ekki bera árið 1970 saman við 1972, vegna þess að árið 1972 er mesta verðhækkunarár, sem þjóðin hefur lifað. Ég var ekki að gera neinn fyrirvara í þá átt. Verðlag á íslenzkum afurðum hefur aldrei hækkað eins

mikið á einu ári og 1972. Ég var ekkert að draga úr teknahækkuninni af þeim sökum. Hvert ár hefur sín sérkenni, og um það mætti halda langa ræðu, hver hafa verið sérkenni ársins 1970. Ég sleppi því alveg. Ég ber bara saman staðreyndir, óvéfengjanlegar tölur um árin, og þær eru svona, að á árinu 1972 hækkuðu ráðstöfunartekjur heimilanna minna en þær höfðu gert á árinu 1970. Eftir þetta er ómögulegt að halda áfram að halda því fram, ef menn meta sannleikann nokkurs, að kjarabætur hafi aldrei orðið meiri en í tíð núv. ríkisstj. Þær voru m. a. meiri á síðasta árinu, áður en þessi hæstv. ríkisstj. kom til valda. Það er kominn tími til þess að almenningi í landinu sé sagður sannleikurinn um þetta mál, en hann ekki mataður stöðugt á ósönnum yfirlýsingum hæstv. ráðh. um jafnmikilvæg atriði og hér er um að ræða. Þetta vildi ég aðeins segja í þetta skipti í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh.

Um þær skýrslur, sem útbýtt var í dag, mun ég ræða nánar á mánudaginn kemur, þegar framhaldsumr. verður um málið.

Umr. frestað.

Fræðslustofnun alþýðu, frv. (þskj. 320, n. 457). — 2. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. um Fræðslustofnun alþýðu er flutt af Stefáni Gunnlaugssyni og Pétri Péturssyni og gerir ráð fyrir því, að hér verði sett á fót stofnun, er vinni að alhliða alþýðufræðslu og fullorðinsmenntun, svipuð slíkum stofnunum, sem starfað hafa um langt árabil með góðum árangri á hinum Norðurlöndunum. Frv. þessu og grundvallarhugmyndum, sem það byggist á, var mjög vel tekið í menntmn. Hins vegar var upplýst, að nú starfaði á vegum menntmrn. sérstök n., sem fjallar um fullorðinsmenntun á breiðum grundvelli, og með tilliti til þess, að n. fái þetta frv. og athugi efni þess, varð samkomulag um það í menntmn. að leggja til í hv. d., að frv. verði vísað til menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 80. fundur.

Laugardaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (GilsG): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. apríl 1973.

Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 183. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Jónas Jónsson aðstoðarmaður ráðh., taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e".

Jónas Jónsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi, og tekur hann nú sæti, sem 1. þm. Norðurl. e.

Fræðslustofnun alþýðu, frv. (þskj. 320, n. 457). —Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 457 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 27 shlj. atkv.

Breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 565). — 3. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að gera örstutta athugasemd varðandi það mál, sem hér er til 3. umr. Sú spurning hefur komið upp hjá hlutaðeigandi aðilum, hvort hin breyttu sýslumörk, sem frv. gerir ráð fyrir, geti í nokkru breytt stöðu eða umboði sýslunefndarmanna Garðahrepps og Bessastaðahrepps. N. þótti hins vegar svo sjálfsagt, að umboð þeirra héldist, þótt hrepparnir flyttust í Kjósarsýslu, að hún taldi óþarft að setja ákvæði í frv. þess efnis. Ég hef viljað greina frá þessu hér, til þess að ekki færi milli mála, að þessi væri skilningur nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Námulög, frv. (þskj. 428 (sbr. 48)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 579).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471, n. 558). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Í sambandi við þetta langar mig aðeins að geta þess, að hæstv. fjmrh. minntist á það, þegar hann mælti fyrir þessu frv. fyrir 2 eða 3 dögum, að Alþ. þyrfti að taka afstöðu til sérstakra atriða í þessu frv., svo sem hvort þessi væntanlegu lög ættu að taka til starfsmanna Alþ. Því miður hefur okkur ekki gefizt tóm til í öllum þessum önnum að athuga það mál nánar, né yfirleitt að kanna ofan í kjölinn margvísleg atriði í þessu frv.,

eins og kannske hefði átt að vera. Hins vegar er þetta frv. af því taginu, að það er einhvers konar samningur eða samningsgerð milli ríkissjóðs og opinberra starfsmanna eða umboðsmanna þeirra, þannig að eðli málsins er í því fólgið, að það er ástæðulaust að hrófla hér við þeim atriðum, sem þessir aðilar hafa komið sér saman um. Hins vegar hygg ég, að ég mæli fyrir munn nm. allra, að við hefðum talið æskilegt, að okkur hefði gefizt meira tóm til að kanna þarna einstök atriði, svo sem réttarstöðu starfsmanna Alþingis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
15.—23. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
27.—33. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 553 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 104 31. des. 1972. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að þegar samið var við sjómenn um kjör þeirra við síðustu áramót, var það einn þáttur í samkomulagi milli þeirra og útgerðarmanna að leggja ekki á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum, þ. e. hvers konar atvinnutekjum og öðrum tekjum sjómanna lögskráðra á íslenzk fiskiskip, sem aflað er í tengslum við úthald skipa til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, eins og ákveðið er í lögum þessum. Þetta frv. er flutt til að fullnægja þessu, samkomulagi og undanskilja launaskattsgreiðslu þá aðila, sem eru taldir upp í 1. gr. frv. Að öðru leyti er ekki efni frv. annað og yrði að miða við, að gildistaka þess yrði frá 1. jan. s. l.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, er hér verið að staðfesta samkomulag, sem gert var í sambandi við fiskverðsákvörðun, sem gildir frá 1. jan. en í athugasemd við 1. gr. þessa frv. segir:

„Nær undanþágan einnig til tekna landsmanna, svo framarlega sem landsmenn þessir séu lögskráðir". Nú má vera, að þetta samkomulag sé þannig orðað, en ég hygg, að á bak við þetta samkomulag sé í raun og veru það að undanskilja launaskatti laun manna, sem vinna á fiskiskipum eða í landi við fiskiskip. Vil ég benda á, að það er mjög almennt, sérstaklega í sambandi við línuútgerð, að það eru ekki fastráðnir landmenn nema að takmörkuðu leyti, og með þessu orðalagi gætu skattayfirvöld krafizt launaskatts af þeim öllum, nema þeir væru lögskráðir. Enn fremur vil ég minna á það, að í sambandi við lögskráningu, er ekki lögum samkv. skylt að lögskrá á báta nema yfir 12 rúmlestir, að mig minnir, og ef á minni báta er ekki lögskráð, sem er ekki skylda, ber þá að líta svo á, að útgerð þeirra verði að greiða launaskatt? Frá sjónarmiði Landsambands ísl. útvegsmanna er eðlilegt, að það hafi eingöngu litið á skip, sem hafa lögskráningarskyldu, því að yfirleitt ná þau samtök ekki til hinna minni báta eða minni útgerðar.

Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh. að því, hver hans skilningur er á þessu tvennu, og þá jafnframt, hvort sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, vilji ekki athuga þessar tvær athugasemdir, sem ég hef hér leyft mér að gera. Að öðru leyti tek ég undir orð hæstv. fjmrh. í sambandi við tildrög að flutningi þessa frv, sem er staðfesting á samkomulagi, sem gert var, eins og hann gat réttilega um.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Vestf. vil ég segja það, að ég treysti mér ekki til lögskýringar á þeim atriðum, sem hann spurði um. Tel hins vegar eðlilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, leiti álits ríkisskattstjóra og slíkra aðila, sem um málið fjalla, um lögskýringu á þessu, sem þarna er um að ræða. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta bundið við lögskráða menn á skipin, en ég skal ekki skýra það frekar af þeirri ástæðu, sem ég hef þegar greint.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar því, sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., í sambandi við þá menn, sem ráðnir eru til starfa á bátum án lögskráningar og ekki eru hlutaráðnir, og svo hinna, sem eru á bátum undir 12 tonnum, sem ekki er skylda lögum samkv. að skrá á. Það eru í þeim tilfellum líka um að ræða, a. m. k. hjá okkur á Vestfjörðum, dæmi þess, að fastráðnir landmenn eru ekki lögskráðir, en eru eigi að síður hlutaráðnir. Þá finnst mér, að spurningin ætti líka að vera: Tekur þetta líka til þeirra manna einnig, eða gætu skattyfirvöld heimtað greiðslur samkv. frv. af þessum mönnum líka?

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram, og beini þeim tilmælum til þeirrar n., sem þetta mál fær, að þetta þriðja atriði yrði líka athugað með tilliti til þess, hvernig á það væri litið.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að veita nokkrar upplýsingar um það atriði, sem hér hefur verið rætt.

Það er í fyrsta lagi, að lögskráningarskyldan er miðuð við 6 rúmlestir, en ekki 12, og hefur verið þannig í langan tíma. Auk þess er það, að hér er um launaskatt að ræða, og hann er aðeins greiddur af launum þeirra, sem vinna hjá öðrum. Það er ekki innheimtur launaskattur af þeim, sem vinna hjá sjálfum sér á smæstu bát-

um. En séu þeir hlutaráðnir á þessum bátum hjá öðrum, er greiddur af þeim launaskattur. Ég tel engan vafa leika á því, að það er ekki samkvæmt þessu heimilt að innheimta launaskatt af þeim, sem eru lögskráðir á fiskiskipin, hvort sem þeir starfa einvörðungu í landi eða á sjó, en þá, sem eru ráðnir á fastan aflahlut, ber skylda til þess að lögskrá. Undan því verður ekki vikizt, nema með því að brjóta lög. Hins vegar er það rétt, að það er algengt, að það starfi við skip menn í landi, sem ekki eru lögskráðir á skipin, en þá eru þeir ráðnir upp á önnur launakjör. Það hefur ekki verið gert samkomulag um það að sleppa útgerðinni við að borga launaskatt af þeim. Hér er aðeins um það að ræða, af hverjum útgerðin sjálf á að sleppa við að borga launaskatt, og hún hefur aftur gert samninga á þessum grundvelli.

Ég tel hins vegar alveg sjálfsagt, að þetta mál sé athugað í n., og ef þarna ber eitthvað á milli, sem verður að teljast, að óeðlilega sé fallið niður, þá sé það leiðrétt. Ég vænti, að frv. sé í fullu samræmi við kröfur útvegsmanna í þessum efnum, sem gengið var að, að hér sé aðeins verið að lögfesta það, sem þeir gerðu kröfur um. En sé þarna um það að ræða, að eitthvað falli niður á milli, er sjálfsagt að athuga það. En ég held sem sagt, að það sé ekki ástæða fyrir þeim ótta, sem hér kom upp, af því að framkvæmdin sé hér önnur en gert var ráð fyrir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það getur vel verið að það sé misminni hjá mér um lögskráningarskylduna, að það séu 6 rúmlestir, en ekki 12, en mér gafst ekki tími til að fletta upp á því í lögum. Þar er auðvitað hægt að finna það, en mig minnir þetta samt.

Í sambandi við það, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að það þyrfti að lögskrá, annað væri lögbrot, þá veit hann það sem gamall útgerðarmaður og maður, sem er mjög vel kunnugur í útgerðarbæjum, að þegar maður forfallast á síðustu stundu og bátur er að fara á sjóinn, er kannske ekki alltaf hægt að ná í skráningaryfirvöld á viðkomandi stöðum. Þá tíðkast það vafalaust í 99 tilfellum af 100, að maðurinn fer óskráður á sjóinn, það veit ég, að hæstv. ráðh. veit. Á þá útgerðin að gjalda þess í slíkum tilfellum og borga af slíkum forfallamönnum launaskatt, en ekki af öðrum. Það er það sem er um að ræða. Í hinu tilfellinu skiptir þetta aðeins eina tegund veiða mjög verulegu máli, línuútgerðina. Það hefur farið mjög í vöxt, að einstaka bátar geta ráðið fastan mannskap, aðrir bátar ekki. Er það talið eðlilegt og sanngjarnt í sambandi við fiskverð, að fella niður launaskatt af launum áhafnar báts, sem er með 11 manna áhöfn á línuveiðum, bæði á sjó og landi, alla fastráðna, en ekki áhafnar annars báts, sem er með bækistöð í næsta skúr fyrir sína línuútgerð og er með jafnmarga menn á sjó og hinn, en e. t. v. með aðeins einn fastráðinn mann í landi, hitt eru allt hinir svokölluðu ákvæðisbeitningarmenn? Á þá útgerð þess báts samkv. þessu að greiða launaskatt af öllum nema þessum eina, sem er fastráðinn?

Það var þessi athugasemd, sem ég gerði í sambandi við frv. og mæltist til, að væri tekin til athugunar. Og hæstv. fjmrh. tók undir, að þetta væri athugað. Hitt má kannske segja, að sé rétt, að sjálft samkomulagið er gert við samtök útvegsins, sem ná ekki til minnstu bátanna. Ég var að gera þessa aths. til þess, að þeir væru ekki útilokaðir vegna þess, að þeir væru ekki innan Landssambands ísl. útvegsmanna. Þetta er auðvitað tiltölulega lítill hluti af þessum heildarlaunum. Það er aðeins þetta, sem ég er að fara fram á að verði athugað í fullri vinsemd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Laugardaginn 7. apríl, að loknum 80. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 310, n. 557, 566). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar undanfarnar vikur frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. Eftir mikla athugun og marga fundi varð n. sammála um, að skila nál., sem liggur hér frammi á þskj. 557 og er undirritað af öllum meðlimum heilbr.- og trn. Nd. með fyrirvara um heimild til þess að flytja eða fylgja brtt. frá öðrum. Ég vil þó í sambandi við þetta geta þess, að þau mistök hafa orðið í nál., að fallið hefur niður nafn hv. 3. landsk. þm. undir nál., sem þar átti að vera, og bið ég hv. þm. velvirðingar á því og svo d. alla. Enn fremur vil ég geta þess, að einn nm., Birgir Kjaran, var ekki staddur á fundi, þegar endanlega var gengið frá nál.

Það frv. um heilbrigðisþjónustu, sem við erum hér að ræða við 2. umr., er að mínu viti eitt af merkari frv., sem fyrir þetta þing hafa verið lögð. Heilbrigðisþjónusta landsmanna er að sjálfsögðu þjóðfélagslega mikilvægt verkefni, sem Íslendingar hafa unnið að um mörg ár með umtalsverðum árangri, þó að fjarri sé, að þar sé náð því æskilega takmarki, að landmenn geti allir notið þeirrar heilbrigðisþjónustu, sem eftirsóknarverð er og eðlilegt má telja, að þeir eigi kröfu til. En frv. þetta miðar einmitt fyrst og fremst að því að reyna að leysa þann vanda, sem þeir þjóðfélagsþegnar og þá fyrst og fremst

þeir, sem búa í strjálbýlinu, hafa búið við í sambandi við læknisþjónustu í landinu. Auk þess eru í frv. mörg önnur merkileg ákvæði, sem ég mun víkja nokkuð að, eftir því sem tími leyfir.

Íslenzka ríkið hefur á undanförnum árum veitt sífellt hærri fjárhæðir til sjúkrahúsbygginga, byggingar heilsugæzlustöðva, læknisbústaða og til heilbrigðismála almennt. Er það ánægjuleg þróun og ber vott um það, að þjóðin hefur eflzt á undanförnum árum efnalega og telur sér skylt að sinna þessum málaflokki meira en verið hefur. Ég hef til upplýsinga fyrir hv. Alþ. farið í gegnum fjárlög síðustu fjögurra ára í sambandi við fjárveitingar á fjárl. til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, heilsuverndarstöðva, annarra en ríkissjúkrahúsa, og einnig með tilliti til fjárveitinga til læknisbústaða. Þá kemur það í ljós, að á árinu 1970 hefur ríkið veitt til þessara framkvæmda 104 millj. 323 þús., árið 1971 hefur verið veitt til þessara framkvæmda úr ríkissjóði 154 millj. 687 þús., árið 1972 292 millj. 328 þús., og á fjárl. yfirstandandi árs hefur þessi fjárhæð meira en þrefaldast, á þessu fjögurra ára tímabili, því að þar er þessi fjárveiting nú 332 millj. 477 þús. Það er því eðlileg afleiðing af þeim miklu framkvæmdum, sem verið hafa í þessum málum nú á síðustu árum, að þeim sé fylgt eftir með frv. eins og því, sem hér er verið að ræða, þ. e. a. s. frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, sem kveður á um ýmsa aðra þætti í framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar, sem er nauðsynlegt, samfara þeim miklu framkvæmdum, sem hafa verið í sjúkrahúsabyggingum í landinu. Ég skal ekki eyða tíma að víkja fleiri orðum að því, heldur víkja beint að sjálfu frv. og því nál., sem hér er verið að ræða.

Frv. um heilbrigðisþjónustu er að meginstofni samið af n., sem skipuð var af fyrrv. heilbr.- og trmrh., Eggert G. Þorsteinssyni, í samræmi við þál. frá 22. apríl 1970. Starfaði n. frá því í okt. 1970 og fram í byrjun apríl 1971. Till. n. voru sendar fjölmörgum aðilum til umsagnar og athugunar, og bárust erindi frá 30 einstaklingum og félagssamtökum út af þeim. Haustið 1971 skipaði núv. heilbr.- og trmrh., Magnús Kjartansson, nýja n. til þess að yfirfara upphaflegu till. og taka til athugunar þær brtt. er borizt höfðu. Lauk þeirri athugun um áramótin 1971—1972, og voru drög að heildartill. frv. send Sigurði Sigurðssyni háv. landlækni og Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara til athugunar og umsagnar. Af þessu má sjá, að frv. þetta hefur fengið mikla athugun á undirbúningsstigi, enda er efni þess meðal erfiðustu og mikilvægustu löggjafarmálefna, eins og áralöng reynsla sannar. Frv. um heilbrigðisþjónustu var síðan lagt fram til kynningar á síðasta Alþ. og aftur á yfirstandandi þingi með nokkrum breytingum, sérstaklega á II. kafla þess, sem fjallar um læknisþéruð, og III. kafla þess, sem fjallar um heilsugæzlu.

Ég vil þá í örfáum orðum víkja að nokkrum helztu ákvæðum, sem telja má til nýmæla í þessu frv.

Í fyrsta lagi er þar að finna veigamikla almenna stefnuyfirlýsingu í þessum málaflokki, þar sem því er lýst yfir, að landsmenn skuli allir eiga kost á eins fullkominni heilbrigðisþjónustu og tök eru á hverju sinni. Í öðru lagi er í frv. að finna ákvæði um yfirstjórn heilbrigðismála, þar sem m. a. er gert ráð fyrir deildaskiptingu í heilbr.- og trmrn. eftir þeim verkefnum, sem það rn. annast. Þá er í frv. að finna till. um skiptingu landsins í læknishéruð og skipun héraðslækna í samræmi við það. Enn fremur er eitt af merkari nýmælum frv. það, að gert er ráð fyrir, að stofnaðar verði 38 heilsugæzlustöðvar utan Reykjavíkur, þar sem verði miðstöðvar almennra lækninga og heilsuverndarstarfs í landinu. Þá er ríkisframlag til byggingar heilsugæzlustöðva ákveðið hið sama og til byggingar sjúkrahúsa, þ. e. a. s. 85% af byggingarkostnaði ásamt búnaði stofnananna. Þá er að finna í frv. ákvæði, er skilgreina, hvað sé átt við með sjúkrahúsi, og þau eru flokkuð í frv. í 7 flokka, eins og nánar er þar skýrt frá. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að samin sé framkvæmdaáætlun til 10 ára í senn um framkvæmdir í sjúkrahúsabyggingum og byggingu heilsugæzlustöðva. Ég vil geta þess, að í heilbr.- og trn. hefur þirri hugmynd verið hreyft og hún fengið góðar undirtektir, að í sambandi við þá framkvæmdaáætlun verði tekið upp í frv. ákvæði er bendi eindregið til þess, að forgang um byggingu heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa skulu þau héruð hafa, þar sem læknisþjónustan er í lökustu lagi. Sú till. er til frekari athugunar í n. á milli 2. og 3. umr.

Ég held, að ég eyði ekki lengri tíma í að rekja helztu nýmæli í frv., en vík þá að þeim brtt., sem heilbr.- og trn. hefur orðið sammála um að flytja og liggja frammi í nál. á þskj. 557, sem ég vék hér að áðan.

Frv. skiptist í 5 kafla, og ætla ég að víkja að hverri gr., sem brtt. er gerð við í nál. innan ramma hvers kafla frv.

I. kafli frv. fjallar um yfirstjórn þessara mála. Þar hefur heilbr.- og trn. orðið sammála um að bæta við gr. nýjum lið, er hljóðar þannig og verður nr. 3:

„Ráðh. setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans, að höfðu samráði við samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnarráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til að sinna þeim verkefnum."

Þessi brtt. er flutt til þess að koma til móts við óskir, sem fram voru settar af ýmsum þeim aðilum, sem frv. var sent til umsagnar eða sendu af sjálfsdáðum erindi til n., þar sem óskað var eftir því, að starfssvið og verkefni landlæknisembættisins væru ítarlegar tilgreind en í frv. er að finna, eins og það var lagt fram við 1. umr. Auk þessarar brtt. við gr. hefur verið í athugun í heilbr.- og trn. að gera till. um fleiri breytingar við þessa gr. M. a. er n. að íhuga að taka inn ákvæði um það, að landlæknir skuli vera eins konar umboðsmaður almennings í landinu, þar sem sjúklingar, sem hafa undan einhverju að kvarta í sambandi við samskipti sín við lækna, geti borið upp vandamál sín. Má segja, að það sé í sjálfu sér ekkert nýtt, það felist raunar þegar í embættisverkum landlæknis. En ástæða þykir til að setja um það beint ákvæði

inn í frv., og er það nú til athugunar í n. milli 2. og 3. umr.

Þá er önnur brtt., sem n. flytur, sú, að aftan við 13. gr. frv. bætist nýr liður, svo hljóðandi:

„Ákvæði þessarar gr. skulu, eftir því sem við getur átt og ráðh. ákveður, einnig taka til annars fastráðins starfsliðs í heilbrigðisþjónustunni.“

En 13. gr. frv. fjallar um ýmis réttindi, sem héraðslæknar skulu hafa, 6 vikna leyfi og tækifæri til þess að sækja erlent og innlent læknaþing o. s. frv. Þótti n. eðlilegt að bæta þessu ákvæði inn í og víkka þannig þann hóp manna, sem þessi réttindi geta náð til.

3. brtt., sem n. leggur til á þskj. 557, er sú, að inn í 15. gr. í II. kafla, 4. tölul., bætist orðið „endurhæfingarheimili“.

4. till. um breyt. lýtur að 16. gr., tölul. 3, þar sem lagt er til, að gr. orðist þannig:

„Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti læknastöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæzlustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum.“

Breyting þessi er sú ein, að í stað þess, að í frv. stendur, að þessi starfsemi skuli vera undir stjórn lækna, kemur nú „undir eftirliti lækna“.

5. brtt. lýtur að 20. gr. frv. Hún skýrir sig sjálf. Segir þar, að í stað orðsins „hjúkrunarstjóra“ í 20. gr. l. komi: deildarstjóra í hjúkrunarmálum. Lagt er til, að 20. gr. 2 verði orðuð þannig: „Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar“. Þ. e. a. s. hér er ljósmæðrum bætt inn í. Og í stað orðsins „heilsugæzluhjúkrunarkonur“ er hér einungis talað um hjúkrunarkonur. Við 20. gr. stafl. 3, er lagt til, að gr. orðist þannig: „Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðh. og taka laun úr ríkissjóði“. Hér er breytingin sú, að ljósmæðrum er hér bætt inn í. Fjórða breytingin við 20. gr. er sú, að í stað orðsins „heilsugæzluhjúkrunarkonur“ komi: hjúkrunarkonur.

6. brtt. n. er við 21. gr., liður 2 orðist þannig: „Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.“ Hér er bætt við orðinu „ljósmæður“ í samræmi við það, sem á undan er gengið. Gr. skýrir sig sjálf að öðru leyti en því, að ástæða er til að taka fram, að þegar talað er um Stór-Reykjavíkursvæðið, þá er átt við Reykjavík, Kópavog, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Hafnarfjörð, Seltjarnarnes og Mosfellssveit.

7. brtt. lýtur að 22. gr. Lagt er til, að 22. gr. 1, 4, stafl. i orðist þannig: „Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir“. Önnur brtt. við sömu gr. lýtur að 22.1.4.j. Þar verði breytt orðunum „félagsleg aðstoð“ í „félagsráðgjöf“. Aftan við 22. gr. 1 komi ný setning, svo hljóðandi: „Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðh. Ráðh. getur ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð“.

Þá er umorðun lögð til á 22. gr. 2 og lagt til, að hún orðist þannig:

„Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um störf heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjaútbúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þ. á m. um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðh. getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmi að höfðu samráði við Læknafélag Íslands“.

Þetta síðasta er nýtt í frv., að ráðh. geti með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands, og er þetta tekið upp í frv. samkv. óskum margra þm.

8. brtt. lýtur að 23. gr. Þar er lagt til, að 23. gr. l. orðist svo:

„Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva, svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli“. Hér er ljósmæðrum bætt inn í til samræmis við breytingu, sem ég hef áður vikið að.

9. brtt. lýtur að 25. gr. l. Lagt er til, að hún orðist þannig: „Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar, skulu skipaðir af ráðh. Þeir skulu taka laun með tvennu móti: a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit. b) Laun samkv. samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar“.

Hér er tannlæknum bætt inn í gr., og enn fremur, þegar rætt er um, hvernig þeir skuli taka laun, þá er bætt inn í a-liðinn: og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit, og í b-liðinn: almennar tannlækningar, sem afleiðing af því, að tannlæknum er bætt í gr.

10. brtt. lýtur að 27. gr., lið 2. Lagt er til, að hann orðist svo: „Ráðh. setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkv. þessari gr., að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna“.

Það, sem er nýtt við þessa gr., er, að bætt er inn í hana: „að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa“. Það þótti eðlileg og sjálfsögð breyting og var því tekin upp af nefndinni.

11. brtt. lýtur að 33. gr. frv., lið 2. Lagt er til, að hann orðist svo: „Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3.“ Þetta er nálega engin efnisbreyting frá sjálfu frv. Í síðari lið segir svo: „Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.“ Hér er um nokkuð annað fyrirkomulag að ræða en frv. gerði ráð fyrir, en breyt. skýrir sig sjálf, og þarf ég ekki að víkja frekar að henni.

12. brtt. n. er við 34. gr. Þar er lagt til við 34. gr. 1, að í stað orðanna „einn skipaður af ráðh. án tilnefningar“ komi: landlæknir. Sem sagt, að landlæknir eigi sæti í þeirri matsnefnd, sem 34. gr. gerir ráð fyrir, að sett verði á fót.

13. brtt. lýtur að 35. gr., lið 4. Lagt er til, að hann orðist svo: „Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.“

14. brtt. lýtur að 39. gr. Í stað orðsins „ráðuneytisins“ í lok 39. gr. 1 komi: heilbrigðisþjón-

ustunnar. Hér er um útvíkkun á þeim hóp starfsmanna heilbrigðismála að ræða.

15. brtt. tekur til 42. gr. Lagt er til, að hún orðist þannig, 42, 1: „Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í l. þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199 frá 1970.“ Hér er tekið inn ákvæði um að miða þessar greiðslur við gildandi reglugerð um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Og hin breytingin lýtur að 42. gr. 2, „reglur um bifreiðamál ríkisins nr. 6 frá 1970 skulu gilda um starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar eftir því, sem við getur átt.“ Það þótti eðlilegt, að viðmiðunin væri við gildandi reglugerð í þessum efnum.

16. brtt. er svo við 43. gr. Lagt er til, að aftan við 43. gr. 1 komi: „Svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.“ Þetta er viðbót við gr., sem er inn tekin samkv. óskum ýmissa aðila, sem sent hafa n. erindi út af frv.

17. brtt. er sú, að á eftir 45. gr. í frv. komi ný gr., sem verði 46. gr., svo hljóðandi:

„Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæzlustöðvar allt að tveim mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.“

Gr. þessi skýrir sig sjálf, og skal ég ekki orðlengja það frekar.

18. brtt. n. lýtur að umorðun á upphafi 46. gr. í frv., sem verður 47. gr. Þar segir, að upphaf gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1974“.

Vík ég þá að síðustu brtt. n., sem er við ákvæði til bráðabirgða. Þar er lagt til, að þau orðist þannig:

„1. II. kafli l. og gr. 20.i taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðh. skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla. Læknar þessir skulu vera starfandi við heilsugæzlustöðvar, þar sem því verður við komið. Þangað til þessir læknar hafa verið skipaðir, skulu borgarlæknirinn í Reykjavík og og héraðslæknar gegna núverandi embættisstörfum sínum“.

Þetta ákvæði er upp tekið vegna þess, að það kom fljótlega í ljós við athugun á frv., að á hv. Alþ. var um að ræða verulega mikinn ágreining um ákvæðin í II. kafla frv. Var þetta deilumál rætt fram og til baka, og náðist sú samkomulagslausn, sem ég var hér að lýsa með upplestri á ákvæði til bráðabirgða um þennan kafla. Tel ég eftir atvikum, að þar hafi okkur heppnazt að rata réttan meðalveg, sem eðlilegt sé, að menn hafi reynt að finna, því að ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að ég hef fundið það í gegnum allar umr., bæði í n. og við einstaka þm., að fyrir því er mjög almennur vilji, þrátt fyrir misjafnar skoðanir á ýmsum ákvæðum í frv., að greiða fyrir framgangi þess nú á þessu þingi. Eru menn, bæði hv. alþm. og raunar aðrir þeir aðilar, sem komið hafa nálægt gerð þessa frv., mjög af vilja gerðir til þess að leysa ágreiningsmál, sem uppi eru, til þess að greiða götu frv. í gegnum þingið.

2. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða hljóðar þannig:

„Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði erlendis í allt að eitt ár.“

Breytingin frá hliðstæðu ákvæði í frv. er sú, að hér er talað um námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna í stað þess, að í frv. er talað um námsstyrki til lækna og hjúkrunarkvenna, og talað er um, að námsstyrkir þessir skuli nægja fyrir skólagjöldum og dvalarkostnaði í allt að eitt ár, í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að þeir gildi í eitt ár.

3. liður í ákvæðum til bráðabirgða orðast þannig samkv. till. n.:

„Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsugæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan lögin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar“.

Þetta er óbreytt ákvæði frá því, sem er í frv. Og 4. og síðasta atriðið í brtt. n. hljóðar þannig:

„Heilsuverndarstarf samkv. l. nr. 44 1955, sbr. l. nr. 28 1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku l., þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það“.

Þetta er líka óbreytt frá því, sem er í frv.

Ég hef þá lokið við að lýsa þeim brtt., sem heilbr.- og trn. hefur gert við frv. við 2. umr. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að nokkrar nýjar hugmyndir um breytingar hafa komið fram á frv. í heilbr.- og trn., sem við höfum athugað og munum athuga frekar á milli 2. og 3. umr. Þar get ég almennt sagt það eitt, að ég hygg, að það geti orðið samkomulag um allflestar þeirra brtt. á milli okkar nm. og þeirra aðila annarra, sem þetta frv. snertir hvað mest. En það mun sýna sig við 3. umr.

Þá hefur komið fram brtt. á þskj. 557 frá hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem hann hefur verið svo vænn að fallast á að draga til baka til 3. umr., svo að n. gefist tóm til að líta á hana á milli 2. og 3. umr.

Ég skal þá fara að stytta mál mitt, en ég tel þó rétt, áður en ég lýk því, að víkja nokkuð að þeim umsögnum, sem komið hafa út af þessu frv. til n., og erindum, sem henni hafa verið send. Þau eru allmörg, og í þeim er að finna heilan aragrúa af brtt., sem lúta að ýmsum þáttum í frv. Yfirleitt má segja, að umsagnir þessar eru jákvæðar um meginstefnu frv. Ég held, að ég geti fullyrt, að um þær allar gildi það atriði, að um meginstefnu frv. séu umsagnirnar jákvæðar. Því er þó ekki að leyna, að í sumum þeirra er að finna till. um veigamiklar breytingar á ýmsum greinum í frv., og hefur n. tekið ýmislegt upp af þeim till., sem finna má í umsögnum og erindunum. Aðrar brtt., margar hverjar a. m. k., eru formlegs eðlis, till. um annars konar orðalag en er að finna í frv., en hafa ekki í för með sér miklar efnisbreytingar.

Meginandstaða gagnvart vissum gr. eða þátt-

um frv. kemur fram í því, að ýmsum stéttum og aðilum í þjóðfélaginu, sem þetta frv. snertir fyrst og fremst, finnst það mikill galli, að ekki sé nægilega ljóst kveðið á í frv. um verkaskiptingu landlæknisembættisins annars vegar og rn. heilbrigðis- og tryggingamála hins vegar. Í umsögnum, sem Læknafélag Íslands, heilbrigðismálaráð Reykjavíkur og landlæknir sendu, er að finna atriði, er lúta að þessu sérstaklega. Þessum aðilum finnst, að ákvæði frv. um landlæknisembættið séu í það magrasta og á ýmsan hátt óljós. Hefur n. reynt að meta andstöðu þessara aðila, og er sú brtt., sem ég lýsti áðan, til komin til þess að mæta þessari andstöðu frá þessum mjög svo mikilvægu stéttum í þjóðfélaginu, sem starfa að heilbrigðismálum. Um þennan ágreining mundi ég vilja segja þetta: Þeir aðilar, sem skiluðu áliti til n., höfðu allir áður sent heilbr.- og trmrn. tillögur og álitsgerðir, og ýmsar óskir þeirra voru teknar til geina við endurskoðun rn. á frv. M. a. hefur verið tekið tillit til þeirrar meginkröfu Læknafélags Íslands með brtt. þeirri, sem ég var að lýsa, að landlæknisembættið skuli haldast áfram í sömu mynd og það starfar nú. Þegar n. leitaði álits félagsins á frv., kom fram sú hugmynd þess, að vissir þættir heilbrigðismála skuli ekki heyra undir heilbrn., heldur eingöngu landlæknisembættið. Nefndin — eða a. m. k. meiri hl. hennar — getur ekki fallizt á þá skoðun. Samkv. lögum um stjórnarráð fer sérstakt rn. með heilbrigðis- og tryggingamál, og till. Læknafélagsins er í reynd till. um stofnun nýs rn. undir stjórn landlæknis. Miðað við mannfjölda og allar aðstæður á Íslandi getur það ekki talizt tímabært að skipta verkefnum í heilbrigðis- og tryggingamálum milli tveggja rn. Mjög skiljanlegur er hins vegar áhugi læknasamtakanna á því, að hið forna embætti landlæknis setji á engan hátt niður, og það er tryggt með lagafrv. þessu með því ákvæði, að þetta embætti heyri beint undir ráðh., en ekki ráðuneytisstjóra.

Ákvæði um störf landlæknis eru tilgreind á víð og dreif í ýmsum lögum og reglugerðum, og er því full ástæða til þess að semja heildarreglugerð um starfssvið embættisins, eins og n. gerir að till. sinni. Í þeirri reglugerð þarf að koma fram það megineinkenni embættisins, sem Læknafélag Íslands hefur lagt höfuðáherzlu á, að landlæknir eigi að vera óháður gagnrýnandi og ráðgjafi. Ráðuneytisstjórinn er hins vegar beinn samverkamaður ráðh. og framkvæmir ákvarðanir hans. Það er mjög mikilvægt fyrir ráðh., að sá maður, sem þeirri stöðu gegnir, hafi sem víðtækasta læknisfræðilega menntun til þess að fjalla með honum um þau sérfræðilegu viðfangsefni, sem eru dagleg verkefni þess rn. Um þetta síðasta atriði vil ég taka það fram, að þar er um mína persónulegu skoðun að ræða, en ber ekki að skoða sem neina yfirlýsingu, sem gildi fyrir nm. alla í heilbr.- og trn., því að um þetta atriði eru þar skiptar skoðanir.

Ég veit ekki, hvort það er ráðlegt af manni, sem ekki hefur til að bera sérfræðilega þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustunnar, að fara mjög náið út í þá verkefnaskiptingu, sem yrði eftir að brtt. okkar í n. væru komnar inn í frv., í grófum dráttum milli landlæknis annars vegar og heilbrmrn. hins vegar. Ég vil þó freista þess að lýsa skoðun minni á því atriði, en þó ber ekki að líta á það sem neina tæmandi upptalningu á skiptingu verkefna milli þessara aðila, heldur aðeins sem leiðarvísun um meginatriði, meginlínur, eins og ég lít á það.

Samkv. l. um stjórnarráð fer heilbr.- og trmrn. með þá málaflokka, sem það er kennt við. Í 6. gr. frv. eru taldir þeir meginþættir, sem heilbrigðis- og tryggingamál greinast í, og gert ráð fyrir deildum í rn. í samræmi við þá skiptingu. Fyrsti málaflokkurinn, sem þar er tilgreindur, er sjúkrahúsmál og heilsugæzla. Þar er rn. ábyrgt fyrir rekstri og uppbyggingu. En verksvið landlæknis beinist að eftirliti með störfum þeirra heilbrigðisstétta, sem þar starfa, og starfsaðstöðu þeirra. Sama máli gegnir um heilbrigðiseftirlit ríkisins. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlitsins starfar undir stjórn rn. samkv. frv. og hefur með höndum framkvæmd heilbrigðiseftirlits, sem er vaxandi og æ mikilvægara starf, eftir því sem þéttbýli og ýmiss konar verksmiðjustarfsemi fer vaxandi. Hlutverk landlæknis er hér hið sama og í sjúkrahúsmálum, faglegt eftirlit með því, að framkvæmdir séu eins góðar og þekking og aðstæður framast leyfa. Hvað lyfjamálum viðvíkur, fer lyfjamáladeild rn. með mál, er varða lyfjaframleiðslu og lyfjasölu, en landlæknir fylgist með dreifingu og notkun lyfja og þá sérstaklega, hvort um ofnotkun ávanaskapandi lyfja er að ræða. Þannig rekst það á engan hátt á, að frv. gerir ráð fyrir deildaskiptu rn. og jafnframt reglugerð, sem kveði á um, á hvern hátt faglegu eftirliti landlæknis með hinum ýmsu málaflokkum verði háttað. Þennan skilning minn á verkaskiptingu rn. og landlæknis hef ég borið undir báða aðila, landlækni og fulltrúa úr rn., og er mér óhætt að fullyrða hér, að í öllum höfuðatriðum eru báðir þessir aðilar sammála þeim skilningi, sem fram kemur hjá mér.

Ég vil svo að endingu aðeins segja það, eins og ég vék að í upphafi, að ég tel, að frv. þetta sé með merkari frv., sem lögð hafa verið fram á þessu þingi. Í því finnast mörg og veigamikil ný ákvæði, eins og ég hef vikið að, og með því er mörkuð sú stefna, að ríkisvaldið skuli í æ ríkari mæli taka þátt í því með fjárframlögum að byggja upp heilbrigðisþjónustuna og þá ekki hvað sízt úti á landsbyggðinni. Það er í samræmi við þennan skilning, að ég hef beitt mér fyrir því í heilbr.- og trn. og við aðra þá aðila, sem frv. sérstaklega snertir, að reyna að tryggja framgang þess eftir öllum þeim leiðum, sem hugsazt geta, og það er orðið mjög langt liðið á þingtímann. Þetta hefur gengið sæmilegt eftir atvikum, eins og shlj. nál. ber vott um, og fyrir það vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í heilbr.- og trn., sem allir hafa lagt sig fram um það að reyna að leysa með einhverju samkomulagi öll þau ágreiningsatriði, sem upp hafa komið í sambandi við athugun á frv. Ég vil enn fremur þakka hæstv. heilbrmrh., ráðuneytis-

stjóra í heilbr.- og trmrn. og aðstoðarmanni ráðh., Öddu Báru Sigfúsdóttur, enn fremur landlækni og fleiri þm., sem ég hef haft tal af í sambandi við frv. þetta, fyrir mikinn skilning og velvilja á mikilvægi þess, að frv. geti náð fram að ganga á þessu þingi.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Frsm. heilbr.- og trn., Jón Skaftason, hefur nú gert nokkra grein fyrir afstöðu n. í heild til þessa veigamikla máls, og hygg ég, að sú grg. hafi verið í öllum meginatriðum rétt. Það er enginn vafi á því, að þetta frv., sem hér er til afgreiðslu, er með meiri háttar frv., sem upp hafa komið á þessu löggjafarþingi. Það er þess vegna ákaflega mikilvægt, að smíðin sé vönduð. Þetta frv. hefur vissulega legið frammi, það var kynnt á síðasta þingi, þannig að þingheimur allur hefði átt að geta rýnt í frv. En þrátt fyrir það að frv. hafi sjálft, að mínu viti, horft til mikilla bóta með nál. — þar eru ýmsar veigamiklar og góðar breytingar — vil ég ekki leyna þeirri skoðun minni, að ég tel ýmsu ábótavant í frv., enda kemur fram í nál., að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt. Er ætlunin fyrir 3. umr., að n. komi saman og kanni samstöðu sína um brtt., ef ekki tekst samstaða, beri einstakir nm. fram sérstakar brtt.

Ég mun sjálfsagt taka til máls við 3. umr. og fara þá kannske út í einstök atriði, þannig að ég skal ekki vera langorður að sinni. Ég ætla þó að víkja að nokkrum heildaratriðum í frv., sem ég tel, að hefðu mátt betur fara.

Í fyrsta lagi kemur mönnum nokkuð á óvart, að þegar lagður er fram lagabálkur af þessu tagi, skuli hvergi koma fram nein kostnaðaráætlun. Hér er þó lagt til að byggja upp nýtt heilsugæzlukerfi á öllu landinu, og til þess þarf mikið fjármagn. Því hefði verið eðlilegt, að fram hefði komið með frv. a. m. k. nokkur heildaráætlun um þennan kostnað. Landlæknir, Ólafur Ólafsson, hefur ásamt Einari Sverrissyni gert nokkra áætlun af þessu tagi, og niðurstaðan er sú, að stofnkostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva utan Reykjavíkur, ásamt íbúðum fyrir lækna og hjúkrunarkonur, muni nema um 1500 millj. kr., og þar af greiðir ríkissjóður 85%. Síðan segir orðrétt í nál., með leyfi forseta:

„Hér við bætist svo aukabúnaður og byggingar þeirra stöðva, þar sem fleiri en tveir læknar sitja, en þær eru alls 9 fyrir utan Reykjavík. Hér er ekki reiknaður neinn kostnaður vegna bygginga á Reykjavíkursvæðinu.“

Hér hefur líka komið til sá kostnaður, að ljósmæður eiga að vera einn aðili að heilsugæzlustöðvunum, þannig að þá myndast aukinn stofnkostnaður.

Ég held, að þegar maður horfir á þetta raunsætt, sé varla um að ræða minni upphæð en 2—3 milljarða kr., og hefði farið vel á því, að verið hefði í þessu frv. einhver stefnumótun um, hve hröð þessi uppbygigng heilsugæzlustöðva og heilbrigðisþjónustunnar ætti að vera. En eðlilega kemur þetta síðar til kasta Alþ. Þetta er kannske ekki mergurinn málsins, þó að þessu sé vissulega ábótavant.

En ef við lítum hins vegar á heildarkaflana í frv., er ýmislegt, sem ég er ekki alls kostar ánægður með. Fyrst er kaflinn um yfirstjórn, og hefur þar verið bitbein verkaskiptingar ráðuneytisstjóra annars vegar og landlæknis hins vegar. Þetta hefur verið fært til betri vegar að nokkru leyti með till. frá n., en engu að síður er ég ekki ánægður, því að mér finnst, að það sé dálítið klúðurslegt. Að vísu komu fram rök hjá hv. frsm. n. um, að það hefði orðið samkomulag milli núv. landlæknis og rn. um verkaskiptinguna. En er ekki svo, að það sé löggjafans að ganga svo tryggilega frá þessum málum, að ekki komi til árekstra? Við vitum, að persónuleg fyrirheit starfsmanna um þessi atriði varða ekki miklu, þegar út í hinn gráa hversdagsleika er komið. Ef lögin ganga ekki tryggilega frá þessum hlutum, geta komið upp ýmis konar vandræði, þannig að ég hygg, að löggjafinn hljóti nú að láta sig nokkru varða, að hér sé tryggilega búið um hnútana.

Frsm. minntist á 6. gr. sérstaklega, en þar er kveðið á um deildaskiptingu rn. Nú hygg ég, að það sé þannig, að deildaskipting rn. eigi varla heima í þessum lögum. Ég hygg, að það sé fyrst og fremst reglugerðaratriði, hvernig ráðh. rekur sitt rn., þannig að ég hygg, að heppilegast væri, að 6. gr. færi út, því að ég fæ ekki betur séð en 6. gr. bindi nokkuð verkaskiptingu landlæknis og ráðuneytisstjóra. Sýnt er a. m. k., að undir ráðuneytisstjóra eiga að heyra þessar deildir, sem eiga að fara með heilbrigðiseftirlit og heilsugæzlu. Það er einmitt að verulegu leyti verkefni landlæknis. Það er eins og sjálft valdið eigi að liggja í rn., en síðan á landlæknir að róa einn á báti með eftirlitið. Ég hygg, að það sé í reynd miklu betra, að heilbrigðiseftirlitið sé starfandi stofnun undir landlækni, en ekki að allt starfslið og vald sé í rn. Ég held, að það sé miklu betra að hafa hreint bú. Og það leiðir af sjálfu sér, þegar svona er um búið, að það hljóta að koma upp einhvers konar árekstrar, hversu velviljaðir sem einstaklingarnir eiga að vera, sem kunna að hafa þetta með höndum. Úr því að landlæknir á að vera ráðunautur ráðh. eða ráðgjafi um fagleg mál, heilbrigðismál, hvers vegna er þá í 5. gr. sett upp ráðgjafarnefnd um heilbrigðismál, og þar kemur landlæknir hvergi nærri? Ráðuneytisstjórinn er formaður n. Er það ekki einmitt landlæknis að vera ráðunautur um þessi mál?

Mér sýnist ýmislegt í yfirstjórninni vera komið þannig, að hlutur landlæknis átti að vera mjög rýr í upphafi, og leifar af því komi fram í þessum frv.gr. Þess vegna hygg ég, að það hefði verið miklu betra að hafa þarna hreint bú, a. m. k. met ég þetta þannig, að þetta kunni að leiða til árekstra. Ekki fleiri orð um það, en væntanlega mun ég bera fram einhverjar brtt. um yfirstjórnina.

II. kaflinn um læknishéruð olli miklum heilabrotum, og sá kostur var valinn að fresta gildistöku þessa kafla, eins og segir í ákvæði til bráðabirgða: II. kafli 1. og gr. 20. taka ekki gildi fyrr en Alþ. ákveður. Þetta er náttúrlega til bóta. Hins vegar get ég ekki fallizt á þá umdæmis- eða svæðislæknaskiptingu, sem hér er gert ráð fyrir. Ég hygg, að það hljóti að vera heppilegast fyrir framtiðina að hafa ákveðnar

stjórnunareiningar í landinu, sem eru augljóslega að rísa upp, og það eru kjördæmin. Grunnskólafrv. gerir ráð fyrir fræðslustjórum, sem miðast við kjördæmin. Það er verið að koma upp landshlutaeiningum eða stjórnum, sem miðast við kjördæmin. Það er verið að koma upp og á að koma upp væntanlega efnahagslegum einingum, sem falla undir landshlutasamtökin. Ég tel, að þetta sé sú stjórnunareining, sem eigi að koma upp, og þá hljóti að vera heppilegast, að heilbrigðisþjónustan falli undir sömu einingu og fræðslumál, atvinnumál o.s.frv. Ég fæ t.d. ekki séð, að það geti verið heppilegt, að eitt umdæmi læknis nái yfir 3 kjördæmi eða t.d. frá Suðurlandi yfir allt Vesturland og alla leið yfir á Vestfirði. Þetta hlýtur að vera afskaplega óheppilegt, eftir að landshlutasamtökin eru komin á. Þá eru kannske þrjú landshlutasamtök aðilar að heilbrigðisþjónustunni á einu svæði, þannig að ég fæ ekki séð, að þetta sé heppileg skipting. Nú á að fresta þessu, en engu að síður samþykkja þessa svæðaskiptingu. Ég er dálítið hræddur um, að það gæti leitt til þess, að þessari svæðaskiptingu væri smeygt bakdyramegin, ef svo mætti segja, inn í þetta, þannig að ég er ekki með þessari svæðaskiptingu. Ég tel lang eðlilegast, eins og ég hef sagt áður, að kjördæmin verði þær einingar, em fara með þessi mál eins og fræðslumál, atvinnumál o. s. frv.

Um heilsugæzlustöðvarnar er það að segja, að ég hefði talið heppilegt — en ég mun ekki bera fram neinar brtt. um það efni, — að það hefðu verið settar í reglugerð heimildir til ráðh. að framkvæma eða ráða nokkuð um, hvar heilsugæzlustöðvar yrðu settar, þannig að ráðh. hefði nokkurt svigrúm um það eftir aðstöðu hverju sinni, hvar heilsugæzlustöðvar væru. En þá yrði að fylgja sú klásúla, sem frá mínum bæjardyrum séð er alger forsenda þess, að ég styðji þetta frv., að það komi frm, að þau héruð, sem hafa farið á mis við heilsugæzluþjónustu, þ. e. a. s. læknislausu héruðin, hafi forgang um heilsugæzlustöðvar, og það merkir að sjálfsögðu svæði eins og Vestfirði, Norðausturland og Austfirði. Ef þetta ákvæði, sem hv. frsm. minntist á hér áður, verður ekki sett inn í þessi lög, treysti ég mér ekki til þess að styðja þetta frv., því að þá spyr ég bara: Til hvers eru þessi lög? Þetta tel ég grundvallaratriði og forsendu. Ef þetta forgangsákvæði fyrir þessi héruð væri sett inn, hygg ég, að margir þm. gætu sætt sig við það, að ráðuneytið, heilbrmrn., hefði dálítið svigrúm um, hvar aðrar heilsugæzlustöðvar ættu að vera, eða gæti ráðið því. Þá yrði ekki sá ótti þm. fyrir hendi, að þeirra eigin héruð færu á mis við heilsugæzlustöðvarnar, eða a. m. k. síðar. Ég tel heppilegt, að hér sé dálítill sveigjanleiki, og sums staðar á landinu, þar sem læknisþjónusta hefur verið góð með héraðslæknum, hví ekki að láta það kerfi haldast um skeið? Að vísu mun það vera unnt samkv. lagafrv., en hér er dálítið sterklega settar niður og lögbundnar 38 heilsugæzlustöðvar. En ég er þeirrar skoðunar, að þessi tvö kerfi, heilsugæzlustöðvarnar og svo einstakir héraðslæknar, megi um nokkuð langt skeið starfa samhliða, ef svo mætti segja. Það væri öllum til hagsbóta, því að hvers vegna ætti t. d. að leggja niður læknishéruð, þar sem íbúar eru harla ánægðir með læknaþjónustu? Þetta er dálítið viðurhlutamikið. En ég er á þeirri skoðun, að heppilegast hefði verið að setja þetta inn í reglugerð og veita rn. nokkurt svigrúm um þessi atriði. Það er hin eðlilegasta framkvæmd þessara hluta. En ég mun að sjálfsögðu ekki koma fram með brtt. um það, því að mér skilst, að það vilji mikill meiri hl. þm. binda þetta í lögum, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að setja mig upp á móti því, úr því að það er vilji meiri hl. En ég endurtek, að ég er ekki reiðubúinn að styðja þetta frv., nema það komi skýrt ákvæði um forgang heilsugæzlustöðva fyrir þau byggðarlög, sem hafa verið læknislaus eða illa sett með lækna á undanförnum árum, því að til þess er þetta frv.

Ég skal nú ekki að öðru leyti fjalla meira um þetta. Ég mun e. t. v. víkja að einstökum liðum síðar meir, við 3. umr. Ég hygg þó, að menn geti af máli mínu séð, að það er sumt, sem ég tel miður farið í frv., en ég tel það líka ábyrgðarhluta að bregða fæti fyrir það, ef það gæti hugsanlega leyst þann mikla vanda, sem fólk hefur búið við í fásinninu hvað varðar læknisþjónustu. Til þess vil ég ekki verða. Hins vegar leiðir það kannske til þess, að þetta frv. verður með töluvert öðrum hætti en ég hefði kosið.

Stefán Gunnlaugsson: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í þessum umr., hefur heilbr.- og trn. orðið sammála um meginatriði þessa frv., sem hér er til umr., og leggur til, að það verði samþykkt á þessu þingi. Jafnframt flytur n. brtt. við frv., sem gerð hefur verið grein fyrir af hálfu hv. formanns n., og nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Það fer ekki á milli mála, að hér er á ferðinni yfirgripsmikið mál. Með frv. er lagt til, að aðalefnisatriði þríggja sjálfstæðra laga séu sameinuð í einn lagabálk. Það er út af fyrir sig æskilegt. Hitt er þó mikilvægast við þessa fyrirhuguðu lagasetningu, að stefnt er að því að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna í landinu með það fyrir augum að gera hana færari um að sinna þeim verkefnum, sem til er ætlazt á því sviði.

Meðgöngutími þessa frv. er orðinn býsna langur. Það út af fyrir sig þarf ekki að vera mönnum undrunarefni, því að hér er vissulega um vandasamt mál að ræða og það er þess eðlis, að margháttaðir hagsmunir rekast þar á og erfitt að gera svo að öllum líki fullkomlega í þeim efnum. Þrátt fyrir mikla vinnu og vandvirkni, sem höfundar frv. hafa vafalaust lagt fram við undirbúning þess, barst þeirri þn., sem hafði frv. til meðferðar, mikill fjöldi brtt. Ýmis veigamikil nýmæli eru í þessu frv., sem erfitt er að sjá fyrir með vissu, hvernig muni reynast. Sumum finnst, að ýmis þeirra orki tvímælis, og svo er um fleiri atriði í þessu frv. En mér virðist, að nm. í heilbr.- og trn. séu sammála um nauðsyn þess, að ekki dragist miklu lengur, að Alþ. geri róttækar ráðstafanir til þess að reyna að bæta úr ríkjandi ástandi í heilbrigðismálum víða úti um land, einkum hinum alvarlega læknaskorti, því yrði að freista þess að afgreiða

þetta frv. nú á þessu þingi að meginefni til sem lög frá Alþ., í trausti þess, að framkvæmd á ákvæðum laganna hið allra fyrsta verði til þess að laga það, sem helzt er ábótavant í heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Í því sambandi vil ég gjarnan minna á, að margir eru þeirrar skoðunar, að heilsugæzlustöðvar úti um land, þar sem læknar vinna saman við læknaþjónustu, muni laða lækna til starfa, þar sem nú er læknaskortur. Vonandi hafa þeir, sem þessarar skoðunar eru, rétt fyrir sér. En aðrir eru ekki bjartsýnir á, að þessar stöðvar leysi vandann. Fleira þurfi að koma til. Þessi vandi verði áfram til staðar, að einhverju leyti a.m.k., þótt heilsugæzlustöðvar rísi úti um land. Um þetta atriði verður að sjálfsögðu ekki fullyrt með neinni vissu að svo stöddu. Meiri reynsla verður að fást um rekstur fleiri stöðva hérlendis en verið hafa til þessa. En það er ákaflega fróðlegt að mínum dómi að heyra, hvað mætur maður eins og núv. landlæknir segir um þessa hluti. Hann hefur ritað merka grein um þetta vandamál, þ.e.a.s. læknaskortinn. Hún birtist í Læknablaðinu 6. hefti, des. 1972, og er fyrirsögn hennar: Um læknaliðun og læknaskort á Íslandi. Í upphafi þessarar gr. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um vandamál, sem risið hafa hér á landi vegna skorts á heimilis- og héraðslæknum, almennum læknum. Þetta er alvarlegt vandamál, því að almennir læknar eru ein nauðsynlegasta stétt þjóðfélagsins. Læknar og stjórnvöld hafa birt ýmsar till. um úrlausnir á vandamálinu, en þær eru m.a.: 1) að byggja heilsugæzulstöðvar, 2) að hefja kennslu í heimilislækningum við Háskóla Íslands, og 3) að stofna sérstakar læknisstöður við ríkisspítalana, sem bundnar séu skilyrði um ákveðna þjónustu í héraðinu."

Svo mörg eru þau orð. Á öðrum stað í þessari merku grein segir landlæknir, með leyfi hæstv. forseta, um fyrstu leiðina, sem hann minnist á í upphafi greinarinnar:

„Flestir geta víst verið sammála um, að skortur á læknum, sem stunda almennar lækningar, og dreifing sérfræðinga sé mjög ójöfn, þar eð flestir þeirra eru í Reykjavík. Í Kaupmannahöfn eru um 40% af praktiserandi læknum sérfræðingar 1972, en í Reykjavík var hlutfallstala sérfræðinga, sem eru praktiserandi læknar um 75% árið 1970. Erfitt er að fá nákvæmar upplýsingar frá höfuðborgum annarra nágrannalanda, en hlutfallstala sérfræðinga mun vera töluvert lægri þar en í Reykjavík. Höfuðvandamálið hér og í nágrannalöndunum er skortur á læknum til að gegna almennum læknisstörfum, sérstaklega í dreifbýlinu, en einnig í þéttbýli. Mörgum ráðum hefur verið beitt til þess að leysa þann vanda. Bygging heilsugæzlustöðva hefur ekki leyst þennan vanda nema að nokkru leyti. Einn megintilgangur frv. um heilbrigðisþjónustu, sem nú liggur fyrir Alþ. er bygging heilsugæzlustöðva víða um landið til þess að bæta læknisþjónustuna í dreifbýlinu. Ég fæ ekki séð, að bygging heilsugæzlustöðvar á Ísafirði bæti læknisþjónustu á Flateyri eða Þingeyri eða sams konar bygging á Egilsstöðum gagni mikið íbúum Seyðisfjarðar, eftir að hausta tekur, og legg ég því til, að stöðvar á Flateyri, Þingeyri og Seyðisfirði verði vel búnar tækjum og þar verði einnig sérhæft fólk til aðstoðar fyrir lækninn. Fleiri lík dæmi mætti nefna, sem gefa til kynna, að heilsugæglustöðvar leysi ekki allan vanda hér frekar en í öðrum löndum, og reyndar þeim mun síður sem Ísland er flestum löndum strjálbyggðara og erfiðara. En ekki má búast við því, að almennir læknar flykkist út á land, meðan skortur er á almennum læknum í Reykjavík. Að sjálfsögðu ber ekki að túlka orð mín svo, að ég sé mótfallinn að byggja heilsugæzlustöðvar."

Enn fremur segir landlæknir á öðrum stað þetta, með leyfi hæstv. froseta:

„Það er mikið vandamál, að víða í heiminum fækkar læknum, sem stunda almennar lækningar, þrátt fyrir tilraunir margra nágrannaþjóða til að bæta menntunar- og starfsaðstöðu almennra lækna, m.a. með því: 1) að hefja kennslu í heimilislækningum, 2) að viðurkenna almennar lækningar sem sérgrein, og 3) að byggja heilsugæzlustöðvar, hefur almennum læknum ekki fjölgað að ráði.

Á öðrum stað segir landlæknir í greininni, með leyfi hæstv. forseta:

„Það ber að fagna till., sem fram hafa komið um að stofna sérstakar læknastöður við ríkisspítalana, sem bundnar eru skilyrði um tímabundna þjónustu í héraði. Þessar stöður ættu að vera fleiri en 6, líkt og ráðgert er, og verða skilgreindar sem sérfræðings-, aðstoðarlækniseða héraðslækninsstöður. Ráðningartíminn á að vera bundinn við 3—5 ár."

Svo mörg eru þau orð. Þetta, sem ég hef hér haft eftir landlækni í hans athyglisverðu grein í Læknablaðinu, undirstrikar að mínum dómi þann vanda, sem við er að etja, þar sem læknaskorturinn er. Þess skal getið, að landlæknir ræðir nokkuð um leiðir í þessari grein, sem hugsanlega gætu orðið vænlegar til árangurs í þessu efni. Eg get bætt því við, að þótt læknaskorturinn sé hvað alvarlegastur í dreifbýlinu, er þetta einnig að verða vandamál í þéttbýli, t.d. hér á suðvesturhorni landsins utan Reykjavíkur. Ég vona, að frv., sem hér er verið að ræða, ef að lögum verður, geti orðið til þess að hjálpa til að leysa þetta vandamál að nokkru a.m.k. En ég óttast, að ýmislegt fleira þurfi að koma til, ef takast á að leysa þennan vanda, læknaskortinn, svo að viðunandi geti talizt, og margt fleira en gert hefur verið í þessum málum fram til þessa.

Í umr. um þetta mál, sem hér er verið að ræða, hefur lítið sem ekkert verið rætt um kostnaðarhlið málsins, vissulega hlýtur það að skipta máli. Það er alkunna, að allur kostnaður við heilsugæzlu hefur vaxið mjög á skömmum tíma meðal allra meninngarþjóða. Um það hefur verið rætt, á hvern hátt megi draga úr þessum kostnaði. Ýmsir telja, að í óefni sé komið á þessum sviðum. Það er talið, að við Íslendingar verjum nú nær 7% af þjóðartekjum til heilsugæzlu, en yfir 30%, ef framlög til félagsmála eru meðtalin. Það fer auðvitað ekki á milli mála, að nái þetta frv. fram að ganga og komi til framkvæmda, verður um að ræða útgjöld, sem nema hundruðum millj. kr. fyrir ríkissjóð umfram það, sem ríkið

hefur orðið að leggja til þessara mála hingað til.

Það kemur mönnum auðvitað ekki á óvart á þessum stað, að núv. hæstv. ríkisstj. virðist lítið hugsa um, hvað hlutirnir kosta, eins og fjármálastjórninni er háttað í stjórnartíð hennar. A. m. k. hefur þess ekki orðið mikið vart hér í sölum hins háa Alþ. Að vísu er það ekkert sérstakt um frv., sem hér er til umr. Yfirleitt hefur það verið þannig, að ekki hefur farið mikið fyrir því í ræðum hæstv. ráðh., þegar þeir hafa verið að gera grein fyrir málum hér í sölum Alþ., sem kosta ríkissjóð stórar fjárfúlgur og koma við pyngju almennings í hækkuðum sköttum, að það væri neitt vandamál að fjármagna hlutina. Kannske er ekkert nema gott eitt um það að segja að áliti sumra. En eitt er víst í því sambandi, að skattborgararnir eru ekki ánægðir með þá gegndarlausu skattpíningu, sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur fyrir. En hvað sem því líður, er þetta mál, sem hér um ræðir, slíkt nauðsynjamál, að það verður að ná fram að ganga í meginatriðum. Hins vegar finnst mönnum, að ekki hefði verið úr vegi, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir kostnaðarhlið þessa mikilvæga máls.

Við 1. umr. frv. minntist ég á örfá atriði, sem mér fannst við athugun á frv., að mættu betur fara. Ég drap á það, að athuga þyrfti, hvort ekki væri eðlilegt, að starfsemi heilbrigðiseftirlitsins yrði til húsa í heilsugæzlustöðvum og staða þess í heilbrigðisþjónustukerfinu skýrar ákvörðuð. Í brtt. heilbr.- og trn. er gert ráð fyrir, að ráðh. geti ákveðið, að heilbrigðiseftirlitið hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð, og enn fremur er brtt., þar sem tekið er fram um ráðgjafarþjónustu lækna við heilsugæzlustöðvar.

Þá minntist ég einnig á við 1. umr. frv., að viss hlunnindi til handa starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar miðist einungis við þá, sem hæstu launin hefðu innan kerfisins. Þessu hefur einnig verið breytt að nokkru í formi brtt. frá n. við 42. gr. 1 og 2. Samkv. brtt. n. er gert ráð fyrir, að ferðalög allra, sem fastráðnir eru samkv. þessu frv., ef að lögum verður, í þágu starfs þeirra skuli vera þeim að kostnaðarlausu, en ekki einungis nokkurra útvaldra, eins og frv. gerði ráð fyrir. Þá var einnig lagt til, að ákvæðinu í frv. um bílastyrki sé breytt þannig, að sömu reglur gildi um starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar og aðra starfsmenn ríkisins.

Þá gerði ég það einnig að umtalsefni við 1. umr. málsins og fann að því, að námsstyrkir samkv. frv. væru einungis bundnir við þá, sem hæst settir væru innan hins fyrirhugaða heilbrigðisþjónustukerfis. Þessu er einnig ætlunin að breyta, ef brtt. n. um það efni nær fram að ganga, sem gerir ráð fyrir, að öllum starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar fyrirhuguðu séu boðnir námsstyrkir til að afla sér sérmenntunar til að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. eða hafa fleiri orð um þetta mál né fara út í einstök atriði þess frekar en ég hef gert, en vil að lokum endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr. frv., að þingflokkur Alþfl. vill fyrir sitt leyti stuðla að því, að meginefni þessa frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hér er til umr. eitt stærsta og mikilvægasta mál, sem hið háa Alþ. hefur fengið til meðferðar, a. m. k. í minni tíð sem þm., en sorglega þunnskipaðir eru bekkir. Ég veit ekki nema væri ráð, að herra forsetinn skaki betur skellu sína að þm. og gefi þeim ofan í. A. m. k. segir Morgunblaðið, að menn fái góða laun fyrir þetta, og annað eins blað og Morgunblaðið fer ekki með neina lygi, eins og menn vita, það fylgist vel með í þeim málum.

En hvað um það. Þetta mikilvæga mál, sem hér liggur fyrir til umr., hefur haft langan undirbúning, sem eðlilegt er um svo veigamikið málefni. Ég ætla ekki að fara að setja hér á langar tölur um nauðsyn mikilla úrbóta í heilbrigðisþjónustu landsbyggðarinnar. Öllum þingheimi er ljós lífsnauðsyn þess að ráða bót á málum þessum til frambúðar, og það má segja, að öll landsbyggðastefna, eins og um hana er rætt, sé hjal eitt og markleysa, ef ekki tekst að veita fólki viðunanlegt öryggi í heilbrigðismálum eftir þeim kröfum, sem gerðar eru nú til dags. Málið hefur legið fyrir heilbr.- og trn. hv. d. um alllanga hríð og sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Ég hef satt bezt að segja lengst af verið nokkuð svartsýnn á að takast mætti þrátt fyrir mikla vinnu að afgreiða þetta mál á þessu þingi, svo að skaplegt mætti teljast. Ég hef lengst af ekki talið mig hafa nægjanlega heildarsýn yfir þetta viðamikla mál, enda mjög fjölbreyttar skoðanir uppi um, hvernig lög þessi skuli úr garði gerð. Því hafa hv. þm. kynnzt og munu kynnast í framhaldsumr. um þetta mál. Enda þótt ég hafi verið lengst af daufur til fylgis við afgreiðslu frv. nú, tel ég á hinn bóginn svo mikilvægt, að framkvæmdavaldið nái vopnum sínum í þessu stórmáli þjóðarinnar, að ég mun styðja framgang málsins nú, að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að þær breytingar, sem ég tel brýnastar, nái fram að ganga.

Að því virðist hafa verið stefnt að undanförnu mjög eindregið að ljúka þessu þingi fyrir páskahelgi. Að mínum dómi er alveg augljóst, að eigi þetta frv. fram að ganga, sé óhjákvæmilegt, að þingi verði fram haldið eftir páskahelgi með tilliti til þessa málefnis einvörðungu, þótt einnig sýnist illmögulegt að ljúka þessu þingi fyrir páska vegna margra annarra stórmála, sem ekki hafa einu sinni komið til umr. enn, en ákvörðun virðist hafa verið tekin um að ljúka og hljóti og verði að fá framgöngu. Mér sýnast það alveg óframbærileg vinnubrögð að ætla sér að hafa slíka fljótaskrift á afgreiðslu hinna mikilvægustu mála eins og verður, ef fram verður haldið þessum ákvörðunum um að ljúka þingi á svo skömmum tíma. Og ég vil nú beina þeirri eindregnu áskorun til ráðamanna, að þeir taki nú þegar ákvörðun um framhald þingsins eftir páska, svo að þingi gefist kostur á að vinna sómasamlega að hinuum mikilvægustu málum, sem afgreiðslu bíða. Ég er sannfærður um, að sú ákvörðun er forsenda þess, að svo viðamikið mál sem hér um ræðir nái fram að ganga, sem ég geri þó ráð fyrir, að meiri hl. þm. hafi áhuga á, en að því er mér er kunnugt um, óska þm. þess eindregið, að þeim gefist kostur á því að gaumgæfa það miklu betur og vandlegar. Enda þótt það hafi legið hér lengi fyrir í þingi,

er mörgu að sinna fyrir þm. og þeim, sem ekki eiga sæti í viðkomandi n., sem um það fjallar, gefst af eðlilegum ástæðum ekki kostur á að kynna sér eðli málsins, eins og þeir vissulega verða að gera og hljóta að óska eftir að fá tækifæri til, þegar um svo viðurhlutamikið mál er að ræða.

Hv. frsm., hv. 2. þm. Reykn., hefur gert grein fyrir brtt. á þskj. 557, sem öll n. stendur að og ég tel vera til mikilla bóta. Við nánari athugun kann þó að vera, að t. d. ákvæði til bráðabirgða þurfi endurskoðunar við, einkum e. t. v. ákvæði 1. og 3. liðar. Hv. frsm. boðaði einnig frekari brtt. frá n. við 3. umr. Eins og fram kemur, áskilja nm. sér rétt til þess að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og eins að flytja sjálfir brtt. Geri ég að óbreyttu ráð fyrir, að ég muni notfæra mér þann rétt, en vænti þess hins vegar að á milli umr. takist n. að sem mestu leyti að ná saman, því að ég tel mjög mikilvægt, að sem mest eining geti orðið um afgreiðslu málsins. Málið allt er af þeim toga spunnið, að það væri ákjósanlegast, að það mætti fara þannig úr hendi, að ekki yrðu um það illvígar deilur.

Ég hef um langa hríð verið þeirrar skoðunar, að rammi þessara laga ætti e. t. v. að vera nokkru rýmri. Við svo róttæka breytingu á einum mikilvægasta þætti þjóðmálanna hef ég talið nauðsynlegt, að framkvæmdavaldið hefði nokkurt olnbogarými eða svigrúm til skipunar mála eftir því, hver reynsla fengizt við framkvæmd. E. t. v. er þetta ónauðsynleg varkárni, þar sem lögunum má alltaf breyta, og ég get út af fyrir sig fallizt á þá skoðun, að löggjafinn eigi að fá embættismönnum í hendur sem mest niðurnjörvaða skipan mála, svo að þeir fari ekki fram með of miklu ráðríki, sem að vísu allmörg dæmi sanna og löggjafanum ber að sjálfsögðu að gjalda varhug við. Ég hef verið þeirrar skoðunar um hríð, að hinir þjóðkjörnu þingfulltrúar, sem með völdin eiga að fara, hafi afhent embættismannastéttinni allt of mikið vald, sem hún að vísu hefur tekið vel við. En ég álít, að hið háa Alþ. þurfi að snúa nokkuð við á þeirri braut. Vil ég mega vænta þess, að þessi skoðun mín berist til eyrna embættismannanna, svo að þeir geti tekið til hver hjá sér, líka af því að ég álít, að við þurfum að senda þá út á landsbyggðina til starfa til þess að dreifa nokkuð valdinu. Má heita, að embættismönnum hér í henni Reykjavík sé nálega allt vald gefið í öllum málum landsins.

Í öðru lagi eru ákvæði II. kafla um læknishéruð mér þyrnir í augum. Nægir í því sambandi að benda á, að Vestfirðingar eiga til þriggja héraðslækna að sækja, í Hafnarfirði, á Ísafirði og til Akureyrar. Og ég verð að segja, að ég álít, að það þurfi töluverða hugmyndaauðgi til þess að láta sér slíkt til hugar koma, og ég hafði, eins og hv. meðnm. mínir vita, lagzt af nokkrum áhuga á, að þessi kafli yrði niður felldur. En ég tel þó til bóta ákvæði til bráðabirgða um frestun á framkvæmd hans. Og störfin, sem héraðslæknum eru ætluð, eiga að mínu áliti að mestu leyti að vinnast af starfandi læknum á hverjum stað, sem lagt er til í frv.

Í þriðja lagi hef ég verið mjög gagnrýninn á till. í frv. þess efnis, að lögð skuli niður læknissetur, sem setin hafa verið með ágætum um langa hríð og þeir, sem þjónustunnar hafa notið, eru í fyllsta máta ánægðir með. Þetta á alveg sérstaklega við um Suðurland og ýmsa staði þar, svo sem Hveragerði, Hellu, Stokkseyri og Eyrarbakka. Ég hef ástæðu til að ætla, að enn frekara samkomulag muni e. t. v. nást í þessu efni, og það háttar þann veg til, að ég hygg, að mestu leyti eigi þetta nær einvörðungu við á Suðurlandi. Þar er mest að vinna í þessum málum, og við getum þá sparað okkur mikil tilþrif, þar sem svo virðist sem þessum málum sé vel fyrir komið nú þegar, a. m. k. um hríð, þangað til Alþ. ákveður að breyta um og taka til þar höndum. Ákvæði til bráðabirgða voru þannig túlkuð fyrir mér, að ég áleit að þau mundu veita nokkra viðspyrnu gegn því, að þessi læknissetur yrðu niður lögð, en við nánari athugun kann svo ekki að vera. En eins og ég sagði, hygg ég og vænti þess, að við munum ná samkomulagi í þessu efni.

Í fjórða lagi hefur mér virzt nokkuð einsýnt, að samkv. frv. verði öll aðstaða landlæknis og verksvið hans rýrt að miklum mun og allmjög umfram það, sem ég hef álitið skynsamlegt. Eg geri ráð fyrir, að þetta eigi sínar orsakir að rekja til þess, að upphaflega hafi þetta frv. e. t. v. verið samið með það í huga, að landlæknisembættið yrði lagt niður, án þess að ég geti neitt um þetta fullyrt. Ég álít það óheppilega þróun, að í þessum málum sé að mestu aðeins einn strengur, sem allt liggur frá í örfárra hendur í rn. sjálfu. Rétt er, að 1. brtt. okkar á þskj. 557 er mikilvæg og er til þess sett, að staða landlæknis verði efld og treyst. En þá ber um leið að varast, að ákvæði laganna sjálfra hindri, að staða hans verði réttleg fundin, sbr. t. d. 6. gr., sem hv. 3. landsk. fór nokkrum orðum um, og vísa ég til þess. En ég vænti, að þetta komi til frekari athugunar í nefndinni.

Ýmis önnur atriði væri ástæða til að orðfæra, en eins og ég sagði, mun n. reyna að ná saman endum milli umr., og því get ég farið að stytta mál mitt. Ég vil þó eindregið taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. 3. landsk. þm. um forgang, t. d. Vestfjarða, Norðausturlands, sér í lagi norðausturhluta Norðausturlands, og Austfjarða. Nú hef ég ekki nægilega þekkingu á því, hvort eðlilegt sé, að slíkt sé tekið fram í lagagr., en öllu varðar, að fram komi eindregin viljayfirlýsing við afgreiðslu málsins af hálfu þingsins. Öll forsenda fyrir þessu máli er a. m. k. upphaflega og hlýtur áfram að verða sú, að taka til þar höndum, sem nauðsyn er brýnust. Það er vissulega á þessum stöðum. Þetta á við um forgang til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. Ég vænti þess eindregið, að eindreginn vilji komi fram í þessu efni við afgreiðslu málsins, hvort sem það verður fest beint í lögum eða með öðrum hætti.

Ég hef að vísu ýmsar fleiri aths. fram að færa. T. d. hef ég haldið því fram í n., að ég hefði ekki nægjanleg rök fyrir því t. d., sem segir í 2. gr. um, að ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. skuli vera læknismenntaður. Það kann þó að vera, að svo sé, og ég geri þetta ekki að stóru atriði, ég vil taka það skýrt fram. Það flögrar að mér, að það kynni e. t. v. að vera erfitt ein-

hvern tíma að fá læknismenntaðan mann í slíkt starf. Það er kannske ástæðulaus ótti. Ég hafði í huga, að e. t. v. væri þetta til komið vegna þess, að nú skipar þetta læknismenntaður maður, sem ég hef heyrt, að skipi það með hinni mestu prýði, og það kynni af þeim orsökum að vera tekið inn sem lagaákvæði um menntun ráðuneytisstjórans. Eins og ég segi, vil ég ekki gera þetta að neinu stóratriði. Ég hreyfði þessu aðeins af því, að ég hef verið þessarar skoðunar í umr. í heilbr.- og trn. og mun taka það upp til umr. þar. Það er með þetta atriði eins og svo mörg önnur, að ég vænti þess, að við í n. getum orðið sammála um afgreiðslu þess. Mér er kunnugt um, að nokkrir, a. m. k. hv. formaður, hv. 2. þm. Reykn., hafa verið á andstæðri skoðun. Þar sem ég legg ekki mjög mikla áherzlu á þetta, geri ég að fyrra bragði ráð fyrir því, að ég væri til viðtals um það að láta niður falla tillögugerð til breytinga á þessu atriði.

Fleira mætti nefna. Ég hef áhuga á því, að staða yfirlæknis á sjúkrahúsi verði skilgreind nánar. Eins er mér tjáð, að sú skipan mála, sem er hér í Reykjavík varðandi borgarlæknisembættið, hafi gefizt vel og eigi sér fordæmi í öðrum löndum. Ég áskil mér enn fremur rétt til þess að athuga það nánar.

Fjölmargar umsagnir hafa borizt um málið, eins og fram hafa komið í umr., og læt ég hjá líða á þessu stigi málsins að vitna til þeirra. Það hefur verið gert af hv. frsm. og fleirum, en ég endurtek það, að ég álít mikilvægt, að lög um heilbrigðisþjónustuna nái fram að ganga. En það er sannfæring mín, að svo muni tæplega verða að þessu sinni, ef stjórnvöld halda fast fram þeirri stefnu, eins og nú hefur horft um hríð, að ljúka störfum Alþ. fyrir páskahelgi. Ég dreg ekki dul á, að nokkrir þm. hafa látið þá skoðun í ljós við mig, að það skipti ekki höfuðmáli, þótt enn dragist um hríð að setja þessi lög, og t. d. fitjað upp á því, að það mætti fá þingkjörinni n. þetta í hendur til athugunar fram til haustsins með sérstakri vísun til þess, að till. sé um, að þessi lög taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1974. Ég er ekki að gera þetta að minni till., ég legg áherzlu á, að þetta mál nái fram að ganga, en ég álít, að þingheimi þurfi að gefast kostur á rýmri tíma til afgreiðslu þess.

Ég hygg svo, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að gera að sérstöku umtalsefni nú við þessa umr., en mun þó víkja að þeim sérstöku atriðum öðrum, sem ég hef sett fram í n. og kann að hafa aths. að gera við, við 3. umr. málsins.

Forseti (GilsG): Áður en lengra er haldið, vil ég gera örstutta grein fyrir því, hvernig ég hef hugsað mér framhald fundarhalda hér í dag og áframhaldandi meðferð þessa máls. Ég vil freista þess að ljúka 2. umr. í dag, en geri hins vegar ráð fyrir að fresta atkvgr. til mánud. Það er gert í trausti þess, að hv. heilbr.- og trn. haldi eftir sem áður áfram að vinna að málinu, eins og 2. umr. væri lokið. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa atkvgr. um málið í kvöld, en vænti þess hins vegar eftir sem áður, að hægt verði að hafa 3. umr. um málið á mánudag.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um þetta frv. í framhaldi af því, sem ég sagði við 1. umr. þess.

Frv. þetta var lagt fram til kynningar á síðasta þingi ásamt itarlegri grg. Mönnum hefur því gefizt kostur á að kynna sér ákvæði þess nokkuð s. l. sumar og allt fram til þessa dags. Sannleikurinn er og sá, að fjölmargar athugasemdir hafa borizt við einstök ákvæði frv. allt fram á þessa stund. Það er ekki óeðlilegt, þar sem frv. er mjög fjölþætt og margs að gæta og varðar auk þess hag og heill hvers manns í landinu. Það er ekkert vafamál, að frv. hefur að geyma fjölmörg nýmæli, sem horfa til bóta, og það er ekki mín ætlan að bregða fæti fyrir þetta frv. Á hinn bóginn er einnig augljóst mál, að það hefur mikinn kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið mældur né tíundaður enn. Hann er áreiðanlega mikill. Í grg. er sagt, að á frv. hafi verið gerðar veigamiklar breytingar frá því, að það var lagt fram í fyrra, einkum 2. og 3. kafla þess, um læknishéruð og heilsugæzlu. Ég ætla ekki að fara út í þessa þætti málsins mjög nákvæmlega. Þó vil ég geta þess, að hv. 8. landsk. þm. flutti ásamt mér á síðasta þingi brtt. við frv. það, sem þá var lagt fram, um sérstaka heilsugæzlustöð í Búðardal. Það má segja, að þetta frv., eins og það er nú úr garði gert, gangi til móts við þær óskir, sem við settum fram í þeirri brtt. Hvort gengið er nógu langt í því efni skal, ósagt látið. Við munum athuga það nánar, hvort gengið er nægilega langt til móts við óskir heimamanna, einkum þegar þess er gætt, að aðalþyrnir í augum Búðardalslækna, a. m. k. á síðari árum, hefur verið sá að þurfa jafnframt að gegna erfiðu læknishéraði vestan Gilsfjarðar. Um þetta atriði munum við fjalla nánar fyrir 3. umr. málsins, því að mér skilst, að það sé ætlunin að bera a. m. k. ekki brtt. undir atkv. við þessa umr. málsins, heldur geyma þær til 3. umr.

Þetta frv., eins og það lítur út, hefur að geyma fjölmörg nýmæli, eins og ég sagði áðan, og veigamestu nýmæli þess eru tíunduð og þeim lýst í grg. í 15 liðum. Þó að rík ástæða væri til þess að ræða ýmsa þætti málsins, ætla ég að takmarka mál mitt mjög, og þá aðallega við 2. kafla, um læknishéruð. Frsm. n. greindi frá því, hvernig n. hefði hagað störfum sínum, og að því er varðar þennan kafla hefur n. vissulega valið léttustu og auðveldustu leiðina, þ. e. að fresta framkvæmd hans. Að því er vikið í brtt. n., ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir svo: „II. kafli laganna og gr. 20.1 taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðherra skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla“. Ég verð að segja það, að ég er ekki alls kostar ánægður með þessa málsmeðferð n. Það er að vísu auðveld leið að fresta þeim ákvæðum, sem eru máske aðalásteytingarsteinarnir í þessu frv., en ég er ekki viss um að hún sé rétt. Enda er augljóst, þegar ákvæði til bráðabirgða er lesið, að það er þegar ætlazt til þess, að byrjað sé að framkvæma það,

a. m. k. að nokkru leyti. Þess vegna hef ég freistazt til þess, að varpa hér fram hugmynd, brtt. við 7. gr. frv. Það má segja, eins og ég held að síðasti hv. ræðumaður hafi tekið fram, að vissulega skorti einstaka þm. þá heildaryfirsýn yfir landið allt, sem nauðsynleg er í þessum efnum. Það er því ekki óeðlilegt, að hver og einn líti nokkuð á ákvæði frv. af sínum sjónarhóli og síns kjördæmis. Þegar að því kemur að hreyfa til ákvæði 7. gr., verður það ekki gert, að því er Vesturland snertir, nema koma nokkuð við nágrannahéruðin. Þess vegna vil ég biðja þá hv. þm., sem þar eiga hlut að máli, að íhuga þessa hugmynd og athuga, hvort þeir geti orðið henni að einhverju leyti samþykkir.

Ég vil þá leyfa mér að kynna þessa hugmynd við 7. gr. En hún er í fyrsta lagi fólgin í því, að 1. tölul. orðist svo: Reykjavíkurhérað tekur yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Keflavíkur og Kópavogskaupstaðar og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Aðsetur héraðslæknis í Reykjavík. — Mér er ljóst, að þarna getur þegar orðið ágreiningur milli Reykvíkinga og Reyknesinga, en það er þeirra mál. 2. tölul. orðist svo: Vesturlandshérað tekur yfir svæðið frá Hvalfjarðarbotni að Kollafirði á Barðaströnd. Aðsetur héraðslæknis á Akranesi. Í þriðja lagi: Við greinina bætist nýr tölul., er verði 6 og orðist svo: Suðurlandshérað tekur yfir svæðið frá Skeiðará að mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu. Aðsetur héraðslæknis á Selfossi. — Ég hef nú hreyft þessum hugmyndum og ætla að biðja hv. alþm. að taka þær til vinsamlegrar athugunar fram að 3. umr. málsins.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Nm. í heilbr.- og trn. hafa nú skýrt þetta frv. allýtarlega. Í fyrsta lagi formaður og frsm. n., en síðan bættust við 3 nm. til þess að skýra frv. til viðbótar, svo að meiri hluti nm. hefur haldið hér alllangar ræður í dag um brtt. þær, sem n. flytur sameiginlega, og sömuleiðis um hugsanlegar brtt. Við það hefur svo bætzt hv. 4. þm. Vesturl., sem var að ljúka máli sínu áðan. Ég vil í sambandi við þá hugmynd, sem hann kom með, byrja á því að lýsa skoðun minni á því, að ég er algerlega á móti því að skipa þessa 5 héraðslækna og þessi 5 læknishéruð. Ég get því mjög vel tekið undir orð Bjarna Guðnasonar, 3. landsk. þm., sem ræddi þetta og lýsti sínum ákveðnu skoðunum á þessu, og sömuleiðis Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austf., og raunar hinir að nokkru leyti, sem ræddu málið. Ég tel, að ekki sé verið að stíga neitt spor til þess að bæta heilbrigðisþjónustuna frá því, sem nú er, með skipun þessara héraðslækna. Mín skoðun er afdráttarlaust sú, að landlæknir eigi að hafa með þessi mál að gera, eins og hann hefur haft, og læknar, sem eru á heilsugæzlustöðvum úti um landið og gegna hinum ýmsu störfum í héruðum, eiga að heyra undir landlækni. Það á að vera hans eftirlit, eins og verið hefur, en ekki að stofna fimm ný „kontorembætti", sem eiga að vera með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Í raun og veru skil ég alls ekki, hvernig nokkrum manni hefur komið til hugar þessi skipting á læknishéruðum, eins og segir í 7. gr. Það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á Alþingi, á, eins og Sverrir Hermannsson sagði hér áðan, að hafa 3 héraðslækna af 5. Einn þeirra á að vera í Hafnarfirði og ná yfir mestalla Barðastrandarsýslu. Annar á að vera á Ísafirði og ná að Geirólfsgnúpi eða Djúpi, það er nú engin byggð á milli Djúps að norðanverðu og Geirólfsgnúps. En sá þriðji á að vera á Akureyri, og hann er hugsaður fyrir Strandamenn. Ég held, að margir þurfi að leggja lykkju á leið sína til viðræðna við hann.

M. ö. o.: ég vil alveg láta það koma í ljós strax við 2. umr., að ég er andvígur því, að það sé verið að fresta framkvæmd II. kafla laganna á þann hátt, að hann taki ekki gildi fyrr en Alþ. ákveður. Ég tel, að það eigi að gerbreyta þessum kafla og fella þetta niður, og vil hér með eindregið óska þess, að n. taki 19. till. sína aftur til 3. umr. og taki þetta mál fyrir að nýju, og tek undir þau orð nm., sem gerðu þetta að umræðuefni. Ég tel enga ástæðu til að fresta framkvæmd þess kafla l., sem sennilega yfirgnæfandi meiri hluti Alþ. er á móti. Eins og Bjarni Guðnason gat réttilega um, á kannske einhvern tíma seinna að læða honum inn bakdyramegin. Ég tel hættulegt að hafa þennan kafla í frv. og set mig algerlega upp á móti því.

Í 2. gr. frv. segir, að ráðuneytisstjóri stýri rn. undir yfirstjórn ráðh. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild. Það er ekki af því, að hér sé um ákvæði að ræða í þessu frv., sem varðar þennan eina ráðuneytisstjóra, að ég hef þá skoðun, sem ég mun koma inn á, heldur hitt, að í lögum um stjórnarráð Íslands eru engin ákvæði um það, hvaða menntun ráðuneytisstjórar þurfi að hafa. Þau ákvæði eru ekki til í lögum um stjórnarráð, og þar af leiðandi ekki til ákvæði um ráðuneytisstjóra í öðrum rn. Ég tel því ástæðulaust að binda í lögum, að ráðuneytisstjóri skuli vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild. Það er nú laust ráðuneytisstjóraembættið í landbrn. Það væri þá sennilega rétt, að þeir flyttu frv. um, að í það embætti mætti alls ekki ráða nema búfræðikandídat, og jafnvel ráðuneytisstjóri í sjútvrn. ætti að vera skipstjóri. Ég tel, að af algerum „prinsip"-ástæðum eigi þetta ekki að vera í frv. Það segir alls ekki, að læknir megi ekki vera ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. Hvers eiga svo veslings tryggingafræðingarnir að gjalda, ef læknir á að stýra heilbr.- og trmrn.? Ég tel, að Alþ. eigi alls ekki að fallast á þetta ákvæði og eigi að fella þetta niður, og ég vænti þess, að n., þar sem hún hefur ekki lokið störfum sínum, taki þetta fyrir og reyni að kanna skoðanir sem flestra þm. á þessu atriði.

Ég rek líka augun í það, og það er ekki í fyrsta sinn, að það kemur fram í frv. eins og þessu, að í 6. gr. er ákvæði um að skipta heilbr.- og trmrn. í starfsdeildir í samræmi við ákvörðun ráðh. hverju sinni. Jafnframt skal fylgja

með ákveðin heildarskipting, og er hún talin upp í 5 liðum, og 5. liðurinn er: áætlanir, rannsókn, skýrslugerð. Það er ákaflega sterk tilhneiging víða að taka upp áætlunargerðir í hverju rn. og fjölmörgum stofnunum. En þjóðfélagið hefur sett á stofn áætlanadeild, sem á að annast einhliða áætlanagerð, og er því hér um margverknað að ræða, sem ég hygg að eigi hér alls ekki heima. Ef Alþ. telur, að það eigi að vera starfandi ein áætlanadeild, þá er það hún, sem á að fara með áætlanagerð. Einstakir aðilar hafa auðvitað alltaf tækifæri til að bera fram sínar till. og aths., en það á ekki að ráða fólk til áætlanagerðar á öllum mögulegum stöðum í stjórnkerfinu að mínum dómi. Ég tel því, að þetta eigi að fella niður úr frv.

Ég tek mjög undir þau orð hv. þm. Bjarna Guðnasonar, að það vantar áætlun um heildarkostnað með þessu stóra og efnismikla frv. Hvað kostar þessi löggjöf? Hvað kemur hún til með að hækka rekstrarliði heilbrigðismálanna mikið árlega, og hvað er talið að þær framkvæmdir, sem hún gerir ráð fyrir, kosti mikla upphæð, miðað við verðlag eins og það er nú? Ef slík kostnaðaráætlun liggur fyrir, er betra fyrir Alþ. að gera sér grein fyrir, hvað hratt og á hvern hátt skuli farið í framkvæmdir, þó sérstaklega þær framkvæmdir, sem leiðir af stofnkostnaði, sem frv. gerir ráð fyrir. Með því að láta slíkar áætlanir liggja fyrir, getur Alþ. frekar gert sér grein fyrir því, þegar frv. eru flutt, sem eiga að fara hér í gegn, hvað framkvæmd þeirra hefur mikil áhrif á þjóðarbúskapinn og hvað hún hefur mikil áhrif á fjárl. hverju sinni. Við heyrum það a. m. k. hjá almenningi, þegar við þm. leggjum fram frv. um nýja eða aukna skatta, að við höfum ekki verið að reyna að spara, heldur séum við búnir að samþykkja þetta og hitt í blindni og svo sé verið að leggja á nýja skatta. Það erum við, sem berum ábyrgð á skattabyrðinni á hverjum tíma. Þess vegna held ég, að það sé algerlega óhjákvæmilegt, alveg sama hvaða ríkisstj. fer með völd og hvaða flokkar standa að henni, að það sé ófrávíkjanleg regla að gera sér grein fyrir því, hvað setning nýrrar löggjafar kostar þjóðfélagið í hverju tilfelli, því að það, hver skattabyrðin verður ákveðin, miðast við það, sem þingið samþykkir í útgjöldum. Þetta frv. er því hvað þetta snertir meingallað, og það eitt út af fyrir sig er full ástæða til að hugleiða betur.

Ég tek mjög undir orð hv. þm. 4. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að ég vil ekki bregða fæti fyrir samþykkt þessa frv. Það er margt í því, sem er mjög mikils virði, þó að lögð sé meiri áherzla á að ræða það, sem eitthvað er út á að setja. En ég tel, að 4. þm. Austf. hafi bent alveg réttilega á, að það sé hyggilegt að afgreiða þetta frv. ekki fyrr en eftir páska. Þá er það ríkisstj., að segja til um, hvort hún telur ekki skynsamlegt að halda þingi áfram eftir páska, í eina viku eða 10 daga, til þess að ljúka afgreiðslu bæði þeirra mála, sem ríkisstj. leggur áherzlu á að afgreiða, og mála, sem einstakir þm., án tillits til flokka, leggja áherzlu á, að séu afgreidd. Ég held, að það eigi ekki að breyta neinu í sambandi við störf ríkisstj. eða gang þjóðmála, þó að það sé viðurkennt og talið eðlilegt, að löggjafarsamkoma þjóðarinnar kynni sér sem allra vandlegast þau mál, sem henni eru ætluð og hún á að afgreiða. Ég fyrir mitt leyti er andstæðingur þess, að það sé litið á Alþ. sem einhverja afgreiðslustofnun, sem eigi aðeins að taka vöruna úr hillu og pakka henni inn og rétta hana yfir búðarborðið, eins og í hverri annari verzlun. Það er skylda þings og þm., að leggja niður fyrir sér þau mál, sem fyrir þingi liggja. Ég hygg, að enginn þm. fari fram á mjög langan frest til þess að afgreiða þessi mikilvægu mál, og þess vegna tek ég mjög undir þá skoðun og ósk, sem hv. 4. þm. Austf. lýsti hér áðan.

Mín skoðun er sú, að landlæknisembættið eigi að halda fullkomlega þeirri stöðu, sem það hefur haft. Þetta er annað elzta embættið í okkar landi, og ég hef litið svo á og vil vænta þess, að menn megi líta þannig á, að landlæknir eigi að vera tengiliður á milli læknishéraðanna, læknastéttarinnar og ráðh. og ríkisstj. hverju sinni. Hann fer með fagmál þessara mála, og ráðuneytisstjóri er auðvitað fyrst og fremst yfirmaður í stjórnkerfinu, en hinn embættismaðurinn, landlæknirinn, verður alltaf tengiliðurinn á milli stjórnkerfisins, læknishéraðanna og læknastéttarinnar. Ég trúi því, að það sé langbezt að hafa þessi störf undir einni stjórn, en ekki að koma hér með milliembættismenn, eins og þessa 5 héraðslækna, sem ég gat hér um áðan og segir um í 7. gr. frv.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekki að flytja brtt. við þetta frv. Það eru ýmis atriði, sem ég hef aths. fram að færa við, sem ég hef talið eðlilegra að koma til n. eða til einhvers nm., og ég hef gert það í sumum tilfellum. En þar sem nm. hafa einnig lýst því yfir, að n. muni halda áfram að starfa að endurskoðun þessa frv., og tvímælalaust hefur verið gefið í skyn, að von sé á fleiri till. frá n., þykir skynsamlegt að bíða 3. umr. með brtt. Þá verður auðvitað að treysta því og fara þess á leit við hæstv. forseta, að 3. umr. fari ekki fram með þeim ógnarhraða, að þm. geti ekki til hlítar kynnt sér þær brtt., sem n. kann að koma með til viðbótar.

Það, sem mest hefur riðið á að gera í sambandi við breytinguna á heilbrigðisþjónustunni og mest hefur kallað að, er að bæta úr algeru neyðarástandi, sem hefur ríkt á undanförnum árum og ríkir enn í ákveðnum héruðum á landinu. Ég held, að ég halli ekki á neitt byggðarlag, þó að ég segi, að þrjú svæði séu langvest sett að þessu leyti, en það eru Vestfirðir víðast hvar, Austfirðir og Norðausturlandið. Ef á að bæta úr því neyðarástandi, sem þar er, verður auðvitað að raða verkefnum eftir því, hvar þau eru brýnust, því að ella fara á stað þau héruð, sem efnalega standa bezt, og heimta til sín það fjármagn, sem Alþ. lætur hverju sinni á fjárl. til þessara mála. Þá er ég hræddur um, að strjálbýlustu héruðin verði eftir sem áður á eftir með heilbrigðisþjónustuna. Þess vegna vil ég mjög fagna þeim ummælum hv. 3. landsk. þm., þegar hann lýsti því yfir, að stuðningur

sinn við þetta frv. væri háður því, að þau héruð, sem verst væru sett, hefðu forgang um framkvæmdir. Mér þykir vænt um, að þessi orð koma frá þm. Reykv., og tek mjög undir þau. (Gripið fram í.) Það sýnir bara víðsýni. Hann er héðan úr Reykjavík, en landsk. þm. Hjartað slær þá víðar en hér í Reykjavík, og er gott um það að segja. — Ég vænti þess, að aðrir nm. taki fullt tillit til þessara skoðana og stilli hér upp í frv. till. um það, að þau svæði, sem búa við neyðarástand, gangi fyrir um framkvæmdir. Ég hygg, að það sé Alþ. og þjóðinni allri til mestrar sæmdar að vinna þannig að þessum málum.

Að síðustu vil ég segja, að þó að ég hafi gert þessar athugasemdir, tek ég fram, að það er margt, sem ég hef ekki gert hér að umræðuefni, sem er mjög til bóta í þessu frv. Það væri of langt mál að fara að telja það upp. Ég tel, að í heild hafi verið unnið mikið starf í sambandi við endurskoðun þessara mála. Bæði fyrrv. og núv. heilbr.- og trmrh. hafa sýnt mikinn áhuga á því að gera hér stórfellda breytingu, sem ber að fagna og þakka. En maður verður einnig að treysta því, að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé opinn fyrir athugasemdum, sem fram eru færðar, og telji það ekki vera neina andstöðu eða árás á sig eða þá, sem hafa samið þetta frv. þó að athugasemdir séu gerðar. Ég treysti því, að hann meti og vegi þær aths. og reyni að gera sitt til þess, að þetta frv. fái þá afgreiðslu hér á Alþ., að sem flestir og helzt allir þm. geti vel við unað.

Heilbr.- og trmrh. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir mjög mikla og góða vinnu, sem hún hefur lagt í þetta frv., og fyrir ágæta samvinnu, sem tekizt hefur á milli nm. og rn. Það hefur verið samvinna á milli nm. og rn. m. a. um þær brtt., sem fluttar eru af n. á þskj. 557, og því aðeins hefur orðið slík samstaða, að menn hafa vikið frá skoðunum sínum á ýmsan hátt sumir hverjir. Ég vil t. d. gjarnan, að það komi hér fram, að þó að ég muni styðja þá till. n., að II. kafli komi ekki til framkvæmda, fyrr en Alþ. ákveður það sérstaklega, hefði ég heldur kosið, að sá kafli hefði komið til framkvæmda nú þegar. Það er mikill misskilningur, þegar hv. þm. Matthías Bjarnason segir, að í II. kaflanum um héraðslækna felist það, að setja eigi á laggirnar 5 ný kontorembætti. Tvö af þessum störfum eru nú þegar í landinu. Borgarlæknirinn í Reykjavík hefur starfað hér um langt skeið, og ég hygg, að það sé allra manna mál, að sú starfsemi, sem undir hann heyrir, sé ákaflega mikilvæg og vilji enginn án hennar vera. Sama máli gegnir um héraðslækninn á Akureyri. Hann hefur fyrst og fremst sinnt embættislækningum nú um langt skeið, og ég hygg, að það sé einnig mál manna á Norðurlandi, að þeir vilji fyrir enga muni vera án slíkrar starfsemi. Í II. kafla frv. fólst ekki annað en það, að reynt yrði að taka þessa starfsemi, sem verið hefur í Reykjavík og á Akureyri, upp í fleiri landshlutum. Þegar þetta frv. var lagt fram í fyrra, voru till. um, að þessir embættislæknar yrðu 8, en það kom fram gagnrýni á, að það væri of mikill fjöldi, og þess vegna var reynt að hafa þá færri, aðeins 5. Út úr því kemur afar einkennilegt umdæmi, eins og menn hafa bent á, Suðurland og Vesturland. En ég vil minna menn á, að það er ekki ætlunin, að almenningur þurfi að sækja þessa menn heim, heldur eiga þessir menn að vera á ferðalögum um sín héruð og hafa þar á hendi forustu og stjórn á ýmsum veigamiklum atriðum heilsugæzlunnar. Ég hefði sem sé kosið, að þessi kafli hefði náð fram að ganga, en ég hef fallizt á það, að honum verði frestað, og mun að sjálfsögðu styðja það.

Ég vil einnig þakka öllum þeim, sem hér hafa tekið þátt í umr., fyrir ákaflega jákvæða afstöðu til frv. í heild. Ég held, að það hafi komið fram hjá öllum þeim, sem hér hafa talað, að þeir telja meginatriði frv. mjög veigamikla framför og að ástæða sé til þess að binda við það miklar vonir og það geti leyst úr mörgum vandkvæðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Þessa almennu samstöðu um meginatriði frv. tel ég ákaflega mikilvæga, og ég vona, að það takist að afgreiða frv. sem lög frá Alþ. einmitt í þessum anda, að þm. standi vel saman um þetta mál, því að það skiptir ákaflega miklu, að hægt sé að ráðast í framkvæmdir á grundvelli þessara laga í góðu andrúmslofti um land allt.

Það er ekki ýkjamargt, sem ég þarf að gera aths. við, af því, sem fram hefur komið. Þó langar mig til að víkja hér að örfáum atriðum.

Að því var vikið af hv. þm. Bjarna Guðnasyni og hv. þm. Stefáni Gunnlaugssyni einnig, að það vantaði kostnaðaráætlun með þessu frv. Þegar ég lagði þetta frv. fram á síðasta þingi, gerði ég grein fyrir kostnaðarhlið þessa máls. Ég skýrði þá frá því, hvaða áætlanir hefðu verið gerðar um kostnað við byggingu heilsugæzlustöðvanna utan Reykjavíkur. Sú áætlun var þá 800 millj., en hún hefur ekki verið framreiknuð til verðlagsins núna. Ég gerði einnig grein fyrir kostnaði við sjúkrahúsabyggingar, sjúkrahús, sem væru í byggingu, og þær byggingar, sem fram undan væru, og rakti þetta í allítarlegu máli á síðasta þingi, þannig að þessu hafa vissulega verið gerð nokkur skil. En það hefur ekki verið endurmetið út frá ástandinu núna, það er alveg rétt. Hins vegar vil ég benda á það, sem ég tel ákaflega mikilvægt, að í 36. gr. er gert ráð fyrir því, að gera skuli áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti og síðan skuli framkvæmdaáætlun, sem byggð sé á heildaráætluninni, árlega lögð fyrir Alþ. við gerð fjárl. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði, og slík heildaráætlunargerð hefur raunar verið undirbúin á vegum rn. Rn. mun fá í hendur eftir nokkra daga áætlun um sjúkrahúsaþörfina sérstaklega, sjúkrahús og hliðstæðar stofnanir, fram til ársins 1990. Sá undirbúningur mun gera það kleift, að hægt verði að gera þá áætlun, sem þarna er talað um, án allt of mikillar vinnu, ef þessi lög ná fram að ganga. Þá verður hægt að gera sér miklu gaumgæfilegri hugmyndir um það, hvað þessar breytingar muni kosta. Fyrir

utan þann stofnkostnað, sem auðvitað er hægt að meta, leiðir þessi skipan að sjálfsögðu til aukins rekstrarkostnaðar, það liggur í hlutarins eðli. En þetta eru vandamál, sem Alþ. mun þurfa að fjalla um í sambandi við gerð fjárl. og meta það að sjálfsögðu eftir aðstæðum og árferði hverju sinni, hversu miklu fé verður hægt að verja til þessara þarfa.

Hv. þm. Bjarni Guðnason vék nokkuð að því, að það virtist vera eitthvert bitbein, verkaskipting á milli ráðuneytisstjóra og landlæknis, og svo virtist sem hlutur landlæknis hafi átt að vera mjög rýr í upphafi, eins og ég held, að hann hafi komizt að orði. Það er rétt, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði, að sú n., sem gerði hin upphaflegu frv.-drög, gerði ráð fyrir því, að störf landlæknis og ráðuneytisstjóra yrðu sameinuð. Sú skipan er víða um lönd, t. d. í Noregi, þar er sami maður, sem gegnir starfi ráðuneytisstjóra í heilbrmrn. og starfar jafnframt sem landlæknir. Þetta var till. þessarar n. Þegar við sendum út þessi frv.-drög til fjölmargra aðila, heilbrigðisstétta og annarra, kom fram mjög eindregin ósk frá læknasamtökunum og öðrum heilbrigðisstéttum um, að landlæknisembættinu yrði haldið á hliðstæðan hátt og það hefði verið, að landlæknir starfaði sem æðsti maður heilbrigðisstéttanna og sem faglegur ráðunautur heilbrmrh. og ríkisstj. Af hálfu rn. var ákveðið að fallast á þessi tilmæli lækna og annarra heilbrigðisstétta, og í þessu frv., eins og það liggur fyrir, felst engin breyting á stöðu landlæknis frá því, sem verið hefur. Það er tekið fram í 3. gr., að landlæknir sé ráðunautur ráðh. og ríkisstj. um allt, sem varðar heilbrigðismál, og annist framkvæmdir tiltekinna málaflokka fyrir hönd ráðh. samkv. lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Frv. kveður sem sé þannig á, að sú skipan, sem þarna hefur verið, skuli haldast óbreytt. Hitt er svo alveg rétt, að það hefur orðið breyting á stöðu landlæknis, ekki með þessu frv., heldur þegar stofnað var sérstakt heilbrigðisráðuneyti. Þá breyttist staða landlæknis að sjálfsögðu stórlega. Það hefði verið hægt að hafa þann hátt á þá að fela landlækni að annast þann málaflokk, sem þetta rn. fékk, tryggja honum aukið starfslið og fela honum þessi verkefni. En það var ákveðið að stofna sérstakt rn., og um það held ég, að hafi ekki verið neinn ágreiningur á þeim tíma. En auðvitað breyttist staða landlæknis við þetta, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé ástæða til þess að skilgreina á nýjan leik stöðu landlæknis. Ég vil lýsa því yfir skýrt og skilmerkilega, að ég hef síður en svo nokkurn áhuga á því, að staða landlæknis verði minni en hún hefur verið. Ég tel brtt. n. um, að ráðh. setji reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embætti hans í samráði við þá aðila, sem þar eru taldir upp, vera mjög skynsamlega, og ég efast ekki um, að í því starfi muni nást samstaða um skynsamlega skipan þeirra mála.

Það er í sjálfu sér rétt, sem hv. þm. Bjarni Guðnason sagði, að ráðh. hefur vald til þess að gefa út reglugerð um deildaskiptingu í rn. En ráðh. hefur ekki vald til þess að ná í þá fjármuni, sem þarf til þess að koma slíkri deildaskiptingu á. (Gripið fram í.) Það má vera, að svo sé, sem betur fer. En ástæðan til þess, að þetta er tekið upp í frv., er sú, að ef Alþ. kemst að þeirri niðurstöðu, að þarna þurfi að vera þessi deildaskipting og fyrir því held ég að séu mikil rök, þá hlýtur Alþ. einnig að hljóta að fjalla um það verkefni að tryggja rn. þá fjármuni, sem til þess þarf, að hægt sé að koma þessari deildaskiptingu á. Slík deildaskipting er í öðrum rn., eins og menn vita, og það eru mörg rn., sem eru miklu fjölmennari en heilbr.- og trmrn. Ég hygg, að þarna sé skynsamlega að verki staðið, og ef Alþ. telur, að það þurfi á þessari deildaskiptingu að halda, muni Alþ. einnig þurfa að leysa fjárhagshlið þess máls. Að áætlanadeild sé óþörf í slíku rn., finnst mér vera alger misskilningur. Ég vék áðan einmitt að því, að samkv. frv. er til þess ætlazt, að rn. geri 10 ára áætlun um heilbrigðisstofnanir, sem sé endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ég held, að þetta sé grundvöllur þess, að hægt sé að ráðast í framkvæmdir á þessu sviði á skipulegan og skynsamlegan hátt og nýta sem bezt þá fjármuni, sem til falla.

Hv. þm. Bjarni Guðnason gat þess, að þau héruð, sem erfiðast hefur verið að fá lækna til þess að gegna, þyrftu að hafa forgang við allar framkvæmdir á þessu sviði. Um þetta er ég algjörlega sammála hv. þm. Það liggur í hlutarins eðli, að röð framkvæmda verður að vera við það miðuð að leysa fyrst vanda þeirra, sem búa við erfiðastar aðstæður á þessu sviði. En það er að sjálfsögðu ákvörðunaratriði Alþ. hverju sinni, hvernig þessi röð verkefna verður. Ég held, að það sé mjög erfitt að binda það í lög, hver þessi röð verður. En ég hygg, að það hljóti að vera sameiginlegt mat alþm. yfirleitt, að þessa reglu verði að hafa til hliðsjónar og byrja á því að leysa vanda þeirra, sem verst eru settir. Það finnst mér liggja í hlutarins eðli.

Hv. þm. Stefán Gunnlaugsson tók mjög eindregið undir þetta frv., en hann sagði einnig, að skattborgararnir væru illa kvaldir á Íslandi um þessar mundir, og vissulega er það rétt. Þessar framkvæmdir munu kosta mikla fjármuni, og þá fjármuni verður að taka af skattborgurunum. En við skulum ekki gleyma því, að heilsugæzla er hluti af lífskjörum manna. Lífskjörin eru ekki bara peningarnir, sem menn telja upp úr launaumslaginu. Lífskjörin eru einnig hvers konar félagsleg þjónusta, sem látin er í té, bæði á sviði heilbrigðismála, skólamála og öllum mögulegum öðrum sviðum. Við erum að bæta kjör manna, ef við komum á betra heilbrigðiskerfi en verið hefur í landinu. Þeir peningar, sem teknir eru í sköttum til slíkra hluta, skila sér aftur til manna á annan hátt og þá sérstaklega til þeirra, sem þurfa á slíkri félagslegri aðstoð að halda.

Þegar ég heyri þetta umtal um skattpíningu, sem er orðið daglegt umtal hér á hinu háa Alþ., kemur mé oft í hug sú einfald staðreynd, sem ég veit ekki, hvort allir gera sér ljósa, að hér á Íslandi taka ríki og sveitarfélög um þð bil ⅓ af þjóðartekjunum til sín í sköttum og gjöldum, en þjóðfélög eins og Danmörk og Svíþjóð taka yfir 50%, þau taka meira en helminginn

af þjóðartekjunum. Við leggjum þannig mun minni skatta á en lagðir eru á annars staðar á Norðurlöndum. En þessi þjóðfélög, Svíþjóð og Danmörk, standa einnig framar en við á ýmsum sviðum félagsmála, vegna þess að þar er litið svo á, að félagsmálin séu mjög veigamikill þáttur í lífskjörum manna og beri að meta slíka félagslega þjónustu fullkomlega til jafns við útgreidd laun. Ég held því, að við þurfum ekki að kveina svo mjög undan skattabyrðinni, a. m. k. ekki í samanburði við Svía og Dani.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson taldi, að það þyrfti að hafa nægilega rúman tíma til þess að ljúka afgreiðslu þessa frv., það mætti ekki vera nein fljótaskrift á því. Nú er það svo, eins og hann viðurkenndi raunar, að þetta frv. hefur legið hér fyrir Alþ. áður og hv. alþm. hafa haft mjög langan tíma til þess að fjalla um það. Ég veit, að það hefur verið fjallað um það í öllum héruðum landsins, og ég hygg, að það séu fá mál, sem hafa verið öllu betur undirbúin en þetta. Hins vegar vill það verða svo, að á síðasta sprettinum þurfa menn að vinna hraðar en gert er í upphafi þingstarfanna. Þannig hefur það verið á hverju þingi, sem ég hef setið á, hvort sem þinghaldið hefur staðið nokkrum vikum lengur eða skemur, að síðustu tvær vikurnar hafa verið óhemjulegur annatími. Þetta fer ekki endilega eftir því á hvaða degi þinginu lýkur, heldur er þetta vinnulag, sem ég tel vera hálfgerðan ósið. Ég held, að við getum skipulagt vinnubrögð okkar betur en við gerum. Mér finnst við slá fullslöku við á fyrri hluta þingsins, en reynum svo að vinna af miklu ofurkappi undir lokin. En hvað sem mönnum finnst um það, hvort Alþ. eigi að ljúka störfum vikunni fyrr eða síðar, vona ég, að menn standi saman um það að reyna að tryggja framgang þessa máls, sem hefur eins og ég sagði áðan, fengið mjög góðar undirtektir.

Ég gat þess í upphafi, að till. n. eru samkomulag margra aðila, og mér skilst, að n. ætli að starfa áfram á þeim sömu forsendum, að fjalla um till., sem ýmist eru komnar fram eða vitað er um, að muni koma fram, og reyna að ná samkomul. um þær einnig. Ég vildi beina þeirri ósk til hv. þm., sem hugsa sér að flytja brtt. við 3. umr., að þeir komi til n. þessum hugmyndum sínum, svo að hægt sé að fjalla um málið þar. (JSk: Það er fundur kl. 10 á mánudaginn.) Það er fundur fyrir hádegi á mánudag, og það er mjög eindregin ósk mín, að unnt verði að afgreiða málið út úr Nd. á mánudaginn, svo að Ed. fái ráðrúm til þess að fjalla um það eins fljótt og hægt er.

Ég ítreka svo þakkir mínar til n. og til hv. alþm., sem hér hafa talað, fyrir mjög jákvæðar undirtektir og vona, að sú samstaða, sem fram hefur komið í máli manna, megi haldast.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja að einu atriði í ræðu ráðh., sem fjallar að vísu ekki um heilbrigðisþjónustu, heldur skattamál. Hann benti á það, að hér á landi væri tekinn þriðjungur af launatekjum manna, en þetta væri 50% á Norðurlöndum, skattheimtan eða skattpíningin, hvaða orð sem við notum, væri þess vegna mun meiri á Norðurlöndum, og við mættum því hrósa happi. Þetta er með öllu óraunverulegur samanburður, vegna þess að þarna skiptir máli, hverjar ráðstöfunartekjurnar eru, þegar búið er að innheimta skatta. Mér er vel kunnugt um, að laun á Norðurlöndum eru verulega hærri, og þess vegna geta menn greitt hærri skatta. En niðurstaðan er sú, að ráðstöfunartekjurnar, sem eftir eru, verða mun meiri en hér á Íslandi, þó að menn greiði ekki nema þriðjunginn. Ég tel m. ö. o. að þessi samanburður sé með öllu óraunhæfur.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hæstv. heilbrmrh. ræddi um það, að vinnubrögð í þingi væru ekki góð að því leyti, að við slægjum löngum slöku við, en síðan væri málum mokað út af mikilli snerpu undir lokin og fengju þá kannske ekki þá nauðsynlegu meðferð, sem ella þyrfti að vera. Ég er honum mjög svo sammála um þetta. Sannleikurinn er sá, að við höfum haft það fyrir augum núna undanfarnar vikur, að þingið hefur eiginlega lurfazt áfram með engum mannskap. Þm. hafa ekki gefið sér nægan tíma til fundarsetu og slegið á sig skrópasótt, að kalla verður, því miður. Og það er ákaflega þreytandi, þegar þarf að afgreiða mál og það eru ekki nægjanlega margir viðstaddir til þess að koma fram atkvgr. Á þessu verður að verða breyting til batnaðar. Ég segi: það er þreytandi fyrir þá, sem vilja leggja það á sig, sem þeir telja sig bera skyldu til, að sitja þingfundi og taka þátt í afgreiðslu mála. Ég legg mikla áherzlu á, að hæstv. forsetar vorir beiti sér fyrir gagngerum breytingum til hins betra í þessu efni og um allt skipulag á störfum þingsins.

En ég lét mjög huggast undir ræðu hæstv. heilbrmrh. og aðallega af tvennum ástæðum: Í fyrsta lagi vegna yfirlýsingar hans varðandi stöðu landlæknis, sem ég fagna mjög, og eins því, sem fram kom um forgang þeirra héraða, sem við erfiðastar aðstæður eiga að etja varðandi heilbrigðisþjónustuna. Og eins og ég tók fram, taldi ég mig ekki geta úr því skorið, hvort slíkt ætti heima í lögum. Ég leyfi mér að efast um að það sé eðlilegt, að slík ákvæði um forgang eigi heima í lögum. En yfirlýsingar, eins og hann gaf og aðrir hv. þm. hafa tekið mjög undir í sínum ræðum, eru alveg nægjanlegar. Þá verður sá eindregni vilji nægjanlegur til þess að veita þann forgang, sem þarf, af því að það hlýtur alltaf eftir hendinni að koma til kasta þingsins um afgreiðslu fjár til þessara framkvæmda. Og eins og ég tók fram, er ég bjartsýnni en ég hef að jafnaði verið um þetta mál og vil leggja mitt af mörkum, bæði í n. og í þingi, til þess að þetta mál nái fram að ganga, enda þótt ég hverfi ekki frá þeirri skoðun minni, að mér er stórlega til efs, að þau miklu mál, bæði þetta og mörg önnur, sem nú liggja fyrir í þingi, geti fengið frambærilega afgreiðslu á þeim skamma tíma, sem nú virðist vera til stefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (BJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. apríl 1973.

Samkv. beiðni Odds Ólafssonar, 3. þm. Reykn., sem nú er veikur á sjúkrahúsi, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í kjördæminu, Axel Jónsson bæjarfulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks Sjálfstfl.

Til forseta efri deildar Alþingis, Reykjavík."

Kjörbréf þessa hv. þm. þarf ekki rannsóknar við, þar sem hann hefur áður setið þingbekk á kjörtímabilinu, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 501). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 435). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 599).

Dvalarheimili aldraðra, frv. (þskj. 459 (sbr. 301)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 600).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 547). — 1. umr.

Flm. (Geirþrúður H. Bernhöft): Herra forseti. Á þskj. 547 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar. Í frv. þessu er gert ráð fyrir þrem breytingum á núgildandi l. um almannatryggingar. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun samlagslækna hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Þó skulu elli- og örorkulífeyrisþegar fá þessa hjálp greidda að fullu. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkv. þessum lið."

Frv. þetta gerir ráð fyrir breytingum á b-lið 43. gr. varðandi greiðslu læknisrannsókna og aðgerða utan sjúkrahúsa fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Samkv. núgildandi l. fær sjúklingur, sem lagður er inn á sjúkrahús til læknisrannsóknar, sjúkrahúsdvölina greidda að fullu, þar með taldar allar rannsóknir, röntgenmyndatökur, lyf og aðrar aðgerðir. Fjöldi sjúklinga, sem þarfnast nákvæmrar læknisrannsóknar, kemst þó ekki inn á sjúkrahús. Fer þá læknisrannsókn fram utan sjúkrahúsa, og sjúklingur fer á milli þeirra staða, sem geta veitt þessa nauðsynlegu þjónustu. Fari rannsókn og aðgerðir fram utan sjúkrahúsa, fær sjúklingur ekki greitt að fullu, heldur ber honum að greiða ¼ hluta kostnaðar. Fjölda elli- og örorkulífeyrisþega er ókleift að greiða þennan kostnað. Auk þess neyðast þeir oft til vegna veikinda að nota leigubíla, og bætist þá greiðslan fyrir þá ofan á fyrrnefndan sjúkrakostnað. Hér gætir mikils misræmis í aðstoð þjóðfélagsins við sjúka. Sá heppni, sem kemst inn á sjúkrahús og fær þar fullkomnustu þjónustu, fær hana alla endurgjaldslaust. Sá óheppni, sem kemst ekki inn á sjúkrahús og fær þess vegna mun ófullkomnari þjónustu, á hins vegar að greiða sjálfur ¼ hluta sjúkrakostnaðar, oft auk annarra útgjalda, t.d. fyrir leigubílferð.

Öllum er ljóst, að langir biðlistar eru á öllum sjúkrahúsum. Því miður verður það æðioft hlutskipti aldraðra og öryrkja að þurfa að bíða lengi, allt of lengi, eftir sjúkrahúsplássi, og heimilslæknir úrskurðar loks rannsókn eða aðgerð utan sjúkrahúss. Þá vex oft vandinn hjá viðkomandi sjúklingi.

Sjötugur fyrrv. sjómaður talaði við mig um daginn. Hann er sterkbyggður og stæltur, en á aftur bágt með gang, hafði fengið einhverja illsku í bakið, sagði hann, þurfti að fara í myndatöku og fleiri rannsóknir, en buddan sagði nei. Aðstoð borgarsjóðs hafnaði hann, ætlaði að sjá til. Og svo er um fleiri.

Það skal tekið fram, að læknisrannsókn eða aðgerð utan sjúkrahúsa er mun kostnaðarminni fyrir ríki og sveitarfélög en sjúkrahúsdvöl. Ekki þarf að færa önnur rök fyrir því en benda á daggjöld sjúkrahúsa. T. d. er gjald Landsspítalans og Borgarspítalans í Fossvogi nú 5100 kr. á dag. Ekki er ótrúlegt, að samræming á greiðslu rannsókna og aðgerða á sjúkrahúsi og utan þess mundi draga töluvert út umsóknum um sjúkrahúsdvöl. En eins og öllum er kunnugt, er ekki vanþörf á að bæta úr ríkjandi vandræðaástandi. Auk þess væri það geysilegur sparnaður, eins og áður er nefnt.

Meðalaldur Íslendinga fer ört hækkandi. Má því búast við sífelldri aukningu umsókna um sjúkrahúsvistun, ef ekkert er að gert. Ekki njóta allir ellilífeyrisþegar eftirlauna. Sumir elli- og örorkulífeyrisþegar lifa á lífeyri sínum eingöngu. Það getur orðið þröngt í búi, ef við bætist óvæntur aukakostnaður.

Hámark elli- og örorkulífeyris hefur verið tvöföldun grunnlífeyris eða samtals 14400 kr. á mánuði. Hætt er við, að lítið sé afgangs, þegar

greiddir hafa verið fastir útgjaldaliðir, svo sem húsaleiga, hiti, rafmagn, dagblöð, útvarp og e. t. v. sími. Það, sem afgangs er, á þá að nægja fyrir mat, fatnaði og öllu öðru. Hér er því lagt til, að nauðsynlegar læknisrannsóknir og aðgerðir utan sjúkrahúsa greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

2. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, og nauðsynleg lyf fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að fullu, en önnur lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin í lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að taka við greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark".

Hér er gert ráð fyrir breytingu á c-lið 43. gr. um greiðslu lyfja. Samkv. núgildandi l. er þátttaka sjúkrasamlags í lyfjaafgreiðslum mismunandi. Fer það eftir sjúkdómum og tegundum lyfja. Sum lyf greiðir sjúkrasamlagið að fullu, önnur að ¾ eða ½. Af augljósum ástæðum er lyfjanotkun elli- og örorkulífeyrisþega oft mjög mikil miðað við lyfjanotkun almennt. Jafnframt er greiðslugeta þessara lífeyrisþega oftast mun minni en flestra annarra. Í byrjun febr. s. l. hitti ég ekkju hátt á áttræðisaldri. Hún var að koma frá lækni og hélt á lyfseðli í hendinni. Ekki ætlaði hún þó að sækja sín nauðsynlegu lyf fyrr en eftir þann 10. mánaðarins, þegar hún hefði fengið ellilífeyrinn sinn greiddan. „Ég vil vera sjálfstæð", sagði hún og brosti, þegar henni var boðin aðstoð.

Mörg dæmi eru þess, að elli- og örorkulífeyrisþegar neiti sér um eða kaupi ekki um tíma nauðsynleg lyf vegna fjárskorts og hafni einnig aðstoð sveitarfélagsins, þótt í boði sé. Ekki þarf að fjölyrða um, hversu alvarlegar afleiðingar slíkt getur haft. Þess vegna er lagt til, að nauðsynleg lyf greiðist að fullu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

3. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað orðanna í lok 5. mgr. 50. gr. l.: „er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta" komi: skal Tryggingastofnunin greiða honum sjálfum 25% tekjutryggingar".

Frv. þetta gerir ráð fyrir breytingu varðandi greiðslu Tryggingastofnunarinnar til persónulegra þarfa elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega. Samkv. núgildandi l. er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega, sem dvelst á stofnun eða sjúkrahúsi lengur en einn mánuð og er algerlega tekjulaus, allt að 25% lágmarksbóta. Greiðist það honum sjálfum, og er þetta fé ætlað til persónulegra þarfa. Undanfarið hefur þessi upphæð verið 1500 kr. á mánuði og greiðist ársfjórðungslega. Sama gildir í framkvæmd fyrir þá, sem hafa lág eftirlaun.

Fyrir rúmum hálfum mánuði ræddi við mig hálfáttræður maður. Hann varð ekkjumaður fyrir þrem árum. Svo bjó hann áfram heima í nokkra mánuði einn í leiguíbúðinni. Börnin voru búsett erlendis. Loks gafst hann upp á einverunni og fór á elliheimili. Hann hafði í eftirlaun tæpar 9 þús. kr. og í ellilífeyri 2700 kr. á mánuði. Þar sem hann naut eftirlauna, bar honum samkv. l. að greiða vistgjald sitt sjálfur. Átti hann þá eftir um 1500 kr. á mánuði til persónulegra þarfa. „Mér þykir leitt að þurfa að biðja um hjálp", sagði hann. „En stúlkurnar í þvottahúsinu neita að þvo nærfötin mín lengur. Þau eru orðin svo slitin". Hann átti bágt með að skilja réttlæti laga um almannatryggingar, og það eiga víst fleiri. Hefði hann engin eftirlaun haft, verið tekju- og eignalaus, mundi hann samkv. l. um almannatryggingar hafa fengið vistgjaldið greitt að fullu með tvöföldun ellilífeyris og auk þess fengið 1500 kr. á mánuði til persónulegra þarfa. Hann naut því á engan hátt eftirlauna sinna. Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi þarf að greiða fatnað, hreinlætisvörur, snyrtivörur, klippingu eða hársnyrtingu og e. t. v. tóbak með þessu fé, þótt ekki sé minnzt á smágjafir til barnabarna eða einungis fargjald með strætisvögnum, sem elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa þó aðeins að greiða að hálfu, er augljóst, að enginn getur komizt af til lengdar með þessi fjárráð. Þess vegna er lagt til, að Tryggingastofnunin skuli greiða lífeyrisþega sjálfum 25% tekjutryggingar í stað 25% lágmarksbóta.

Nái þessi breyting fram að ganga, mundi hlutaðeigandi fá greiddar ca. 3000 kr. á mánuði til persónulegra þarfa. Tel ég það mikla bót, þótt engin sé á ofrausnin.

Ég hef drepið á nokkur dæmi frv. þessu til skýringar. Ég gæti nefnt óteljandi dæmi, þar sem ég hef unnið við þennan málaflokk um margra ára skeið og er því málinu vel kunnug. Það er erfitt að horfa á eftir öldruðum einstaklingi ganga út úr skrifstofunni með lyfseðil í höndum fyrir nauðsynlegum lyfjum, sem hann hefur ekki ráð á að kaupa, en vill þó ekki þiggja hjálp til þess. Það hvarflar að mér: Ætli ég sjái hann aftur? Það er guð og lukkan, sem ráða því, hvort hann lifir þetta af.

Það er erfitt að verða gamall, hafa mjög knöpp fjárráð, en vilja þó ríghalda í sjálfstæði sitt, eins og Bjartur í Sumarhúsum. Það er erfitt að horfa á aldraða manneskju kveðja og fara að loknu samtali, bersýnilega sjúka, en hefur ekki ráð á að leita læknishjálpar. Það hlýtur að vera tvímælalaus skylda þjóðfélagsins að bæta hag þessara þegna sinna. En það er ekki hægt nema með breytingu á núgildandi lögum.

Þeir einstaklingar, sem fæddir eru um eða fyrir s. l. aldamót, eiga allt aðra lífsreynslu að baki en þeir, sem yngri eru, og hafa þess vegna aðra lífsskoðun. Unga fólkinu í dag þykir það ævintýri líkast, ef minnzt er á uppboð á þurfalingum eða hreppsómögum hér áður fyrr, til þess að hreppurinn þyrfti sem minnst að greiða með ómögum sínum. En það er ekkert ævintýri fyrir þann, sem hefur lifað það sjálfur.

Einn aldraður vinur minn sagði mér fyrir skömmu, að hann hefði 7 sinnum verið boðinn upp fyrir fermingu. Þá skildi ég betur, af hverju hann var svona illa farinn líkamlega. Hann hefur þótt þurftafrekur strákur, svo að þeir, sem tóku hann til sín, losuðu sig við hann eftir árið, og aftur var hann boðinn upp. Til

æviloka ber hann þess líkamleg merki, að hann fékk aldrei fylli sína, þegar hann var að alast upp.

Þeir, sem hafa slitið út starfskröftum sínum við erfiðustu skilyrði í þágu okkar allra hinna, sem yngri erum, hljóta að eiga það inni hjá okkur, að þeim sé tryggð mannsæmandi lífskjör síðustu ár ævinnar. Allir þeir, sem vegna sjúkdóma, aðstöðu eða elli geta ekki aflað sér tekna, ættu ekki að þurfa að líða skort í okkar velferðarþjóðfélagi, þótt þeir séu eitthvað andlega skyldir Bjarti í Sumarhúsum. Auðvitað er mér ljóst, að brýn þörf er á fleiri breytingum núgildandi laga í þágu fyrrnefndra aðila, þótt ekki sé þeirra getið hér. Það er augljóst réttlætismál að bæta hag þeirra, sem frv. þetta fjallar um. Ég skora á hv. þm. að sameinast um framgang þess.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 573, 577, 584). — 3. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frá því að 2. umr. um það frv., sem hér er til meðferðar, lauk í þessari d., hafa borizt 8 umsóknir um ríkisborgararétt. Þessar umsóknir hafa nú verið athugaðar og eru þær taldar fullnægja settum skilyrðum. Í samræmi við það hefur allshn. leyft sér að flytja brtt. á þskj. 577 og 584, þar sem lagt er til, að þessir 8 umsækjendur fái ríkisborgararétt. Ég vil geta þess, herra forseti, að brtt. á þskj. 584 er of seint fram komin og þarf því afbrigða við, til þess að hún geti öðlazt þinglega meðferð. En sem sagt, allshn. leggur til, að þessir umsækjendur komist inn í frv.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 584, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 577 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 584 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 552 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Það eru tvö atriði, sem um er að ræða að breyta með þessu frv.

Lagt er til, að tekin verði inn ný mgr. í 69. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit, sem heimili viðurlög við því atferli að upplýsa ekki um afdrif vara, sem samkv. staðfestum skýrslum tollyfirvalda erlendis hafa farið um borð í viðkomandi far. Við hefur borið, að tollyfirvöld erlendis hafa gefið hérlendum tollyfirvöldum nákvæmar upplýsingar um mikið magn af hátollavöru, sem farið hefur um borð í ákveðin íslenzk kaupför, en þessi varningur hefur ekki fundizt né á nokkurn hátt verið gerð grein fyrir því, hvað af honum hafi orðið. Talið er, að heimild til ákvörðunar viðurlaga í slíkum tilfellum sé vafasöm, og jafnaugljóst er, að nauðsyn ber til að upplýsa mál af þessu tagi til hlítar. Mundi ákvæði þetta einkum koma að notum, þegar um meiri háttar vörumagn væri að ræða. Þetta er fyrra atriði frv., og það gerir sem sagt ráð fyrir því, að hægt sé að koma við viðurlögum, ef ekki er upplýst um vöru, sem sannað er af erlendum tollyfirvöldum, að farið hafi í skip eða far til landsins, án þess að það hafi fundizt, þegar hingað var komið.

Samkv. gildandi lögum er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að sekt verði ekki hærri en sem nemi 6—10 þús. kr., en vegna verðlagsbreytinga er lagt til í 2. gr. frv. að hækka sektarmark þetta í 20 þús. En heimild þessi hefur gefizt vel og létt verulega álag á dómstólum, með því að ekki er þá nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstóla. Á sama hátt er lagt til að hækka verðmæti eigna, er tollyfirvöld mega gera upptækar án atbeina dómstóla, úr 50 þús. í 100 þús. kr. Hér er um að ræða, að þessi ákvæði séu samræmd því verðlagi, sem nú er hér. Ég held, að það sé augljóst, að hér er um að ræða nauðsynleg framkvæmdaatriði, sem ég vona, að hv. þdm. geti fallizt á.

Ég leyfi mér með tilliti til þess, hvað á þing er liðið, að fara þess á leit við hv. d., að hún hraði þessu máli, svo að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 554 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Efni þessa frv. er að taka af öll tvímæli um, að þeir, sem njóta þeirra réttinda að halda launum sínum, eftir að þeir hafa hætt störfum, geti ekki einnig haft lífeyrisréttindi. Svo er mælt fyrir um bæði hæstaréttardómara og saksóknara ríkisins, að þeir njóti fullra launa, þótt þeir séu hættir störfum. Þeir hafa einnig fengið eftirlaun eða átt rétt til þeirra úr lífeyrissjóðum, þó að þeir hafi e. t. v. ekki notað þann rétt nema að mjög takmörkuðu leyti. Hér eru tekin af öll tvímæli um það, að þeir eigi slíkan lífeyrisrétt, meðan þeir njóta launanna.

Eins og ég gat um hér í hv. d. um daginn, er verið var að vinna að endurskoðun á lögum um eftirlaunarétt og breytingum á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, en þau mál voru ekki

svo á veg komin, að hægt væri að leggja þau fyrir þetta þing. Þau atriði, sem í endurskoðuninni eru, eru m. a. þau, að sumir fyrrv. starfsmenn ríkisins taka eftirlaun úr mörgum lífeyrissjóðum og geta á þann hátt fengið hærri laun, eftir að þeir hætta störfum, en meðan þeir eru í fullu starfi. Þetta er í alla staði óeðlilegt. En það er nokkur vinna að koma þessu máli fyrir á sómasamlegan hátt, og þess vegna var ekki talið framkvæmanlegt að gera það nú. Hins vegar þykir sú breyting, sem í frv. þessu felst, augljós og sjálfsögð, og ég vænti þess, að hv. d. fallist á, að svo sé.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að loknini þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að þetta frv. er í beinu samhengi við frv. um breyt. á l. um hæstarétt, sem var til umr. hér í hv. d. fyrir fáum dögum. Í sambandi við það frv. flutti ég brtt., sem var ætlað það hlutverk að tryggja þau efnisatriði, sem í þessu frv. felast, þ. e. a. s. að engir starfsmenn ríkisins geti samtímis notið fullra launa og lífeyrisréttinda í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Við umr. um frv. um hæstarétt lýsti ég því yfir, að efni þeirrar brtt., sem ég flutti þá, ætti betur heima í l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en ítrekaðar tilraunir mínar í allshn. til að tryggja þá meðferð málsins höfðu ekki tekizt, svo að eftir var sá einn kostur, sem ég valdi. Eftir að ég flutti brtt. mína, hefur þetta frv. verið samið og lagt fram. Ég kem með engu móti auga á, hvað hefði þurft að koma í veg fyrir, að ámóta frv. og það, sem hér liggur fyrir, hefði verið flutt miklu fyrr, svo að afgreiðsla frv. um breyt. á l. um hæstarétt hefði ekki þurft að dragast svo lengi sem raun varð á. Þegar allt kom til alls og loks var tekið á málinu, tók þetta ekki langan tíma.

Ég fagna því, að þetta frv. hefur nú komið fram og tel, að brtt. mín hafi borið árangur og með samþykkt þessa frv. verði þeim tilgangi náð, sem ég hafði í huga með flutningi þeirrar till. Vissulega á efni hennar betur heima í l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eins og ég tók fram á dögunum. Ég mun því styðja að samþykkt þessa frv. og, þegar þar að kemur, draga til baka till. mína við frv. til l. um breyt. á l. um hæstarétt, þegar séð verður, að þetta frv. verður samþ. samtímis, þar sem flutningur þeirrar till. hefur náð tilgangi sínum og samþykkt þessa frv. tryggir þau efnisatriði, sem þar koma fram.

Ég vil svo aðeins að lokum taka undir með hæstv. ráðh., að brýna nauðsyn ber til, að lög um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna verði endurskoðuð til þess að afnema einnig þá reglu, sem nú gildir, að einstakir aðilar geti fengið lífeyri úr mörgum lífeyrissjóðum samtímis. Slík endurskoðun tekur lengri tíma en svo, að hún geti haldizt í hendur við þá takmörkuðu breytingu, sem hér er lagt til, að gerð verði vegna frv. um breyt. á l. um hæstarétt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja hér umr., enda ástæðulaust. Ástæðan til, að ég stend hér upp, er eingöngu sú, að ég hef áður gert þetta mál að umtalsefni og lýst sömu skoðun og hv. 10. landsk. þm. varðandi fjölgun dómara í hæstarétti, að það væri ekki hægt að una þeirri fjölgun, nema sú breyting yrði gerð, sem nú hefur verið lagt til, að gerð verði, með því frv., sem hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram. Eins og hv. 10. landsk. þm. sagði, reyndist þetta vera mjög einfalt mál og hefði því ekki þurft að velta fyrir sér þessu frv. í allan vetur í hv. allshn., því að þetta mál varðandi eftirlaunaréttinn er auðvitað alveg sérstaks eðlis og á ekkert skylt við spurninguna um það, hvaða eftirlaun menn kunni að fá vegna lífeyris, sem þeir hafa tryggt sér úr ýmsum sjóðum. Það mál er allt annars eðlis og er ekki á neinn hátt sambærilegt við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Það mál liggur ekki hér fyrir, þannig að það er ástæðulaust að vera að gera það að umtalsefni. En ég vil aðeins taka það fram, að ég er algerlega samþykkur þessu frv., sem hæstv. fjmrh. hefur lagt hér fram, og hef því ekki uppi neinar frekari mótbárur gegn því, að frv. um hæstarétt verði afgr. í trausti þess, að þetta frv. verði einnig afgreitt sem lög á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 556). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 556 er frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum. Frv. þetta er samið af n., sem skipuð var hinn 29. sept. s. l., en í skipunarbréfi n. var mælt svo fyrir:

„Endurskoðunin skal við það miðuð, að Landnám ríkisins hætti starfsemi sinni sem sjálfstæð stofnun, en verkefni þess verði falin öðrum stofnunum, sem vinna í þágu landbúanðarins, eftir því sem við á og hagkvæmt þykir.

Með endurskoðun á kafla l. um stofnlánadeild landbúnaðarins verði að því stefnt, að lánveitingar til landbúnaðarins verði til að stuðla að þeirri þróun, sem æskilegust er talin í landbúnaðinum hverju sinni. Skulu till. í þessu sambandi sniðnar í samræmi við þær hugmyndir um áætlanagerð um þróun landbúnaðarframleiðslunnar, sem settar voru fram í frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl., er lagt var fram á síðasta Alþingi.

Þá skal n. taka til athugunar, hvort ekki sé æskilegt, að bændasamtökin fái aðild að stjórn lánasjóða landbúnaðarins, á svipaðan hátt og t. d. iðnaðurinn á aðild að stjórn iðnlánasjóðs, eða verði á einhvern hátt ráðgefandi aðili um stefnumótun í lánamálum landbúnaðarins.“

Í n. voru skipaðir eftirtaldir menn: Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, Ágúst Þorvaldsson alþm., Gunnar Guðbjartsson form. Stéttarsambands bænda, Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, Magnús Jónsson alþm. og bankastjóri,

Stefán Sigfússon fulltrúi, Stefán Valgeirsson alþm., Þórhallur Tryggvason skrifstofustjóri og Þorvaldur G. Jónsson fóðureftirlitsmaður. Í samráði við landbrn. var Jónasi Jónssyni aðstoðarmanni ráðh. falið að vinna með n., og annaðist hann jafnframt ritarastörf. N. skipti viðfangsefnum í 3 þætti: 1) Stofnlánadeild landbúnaðarins, 2) Landnámið, 3) Grænfóðurverksmiðjurnar.

Þetta frv. fjallar um fyrsta þáttinn, sem tekinn var, og þó nokkuð af verkefnum Landnámsins. Gert er ráð fyrir, að starfsemi Landnámsins leggist niður sem sjálfstæð stofnun um næstu áramót. Í frv. því, sem samið hefur verið til jarðalaga og ekki kemur til afgreiðslu á þessu þingi, en e.t.v. verður langt fyrir þingið, áður en því lýkur, er gert ráð fyrir því, að þar falli hluti af verkefni því, sem Landnámið hafði áður. Annars er fylgt þeirri stefnu, að landbrn. taki við flestum verkefnum Landnámsins. Í aths. við jarðalögin verður gerð grein fyrir þeim till. Stofnlánadeildin hefur svo samið frv. til l. um heykögglaverksmiðjur ríkisins. Þar er fylgt svipaðri stefnu og í gildandi l. og er ekki nauðsynlegt, að ég geri frekar grein fyrir því.

Þeir þættir, sem eru meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, eru, að stjórn stofnlánadeildarinnar er breytt á þann hátt, að bændasamtökin fá aðild að stjórninni, þ.e. að einn fulltrúi verður frá Stéttarsambandi bænda og annar frá Búnaðarfélagi Íslands. Þessir aðilar taka sæti í bankaráði Búnaðarbankans, þegar fjallað er sérstaklega um málefni stofnlánadeildarinnar. Annað atriðið er fjármögnun deildarinnar og þriðja atriðið lánareglur, sem við á að miða, svo að hagur deildarinnar verði í framtíðinni betur tryggður, jafnframt því að fjármagna og stuðla að æskilegri uppbyggingu í landbúnaði. Þá er og í sambandi við stjórn stofnlánadeildarinnar það að segja, að gert er ráð fyrir því, að ráðinn verði sérstakur forstöðumaður stofnlánadeildarinnar. Bankaráðið á, að viðbættum þeim tveim mönnum, sem sæti taka í því, þegar fjallað er um málefni deildarinnar, að skipa þann mann og setja honum erindisbréf. Með því að veita bændasamtökunum aðild að stjórn stofnunarinnar, er fyrst og fremst verið að vinna að því, að þeir verði þátttakendur í þeirri stefnumótun, sem stofnlánadeildinni er ætlað að marka með lánastarfsemi sinni.

Eins og kunnugt er, hefur á síðari árum farið mjög í vöxt lánastarfsemi stofnlánadeildar landbúnaðarins og þó sérstaklega nú tvö síðustu árin. Þó er gert ráð fyrir því, að á næsta ári verði enn veruleg aukning. T.d. var árið 1970 lánuð 141 millj. kr. á vegum stofnlánadeildarinnar, en tæpar 370 millj. kr. á s.l. ári. Hins vegar er það svo, að ráðstöfunarfé deildarinnar hefur farið minnkandi á þessum sömu árum. 1970 var það 45% af heildarútlánum deildarinnar, 1972 22,4%, og miðað við áætlun 1973 gæti það farið niður í 11%. Þau erlendu lán, sem deildin hefur tekið síðan 1953 hafa farið verst með hag hennar. Matsverð þeirra samanlagt var 195 millj. kr. á lántökutíma, en þrátt fyrir það, að greitt hefur verið af þeim með eðlilegum hætti samtals 290 millj. kr., er upphæð þeirra nú 275 millj. kr. Það, sem einnig hefur rýrt ráðstöfunarfé deildarinnar verulega, er það, að orðið hefur að taka að láni fjármagn, sem bæði hefur verið á hærri vöxtum og lánað til skemmri tíma en deildin hefur aftur lánað út.

Í 4. gr. þessa frv. er ákveðin tekjuöflun til deildarinnar, og er þar gert ráð fyrir, að fast framlag ríkissjóðs verði 25 millj. kr., hækki úr 4 í 25 millj. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að þetta eina prósent, sem nú er framlag bænda til deildarinnar, haldist óskert til 1980 og ríkissjóður greiði á móti, eins og verið hefur, en gert var ráð fyrir, að gjald þetta lækkaði í árslok 1976 niður í 0,75 og héldist þannig til ársloka 1980. Þá er og gert ráð fyrir því, að gjald það, sem lagt er á útsöluverð búvöru, hækki og verði 1% líka og ríkissjóður leggi á móti sömu fjárhæð og gjald þetta gefur. Er gert ráð fyrir, að þessir tekjustofnar báðir standi til 1980, en ekki gert ráð fyrir, að þeir standi lengur, enda þess þá að vænta, að fjárhagur deildarinnar verði orðinn með þeim hætti, að hægt sé að halda starfseminni áfram, án þess að til þessara tekjustofna þurfi að grípa, eða það verður þá að leita annarra ráða, ef til þess kemur.

Þá er gert ráð fyrir því, að þessar tekjur geti gefið á þessu ári, 1973, a.m.k. um 50 millj. kr. og 1975 geri ég ráð fyrir, að þessi tekjuaukning geti nálgazt um 100 millj. kr.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um breyttar útlánareglur, og meginbreytingin frá gildandi lögum er sú, að reglurnar miðist við það, að bændur, sem hafa minna bú en sem svarar 1½ verðlagsgrundvallarbúi, njóti þeztu lánakjara að því marki, er þeir hafa náð slíkri bústærð. Þegar komið er fram yfir þetta mark, er heimild til þess, að hluti af lánunum verði á öðrum kjörum, sem svara til kostnaðarverðs fjármagnsins hverju sinni. Þegar um viðurkennt félagsbú er að ræða, deilist bústærðin eðlilega á aðila félagsbúsins. Þá eru ákvæði um það, þegar sérstaklega stendur á og talið er, að nauðsyn beri til að örva framleiðslu í ákveðnum greinum eða á ákveðnum svæðum, að heimild sé til þess að hækka hundraðshluta lánanna og veita þá allt að 70% af kostnaðarverði framkvæmda. Með þessum ákvæðum er þeim, sem setja sjóðnum lánareglur, gert kleift að aðlaga þær þeirri stefnu í landbúnaðarmálum, sem mörkuð er hverju sinni. Jafnframt er stefnt að því marki, að stofnlánadeildin eflist og geti betur gegnt því hlutverki sínu í framtíðinni, sem hún nú gegnir.

Í 8. gr. eru þau ákvæði, að þegar sérstaklega stendur á, sé heimilt að hafa lán til íbúðarhúsa og útihúsabygginga afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Er með þessu gert ráð fyrir, að í vissum tilfellum, svo sem þegar um frumbýlinga er að ræða með erfiðar aðstæður, megi beita þessu ákvæði, og stjórnendur ráða því, þó að aðalreglan sé eins og verið hefur.

Þá er í 9. gr., sem fjallar um vexti af lánum stofnlánadeildar, heimild, sem er í samræmi við 6. gr. núgildandi l., um að ákveða mismáa vexti af lánum deildarinnar. Ákvæðum þessara tveggja greina er mörkuð sú stefna, að lán til vinnslustöðva og annarra framkvæmda, sem ekki eru ávegum einstakra bænda, verði með þeim kjörum, að þau valdi deildinni ekki sérstökum kostnaðarauka.

Gerð hefur verið grein fyrir I. kafla frv. með

því, sem ég hef nú sagt. II. kafli frv. fjallar um íbúðarhúsabyggingar og er óbreyttur frá gildandi lögum. Um Byggingastofnunina er frv. efnislega alveg óbreytt um málefni, er varða byggingarfulltrúa, en það hefur ekki verið tekið sérstaklega til athugunar í þessari n., enda vinnur n. á vegum félmrh. að endurskoðun laga um byggingarsamþykktir.

Ég hef í ræðu minni hér að framan reynt, eins fljótlega og mögulegt er, að gera grein fyrir þessu frv., sem ég tel, að sé á margan hátt hið merkasta, og þakka hv. nm. fyrir störf þeirra að samningu frv. Ég held, að um það megi segja, þó að ýmsir nm. hafi viljað hafa mörg atriði á annan veg en gert er ráð fyrir í frv., að menn hafi eftir atvikum getað sætt sig við þessa niðurstöðu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég bið afsökunar, að ég skyldi ekki vera við. Ég hélt, að hæstv. landbrh. mundi flytja lengra mál, því að þetta er töluvert veigamikið frv., sem hér er um að ræða, og það er í rauninni, eins og hann sagði, þríþætt. Það er í fyrsta lagi nokkur breyting á yfirstjórn stofnlánadeildarinnar, þ. e. a. s. gert ráð fyrir, að bændasamtökin fái þar vissa aðild að stjórn. Það er í öðru lagi um fjármál deildarinnar og í þriðja lagi er ný stefnumörkun, sem heimilað er að taka upp varðandi útlán úr deildinni. Um þetta vildi ég aðeins segja nokkur orð, af því að það vill svo til, að ég var skipaður í þessa n. Ég vil taka það skýrt fram, að ég var ekki skipaður í hana sem fulltrúi míns flokks hér, heldur var sérstaklega óskað eftir því af ráðh. Ég lít svo á, að það hafi ekki sízt verið vegna stöðu minnar sem bankastjóra Búnaðarbankans, að þess var óskað. Tel ég rétt, að þetta komi hér fram, til þess að það liggi ljóst fyrir, að það beri ekki að líta á þátt minn í þessum till. sem afstöðu Sjálfstfl. til málsins. Með því er ég ekki að segja, að Sjálfstfl. sé á móti málinu, það er önnur saga, en ég vil aðeins taka þetta fram, svo að það valdi ekki misskilningi.

Ég mun ekki sérstaklega gera að umtalsefni aðild fulltrúa bændasamtakanna að stjórn deildarinnar, heldur víkja að hinum þáttum málsins tveimur og þá fyrst og fremst fjárhagsþættinum, sem ég álít, að skipti í rauninni meginmáli í þessu sambandi. Án þess að sá þáttur sé í lagi, er það svo um þessa sjóði sem aðra, að þeir gera harla lítið gagn, hvað sem líður öðrum fyrirmælum í lögum um það, hvaða hlutverki þeir eigi að gegna.

1962 var eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, svo komið málum stofnlánasjóða landbúnaðarins, þ. e. ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs, að þeir voru gersamlega fjárþrota og í rauninni verra en það, því að um var að ræða miklar skuldir umfram eignir. Það var því reynt að undirbyggja nýtt kerfi með þeim hætti að afla stofnlánadeildinni, hinum nýja aðalstofnlánasjóði landbúnaðarins, eigin fjár með vissum hætti. Það var valin sú leið að leggja ákveðin gjöld á framleiðendur vörunnar og neytendur vörunnar og í þriðja lagi kom til mótframlag ríkissjóðs gegn framlagi bænda. Þetta virtist allt harla gott og líta bærilega út og geta lagt grundvöll að fjárhagsafkomu stofnlánadeildarinnar í framtíðinni. Síðan þetta gerðist hefur þó mikið vatn til sjávar runnið og margt gerzt, sem veldur því, að á þessu hefur orðið breyting í neikvæða átt. Það er þess vegna skoðun mín og hefur verið alla tíð, að þegar breyting var síðast gerð á lögum um stofnlánadeildina, þar sem gert var ráð fyrir, að vissir tekjustofnar hennar eða raunverulega meginhluti tekjustofna hennar féll smám saman úr gildi, hafi það verið mjög óráðlegt, þótt það væri sjónarmið út af fyrir sig, að með því væri verið að létta kvöðum af bændum, þ. e. a. s. 1% búvörugjaldinu. Það var á sínum tíma mjög gagnrýnt, þó að það hafi ekki mikið verið hin síðari ár, þar sem bændur hafa fullkomlega skilið þýðingu þessa framlags til að byggja upp þennan undirstöðusjóð landbúnaðarins til þess að efla framkvæmdir og framfarir í sveitum landsins. Engu að síður var það samtímis því sem þarfirnar fyrir fjármagn til útlána úr stofnlánadeild fara stöðugt vaxandi vegna aukinna framkvæmda í sveitum og aukins tilkostnaðar við byggingar og ýmissa nýrra kvaða, sem á deildina hafa verið lagðar á síðustu árum með tilkomu nýrra búgreina, og gera má ráð fyrir, að um fleiri slíkar greinar geti orðið að ræða, eða við skulum vona það, — þá var það auðvitað með öllu óhugsandi, að hægt væri að draga úr tekjustofnum deildarinnar, þótt mönnum kynni að sýnast, að rétt væri að breyta þeim með einhverjum hætti.

Ég álít að það hafi verið mjög tímabært, að nú væri hafizt handa um að taka þetta mál til meðferðar, enda í rauninni ekki um annað að ræða, vegna þess að horfur voru það óskyggilegar um afkomu deildarinnar, eins og hæstv. landbrh. hefur hér vikið að, miðað við fjárþörfina. Raunverulega er svo komið á þessu ári, eða verður a. m. k. á næsta ári, að eigið fé deildarinnar rennur að óbreyttum lögum, í rauninni allt út í sandinn, þ. e. a. s. það verður ekki til ráðstöfunar til útlána. Þetta byggist einfaldlega á því, að vegna vaxtamunar, vegna gengistaps og greiðslu á gengistryggðum lánum, sem ekki hafa nema að litlu leyti verið endurlánuð aftur með gengisáhættu, minnkar stöðugt ráðstöfunarfé deildarinnar, þó að tekjur hennar fari raunar vaxandi. Þannig er það, að þó að tekjur deildarinnar í ár séu áætlaðar um 110 millj. kr., er ekki gert ráð fyrir, að af þessum 110 millj. verði til ráðstöfunar nema 71 millj. til útlána. Þetta stafar einfaldlega af því, að gengisbreytingar hafa enn komið til, og auk þess verður með vaxandi lántökum, sem eru með þeim hætti, að lánin eru tekin með miklu hærri vöxtum en endurlánað er, vandi deildarinnar sífellt meiri og meiri. Er í grg. með frv. bent á það, sem auðvitað er mjög hörmuleg niðurstaða, að af erlendum lánum, sem í upphafi námu 195 millj. kr. og tekin hafa verið eftir 1950, eru eftirstöðvarnar enn 275 millj. kr., þó er búið að greiða 290 millj. í afborganir af þessum lánum. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, hversu óheilbrigð þessi þróun er og nauðsyn

úrbóta. Og næsta ár er ekki gert ráð fyrir, að til ráðstöfunar verði af eigin fé deildarinnar að óbreyttum lögum, nema um 47 millj. kr. Við sjáum gerla, hversu alvarlegt ástand þetta er, þegar þess er gætt, sem upplýst hefur verið hér, að útlán deildarinnar hafa farið stöðugt vaxandi. Þau námu 141 millj. 1970, 254 millj. 1971 og 369 millj. 1972. Og framkvæmdahugur bænda á árinu 1973 er slíkur, að miðað við þær umsóknir, sem fyrir liggja, er fjárþörfin um 640 millj. kr. Nú er ekki þar með sagt, að ekki megi eitthvað lækka þessa fjárþörf, og menn kunna að segja sem svo: Hví í ósköpunum er þörf á að hækka þetta ár frá ári? Það er í rauninni ekki nema eitt, sem hægt er að lækka, án þess að gerbreyta fyrri starfsháttum stofnlánadeildarinnar, og það eru vinnslustöðvar landbúnaðarins. Og það er auðvitað miklum takmörkunum háð, hvað hægt er að leyfa sér að lækka framlög til vinnslustöðva, sem að sjálfsögðu eru eigi síður brýnar en lánveitingar til framkvæmda einstakra bænda, því að framkvæmdir þeirra hafa litla þýðingu, ef ekki er hægt að hafa vinnslustöðvar, sem eru færar um að leysa sín verkefni af hendi. Ef við skoðum því þessa tölu, eins og hún liggur fyrir, og það fjármagn, sem samkv. framkvæmdaáætlun nú er ætlað til deildarinnar, og eigið ráðstöfunarfé hennar, kemur mjög skuggaleg niðurstaða í ljós og alvarleg, sem ég fæ raunar alls ekki séð, hvernig hægt er að horfast í augu við. Samkv. till. um fjármögnun stofnlánasjóðanna, sem nú liggja fyrir hinu háa Alþ., er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin hafi til lánveitinga á árinu aðeins 421 millj. kr. upp í þessar 643 millj. Fjárvöntun deildarinnar nemur því 220 millj. kr. Hér er um geigvænlega vöntun að ræða. Þó að hugsanlegt sé að lækka eitthvað umbeðnar lánveitingar til vinnslustöðva, getur það naumast orðið nema 60—70 millj. kr. Er því augljóst, að það vantar, þó að tekið sé tillit til þessa, um 150 millj. kr. hið minnsta, en um 220 millj., ef á að standa við bakið á vinnslustöðvunum eins og þörf væri á.

Það má segja, að undanfarin ár hafi ekki verið fylgt neinum reglum um lánveitingar til vinnslustöðva, þannig að það hefur gengið á ýmsu eftir því, hvernig fjárhag deildarinnar hefur verið háttað. En ég hlýt að vekja athygli á því, að ef deildina á að vanta þær 150 millj., sem hana vantar til almennra útlána umfram þá 70 millj. kr. skerðingu, sem ég gat um áðan, að hefði verið reynt að framkvæma í sambandi við vinnslustöðvarnar, verður að taka upp alveg nýja útlánahætti stofnlánadeildar, sem aldrei hafa áður þekkzt. Það verður að byrja á því í fyrsta sinn á þessu ári beinlínis að neita bændum um lán, enda þótt þeir uppfylli öll skilyrði. Það er ekkert nýtt, að það sé skipt niður á tvö ár, stórum lánveitingum, t. d. þegar um stórbyggingar, eins og hin nýju og dýru fjós er að ræða, þannig að í því felst engin breyting. En það mundi á engan hátt hrökkva til í þessu sambandi, heldur yrði að grípa til þess úrræðis, sem, eins og ég áðan sagði, aldrei hefur verið gert, að velja úr, hvaða bændur skuli fá lán, og láta hina bíða. Þetta álít ég mjög óskyggilega þróun. Sumir munu segja: Þetta er ekki annað en það, sem aðrir stofnlánasjóðir verða að láta sér lynda. Það er nú svo. Fiskveiðasjóði Íslands er aflað fjár, sem hefur verið upplýst hér af hæstv. sjútvrh., að í rauninni sé fullnægjandi til þarfa þess sjóðs, og fjáröflun til hans er langstærsti hlutinn af því fé, sem á að afla á þessu ári til stofnlánasjóðanna. Ég er síður en svo að gagnrýna það. Þar er um mikla nauðsyn að ræða, og fiskveiðasjóður hefur bundið sér miklar byrðar. En það er í rauninni ekki síður erfitt að fara inn á þá braut, sem yrði nú að fara, að skera niður lánveitingar og velja úr hópi bænda, sem sækja um lán og fullnægja öllum skilyrðum. Það er a. m. k. uggur í mínum huga um það, hvernig slíkt á að vera mögulegt.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að auka nokkuð tekjur stofnlánadeildarinnar. En þær auknu tekjur eru innifaldar í þeim tölum um fjáröflun, sem ég gat um áðan, þannig að þær breyta engu. Frv. sjálft á að taka gildi varðandi fjáröflun um mitt þetta ár. Það, sem nemur þar mestu, er árlegt framlag ríkissjóðs, sem hækkar um 21 millj. kr., smávægileg hækkun á álagi á neytendagjald, sem verður 1% í stað 0,75%, og í þriðja lagi árlegt framlag ríkissjóðs, sem kemur einnig á móti þessu gjaldi, en verður ekki ýkjahátt á þessu ári, sem nú er að hefjast, þar sem þetta tekur ekki gildi fyrr en á miðju árinu. Þessar nýju tekjur skipta því ekki miklu máli fyrir árið í ár og leysa ekki þann vanda, sem hér um ræðir, því að þær eru innifaldar í þeim tölum, sem ég gat um. Ég vil taka það fram, að fyrir mitt leyti álít ég, að hér sé um rétta leið að ræða, og hef ekkert við þetta að athuga.

Þriðja atriðið, sem ég gjarnan vildi minnast á hér, er hin nýja stefnumörkun varðandi lánveitingar til landbúnaðarframkvæmda, sem ég geri ráð fyrir, að e. t. v. orki mest tvímælis og valdi mestum umr. og jafnvel deilum í sambandi við þetta mál, en ég hygg, að bændasamtökin fyrir sitt leyti hafi haft áhuga á eða a. m. k. séu ekki andvíg, að tekin verði upp. Það á að taka upp í nokkrum tilfellum óhagstæðari lánakjör en nú eru, bæði í sambandi við vinnslustöðvar landbúnaðarins og einnig þegar um er að ræða, að framkvæmdir bænda séu komnar, eins og hér er orðað, yfir hálft annað vísitölubú. Hvort það er rétt viðmiðun, skal ég ekkert um segja. En hér hafa menn leiðzt inn á þær brautir, sem eru í mjög öfugu hlutfalli við það, sem hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, að hún gæti farið inn á, en það var að lækka vexti af lánum stofnlánasjóða. Ég hef aldrei haft trú á því persónulega, að slíkt væri hægt, og ég held, að menn hafi komizt að raun um það nú í sambandi við alla stofnlánasjóðina, að þetta er óraunhæft. Það er ekki til lengdar, eins og t. d. með stofnlánadeildina, mögulegt að afla henni fjár svo að segja 100% með lántökum, þar sem lánin eru tekin í flestum tilfellum með e. t. v. 10% vöxtum og endurlánuð aftur með 6 og 6½%. Það er enginn möguleiki að byggja upp slíkan lánasjóð, nema með stórkostlegum kvöðum á ríkissjóðinn, sem ég efast um, að menn séu reiðubúnir til að fallast á. Þetta kemur að sjálfsögðu allt til álíta hér. En það, sem mér finnst, eins og ég sagði, uggvænlegast, er fjárskortur

sá, sem stofnlánadeildin á nú við að búa. Menn munu að vísu segja: Hér er um líka aukningu að ræða í framkvæmdum í sveitum, að slíkt hefur aldrei þekkzt. Og rétt er það. Menn kunna einnig að segja: Verður þetta raunhæft? Ég held, að það verði raunhæft. Því sama var spáð bæði í fyrra og hitteðfyrra, að áætlun stofnlánadeildarinnar væri ekki raunhæf. Það reyndist svo í báðum tilfellunum, að það munaði aðeins örfáum millj., og nú liggja fyrir, við gerð framkvæmdaáætlunar, endanlegar umsóknir bænda og útreikningar á þeim, sem ekki hafa áður legið fyrir, þannig að það er því minni ástæða til þess að ímynda sér, að þessar áætlanir nú séu ekki raunhæfar.

Ég vildi, herra forseti, aðeins vekja athygli á þessum atriðum og benda á, hversu hér er um mikið alvörumál að ræða og hversu veigamikið það er, að þessi höfuðstofnlánasjóður landbúnaðarins verði undirbyggður á enn traustari hátt en gert hefur verið. Það er sjáanlegt, að framkvæmdaáhugi bænda er svo mikill og fjárþarfirnar til framkvæmda það miklar, að enginn kostur er að halda því áfram með því, að deildin verði svo að segja 100% að fjármagna sig með aðfengnum óhagstæðum lánum. Það er enn fremur rétt að vekja athygli á því, sem ég hygg, að allir hv. þdm. munu vera sammála um, að ég tel útilokað með öllu, að bændur fari að taka gengistryggð lán eða lán með spariskírteinakjörum til almennra framkvæmda sinna. Hins vegar er jafnfráleitt með öllu, að deildin geti tekið á sig bagga af slíkum lánum, eins og þegar hefur sýnt sig með gengistryggðu lánin, — en í fyrra varð að taka 110 millj. með spariskírteinakjörum, — ef lánað er með almennum kjörum. Deildin getur ekki tekið á sig slíkar byrðar nema með því móti að fá enn meiri aðstoð en gert er ráð fyrir í þessu frv.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta mál. Ég taldi rétt að vekja athygli á þessum staðreyndum. Að öðru leyti hlýtur málið að sjálfsögðu athugun í n., og mönnum gefst þá kostur á að ræða það, þegar það kemur þaðan aftur.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði, sem ég óska eftir að ræða við þessa 1. umr. um frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, sem hér liggur fyrir, en það eru örfá atriði, sem mig langar að minna á.

Í fyrsta lagi vil ég minna á, að það eru tæplega liðin tvö ár, síðan gerð var gagnger endurskoðun á l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Þau lög voru samþ. 5. april 1971, og áttu menn því tæplega von á því, að jafnumsvifamikil breyting yrði gerð á þeim lögum og nú hefur sýnt sig í þessu frv.

Langveigamesta breytingin frá því, sem er í eldri l., er, að öll ákvæði um Landnám ríkisins eru felld niður. Þau eru ekki framar í þessum lagabálki. Ég skal ekki að svo komnu máli fella neinn dóm um, hvort það er gert með réttu eða röngu. En hitt vil ég minna á, að um leið og lagt er til, að sá kafli sé felldur niður, þó að hann eigi að vísu að vera í gildi til næstu áramóta, eigum við engan veginn víst í dag, að komin verði í gildi lög 1. jan. 1974, sem komi í staðinn fyrir þau, sem lagt er til, að falli úr gildi 1. jan. 1974. Ég verð að segja, að mér finnst óþarfi að taka ákvörðun um það nú þegar, að þau skuli skilyrðislaust felld úr gildi 1. jan. 1974, eins og gert er ráð fyrir hér. Þó að stjórnvöld hafi á því fullan hug að koma fram þeim lagabálkum, sem enn hafa ekki birzt hér á Alþ., jarðalögum, sem sennilega eiga að taka við því hlutverki, sem kaflanum um Landnám ríkisins er gert að annast í eldri l., er engan veginn víst, að til þess gefist tóm á haustþinginu, þó að ætlazt sé til þess nú. Ég vildi aðeins benda á þetta við 1. umr. til athugunar við afgreiðslu þessa máls.

Ég verð að segja það, að í jafnveigamiklu máli og því, sem hér er til umr., er að sjálfsögðu mjög varhugavert, hversu seint frv. kemur fram og hversu lítill tími gefst til að kanna það og ræða í n., ef við það áform verður staðið að ljúka þingstörfum fyrir páska. Ég verð að segja það, að ég á mjög erfitt með að svo komnu máli að tjá mig að nokkru leyti um þetta frv. á þessu stigi. Ég leyfði mér þann munað að skjótast heim til mín á laugardagskvöldið og kom aftur í gærkvöld, og ég sá þetta frv. fyrst í morgun. Það er tekið til 1. umr. samdægurs, svo að tími gefst ekki til að átta sig á því til fulls, hverjar breytingar eru hér gerðar. Ég er ekki á neinn hátt að mæla gegn einu eða neinu, sem fram er sett í þessu frv., en ég get ekki stillt mig um að benda á, að það er gert ráð fyrir, að framlög ríkisins til stofnlánadeildar hækki nokkuð á þessu ári. Ég geri ráð fyrir, að tölur, sem upp eru gefnar með frv., séu miðaðar við ársgrundvöll, þannig að framlag ríkisins á árinu 1973 verði 73 millj. kr. á móti framlögum af bændaskatti og neytendaskatti, sem einu sinni voru kallaðir svo plús 25 millj., sem er fast framlag. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1973 eru ætlaðar 30 millj. til þessara hluta. Það verður að sjálfsögðu einhvers staðar að ná þessum halla, sem þarna er á, og dugir ekki að beita 15% niðurfærslunni á þann lið, ef á að standa við þau lög, sem hér er verið að samþykkja.

Um leið og þetta atriði er rætt, er ekki úr vegi að rifja það upp, að þegar stofnlánadeild landbúnaðarins var raunverulega stofnuð 1961, umr. urðu um hana 1961, var þar lagt til, að lagður yrði sérstakur skattur á búvöruframleiðslu bænda, sem legðist til stofnlánadeildarinnar, um leið og nokkurt gjald var lagt á söluna til neytenda. Ég minnist þess, að við umr. hér á Alþ. fóru framsóknarmenn mjög háðulegum orðum um þessa stefnu, sem þá var tekin upp, og kölluðu þennan skatt bændaskatt, sem lagður væri á þá óverðuga og á mjög ósanngjarnan hátt. Sumir þeirra reiknuðu út, að með því að þessi skattur væri innheimtur af bændum, gengjust þeir undir að borga allt að 16% vexti af lánum sínum við stofnlánadeildina.

Við síðustu endurskoðun á stofnlánadeildarl., sem var gerð, eins og ég sagði áðan, 1971, var ákveðið að lækka þetta 1% gjald í áföngum, það væri 1% til ársins 1975 og lækkaði svo

á 5 ára fresti um 0.25%. Nú er gert ráð fyrir því, að þetta gjald haldist 1% til ársins 1980. Ég verð að segja, að það er kaldhæðni örlaganna, að þeir menn, sem gagnrýndu það harðast að leggja þennan skatt á bændur, skuli verða til þess að framlengja hann og hækka frá því, sem búið var að ákveða. En það má vera, að þeir hafi nú gert það, sem viðreisnarstjórnin vanrækti að þeirra dómi, að ráðfæra sig við bændur um það, hvort réttmætt væri að leggja þennan skatt á. Ég man eftir því, að það voru haldnar um það margar ræður, að hér hefði verið gengið í berhögg við vilja bændanna. Sennilega er það svo, að nú sé það vilji bændanna að fá þarna skatt á sig og fá hann framlengdan frá því, sem verið hefur.

Þessu frv. verður væntanlega vísað til landbn., sem ég á sæti í, og mun ég því ekki að þessu sinni gera tilraun til þess að kryfja þetta mál frekar til mergjar, en hef aðstöðu til þess í n. Ég mun að sjálfsögðu nota mér það, eftir því sem tími vinnst til, sem mér sýnist, að sé reyndar orðinn æðiskammur.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þessar umr. að neinu verulegu leyti, en þar sem hæstv. landbrh. er bundinn við umr. í Nd., vil ég aðeins taka það fram út af því, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að 15% niðurskurður kemur ekki til greina í þessu sambandi, þannig að það liggur alveg ljóst fyrir.

Það er auðvitað rétt, sem hv. þm. sagði, að segja má, að lítill tími sé til stefnu. Það er alltaf slæmt, þegar þarf að leggja mál fram mjög seint á þingtíma, en ég hygg, að það sé ekkert nýtt nú, það hafi oft gerzt áður. Ég held líka, að menn ættu ekki að láta sér þennan lagabálk svo mjög í augum vaxa, vegna þess að ég vona, þegar menn fara að skoða og bera hann saman, að þeir sjái, að hann er að mjög miklu leyti a. m. k. endurtekning þeirra ákvæða, sem nú eru í lögum.

Ég hygg, að það sé alveg rétt upp tekið, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. benti á, að í raun og veru er þarna um þrjú tiltölulega einföld nýmæli að tefla. Það er í fyrsta lagi þetta að veita samtökum bænda sjálfra aðild að bankaráði, þegar fjallað er um þau málefni, sem stofnlánadeildina varða. Ég hygg, að það sé skynsamleg regla að því leyti, að með því móti verði eytt tortryggni, sem annars kann alltaf að vera fyrir hendi. Það getur að öðru leyti verið heppilegt fyrir stofnlánadeildina sjálfa, að fulltrúar bænda geti þannig óvefengjanlega fylgzt með í þessum efnum. Það er líka gert samkvæmt óskum, sem hafa verið uppi fyrr, að ég hygg, frá samtökum bænda.

Í öðru lagi er það, og það er auðvitað höfuðmálið, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir, að reyna að bæta fjárhagslega stöðu stofnlánadeildarinnar. Það er stigið skref í þá átt með þessu frv. En það má alveg réttilega segja, að þetta sé ekki stórt skref, og það er öllum ljóst, sem um þessi mál hafa fjallað, að þarna er ekki um að ræða fullnægjandi lausn á vandanum. Þessi mál hafa verið til umr., athugunar og endurbóta æ ofan í æ. Það má búast við því, að það verði svo framvegis, að taka verði á þessum málum eftir því, sem þarfirnar segja til um. En þótt skrefið sé ekki stórt, er það vafalaust skref í rétta átt og bætir nokkuð úr þeim fjárskorti, sem er fyrir hendi hjá stofnlánadeildinni. Það er geysileg eftirspurn eftir lánum, og það er geysilegur áhugi á framkvæmdum í landbúnaði. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það var af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum nokkur kyrrstaða um skeið eða a. m. k. dró mjög úr framkvæmdum vegna þess, hvernig ástatt var í a. m. k. ýmsum landbúnaðarhéruðum. Nú hefur árferðið verið gott, afkoma bænda góð og eðlilegt, að framkvæmdaáhugi þeirra vakni mjög. Ég efast ekki um, að þessar áætlanir, sem hafa verið gerðar af stofnlánadeildinni, hafa í meginatriðum við rök að styðjast. Ef þessu heldur fram, verður að finna ráð til þess að leysa mál stofnlánadeildarinnar með öðrum hætti og gera henni kleift að gegna sínu hlutverki. En e. t. v. má gera sér í hugarlund, að um þessar mundir sé um að ræða vissan, ef ég má segja svo, framkvæmdatopp í þessum efnum, þannig að vel gæti verið, að á þeirri þörf, sem fyrir hendi er og hefur skapazt, mundi eitthvað létta og e. t. v. eitthvað draga úr þessu. Um þetta skal ég ekki fullyrða og hef ekki aðstöðu til að meta það, en ég er algerlega sammála hv. 2. þm. Norðurl. e. um, að það er engin framtíðarstefna að halda þannig á málum um stofnsjóði, að framlög til þeirra séu étin upp jafnóðum. Það er rétt, sem hann sagði um okkar ásetning og góðu áform að lækka vexti og því um líkt á ýmsum stofnlánum. Það má segja, að „öllum getur yfirsézt, einnig þeim á Fjalli". Það má vel vera, að okkur hafi yfirsézt í þessu efni. En á hitt vil ég líka benda, að hvorki við né aðrir hafa getað séð fyrir að ástand, sem hér hefur verið og er, þ. e. a. s. það þensluástand, sem er í þjóðfélaginu. Þegar slíkt ástand er, verð ég að segja, að það getur verið alveg réttlætanlegt að taka öðruvísi á peningamálum en menn hefðu annars viljað gera, ef öðruvísi hefði staðið á. Ég er þeirra skoðunar, að það verði að taka þessi mál einmitt til endurskoðunar.

Og þá er það þriðja atriðið í þessu frv., sem er þýðingarmikið. Það er heimild til þess að taka útlánareglur stofnlánadeildarinnar til skoðunar. Ég held, að það geti verið erfitt að standa við og ætla sér að halda til streitu reglum um skyldulán, hvernig sem á stendur og hvaða aðstaða sem er fyrir hendi hjá væntanlegum lántakanda. Ég held, að það sé ekkert óeðlilegt, að það sé bundið mat, sem þar komi til greina, hvað hann sé búinn að fá mikið lán, hvað hann sé búinn að framkvæma, hvað sé eðlilegt að lána í þessu falli bónda á tiltekinni jörð. Mér skilst, að með þessu frv. sé skapaður möguleiki til þess að setja þvílíkar reglur. Ég verð að segja, að það er einmitt trygging fyrir því, að þær reglur verði ekki þannig úr garði gerðar, að þær halli óeðlilega á bændur, að fulltrúar þeirra eiga um þær að fjalla.

Ég held þess vegna, að nýmælin, sem eru í þessu frv., horfi öll til bóta. Það getur vel

verið, að það hefði mátt gera þetta frv. þannig úr garði, að það hefði verið miklu fyrirferðarminna, og hefði mátt setja þetta fram í frv. til breytinga, þá hefðu þessi atriði komið þar fram, en ekki verið um jafnlangan lagabálk að ræða og nú er í þessu tilfelli. En ég held sem sagt, að við skoðun í n. komist menn að raun um það, að þarna er í mörgum tilfellum a. m. k. og ég held að verulegu leyti um að ræða aðeins endurtekningu á þeim ákvæðum, sem þegar eru fyrir hendi. Þetta er í sem stytztu máli höfuðatriðin, sem um er að ræða. Þess vegna vona ég, að með góðvilja geti menn sameinazt um að afgreiða þetta mál með tiltölulega skjótum hætti. Því er ekki að neita í sambandi við frv., að það, að framkvæmdaáætlun ríkisins standist, er að nokkru leyti forsenduatriði fyrir því, að þessi fjáröflun, þó að hún sé ekki stór í þessu tilfelli, komi til greina. Þess vegna verður þetta nokkuð að fylgjast að.

Ég vil leyfa mér líka, því að hæstv. landbrh. er ekki við hér, að þakka hv. 2. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir og reyndar einnig hv. 6. þm. Sunnl., sem tók þessu máli á engan hátt illa, þó að hann hefði ekki haft aðstöðu til þess enn að setja sig inn í það.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, varðandi Landnám ríkisins, að ég minntist ekki á það atriði í mínu máli áðan og vil ekkert um það fullyrða, hvort það sé til bóta eða ekki að fella það niður úr stofnlánadeildarlögunum. Það var hins vegar í erindisbréfi okkar frá hæstv. landbrh. að n. var falið að gera till. með hliðsjón af því, að starfsemi landnámsins yrði felld niður, og því var það gert. Ég hef ekki gert um það neinn sérstakan ágreining.

Í annan stað vil ég taka fram, að það er enn þá margt óunnið í sambandi við þessi mál og þetta frv. segir ekki nema hálfa sögu. Það vantar í lög ýmis ákvæði, sem óhjákvæmilegt er að hafa þar, m. a. hvernig á að fara með viss verkefni Landnáms ríkisins, sem þarna er lagt niður. Það mun ætlunin að setja sérstök jarðalög, eftir því sem ég bezt veit, og sum þessara ákvæða eða atriða, sem mönnum kann að finnast snubbótt, að hverfi úr lögunum allt í einu, eru fyrirhuguð í þessum væntanlegu jarðalögum. Nú vil ég taka það fram, að ég hef ekki séð það frv., og ég get mjög tekið undir, að það er mjög bagalegt, að þetta mál skuli vera svona seint á ferðinni hér, hefði raunar getað verið tilbúið fyrr, en látum það gott heita. Ég geri ráð fyrir því, að ein ástæðan fyrir því, að það var ekki tilbúið fyrr, sé sú, að það voru til meðferðar fjárhagsvandamál fleiri stofnsjóða. Ég geri ráð fyrir, að rikisstj. hafi viljað hafa einhverja hliðsjón af þessum málum hverju fyrir sig, þegar ákvörðun var tekin um að veita fé úr ríkissjóði til sjóðanna.

Þetta taldi ég rétt, að kæmi hér fram, vegna þess að við yfirlestur frv. í n. hygg ég, að hv. landbn. rekist á ýmis göt, sem hún hæglega getur stungið fingri sínum í, þar sem eru niður felld verkefni og viðfangsefni, sem áður voru í lögum og þarf að sinna, en ekki er að finna í þessu frv. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram. Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr. um málið. Þetta kemur til athugunar á sínum tíma eins og hér var bent á af hv. 6. þm. Sunnl. Það er auðvitað æskilegt að landbn. athugi málið fyrst, og það verður þá aðstaða til að ræða það betur, þegar þeirri meðferð er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Breyting á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 565). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af dómsrn. og félmrn. í sameiningu að segja má. Það er samið samkv. þál., sem samþ. var á síðasta Alþ. og flutt var, að ég held, af öllum þm. Reykn. Það hefur verið gerð sú breyting á sýslumörkunum og lögsagnarumdæmunum, sem farið var fram á og fólst í þessari þál., að öðru leyti en því, ef ætlunin hefur verið, að Keflavíkurflugvöllur væri tekinn þar inn í, að með þessu frv. er ekki gerð nein breyting á þeirri skipan, sem þar hefur gilt og gildir, þannig að það verður áfram algerlega óbreytt skipan um Keflavíkurflugvöll og það umdæmi. En þarna verður sem sagt Gullbringu- og Kjósarsýslu skipt á milli embættismanna, þannig að Gullbringusýsla kemur til með að falla undir bæjarfógetann í Keflavík, sem jafnframt verður sýslumaður í Gullbringusýslu, en Kjósarsýsla, með þeim breytingum, sem gerðar eru varðandi tilfærslu hreppa, fellur undir bæjarfógetann í Hafnarfirði, sem verður sýslumaður í þeirri sýslu.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd., og þar voru gerðar þær breytingar, að samþ. voru ákvæði til bráðabirgða, sem sett eru til öryggis og til þess að taka af vafa. Það liggur í hlutarins eðli, að umboð þeirra sýslunefndarmanna, sem síðast voru kjörnir, haldast að sjálfsögðu óbreytt, þó að þeir færist á milli sýslunefnda. Það eru tveir hreppar, sem færast milli sýslna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég held, að það sé nokkuð ljóst og er flutt samkv. óskum íbúa á þessum svæðum. Það hefur farið fyrir sýslunefndirnar og einhverjar hreppsnefndir, og yfirleitt voru svörin jákvæð, sem bárust, með e. t. v. einni undantekningu. Lýsingu á því er að finna í athugasemdum, og þau gögn getur hv. n., sem fær frv. til meðferðar, fengið til athugunar, eins og hver önnur gögn, sem liggja fyrir í rn. varðandi þetta mál. Þessu frv. var í Nd. vísað til allshn. og ég vil gera það að till. minni, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir þessu frv. og láta í ljós von

um, að það fái sem skjótasta afgreiðslu og umfram allt á þessu þingi. Eins og hæstv. forsrh. tók fram, er við þetta frv. að finna einhverjar mótbárur, en ég vil fullyrða, að óskir um þessar breytingar og meðmæli með, að slík breyting eigi sér stað, eru margfalt þyngri á metunum en þær örfáu gagnathugasemdir, sem hér um ræðir. Herra forseti. Ég læt í ljós von um, að málið megi fá sem skjótasta afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj .atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 471 er frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Snemma á árinu 1972 var skipuð n. til að endurskoða gildandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins svo og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög um verkfall opinberra starfsmanna. Í n. þessari áttu sæti margir heiðursmenn. Formaður hennar var Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, en auk hans voru í n. Arnmundur Bachmann lögfræðingur, Björgvin Vilmundarson bankastjóri, dr. Gunnar Thoroddsen prófessor, Ingólfur A. Þorkelsson kennari, Vilhjálmur Hjálmarsson alþm. Tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja voru Kristján Thorlacíus deildarstjóri og Albert Kristinsson deildarstjóri og af Bandalagi háskólamanna dr. Ragnar Ingimarsson. Auk þess voru varamenn í n. þeir Ingi Kristinsson skólastjóri, sem var tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Þór Vilhjálmsson prófessor, sem var tilnefndur af Bandalagi háskólamanna. Á starfstíma n. hætti dr. Ragnar Ingimarsson störfum, en við störfum hans tók Hrafn Bragason borgardómari.

Í grg. með frv. gerir n. svo hljóðandi grein fyrir störfum sínum: „N. hóf þegar störf og hefur haldið marga fundi. Kom í ljós, að skoðanir manna voru mjög skiptar um, hvernig skyldi haga heildarlausn þessara mála. Gildandi kjarasamnnigar renna út 31. des. 1973. Er kom fram á árið 1973, var ljóst, að útilokað var að ljúka þeirri heildarendurskoðun, sem fyrirhuguð var, það snemma, að nýjum reglum yrði beitt um samninga þá, sem taka eiga gildi 1. jan. 1974. Var því horfið að því ráði að taka fyrir einn þátt málsins til bráðabirgða, lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í því trausti, að breyt. á þeim l. fengjust samþ. á því þingi, sem nú situr, og unnt yrði að beita hinum nýju reglum við samningagerð þá, sem hefjast skal á þessu ári. Allir nm. voru samþykkir meginstefnu þessa frv., en samkomulag náðist þó ekki alveg um 3. og 4. gr. frv.“

Meginbreytingar í þessu frv. frá gildandi l. eru þær, að lagt er til, að lögin taki einnig til opinberra starfsmanna, sem ráðnir eru með skemmri en þriggja mánaða uppsagnarfresti. Í öðru lagi fá heildarsamtök opinberra starfsmanna, sem hlotið hafa viðurkenningu af fjmrh., samningsaðild við gerð aðalkjarasamnings. Það skal tekið fram, að það, sem raunverulega er átt við með þessu ákvæði, er það að veita Bandalagi háskólamanna rétt sem aðila að þessum aðalkjarasamningum. Það var ljóst að leiðir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna höfðu skilið að fullu og háskólamenn stofnað sérsamband. Þeir hafa verið að leita eftir því að vera viðurkenndir sem aðilar að kjarasamningi, en það hefur ekki verið til þessa. Það var bæði skoðun forsvarsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þeirra starfsmanna í fjmrn., sem mest hafa unnið að þessum málum, að ekki yrði hjá því komizt að veita þessa aðild, því að eins og þetta væri nú, næði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ekki til þess að semja fyrir þessa aðila. Þess vegna var talið rétt og skynsamlegt að verða við þessu. Þriðja atriðið, sem hér er um að ræða, er það, að þau aðildarfélög, sem hafa þennan heildarsamningsrétt, semji um skipan manna og starfsheita þeirra í launaflokkum og önnur atriði, sem þetta varðar.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru leiðir þær, sem farnar eru í 3. og 4. gr., valdar af fjmrh., en þó raunverulega með samkomulagi við þá aðila, sem í n. sátu, þó að þeir hefðu kosið að fara aðrar leiðir, sættu þeir sig við þetta.

Eftirtektarverðust þeirra breytinga, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er sú að greina má samningsaðild á fleiri hendur en núgildandi lög heimila. Undanfarandi ár hefur kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja haft samkv. lögum allan veg og vanda af samningsgerð, jafnvel fyrir starfsmenn og félög, sem eigi tilheyrðu bandalaginu. Frv. þetta heimilar fjmrh. að veita heildarsamtökum starfsmanna viðurkenningu til samningsgerðar, en jafnframt er gert ráð fyrir, að starfsmenn geti verið utan samtaka, og ákveður þá fjmrh. um laun þeirra án samninga. Þá er gert ráð fyrir, að þeir starfsmenn, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða, fái samningsrétt. Að öðru leyti taka ákvæði frv. ekki til þeirra, sem voru undanskildir ákvæði l. nr. 55 1962.

Frv. gerir ráð fyrir að samningar fari fram í tvennu lagi: Fyrst geri heildarsamtökin aðalkjarasamning, er kveði á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu, orlof og greiðslu ferðakostnaðar. Þegar aðalkjarasamningur hefur verið gerður, skulu stjórnir einstakra félaga innan heildarsamtaka semja um skipan starfsheita í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur þau atriði, sem aðalkjarasamningur tekur eigi til og eigi eru lögbundin. Semjist eigi um aðalsamning eða sérsamning, fær kjaradómur málið til úrlausnar og fellir fullnaðarúrskurð í deilunni.

Eins og fram kemur í grg. n. þeirrar sem frv. þetta samdi, er frv. liður í heildarendurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar með talinn samningsrétt þeirra. Líta verður því á frv. sem bráðabirgðalausn vegna komandi samninga og rétt er að hafa í huga, að ákvæði þess hljóti að koma til heildarendurskoðunar réttindamála starfsmanna ríkisins. Aðalatriðið er þó, að ákvæði frv. þessa hafa mjög ólík sjónar-

mið getað sætzt, og er því von mín, að hv. þd. geti fallizt á frv.

Ég vil svo bæta því við í sambandi við þetta frv., sem að vísu er aðeins lítill hluti af því heildarmáli, sem þessi n., sem skipuð var á sínum tíma, vinnur að, að ætlunin er, að hún haldi áfram að vinna að sínu verkefni eftir sem áður, þó að þessi þáttur sé tekinn út úr til þess að gera kjarasamninga á n. k. hausti auðveldari en ella. Það verður svo haldið áfram að leita að þeirri lausn, að ríkisstarfsmenn fái, eins og segir í stjórnarsamningnum, full réttindi til kjarasamninga. Það hefur komið fram í umr., að réttindi og skyldur yrðu þá að vera hliðstæðar því, sem er annars staðar á vinnumarkaðnum. Um þessi atriði hefur ekki náðst samkomulag innan n. enn þá, og kannske næst það ekki, en hún heldur áfram að vinna að þessu verkefni, þó að þetta frv. verði afgreitt, sem ég vona að gert verði.

Hv. Nd. afgreiddi þetta mál fljótt, og ég vona, að það verði eins hér í hv. deild.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 520 (sbr. 177), n. 555). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um vátryggingarstarfsemi, en frv. þetta er komið frá Nd. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að fylgja eða flytja brtt., ef fram koma.

Hér er um mikinn lagabálk að ræða er skiptist í 5 kafla. Í fyrsta lagi gildissvið, í öðru lagi vátryggingarfélög, í þriðja lagi um skráningu og tilkynningarskyldu vátryggingarfélaga, í fjórða lagi um eftirlit með vátryggingarfélögum, og í fimmta lagi um vátryggingarfélög, er starfa við gildistöku laga þessara. Ég tel ekki þörf á því að ræða frv. þetta hér náið, þar sem ráðherra er nýbúinn að mæla fyrir því hér í d. En í grg. með frv. segir svo:

„Vátryggingar skipta miklu máli í nútíma þjóðfélagi og varða flesta, ef ekki alla þegna þjóðfélagsins. Um hendur vátryggingaraðila rennur mjög mikið fjármagn. Það er þjóðfélagsnauðsyn, að vátryggingar séu reknar á heilbrigðum grundvelli og gætt sé hagsmuna vátryggingartaka og vátryggðra. Vátryggingartakar og vátryggðir hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsaðstöðu þeirra vátryggingaraðila, sem þeir skipta við, og gera sér í raun grein fyrir þeim kjörum, sem þeir semja um. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að ríkisvaldið taki að sér að hafa eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og fái rúmar heimildir til að taka í taumana, ef eitthvð fer úrskeiðis."

Hér er áreiðanlega ekki of djúpt tekið í árinni. Nauðsynlegt aðhald og eftirlit með því, að hlutur almennings sé ekki fyrir borð borinn í þessum efnum, er tvímælalaust til bóta. Eins ber hinu opinbera að reyna að sjá svo til, að hvort tveggja sé tryggt, að iðgjöld félaganna séu hagkvæm og sanngjörn og að fyrirgreiðslan við tryggingartakann sé sem réttlátust.

Ég skal ekki fara hér út í einstök atriði, en fagna ber sérstaklega tryggingaeftirlitinu og vona, að það verði virkt og hafi vakandi auga með allri starfsemi tryggingarfélaganna, því að ekki mun þar sums staðar af veita.

Ég vil svo ítreka samþykki n. við þetta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—59. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Bráðabirgðaákvæði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Hafnalög, frv. (þskj. 460 (sbr. 83)). — 3. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, var fullt samkomulag um afgreiðslu þessa máls við meðferð þess við 2. umr. málsins, bæði í Nd. og þessari hv. þd. En við nánari athugun einstakra nm. hefur komið í ljós að gera þarf tvær smávægilegar leiðréttingar á frv., til þess að það fái alveg staðizt. Það hefur að vísu sumt verið leiðrétt, sem þurft hefur að leiðrétta, vegna tímasetninga og af öðrum ástæðum, við meðferð málsins í hv. Nd. Auðsætt er t. d., að ákvæði 30. gr. um gildistöku í janúar 1973 stenzt ekki, þótt von væri til þess, að frv. gæti gilt frá þeim tíma, er það var lagt fram snemma á yfirstandandi hv. Alþ. Enn fremur hefur fundizt ein nokkuð meinleg prentvilla í 26. gr. frv. Þar á að standa „hafnarstjórna" í stað „hafnarstjóra". Það er því nauðsynlegt til leiðréttingar að flytja 2 litlar brtt. við frv. Það er í fyrsta lagi: Við 26. gr., töluliið 2. Í stað „hafnarstjóra" komi: hfnarstjórna. — Og í öðru lagi að í 30. gr. frv. komi 1974 í stað ársins 1973.

Ekki vannst tími til þess að kalla hv. samgn. saman til þess að ganga frá brtt. um þetta efni, og hef ég því leyft mér að flytja brtt. til leiðréttingar á þessum atriðum. Brtt. er skrifleg og einnig of seint fram komin, þannig að ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, svo hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 589) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 589, 1 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 589, 2 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 355, n. 561, 500). — 2. umr.

Og skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur skoðað þetta frv., sent það út allvíða til umsagnar og borizt mörg svör. Svörin eru yfirleitt öll á þann veg, að talið er, að það verkefni, sem hér er um að ræða, sé þarft og æskilegt að veita fjármagn til þess. Athugasemdir eru fremur á þann veg, að e.t.v. hefði mátt fela einhverjum af þeim sjóðum, sem nú eru starfandi á sviði iðnaðarins, að fjalla um þetta verkefni, frekar en lagzt sé gegn frv., og raunar er það hvergi gert.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér þessar umsagnir. Þær eru æði margar, sumar nokkuð langar og fjalla margar mjög almennt um hin ýmsu lánamál iðnaðarins. En eins og ég sagði, hefur n. athugað þetta allt og komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum brtt., sem fram koma á þskj. 561. Þessar brtt.. eiga rætur sínar að rekja til aths., sem n. bárust m.a. frá Félagi íslenzkra iðnrekenda. En ákvæði til bráðabirgða, sem n. leggur jafnframt til að bætt verði í frv., fjallar um það, að lög þessi og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins verði tekin til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra. Á það rætur að rekja til þeirra aths., sem ég nefndi áðan, um, að sjóðir iðnaðarins eru orðnir æðimargir. Þótti n. þetta eðlileg aths. og var á þeirri skoðun, að það væri rétt að leggja áherzlu á, með slíku ákvæði til bráðabirgða, að þessi mál öll yrðu tekin til endurskoðunar. Ég vil geta þess, að ég hef rætt um þetta við hæstv. iðnrh., sem tjáði sig fyllilega sammála þessu, og skilst mér, að slík athugun sé nú í undirbúningi, en vonandi verður henni hraðað með þessari viðbót, ef hún fæst samþ.

Ég vil svo geta þess, að á þskj. 500 er brtt. frá hæstv. iðnrh. Hún kom fram það seint, að n. hefur ekki haft tækifæri til að fjalla um hana.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við 1. umr. um frv. það, sem hér er nú til 2. umr., gerði ég nokkrar aths. og þar á meðal þær helztar, að óeðlilegt væri, að verksvið þessa nýja sjóðs væri ekki fellt inn í verksvið annarra lánasjóða iðnaðarins, það væri óþarfi að stofna til nýrrar sjóðmyndunar, eins og frv. þetta gerði ráð fyrir, með sérstakri stjórn, einkum og sér í lagi þar sem ekki yrði séð að svo stöddu, að um nýtt fjármagn til iðnaðarins væri að ræða. Þá var það nefnilega svo, að iðnrh. tók það sérstaklega fram, enda hygg ég það koma fram í grg. frv., að að svo stöddu væri ekki hægt að ætlast til framlaga úr ríkissjóði. Síðan 1. umr. var haldin, hefur iðnrh. tekizt, að því er virðist, að fá loforð fjmrh. og ríkisstj. til framlags úr ríkissjóði að upphæð 50 millj. kr. þegar á þessu ári, *þótt búið sé að ganga frá fjárlögum yfirstandandi* árs. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja, að þessi fjáröflun er fyrir hendi, þótt á hitt verði að benda, að andkannalegt er og ámælisvert, að ekki sýnist vera séð fyrir tekjuöflun.

Í þessu sambandi hlýt ég að benda á það, sem ég býst reyndar við, að hv. 5. þm. Vestf. hafi gert við 1. umr. um frv. til l. um iðnlánasjóð, að sjálfstæðismenn hafa flutt frv. um framlag úr ríkissjóði í iðnlánasjóð. Ég nefni þetta sem dæmi um það, að samkvæmt því frv. var gert ráð fyrir auknu framlagi úr ríkissjóði, en þá jafnframt gert ráð fyrir því, að tillit yrði tekið til þess við gerð fjárlaga. Nú er þessi upphæð, sem hér er um að ræða í iðnrekstrarsjóð, ekki í fjörlögum frekar en það aukna framlag, sem nú loksins er gengizt inn á að fáist til iðnlánasjóðs, þrátt fyrir það, að frv. sjálfstæðismanna hafi ekki verið áður sinnt, hvorki í fyrra né nú.

Ég vek athygli að því, að iðnn. stendur sameiginlega að nokkrum breytingum og m.a. að svofelldu ákvæði til bráðabirgða: „Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra."

Ég vil benda á, að þótt þetta ákvæði til bráðabirgða sé til bóta, er það mjög andkannalegt að stofna nýjan sjóð með sérstakri stjórn, um leið og bent er á, að nauðsynlegt sé að fækka sjóðum iðnaðarins. Fyrst verður að fjölga þeim, til þess að unnt sé að fækka þeim. Þetta eru vinnubrögð, sem ekki eru rökrétt, svo að ekki sé meira sagt. Til þess að bæta hér örlítið um og auðvelda þá sameiningu, sem ákvæðið til bráðabirgða gerir ráð fyrir, vil ég leyfa mér, herra forseti, að bera fram svo hljóðandi brtt. ásamt hv. 5. þm. Vestf. og hv. 1. landsk. þm., að 3. gr. frv. orðist svo:

„Stjórn iðnlánasjóðs, samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1967 fer með stjórn sjóðsins."

Þá þarf ekki að stofna til sérstakrar 5 manna sjóðsstjórnar og varamanna þeirra, sem skipaðir eru til tveggja ára í senn. Endurskoðun með sameiningu fyrir augum á að fara fram þegar á næsta þingi. Því er það mjög óeðlilegt og mundi torvelda sameiningu sjóða og einföldun lánakerfis iðnaðarins, sem allir eru sammála um, ef 3. gr. er samþ. óbreytt. Ég vænti því þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt. Ég skal játa, að ég hefði kosið að fella verksvið þessa nýja iðnrekstrarsjóðs inn í lög um aðrar lánastofnanir iðnaðarins, þannig að hér yrði ekki um sérstakan sjóð að ræða. Það er þó mál út af fyrir sig, hvort þarna verður um sérstakan sjóð að ræða hvað bókhald áhrærir. En það er eðlilegt, að ekki sé sérstök stjórn yfir hann sett. Það mundi torvelda það framtíðarmarkmið, sem allir eru sammála um, sameiningu lánasjóða iðnaðarins og einföldun lánakerfisins. En með því að þdm. munu ekki hafa fengið þessa brtt. í hendur, er um tvennt að ræða, flytja hana hér skriflega eða fresta framlagningu hennar eða flutningi til 3. umr. Læt ég hæstv. forseta um það, hvort honum finnst einfaldari vinnubrögð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 590) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 590 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 561, 1 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 500, 1, samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 561, 2, samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 561, 3, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 500, 2 samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 561 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463, n. 568). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Svo var ráð fyrir gert, að formaður n. hefði hér framsögu, en eins og nál. ber með sér hefur n. athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Þetta frv., eins og menn sjá, lýtur að staðfestingu á samningi milli Norðurlandanna um sameiginlegan sjóð þeirra. Ég ætla, að það sé ekki ástæða til þess að endursegja hér neitt af því, er segir í aths. og menn hafa eflaust kynnt sér. Það segir raunar alla sögu, sem þarf, enda mun ekki vera neinn ágreiningur um málið. Það er heldur ekki á okkar valdi sem eins aðila að fara raunverulega að breyta því, sem hér segir. Spurningin er nánast, hvort menn sjái nokkurn annmarka á því að formi til að samþykkja þetta og gangast þar með undir þau réttindi og skyldur, sem þátttöku í þessum sjóði fylgja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 288, n. 569). — 2. umr.

Og skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970 var tekið til athugunar í fjh.- og viðskn. Þm. hafa haft með höndum alllengi ríkisreikninginn fyrir árið 1970 og hafa því haft aðstöðu til að kynna sér athugasemdir yfirskoðunarmanna, svör rn. við þeim aths. og till. yfirskoðunarmanna, eftir að þeir höfðu fengið svörin og tekið þau til athugunar. Það er því í sjálfu sér óþarft að fara um þetta mörgum orðum. En ég vil aðeins leyfa mér að rifja upp, hvaða tökum yfirskoðunarmenn hafa tekið á þessu máli. Þeir hafa gert aths. við reikninginn í 22 liðum. 1. liðurinn er þó, að mér virðist, þannig, að ekki er í sjálfu sér kallað eftir svörum við honum, heldur felur hann í sér skýrslu um viðskipti innheimtumanna við ríkissjóð samkv. ríkisbókhaldi í árslok 1970. Að öðru leyti má flokka till. eða niðurstöður yfirskoðunarmanna um 21 efnisatriði þannig: Þeir telja, að 8 efnisatriði séu upplýst að fullu með svari rn., og sums staðar í þeim atriðum er tekið fram, að ekki þurfi um að bæta. Um 3 atriði er niðurstaðan, að þeim ábendingum, sem yfirskoðunarmenn gerðu, hafi verið fullnægt. Um eitt atriði er niðurstaðan sú, að eftir atvikum megi svo búið standa. En yfirskoðunarmenn afgreiða 8 efnisatriði þannig, að þeir segja, að þau séu til athugunar. Þá skilst mér, að í því felist kannske fyrst og fremst, að það sé til athugunar fyrir framkvæmdavaldið eftirleiðis um afgreiðslu mála. Það er aðeins eitt atriði, sem er afgreitt þannig af hendi yfirskoðunarmanna að vísa málinu til ferkari ákvörðunar og aðgerða Alþ. Þetta atriði felur í sér athugasemdir og nokkra gagnrýni, sem yfirskoðunarmenn hafa gert í sambandi við fjárfestingu hjá Ríkisútvarpi eða sjónvarpi. Benda þeir á, að hjá þeirri stofnun hafi verið lagt í nokkuð kostnaðarsamar endurbætur eða fjárfestingu í sambandi við húsnæði, og er það afgreitt með þessum ályktunarorðum.

Þó að ég bendi á þessi atriði, er það samróma álit fjh.- og viðskn. að leggja til, að frv. þetta um samþykkt á ríkisreikningnum 1970, verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir. Málið hefur áður gengið í gegnum hv. Nd. Ég hef athugað nál., sem þar var gefið út, og niðurstaða n. í Nd. var alveg á sama veg og hér er lagt til, enda málið afgr. þar, að ég ætla, með samhljóða atkvæðum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304, n. 570). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 570 liggur fyrir nál. sjútvn., sem mælir eindregið með samþ. frv., eins og það liggur fyrir. Frv. fjallar um, að trillubátamenn fái nokkurn rétt í fæðissjóði aflatryggingasjóðs, en þeir eru greiðendur í sjóðinn af sínum afla, á sama hátt og aðrir. Er hér um sanngirnismál að ræða. Frv. er flutt af þm. úr öllum flokkum, og ég vænti þess, að það fái að halda áfram. Hliðstætt frv. í fyrra, sem var afgr. úr hv. Ed., dagaði uppi í Nd. Þeir, sem tryggja sína áhöfn, þótt á smáum bát sé, fá því peninga, ef þeir fylgja sömu lögbundnu tryggingu og er á stærri bátum, yfir 12 tonn. Hér er því bæði um öryggis- og réttlætismál að ræða, jafnframt því að vera eðlilegt sanngirnismál. N. mælir einhuga með því, að þessir menn njóti þeirra réttinda, sem aflatryggingasjóður veitir sjómönnum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, að loknum 85. fundi.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 520 (sbr. 177)). — 3. umr.

Og skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (þskj. 615).

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 611 (sbr. 355), 590). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram, að í iðnn. þessarar d. var rætt um þann möguleika að fela stjórn annars sjóðs að fara með málefni þessa nýja iðnrekstrarsjóðs, sem lagt er til, að settur verði á stofn. Ekki varð samkomulag um það, og því flutti n. ekki slíka brtt. eins og nú er fram komin frá hv. þm. Geir Hallgrímssyni o. fl. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég tel vafasamt að breyta setu í stjórn þessa sjóðs eins og þar er gert ráð fyrir. Í stjórn iðnlánasjóðs sitja 3 menn. Þar er einn án tilnefningar, sem sem skipaður er af iðnrh., einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda. Í stjórn þess sjóðs, sem hér er nú til umr., er gert ráð fyrir að sitji 5 menn. Einn er tilnefndur af iðnrh. án tilnefningar, en auk hans er gert ráð fyrir mönnum tilnefndum af S. Í. S., iðnþróunarsjóði, Alþýðusambandi Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda. Með því að setja meðferð þessa sjóðs undir iðnlánasjóð eru fyrst og fremst felldir á brott menn tilnefndir af S. Í. S. og iðnþróunarsjóði.

Ég tel óumdeilanlegt, að S. Í. S. hafi þarna fulltrúa, og sömuleiðis tel ég æskilegt, að iðnþróunarsjóður hafi mann í stjórn þessa sjóðs, sökum þess að verkefni iðnþróunarsjóðs og iðnrekstrarsjóðs eru að mörgu leyti mjög svipuð. Ég fyrir mitt leyti tel alls engin rök fyrir því, að þessu sé breytt, og alls ekki, að með þessu móti verði endurskoðun laganna auðveldari. Það er þegar búið að samþ. ákvæði til bráðabirgða, sem gerir ráð fyrir því, að l. verði tekin til endurskoðunar hið fyrsta, ásamt öðrum l. um lánasjóði iðnaðarins. Sýnist mér því ekkert að óttast að þessu leyti og ekki ástæða til að hafa þessa bráðabirgðameðferð á málefnum iðnrekstrarsjóðs. Ég vildi fyrir mitt leyti mæla gegn því, að sú brtt. hljóti samþ.

Umr. frestað.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisreikningurinn 1970, frv. (þskj. 288). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 337). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum er afleiðing af því, að á síðasta þingi voru afgr. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og eru þau nr. 22 frá 3. maí 1972. Það er talið nauðsynlegt og sjálfsagt að færa gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum til samræmis við þessa löggjöf, sem þingið afgr. í fyrra um Stýrimannaskólann. Meginefni þessa frv. er einmitt að samræma öll gildandi lög um skipstjórnarréttindi lögum um Stýrimannaskólann, eins og frá þeim var gengið á síðasta þingi. Til þess að grandskoða þetta mál fékk rn. skólastjóra Stýrimannaskólans, Jónas Sigurðsson, og deildarstjóra í samgrn., Kristin Gunnarsson. Hafa þeir annazt þessa endurskoðun með samræmingu á þessum tvennum lögum fyrir augum. Það þótti rétt að prenta lögin upp í heild, þar sem um orðalagsbreytingar var að ræða við mjög margar greinar, og þess vegna er sá háttur hafður á. Efnisbreytingar frv. lúta fyrst og fremst að því að tryggja samræmingu á þessum lögum.

Megin breyt. er efnislega þessi, að þar sem samræmt hefur verið námsefni annars bekkjar farmannadeildar og annars bekkjar fiskimannadeildar, hljóta þeir, sem ljúka prófi úr öðrum bekk stýrimannaskólanna nú, sömu réttindi, en eftir eldra fyrirkomulagi voru þessi réttindi mismunandi. Þau réttindi, sem annars bekkjar próf veitir nú samkv. nýjum lögum um Stýri-

mannaskólann eða skólana, Vestmannaeyjaskólann líka, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum, af hvaða stærð sem er og hvar sem er, og skipstjórnarréttindi á verzlunarskipum allt upp að 400 rúmlestum í innan- og utanlandssiglingum, eða sams konar réttindi og fiskimannapróf annars stigs veitir nú, enn fremur undirstýrimannaréttindi á verzlunar- og varðskipum, eða sams konar réttindi og farmannapróf annars stigs veitir nú. Þessi réttindi, þ. e. a. s. undirstýrimannsréttindi á verzlunarskipum og varðskipum, eru tímabundin samkv. gildandi l., en samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þau verði varanleg. Það þykir rétt, að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund skipa, þannig að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar nema eftir ákveðinn siglingatíma á fiskiskipum og ekki réttindi á verzlunar- og varðsk. nema eftir ákv. siglingatíma á þeim.

Í þessu frv. eru svo tekin upp orðin skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs í staðinn fyrir orðin farmanna- og fiskimannapróf, sem víða koma fyrir í gildandi l., því að nú eru réttindin samræmd. Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim réttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi þ. e. a. s. skipstjórnarréttindi.

Um aðrar efnisbreyt., sem í frv. felast, vil ég segja það, að gerðar eru nokkru strangari kröfur um aldursmörk til skipstjórnar- og stýrimannaréttinda. Þeim er breytt úr 19 ára aldri í 20 ára og í öðrum tilfellum úr 20 ára í 21 árs aldur og þannig gerð nokkru strangari. Hitt eru mest, þó að hér sé mikið mál á ferðinni, að því er virðist, orðalagsbreytingar, að langmestu leyti til samræmingar við lög um Stýrimannaskólann frá því í fyrra.

Frv. var, þegar þessi endurskoðun hafði farið fram, sent til umsagnar Siglingamálastofnuninni. Hún lætur í ljós, að hún telji æskilegt, að skilyrði til slíkra réttinda væru gerð strangari en í þessu frv. felst. Landssamband ísl. útvegsmanna mælir hins vegar með, að frv. verði lagt fyrir Alþ. nú. Farmanna- og fiskimannasambandið lætur í ljós í sinni álitsgerð, að kennslan til skipstjórnarréttinda, kennslan í stýrimannaskólunum, og efni þessa frv. séu mjög nátengd. Álit þess fjallar allt um það, að það telji, að taka þyrfti upp kennslu í stýrimannaskólunum um mörg fleiri atriði en nú eru kennd þar, ekki eingöngu varðandi ný tæki og nýjar vélar, heldur einnig um meðferð afla og veiðarfæra, verkstjórnaratriði og fleira þess konar, sem skipstjórar og stýrimenn þurfa að kunna skil á. En það snertir í raun og veru ekki efni þessa frv.

Ég tel því, að með samþykkt þessa frv. sé eingöngu stefnt að því, að samræmi sé milli lagaákvæða um stýrimannaskólana og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum, og á það beri að líta, þegar menn taka afstöðu til þess, hvort rétt sé að samþ. þetta frv. eða ekki.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils G): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. apríl 1973.

Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson húsasmiður, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv."

Jón Snorri Þorleifsson hefur áður tekið sæti á þingi á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 310, n. 557, 566). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 566 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 557, 1 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 557, 2 samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 557, 3 samþ. með 32 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 557, 4 samþ. með 32 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 557, 5 samþ. með 29 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 557, 6 samþ. með 27 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 557, 7 samþ. með 29 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 557, 8 samþ. með 29 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 557, 9 samþ. með 27 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 557, 10 samþ. með 26 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
28.—32. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 557, 11 samþ. með 25 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 557, 12 samþ. með 25 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 557, 13 samþ. með 29 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
36.—38. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 557, 14 samþ. með 25 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
40.—41. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 557,15 (ný 42. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 557,16 samþ. með 24 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 557,17 (ný gr., verður 46. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 557,18 samþ. með 29 shlj. atkv.
46. gr. (verður 47. gr.) svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 557,19 (ný ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 485 (sbr. 3), n. 572). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað frv. og skoðað umsagnir, sem hv. Ed. höfðu borizt, en frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu þaðan. Menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir nú. N. var líka einhuga í því að hvetja hv. þm. til að gera sitt til þess, að frv. þetta mætti verða að lögum nú fyrir þinglok.

Hér er um mjög merkilegan áfanga að ræða í dagvistunarmálum barna. Með samþykkt þessa frv. stendur Ísland nokkurn veginn jafnfætis hinum Norðurlandaþjóðunum, en það er síðast þeirra til að lögbjóða hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri þessara dagvistunarheimila. Ég skal ekki tefja störf þessarar hv. d. með langri ræðu, en reyna að gera grein fyrir inntaki frv., eins og það liggur nú fyrir.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að þrenns konar dagvistunarheimili njóti styrks úr ríkissjóði: Í fyrsta lagi dagheimili, sem ætluð eru börnum frá 3 mánaða til skólaskyldualdurs, þar sem þau geta dvalizt a. m. k. 5 stundir á dag í öðru lagi skóladagheimili fyrir börn frá skólaskyldualdri og í þriðja lagi leikskólar fyrir börn frá tveggja ára aldri til skólaskyldualdurs, þar sem þau geta dvalizt a. m. k. 3 stundir á dag. Styrks til byggingar og rekstrar þeirra dagvistunarheimila, sem ég hef nú greint frá, skulu njóta ekki aðeins sveitarfélög, heldur einnig áhugafélög, svo sem húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þau, sem frv. gerir ráð fyrir. Öðrum aðilum en sveitarfélögum er þó skylt að leggja fram meðmæli viðkomandi sveitarfélags. Var talið eðlilegt að hafa þann hátt á með tilliti til skipulags og heildarþarfa og talið eðlilegt að tryggja sveitarfélaginu yfirsýn þessara mála.

Í II. kafla frv. er kveðið á um, hvert framlag ríkisins til stofnkostnaðar þessara heimila skuli vera. Það skal leggja fram helming stofnkostnaðar til allra þessara bygginga, og voru hér höfð til hliðsjónar lög um stofnkostnað skóla.

Í III. kafla frv. er kveðið á um rekstrarstyrk. Til dagheimila og skóladagheimila greiðir ríkið allt að 30% í rekstrarstyrk, en til leikskóla allt að 20%, og er í 9. gr. þessa sama kafla kveðið á um, að ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar sé bundin því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja, að aðstandum sé ekki gert að greiða allan rekstrarkostnað umfram það, sem ríkið leggur til. En hér hlýtur að velta á miklu, að dagvistunargjöld verði ekki það há, að aðeins hátekjufólk geti leyft sér að notfæra sér þessa þjónustu. Í sambandi við þetta ákvæði þótti þó rétt að gera ráð fyrir undanþágu vegna þeirra aðila annarra en sveitarfélaga, sem reka dagvistunarheimili og frv. tryggir ekki styrk viðkomandi sveitarfélags til rekstrarins, en gert ráð fyrir, að ráðh. veiti slíkum aðilum undanþágu frá umræddu skilyrði.

Í IV. kafla er kveðið á um, hverju hlíta skuli, er sótt er um styrk til byggingar eða rekstrar dagvistunarheimilis. Er þar gert ráð fyrir, að ríkissjóður skuli að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu 4 árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt. Í þessum kafla er það og nýmæli, að rn. skuli hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Er gert ráð fyrir, að þessi starfsmaður athugi allar umsóknir, áður en leyfi er veitt. Skal hann einnig vera stjórnendum dagvistunarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

Í V. kafla er kveðið á um innri gerð dagvistunarheimila, að svo miklu leyti sem fært þótti eða eðlilegt að lögbinda slík atriði. Þar er einnig kveðið á um menntun þeirra, er veita dagvistunarheimilum forstöðu, og þeirra, er annast fóstur barnanna, um eftirlit með heilsufari barna og ákvæði, er lúta að samstarfi forstöðumanns og starfsfólks annars vegar og aðstandenda barnanna og dagvistunarheimilisins hins vegar. Skulu allir þeir, sem annast börnin, hafa hlotið fósturmenntun. Vegna skorts á slíku fólki nú er þó gert ráð fyrir, að veita megi undanþágu. Ákvæðin, sem ég taldi upp síðast, lúta að því að reyna að tryggja sem bezt velferð barnsins og tengsl milli heimilis þess og dagvistunarheimilisins.

Að lokum er ákvæði til bráðabirgða, þar sem kveðið er á um, að ríkisframlag til stofnkostnaðar nái ekki til þeirra dagvistunarheimila, sem þegar eru fullbyggð, en þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntmrn. um ríkisframlag til byggingarinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að samstaða náist um málið í þessari hv. d. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 572, mælir menntmn. með því, að frv. verði samþykkt. Einn nm., Gunnar Gíslason, áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., og einn nm., Ellert B. Schram, var fjarverandi, er málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

10.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386, n. 575). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afgrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed. N. hefur athugað málið og mælir með samþ. þess. Hv. þm. Ellert B. Schram var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. mð 23 shlj. atkv.

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háageröi, frv. (þskj. 400, n. 576). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afgrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í hv. Ed. Frv. er flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði. Ástæður eru þær, að í apríl 1971 voru samþ. á Alþ. lög nr. 46, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, og lög nr. 44, um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi. Nú hefur hins vegar komið í ljós hjá jarðeignadeild ríkisins, að hluti þess lands, sem í lögsagnarumdæmið færist með nefndum lögum og ætlunin var, að Hafnarfjarðarbær keypti, tilheyrir jörðinni Pálshúsum í Garðahreppi. Til að leiðrétta þetta er þetta frv. flutt. Landbn. hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973, frv. (þskj. 521 (sbr. 170), 179, 192, 522). — Frh. 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég allítarlega ræðu í sambandi við framkvæmdaáætlunina og fjárfestingarlánasjóðina, en þá skeðu þau ósköp, að hæstv. fjmrh. og aðrir ráðh. ríkisstj. tóku alls engan þátt í þessum umr. og svöruðu ekki einni einustu spurningu, sem til þeirra var beint í þessum efnum, enda voru viðhöfð ný og að mínum dómi óeðlileg vinnubrögð, því að það hefur verið venja hér í þingi, að skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun lægi fyrir, áður en frv. væri afgreitt úr n. Enda sagði núv. hæstv. fjmrh. fyrir ári, þegar hann fylgdi skýrslu sinni úr hlaði, að hann vonaðist til þess, að á þessu yrði mikil breyting, og afsakaði þá, að skýrsla var ekki lögð fram fyrr en 5. mai 1972, með því, að hin nýja stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, hefði ekki tekið til starfa fyrr en seint í febr. það ár og því væri af óviðráðanlegum ástæðum ekki unnt að leggja þessa skýrslu fram fyrr. Hann bætti við, að ljóst væri, hvert óhagræði er að því, að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun skuli ekki fylgjast að við gerð fjárlaga og vera tilbúin fyrir upphaf framkvæmdaárs, enda er aðeins með þeim vinnubrögðum unnt að tryggja samræmi framkvæmdaáforma og skynsamlegra forgangsröðun. Mun stefnt að því, að svo geti orðið við samningu næstu áætlunar fyrir árið 1973, og mun fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og Framkvæmdatofnun ríkisins falið að vinna að því í sameiningu, jafnframt því að unnið verði með horfur og áform til lengri tíma fyrir augum."

Þessari yfirlýsingu fögnuðu allir í fyrra og allir bjuggust við, að framkvæmdaáætlunin og fjáröflunaráætlun stofnlánasjóðanna mundi liggja fyrir um áramót eða jafnvel fyrr. Hitt er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að frv. um opinberar framkvæmdir hefur ekki legið jafnsnemma fyrir og nú á þessu þingi, þegar það var lagt fram hér í desemberbyrjun, og var þá ætlun hans að afgreiða þetta frv. nokkurn veginn jafnhliða og fjárlög yrðu afgreidd.

Ég er alveg sammála honum, að það væri auðvitað rétt að breyta því fyrirkomulagi, sem er á afgreiðslu þessa frv., á þann hátt, að fjvn. afgreiddi opinberar framkvæmdir um leið og fjárlög eru afgreidd. En þá kem ég að því, sem við gagnrýndum, og það er sú mikla óvissa, sem hefur verið ríkjandi. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að það hafi verið gagnrýnt, að frv. um opinberar framkvæmdir sé seint á ferðinni eða skýrsla hans um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Látum það allt saman vera, þótt það sé ekki fyrr á ferðinni en nú er. En við álítum, að þessi skýrsla og fjármögnun fjárfestingarsjóðanna ætti að liggja fyrir þeirri n., sem fjallaði um frv. um opinberar framkvæmdir. Það var þessi gagnrýni, sem kom fram og er eðlileg gagnrýni. En ríkisstj. valdi þann kost að knýja afgreiðslu þessa máls út úr n. og tók það hér til 2. umr., sem var í raun og veru ekki umr. á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, því að ráðh. steinþögðu við öllum spurningum, sem fram voru bornar við 2. umr., og gáfu ekki nokkrar yfirlýsingar, og það heyrðist hvorki stuna né hósti frá allri ríkisstj. við 2. umr. málsins.

Eins og við vitum, á Framkvæmdastofnun ríkisins samkv. lögum að gera till. til ríkisstj. um fjármögnun framkvæmdasjóðanna, eins og kom fram hér við 2. umr. Ég er svo hamingjusamur að vera einn af þeim, sem eiga að heita stjórnarmenn í Framkvæmdastofnun ríkisins. Sú hamingja féll okkur í skaut að vera boðaðir

í skyndi til aukastjórnarfundar í Framkvæmdastofnun ríkisins kl. 9 á föstudagsmorgun, og þá lá fyrir þetta plagg um fjármögnun framkvæmdasjóðanna. Það var litlum vörnum eða skýringum hægt við að koma í því sambandi, og við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ákváðum að láta ekki segja um okkur, að við ætluðum að tefja fyrir samþykkt þessarar fjáröflunaráætlunar og sátum hjá við afgreiðslu málsins. En eins og bæði við og allir aðrir hafa beðið lengi eftir þessu fjáröflunarplani og till. Framkvæmdastofnunar ríkisins, þá verðum við þó að viðurkenna, að eftir að Framkvæmdastofnunin afgreiddi þetta á fundi sínum, en þá var kl. sennilega um 10, þá var heldur betur slegið undir nára, ef svo má að orði komast, því að ríkisstj. þurfti þá ekki langan tíma til þess að ganga frá þessu fjáröflunarplani og hefur gengið frá því mjög skyndilega og með svo miklum hraða, að skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, sem lá fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á milli kl. 9 og 10 um morguninn, er komin hér innbundin á borð hjá okkur þm. um hádegi. Ég segi, að fjmrh. er maður, sem getur flýtt sér, þegar hann vill, því að hraðari vinnubrögð held ég, að sé varla hægt að hugsa sér, ef þetta færi eftir réttri röð og væri afgreitt á þann hátt, sem lög mæla fyrir um. En kannske er það önnur saga, sem þarfnast nánari skýringa og ég ætla ekki að koma með nú.

Í inngangi að skýrslu hæstv. fjmrh. segir hann, að frá áramótum hafi mikil tíðindi gerzt, svo sem alþjóð er kunnugt, og veigamiklar ráðstafanir verið á döfinni. Hefur því að vonum orðið nokkur frestur á endanlegum frágangi framkvæmdaáætlunarinnar, m.a. áætlun um opinberar framkvæmdir verið tekin til endurskoðunar, en að ráði varð að gera á henni aðeins óhjákvæmilegar breytingar vegna þeirra áfanga, sem bráðnauðsynlegt er að ljúka, og reyndist ekki raunhæft að gera breytingar á sjálfri áætluninni vegna Vestmannaeyjagossins. Nú skyldi maður ætla, að þau válegu tíðindi, sem gerðust í Vestmannaeyjum og verða auðvitað þung allri þjóðinni, bæði í ár og næstu ár, hafi orðið til þess að draga saman seglin á öðrum sviðum. Því hefði ég getað mjög vel fallizt á orðalag hæstv. ráðh., hvað þetta snertir, ef útkoman hefði verið önnur í sambandi við meðferð þessa frv. En því var ekki að heilsa. Gosið í Vestmannaeyjum og þeir alvarlegu atburðir, sem því fylgja, urðu ekki þess valdandi, að það *væri dregið úr öðrum framkvæmdum í þessu* þjóðfélagi, því að við afgreiðslu þessa máls við 2. umr. eru framkvæmdaáform ríkisstj. hækkuð um hvorki meira né minna en 250 millj. kr. Kannske það hafi verið ætlunin að auka þessar framkvæmdir miklu meira, ef gosið í Vestmannaeyjum hefði ekki átt sér stað? En þetta sýnir a.m.k. ekki, að gosið í Vestmannaeyjum hafi haft mjög alvarleg áhrif á fjármálastefnu hæstv. ríkisstj.

Það er fjarri mér að ætla að vilja kenna hæstv. fjmrh. einum um þessar auknu framkvæmdir, því að hann er auðvitað ekki nema einn af sjö í ríkisstj., en sennilega sá eini, sem eitthvað hugsar um að afla búinu fanga, hinir hugsa aðeins um að eyða. Annað hefur a.m.k. ekki komið í ljós. Hitt skil ég ekki, hvað hæstv. fjmrh. er hikandi í því að segja: hingað og ekki lengra.

Þetta eru bara smámunir, sem koma fram í þessu frv., á við það, sem er að gerast þessa daga. Það er verið að kasta á borð okkar þm. frv., sem hafa í för með sér tuga og jafnvel hundraða millj. útgjaldaaukningu úr ríkissjóði á næsta ári og þegar á þessu ári. Þetta er ætlunin að afgreiða hér á örfáum dögum. Ríkisstj. leggur á það alveg einstakt kapp að afgreiða þessi frv. með þvílíkum hraða, að þm. hafa rétt tíma til að lesa frv. og tæplega það, hvað þá að leggja niður fyrir sér, hve mikil áhrif þau hafa á þjóðarbúið og á fjármál ríkisins á þessu ári, næsta ári og næstu árum. Þetta er algert ábyrgðarleysi hjá ríkisstj., enda er þessi ríkisstj. með því marki brennd, að hún hefur þá sérstöðu meðal ríkisstj., að hún sjálf spanar upp á sig útgjöldin og erfiðleikana, en aðrar ríkisstj. reyna þó að verjast kröfum frá öðrum. En þessi ríkisstj. gefur fordæmið sjálf og einstakir ráðh. hennar. Og mér þykir leitt til þess að hugsa, að jafnágætur maður og hæstv. fjmrh. er, skuli þurfa að sætta sig við vinnubrögð eins og hér eiga sér stað.

Hver er svo ástæðan, ef við lítum á fjáröflun framkvæmdasjóðanna og sjáum hvað þetta eru orðnar gífurlegar upphæðir? Ég skal fúslega játa það þegar, að það er ekki nokkur leið að lækka fjáröflun fjáfestingarsjóðanna fram yfir það, sem gert er nú, vegna þess, sem á undan er gengið, og við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvað hefur gengið á undan. Nú langar mig sérstaklega að snúa mér að einhverju fullkomnasta ábyrgðarleysi sem á sér stað, og þar held ég að höfuðsökudólgurinn sé hæstv. sjútvrh. Ég sé, að stóllinn hans er auður, það er aðeins taskan eftir í honum. — Já, sennilega er hún ekki skilningssljórri en eigandinn.

Fyrrv. ríkisstjórn ákvað rétt fyrir kosningar að lækka fyrirgreiðslur til skipabygginga, vegna þess að hún taldi, að það væri komið svo mikil spenna í skipabyggingarnar, að það mætti gjarnan fara að hafa nokkurn hemil á umframlánum fiskveiðasjóðs til skipabygginga innanlands og skipabygginga og skipakaupa erlendis frá. Þá ákvað hún, þegar samdráttur var í atvinnulífinu, að lána allt að 10% af byggingarverðmæti fiskiskipa, til þess að stuðla að aukinni skipasmíði innanlands, og byggðasjóður tók upp sem reglu að lána 5% í sama skyni, þannig að heildarlán *til skipabygginga innanlands námu 90% af* byggingarverði fiskiskipa: 75% frá fiskveiðasjóði, 10% sérstakt lán frá ríkisstj. og 5% úr byggðasjóði. Þegar þessi aukning var orðin svo mikil, að það var meiri vilji að fara í byggingu skipa en hægt var að anna innanlands með góðu móti, ákvað fyrrv. ríkisstj. að draga úr þessum lánum með því að lækka þau úr 10% niður í 5%, þannig að heildarlánin lækkuðu úr 90% niður í 85%. En þegar núv. ríkisstj. var myndað, gat hún alls ekki fellt sig við þetta, því að fyrri stjórn var of íhaldssöm. Þessi varð að vera frjálslyndari, og hún ákvað auðvitað á sama degi og hún hafði tekið við eða svo að segja, að

hækka aftur þessi lán upp í 10%. En það var ekki nóg með það, því að þegar leið að hausti, þurfti auðvitað að gera miklu meira, það þurfti þá um leið að lækka vexti af almennum lánum fiskveiðasjóðs úr 6½% niður í 5½%, og það þurfti einnig á sama tíma að lengja hinn almenna lánstíma þessara lána úr 15 árum upp í 20 ár. Minna mátti ekki gagn gera. Þessi gleðilegu tíðindi tilkynnti sá ágæti auglýsingamaður, hæstv. sjútvrh., Landssambandi ísl. útvegsmanna á aðalfundi þess síðast í nóv. það ár, og auðvitað í sakleysi sínu og gleði klöppuðu útvegsmenn allir hæstv. sjútvrh. lof í lófa. En Adam var ekki lengi í Paradís. Útgerðarmennirnir nutu ekki þessara ágætu kjara nema takmarkaðan tíma. Það kom nefnilega í ljós, að eigið ráðstöfunarfé fiskveiðasjóðs er ekki nema lítill hluti af því, sem fiskveiðasjóður þarf á að halda, og fiskveiðasjóður er langstærsti stofnlánasjóðurinn í landinu. Það kom því í ljós, að það fé, sem sjóðurinn þarf á að halda, er tekið að láni eftir öðrum leiðum og lánskjörin eru miklu hærri og óhagstæðari en þau lánskjör, sem Lúðvík Jósepsson tilkynnti útvegsmönnum síðla árs 1971, enda er það nú komið á daginn. Það var byrjað á því þegar að rýra þessa lækkun vaxtanna og lengingu lánanna með því, að þeir, sem láta byggja skip yfir 75 rúmlestir, þurftu að taka 75% af verði tækja, sem keypt eru erlendis frá, sem gjaldeyrislán, og sömuleiðis þurfa allir þeir, sem byggja skip erlendis, að taka lán til 8 ára með 7% vöxtum. Þetta var breytingin, sem gerð var, eftir að Lúðvík og ríkisstj. lækkuðu vextina úr 6½% niður í 5½%.

Svo skeður það, að frá febrúar 1973 treður ríkisstj. því upp á fiskveiðasjóð, að hann taki spariskírteinalán, að upphæð 124 millj. kr., með spariskírteinalánskjörum, og fiskveiðasjóður verður þar af leiðandi að koma þessum lánum út með þessum kjörum. Um öll lán, sem eru yfir 500 þús. kr., hvort sem þau eru til byggingar eða kaupa á fiskiskipum eða vegna frystihúsa eða vinnslustöðva, er sett það skilyrði, að 10% af þessari lánsupphæð séu tekin með sömu skilmálum og spariskírteinalán eru gefin út fyrir. Þau eru með 6¼% vöxtum, og lánin eru háð byggingarvísitölunni, sem hefur nú heldur betur tekið breytingum, frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Byggingarvísitalan hefur hoppað úr 535 stigum í 708 stig, að mig minnir, frá 1. marz s. l., og þegar hún verður næst reiknuð út, 1. júlí, eiga menn von á góðu stökki til viðbótar. Ég hygg, að flestir eða allir útvegsmenn vilji núna fá aftur lánstíma og vaxtakjör þau, sem giltu hjá fyrrv. stjórn, en biðja Lúðvík Jósepsson og hans félaga í ríkisstj. að taka þennan kaleik frá sér, þennan nýja með beiska drykknum.

Nú er þannig komið, að lán þau, sem fiskveiðasjóður verður að taka erlendis, eru með 8% til 8½% vöxtum og lán, sem fiskveiðasjóður verður að taka innanlands, eru með allt upp í 9—9½% vöxtum, en má kannske segja, að að jafnaði séu þau kjör 8½%—9% vextir. Það sjá því allir, hvílíkt ábyrgðarleysi það var að lækka vexti úr 6½% í 5½% og lengja lánstíma úr 15 árum í 20 ár, vitandi það, hvernig kjörin voru á því lánsfé, sem þessi sjóður þarf að afla sér eða þarf að afla fyrir hann. Þetta sýnir algert ábyrgðarleysi, sem gerir það að verkum, að með því að auka eða ýta undir skipabyggingar og skipakaup, eins og gert hefur verið, þá er fjárvöntun þessa sjóðs á þessu ári komin í yfir 1300 millj. kr., umfram það fé, sem hann sjálfur hefur til ráðstöfunar.

Hvað gerðist svo nú um áramótin um lánin til fiskiskipanna? Þá kippir stjórnin allt í einu að sér hendinni og lækkaði þá ekki þessi lán, sem hún hafði hækkað frá lánum fyrri stjórnar úr 5% upp í 10%, heldur samþykkir hún að fella þau algerlega niður, því að nú sé búið að byggja nóg af skipum. Þá er sem sagt alveg búið að loka dyrunum og tvílæsa. Nú segir ríkisstj. skipasmíðastöðvarnar hafa nægileg verkefni á þessu ári og það sé engin ástæða til að draga ekki verulega úr og loka fyrir skipabyggingar.

Það, sem gerzt hefur, er það, að fyrst og fremst er verið að byggja eina tegund skipa, en eðlileg uppbygging fiskiskipastólsins eftir stærðum og gerðum hefur ekki verið að sama skapi, og það, sem nú gerist, er, að það verður lokað fyrir þessa eðlilegu uppbyggingu, og þegar þetta ár er liðið, munu innlendar skipasmíðastöðvar ekki hafa nægileg verkefni. Hefði verið nær að takmarka meira kaup á skipum erlendis frá og reyna að stuðla að því, að uppbygging fiskiskipastólsins færi fram með eðlilegum hætti.

Skipasmíðalán til viðbótar 75% lánum fiskveiðasjóðs samkv. nánari ákvörðun ríkisstj. um lánsupphæð og útlánastofnun er nú í fjáröflunaráætlun 15 millj. kr. Það þýðir, að brúttóupphæðin er 150 millj. kr., 15 millj. eru þá til ráðstöfunar á árinu 1973. Ekki skal ég dylja, að búið er að ákveða 10% lánin til þeirra skipa, sem eru í byggingu, en það sjá allir á þessu, að hér er ekki hugsað að verði um neina viðbót að ræða í skipabyggingum.

Á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins var lögð fram sú áætlun, sem hér liggur fyrir í skýrslu hæstv. fjmrh., og er upp á 1910 millj. kr. til lána úr Framkvæmdasjóði Íslands, þar af er eigið ráðstöfunarfé 130 millj. kr., eftirstöðvar frá árinu 1972 nema 66 millj. kr., en lántökur frá innlendum bönkum á þessu ári eru hugsaðar 10% af heildarútlánum bankanna eða 284 millj. kr. Við spurðum á stjórnarfundi í Framkvæmdastofnuninni, hvort ekki hafi verið rætt við viðskiptabankana um 10% af þeirra lántökum til framkvæmdasjóðs eða upphæð upp á 284 millj. kr. umfram það, sem viðskiptabankarnir leggja til öðrum sjóðum, sem eru utan við þetta og ég ætla ekki að gera að umræðuefni. Þá var það svar gefið, að þessar viðræður hefðu ekki átt sér stað frá hendi framkvæmdaráðs Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég verð að segja það eins og er, að mér finnst vera farið öfugt að hlutunum að ræða ekki við þá aðila, því að hér er ekki um lagaskyldu að ræða, og hefði bæði af venjulegum kurteisisástæðum og sömuleiðis viðurkenningu á því, að þessar lánastofnanir ráða auðvitað yfir sínu lánsfé, verið rétt, að þessar viðræður hefðu farið fram áður.

Fjórði liðurinn um fjáröflunina er hluti af spariskírteinaláni, 150 millj. kr., svo að það er

hægt að bæta við spariskírteinalánin. Eftir því sem meira er tekið af viðskiptabönkunum og meira er bundið af fé til þarfa þess opinbera til viðbótar því, sem fer í húsnæðismálakerfið, jafnframt því útboði á spariskírteinaláni, sem frv. um opinberar framkvæmdir gerir ráð fyrir, þá hygg ég, að það sé orðið anzi nærri viðskiptabönkunum höggvið á þessu ári, þegar við tökum tillit til þess, að ríkið er ekki eitt með framkvæmdir og því síður eitt með atvinnulífið í landinu. Og ég hygg, að atvinnureksturinn þurfi, eftir því sem krónan heldur áfram að rýrna, á fleiri krónum að halda og því sé kannske allnærri höggvið útlánakerfi viðskiptabankanna með þessum áætlunum, sem hér liggja fyrir.

Þá er í fjáröfluninni frá iðnþróunarsjóði 40 millj. kr. og frá lífeyrissjóðum 280 millj. kr. Það lá ekki heldur hreint fyrir, hvort væri búið að ganga alveg fullkomlega frá þessum samningum við lífeyrissjóðina. Ég hygg, að engir aðilar í landinu hafi rýmri hendur en lífeyrissjóðirnir, og það er mín skoðun, mín persónulega skoðun, að lífeyrissjóðirnir eigi auðvitað að leggja samfélaginu til mikið fjármagn til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum hverju sinni.

Svo komum við að 7. liðnum, sem eru erlend lán, 800 millj. kr. Það má segja, að hér sé aðeins um fjáröflun að ræða erlendis frá til þessara framkvæmdasjóða. En þessi erlenda lántaka segir ekki allt. Það kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. hér í vetur, að reiknað er með 400 millj. kr. lántöku vegna Sigölduvirkjunar, reiknað er með lántöku til fleiri opinberra framkvæmda, og væri fróðlegt að fá upplýsingar frá honum, hvað hann teldi, að erlendar lántökur á þessu ári, 1973, væru miklar í heild, þegar allt kemur til alls.

Svo að lokum í fjáröflunaráætluninni 160 millj. kr. frá Seðlabanka Íslands. Það var ætlunin a. m. k. „kommissaranna" í Framkvæmdastofnun ríkisins að lækka bindiskylduna og fá allmikið fjármagn til framkvæmdasjóðanna frá viðskiptabönkunum með því að lækka bindiskyldu. En mér skilst, að hér sé ekki um neina breytingu á henni að ræða, heldur ætlar Seðlabanki Íslands að lána 160 millj. kr. víxil, ef svo má að orði komast. Hann ætlar sem sagt að hlaupa undir bagga til þess að ná endum saman.

M. ö. o.: Þessi fjáröflunaráætlun er upp á 1910 millj. kr., lánveitingarnar eru upp á 2110 millj. kr., en lækkun þessara lána er 200 millj. kr., þannig að dæmið gengur upp með nýrri tekjuöflun stofnlánasjóða að upphæð 200 millj. kr. Ekki gátu þeir, sem áætlunina búa til, gefið þeim, sem áætlunina áttu að samþykkja lögum samkv., — þá á ég við „kommissarana", framkvæmdaráðið, — þeir gátu ekki gefið okkur upp, hinni þingkjörnu stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, hvernig þessar 200 millj. kr. sundurliðast, en sögðu, að það yrði með nýrri tekjuöflun, sem við erum smátt og smátt að skilja, þegar við þm. fáum til okkar á borðið frv., og þá gengur að lokum dæmið upp. Það er mér alveg ljóst.

Eins og ég sagði í upphafi, er hæstv. ríkisstj. óspör á að leggja fram frv., sem hafa í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð þegar á þessu ári og stórfellda nýja skatta á hinar ýmsu atvinnugreinar. Það kom hér fram ákaflega lítið og sakleysislegt frv. um breyt. á lögum um iðnlánasjóð. Það er ekki nema 6 línur, og þær flestar ekki nema hálfar að lengd. En 1. gr. er á þá leið, að það á að hækka gjöld til iðnlánasjóðs úr 0,4% í 0,5%, eða um 25%, en framlag ríkissjóðs á að vera 50 millj. kr. ár hvert, í fyrsta sinn 1973. Nú er þetta framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs 15 millj. kr. Á þingi í fyrra fluttu sjálfstæðismenn till. um að hækka framlag ríkissjóðs úr 15 millj. í 25 millj., en sú till. var sögð sýna algert ábyrgðarleysi stjórnarandstöðu, og stjórnarliðar allir með tölu drápu þessa till. án þess að depla auga, en voru hneykslaðir yfir þessu óskaplega ábyrgðarleysi, sem stjórnarandstaðan sýndi með því að flytja slíka till. við afgreiðslu fjárlaga. En nú flytur hin ábyrgðarmikla ríkisstj. till. um meira en þrefalt framlag til iðnlánasjóðs á árinu 1973, löngu eftir að fjárlög eru afgreidd, en þá er það fullkomin ábyrgð. Stjórnarliðið á að rétta upp hendurnar með þessu, á sama tíma og fyrir liggur heimild fyrir ríkisstj. að lækka framlög til verklegra framkvæmda um 15% frá því, sem þær eru í fjárlögum, takandi þó ekki tillit til þess, að framlög til verklegra framkvæmda voru lækkuð mjög verulega af fjvn., en þau voru í algeru lágmarki. Það er sagt, að niðurgreiðslur séu tæpum hálfum milljarði hærri en fjárlögin gera ráð fyrir, og það var vitað, þegar fjárlög voru afgreidd. Ef rétt tala hefði verið tekin upp í fjárlögin, hefðu fjárlög verið afgreidd með tæpum hálfs milljarðs greiðsluhalla, en það varð auðvitað að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, og því var þessum útgjöldum haldið utan við fjárlögin, en heimildagrein tekin upp um að lækka verklegar framkvæmdir og fleira, sem þessari upphæð nemur. Því er marglýst yfir af hæstv. ríkisstj., að hún muni beita þessari heimild, því að það sé bráðnauðsynlegt og knýjandi. Það liggur ekkert endanlegt fyrir, á hvern hátt henni verður beitt, en á sama tíma eru lögð fram frv. eftir frv., sem hafa í för með sér stóraukin útgjöld á þessu ári, eins og ástandið er. Ég spyr hæstv. fjmrh. eða réttara væri kannske að spyrja oddvitann í ríkisstj., hæstv. forsrh: Hvað kosta þessi frv., sem Alþ. hefur þegar samþ., og þau frv., sem hæstv. ríkisstj. ætlar liði sínu að samþ., áður en Alþ. verður slitið? Hvað kosta þau á þessu ári í framkvæmd, og hvað koma þau til með að kosta mikið í sambandi við fjárlög fyrir næsta ár eða á ársgrundvelli ársins 1974? Ég ætlast ekki til að fá nákvæma upptalningu eða nákvæm svör, það mætti eðlilega leika á 10, 20, 30 millj., en hitt væri ákaflega gott, að fá svör við því, hvað þetta er gróft reiknað. Jafnframt langar mig til að spyrja um og er full þörf á að spyrja um og full þörf á að fá svar við: Hvernig ætlar ríkisstj. að afla fjár til að greiða þær kvaðir, sem hún er að taka á sig nú á þessu ári? Hvernig ætlar hún að afla fjár á þessu ári? Telur hún, að tekjuáætlun fjárlaga sé svo lág, að það sé alveg óhætt að bæta þessu á Brúnku á þessu ári? Telur ríkisstj. þá eðlilegt að ráðast á þá framkvæmdaliði, sem eru í fjárl., eins og hún

hefur hingað til látið sig dreyma um að gera? Við þessu væri nauðsynlegt að fá svör.

Ég sé nú, að hæstv. sjútvrh. er setztur hjá töskunni sinni, en ég talaði aðallega við hann áðan. Ég vil þó bæta við, án þess að ég vilji fara að eyða dýrmætum tíma Alþ. í að endurtaka það, sem ég sagði áðan um hann og hans fjármál í sambandi við fiskveiðasjóðinn og þær aðgerðir, sem hann hefur framar öllum öðrum beitt sér fyrir og eru auðvitað alrangar, svo sem ég hef þegar sýnt fram á, að ef hann hefði farið skynsamlegar að, þegar hann varð ráðherra, þá hefði hann e. t. v. ekki talið þörf á því að leggja fram það frv., sem hann hefur lagt fram um fiskveiðasjóð, en þar ætlast hann til, að lagt sé á 1% gjald af fob-verði útfluttra sjávarafurða, og þetta á að taka gildi 1. júlí á þessu ári. Þetta eina gjald á að gefa um 160 millj. kr. á ársgrundvelli, ef við reiknum með því, að útflutningsverðmætið sé um 16 milljarðar, en þar sem útflutningur er miklu meiri á fyrri hluta árs, gefur þetta gjald e. t. v. ekki nema um 60 millj. kr. á þessu ári. En jafnframt á ríkið að leggja sömu upphæð á móti, svo að þar bindur þessi hæstv. ráðherra einn baggann enn þá á starfsbróður sinn, fjmrh. á þessu ári, en á næsta ári má segja, að heildarútgjöldin vegna þessa frv. séu fyrst og fremst fyrir útflutningsatvinnuvegina 160 millj. kr. og fyrir þjóðfélagsþegnana, blessaða skattborgarana, 160 millj. kr., eða samtals um 320 millj. kr. Sjávarútvegurinn einn á að taka á sig á ársgrundvelli 160 millj. kr. skatt. Ég hygg, að flestir mundu nú hafa samþ. að Lúðvík hefði ekki hækkað lánin til skipanna úr 5% í 10% og ekki lækkað vextina úr 6½% í 5½% og ekki lengt lánstímann úr 15 árum í 20 ár, þegar hann bætir nú svo myndarlega á sjávarútveginn og hinn almenna þjóðfélagsþegn fyrir það, að allt er komið í harðan hnút. En það má þó segja, að Lúðvík Jósepsson nær þó ekki hlutfallslega eins góðum árangri og flokksbróðir hans, hæstv. iðnrh., því að hann lætur ríkissjóð ekki borga nema sömu upphæð á móti því, sem tekið er af sjávarútveginum, en hæstv. iðnrh. lætur ríkissjóð leggja iðnlánasjóði til hækkun, sem er á þriðja hundrað prósent, á sama tíma og iðnaðurinn á aftur að hækka sína skatta til iðnlánasjóðs um aðeins 25%. Þar má segja, að Magnús Kjartansson hafi heldur betur náð forskoti fram yfir flokksbróður sinn, hæstv. sjútvrh.

Allt er þetta fyrir það, að það var ógætilega farið af stað, sem málin eru þannig komin, og má segja, að með þessu frv. á þessu ári sé að ræða um 2% fiskverðslækkun, því að það þarf enginn að segja, hvorki mér né öðrum, að þessi skattur á sjávarútveginn komi á þá, sem flytja út útflutningsvörur sjávarútvegsins, því að allir slíkir skattar, sem teknir eru með útflutningsgjaldi, sem fyrir eru, eru teknir inn í dæmið við fiskverðsákvörðun og koma því á allar greinar sjávarútvegsins og þá ekki sízt á sjómenn og útvegsmenn, sem verða auðvitað að verulegu leyti að standa undir þessari skattlagningu. Það er ekkert fjarri sanni að segja, að samþykkt þessa frv. samsvari um 2% fiskverðslækkun.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta frv. Ég endurtek það, að ég hefði kosið, að skýrsla hæstv. fjmrh. hefði legið fyrir fjh.- og viðskn., á meðan hún hafði þetta frv. til meðferðar, og embættismenn hefðu komið til fundar hjá n. til þess að ræða um þessi mál. En hæstv. ríkisstj. flýtir sér vanalega meira en góðu hófi gegnir, sérstaklega í vitleysunni, og hún knúði afgreiðslu þessa máls út úr n. Ég fagna því, að hæstv. fjmrh. sýndi þó þann manndóm að leggja þessa skýrslu fram hér við 3. umr. málsins og skýra áætlun fjárfestingarsjóðanna, sem ég met við hann. Hann skýrði þessi mál eins og þau liggja fyrir og hleypidómalaust. Það, sem mér finnst fyrst og fremst að við hans málflutning, er, að hvergi sé hægt að draga úr neinum framkvæmdum, hvergi sé hægt að draga úr þeirri spennu, sem er ríkjandi í þjóðfélaginu, og hvergi er litið á það alvarlega ástand, sem er hjá framleiðsluatvinnuvegunum vegna manneklu, vegna skrots á sjómönnum á fiskiskipin og á fólki til vinnslu fisks í fiskvinnslustöðvunum. Sú könnun, sem fór fram fyrir milligöngu hæstv. sjútvrh. sýnir, að það vantar fólk á svæðinu frá Stokksseyri og vestur um að Snæfellsnesi á sjóinn og við fiskvinnslu, yfir 1000 manns. Og annars staðar á landinu, bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum, er tilfinnanlegur skortur á fólki við þessi framleiðslustörf, þannig að það er lágmark að tala um, að það vanti 1500 manns til þessara starfa. Þetta eitt út af fyrir sig á að knýja ábyrga ríkisstj. til að draga úr fjárfestingu á öðrum sviðum. Við eigum fyrst og fremst að stuðla að auknningu á því verðmæti, sem við sköpum til útflutnings, og fá auknar tekjur með vaxandi verðmætasköpun. Því meira getum við lagt af mörkum til þess að byggja upp í okkar landi án þess að stofna til stórskulda, eins og gert hefur verið, frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, en hún hefur hækkað skuldir erlendis um hvorki meira né minna en 6500 millj. kr. á árunum 1971 og 1972.

Nú segja menn almennt: Það er nóg komið í þessum efnum. En svar ríkisstj. við þessu er: Úr hverju á að draga? Það er búið að framkvæma hér svo vitlausa stjórnarstefnu að undanförnu, sem hefur ýtt undir verðbólguáhrifin, að nú eru þessir ágætu menn fastir í netinu, og þá taka þeir sig til að leggja nýja skatta á þjóðina, en eftir sitjum við með vaxandi verðbólguvanda, sem er heimatilbúinn að verulegu leyti, þótt ég skuli fúslega játa, að við eigum einnig við að stríða verðbólguvanda, sem kemur annars staðar frá, vegna hækkunar á þeirri vöru, sem við flytjum til landsins, en hann er hverfandi lítill á við þann verðbólguvanda, sem hefur verið framleiddur hér heima og á að framleiða með sömu stefnu í vaxandi mæli.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Nú hefði ég að sjálfsögðu átt að koma hér með till, t. d. um að fella niður eitthvað af því, sem áformað er að gert verði á árinu 1973, eins og að hætta við Mjólkárvirkjun eða einhverjar slíkar framkvæmdir, til þess að hækka sig enn þá meira í áliti hjá vini minum, hv. 2. þm. Vestf., sem ég vil gjarnan vinna mig í álit hjá. En því miður verður erindi mitt í ræðustólinn annað en að auka álit mitt, því að það er til orðið vegna

þess, að ég tel mig knúinn til að flytja brtt., sem ég verð að leyfa mér að færa forseta skrifaða vegna tímaskorts.

Eins og ég gat um, var við 2. umr. þessa máls ekki búið að fá niðurstöðu út af því, sem Vestmannaeyjagosið hefur valdið okkur um höfn á Suðurlandi eða hvernig taka skyldi á því máli. Af því tilefni leyfi ég mér að flytja svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta.

„Við 8. gr. Á eftir gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðlabanka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir, áður en Alþ. lýkur störfum, er ríkisstj. heimilt að taka innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðið yrði."

Ég vil taka það fram, að þegar þetta mál liggur fyrir og til ákvörðunar kemur, mun verða haft samráð við þm. Sunnl. og undirnefnd fjvn., auk þess sem hagsýslustofnunin, samgrn. og hafnamálaskrifstofan verða að sjálfsögðu virkir þátttakendur í þessu máli, þegar það er komið á það stig. Ríkisstj. sýnist þó nauðsyn bera til að fá heimild til þess að mæta þessum vanda, og vona ég, að þessi till. leysi fram komnar till., sem voru fluttar undir öðrum kringumstæðum, af hólmi. Ég leyfi mér, herra forseti, að biðja um, að leitað verði afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 587) samþ. með 27 shlj. atkv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við frv. það, sem hér er til umr., um framkvæmdaáætlun 1973, á þskj. 522 og 192. Ég vil aðeins í upphafi máls míns gera hér nokkra grein fyrir þessum brtt.

Hin fyrri er þess efnis að breyta orðalagi í 10. gr. Í stað orðanna „Stofnlína Norður—Suðurland" komi: Til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland. Ég gerði við 2. umr. grein fyrir þessari brtt. og sýndi fram á, að líkur bentu til þess, ef ríkisstj. léti af þeirri stefnu sinni, sem hún virðist hafa nú, að ákveða, að stofnlína skuli koma frá Suðurlandi til Norðurlands til raforkuöflunar fyrir Norðlendinga, að hægt væri að fara miklu hagkvæmari leiðir í þessu efni og þessar leiðir ætti að kanna, áður en í þetta væri ráðizt. Ég benti m. a. á það, að mjög kæmi til greina að virkja gufuafl á Norðurlandi samkvæmt skýrslu, sem er nýkomin fram um það efni. Aðrir virkjunarkostir eru margir á Norðurlandi. Ég gerði ítarlega grein fyrir þessari till. við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér.

Hin brtt. er um, að við 10. gr. í sundurliðun bætist nýr liður á eftir liðnum Blævardalsárvirkjun: Norðurlandsáætlun vegna Ólafsfjarðarhafnar 8 millj. kr., og samsvarandi lækkun verði á framlagi til Framkvæmdasjóðs Íslands, þannig að þessi till. hefur ekki í heild í för með sér aukin útgjöld. Ástæðan fyrir þessari till. er sú, að ég spurðist fyrir á þinginu í haust um framkvæmdir samkvæmt Norðurlandsáætlun í höfnum og flugvöllum. Þá svaraði hæstv. forsrh. mér því til, að aflað yrði 50 millj. kr. til þessara framkvæmda, og taldi upp m. a. hafnarframkvæmdir á Siglufirði og í Ólafsfirði. Þegar frv. kom fram, sem hér er til umr., um framkvæmdaáætlun ríkisstj., kom í ljós, að þetta fé hafði verið skorið niður og sleppt framkvæmdum á Siglufirði og í Ólafsfirði. En hv. n., sem fékk þetta frv. til athugunar, gerir það hins vegar að till. sinni að taka öldubrjót á Siglufirði aftur inn í þessa framkvæmdaáætlun, en enn er Ólafsfirði sleppt. Ég vil líta þannig á, að hér geti jafnvel verið um mistök að ræða, því að ég fæ ekki séð, að það sé réttlæti í því, þegar var búið að skera þessar framkvæmdir niður báðar, að önnur sé síðan tekin inn í þetta frv. Báðar þessar framkvæmdir eru jafnnauðsynlegar. Ólafsfirðingar eru að fá núna 2 skip, sem þeir koma alls ekki inn í höfnina, nema með því að hefja þegar framkvæmdir við hafnargerðina. Ég vil því freista þess með þessari till., að koma fram samræmingu á þessu og vona, að hv. þdm. fallist á þá skoðun með mér, að það sé ekkert réttlæti í því að lagfæra hjá öðrum aðilanum, en skilja hinn eftir, þar sem þörfin er jafnmikil hjá báðum.

Ég vil svo með örfáum orðum ræða um þetta frv. og þá sérstaklega lántökustefnu hæstv. ríkisstj. og hættulegustu afleiðingar þeirrar stefnu í efnahagsmálum. Ég vil þá aðeins, með leyfi hæstv. forseta, víkja hér að orðum í skýrslu valkostanefndar frá því í haust, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Lántökur Íslendinga erlendis hafa verið gífurlega miklar á árunum 1971 og 1972, og hafa heildarskuldir við útlönd aukizt á þessum tveimur árum um nærri 6000 millj. eða um 53%. Í því greiðslujafnaðarmarkmiði, sem hér hefur verið sett, hefur verið við það miðað, að erlendar skuldir til langs tíma megi ekki aukast um meira en nálægt 2000 millj. kr. á árinu 1973 og væri þá erlend skuldaaukning á árunum 1971—1973 orðin ríflega 70%. Þegar tekið er tillit til annarra erlendra lána, sem tekin verða á árinu 1973, þ. á m. vegna togarakaupa, er ekki rúm fyrir meira en í mesta lagi 700 millj. kr. lántöku til að mæta umræddri fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, ef skuldaaukning á ekki að fara út fyrir hin settu mörk." Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, sýnist mér reyndin í þessu efni vera sú, að í stað 700 millj. kr., sem talið er að sé gengið til hin ítrasta í skýrslu valkostan. sérfræðinga hæstv. ríkisstj., verði 800 millj. kr. aflað erlendis vegna framkvæmdasjóðs, PL-láns að upphæð 50 millj. kr. og tækjakaupaláns að upphæð 97 millj. kr. Önnur erlend lán samkvæmt þessu frv. sýnast mér eiga að vera 272 millj., og hæstv. ráðherra var að lýsa brtt., sem eru um heimild ríkisstj. til þess að bæta 150 millj. kr. við þetta. Fyrir utan þetta koma svo aðrar lánstökur, eins og til Sigölduvirkjunar o. s. frv. Í stað þess sem sé, að sérfræðingar hæstv. ríkisstj. telja, að hér megi aðeins vera um 700 millj. kr. lántöku að ræða, er hæstv.

ríkisstj. komin í 1200 millj. Samkvæmt þessu hækkar erlend lántaka um meira en 70% á 3 árum, enda segir svo í skýrslu hæstv. fjmrh., á bls. 11, — þar er talað um, hversu framkvæmdaáætlunin hafi hækkað í meðförum, og raunar talið, að það sé af óviðráðanlegum ástæðum, en það er viðurkennt, að hún hafi hækkað úr öllu hófi, og niðurstaðan af því er svo, með leyfi forseta: „Svo sem vænta má, leiðir hin mikla aukning áætlunarinnar fyrst og fremst til aukinnar lántöku erlendis, þótt ekki liggi enn að fullu fyrir, hvernig sumar heimildanna verða notaðar."

Sérfræðingar hæstv. ríkisstj. komust sem sé þannig að orði í fyrrahaust, að lántökur erlendis væru þegar orðnar gífurlegar. Ég veit ekki, hvaða orð þeir kunna að nota næst, þegar þeir gefa hv. Alþ. skýrslu um þetta efni. Ég tel, að hér sé um að ræða hættulegustu afleiðingar af stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, sem koma mjög fram í þessu frv.

Það hefur verið rætt um það hér, að allar þær framkvæmdir, sem hér á að afla fjár til, séu nauðsynlegar og þær séu löngu ákveðnar margar hverjar. En það hefði þá átt að hafa meiri fyrirhyggju í því, þegar þessar framkvæmdir voru ákveðnar, til hvers þær mundu leiða. Mér þótti fróðlegt að lesa skýrslu fjmrh., sem fylgdi þessu frv. Í skýrslunni koma nefnilega fram tölur, ef hún er lesin ofan í kjölinn, sem sanna mál okkar, sem höfum verið að sýna fram á það, að hæstv. ríkisstj. stefni í algera ófæru í viðskiptum sínum við útlönd, ekki bara á sviði erlendrar lántöku, heldur einnig að því er varðar viðskiptin í heild við útlönd. Ég tók saman nokkrar tölur, sem koma beint upp úr þessu plaggi, og þá er útkoman sú, að það er gert ráð fyrir, að viðskiptajöfnuður, sem var hagstæður árið 1970 um 650 millj., hafi verið óhagstæður árið 1971 um 3860 millj. og 1972 um 2000 millj., sem er allmiklu minna en upphaflega var gert ráð fyrir. Það skýrist að verulegu leyti af því, eins og fram kemur í skýrslunni, að birgðaminnkun á útflutningsvörum var verulega mikil á árinu 1972. Hæstv. fjmrh. sá ekki ástæðu til að minnast á það í ræðu sinni, þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði og taldi, að niðurstaðan á viðskiptajöfnuði hefði verið miklu hagstæðari en gert var ráð fyrir. En þarna er sem sagt um að ræða 5860 millj. kr. halla á viðskiptum við útlönd á þessum 2 árum. Nú hafa hæstv. ráðherrar mjög flaggað því hér á hv. Alþ., að þetta skýrist af því, að það sé svo mikið flutt inn af skipum og flugvélum. En í skýrslu hæstv. fjmrh. kemur fram, hvað mikið er flutt inn af skipum og flugvélum á þessum árum. Á árinu 1970 var flutt inn fyrir 900 millj. kr., árið 1971 fyrir 2252 millj. kr. og 1972 fyrir 1120 millj. kr. Sé gert ráð fyrir þessu og viðskiptajöfnuðurinn reiknaður þannig, að skip og flugvélar séu ekki innifalin í honum, er hann hagstæður á árinu 1970 um 1550 millj., en óhagstæður á árunum 1971 og 1972 um samtals 2500 millj. kr., þegar búið er að taka skip og flugvélar út úr. Við höfum sem sagt lifað um efni fram um nálega 2500 millj. kr. og lækkað innstæður okkar erlendis á þessum 2 árum. Það eru mikil umskipti frá árinu 1970, en þá var sams konar tala, eins fundin, 1550 millj. kr. hagstæður jöfnuður við útlönd. Horfurnar á þessu sviði hafa að vísu nokkuð batnað upp á síðkastið vegna gífurlegra verðhækkana á afurðum okkar erlendis. En ýmislegt hefur komið þar á móti, svo sem það, að vertíð hefur gengið verr en skyldi og hækkun er mikil á innflutningi. Það má því gera ráð fyrir, að á næsta ári verði viðskiptajöfnuður okkar mjög verulega óhagstæður, þó að ástandið verði kannske bjartara en menn gerðu sér vonir um um áramótin vegna hinna miklu verðhækkana á útflutningi okkar erlendis, sem hæstv. ríkisstj. verða ekki þakkaðar. Þannig tala staðreyndir, sem eru teknar beint úr skýrslu hæstv. ráðherra, um það, hvernig haldið hefur verið á málunum á undanförnum tveim árum, og því miður eru horfurnar mjög alvarlegar í þessu efni á yfirstandandi ári.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir þeirri afstöðu þingflokks Alþfl. að taka ekki þátt í afgreiðslu þessa máls hér í hv. d. vegna þess, hvernig að málinu væri staðið. Ég gagnrýndi það mjög fyrir hönd þingflokks Alþfl., að ætlazt væri til þess, að Alþ. veitti hæstv. ríkisstj. lántökuheimild upp á annan milljarð kr. til þess að kosta framkvæmdir utan fjárl., án þess að ríkisstj. gerði Alþ. jafnframt grein fyrir því, hvernig hún hygðist nota sér þá lækkunarheimild til útgjalda á fjárl., sem hún fékk rétt áður en fjárlög voru endanlega afgreidd, og án þess að hún gerði grein fyrir því, hver yrðu útlán fjárfestingarsjóða og hvernig nauðsynlegs fjár til þeirra ætti að afla. Milli 2. og 3. umr. hefur hæstv. ríkisstj. bætt úr öðru þessara atriða. Á föstudaginn var lagði hæstv. ríkisstj. fram yfirlit yfir fjárfestingarsjóðina, væntanleg útlán þeirra á yfirstandandi ári og hvernig fjár til þeirra eigi að afla. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert hv. Alþ. neina grein fyrir því, hvernig muni fara með niðurskurð á fjárl., þ. e. hver muni verða raunveruleg framkvæmdaútgjöld á fjárl. sjálfum. Þetta breytir því engu um þá afstöðu þm. Alþfl. að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins í mótmælaskyni við það, hvernig að málinu er staðið.

En örfáum orðum vildi ég leyfa mér að fara um þá skýrslu, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú afhent alþm. um fjármál fjárfestingarlánasjóðanna.

Þar er gert ráð fyrir því, að útlán þeirra verði 1910 millj. kr., og gerð er grein fyrir því, hvernig fjár til þessara útlána á að afla og hvernig þau eiga að skiptast á einstakar útlánategundir. Ég fæ ekki betur séð en að örugg fjáröflun til fjárfestingarsjóðanna sé aðeins ⅓ hluti af heildarfjáröfluninni. Heildarfjáröflunin er 1910 millj. kr., eins og ég sagði áðan. Þar af er eigið ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðs 130 millj., lántaka frá innlendum bönkum, eftirstöðvar frá því í fyrra, 66 millj., lántökur frá bönkunum í ár, 10% eins og áður, 284 millj. og hluti af sparisskírteinaláni 150 millj. kr. Þetta eru samtals 630 millj. kr. Þetta má telja örugga fjáröflun, sem

ríkisstj. geti átt kost á. En ég get ekki séð, að varðandi nokkra aðra af þeim liðum, sem nefndir eru þar á eftir, sé um örugga fjáröflun að ræða. Þar er gert ráð fyrir 40 millj. kr. láni frá iðnþróunarsjóði vegna iðnlánasjóðsins. Mér er ekki kunnugt um, að búið sé að semja um þetta lán. Það var mikil tregða á hliðstæðri lánveitingu í fyrra, og ég veit ekki betur en stjórn iðnþróunarsjóðsins hafi tilkynnt hæstv. ríkisstj., að hún muni ekki veita kost á öðru láni í ár hliðstæðu því, sem veitt var í fyrra. Þá var gert ráð fyrir 280 millj. kr. frá lífeyrissjóðum. Ég þori að fullyrða, að engir samningar eru til við lífeyrissjóðina um, að þeir láti þetta fé af hendi við hæstv. ríkisstj. Þessir samningar munu vera á byrjunarstigi, en engin niðurstaða fengin og allsendis óvíst, hvort nokkur niðurstaða fæst. Þó er hér um hvorki meira né minna en 280 millj. kr. að ræða. Þá er gert ráð fyrir því að taka erlend lán að upphæð 800 millj. kr., og er það langstærsti fjáröflunarliðurinn. Þessi lán er auðvitað ekki búið að taka, og ég hygg, að óhætt sé að segja, að enn sé allsendis ókunnugt um það, hvort þau fást eða ekki. En burtséð frá því, hvort þau fást eða fást ekki, verð ég að vekja sérstaka athygli á því, að hér er farið inn á mjög hála braut með því að afla næstum helmings af fjárþörf fjárfestingarsjóðanna með nýjum erlendum lánum. Hér er í raun og veru um dæmalausa tillögugerð að ræða, og ég held, að aldrei áður hafi verið lagt til að afla jafnmikils hluta af fjárþörf fjárfestingarsjóðanna með erlendum lánum. Hversu óvarlega hér er á haldið, sést bezt á því, að þegar mun vera búið að taka ákvörðun um lántökur á þessu ári að upphæð rúmlega 4000 millj. kr. Það er búið að ákveða að taka um 4000 millj. kr. lán á þessu ári. Auðvitað verða að eiga sér stað afborganir af eldri lánum á árinu. Mér telst svo til, að þær muni nema um 1500 millj. kr., en það jafngildir því, að skuldaaukning í ár verði, áður en þetta kemur til, hvorki meira né minna en 2500 millj. kr. Erlendar skuldir í ár munu því aukast um 2500 millj. kr., og það er um 75% aukning á undanförnum þremur árum. Ofan á þessa 2500 millj. kr. skuldaaukningu í ár leggur nú ríkisstj. til að afla næstum helmingsins af fjárþörf fjárfestingarsjóðanna með viðbótarlánum erlendis. Hér er vægast sagt mjög glannalega á haldið.

Þá er síðasti liðurinn, þar sem gert er ráð fyrir láni frá Seðlabanka Íslands að upphæð 160 millj. kr. Það má vera, að Seðlabankinn sé búinn að lofa því að lána ríkisstj. þessa upphæð. Þó dreg ég mjög í efa, að svo sé.

Ríkisstj. leggur m. ö. o. fram hugmyndir um að afla rúmlega 1900 millj. kr. Hún hefur ekki tryggt nema ⅓ af þessu fé. Hitt er allt saman vonarpeningur og langstærsti liðurinn fyrirhuguð erlend lán ofan á meiri lánaaukningu en nokkurn tíma áður hefur átt sér stað í sögunni. Þetta er allt saman enn ein sönnun fyrir því, að ríkisstj. ræður að engu leyti við vandamál efnahagsmálanna. Þingflokkur Alþfl. sér því ekki ástæðu til að taka þátt í afgreiðslu þessa máls.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða framkvæmdaáætlunina, eins og hún liggur hér fyrir, enda þótt ég hafi ýmislegt við hana að athuga. Ég gæti tekið undir margt af því, sem sagt hefur verið í gagnrýnisátt um þessa áætlun. Hitt liggur ljóst fyrir, að það er ekkert óeðlilegt, þótt tölurnar hækki í framkvæmdaáætluninni, miðað við það, hvað dýrtíðin hefur aukizt á síðustu mánuðum. Byggingarvísitalan er nokkuð góður mælikvarði á framkvæmdakostnaðinn, en byggingarvísitalan hefur hækkað frá 1. júlí 1971 og áætlað til 1. júlí 1973 um rúmlega 50%. Byggingarkostnaður hefur hækkað um 2—3% á mánuði, síðan núv. hæstv. ríkisstj. komst til valda, og er það algert met, sem hæstv. ríkisstj. hefur slegið í dýrtíðinni.

Hæstv. fjmrh. og ýmsir hv. þm. úr stjórnarandstöðunni hafa deilt um dýrtíðina. Hæstv. fjmrh. sagði hér í ræðu fyrir nokkrum dögum, að dýrtíðin hefði ekki vaxið meira í tíð núv. stjórnar en hún gerði að jafnaði í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Hæstv. fjmrh. tók það ekki með í reikninginn, hver arfurinn var frá fyrri vinstri stjórninni, sem viðreisnarstjórnin tók við af. En þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn, var dýrtíðaraukingin á ári hjá viðreisnarstjórninni ekki nema 9,7%, en hefur verið 14,4% samkv. opinberum skýrslum hjá núv. hæstv. stjórn. En hæstv. ríkisstj. er nú að fara fram í dugnaði við að fá dýrtíðarhjólið til að snúast hratt, því að frá 1. febrúar s. l. til 1. maí n. k. er áætlað, að vísitalan hækki um hvorki meira né minna en 9,7%, og kaupgjaldið hækki á þremur mánuðum um 9%. Þá er það komið svo, að á þremur mánuðum hækkar vísitalan eins mikið og hún gerði á heilu ári í tíð fyrrv. stjórnar. Þegar þannig er í pottinn búið, er ekki nema eðlilegt, að allar tölur hækki og að fjárfestingarsjóðirnir séu fjárvana. Þá horfirð hæstv. ríkisstj. fram á það að verða annaðhvort að draga saman allar framkvæmdir eða reyna að afla fjár til þess að halda framkvæmdum eitthvað í horfinu. Hæstv. ríkisstj. er örlát á loforð fram í tímann til þess að reyna að greiða úr fjárskorti fjárfestingarsjóðanna.

Mér sýnist við fljóta yfirsýn, að samkv. þeim frv., sem hér hafa verið lögð fram síðustu daga na til styrktar og hjálpar fjárfestingarsjóðunum, muni framlag ríkissjóðs til fjárfestingarsjóðanna hækka um eitthvað milli 500 og 600 millj. kr. á ársgrundvelli. En það er síður en svo, að fjárfestingarsjóðirnir standi betur að vígi, þótt þeir fái þetta framlag frá ríkissjóðnum, en þeir hafa áður gert. Það er líklegt, að þeir standi mun ver að vígi en þeir hafa gert, þrátt fyrir þetta framlag frá ríkissjóði. Þannig leikur verðbólgan fjárfestingarsjóðina, og þannig leikur verðbólgan fjármálakerfið.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta, þar sem það liggur alveg ljóst fyrir. En ég vil minna á, eins og allir hv. þm. vita, að fyrir jólin, þegar frv. til l. um framkvæmdaáætlun var til umr., flutti ég ásamt hv. 3. þm. Sunnl. brtt. um fjárframlag til Þorlákshafnar. Það urðu talsverðar umr. um Þorlákshöfn þá, og hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sögðust ekki treysta sér til að veita fé til Þorlákshafnar, enda þótt þeir viðurkenndu báðir þörfina á því. En síðan hefur margt skeð, og dylst engum, að það verður að auka framlag til framkvæmda við hafnir á suður-

ströndinni, þótt ekki væri nema til þess að bæta aðstöðu Vestmannaeyjabáta til bráðabirgða. Það verður gert með því að flýta framkvæmdum í Grindavík, flýta framkvæmdum, sem átti að vinna í Þorlákshöfn, og auka framkvæmdir á Stokkseyri og Eyrarbakka, þar sem Vestmannaeyjabátar hafa haft bækistöð í vetur. En það er aðeins til bráðabirgða, og það verður ekkert unnið þarna, sem ekki hefði orðið að vinna hvort sem var.

Hæstv. fjmrh. lýsti hér brtt., sem hann flytur um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka 150 millj. kr. lán til framkvæmda við hafnir á suðurströndinni á þessu ári. Ég ræddi við hæstv. fjmrh. í morgun um þessi mál og gat þess, að mér fyndist þessi upphæð nokkuð lág. En hæstv. ráðh. vitnaði í, að ekki væri unnt að vinna meira á þessu ári. Það kemur nokkuð heim við það, sem vitamálastjóri sagði mér einnig í dag, að það yrði erfitt að vinna fyrir meira á þessu ári, þótt þörfin sé vitanlega miklu meiri á þessum stöðum en sem nemur þessari upphæð. Ég vil þess vegna þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa flutt þessa brtt., sem er í samræmi við það, sem vitamálastjóri telur fært að vinna fyrir á þessu ári. En þetta er ekki nema áfangi, því að í höfnum á suðurströndinni er eftir að vinna mikið, til þess að þær verði nothæfar.

Um Vestmannaeyjamálið ætla ég ekki að ræða neitt að ráði að þessu sinni, heldur aðeins að minna á það, að Þorlákshöfn gæti ekki komið í staðinn fyrir Vestmannaeyjahöfn, ef svo illa færi, að Vestmannaeyjahöfn yrði ekki nothæf. Ef til þess kæmi, yrði að gera strax nýja höfn á suðurströndinni og byggja nýjan bæ. Þetta hygg ég, að allir séu sammála um, ef svo illa færi. En á meðan þetta bráðabirgðaástand ríkir, eru einnig allir sammála um, að bæta þurfi aðstöðuna í þeim höfnum, sem Vestmannaeyjabátar nota til bráðabirgða. Það leiðir að sjálfsögðu til þess, sem hér hefur komið fram, að ég og hv. 3. þm. Sunnl. tökum aftur till., sem við fluttum í haust og miðaðist við þá framkvæmd í Þorlákshöfn að lengja ytri hafnargarðinn um 80 metra á tveimur árum. Það þótti ekki fært að hugsa sér meira þá. En þetta, sem nú er lagt til, að verði unnið á þessu ári, getur e. t. v. orðið nokkru meira en lagt var til í haust. Mér þykir vænt um þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, að haft yrði samráð við sveitarstjórnasambandið og þm. kjördæmisins um það, hvernig þessum fjármunum yrði bezt varið. Og þá væri kannske einnig eðlilegt að kalla skipstjórnarmenn og sjómenn til ráðun., áður en málið yrði ákveðið að fullu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mér fannst ástæða til þess í lok 3. umr. að vekja athygli á þeirri málsmeðferð, sem þetta frv., sem hér er til umr., hefur fengið á hinu háa Alþ. og hversu frábrugðið það er því, sem hefur verið á undanförnum árum. Það er við 2. umr. þessa máls, sem frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. gera grein fyrir skoðunum sínum, leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh., en fá engin svör. Það liggur fyrir við þessa umr., að ekkert er vitað um niðurskurð fjárl. samkv. heimildargr. í fjárl. 1973. Það eru engar upplýsingar fáanlegar í þessum efnum. Við 2. umr. málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um fjármögnun fjárfestingarsjóða né skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun. Þessar upplýsingar hafa á undanförnum árum verið taldar sjálfsagðar, og þær hafa verið veittar og gerð grein fyrir því, með hvaða hætti fjármögnun til opinberra framkvæmda skuli vera. Fjmrh. svarar engu við 2. umr. þessa máls. Við 3. umr. málsins kemur hæstv. fjmrh. hér og leggur fram skýrslu sína um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir 1973. Hann gerir tæplega grein fyrir henni. Hún er nánast, eins og einn hv. þm. sagði áðan, uppsetning á tölum, en ekki með nokkru móti gerð grein fyrir því, á hvern hátt útvega eigi það fé, sem þarf til þess, að sú uppsetning, sem er að finna í framkvæmdaáætluninni, nái fram að ganga. Hér koma frsm. minni hl. fjhn. aftur. Þeir ítreka fsp. sínar til fjmrh. frá 2. umr., gera fsp. um þetta mál, eftir að fyrir liggur skýrsla hans um opinberar framkvæmdir 1973, og enn er ekki sagt orð. Ég held, að þessi málsmeðferð, þ. e. sá málflutningur, sem hafður hefur verið hér uppi af fulltrúum ríkisstj., sé einstakur og það sé ástæða til þess að benda á hann og gera mönnum grein fyrir, með hvaða hætti ríkisstj. stendur að málum á Alþingi í dag.

ATKVGR.

Brtt. 587 samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 192 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SvH.

nei: BP, EðS, EystJ, GS, JJ, HES, HV, IG, JSk, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, GilsG.

BGr greiddi ekki atkvæði.

4 þm. (GÞG, JónasÁ, PP, StefG) fjarstaddir.

Brtt. 179 tekin aftur.

Brtt. 522 felld með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH, SvH.

nei: BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, JJ, HES, HV, IG, JSk, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, GilsG.

BGr greiddi ekki atkv.

4 þm. (GÞG, JónasÁ, PP, StefG) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GS, JJ, HES, HV, IG, JSk, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SV, SvJ, GilsG.

SvH, Bgr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, RH greiddu ekki atkv.

4 þm. (GÞG, JónasÁ, PP, StefG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Neðri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, að loknum 82. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 593, 566, 594, 597, 602, 604, 605, 607, 608, 610). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil í fáum orðum gera hér grein fyrir þeim brtt., sem hv. heilbr.- og trn. þessarar d. hefur orðið sammála um að flytja við þessa 3. umr. frv. Það er sami háttur á og við flutning brtt. n. við 2. umr., að þær brtt. eru einar fluttar, sem allir nm. hafa orðið sammála um að flytja. Fleiri sjónarmið komu fram í n. en flutningur þessara brtt. einna gefur til kynna, og er enginn einstakur nm. bundinn af því að flytja ekki fleiri brtt. eða fylgja brtt. við frv., sem kunna að verða fluttar af öðrum hv. þm. en þeim, sem skipa heilbr.- og trn. Nd. Ég vil þá í fáum orðum gera grein fyrir þeim brtt., sem n. er sammála um að flytja.

1. brtt. er, að aftan við 3. gr. frv. bætist nýr liður, er verði 3. gr. 4, svo hljóðandi: „Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.“ Þessi breyting skýrir sig sjálf, og þarf ekki að fara um hana fleiri orðum.

2. brtt. n. er, að við 22. gr. bætist nýr liður á eftir 4. tölul., sem fjallar um heilsuvernd. Nýi liðurinn er þannig, að við bætist: Sjónvernd og heyrnvernd.

3. brtt. er við 24. gr., en n. leggur til, að við hana bætist þetta: „Kjörtímabil stjórna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.“ Þessi breyting skýrir sig sjálf, og skal ég ekki hafa um hana fleiri orð.

4. brtt. n. er við 27. gr. 2, að við bætist svofellt: „Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkv. tölul. 2 í 27.1, að geðdeild undanskilinni.“ Það gildir sama um þessa brtt. og hinar, að hún skýrir sig sjálf, og skal ég ekki hafa fleiri orð um hana.

5. brtt. n. er við 34. gr. frv., að við hana bætist svofellt: „Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur n. heimild til að kveðja tvo sérfræðinga sér til ráðuneytis. N. skal hafa skilað rökstuddu áliti innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.“

6. brtt. er við 36. gr. frv. Leggur n. til, að við hana bætist: „Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.“ Við 2. umr. frv. var af mörgum þm. lögð mikil áherzla á að fá þetta ákvæði inn í frv., enda hafði ég sem frsm. n. lýst því yfir, að þessi hugmynd hefði verið uppi í n. og um hana væri samkomulag, eins og flutningur þessarar brtt. ber með sér.

7. brtt. er við 41. gr. frv. Lagt er til, að upphaf hennar orðist svo: „Rn. og landlæknir skulu hafa forgöngu“ o. s. frv. eins og stendur í gr.

8. brtt. er við ákvæði til bráðabirgða. Hún er svofelld, með leyfi forseta:

„Við 1. lið bætist: Ákvæði í 17. gr. 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkv. læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.“

Í framkvæmd þýðir þetta það, að ákvæði frv., að því er tekur til Suðurlandskjördæmis, um heilsugæzluumdæmi kemur ekki til framkvæmda að sinni og þeir læknar, sem sitja í þessum læknishéruðum, munu um sinn gegna þeim áfram.

9. brtt. er við ákvæði til bráðabirgða, 3. liðs, við hann bætist: „Heimilt er ráðh. að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilzugæzlustöðva.“

Þetta eru þær brtt., sem n. hefur orðið sammála um að flytja við þessa 3. umr. En auk þess vissi n. um nokkrar fleiri brtt., þegar hún fjallaði um frv. í morgun, og auk þess hafa komið fram nú í byrjun þessa fundar nokkrar nýjar brtt. frá einstökum þm., sem þeir vafalaust munu mæla fyrir.

Út af brtt., sem ég hef séð og Stefán Valgeirsson er 1. flm. að, um heilsugæzlustöð á Kópaskeri hef ég verið beðinn, vegna þess að hæstv. heilbrmrh. er fjarstaddur, að gefa í hans nafni svofellda yfirlýsingu, sem við vonum að sé nægileg til þess, að flm. brtt. þeirrar, sem ég var áðan að kenna við Stefán Valgeirsson, geti sæmilega við unað. Yfirlýsingin er svo hljóðandi:

„Ljóst er, að í nokkrum sveitarfélögum á landinu verður æðilangt til heilsugæzlustöðva, og mun ráðh. með reglugerð kveða á um skyldur lækna viðkomandi heilsugæzlustöðva til þess að veita sjúklingum móttöku á slíkum stöðum. Reynist læknisþjónustan ekki fullnægjandi með slíku fyrirkomulagi, mun ráðh. nota heimild laganna um fjölgun stöðvanna.“

Eins og nú er, á að gegna læknisþjónustu á Kópaskeri frá læknamiðstöðinni í Húsavík, og er meining hæstv. ráðh. með reglugerð þeirri, sem hann væntanlega setur fljótlega, að kveða nánar á um skyldur lækna á heilsugæzlustöðinni í Húsavík til þess að gegna læknisstörfum á Kópaskeri. Reynist sú læknisþjónusta ekki nægjanleg, mun ráðh. nota heimild, sem tekin var upp í frv. við 2. umr., um að fjölga heilsugæzlustöðvum frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Vænti ég, að þetta verði talið nægilegt til þess, að hv. flm. þeirrar brtt., sem ég vék hér að áðan, geti eftir atvikum sætt sig við það.

Þá hef ég enn fremur verið beðinn að flytja þá yfirlýsingu frá hæstv. heilbrmrh, að áður en að því kæmi, að lagt yrði til, að Alþ. samþykkti gildistöku II. kafla frv., þ. e. a. s. um læknishéruðin, muni heilbrmrn. láta fara fram endurskoðun á kaflanum og hafa samráð við Samb. ísl. sveitarfélaga um þá endurskoðun. Vænti ég, að þessi yfirlýsing sé líka einhvers virði.

Í sambandi við skilning á ákvæði 32. gr., vil ég taka fram að gefnu tilefni, að hana ber ekki að skoða á neinn hátt á þann veg, að hún komi í veg fyrir, að forstöðukonur á sjúkrahúsum hafi með yfirstjórn hjúkrunarþjónustunnar að gera.

Það eina, sem ég vil svo bæta við, er að skýra frá því, að s. l. laugardag barst mér í hendur umsögn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem hafði fengið frv. þetta til umsagnar, en ekki sent n. umsögn það tímanlega, að hún kæmist inn í nál. En nú hefur sem sagt þessi umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga borizt, og af því að hún er mjög stutt, langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Með bréfi, dags. 2. f. m., sendi hv. þn. ofanskráð frv. til umsagnar sambandsins. Stjórn Sambandsins hefur fjallað um efni frv. á nokkrum fundum og samþykkt að koma á framfæri við n. eftirtöldum ábendingum:

1. Stjórn sambandsins er kunnugt um, að allmargar sveitarstjórnir og samtök sveitarfélaga hafa gert till. um breytingar á frv. í einstökum atriðum, sérstaklega að því er þær varðar, og væntir þess, að þær till. verði teknar til greina, eftir því sem unnt er og fært þykir.

2. Fyrir sitt leyti leggur stjórnin til, að umdæmaskipun sú, sem gert er ráð fyrir í frv. (umdæmi héraðslækna), verði löguð að þeirri umdæmaskiptingu, sem fyrir er í landinu og gert er ráð fyrir í frv. um breytingar á sveitarstjórnarlögum (um lögfestingu landshlutasamtaka sveitarfélaga).

3. Þótt gert sé ráð fyrir, að ákvæði laganna komi til framkvæmda á alllöngum tíma, telur stjórnin óhjákvæmilegt annað en fá einhverja hugmynd um þann kostnað, sem leiða mundi af framkvæmd laganna, einkum fyrir sveitarfélög, ef frv. yrði að lögum, óbreytt.

Þetta tilkynnist hv. þm. hér með.

Virðingarfyllst,
Magnús E. Guðjónsson."

Ég hef þá lokið við að lýsa þeim brtt., sem heilbr.- og trn. Nd. stendur að. Til viðbótar vil ég aðeins segja það, að hv. n. hefur lagt sig mjög fram um það að reyna að leysa, eftir því sem þótt hefur fært, öll þau ágreiningsatriði, sem fyrir hana hafa verið borin upp það tímanlega, að hún hefði tækifæri til þess að ræða þau. Mín persónulega skoðun er sú, að flutningur mjög margra og stórra brtt. umfram það, sem n. hefur þegar flutt, geti orðið til þess að tefla framgangi frv. í hættu, og ég vil ekki að því standa. Hvort þetta er réttur skilningur hjá mér, get ég að sjálfsögðu ekki sagt um með fullri vissu. Það verður hver og einn hv. þm. að meta, þegar hann greiðir atkv. um þær brtt., sem verða fluttar umfram þær, sem n. hefur orðið sammála um að flytja.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þrjár brtt., sem hefur verið útbýtt, en flm. eru auk mín Bjarni Guðnason, Matthías Á. Mathiesen og Björn Pálsson.

1. brtt. er við 2. gr. frv., þess efnis, að síðari málsl. falli niður, en hann er: „Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild." Þetta leggjum við til, að falli niður, með skírskotun til l. um Stjórnarráð Íslands segir, um í 10. gr.: Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra rn. undir yfirstjórn ráðh." Þar eru ekki sett nein sérstök skilyrði fyrir, hvaða menntun ráðuneytisstjóri í neinu rn. skuli hafa, og við teljum því enga ástæðu til annars en lög um Stjórnarráð Íslands gildi einnig um heilbr.- og trmrn., en það bannar auðvitað alls ekki, að ráðuneytisstjóri sé læknir, þó óeðlilegt sé að lögfesta, að hann skuli vera læknir. Þetta teljum við óeðlilegt að hafa í frv. og leggjum því til, að það falli niður.

Í öðru lagi segir í 5. gr. frv.: „Ráðh. skal setja á stofn ráðgjafarnefnd um heilbrigðis- og almannatryggingamál: Heilbrigðisráð Íslands. Ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins." Síðan er talið upp, hverjir skuli tilnefna menn í það. Það er læknadeild Háskólans, Læknafélag Íslands, Tannlæknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, tryggingaráð og stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. Samtök heilbrigðisstétta tilnefni 2 menn í ráðið og ráðh. skipi 3 menn án tilnefningar. Okkur finnst óeðlilegt, að landlæknir sé ekki í þessu heilbrigðisráði, og þykir eðlilegt, að hann sé formaður ráðsins fyrst talin er nauðsyn á að stofna þetta ráð. Því leggjum við til, að í stað orðanna „ráðuneytisstjóri er formaður ráðsins" komi: „Landlæknir er formaður ráðsins."

3. og síðasta till., sem við flytjum á þessu þskj., er um það, að 6. gr. frv. falli niður, en hún er um það að heilbr.- og trmrn. skiptist í starfsdeildir í samræmi við ákvörðun ráðh. hverju sinni, en jafnan skuli fylgt eftirfarandi heildarskiptingu málefna, eins og þar segir, og eru þar taldar upp 5 deildir: sjúkrahúsmál og heilsugæzla; heilbrigðiseftirlit; lyfjamál; tryggingamál; áætlanir, rannsókn, skýrslugerð. Með tilliti til þess, sem er í gildi í l. um stjórnarráð Íslands, en í 7. gr. þeirra l. segir: „Ráðh. kveður á um skiptingu rn. í starfsdeildir eftir verkefnum", álítum við, að alveg sé nægjanlegt fyrir þann ráðh., sem fer með þennan málaflokk, eins og fyrir aðra ráðh., að hann kveði á um skiptingu rn. í starfsdeildir eftir verkefnum, en setja ekki í þessi lög, að jafnan skuli fylgt ákveðinni heildarskiptingu málefna. Ég held, að það eigi m. ö. o. að lögfesta það að færa mjög verulega út starfsmannafjölda og stjórnkerfið í þessu rn., því að ég held, að það sé alveg nógu rúmt, sem er í l. um Stjórnarráð Íslands, að ráðh. kveði á um skiptingu rn. í starfsdeildir eftir verkefnum. Svo er það aftur háð samþykki ríkisstj. á hverjum tíma og fjárveitingavaldsins, hvað skuli ganga langt á hverjum tíma og leyfa mikla útvíkkun á einu og sama rn.

Enn fremur vil ég leyfa mér að flytja hér eina brtt. Ég er einn flm. að þeirri brtt., hún er ekki komin úr prentun, en það er brtt. við 17. gr. 4, Vestfjarðahérað. Í stað 1 komi: Patreksfjarðarumdæmi, og orðist þannig:

a. Patreksfjörður H 2, starfssvæði Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Múlahreppur, Barðastrandarhreppur og Rauðasandshreppur.

b. Bíldudalur H 1, starfssvæði Suðurfjarðahreppur og Ketildalahreppur.

Ég tel, að þetta sé alveg í fullu samræmi við það, sem tekið var inn í frv. um nokkra aðra staði, eins og t. d. Flateyri og Þingeyri, svo að ég fari ekki út fyrir þetta sama kjördæmi. Því flyt ég þessa till., að ég tel, að það eigi að gilda sama um þessi gömlu læknishéruð öll.

Í sambandi við það, sem hv. frsm. og formaður heilbr.- og trn. sagði hér í lokin, að hann teldi, að það væri sem sagt ekki áhættulaust að flytja miklar brtt. við þetta frv., því að það gæti jafnvel stofnað því í hættu, að þessi mikilvægi lagabálkur næði fram að ganga, hygg ég, að ef meiri hl. er fyrir brtt., hvort sem þær

eru veigamiklar eða veigalitlar, hlýtur hann að hafa skyldur til að greiða frv. atkv. þannig, að það fái hér löglega afgreiðslu eða meirihlutasamþykkt. Því held ég, að þessi ótti sé ástæðulaus með öllu. Hitt finnst mér aftur mjög skrítið, að frestað er með sérstöku ákvæði, bráðabirgðaákvæði, að II. kafli komi til framkvæmda, en hins vegar er því lýst yfir, að áður en hann komi til framkvæmda, skuli hann verða tekinn til endurskoðunar. Það er m. ö. o., viðurkennt, að hann sé gallaður og þurfi endurskoðunar við. Ég segi: Hver er munurinn á því, fyrst á að endurskoða og umbreyta þessum kafla, áður en hann kemur til framkvæmda, og því að fella hann niður úr frv. og flytja hann síðar, þannig að menn geti almennt verið ánægðir með hann? Ég varð fyrir vonbrigðum hvað þetta snertir og nokkur önnur atriði frá hv. heilbr.- og trn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef lofað að eyða ekki nema stuttum tíma til að ræða þetta mál að þessu sinni og hef valið þann kostinn að taka þá heldur til máls í nokkrar mínútur nú, fremur en að þurfa að sleppa því alveg, þar sem ég á þess ekki kost að vera hér á þingfundi í kvöld. Vegna þessara tímamarkanna er ljóst, að það er ekki tækifæri til að ræða frv. efnislega í heild. Ég vil þó í nokkrum orðum koma því að, að í þessu frv. er meginatriðið, að kerfi heilsugæzlustöðva komi í stað þeirrar skipunar, sem hér hefur verið í þessum efnum.

Öllum er ljóst, að heilbrigðisþjónustan í dreifbýlinu hefur átt við margs konar erfiðleika að stríða. Þar hefur verið t. d. ákaflega erfitt að fá lækna til starfa. Þeir hafa verið óánægðir með að sitja einir á læknissetrum, hafa vaktskyldu, má segja, allan sólarhringinn og margir án allrar aðstoðar. Þar hafa ekki verið skilyrði eða aðstæða til þeirrar hópsamvinnu lækna, sem fer mjög vaxandi víðast hvar í heiminum og vafalaust verður hér framtíðin, og ekki verið aðstæður til nútímalegra lækninga. Þar hefur hver læknir verið hlaupandi á milli sjúklinganna með sína svörtu tösku, í stað þess að geta tekið þá inn á þokkalega heilsugæzlu- og rannsóknarstöð og veitt þeim lækningu á nútímavísu.

Ég hygg, að frumskilyrði þess, að læknar fáist til þess að sinna lækningum í dreifbýlinu í framtíðinni, sé, að einmitt þessu kerfi heilsugæzlustöðva verði komið á fót. Ef hreppasjónarmið og annað þess konar verður til þess að eyðileggja þennan hluta frv., tel ég, að sé mjög illa farið, og furða mig raunar á því, að margir þm. dreifbýlisins skuli hafa verið í fararbroddi að vinna að því að skemma þennan þátt. Ég held, að almenningur megi ekki aðeins horfa á ástandið í læknamálunum eins og það nú er, heldur hvernig það virðist koma til með að verða samkv. þeirri þróun, sem verið hefur í þessum efnum að undanförnu, ef ekkert verður að gert.

Ég vildi þá aðeins geta um till. þeirra Matthíasar Bjarnasonar, Bjarna Guðnasonar, Matthíasar Á. Mathiesen og Björns Pálssonar, sem eru í þremur liðum. 1. brtt. þeirra er við 2. mgr., þannig, að síðari málsl.: „Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum“, skuli falla niður. Ég tel, að ef þessi brtt. verður samþ., sé mjög illa farið. Ráðuneytisstjóri í heilbrmrn. er mjög oft, ef ekki alltaf, að vinna að mjög sérhæfðum störfum og þarf að eiga við menn, sem hafa sérmenntun í þessu fagi. Ég tel, að það sé nauðsynlegt, að einmitt þessi maður hafi læknismenntun, þannig að hann geti rætt við lækna um þeirra mál og skoðanir af jafnmikilli þekkingu og þeir. Ég átti dálítinn þátt í þessu frv. um tíma, og mín reynsla í því starfi, sem ég innti af hendi í sambandi við þetta mál, sannfærði mig um, að það er algerlega nauðsynlegt að hafa læknismenntaðan mann í þessu embætti.

2. till. þeirra félaga gerir ráð fyrir því, að landlæknir verði formaður Heilbrigðisráðs Íslands í stað ráðuneytisstjóra. Ég sé út af fyrir sig ekki mikið athugavert við að breyta því né heldur ástæðu til þess.

3. brtt. er um það, að gr. um deildaskiptingu rn. falli niður. Ég get ekki skilið, hvernig stendur á því, að þetta rn. þarf ekki að hafa sína deildaskiptingu eins og önnur rn. Mér sýnist það ákaflega óeðlileg sjónarmið að gera þetta rn. að einhverju leyti minna og áhrifaminna en önnur rn.

Ég mun þá ekki fjölyrða frekar um þetta, en ég treysti því, að alþm. leggi nú niður hina venjubundnu íhaldssemi sína, þegar einhver slík nýmæli eru á dagskrá, sýni málinu skilning og veiti þessu stefnumarkandi frv. liðsinni sitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki að þessu sinni lengja mikið umr. um það mál, sem hér er á dagskrá. Það þyrfti þó raunar engan að undra, þótt bæði margar og kannske langar ræður væru fluttar hér á hv. Alþ., þegar til umr. er svo veigamikið mál sem hér liggur nú fyrir. Frá því að þetta frv. var lagt fram hér á Alþ. og þar til nú hefur það vissulega tekið miklum breytingum og að því er ég hygg hafa margar orðið til hins betra og sumar verulega. Það er hins vegar öllum ljóst, að þegar rætt er um jafnviðamikið mál og hér er til umr., þ. e. a. s. heilbrigðisþjónustuna í landinu, þarf það vart að koma mönnum á óvart, þó að margar og misjafnar skoðanir komi fram hjá hv. alþm. Þetta frv. hefur, auk þess sem það hefur verið rætt mikið á Alþ., hlotið, að ég hygg, allverulegar umr. í hinum ýmsu héruðum á landsbyggðinni. Ég hygg, að almennt sé það álit manna, þó að ýmislegt sé í þessu frv., sem menn vildu á annan veg, að það væri til mjög mikilla bóta, ef þetta mál næði fram að ganga nú á þessu þingi.

Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í þær mörgu breytingar, sem orðið hafa á frv., frá því að það var hér lagt fram. Það er, að ég hygg, óþarfi. Ég ætla ekki heldur að fara að telja upp ýmislegt það, sem enn er í frv. og ég teldi, að mætti betur fara. Ég tel, að meginatriðið sé það, að grundvallarstefnan, sem í frv. felst, nái fram að ganga og málið geti orðið að lögum nú á þessu þingi.

Það er þó sérstaklega eitt atriði, sem hefur verið allt frá fyrstu tíð allmikill þyrnir í mínum augum í þessu frv., en þar á ég við þann kafla frv., sem fjallar um staðsetningu og búnað sjúkrahúsa. Ég er einn þeirra sennilega

mörgu, sem telja óæskilegt, að ráðh. sé fengið í hendur slíkt vald að ákvarða bæði staðsetningu og búnað sjúkrahúsa víðs vegar um landsbyggðina. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé að vantreysta hæstv. núv. heilbrmrh, né öðrum þeim ráðh., sem til kæmu að fjalla um málið, verði það að lögum óbreytt, heldur vegna þess, að ég tel, að það þurfi að búa svo um hnúta allt frá fyrstu hendi, að það sé tryggt alveg ótvírætt, að víðs vegar úti á landsbyggðinni eigi landsmenn kost á því að njóta heilbrigðisþjónustu eins og framast er unnt að veita.

Ég sagði áðan, að þetta atriði hefði verið hvað mest Þrándur í Götu þess, að ég hefði getað fellt mig við frv., eins og það kom fram. Auk þess eru ýmsar aðrar breytingar, sem ég hefði viljað gera á frv. umfram það, sem hv. heilbr.- og trn. hefur nú gert með sínum störfum. Í framhaldi af þessu lagði ég fram brtt. við 2. umr. þessa máls varðandi það atriði, sem ég hef nú getið um, sjúkrahúsin. Þessa till. dró ég að ósk formanns heilbr.- og trn. til baka til 3. umr., og sé ég á brtt. hv. n., að þar hefur verið tekið upp, a. m. k. efnislega, fullkomlega það, sem ég taldi, að inn þyrftu að koma, að vísu er breytt orðalagi, og með tilliti til þessa, að hv. þn. hefur tekið upp í sínum brtt. við frv. efnislega mína brtt., dreg ég mína till. að sjálfsögðu til baka.

Ég sagði áðan, að ég skyldi ekki orðlengja mikið um frv. Ég hef lýst því, að í grundvallaratriðum tel ég, að það stefni í rétta átt, en eins og ég sagði áðan, er ábyggilega svo um marga fleiri en mig, að það er ýmislegt enn í frv., sem menn vildu gjarnan hafa kosið á annan veg en það lítur nú út fyrir að verða. Ég ætla aðeins, áður en ég lýk máli mínu nú, að lýsa sérstakri ánægju minni yfir því, að heilbr.- og trn. hefur tekið inn í sínar brtt. nú á síðasta stigi málsins viðbót við 36. gr., sem er um það, að þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skuli hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva. Þetta var til umr. hér við 2. umr. málsins, og að vísu lýsti hæstv. heilbrmrh. því yfir þá, að þetta væru hans hugmyndir, og ég fagna því mjög, að það skuli vera undirstrikað í brtt. heilbr.- og trn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 602 við þetta frv. ásamt. hv. 8. landsk. þm. Þessi till. er aðeins um breytingu á einni tölu frv. eða einum stafkrók: H 1 verður H 2, þar sem fjallað er um heilsugæzlustöð í Búðardal, í 17. gr. 3, b-lið 12. tölul. Þessi till. er í sama anda og sú brtt., er sömu þm. fluttu við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu á s.l. ári, eins og bent hefur verið á nú við umr. málsins. Hún túlkar óskir heimamanna og byggist á þeim rökum, að einum héraðslækni hefur reynzt harla erfitt að þjóna Austur-Barðastrandarsýslu jafnhliða Dalahéraði. Austur-Barðstrendingar hafa ekki gefið upp alla von um læknissetur að Reykhólum. Þeir telja nauðsynlegt, að þar sé læknisaðstaða og læknir, a. m. k. þegar samgöngur eru erfiðar að vetrarlagi.

Að gefnu tilefni og til að forðast misskilning skal tekið fram, að með þessari till. og mörkum þeim, sem dregin eru í frv., er ekki verið að seilast til afskipta á Vestfjarðarkjálkanum. Vestfirðingar hafa jafnan reynzt Vestlendingum, Breiðfirðingum, hinir beztu nágrannar í aldanna rás. En vel fer á, að góðir nágrannar vinni saman, þegar báðum hentar, að hagsmuna- og velferðamálum beggja.

Það hefði verið full ástæða til þess að athuga ýmis ákvæði frv. nánar, svo sem ég hef áður vikið að og margir aðrir hv. þm., m. a. nú síðast hv. 7. landsk., sem hér var að ljúka máli sínu. Margar aths. hafa borizt, sem þörf væri á að skoða betur, varðandi kostnaðarhlið frv., frestun á lögtöku II. kafla, eins og frsm. hv. n. lýsti hér í dag, flokkun sjúkrahúsa, stöðu landlæknis o. fl., o. fl. Öll þessi atriði og ýmis fleiri væri þörf á að fjalla um nánar, en til þess er skammtaður of naumur tími af hæstv. ríkisstj. á þessum síðustu dögum þingsins.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt Matthíasi Bjarnasyni að flytja eina brtt. á þskj. 605 varðandi þetta frv., sem hér er nú til umr. og lýtur hún að 5. gr. Sú grein fjallar um Heilbrigðisráð Íslands, og mér telst til, að í því ráði muni sitja 12—13 manns. Það hefur hvarflað að okkur tillögumönnum, að ekki væri óeðlilegt, að þetta ráð starfaði án þóknunar. Á það má benda, að flestir þessara manna, sem sitja í ráðinu, munu vera fastir starfsmenn ríkisins, og því ekki mikil ástæða til þess að fara að launa þá sérstaklega. Ég hygg nefnilega, að málum sé þannig komið hjá okkur í reynd með vaxandi fjölda ráða og nefnda, að það þurfi í þessu efni að fara að spyrna við fótum, og þess vegna standa efni til þess að hefjast nú handa um þetta atriði.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, því að þessi till. er eins ljós og frekast má vera.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vakti máls á því við 1. umr., þegar þetta mál kom hér fram, að mér fyndist mjög óeðlilegt, að það væri ekki ætlunin að hafa neina heilsugæzlustöð frá Húsavík til Þórshafnar. Á milli þessara staða eru 224 km, og þetta er eitt það hérað, sem snjóþyngst er á landi hér og vegir víða mjög slæmir, þar sem heita má, að það séu troðningar einir á stórum köflum. Má geta þess í þessu sambandi, að í sveitunum í kringum Kópasker eru sennilega um eða rúmlega 700 manns. Í þessu frv. mun lækni, a.m.k. á nokkrum stöðum, ætlað að sinna rúmlega 700 manns og á nokkrum stöðum ætluð læknamiðstöð fyrir slíkan fólksfjölda. Við höfum því leyft okkur, ég ásamt hv. þm. Jónasi Jónssyni, að bera fram hér við 3. umr. eftirfarandi brtt.:

„Við 17. gr., 17.5

1. 7. tölul. orðist svo:

Húsavíkurumdæmi. Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.

2. Á eftir 7. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:

2. Kópaskersumdæmi. Kópasker H 2, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

Ég vona, að þó að hv. heilbr.- og trn. hafi ekki séð sér fært að taka upp þessa till., sjái hv. þm. sér fært að samþykkja hana.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru tvö ákvæði í þessu frv., sem mig langar til að gera að umtalsefni. Ég tel, að þau snerti mitt starfssvið, og vil ekki láta umr. ljúka hér, án þess að ég láti í ljós, hvaða skoðun ég hef á þeim. Það eru ákvæðin í 2. gr. og 6. gr.

Í 2. gr. segir:

„Ráðuneytisstjórinn skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa menntun í félagslækningum og heilbrigðisfræðum, sem telst jafngild."

Ég er andvígur því, að farið sé að gera sérfræðikröfur til ráðuneytisstjóra. Ég sé ekki, hvern enda það tekur, ef á því á að byrja. Það má þá hugsa sér, að það verði að fara að gera svipaðar kröfur um önnur rn. og þess verði krafizt, að ráðuneytisstjóri við fjmrn. sé hagfræðingur, ráðuneytisstjóri í sjútvrn. fiskifræðingur o. s. frv., o. s. frv. Ég er því jafnandvígur, að það sé farið að gera slíkar sérfræðikröfur til ráðuneytisstjóra, eins og ég er því andvígur, að farið yrði að gera sérfræðikröfur til ráðh. eftir því, hvaða rn. þeir eiga að fara með. En hverja skoðun sem menn hafa á þessu, held ég, að það sé ljóst, að slíkt ákvæði sem þetta á ekki heima í þessu frv. Ef menn vilja breyta um stefnu í þessum efnum og fara að gera sérfræðikröfur til ráðuneytisstjóra, eiga ákvæði þar um heima í lögum um Stjórnarráð Íslands, en þar eru ekki gerðar sérfræðikröfur til ráðuneytisstjóra.

Viðvíkjandi 6. gr. er það að segja, að þar er í raun og veru líka gengið inn á svið stjórnarráðslaganna með því að ætla að fara að lögbinda ákveðna, ófrávíkjanlega deildaskiptingu í einu rn. Ef menn vilja fara að lögbinda deildaskiptingu í rn., á sú lögbinding einnig heima í l. um Stjórnarráð Íslands. Samkv. l. um Stjórnarráð Íslands er það að vísu svo, að gert er ráð fyrir deildaskiptingu, og á grundvelli þeirra hefur verið sett upp deildaskipting. En samkv. l. um Stjórnarráð Íslands er gert ráð fyrir því, að sett sé sérstök reglugerð um allt stjórnarráðið, sem taki til allra rn. jafnt. Það hefur verið gert. Ef menn vilja fara að setja ákveðna deildaskiptingu í einstökum rn., á að setja hana inn í reglugerð um stjórnarráðið og setja þau ákvæði heildstætt, þannig að það gildi sömu reglur fyrir öll rn. Það er forsrh., sem gefur út reglugerð um Stjórnarráð Íslands, og það er hann, sem fer með málefni Stjórnarráðs Íslands. Þess vegna tel ég það heyra undir forsrh. að setja reglur sem þessar, ef setja skyldi. Auðvitað getur verið mjög nauðsynlegt að setja nánari reglur um deildaskiptinguna í reglugerðina um Stjórnarráð Íslands, en þá endurtek ég, að það eiga að vera reglur almenns eðlis, þannig að þær taki til allra rn. jafnt, en eitt rn. geti ekki farið sína leið í þessum efnum.

Hér er gert ráð fyrir nokkuð stórum hlut, því að það er gert ráð fyrir ákveðnum deildum, sem upp eru taldar, og það er líka gert ráð fyrir því, að ráða skuli sérmenntað starfslið til að veita forstöðu heildarstarfsemi. Ég býst við, að þetta hljóti að eiga að skiljast svo, að það sé einmitt gert ráð fyrir sérmenntuðum deildarstjóra, að það sé átt við þá með þessu, þegar talað er um starfslið, sem eigi að veita forustu heildarstarfsemi.

Ég er sem sagt andvígur því að lögbinda, að ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn. skuli vera endilega læknir. Hann getur verið það, það er ekkert, sem bannar það, og ráðh. getur valið úr umsækjendum og getur þá e. t. v. metið það svo, að hann leggi svo mikið upp úr læknisfræðilegu kunnáttu í því sambandi, að hann taki lækni fram yfir aðra. En vitaskuld fer heilbr.- og trmrn. einnig með tryggingamálefni, og það eru til sérstakir tryggingafræðingar.

Það má segja, að ég hefði átt að benda á þessi atriði við 2. umr. málsins, en það var skýrt frá því þá, að n. sú, sem fjallar um frv., mundi halda fund á mánudag, og auglýsti eftir því, að menn kæmu till. sínum og ábendingum á framfæri við hana. Ég valdi þann kostinn að beina þeim tilmælum til n. að athuga, hvort það gæti ekki orðið samkomulag í n. um að breyta þessum ákvæðum. Það hefur því miður ekki geta orðið, þó mér sýnist það nú tiltölulega einfalt mál að breyta þeim.

Mér er ómögulegt að sjá, að framgangi þessa frv. sé stefnt í nokkra hættu, þó að gerð sé breyting á þessum ákvæðum. Ég tel þessi atriði, sem ég hef bent hér á, alger aukaatriði í sambandi við aðalefni þessa frv. um heilsufarsmálefni, þannig að ég get ekki séð, að það spilli þessu frv. á neinn hátt, þó að gerð sé breyting á þessum ákvæðum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það orkar naumast tvímælis, að frv. það, sem hér er til umr., er meðal hinna viðameiri og þýðingarmeiri, sem þetta Alþ. hefur fjallað um. Málið sjálft er einnig vandasamt, eins og sést raunar bezt á því, að þrátt fyrir hinn langa undirbúningstíma og að um það hafi verið fjallað af tveimur ríkisskipuðum nefndum, þá hefur þegar orðið samkomulag um það í þn. að gera á því óvenjumargar breytingar, og enn berast brtt. við frv. Þetta sannar það, að frv. er ekki svo vel samið sem æskilegt hefði verið, og þrátt fyrir það, að till. þær, sem hv. heilbr.- og trn. hefur lagt fram og ýmsar verið samþykktar, þá eru þm. ekki nægilega ánægðir með að afgreiða málið eins og það liggur fyrir.

Um þær meginbreytingar, sem í frv. felast, skal ég ekki fara mörgum orðum. Ég vil þó aðeins drepa á það, að ástæða hefði verið til þess, að við endurskoðun frv. frá því á síðasta Alþ. hefðu komið einhverjir fulltrúar sveitarfélaganna í landinu, og hefði þá e. t. v. mátt draga úr þeim hlut, sem rn. sjálft, heilbr.- og trmrn. hefur átt í endurskoðun og samningu þessa frv. Það sést og á, að hlutur ríkisvaldsins, þ. e. a. s. hlutur rn., er gerður góður. Vald og stjórnsýsla er færð í vaxandi mæli í þess hendur og þar með í hendur ríkisvaldsins, og slíkt er raunar engin nýlunda nú á dögum þessarar hæstv. ríkisstj. um aðra málaflokka. Hins vegar er það

svo, að stjórnsýsla og vald skerðist að sama skapi eins og jafnan áður hjá sveitarfélögunum í landinu.

Það er mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli og veldur ánægju víðs vegar um land, að það skuli kveðið á um, að ríkið skuli leggja fram sem óafurkræft framlag 85% fjár til heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa vítt og breitt um landið. Ég vil þó vekja athygli á því, að önnur leið að því marki að bæta hlut strjálbýlisins og þar með auðvelda það að koma upp fullnægjandi aðstöðu í heilbrigðismálum er vitaskuld sú, að sveitarfélögin leggi fram meiri hlut en þarna er gert ráð fyrir, en þá um leið, að sveitarfélögunum séu tryggðir tekjustofnar til að standast slík útgjöld. Hér eru tvær leiðir að sama marki, sem unnt er að fara, og má deila um, hvor sé heillavænlegri. En ég hef fyrr haldið fram þeirri skoðun hér, að það væri hyggilegt að fela sveitarfélögunum aukinn hlut af viðfangsefnum stjórnkerfisins og tekjustofna í samræmi við það og færa þannig aukin völd í hendur sveitarfélaganna. Það skal ekkert sagt um í þessu tilviki, hvora leiðina sé hyggilegt að velja í sambandi við heilbrigðisþjónustuna, og læt ég útrætt um það.

Ég vil geta þess, að það er ljóst, að í fjölmörgum greinum stefnir þetta frv. til mikilla bóta frá því ástandi, sem nú gildir, og það er almenn skoðun þm., að enda þótt nokkur atriði þess séu með þeim hætti, að þeir hefðu kosið þau á annan veg, þá hygg ég, að það vilji enginn verða til þess að bregða fæti fyrir frv. að þessu sinni.

Ég hef leyft mér að flytja nokkrar brtt., þar af eina í félagi við hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég tek það fram um þessar brtt. allar, að þær eru ekki fluttar með því hugarfari eða í þeim tilgangi að brengla svo þetta frv., að þó að þær væru samþykktar, þá sé nokkur ástæða til þess, að það verði til þess að hindra framgang málsins í heild. Það er því að mínu mati ástæðulaus ótti, sem fram kom hjá frsm. hv. heilbr.- og trn. áðan, að ef einstakir þm. færu að flytja brtt. við frv., þá kynni það að verða til þess að hefta framgang þess. Ég lít svo á, að sá ótti sé algerlega ástæðulaus. Ég skal ekki eyða tíma Alþ., eins og nú er komið, í að ræða þetta frv. sem heild meira og stytta mál mitt og takmarka það einvörðungu við þær brtt., sem ég hef hér flutt.

Í fyrsta lagi höfum við flutt brtt., ég og hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, á þskj. 607. till. er við 17. gr., og þar segir:

„2. tölul. 17. 5. orðist svo:

Blönduósumdæmi.

a. Á Blönduósi H 2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Engihlíðarhreppur.

b. Á Skagaströnd H 1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur."

Þarna gerum við ráð fyrir því, að upp verði tekin innan Blönduósumdæmis heilsugæzlustöð H 1 á Skagaströnd, og það er raunar sjálfstætt læknishérað eftir núgildandi læknaskipunarlögum. Þar hefur að vísu ekki starfað læknir nú um nokkur ár, en ef svo færi, að þangað kynni að fást læknir, þá væri ástæða til þess, að gert væri ráð fyrir því í lögum, að hann starfaði þar. Þar er að mestu fullnægjandi aðstaða og tiltölulega nýlega upp byggð, og þarf ekki að óttast það, að þar þurfi að leggja í mikla fjárfestingu, til þess að læknir geti starfað þar. Ég vil geta þess, að okkur þm. Norðurl. v. hefur boirzt eindregin áskorun um að koma þessu máli til leiðar, og er sú áskorun undirrituð af hvorki meira né minna en 220—230 íbúum núv. Höfðalæknishéraðs, og auk þess samþykktir hreppsnefnda á þessu svæði. Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa brtt., og er ljóst, að enda þótt hún verði samþ., — sem ég vona að verði, — þá raskar hún ekki í neinu heildaruppbyggingu frv.

Um þessa uppbyggingu að öðru leyti langar mig aðeins að bæta við þeim orðum, að þar sem frestað hefur verið að taka til meðferðar II. kafla frv., þá hefði ég kosið, að það mál hefði verið tekið til gagngerðari endurskoðunar og yfirvegunar á þá lund, að kaflinn væri felldur niður og það skipulag svæðisbundinna yfirlækna eða embættislækna, sem nefndir eru í frv. héraðslæknar, hefði verið numið brott úr þessu frv., og tek ég þar undir skoðun, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, í fyrradag. Ég vænti þess, að þó að ekki verði horfið að breytingum í samræmi við þá skoðun okkar við framhaldsendurskoðun málsins, þá verði það tekið til athugunar, hvort ekki megi nefna þessa embættislækna öðru nafni en héraðslækna, nafni, sem unnið hefur sér hefð í málinu og gildir um allt aðra lækna en þá, sem hér er fjallað um.

Um þær brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 610, er í stuttu máli það að segja, að þær ganga í meginatriðum út á tvö atriði: Annars vegar að tryggja fyllri stjórn eignaraðila að heilsugæzlustöðvum og sjúkrahúsum með því að fækka um einn mann, sem starfslið sjúkrahúsa kýs í þessar stjórnir, að hlutaðeigandi sveitarstjórnir kjósi 4 menn og starfsmannaráð einungis einn mann. Það er kunnugt, að starfslið sjúkrahúsa er ekki sérlega stöðugt yfirleitt í starfi. Þar verða oft breytingar á, og ég hygg, að það sé fullnægjandi, að þessi starfsmannaráð tilnefni einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórnir heilsugæzlustöðvanna og sjúkrahúsanna, enda er tekið fram, að yfirlæknir og yfirhjúkrunarkona eigi sæti á fundum, sem þessar stjórnir halda, og þeir starfsmenn sjúkrahúsanna eru vissulega ekki síður færir um það en aðrir að vekja athygli á því, sem betur mætti fara í stjórnun þessara stofnana.

Í annan stað stefna till. mínar, þ. e. a. s. till. við 21. gr. og 4. till., við 37. gr., í þá átt að halda því skipulagi, sem gildir í dag um eigendur sjúkrahúsa og hinna væntanlegu heilsugæzlustöðva. Ég lít svo á, að enda þótt framlag ríkisins til þessara stofnana sé hækkað upp í 85%, sé engin þörf á því, að um leið færist þessar stofnanir í eigu ríkisins með sama hlutfalli. Hingað til hefur það gilt á mörgum sviðum í okkar þjóðfélagi, að ríkisvaldið leggur fram fjármuni til þess að fjármagna framkvæmdir og framkvæmdirnar eru eigi að síður í eigu heimamanna sjálfra. Þetta skipulag vil ég, að

haldist, og því eru þessar brtt. mínar fram bornar. Þess skal getið, að ýmsar sveitarstjórnir og forráðamenn sveitarfélaga hafa vakið sterklega athygli á þessu atriði málsins, og hef ég í höndum ýmis tilmæli, m. a. frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, þar sem lögð er þung áherzla á þetta atriði, bæði um eignarréttinn og eins um stjórnun heilbrigðisstofnana. Þessar till. mínar eru fluttar til þess að freista þess að viðhalda þessu skipulagi, sem gilt hefur, og ég lít svo á, að það sé engin nauðsyn og engin vinningur við það að fella þessar stofnanir undir eigu ríkisvaldsins og þær séu miklu betur komnar í eigu sveitarfélaganna, sem aðild eiga að þessum stofnunum.

Ég skal ekki ræða þetta frekar. Það eru vissulega fjölmörg atriði önnur, sem hefði verið ástæða til þess að freista breytinga á með því að bera fram brtt., en ég tek undir það, að það sé rétt að stilla því nokkuð í hóf, og læt því staðar numið við það, sem hér er að gert.

Ég vil að lokum segja það, að þegar frv. koma fyrir Alþ., jafn viðamikil og vandasöm og það, sem hér er til umr., og ekki næst að afgreiða þau á einu þingi, þá væri hyggileg málsmeðferð að kveðja til mþn. þm., sem halda mjög nánum tengslum við fólkið um gervalla landsbyggðina, og fá slíkri mþn. í hendur það verkefni að endurskoða frv. að slíkum lagabálkum. Þá hefði væntanlega sú endurskoðun orðið á þann veg með það frv., sem hér liggur fyrir, að ekki hefði til þess komið, að frv. væri lagt hér fyrir Alþ. nú að þessu sinni og þyrfti að afgreiðast hér á síðustu dögum þingsins með þeim hætti, að fjölmargar brtt. koma fram, ekki einungis frá þeirri n., sem það hefur til meðferðar, heldur einnig frá hinum einstöku þm.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í ræðu minni við 2. umr. málsins tók ég fram, að ég hefði verið þeirrar skoðunar frá upphafi, að ákvæði 2. gr. frv., síðari málsl., og einnig 6. gr. hefðu verið mér þyrnir í augum. Ég varð þess hins vegar var, að róðurinn í þessum efnum var allfast sóttur, og ég óttaðist, að harður ágreiningur um þetta efni kynni að hindra framgang málsins, og fyrir því var það, að ég tók það fram, að ef gott samkomulag gæti orðið í öðrum gr., sem og hefur orðið, þá gæti ég út af fyrir sig fellt mig við, að þetta mætti standa. Ég vil hins vegar segja, að eftir að hafa hlýtt á mál hæstv. forsrh. nú við 3. umr., þá læt ég alveg sannfærast um það af hans rökum, að þessi tvö atriði beri að fella brott úr frv. Hann sýndi fram á það ljóslega, að slík ákvæði eða slíkar ákvarðanir um skipan mála ættu ekki heima í lögum sem þessum, heldur þá í lögum um Stjórnarráð Íslands. Þess vegna mun ég eindregið fylgja þeim brtt. á þskj. 597, sem fluttar eru af hv. 2. þm. Vestf. o. fl. Ég vil einnig taka fram, og það snertir brtt. á þskj. 604, 607 og 608, að efni þskj. 604 og 607 hafði ég hreyft í n., þ. e. varðandi Patreksfjarðarumdæmi og Blönduósumdæmi, hins vegar ekki varðandi Húsavíkurumdæmi. Mér var hins vegar ljóst, að nokkur bót hafði verið ráðin á því, sem mönnum virtist á skorta við skiptingu þessara umdæma, með brtt. n. við 22. gr., þar sem segir, að ráðh. geti með reglugerð ákveðið að fjölga stöðum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands, og eftir atvikum felldi ég mig við það. En úr því að þessar brtt. eru fram komnar á þessum þrem þskj., — og einnig sú varðandi Húsavíkurumdæmi, sem er að mínu áliti alveg jafnsanngjörn og hinar, sem ég hafði sjálfur hreyft, — þá mun ég að sjálfsögðu fylgja þeim brtt.

Það er svo ekkert sérstakt annað, sem ég vildi fram taka um þetta. Ég vil ítreka það, sem fram hefur komið, að heilbr.- og trn. Nd. hefur af fremsta megni reynt að kynna sér ákvæði þessa frv. og bera fram þær brtt., sem henni hafa virzt helzt koma til greina. Það kann ýmislegt á að vanta. En menn verða að vera þess minnugir, að það má þá alltaf úr bæta, þótt síðar verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470, n. 582). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475, n. 583). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Frv. er um það, að ríkissjóður leggi árlega fram 10 millj. kr. á árunum 1974—1983 til þess að lána kaupstöðum og kauptúnum til kaupa á löndum og lóðum innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þetta hafa áður verið 3 millj. á ári, en féll alveg niður á þessu ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 581). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. til l. um veiðar innan fiskv.lögsögunnar sér loksins dagsins ljós, hlýt ég í upphafi að biðja velvirðingar á því fyrir hönd undirbúningsnefndar, hversu seint það er á ferðinni. Sú var vissulega ætlun þeirrar þingmannanefndar,

sem hefur unnið að undirbúningi frv., að það yrði tilbúið allmiklu fyrr, helzt ekki síðar en í öndverðum marzmánuði. En mörg og óskyld atvik hafa valdið því, að þrátt fyrir eindregna viðleitni hefur n. ekki tekizt að leggja síðustu hönd á frv. fyrr en nú. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um orsakir þessa dráttar, en meginástæðuna vil ég þó nefna og leggja áherzlu á hana. Meginástæðan er sú, að það hefur verið staðfastur ásetningur n. að leita eftir sem víðtækustu samkomulagi um hin margvíslegu álitamál og ágreiningsatriði, sem upp hafa komið, áður en frv. væri formlega lagt fyrir þingið. Þetta töldum við nm. og teljum svo mikilvægt, *að þess vegna hefur reynzt óhjákvæmilegt* að eyða nokkuð löngum tíma til að fjalla um málið og nú síðast ásamt þm. hinna einstöku kjördæma. Svo og hefur verið óhjákvæmilegt að ræða einstaka þætti málsins oftar en einu sinni við áhrifaaðila utan þings, eftir að meginhugmyndir n. voru mótaðar, en þó áður en frv. hlyti fullnaðargerð. Hvernig til hefur svo tekizt í þessu efni, hvort n. hefur náð þeim tilgangi sínum að samræma sjónarmið eftir föngum, það verður reynslan að leiða í ljós. Nm. hafa lagt sig fram um það að ná fullri samstöðu innbyrðis um öll atriðin, og það hefur tekizt. N. er algerlega einhuga um þetta mál, um flutning þess og einstök atriði. N. stendur sem sagt öll að þessu frv., og hún væntir þess, að hv. Alþ. geti á það fallizt, að frv. nái fram að ganga í megindráttum í þeirri mynd, sem það hefur nú hlotið.

Vissulega ber frv. þess víða merki, að það hefur verið reynt að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Það ber þess vafalaust merki, að þar er um að ræða tilraunir til þess að ná samkomulagi um ágreiningsatriði, fara miðlunarleið, sem leitt gæti til samkomulags, og á annan hátt getur það naumast verið, þegar um er að ræða mál af þessum toga, þar sem viðhorfin eru margvísleg og ólíkir hagsmunir rekast óneitanlega víða á. Þar verður að leita lausnar á þann veg, að sem *flestir geti sæmilega* við unað, enda þótt fáir eða kannske engir fái ítrustu óskir sínar uppfylltar.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum í fiskveiðilaganefndinni fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf. Þar er um að ræða alþm. Guðlaug Gíslason, Jón Ármann Héðinsson, Karvel Pálmason og Steingrím Hermannsson. Þrátt fyrir mismunandi sjónarmið og viðhorf til einstakra þátta þessa máls hefur tekizt, eins og ég sagði, innan n. að samræma sjónarmiðin og komast að niðurstöðu.

Þá vil ég geta þess, að við nm. höfum leitazt við að verða við eða koma a.m.k. til móts við margar ábendingar og till., sem þm. hinna einstöku kjördæma hafa hreyft eða komið á framfæri við n., eftir að viðræður fóru fram við þá.

Þá vil ég einnig nota þetta tækifæri til þess að þakka fyrir hönd okkar nm. allra ritara n., Þórði Ásgeirssyni skrifstofustjóra í sjútvrn., mjög ánægjulega samvinnu og mikið og ágætt starf, sem hann hefur innt af höndum.

Í des. s.l., þegar bráðabirgðatill. n. voru til meðferðar, gerði ég allítarlega grein fyrir starfsháttum hennar, og ég tel mig ekki þurfa að endurtaka það, sem ég þá sagði. Þess skal aðeins getið, að frá því að n. tók til starfa í sept. í haust, hefur hún haldið 55 skráða og formlega fundi auk almennra funda í öllum kjördæmum landsins, eins fundar í hverju. N. hefur veitt viðtöku nálægt 50 skrifl. till. frá stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum, sumum þeirra mjög ítarlegum, öðrum um einstök atriði, auk munnlegra till. og ábendinga, sem fram hafa komið á fundum, í símtölum og viðræðum, en slíkar till. eða ábendingar eru fleiri en tölu verði á komið í fljótu bragði. Auk þess sem sjútvrn. lagði n. til skrifstofustjóra sinn sem ritara, hefur það á margvíslegan annan hátt veitt n. aðstoð í starfi hennar. Þá hefur og hæstv. sjútvrh. fylgzt með störfum n., komið á fundi með henni, þegar þess hefur verið óskað og hefur öll sú samvinna verið mjög góð.

Um heildarstefnu fiskveiðilaganefndar, þá stefnu, sem á að vera sem rauður þráður í þessu frv., vil ég í upphafi segja þetta: N. hefur leitazt við að samræma óhjákvæmileg og nauðsynleg friðunar- og verndarsjónarmið annars vegar og eðlileg hagnýtingarsjónarmið hins vegar. Það er ljóst, þegar þetta frv. er skoðað, að í því felast mjög veruleg og veigamikil ákvæði um aukna friðun, aukna vernd fiskstofna. Það er skoðun n., að slíkt sé óhjákvæmilegt, eins og nú horfir, bæði með tilliti til veikrar stöðu hinna mikilvægustu fiskstofna okkar, svo sem þorsksins, svo og þeirrar baráttu, sem við heyjum nú fyrir fullum og óskoruðum yfirráðarétti yfir 50 mílna fiskveiðilögsögu og raunar yfir landgrunninu öllu. Þar er ein beittasta röksemd okkar sú, að við verðum að ráða veiðum á þessu hafsvæði umhverfis landið til þess að koma í veg fyrir ofnýtingu fiskstofna og algera örtröð á miðunum við landið. En slíkum friðunaraðgerðum verður að sjálfsögðu ekki beitt án þess að þrengja nokkuð og það jafnvel allverulega að veiðiheimildum íslenzkra skipa á grunnsævi á ýmsum viðkvæmum klak- og uppeldisstöðvum. Það verðum við að gera okkur ljóst. *Hér er að sjálfsögðu vandratað meðalhófið*, en það meðalhóf hefur fiskveiðilaganefnd viljað rata. Ýmsir munu vafalaust segja, að hér sé of lítið að gert, hér hefði átt að friða meira, taka stærra stökk í því efni. Aðrir segja vafalaust á hinn bóginn, að verið sé að þrengja mjög að togbátum og þó einkum togurum með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Og þeir bæta þá gjarnan við, að aðalfriðunin hjá okkur eigi að vera fólgin í því, að veiðar erlendra skipa á íslenzkum miðum og íslenzkum hafsvæðum minnki. Þetta er vissulega rétt, svo langt sem það nær. Og við hljótum að gera ráð fyrir því og hafa hliðsjón af því, þegar við semjum okkar lög og reglur um veiðar íslenzkra skipa innan nýrrar fiskveiðilandhelgi, að við náum fljótlega fullum tökum á þessu efni og náum algerum yfirráðarétti yfir hinni nýju fiskveiðilögsögu og í því felst að sjálfsögðu mjög aukið athafnasvæði íslenzkra togskipa og togara utan við 12 mílur eða milli 12 og 50 mílna, ef eða þegar slíkt tekst.

Þegar hv. alþm. og aðrir meta þetta frv. og líta á einstaka þætti þess, er óhjákvæmilegt, jafnframt því sem þeir líta á hina einstöku þætti, t.d. þau atriði, sem snerta fyrst og fremst

þeirra kjördæmi, að hafa málið allt í huga. Það nægir ekki að horfa á þetta mál frá sjónarmiði eins landshluta eða með tilliti til eins hafsvæðis einvörðungu. Það má vera ljóst, að aukin friðun á einum stað hefur nær undantekningarlaust í för með sér, að sókninni er þar með beint á önnur mið. Aukin friðun á einum stað veldur auknum sóknarþunga á öðrum, og þar kann þó ekki að hafa verið á bætandi. Þess vegna þarf að vera sem bezt samræmi og sem eðlilegast hlutfall milli ákvæða um fiskveiðar víðs vegar umhverfis landið, með nauðsynlegu tilliti þó til breytilegra staðhátta, sem eru til staðar og verður að hafa í huga.

Þær reglur, sem gilt hafa nú nokkurt skeið, 3 undanfarin ár eða þar um bil, um togveiðiheimildir innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar, hafa þótt og hafa raunar verið nokkuð flóknar og margbrotnar, og allt eftirlit og gæzla hefur verið býsna torvelt af þeim sökum. Sá hefur verið vilji n., sem undirbjó þetta frv., að einfalda þessar reglur, gera mörkin hreinni og skýrari en áður og auðvelda á þann hátt landhelgisgæzlunni hið nauðsynlega eftirlit með lögunum, sem um þessi efni gilda. Að mati okkar nm. hefur talsverður árangur náðst í þessu efni, enda þótt hann sé e.t.v. ekki eins mikill og við höfðum gert okkur vonir um um skeið. Það torveldaði þetta verk óneitanlega býsna mikið, að n. treysti sér ekki til, þegar á reyndi, að fella niður eða fækka í rauninni stærðarmörkum togskipa, en um það var rætt allmjög innan n. Þessi stærðarmörk eru óbreytt. Það eru eins og áður þrír flokkar, sem gengið er út frá í sambandi við þetta frv. Það eru í fyrsta lagi minnstu togskipin, 105 tonn og minni, sem hafa eins og áður rétt til togveiða næst landi. Þá koma meðalstóru skipin, 106—350 tonn, sem hafa allmiklu minni rétt, en þó meiri en stærstu skipin, sem eru yfir 350 tonn. Um þetta atriði var mikið rætt innan n. og bollalagt, en niðurstaðan varð sem sagt þessi, að halda óbreyttri skiptingu. Þó er vert að veita því athygli, að veruleg einföldun hefur fengizt með því, að á býsna stórum hafsvæðum, þ.e. fyrir öllu Norður- og Austurlandi og verulegum hluta Vesturlands, er þessari þrískiptingu sleppt og stærðarflokkarnir aðeins tveir, þ.e.a.s. undir og yfir 350 tonn. Það er á þeim svæðum, þar sem er tiltölulega lítið um togbáta eða togskip af meðalstærðinni, þ.e.a.s. stærðinni 105—350 tonn eða lítið af minnstu stærð skipa undir 105 tonn, þannig að eðlilegt þótti að hafa þau mörk ekki á þessum slóðum. Rökin fyrir því að halda þessari skiptingu eru í stuttu máli þau, að það ætti að vera hægt að nýta miðin skynsamlegar en ella. Það er þá eðlilegt, *að minnstu skipin fái* að veiða nær landi, en þau stærri fjær. En einnig réð hitt nokkru, að það var algerlega ósýnt, hvað tæki við hjá þeim hinum minni togbátum, ef forréttindi þeirra til veiða eitthvað nær landi en stóru togskipin, hefðu verið afnumin með öllu. En úr því að ekki þótti fært að fella þessa stærðaskiptingu niður, og ég býst við, að þegar menn athuga málið gaumgæfilega, þá komist þeir að raun um, að það eru mörg vandkvæði á því, — þá virtust ekki heldur nein haldgóð rök fyrir því að breyta um stærðarhlutföllin eins og þó hafði verið töluvert rætt um og ýmsar till. komu fram um. Það hafa óneitanlega komið upp ýmis vandkvæði. Í sambandi við þessi stærðarhlutföll, og þá m.a. hefur þess þótt gæta, að reynt hafi verið í einstaka tilfellum að smíða skip, sem yrðu mæld undir t.a.m. 105 tonna mörkunum, enda þótt þau væru í raun og veru stærri og burðarmeiri en sem því svaraði, og útkoman hefur að sumra dómi stundum ekki orðið nægilega góð frá skipasmíðalegu sjónarmiði. En þetta gæti vissulega alveg eins komið upp og kæmi vafalaust alveg eins upp, þó að mörkin væru færð til. Hér þurfa að sjálfsögðu þeir aðilar, sem þarna hafa eftirlit með, að vera á verði, og það yrði í sjálfu sér engin bót að því að færa stærðarmörkin til. Eina bótin í sambandi við þetta væri þá að fella þau algerlega niður.

Frv. það, sem hér er á ferðinni, á að koma í staðinn fyrir tvenn lög, sem nú eru í gildi. Fyrst og fremst á það að koma í stað laga um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, *en þau lög eða meginákvæði þeirra falla úr* gildi 1. júlí nú í sumar. En einnig þótti rétt að fella inn í þetta frv. lög um takmarkað leyfi til dragnótaveiða. Það urðu um það töluverðar umr. í n., hvort ekki væri eðlilegt og æskilegt að fella saman í ein lög alla þá löggjöf, sem fjallar um fiskveiðar íelenzkra skipa og raunar erlendra líka, gömul lög, sem fjalla m.a. um veiðar erlendra skipa, og stendur nú ekki nema hluti af þeim eftir, lög frá 1922 um rétt til fiskveiða við Ísland, lög um smáfiskveiði á fjörðum og ýmis önnur gömul lög, sem eru orðin býsna úrelt, en þó eru viss ákvæði í þeim, sem kynnu að eiga enn rétt á sér í löggjöf. En það fór svo, að þrátt fyrir nokkurn undirbúning að þessu og viðræður við sjútvrn., sem tók þessari hugmynd vel, vannst ekki tími til þess eða þótti ekki fært að láta slíka heildarendurskoðun tefja framgang þessa máls. Það er hins vegar skoðun mín, og ég held, að það sé skoðun okkar nm. allra, að að þessu beri að vinna og það væri mjög æskilegt að koma á slíkri heildarlöggjöf í síðasta lagi í sambandi við þá endurskoðun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að fari fram á hinum væntanlegu lögum, en fyrir því er gert ráð í 18. gr. þessa frv., eins og ég kem að hér á eftir.

Eins og ég sagði áðan, heita gildandi lög um togveiðar: Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Okkur þótti þetta heiti órökrétt og í rauninni óeðlilegt, þar sem kjarni laganna og inntak þeirra er fyrst og fremst að veita ýmiss konar togveiðiheimildir til handa íslenzkum skipum innan fiskveiðilandhelginnar. Í sambandi við þetta er frv. n. þess vegna nefnt frv. til l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Það er rétt, að undirstrika það, að þessi breyting og sömuleiðis allveruleg orðalagsbreyting, sem gerð er á 1. gr. frv., miðað við gildandi lög, er einungis formleg breyting, en ekki efnisbreyting á neinn hátt.

Ég vík þá að helztu breytingunum, sem gert er ráð fyrir, og byrja á togveiðiheimildunum og verð einna fjölorðastur um þær, en mun stytta mál mitt um önnur efni. Til þess að verða þó

ekki of langorður, leyfi ég mér að vísa til nánari upplýsinga um ýmis atriði, sem ég fer lauslega yfir, í aths. þeim, sem fylgja frv., og þá m. a. aths. við einstakar gr. þess. Svo vísa ég til þess korts, sem prentað er á öftustu síðu, aftan við grg. fyrir frv. — Ég vil skjóta því hér inn, að í vörzlu fiskveiðilaganefndar í Þórshamri eru allstór kort, sem skýra miklu nánar en hægt er að gera á þessu litla korti ýmis atriði, og eiga hv. alþm. að sjálfsögðu greiðan aðgang að þeim, eftir því sem þeir óska.

Togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi taka verulegum breytingum frá því, sem verið hefur. Breytingarnar eru bæði fólgnar í mjög aukinni friðun og mikilli einföldun á þeim reglum, sem þar hafa gilt. Í frv. er gert ráð fyrir, að togveiðar verði hvergi leyfðar nær landi en 9 sjómílur, en nú eru togveiðar á þessu svæði heimilaðar upp að 4, 6 eða 8 mílum á mismunandi tímum árs og heimilaðar þrem mismunandi stærðum skipa. Frv. gerir ráð fyrir því, að um leið og friðun er aukin með því að færa togveiðiheimildirnar fjær landi, fái öll skip 350 smálestir og minni heimild til að toga allt árið upp að 9 sjómílum, en öll skip 350 smálestir og stærri yrðu að vera utan við 12 mílur, en megi veiða á svæðinu milli 12 og 50 mílna. Þó er sú undantekning, að á tímabilinu 1. apríl til 1. júní takmarkast togveiðiheimildir fyrir Norðausturlandi af ákvæðum reglugerðar, sem sett var á s. l. ári og bannar allar togveiðar þennan tíma innan 50 sjómílna á svæði frá Rifstanga að Langanesi. Það er sem sagt ætlunin, að þetta bann standi eins og það var ákveðið á s. l. ári. Aukin friðun fyrir Norðurlandi er talin brýn nauðsyn, ekki sízt vegna þess, að þar eru einhverjar mestu uppeldisstöðvar þorsks á íslenzku landgrunni. Því er ekki að leyna, að till. voru uppi um enn víðtækari takmarkanir á togveiðiheimildum fyrir Norðurlandi, en með hliðsjón af öllum atriðum þótti n. samt ekki fært að ganga lengra en hér var gert.

Úti fyrir Austurlandi eða á svæðinu frá Langanesi að Selskeri er friðun allverulega aukin frá því, sem nú er, og reglur um togveiðiheimildir, sem voru þar líka næsta flóknar, einfaldaðar mjög. Nú er ráð fyrir því gert, að togveiðiheimildir verði ekki lengur mismunandi eftir árstímum og togveiðar víðast hvar ekki heimilaðar nær landi en upp að 12 sjómílna mörkunum. Þó fá bátar undir 350 tonnum nokkrar heimildir innan þeirrar línu á svæðinu frá Langanesi að Ósnesi. Togveiðiheimildir kringum Hvalbak eru óbreyttar frá því, sem verið hefur.

Á hafsvæðinu fyrir Suðausturlandi frá Selskeri að Dyrhólaey eða Lundadrang, sem er grunnlínupunktur skammt frá Dyrhólaey, er gert ráð fyrir aukinni friðun og það verulega aukinni, enda er oft ungfiskur á þessum slóðum í miklum mæli. Með tilliti til bátaútgerðar frá verstöðvum þarna tókst hins vegar ekki að einfalda reglurnar, heldur eru þær enn óneitanlega nokkuð flóknar. Hinir minnstu bátar, 105 tonn og minni, halda þarna að mestu óbreyttum veiðiheimildum, en veiðiheimildir 106—350 tonna skipa eru skertar nokkuð, þannig að samkv. frv. fá þau hvergi að toga nær landi en 6 sjómílur. Heimildir skipa yfir 350 tonn eru þó skertar enn frekar. Þó fá þessi skip að vísu að toga upp að 9 sjómílum á nokkru svæði, þ. e. a. s. á svæðinu frá Selskeri að Ingólfshöfða, en að öðru leyti utan við 12 mílur, eins og er meginreglan. Þó gerir frv. ráð fyrir, að allar togveiðar á þessu svæði innan 12 mílna verði bannaðar 2 mánuði á ári, þ. e. frá 1. marz til 1. maí, og það er óbreytt frá því, sem nú er.

Fyrir Suðurlandi, á svæðinu frá Dyrhólaey að Reykjanesi, eru gerðar nokkrar breytingar, og þær hníga yfirleitt og raunar allar í þá átt að auka friðun og gera reglur einfaldari en verið hafa. Samkv. frv. eru togveiðar minnstu togskipanna hvergi leyfðar nær landi en 3 sjómílur. Þar með eru afnumin tvö togveiðisvæði, sem námu alveg upp að fjörumarki. Að öðru leyti eru togveiðiheimildir skipa undir 350 tonnum lítið breyttar. Hins vegar felur frv. í sér allverulega og raunar verulega skerðingu á togveiðiheimildum skipa, sem eru yfir 350 tonn. Meginreglan hér sem annars staðar við landið er sú, að stór togskip og togarar veiði ekki nær landi en 12 sjómílur. Þó þótti eftir atvikum rétt að heimila þessum skipum að toga upp að 9 sjómílum á nokkru svæði á Selvogsbanka. Ekki er hreyft við í þessu frv. ákvæði reglugerðar, sem sett var á fyrra ári, en sú reglugerð ákvað friðlýsingu tiltekins svæðis á Selvogsbanka, bæði utan og innan 12 mílna, á tímabilinu frá 20. marz til 20. apríl.

Á Reykjanes- og Faxaflóasvæðinu er gert ráð fyrir einföldun reglna og aukinni friðun. Þeirri línu, sem lokar Faxaflóa, er breytt lítilsháttar til einföldunar og eðlilegra horfs að dómi n. Utan þeirrar línu er skipum innan við 350 tonn heimilaðar veiðar allt árið. Hér sem annars staðar er ráð fyrir því gert, að skip stærri en 350 tonn veiði ekki nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínur. Þó fá skip af þessum stærðarflokki heimild til togveiða inn að 9 sjómílum utan við grunnlínu á nokkru svæði í Jökuldjúpi.

Á Breiðafjarðarsvæðinu, þ. e. a. s. frá Snæfellsnesi að Bjargtöngum, frá Gáluvíkurtanga, sem við er miðað á Snæfellsnesi og að Bjargtöngum, gerir frv. enn ráð fyrir einföldun gildandi reglna og nokkuð aukinni friðun. Togveiðiheimildir togbáta undir 105 tonnum eru allmikið skertar á þessum slóðum, og er nú aðeins gert ráð fyrir einu svæði eða hólfi fyrir þessa báta inni á Breiðafirði í stað þriggja áður. Skip af stærðinni 106—350 tonn færast nokkru utar á þessu svæði, en þó er ekki um verulegar breytingar á togveiðiheimildum þeirra að ræða. Hér sem annars staðar er svo í megindráttum við það miðað, að togarar eða togskip yfir 350 tonn fiski utan 12 mílna markanna. Þó er gerð hér sú undantekning, að þessum skipum er heimilað að veiða upp að 9 sjómílum í svonefndum Kolluál, á nokkru svæði þar.

Loks er að nefna Vestfirði. Á svæðinu frá Bjargtöngum að Horni breytast togveiðiheimildir að því leyti, að tvö allstór togveiðisvæði innan 12 mílna, sem ætluð voru skipum undir 350 tonnum, falla með öllu burt, og er því

ekki gert ráð fyrir, að á þessu svæði verði neinar togveiðar leyfðar nær landi en 12 sjómílur miðað við grunnlínur. Rétt er, að það komi fram, að meðal Vestfirðinga voru uppi mjög sterkar raddir um, að bannaðar yrðu allar togveiðar út af 20 sjómílum frá grunnlínum. Fiskveiðilaganefnd hefur þó fulla ástæðu til að ætla, að náðst hafi nokkuð víðtækt samkomulag um till. eins og þær eru nú fluttar, og þá með sérstöku tilliti til ákvæða, sem eru í 4. gr. þessa frv., þar sem sjútvrh. er gert skylt að friða sérstök svæði fyrir öðrum veiðarfærum en línu á tilteknum stöðum og um tiltekinn tíma, þ. e. a. s. þar sem línuveiðar eru mjög mikið stundaðar, með sérstökum ákvæðum, sem segir í 4. gr. Þetta ákvæði, eins og það er úr garði gert, er ekki sízt til komið vegna hinnar miklu línuútgerðar á Vestfjörðum, enda þótt ekkert sé því til fyrirstöðu, eins og frvgr. er orðuð, að aðrir geti hagnýtt sér ákvæði þessi, ef þeir uppfylla meginskilyrðið, að þarna sé línuútgerð stunduð í ríkum mæli.

Ég hef þá lokið þessari hingferð um landið og vík nú að öðrum atriðum. 5., 6. og 7. gr. þessa frv. eru algerlega shlj. þeim ákvæðum, sem samþ. voru hér á Alþ. í des. s. l. að tilhlutan fiskveiðilaganefndarinnar. Þessi ákvæði eru að mínum dómi og ég hygg okkar nm. allra mjög mikilvæg. Þau beinast öll að verndar- og friðunaraðgerðum. Þau eiga að auðvelda Hafrannsóknastofnun og sjútvrn. að grípa í taumana og koma á skyndifriðun, þar sem þess þykir vera brýn þörf. Á mjög miklu veltur, að framkvæmd þessara ákvæða 5., 6. og 7. gr. verði sem bezt og öflugust. Til þess að svo verði, þarf tvímælalaust verulega aukið eftirlit með veiðum. Nú hefur Hafrannsóknastofnunin samkv. ákvörðun Alþ. fengið heimild til að festa kaup á nýlegum og hentugum fiskibát að dómi stofnunarinnar, og ég vil láta það koma fram hér, að með fullri virðingu fyrir hinum hefðbundnu og venjulegu fiski- og hafrannsóknum, sem sízt ber að vanmeta og er sjálfsagt og eðlilegt að efla, þá vil ég láta það í ljós sem mína skoðun, að eins og nú standa sakir geti Hafrannsóknastofnunin gert afar mikið og e. t. v. ekki minna gagn með því að nota skipakost sinn og mannafla að einhverjum hluta til bráðnauðsynlegs eftirlits með veiðum og til könnunar á því, hvað nauðsynlegt kunni að reynast til að beita ákvæðum um fyrirvaralitla eða fyrirvaralausa lokun, þar sem um viðkvæm veiðisvæði er að ræða, sem þarf að loka fyrirvaralaust eða um stundarsakir vegna óeðlilegs seiða- eða smáfiskadráps. Og ég vil fyrir hönd n., sem undirbjó þetta frv., leggja á það ríka áherzlu, að þess er að vænta, að viðkomandi stjórnvöld og stofnanir leggi sig fram um að halda uppi því eftirliti og framkvæma þær friðunaraðgerðir, sem um er fjallað og til er ætlazt samkv. þessum þremur gr. frv., hvenær sem þörf er talin á. Slíkt eftirlit er tvímælalaust mikilvægari friðunaraðgerð en strangar reglur, sem lítt eða ekki er framfylgt.

Um 8. og 9. gr. frv. tel ég óþarft að ræða og vísa um það efni til aths. við frv. Hins vegar er ástæða til að vekja athygli á því, að í 10. gr. eru færð á einn stað ákvæði um margvíslegar veiðiheimildir og veiðitakmarkanir, sem ráðh. getur sett að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Flestar eru þessar heimildir fyrir í eldri lögum, en þær eru þar nokkuð á víð og dreif. Hér eru í 1. tölul.heimildir, sem teknar eru úr lögum um dragnótaveiði í fiskveiðilandhelginni, þ. e. a. s. lögum nr. 40 frá 1960, en það varð að ráði, eins og ég sagði áður, að fella meginákvæði þeirra inn í þetta frv. og nema þau síðan úr gildi. Og meginákvæði laganna eru óbreytt, með einni undantekningu þó. Niður er fellt það ákvæði, að Fiskifélag Íslands skuli leita álits sveitarstjórna á viðkomandi svæði, áður en leyfi til dragnótaveiða er veitt. Þess í stað er ráðh. gert að skyldu að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar, áður en heimildir til dragnótaveiða eru gefnar út. Þá skal ráðh. einnig leita álits Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til. En í framhaldi af þessu er Hafrannsóknastofnuninni gert að skyldu samkv. frv. að fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar kunna að verða, gera till. um tilhögun þeirra, svo sem hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað, hve langan tíma og þar fram eftir götunum. Að athuguðu máli þótti þetta fyrirkomulag eðlilegra heldur en hið fyrra. N. telur hins vegar, að með þessu breytta fyrirkomulagi sé alls ekki verið að gefa undir fótinn með það, að auka eigi dragnótaveiðiheimildir frá því, sem verið hefur. Þvert á móti kom það sjónarmið fram innan n., að kanna þyrfti, hvort ekki hefði verið á sumum stöðum heimilað að veiða of nærri landi. En ég fullyrði, að það var ekki hugmynd n., að þetta opnaði á neinn hátt frekar fyrir veiðiheimildir með þessu veiðarfæri en verið hefur.

Þá vil ég aðeins víkja að því ákvæði, sem bannar dragnótaveiðar í Faxaflóa. Áður, í 3. gr., er komið hið almenna bann við botnvörpuveiðum í flóanum, en eftir stóð þá það, hvort ætlunin var að nema úr gildi dragnótalögin eða fella þau inn í þetta frv., hvaða afstöðu n. skyldi taka til dragnótaveiðibannsins hér í Faxaflóa. N. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri, að dragnótabannið héldist, ef það yrði tímabundið, það stæði enn í 3 ár, þ. e. a. s. til 1. júlí 1976. Nm. eru þeirrar skoðunar, að þar sem bann þetta var sett fyrir tveimur árum, væri það allt of skammur tími til þess að sanna eitt eða neitt um ágæti eða gildisleysi slíkrar friðunar, það þyrfti til þess lengri tíma, og n. sýndist, að það væri ekki óeðlilegt, að sá reynslutími væri samtals 5 ár, það væri nær lagi, að það tímabil nægði til þess að sýna einhvern árangur eða árangursleysi eftir atvikum. Þegar þar að kemur, taka þeir, sem um slík mál fjalla, að sjálfsögðu ákvörðun um það, hvort framlengja eigi slíkt bann eða ekki. Niðurstaða n. varð að taka þetta ákvæði inn, en tímabinda það, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir.

Um aðrar þær heimildir til takmarkaðra og tiltekinna veiðileyfa, sem fjallað er um í þessari gr., sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða. Það er lítið nýtt í þeim atriðum, en í vissum tilvikum er þar staðfest sú venja, sem þegar er á komin.

Í 11. gr. er kveðið á um sektir vegna brota gegn 1.—6. gr. þessa frv. Þar er um töluverða breytingu að ræða, sem ég sé ekki ástæðu til að

fjölyrða um. Þó er þar enn miðað við gullkrónur, þegar um sektir er að ræða fyrir brot á botnvörpulögunum. Rætt var um það í n., hvort ástæða væri e. t. v. til að breyta þessu og finna einhverja aðra viðmiðun, en það varð ekki. Hér er um að ræða gamla hefð og að ýmsu leyti allgóða aðferð til viðmiðunar eða svo hefur reynzt. Ég skal geta þess, að ein gullkróna samsvarar nú rúmlega 43 ísl. kr., og því má margfalda þær fjárhæðir í gullkrónum, sem koma fyrir í 11. gr., með 43 til þess að finna út, hvað hér er um að ræða í venjulegri krónutölu.

Þá vil ég aðeins fara nokkrum frekari orðum um þær breytingar, sem n. hefur gert á ákvæðunum um viðurlög við brotum. Ég skal geta þess, að um þetta efni hefur verið farið í smiðju til færra lögfræðinga um að forma þessi atriði. Það felst sú meginbreyting í frv., að misháar sektir eftir mismunandi stærðarflokkum skipa eru nú í fimm flokkum í stað þriggja í þeim lögum, sem gilt hafa að undanförnu og lengi raunar. Það hefur löngum þótt, að í núgildandi lögum sé gerður mjög óeðlilegur og allt of mikill greinarmunur á því, hvort skip er stærra eða minna en 200 rúmlestir. Þetta hefur verið gagnrýnt mikið og með fullum rökum. Skip, sem er t. d. 190 rúmlestir, fær, að því er okkur hefur verið tjáð, venjulega um 45 þús. kr. sekt, en skip, sem er 20 tonnum stærra eða 210 tonn, fær yfirleitt um 700 þús. kr. sekt. Það er til að minnka þennan óeðlilega mismun, að stærðarflokkunum er fjölgað um 2. Í frv. eru sektarfjárhæðirnar hækkaðar verulega, en þó er þess að gæta, að jafnframt er aukið svigrúm dómara til ákvörðunar sektar, þ. e. a. s. lágmarksupphæðin er e. t. v. í mörgum tilvikum svipuð og áður eða lítið hærri en áður, en hámarksupphæðin hækkuð verulega. Það eru ýmis rök, sem virðast hníga að því að gefa dómurum nokkru meira færi en verið hefur til að meta aðstæður og meta það, hversu sök er mikil, og hafa nokkra hliðsjón af því, en ekki svo einhliða sem verið hefur að hafa hliðsjón af stærðarmörkum skipa.

Þá er rétt að geta þess, að í ákvæðum, sem eru í þessari gr. um upptöku afla og veiðarfæra, er ekki að finna nein nýmæli. Það er einungis óbreytt það, sem stendur í gildandi lögum.

12., 13. og 14. gr. þessa frv. fjallar um ýmis viðurlög. Þar eru nokkrar breytingar og aðallega til samræmis við breytingarnar, sem gerðar hafa verið á 11. gr., aðalsektargr. Aðalbreytingarnar eru þær, að sektarfjárhæðir eru hækkaðar og sérstaklega eru þó sektarmörkin víkkuð verulega eins og áður, þ. e. a. s. bilið aukið milli hæstu og lægstu sektar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 18. gr. frv. Í henni er afdráttarlaust mælt fyrir um það, að sjútvrn. skuli láta endurskoða lög þessi fyrir 31. des. 1975, þ. e. innan hálfs þriðja árs frá gildistöku þeirra. N. hefur rætt um það og telur eðlilegt, að þeirri endurskoðun verði hagað líkt og áður, bæði svipað og þegar togveiðiheimildalögin voru sett fyrir þremur árum og þegar þessi endurskoðun fór fram nú, að ráðh. skipi sérstaka n. til að annast þetta verkefni. Ástæðurnar fyrir þessu ákvæði eru ýmsar, og skal ég geta um þær helztu.

Í þessu frv. eru gerðar allróttækar breytingar á gildandi lögum, og hér er um að ræða mál, sem er á allan hátt eðlilegt, að endurskoða þurfi eða breyta að fenginni reynslu. Í öðru lagi eru öll fiskveiðimál okkar í mjög mikilli deiglu um þessar mundir og óvissa ríkir um ýmis efni. Skal þar sérstaklega nefna hina miklu óvissu um þol helztu fiskstofna okkar. Við erum enn að berjast við að ná fullum tökum á yfirráðarétti yfir 50 mílna lögsögunni. Við erum í miðjum klíðum við uppbyggingu og endurnýjun skipaflotans. Og enn má nefna, að veiðitækni heldur vafalaust áfram að þróast, svo að nokkuð sé nefnt af ástæðum, sem við teljum mæla með því, að það verði ákveðið þegar í upphafi, að þessi lög skuli endurskoðuð, þegar nokkur reynsla, hófleg reynsla hefur fengizt af þeim. Þó má vel vera, þar sem eins margt er í óvissu um þessi efni og í deiglunni eins og ég áðan sagði, að einu og öðru kunni að þurfa að hnika til, áður en slík heildarendurskoðun fer fram. En við í n. teljum æskilegt að festa það í lög, að hún skuli fara fram, og við teljum þetta hóflegan reynslutíma, sem hér er tilgreindur, og við slíka endurskoðun teljum við eðlilegt, að athugað yrði, hvort ætti ekki að fella inn í þessi lög þau lög önnur, sem fjalla um fiskveiðar á einhvern hátt og ég áður nefndi, og e. t. v. einhver fleiri.

Ég hef nú rakið efni þessa frv. og gert grein fyrir helztu breytingum, sem í því felast, miðað við þá löggjöf, sem nú er í gildi. Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að vissulega þykir okkur nm. miður farið, hve seint það kemur fram. En sú er bót í máli, að hv. alþm. eru því ekki ókunnugir. Þeir hafa allir átt þess kost að kynnast meginefni þess. Það hefði að vísu þurft fyrr að vera og þeir að fá lengri tíma e. t. v. til þess að kanna einstök atriði málsins. En ég vona þó, að þeir hafi átt þess kost að kynnast þeim atriðum, sem þeir töldu máli skipta.

Ég vil að lokum minna á það, að hinn 1. júlí n. k. falla núverandi togveiðiheimildir úr gildi. Ég vænti þess, að þetta mál, sem vissulega er bæði viðkvæmt og vandasamt, eins og allir hv. þm. hafa vafalaust gert sér ljóst, fái tiltölulega greiðan aðgang í gegnum hv. Alþ. nú. Málið er þess eðlis, að um það þarf helzt að nást sem víðtækast samkomulag. Að því hefur fiskveiðilaganefndin reynt að vinna. Þetta mál, þetta viðkvæma mál, eins og ég orðaði það, er sízt af öllu til þess fallið að verða flokkspólitiskt bitbein, enda eru viðhorfin til hinna einstöku þátta þess vafalaust misjöfn innan allra stjórnmálaflokka. Það eru allt önnur atriði, sem ágreiningi eða ólíku mati kunna að valda um einstaka þætti málsins, heldur en stjórnmálaskoðanir. Fiskveiðilaganefndin hefur reynt að vinna að málinu með því hugarfari, að sæmilegt samkomulag gæti orðið um það hér á hv. Alþ. Takist það ekki, óttumst við, að afleiðingarnar geti orðið býsna alvarlegar. Þar sem svo skammur tími er til stefnu, ef ljúka á afgreiðslu þessa máls fyrir þingslit, þar sem þingmannanefnd hefur haft málið til meðferðar og flytur það í raun og veru og þar sem helztu breytingarnar hafa áður verið kynntar fyrir hv. þm., þá ætla ég ekki að gera till. um, að málið fari til n. í þessari hv. d. Hins vegar er mér heimilt að lýsa því yfir fyrir hönd þeirrar undirbúningsnefndar, sem að

þessu frv. hefur unnið, að hún er fús til að taka til athugunar á milli umr. allar þær ábendingar og brtt., sem fram kynnu að koma. Geti hv. þd. fallist á þessi vinnubrögð, kynni það að hraða málinu, en á því er vissulega full þörf.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil við 1. umr. þessa máls þakka fiskveiðilaganefndinni fyrir mikið starf og gott, sem hún hefur unnið með því að undirbúa það frv., sem hér er nú flutt af þeim nm. fiskveiðilaganefndarinnar, sem sæti eiga í hv. Nd. Það leikur enginn vafi á því, að n. hefur unnið mjög mikið starf, kynnt sér málið mjög rækilega, m. a. með fundahöldum víða um landið og með mörgum samtölum við þá, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Mér er einnig kunnugt um það, að n. hefur haft náið samband við flestalla þm. um málið, og það er auðvitað mjög þýðingarmikið í máli eins og þessu, að undirbúningurinn sé vel unninn.

Það er ekki þörf á því hér af minni hálfu að rekja í ítarlegu máli meginatriðin, sem felast í þessu frv. Það hefur þegar verið gert af formanni n. Ég vil þó undirstrika það, að meginatriði þessa frv. eru þau, að hér er um mjög auknar friðunarráðstafanir að ræða fyrir botnvörpuveiðum við landið frá því, sem áður hefur gilt. Auk þess felur frv. í sér, að gert er ráð fyrir miklu strangara eftirliti en hingað til hefur verið varðandi veiðarnar. Þá felur frv. í sér mjög víðtækar heimildir fyrir rn. til þess að grípa inn í með tiltölulega litlum fyrirvara og gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hættulega veiði. Auk þess eru svo gerðar hér till. um að hækka mjög verulega sektir fyrir brot á okkar fiskveiðilögum. Allt stefnir þetta augljóslega í eina átt. Við erum með þessu frv. að leggja drög að því að auka friðun á miðum okkar af okkar hálfu mjög verulega, og er það þá til viðbótar við þær fjölmörgu ráðstafanir, sem hafa verið í gildi og er verið óðum að taka upp og allar miða að þessu sama, að reyna að koma í veg fyrir hættulega veiði. Ég vil aðeins nefna í því sambandi, að auk þessarar meginstefnu, sem felst í þessu frv., höfum við verið að setja reglugerðir um að banna viss veiðarfæri, eins og þorskanót og ufsanót. Við höfum að undanförnu verið að setja ákvæði um möskvastærð á þorskanetum og einnig reglugerð um netafjölda, sem leyfilegt er að hafa í sjó. Sífellt höfum við verið að setja strangari og strangari reglur varðandi humarveiðar, rækjuveiðar, skelfisktöku og einnig varðandi síldveiðar, loðnuveiðar, en um allt þetta gilda þýsna strangar hömlur. Auk þessa alls er svo meginráðstöfunin af okkar hálfu til verndunar okkar fiskimiðum fólgin í því að færa út okkar fiskveiðimörk og vinna markvisst að því, að fiskveiðilandhelgin öll verði aðeins fyrir íslenzk skip og Íslendinga, þó að það kunni að taka okkur nokkurn tíma að ná því marki til fullnustu.

Mér er ljóst, að ýmis ákvæði í þessu frv. eru þess eðlis, að það verða skiptar skoðanir um þau, og ekki vil ég heldur segja, að ég hefði ekki sjálfur viljað hafa viss atriði þarna á annan veg, En eins og fyrr hefur verið lögð áherzla á af formanni n., sem fyrir frv. hefur talað, skiptir hér auðvitað öllu máli að reyna að fá sem víðtækasta samstöðu um þær reglur, sem settar eru, því að í þessum efnum verður auðvitað erfitt að finna þær reglur, sem allir eru ánægðir með.

Ég skal ekki við þessa umr. lengja mál mitt frekar, en ég ítreka þakklæti mitt til n. allrar fyrir hennar mikla starf og til þeirra, sem með n. hafa unnið. Það er enginn vafi á því, að þeir hafa unnið hér gott starf, sem ég ætla, að geti orðið góður grundvöllur fyrir alþm. til að sameinast um og leysa þann mikla vanda, sem við stöndum frammi fyrir varðandi fiskveiðiheimildir í landhelginni, — reyna að leysa það a. m. k. um nokkurn tíma, þó að það verði að gera ráð fyrir að taka þessar reglur til endurskoðunar ekki síðar en gert er ráð fyrir af n. hálfu. Auðvitað ber okkur að taka þessar reglur til endurskoðunar, jafnóðum og í ljós kemur, að á slíku er þörf, og verður að ætla, að það verði gert.

Ég vona, að menn geti fallizt á þá till., sem formaður n. og 1. flm. frv. setti hér fram um það, að ekki væri nauðsynlegt að senda þetta frv. til þn. Frv. er samið af þm.-nefnd í allnánu samráði við þm. almennt. Það er ekki trúlegt, að þn. geti tekið þetta frv. fyrir og unnið þar ýkjamikið gagn á stuttum tíma, sem eftir er til þingstarfa að þessu sinni, og ég held, að ef n., sem unnið hefur að því að semja þetta frv., vill taka, eins og hér hefur verið lýst yfir, allar till., sem fram koma, og ábendingar, sem henni berast, til athugunar og umsagnar, þá sé varla hægt að búast við því, að við fáum betri eða eðlilegri nefndarathugun á málinu í meðförum þingsins en hafa þennan hátt á. Ég held, að það spari allmikinn tíma og geri málið í eðli sínu einfaldara í meðförum.

Eins og fram kemur í frv., hafði að vísu verið gert ráð fyrir því, að ýmis önnur lagaákvæði varðandi okkar fiskveiðar en þau, sem hér er fyrst og fremst fjallað um, yrðu tekin til meðferðar í n. En svo hefur nú farið eins og stundum áður, þegar tekizt hefur verið á við þessi verkefni, að n. hefur ekki séð sér fært að leggja til stórfelldar breytingar varðandi þau atriði, önnur en þau, sem snerta togveiðiheimildir, og verður þá að bíða síðari tíma að taka þau mál til frekari athugunar.

Ég vænti svo þess, að hægt verði að ljúka þessari umr. hér í kvöld, svo að þetta mál geti náð fram að ganga fyrir þinglok, sem er ætlað, að verði fyrir páska.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég tel, að með máli þessu sé á margan hátt um eina einstæðustu málsmeðferð að ræða í þingsögu síðustu ára, þar sem um er að ræða frv. af þessari stærð og af þeirri efnisgráðu, sem hv. frsm. vill telja, að það sé, og ég tek undir með honum, að sé. Það er lagt fram í dag á fundi í hv. d., hér hafa verið nær óslitnir fundir síðan og þm. hv. d. hafa ekki haft tíma eða tækifæri til þess að lesa frv. yfir og við auk þess horft á það hér í þingsal, að ekki nema 6 eða 7 hv. þm. hafa getað gefið sér tækifæri til að hlusta á framsögurræðu hv. 1. flm. og ræðu hæstv. sjútvrh. Tel ég, að þeir hafi talið sér nauðsynlegt að taka sér eitthvert frí til þess að lesa frv., og vil leggja til við hæstv. forseta í fyrsta lagi, að hann frestaði frekari umr. um málið til morguns, þannig að menn gætu kynnt sér frv., eða þá í öðru lagi af gefa kaffihlé til þess að smala þm. saman, til þess

að þeir fylgdust þó með þessu þýðingarmikla máli, sem varðar þjóðarheill Íslendinga inn á við og út á við um ókomin ár, eins og mér skildist á hv. frsm. — Er nokkur möguleiki á því, að við gerðum nokkurt hlé, herra forseti? (**Forseti:** Það var hugmyndin að reyna að ljúka umr. í kvöld. Ég hygg, að það séu nú fleiri þm. í húsinu.) Það mætti þá kannske nota bjölluna.

Ég skal þá verða við tilmælum forseta, ef hann er svona ákveðinn að ná þessu þjóðhagslega þýðingarmikla máli fram. Ég tel það vera reginhneyksli, m. a. vegna þess, sem kemur fram í grg. frv., að það hafi verið haft samband við alla þm. Jú, rétt er það. Ég bendi t. d. á boðun okkar þm. Reykv. á fund þessarar n., sem virðist auk þess alls, sem áður hefur skeð í hennar starfi, eiga að fá einhvern sjálfsákvörðunarrétt um það samkv. till. hv. frsm. og hæstv. ráðherra, hvaða mál verði tekin til greina, ef þm. leyfa sér að koma með brtt., hvort þeir eigi að segja já eða nei um það, hvort þær till. eigi að koma fram eða ekki og jafnvel kannske fram fyrir þm. aftur til atkvgr. Ég skil eiginlega ekki, hvaða vald þessir menn virðast telja sig vera búnir að fá. En ég veit, að það er rangt, þegar því er haldið fram, að það hafi verið haft fullt samband við þm. allra kjördæma. Við þm. Reykv. vorum boðaðir með mjög stuttum fyrirvara til tveggja funda. Á fyrra fundinum var okkur sagt frá því, hvað þessi hv. n. væri búin að hugsa sér að passaði fyrir okkur og aðra landsmenn, eftir að þeir voru búnir að taka til greina þau hagsmunasjónarmið, sem þar höfðu komið fram frá þm. annarra kjördæma. Þegar síðari fundurinn var haldinn, hafði það skeð í millitíðinni, að hér í hv. d. hafði verið lagt fram frv. af 6 þm. frá nær öllum þingflokkum, að undanteknum þeim minnsta, þar sem nokkuð var gengið til móts við það, sem taldir voru hagsmunir þeirra, sem búa við innanverðan Faxaflóa. Á þessum seinni fundi, sem var boðað til með jafnstuttum fyrirvara, hafði auðvitað engin breyting orðið hjá þessari hv. n. gagnvart hagsmunum nær helmings þjóðarinnar, en hins vegar er enn þá haldið við hagsmuni lítils hluta þeirra, sem búa við það hafsvæði, sem liggur að ströndinni, sem umlykur Faxaflóa. Gott og vel, það má vel vera, að þetta sé sjónarmið út af fyrir sig hjá hv. n. En að tala um það í sömu andrá, að það sé bæði verið að halda uppi friðunar- og hagsmunasjónarmiðum landsmanna, það tel ég alrangt, og þetta á að leiðrétta. Það er haldið uppi friðunarsjónarmiðum algerum hér við Faxaflóann, í Faxaflóanum sjálfum, eins langt og það nær. Það eru friðunarsjónarmið gagnvart dragnót og botnvörpu. En það eru hagsmunasjónarmiðin, sem ríkja alls staðar annars staðar við landið, nema þeim aðilum hér á landi, sem gera út hin stærri togskip, er meinað enn frekar en áður hefur verið að nýta fiskimiðin umhverfis landið, sem þeir þó hafa gert um langan aldur. Ég tel líka, að það sé hreinasta firra að reyna að telja nokkrum manni trú um það, hvort sem er innlendum eða útlendum, að við séum að koma á móti einhverjum algerum friðunarsjónarmiðum með því, þótt við bönnum dragnót og botnvörpu. Auðvitað er það ekki neitt friðunarsjónarmið, sem þar er að baki. Þetta eru hagsmunasjónarmið þeirra, sem önnur veiðarfæri nota.

Auðvitað má gera allar þær ráðstafanir, sem þarf til að botnvarpa og dragnót valdi ekki meiri skaða en önnur veiðarfæri, og þess er ég fullviss, að botnvarpa og dragnót geta aldrei valdið þeim skaða, sem þorsknetin valda okkar þorskstofni á vetrarvertíðinni á hrygningartímanum á hrygningarsvæðunum. Það er því hlálegt, þegar hv. n. talar um það, að það séu friðunarsjónarmiðin, sem ríki hjá þeim, og þeirra gól á að heyrast um heim allan, til þess að heyra megi: Jú, þarna hafi verið staðið vel að verki og nú séum við komnir á hinn eina sanna grundvöll, sem okkur beri að fylgja í framtíðinni.

Ég tók það fram í byrjun míns máls og mun halda mig við það, að það er auðvitað meir en full ástæða fyrir hv. frsm. og hv. n. að biðjast velvirðingar á seinkun þessa frv. Vinnubrögðin í sambandi við gerð þess eru fyrir neðan allar hellur, hafandi í huga, að það var yfirlýst stefna núv. stjórnarflokka og allra stuðningsmanna þeirra, þegar gengið var til síðustu kosninga, að fiskveiðilögsöguna ætti að færa út 1. sept. Það líða margir mánuðir, þangað til nokkur vinna er framkvæmd í sambandi við undirbúning þess, sem við allir, sem sátum á þingi áður og sitjum nú, og reyndar mundi ég segja meiri hluti landsmanna hefur verið sammála um, að það þyrfti að leggja fram einhverjar till. um, hvernig bezt væri fyrir okkur að hagnýta fiskveiðilögsöguna, þannig að við tækjum til greina bæði staðarsjónarmið og þá kannske undir þeim lið, stærðir skipa, og þá um leið, að hægt væri í sambandi við þessa nýtingu að fyrirbyggja hagsmunaárekstra á milli einstakra skipa eftir því, hvaða veiðarfæri þau notuðu.

Ég man ekki betur en að þegar við féllumst á það á Alþ. að framlengja lögin til 1. júlí, að þá hefði verið tekin fram gagnrýni okkar á þessu. En nú liggur málið fyrir. Og þá leyfi ég mér enn að gagnrýna þann mikla flýti, sem er á hafður um að ljúka þessu máli nú, þessu þýðingarmikla máli, þannig að jafnvel eigi ekki að gefast tækifæri til að senda málið, eins og það kemur fullbúið frá þessari hv. n., til þeirra hagsmunaaðila, sem skilyrðislaust eiga að fá að segja til um sínar skoðanir á þessu frv. Hví þarf að hraða þessu frv. svo mjög nú, þegar við höfum í huga, að gildandi lög eru í gildi til 1. júlí n. k.? Jú, við höfum eitt svar við því. Það þarf endilega að losna við Alþ. þeim. Það þarf að vera hægt að slíta Alþ. En er það nokkur afsökun fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihlutann, þegar slíkt mál er annars vegar, að það þurfi endilega að losna við okkur heim, að við megum ekki gagnrýna, megum ekki finna að því, sem fram fer í stjórnarherbúðunum? Við erum þó á launum áfram. Á það hefur verið bent af þessum sömu hv. þm. á undanförnum árum og stuðningsmönnum þeirra, bæði í blöðum og fjölmiðlum. Ég sé ekki annað en það ætti að vera sjálfsögð krafa þm., um leið og þetta frv. gengi sína venjulegu leið til sjútvn., sem að sjálfsögðu til þess að flýta málinu gæti þá unnið með þessari umræddu n., sem ég er nú farinn að hafa ákaflega litla trú á, — hún hefur eingöngu hugsað um hagsmunasjónarmið þeirra kjördæma eða ákveðnu kjósenda, sem hún hefur helzt talið sig þurfa að sjá um, að sjútvn. þessarar hv. d. og reyndar Ed. líka vinni þá með henni, en að

allir aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta, fái málið til umsagnar.

Hv. frsm., hv. þm. Gils Guðmundsson, ræddi um, að það hefði náðst samstaða. Ég hef þegar getið um það, að ég tel, að svo sé ekki. Það hefur ekki náðst nein samstaða við þm. Reykv. í þessu máli, — kannske við einhverja einstaklinga, en alls ekki við þm.-hópinn í heild, enda hafa þeir ekki, eins og þeir óskuðu eftir á seinna fundinum, sem þeir mættu á, fengið að sjá neinar till. frá n., fyrr en þeir sjá þetta frv. nú fyrir nokkrum klukkustundum og það síðan tekið til umr. hér með afbrigðum. Svo á að keyra það í gegn, og það á ekki einu sinni að fara til n. Það á að fara til feðra sinna og þeir aftur að unga því út og koma því áfram, líklega til 2. umr. strax á morgun, og þá verður þetta búið annað kvöld. Þessu leyfi ég mér þegar að mótmæla.

Ég hef líka minnzt á það, reyndar oftar í þessum málum um nýtingu fiskveiðilögsögunnar, að ég hef alltaf talið, að það ættu ekki að vera veiðarfærin sjálf, sem að væri ráðizt, nema eins og ég tók fram, þegar ég mælti fyrir því frv., sem ég flutti með öðrum þm. í þessari hv. d. um frekari nýtingu Faxaflóans og þá með hliðsjón af fiskiflota hér úr Reykjavík og næstu byggðum og svo líka með tilliti til hagsmuna þeirra neytenda, sem hér eru, að það ætti auðvitað að taka sérstakt tillit til annarra byggða, sem nota mest önnur veiðarfæri. Þannig hefur það komið fram og er fyllilega skilið af mér, að það eru vissir staðir hér á landi, sem eru með þessa sérstöðu. Það hefur komið fram og var skýrt tekið fram af hv. frsm. áðan, að þannig væri það á Vestfjörðum. En hins vegar, ef þm. þaðan treysta sér til þess að ná samkomulagi innan sinnar byggðar um þetta, þá gott og vel. Ég veit, að það eru líka aðrir aðilar, sem vilja nýta sín skip þannig, að þau geti veitt með botnvörpu og alla vega á ákveðnum tímum.

Ég get vel skilið það, þar sem er áratugahefð komin á línuútgerð, að þeir vilji ekki vera að hleypa botnvörpungum inn á sín hefðbundnu línusvæði. Hins vegar þykir mér einkennilegt, ef á að hafa í huga og draga að hún sem hið æðsta sjónarmið friðunarsjónarmiðið, af hverju í ósköpunum þá er ekki bæði farið eins að á Hornbankanum norður af Vestfjörðunum eða norður og austur af Melrakkasléttu og austur af Langanesi? Hví í ósköpunum er þá ekki farið í að friða þar allt árið fyrir botnvörpu og dragnót eins og hér í Faxaflóanum. Það er ekki nokkur maður, sem getur borið á móti því, að það sé sama hagsmunaatriðið fyrir okkar fiskstofna að friða það svæði fyrir þessum hættulegu veiðarfærum, ef það eru veiðarfærin, sem eiga að ráða í þessu efni, — að þau séu ekki nákvæmlega jafnhættuleg þar eins og hér í Faxaflóanum. Ég tel, að við þm. verðum þá hreinlega að vera sjálfum okkur samkvæmir og fara víðar í að banna þetta heldur en hér. Ég hef hins vegar alltaf haldið því fram, að með ákveðnum takmörkunum og eftirliti eigi að vera hægt að nýta hvaða veiðarfæri sem er og ekkert þeirra þurfi að vera hættulegra öðru, ef rétt er að farið. Við skulum viðurkenna fyrri syndir í þessu efni, að það hafi ekki alltaf verið rétt að farið. Það er vel hægt að betrumbæta í þessu efni. En við eigum þá ekki að vera að draga út neitt eitt ákveðið svæði í þessu efni. Við skulum þá bara vera hreinskilnir og láta það heyrast og sjást erlendis, að við séum með friðunarsjónarmiðið við hún, en ekki sýndarmennskuna.

Annað atriði hefur verið minnzt á og var minnzt á við þessa hv. n., sem hér hefur verið getið um, að hinum stærri togskipum er samkv. þessu frv. ætlað að fara utar en áður var. Vera má og ég er ekki frá því, að þarna sé kannske nokkuð rétt að farið í sambandi við skiptingu togveiðisvæðanna. Hins verður þó að gæta, og það hefur verið viðurkennt af n., að þetta er ekki alveg svona einfalt. Það er ekki hægt að taka samhliða línur við 9 mílur frá grunnlínu eða 12 mílur og segja, að ákveðin skipastærð á að vera á þessu svæði og önnur stærri skipastærð þar fyrir utan. Auðvitað getur þetta verið ástæðan til þess, að það sé algerlega útilokað fyrir þessi skip að njóta sín vegna göngu fisksins. Og ég er alveg viss um það, að hv. frsm. þessarar n., sem hér talaði áðan, viðurkennir, að þorskurinn hefur ekki hugmynd um, hvað þessi n. var að gera, og veit ekkert um allar þessar línur, sem n. er að leggja til, að hann eigi að fylgja. Auðvitað er það dýpi, straumar og botn, sem kemur til með að segja um það, hvernig togskip geti notað sín veiðarfæri. Hins vegar kemur það fram, að þau togskipin eru talin hættulegust, sem eru stærst. Það er ekki farið eftir því, hvort minna togskip innan einhverrar ákveðinnar stærðar sé það kraftmikið og vel búið, að það geti verið með jafnstórt togveiðifæri og komizt yfir jafnmikinn flöt sjávarbotnsins og hið stærra. Það er ekki farið eftir því af skiljanlegum ástæðum, enda ákaflega erfitt við að fást. En ef þessi togveiðarfæri eru svona gífurlega hættuleg og þessi hv. n. telur, að hin minni togveiðiskip eigi að vera á grunnsvæði, væntanlega vegna þess, að þau hafi ekki möguleika til að nýta sín veiðarfæri á dýpra vatni, og þá kannske líka vegna öryggis þeirra, sem á þessum skipum eru, þá verðum við auðvitað að ætla, að sama eyðileggingarhættan sé af þessu veiðarfæri, þótt minna sé.

Þá bregður svo við í sambandi við sektarákvæðin hjá þessari hv. n., að þau fara lækkandi, eftir því sem eyðingarmöguleikarnir aukast, ef miðað er við það, að mesti möguleikinn til þess að eyðileggja fiskstofnana sé á grynnsta vatninu. Að mínu mati ætti þetta hlutfall algerlega að snúast við. Það ætti ekki að vera mest á skipunum, sem eru úti á því, sem hefur verið kallað á sjómannamáli oft á tíðum ballarhaf.

Ekki gat ég vel skilið hv. frsm., þegar hann var að tala um vandkvæði í stærðarhlutföllum frá skipasmíðalegum sjónarmiðum. Nú minnist ég þess, m. a. vegna verka þessarar n., — og er þó ekki rétt að kenna henni allri um, því að nokkrir nýir kandidatar hafa bætzt þar í nú síðustu tvö árin, — en ég man ekki betur en stærðarhlutföll hafi nokkuð verið mótuð vegna till. þeirrar n., sem starfaði á þessu sviði hér áður fyrr. Hef ég aldrei fundið það út, hvar þeir fundu þá vizku upp að miða þessa stærð við 105 brúttórúmlestir. Ég hefði talið, að það hefðu alveg eins getað komið til greina 70 brúttórúmlestir og jafnvel, eins og smáútvegsmenn hafa talað um, 50, 45 brúttórúmlestir, og náttúrlega

færi það nokkuð eftir því, hvar þeir störfuðu með sín skip. En þessi vísa n. fann það út á sínum tíma, að allt að 105 tonnum skyldi þessi hin minnsta stærð vera. Og nú talar hv. form. n. um vandkvæði í stærðarhlutföllum frá skipasmíðalegu sjónarmiði. Þá höfum við það. Og er það furða?

Þá er eitt, sem ég mundi mjög gjarnan vilja óska eftir skýringu á hjá hv. frsm. n., og það eru þau orð hans, að það hafi verið till. uppi um frekari friðun fyrir Norðurlandi, en n. ekki treyst sér til þess að ganga lengra en hún gerði. Hvaða tillit er það, sem þurfti að taka þar til friðunar, ef n. hefur haft einhverja eindregna skoðun á því, að friða hefði þurft frekar fyrir Norðurlandi? Voru það hagsmunasjónarmið einhverra byggðarlaga þar? Ég geri ráð fyrir, að svo sé. Og reyndar kom hann að því á eftir, að það væri með tilliti til bátaútgerðar, að þá hafi ekki þetta og þetta tekizt, sem þeir vildu hafa gert. Bendi ég þá aftur á þann mismun, sem er á þegnum þessa lands, þegar hægt er að sleppa öllu slíku tilliti gagnvart einni stærstu verstöð landsins, Reykjavík, og ég tala nú ekki um annarri einna stærstu, Hafnarfirði, en hægt að taka tillit til allra annarra.

Ég held, ef ekki fæst nokkur lagfæring á þessu, að ég muni mjög fallast á till., sem hafa komið fram frá þm. Vestf. um að friða fyrir allri togveiði út að 20 og jafnvel 25 mílum, en þó með því skilyrði, að við alfriðum eitthvert ákveðið svæði fyrir norðurhluta Vestfjarða, norður af Ströndum, á Hornbankanum, sem ég hef minnzt á og ég tel vera ákaflega þýðingarmikið. Það mun örugglega koma miklu betur til hagsbóta fyrir vestfirzka sjómenn, þótt einhver tími þurfi að líða, áður en það sjáist greinilega, heldur en jafnvel það, að bannað sé að veiða með togveiðarfæri á ákveðnum tímum og á grynnra vatni en þessi till. þeirra mun hafa gert ráð fyrir. En þetta gengur sem sagt allt frekar á móti því, sem bæði ég og margir aðrir sjómenn höfðum rætt á sínum tíma og rætt hafði verið í stéttarfélögum sjómanna, að það ætti að reyna að gefa öllum, hvaða veiðarfæri sem útgerðarmenn vildu nota og sjómenn þeirra báta, tækifæri til þess á sömu veiðisvæðum að nýta þau. Þetta hljóta að vera hagsmunaatriði þeirra, sem í hlut eiga á hverjum tíma. En á móti þessu virðist ekki vera komið í till. n., heldur er það útilokunarkenningin, sem virðist eiga að ráða.

Þá er það enn skrýtnara, að mér finnst, þegar hv. n. lætur rödd sína og till. gjalla um heima alla, friðunarröddina, sem er alveg að kæfa þá, þegar þeir eru að tala um bann og telja nauðsynlegt að hafa bann við botnvörpu og dragnót í Faxaflóa, — af hverju í ósköpunum banna þeir þá ekki dragnótina allt í kringum land, og af hverju er dragnótin svona miklu hættulegri fiskinum í Faxaflóa heldur en á Vestfjörðum, við Norðurland, Austurland, að ég tali ekki um við Suðurland? Eða á kannske Suðurlandskenningin gagnvart dragnótinni að byggjast á sömu forsendu og hæstv. samgrh. byggir bann sitt á því, að Reykjavíkurbátar fái að nýta landshöfnina í Þorlákshöfn, þótt Vestmannaeyjabátum sé heimilt að nota hana, og eru þó báðir útilokaðir frá sínum heimahöfnum, að vísu Vestmanneyingar vegna eldgoss, en við vegna laga misviturra manna á Alþingi?

Ég veit ekki, hvað kom hv. þm. til að tala um flokkspólitískt bitbein í sambandi við þetta mál. Nú veit hv. frsm., að það er langt frá því, að neitt slíkt liggi til grundvallar, hvorki í mínu máli né margra annarra, sem telja sig þurfa að koma sínum skoðunum á framfæri í þessu máli. Hér erum við vissulega að reyna að koma á framfæri hagsmunum okkar umbjóðenda, um leið og ég persónulega hef mikinn áhuga á því, að landhelgi okkar eða fiskveiðilögsaga verði nýtt á skynsamlegan hátt. Við höfum alltaf haldið því fram á erlendum vettvangi, að við værum að friða okkar hafsvæði ekki eingöngu frá friðunarsjónarmiði, heldur til þess að geta haldið lífi á þessu landi vegna hinna efnahagslegu sjónarmiða. Þess vegna er auðvitað alrangt að ætla sér að fara að svelta einhverja ákveðna fámenna hópa til þess að ná fram slíkum sjónarmiðum. Ég held, að það geti aldrei samrýmzt heildarstefnunni á því sviði.

Hv. þm. óttast afleiðingar þess, ef ekki næst samkomulag. Eins og málið er knúið fram nú, get ég látið hann vita það strax, að það verður ekki samkomulag um málið. Ég hefði hins vegar talið, að það hefði mátt ná samkomulagi með tiltölulega litlum heimildarákvæðum til sjútvrh., þar sem nokkuð hefði verið komið á móti till. þm. Reykv., sem voru lagðar fram hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum. Þá hefði kannske mátt ná samkomulagi í þessu máli og þá kannske með enn frekari takmörkunum en við flm. þess máls lögðum til. Ég lýsti því yfir á seinni fundi þessarar hv. n., sem boðaði okkur þm. Reykv. á sinn fund á sínum tíma, að ég væri reiðubúinn til þess að vinna að slíku samkomulagi, ef takast mætti að ná því. Við þessu hefur n. ekki orðið, en hefur hins vegar boðað, að hún muni hlusta á allar till. og taka þær til sín og væntanlega þá afgreiða þær á þann hátt, sem hún hefur gert til þessa, þær munnlegu till., sem hafa komið til hennar.

Ég vil, svo að við ljúkum þá að tala um þessa n., taka fram, að ég held fast við það og legg til nú þegar, forseti, að þessu máli verði vísað á venjulegan hátt til sjútvn., en vil gjarnan ganga til samkomulags um það, að sjútvn. d. vinni með þessari umræddu n. Ég tek það fram t. d., að í n., sem hefur lagt þetta frv. fram, á fjölmennasta kjördæmi landsins engan fulltrúa, og ef á eingöngu að hugsa um hagsmunasjónarmið hinna einstöku kjördæma, þá finnst mér rétt, að við eigum þó möguleika á að koma okkar hagsmunasjónarmiðum á framfæri líka.

Það er rétt hjá hv. þm., að hér er um vandasamt mál að ræða, og ég skal ekki eingöngu gagnrýna þetta frv. n. eða störf hennar. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að þeir hafa átt erfiða daga í að ná saman sjónarmiðum hinna mismunandi hagsmunahópa, og veit ég glögg dæmi þess, að í einni verstöð geta verið uppi margar skoðanir um það, hvaða leiðir eigi að fara í þessu máli, þannig að það er rétt hjá hv. frsm., að hér er vissulega um vandasamt mál að ræða. En við megum bara ekki rugla þessu vandasama

máli saman við trúaratriði ákveðinna manna, og ég á við trúaratriði, þegar ákveðnir aðilar fordæma ákveðin veiðarfæri, jafnvel veiðarfæri, sem hafa reynzt okkur hvað hagkvæmust á íslenzka fiskveiðiflotanum á undanförnum áratugum, þótt þau hafi valdið skaða eins og öll veiðarfæri gera. Ég leyfi mér að segja það, að öll veiðarfæri valda skaða, og sjálfsagt yrðu okkar mið beztu mið og fengsælustu mið í öllum heiminum, ef aldrei væri dýft veiðarfæri í sjó. Þá gætum við staðið á ströndinni og horft á fiskinn stökkva, eins og þeir Akurnesingar og Borgnesingar horfa á fiskinn gera í ánum í Borgarfirði. En ég er hræddur um, að það yrði til lítils fyrir okkur að reyna að lifa á slíkri sjón.

Hv. þm. fór yfir einstakar gr. frv., en eins og ég tók fram í byrjun míns máls, er ákaflega erfitt að ræða málið efnislega nú, enda er kannske ekki ástæða til þess fyrir okkur hina óbreyttu hér í hv. d., því að við höfum alls ekki haft tíma til þess að lesa frv. En auk þeirra spurninga, sem ég hef lagt fram til hv. frsm. n., leyfi ég mér að benda á, að í 3. gr., að vísu ekki ný ákvæði, en þó er rétt að benda á það, að þrátt fyrir friðunarsjónarmiðið mikla, sem þeir hafa starfað eftir, er samt heimilað þar að veita frekari togveiðiheimildir. Að vísu segir þarna: „Ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar.“ Ef hagsmunir viðkomandi byggðarlaga segja svo um, að það þurfi að leita frekari heimildar, þá sem sagt er mottó n.: Skítt með alla friðun, við skulum veita frekari heimildir þrátt fyrir allan þann skaða, sem slík veiðarfæri eiga að valda á grunnmiðum.

Í 9. gr. er aðeins bent á það og lagt til, að ráðh. eigi með reglugerð að setja reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd þessara laga, bæði möskvastærð veiðarfæra, frágang botnvörpu, flotvörpu, dragnótar o. s. frv. Af hverju eru ekki sett lög um þetta? Af hverju eru ekki sett lög um lágmarksmöskvastærð? Af hverju er ekki lágmarksmöskvastærðin stækkuð, ef hætta er fyrir hendi í sambandi við þessi veiðarfæri hér í Faxaflóa? Af hverju eru þá ekki sett lög um stærri möskva annars staðar í kringum landið? Nei, það ber allt að sama brunni. Það er ekki hugsað um friðunarsjónarmiðið þar. Það er hugsað um það hér í Faxaflóa og svo búið.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. miklu lengur, nema ástæða gefist til, sem kannske gefst. Ég vil samt sem áður í lok míns máls harma þá mismunun, sem er gerð með till. n. Eins og ég hef tekið fram margoft, bæði í þessu máli mínu og annars staðar í sambandi við önnur mál hér á Alþ. og reyndar annars staðar líka, þrátt fyrir þau vandamál, sem ég veit, að ákveðnar byggðir eða ákveðin útgerðarsvæði, sem byggja sínar veiðihefðir á ákveðnum veiðarfærum, eiga við að stríða, þótt það sé kannske að breytast, a. m. k. á ákveðnum tímum árs, þá harma ég, að það skuli ekki vera reynt að koma á móti, þegar eindregnar óskir koma fram frá sumum af stærstu verstöðvum landsins, það skuli vera algerlega gengið gegn óskum þeirra á svo hæpnum forsendum og með svo hæpnum röksemdum eins og ég hef bent hér á, þegar hinn sami skaðvaldur er leyfður annars staðar á miklu hættulegri svæðum á sama tíma. Leyfi ég mér að benda á enn eitt atriði, sem ekki hefur komið hér fram, að við leyfum okkur að láta þennan fiskafla Faxaflóans, sem er hvað dýrmætastur, flatfiskinn, alast hér upp á bezta tíma og fara svo út á veiðisvæði íslenzkra skipa, þegar hann er orðinn óætur að mati Íslendinga og óbrúkanlegur, ónýtanlegur að mati fiskvinnslustöðva hér á landi, þótt oft og tíðum megi kannske fá sæmilegt verð fyrir hann á ferskfiskmarkaði erlendis. Mér finnst þetta vera svo mikið óréttlæti, um leið og ég veit, að við allir, sem höfum reynt að túlka mál mikils hluta Reykvíkinga í þessu máli, höfum reynt að horfa á þau sjónarmið af fullum skilningi, sem koma fram frá öðrum byggðarlögum hér við land, að ég vænti þess, að hv. þd. og hv. fiskveiðilaganefnd og sjútvn. þessarar d., sem ég vænti, að hafi með þetta mál að gera, taki eitthvað af þessum aths. mínum til athugunar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir orð hv. 10. þm. Reykv., sem hér var að tala áðan, þar sem hann mótmælti þeirri málsmeðferð, sem hér er viðhöfð. Hér er verið að taka til umr. eitt af mikilvægustu málum þjóðarinnar á kvöldfundi. Það er tekið inn með afbrigðum, og 1. flm. frv. leggur meira að segja ekki til, að frv. verði vísað til n., þannig að það fái þinglega afgreiðslu. Mér er alveg sama um það, þó að skipuð hafi verið 5 manna n. til þess að kynna sér þessi mál og semja frv. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, þá ber að láta mál sem þetta, eins og öll önnur mál, fá þinglega afgreiðslu og skoðast í n. Ég tel það algera móðgun við Alþ. að slengja þessu frv. hér á borðið í dag, halda hér viðstöðulaust áfram fundum og flokksfundum, þannig að þm. fái ekki einu sinni tækifæri til að lesa þetta frv., hvað þá heldur að kynna sér til hlítar þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér, og taka það svo til 1. umr. og láta sér koma til hugar að vísa því til 2. umr., án þess að það fari til n. Á svo helzt að halda áfram nætur og daga, þannig að menn hafi ekki nokkurt tækifæri til þess að kynna sér nokkurt mál. Þessi vinnubrögð undir stjórn hæstv. ríkisstj. eru gersamlega óþolandi, og þau eru líka óþolandi af hendi hæstv. forseta d., að ætla að bjóða þm. slíkt.

Það er alveg rétt, og það má til sanns vegar færa, að þessi virðulega n., sem hefur skapað þetta frv., hefur átt viðræður við þm. úr einstökum kjördæmum. En hvernig hafa þær viðræður farið fram? Þm. úr einstökum kjördæmum hafa verið spurðir um, hvað þeir leggi til fyrir sín kjördæmi, og við þá sagt: Það verður að fara varlega, það verður að taka tillit til annarra. — Við höfum ekki heildarniðurstöðu af störfum n., fyrr en við sjáum þetta frv., hvað aðra snertir.

Ég hef alltaf haldið því fram, og ég hef heyrt aðra halda því fram, að nauðsyn á útfærslu landhelginnar væri fyrst og fremst sú að vernda fiskimiðin umhverfis landið og gereyða þeim

ekki, búa í haginn fyrir framtíðina og nýta þessi fiskimið með skynsamlegum hætti. Við höfum talið það lífsspursmál þjóðar okkar að færa landhelgina út í 50 sjómílur sem algert lágmark og með það í huga, að við ætlum að friða fiskstofnana og taka ekki meira en þeir gefa og skynsamlegt er að taka. Við höfum sem sagt haldið því fram, bæði í ræðu og riti, innanlands og utan, að við eigum að gera strangar og ákveðnar kröfur til okkar sjálfra um friðunarráðstafanir. Þegar við þm. Vestf. á fundi n. töldum eðlilegt í samræmi við útfærslu landhelginnar, að úti fyrir Vestfjörðum væru botnvörpuveiðar ekki leyfðar innan 20 mílna, þá sagði þessi hv. n., að það gæti skapað ósamræmi annars staðar og það næðist ekki samstaða í málinu, ef út af þessu væri breytt. Nú sé ég það, þegar við förum að líta yfir þetta frv., þá segir t. d. í aths. við Norðurland: „Þannig er gert ráð fyrir því, að togveiðar verði ekki leyfðar nær landi en 9 sjómílur miðað við sömu grunnlínu og í núgildandi heimildum, en samkv. þeim eru togveiðar heimilar upp að 4, 6 eða 8 mílum á mismunandi tímum árs eftir mismunandi stærðum skipa.“ Það er sem sagt töluvert aukin friðun fyrir Norðurlandi, og það er gott. Fyrir Austurlandi er friðun einnig aukin verulega, með því að gert er ráð fyrir, að togveiðar verði ekki leyfðar innan 12 sjómílna. Á Suðausturlandi er á svæðinu frá Selskeri að Lundadrang gert í frv. ráð fyrir aukinni friðun fiskstofna, enda finnst oft ungfiskur á þessu svæði í miklum mæli. Í sambandi við Suðurland er friðun aukin á svæðinu frá Lundadrang að Reykjanesvita, og gerir frv. ráð fyrir því, að reglur verði mun einfaldari en nú er. Það er aftur sagt um Reykjanes og Faxaflóasvæðið, að línan færist nær landi um 2 sjómílur vestur af Garðskagavita, en hins vegar nokkuð fjær landi við Snæfellsnes, þar sem miðað er við punkt 4 sjómílur réttvísandi suðvestur að Gáluvíkurtanga, en í núgildandi lögum er miðað við 1 sjómílu frá Malarrifsvita í stefnu á línuna. Í sambandi við Breiðafjörð eru reglur gerðar einfaldari. Það var mikil þörf á því, jafnframt því sem friðun er aukin. Svo þegar við komum að Vestfjörðum eða á svæðinu frá Bjargtöngum að Horni, þá eru togveiðiheimildir óbreyttar frá því, sem nú er, nema tvö togveiðisvæði ætluð skipum minni en 350 rúmlestir eru felld burt. M. ö. o.: það er óbreytt að öðru leyti fyrir Vestfjörðum. Hins vegar er rétt að geta þess, að það er gert ráð fyrir því í frv., — og það skilst mér, að hafi verið til samkomulags, vegna þess að annars hefði samkomulag ekki náðst innan n., — það er sett inn í 4. gr., að þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkum mæli, er sjútvrh. skylt að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum. Ég verð að segja, að það hlýtur að vera þungt í vöfum, ef það þarf að leita til allra hásetafélaga, vélstjórafélaga og skipstjórafélaga á hverjum stað og síðan einnig útvegsmanna. Ég hélt, að það hefði verið nóg að leita til heildarsamtaka skipstjórnarmanna á þessum stöðum, það væri léttara í vöfum í sambandi við slíka friðun.

Þessi lauslegi lestur eða lauslega kynning, sem ég hef haft af þessu frv., færir mér heim sanninn um það, að það er stefnt að aukinni friðun víðast hvar, og því er ég fyrir mitt leyti sammála. En ég er mjög óánægður hvað snertir ákvæði fyrir Vestfjörðum. Skal ég nú minna á það, að við fyrri lagasetningar um þetta mál var viðurkennt, að þegar fjörðum og flóum var lokað hér syðra '52, bæði Faxaflóa og Breiðafirði, þá jókst ágangur togveiðiskipa mjög fyrir Vestfjörðum. Með lokun þessara veiðisvæða leituðu skipin á landgrunnið út af Vestfjörðum, og með aukinni friðun annars staðar mun alveg sama verða upp á teningnum, að það verður leitað í ríkari mæli á þessi mið.

Það hefur verið mikil ánægja á Vestfjörðum í vetur með aflabrögð. Þegar hin tíðu slys urðu, einkum á erlendum togurum, hættu Bretar að fiska fyrir Vestfjörðum. Fyrir tveimur árum bönnuðu þeir skipum sínum að fiska þar yfir háveturinn vegna ísingarhættu. Og nú í vetur, þó að menn eigi ekki að fagna því, að langvarandi verkföll séu, voru togarar bundnir í höfn. Þá voru engar eða sama og engar togveiðar úti fyrir Vestfjörðum á stórum togveiðiskipum. Það hefur sýnt sig bæði við þetta bann Breta að veiða yfir hávertíðina og við útfærslu landhelginnar, að skipin hafa ekki stundað þessar veiðar, að aflabrögð hafa aukizt stórkostlega á þessu hafsvæði, og það hefur mjög treyst atvinnulífið á því svæði. Því segi ég fyrir mitt leyti, að ég hef af því áhyggjur þungar, að þessari heimild er ekkert breytt úti fyrir Vestfjörðum að öðru leyti en því, að heimilað er að banna á tilteknum svæðum á tilteknum tíma ákveðnar veiðiaðferðir. M. ö. o.: það má friða innan landhelginnar ákveðin línusæði á tilteknum tíma. Í sambandi við þau tvö svæði, sem eru í gildandi lögum, féllumst við þm. Vestf. á þau svæði síðast. Þetta er mjög takmarkað, aðeins 3 mánuði á ári eða frá okt. til des. á tveimur svæðum, annað austanvert við Ísafjarðardjúp og hitt sunnarlega úti fyrir Vestfjörðum. Þessar heimildir hafa ekki valdið mikilli óánægju. Menn hafa þó orðið varir við hana. En ég hefði vel getað sætt mig við fyrir mitt leyti, að þessi svæði hefðu verið áfram opin og jafnframt opin fyrir togveiðar eitthvað örlítið lengur eða a. m. k. í fjóra mánuði á ári, og hefði fyrir mitt leyti viljað halda mér mjög ákveðið við að leyfa ekki botnvörpuveiðar innan 20 sjómílna. Nú vitum við það, að veiðisvæði línubáta fyrir Vestfjörðum eru mjög mikið utan við 20 mílur. En þetta mundi þó, þegar tíð væri vond og yfir sumarmánuðina, þegar smábátaútgerðin er í fullum gangi, hafa mikið að segja. Þegar ég er búinn að lesa frv. og sé, hvað aðrir hafa fengið út úr því, þá læt ég í ljós óánægju hvað snertir Vestfirðinga í sambandi við þetta frv.

Hitt tel ég alveg fráleitt, að láta sér koma til hugar að taka þetta frv. til umr. hér í hv. þd., þegar komið er fram á kvöld, og það er ekki viðstaddur einu sinni fjórðungur dm. á fundi í þessu stóra og mikla hagsmunamáli. Sumir stjórnmálaflokkar eiga engan þm. hér inni, og

þar með virðast þeir ekki taka þátt í umr. við afgreiðslu þessa máls, en eins og sjá má, eiga allir flokkar fáa þm. inni. Ég tel því fráleitt að halda áfram með umr. á þessu mikilvæga máli undir þessum kringumstæðum, og ég mótmæli því, að þessari umr. sé lokið hér í kvöld. Ég geri kröfu til þess, að þetta mál verði tekið á dagskrá aftur á morgun, þegar fundur er betur sóttur en nú er. Sömuleiðis tek ég undir þá till., sem hv. 10. þm. Reykv. flutti um það, að þessu máli verði vísað til sjútvn., og tel þinglega skyldu, að svo verði gert.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki mikið blanda mér í efnislegar umr. varðandi þetta mál. En að því er lýtur að því síðasta, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, að allir flokkar ættu fáa fulltrúa hér inni, þá á nú einn flokkurinn hér 50%, og það væri betur setinn bekkur, ef allir flokkar ættu slíka tölu hér inni. En ég er hissa á því, ef hv. 2. þm. Vestf. hefur ekki verið ljóst, hvaða friðun aðrir landsfjórðungar fengju samkv. till. n., sem reiknað var með að kæmu, því að það var honum, að ég hygg, alveg fullljóst. En ég tek alveg undir það og ég er sama sinnis og hann í sambandi við útfærslu fyrir Vestfjörðum, að ég hefði mjög gjarnan óskað þess, að þar hefði verið fært út í 20 sjómílur. (MB: Er þm. þá farinn að trúa þessu?) Ég er alveg sammála honum um það. Ég veit það, Matthías Bjarnason, að þú vissir um, hvaða till. yrðu gerðar víðs vegar í kringum landið. En það getur vel farið svo, að með þeim ákvæðum, sem sett eru inn í heimildum til ráðh. að ákveða friðunarsvæði og skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra, og það væri betur, að Vestfirðir fengju kannske eins mikla friðun með þeirri aðferð og hinni að færa út í 20 mílur, þó að ég persónulega hefði talið, að það væri miklum mun æskilegra. En það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að á þetta var fallizt til samkomulags.

Ég kvaddi mér hér hljóðs aðallega og fyrst og fremst vegna ræðu hv. 10. þm. Reykv., ekki vegna þeirra skoðana, sem hann hafði efnislega til málsins, heldur fyrst og fremst vegna þeirrar herfilegu rangtúlkunar, sem hann hafði í frammi að því er varðaði samskipti n. við hina einstöku þm. hinna einstöku kjördæma. Það er rangt, sem hann sagði hér áðan, að sú n., sem hér um ræðir, hafi ekki haft allnokkurt samband við þm. allra kjördæma í landinu, og það er rangt, sem hann sagði, að þm. Reykv. hafi verið boðaðir á fund með tiltölulega skömmum fyrirvara. Þeir voru boðaðir á fyrri fundinn með nægilegum fyrirvara. En þá komu ýmis atvik í veg fyrir það, að þeir sjálfir gætu mætt, og þeim fundi var frestað að þeirra eigin beiðni og haldinn á þeim tíma, sem þeir óskuðu. Og í öðru lagi sagði hv. þm., — og þau ummæli hans vöktu furðu mína, — að það væri óeðlilegt, hvað þessi hv. n., sem hér um ræðir og hlotið hefur nafnið fiskveiðilaganefnd, virtist hafa hugsað sér viðtækt vald sér sjálfri til handa. Og þar átti hann við það, að frsm. og formaður n. mun hafa lagt til, að málinu væri vísað til þessarar n. til frekari meðferðar. Ég lýsi furðu minni á þessum ummælum þessa hv. þm., vegna þess að á síðari fundinum, sem haldinn var að beiðni Reykjavíkurþm. sjálfra, var þetta einmitt rætt, og þessi hv. þm., 10. þm. Reykv., lýsti því yfir á þessum fundi, að hann teldi þetta mjög skynsamleg vinnubrögð, og ég hygg, að þeir aðrir þm., sem á þessum fundi voru, bæði þm. Reykv., svo og aðrir þm. úr n., muni þessi orð þessa hv. þm., þannig að það hafa furðulega mikil umskipti orðið á hans hugarfari, að því er þetta varðar, frá því er þessi fundur var haldinn.

Ég er ekkert hissa á því, þó að aðrir þm., sem ekki hafa haft nasasjón af því, að þetta mundi kannske verða lagt til, þó að þeir séu kannske undrandi á þessu og lýsi vanþóknun á því. Það er kannske eðlilegasta og þinglegasta meðferðin, að málið fari til sjútvn. En þetta var rætt á þessum fundi með þm. Reykv., og þessi hv. þm. lýsti þessari afstöðu sinni þar. Og þá sagði þessi hv. 10. þm. Reykv. líka, að hann mótmælti því algerlega, að þetta mál yrði ekki sent til umsagnar þeim hagsmunaaðilum, sem ættu kröfu til að fá málið til umsagnar. Ég tel, að þeir hagsmunahópar, sem hér um ræðir, hafi fylgzt með málinu svo að segja frá byrjun. Það voru haldnir fundir í hverju kjördæmi landsins, þar sem þessir hagsmunahópar hafa átt a. m. k. kost á að koma sínum aths. og óskum á framfæri, og það hefur verið rætt við hina ýmsu hagsmunahópa, eftir að málið var komið á síðara stig. (Gripið fram í.) Það er þannig ljóst, að þessi hv. þm. fer hér vísvitandi með ósannindi. (PS: Það ert þú, sem ert að skrökva um annað.) Hann kvartaði líka undan því, að því er mér virtist, að þessi hv. fiskveiðilaganefnd væri andvíg því, að hann og aðrir þm., sem vildu gagnrýna málið, gætu gert það. Það er síður en svo. Það er engin ástæða til þess að hræðast neina gagnrýni, hvorki frá þessum hv. þm. né öðrum þeim, sem svipaðs sinnis eru, að því er varðar þessi mál, því að mergurinn málsins og eins og rauður þráður í gegnum alla ræðu þessa hv. þm. voru sárindi, fyrst og fremst vegna þess, að fiskveiðilaganefndin taldi sér ekki fært að taka undir þær óskir, sem þessi hv. þm. ásamt öðrum fleiri hafði fram borið að því er varðar að opna fyrir togveiði í Faxaflóa. Og ég skal ekkert ásaka þennan hv. þm. fyrir þá skoðun hans. En það á ekki að koma fram í ósannindum, að því er varðar aðra þætti málsins og þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið. Þar ætti þessi hv. þm. að sjá sóma sinn í því að segja satt og rétt frá og standa við þau orð, sem hann hefur sagt og margir menn eru heyrnarvottar að.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að fara að ræða efnislega þetta frv. hér. Ég hygg, að a. m. k. allflestir þm. séu betur inni í málinu en hv. 10. þm. Reykv. vildi vera láta. Ég veit, að hann veit betur og hefur fylgzt með málinu betur en hann vill vera láta. Ég skal því ekki fara frekar út í umr., nema tilefni gefist til, en ég taldi nauðsynlegt, að þetta kæmi hér fram, vegna þessara margendurteknu yfirlýsinga þessa hv. þm.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég heyrði ekki fyrri hávaðasömu yfirlýsingu þessa brjóstmikla Bolvíkings, sem hér var að stíga úr ræðustólnum. En vegna þess að hann talaði um, að þm. hafi komið hér upp og skrökvað, þá væri auðvitað gaman að fá að heyra það, hvenær fundur hafi verið auglýstur í Reykjavíkurkjördæmi á sama veg og hann hefur verið auglýstur í öðrum kjördæmum landsins, þótt honum hafi að vísu oft verið frestað, en hv. þm. sagði núna fyrir nokkrum mínútum í ræðustól, að slíkir fundir hefðu verið auglýstir í öllum kjördæmum landsins. (KP: Ég sagði haldnir.) Auglýstir og haldnir í öllum kjördæmum landsins. Þetta finnst mér auðvitað vera smáatriði í sambandi við málið sjálft. En það, sem mér þótti merkilegra, var, að hv. þm. sagði, að allir hagsmunahópar hefðu fengið að kynnast málinu og gætu fengið að segja hug sinn um það.

Nú má segja sem svo, að það eru vissar opinberar stofnanir á vegum ríkisins, sem geta verið kannske beztu aðilarnir til þess að segja til um ákveðið mál, ekki aðeins fyrir einstaka hagsmunahópa, heldur fyrir ákveðnar, stórar heildir. Ég á þar t. d. í þessu tilfelli við Fiskifélagið og Hafrannsóknastofnunina. Nú væri gaman að fá upplýst um það, hvort þessar stofnanir hafi fengið frv. í þeirri mynd, sem við höfum fengið það hér í dag. Hafa þeir séð frv. eins og það var lagt fram síðd. í dag fyrir hv. Alþ.? Ég efast um, að svo sé, og það er m. a. vegna þess, sem ég krefst þess sem þm. og vænti þess, að aðrir þm., a. m. k. meiri hl., taki undir það með mér, að málið verði sent til sjútvn. hv. d., þannig að hún geti látið slíka aðila segja til um frv. í þeirri mynd, sem það er núna. Ég er nefnilega viss um, að það eru ákveðin atriði í þessu frv., eins og það hefur verið lagt fram, sem þeir munu mæla mjög gegn, en jafnvel mæla með ákveðnum brtt., sem koma fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 9. apríl, kl. 6.57 síðdegis.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 609). — 1. umr.

Of skammt liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það hefur verið venja um nokkurra ára skeið að leggja fyrir hv. Alþ. frv. til heimildar fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar. Áður fyrr var sá háttur á hafður, að framkvæmdir á vegum ríkisins voru einn hluti af fjárl. sjálfum. Þessi breyting hefur verið gerð á síðari árum. Breytingin í sjálfu sér orkar nokkuð tvímælis, a. m. k. er það svo, að vel fer á því, að afgreiðsla á framkvæmdaliðum ríkisins og fjárl. fari saman yfirleitt. Því miður hefur það ekki tekizt, hvorki að þessu sinni né áður fyrr, og þýðir ekki um það að ræða, eins og komið er.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., var lagt fram í hv. Nd. í des. s. l. Það tókst ekki að afgreiða málið fyrir þinghléið, sem gert var um áramótin, og hafa svo mörg atvik legið til þess, að framkvæmdaáætlunin hefur ekki verið til afgreiðslu fyrr í hv. Nd. en raun ber vitni um.

Við þessa umr. sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða einstaka liði frv., þar sem fyrir liggur skýrsla frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem gerð hefur verið sem fylgirit með þessu frv. Breytingar þær, sem gerðar voru í hv. Nd., voru fólgnar í því að hækka lánsheimild vegna sveitarafvæðingar um 70 millj. kr., og aðrir liðir voru einnig hækkaðir, sérstaklega Laxárvirkjun, en þar var hækkunin um 33 millj. kr. Enn fremur var sú breyting gerð í hv. Nd. að hækka heimild um 150 millj. kr. til þess að gefa út spariskírteini, sem upphaflega var gert ráð fyrir í frv. að yrði 350 millj. kr. Enn fremur eru veittar heimildir til frekari lántöku, ef þörf gerist vegna þeirra verka, sem vinna á samkv. þessari framkvæmdaáætlun. Hér er fyrst og fremst um að ræða verk, sem þegar er verið að vinna að.

Stærstu liðirnir í útgjöldum framkvæmdaáætlunarinnar eru Rafmagnsveitur ríkisins, 240 millj. kr., og Skeiðarárssandsvegur 230 millj., en hann er sem kunnugt er fjármagnaður með happdrættisskuldabréfum, og eru fjáröflun og útgjöld tengd saman. Aðrir liðir í þessari framkvæmdaáætlun eru flestir áður kunnir hér á hv. Alþ., því að þeir eru, eins og ég áður tók fram, framhald á þeim verkum, sem verið er að vinna. Ég skal þess vegna ekki við þessa umr. fara að þreyta hv. alþm. með því að útskýra þetta mál öllu frekar. Heimildir ríkisstj. til fjáröflunar eru spariskírteinalánin, sem ég gat um hér áðan og svo lántökuheimildir, bæði innlendar og erlendar.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég þykist vita, að hv. þdm. séu orðnir harla þreyttir á langri þingsetu hér í dag, þannig að ég vil ekki afla mér slæms hugar með því að fara að flytja langa ræðu við þessa 1. umr., enda hefur hæstv. fjmrh. ekki gefið tilefni til þess með þeim orðum, sem hann sagði hér. Hins vegar gæti margt af því, sem hann sagði ekki, gefið tilefni til allítarlegrar umr. Ég hef hins vegar hugsað mér að geyma mér hugleiðingar um þau atriði.

Ég hef að sjálfsögðu allmargt við þetta mál að athuga, bæði vinnubrögð í sambandi við undirbúning þess og hversu það hefur borið að nú á síðustu dögum þingsins og jafnframt varðandi ýmis önnur atriði efnislega. Þó að ég flytji ekki langt mál við þessa umr. ber því ekki að skilja það sem nein blessunarorð

yfir því, hvernig frá þessu máli öllu er gengið, enda þótt ég út af fyrir sig hafi ekkert við meginatriði málsins að athuga, þ. e. a. s. hinar einstöku framkvæmdir, sem hér eru til fjármögnunar. Það er allt gott og blessað og er jafnan svo. Það er sjaldan hægt að benda á það, þegar verið er að verja fé til og afla fjár til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins, að það sé verið að afla fjár til óþarfra hluta. Spurningin verður aðeins sú, hvað hægt sé að ganga langt í framkvæmdum og hvernig eigi að þeim að standa. Sama gildir að sjálfsögðu um annan þátt áætlunarinnar, sem er fjáröflun til hinna ýmsu framkvæmdasjóða atvinnuveganna. Þá verður einnig að gera sér grein fyrir því, hvernig haga á röðun framkvæmda, ef á þarf að halda, miðað við það ástand, sem er í þjóðfélaginu hverju sinni. Við vitum öll, að það er slík þensla í þjóðfélaginu nú, að það verður auðvitað að fara mjög varlega í þessum efnum, og vænti ég, að allir séu sammála um það, jafnt stjórnarliðar sem stjórnarandstaða. Hins vegar verður það alltaf matsatriði, hvað hægt er að komast hjá að gera og afla fjár til hverju sinni. Oft er það svo, að menn hrekjast til meiri útgjalda en þeir jafnvel vildu. Hin svokallaða niðurröðun framkvæmda var á sínum tíma vinsælt hugtak, og ríkisstj. taldi, að höfuðverkefni sitt væri að koma á breyttri tilhögun og skipulagningu, þar sem öllu væri raðað eftir einhverjum útreiknuðum formúlum og tekið á undan það, sem á undan skyldi koma, og með þessum hætti væri hægt að ná tökum á öllum hlutum. Reyndin hefur orðið sú, að þessi röðunarframkvæmd hæstv. ríkisstj. hefur tekið á sig ýmsar skringilegar myndir og reynslan auðvitað orðið sú, að viðfangsefnin eru ósköp svipuð, sem við er að fást, hver sem við völd er. Menn neyðast til þess að beygja sig fyrir þessum staðreyndum.

Ég ætla ekki við þessa umr. að hafa mál mitt lengra. Málið kemur til athugunar í n., þar sem ég á sæti, og gefst mér þá kostur á að koma að þeim sjónarmiðum og athugasemdum, sem þörf er á að koma fram. Mun það þá gerast við 2. umr. málsins, því að ég álít það ekki þjóna neinum tilgangi, eins og ég áðan sagði, að þreyta hv. þm. með því að vera að halda hér áfram í kvöld umr. þó að það hafi stundum verið gert, finnst mér það einhvern veginn ekki þjóna markmiði, úr því að fram undan er sá möguleiki að athuga málið nánar. Í rauninni væri nauðsynlegt að íhuga ýmislegt, sem hefur verið að gerast á síðustu tímum, og þess vegna ekki nema gott um það að segja að fá málið til nánari íhugunar. Og þar sem hæstv. ráðh. endaði með þeim orðum, sem hann sagði hér áðan, gafst ekki tilefni til þess, að ég færi sérstaklega að svara honum, en hann vitnaði til þeirrar skýrslu, sem hér liggur fyrir og við munum taka til meðferðar með eðlilegum hætti. Ég ætla ekki, herra forseti, að þreyta menn í þetta skipti með lengra máli, en áskil mér rétt til að tala nokkru lengur við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl kl. 2 miðdegis.

Opinberar nefndir, sem hafa verið lagðar niður, fsp. (þskj. 389). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 389 tvær fsp. til hæstv. fjmrh. Sú fyrri hljóðar á þessa leið:

1) Hvaða n. hafa verið lagðar niður í tíð núv. ríkisstj.?

2) Hver var kostnaðurinn við n. þessar árin 1971 og 1972?

3) Hve stór hluti þessa kostnaðar var launakostnaður nm.?

4) Var eitthvað af þessum nefndastörfum ólaunað?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls míns, að það hefur orðið samkomulag á milli fyrirspyrjanda og fjmrn., að að þessu sinni yrði aðeins svarað þeim hluta fsp., er varðar fjölda n., en útreikningar verða gerðir og afhentir yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings og Alþ. með nefndaskýrslunni í haust, en hv. fyrirspyrjandi er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings og hefur fallizt á þessa málsmeðferð.

Ég ætla að reyna að stytta mál mitt og mun því afhenda hv. fyrirspyrjanda lista yfir þessar nefndir á eftir, en í stuttu máli er það, að alls hafa verið lagðar niður í tíð núv. ríkisstj. 92 nefndir. Af þeim voru 72, sem skipaðar voru, áður en hún kom til valda, en 20 af þeim, sem ríkisstj. sjálf hefur skipað. Á rn. skiptist þetta þannig: Af fyrri hlutanum er hjá forsrn. 1, hjá menntmrn. 17, landbrn. 6, sjútvrn. 7, dóms- og kirkjumrn. 7, félmrn. 1, heilbr.- og trmrn. 6, fjmrn. 8, samgrn. 9, iðnrn. 9 og viðskrn. 9. Þær n., sem ríkisstj. hefur skipað og lokið hafa störfum og lagðar hafa verið niður, skiptast þannig á milli rn.: Forsrn. 2, menntmrn. 4, landbrn. 1, félmrn. 4, heilbr.- og trmrn. 1, fjmrn. 2, iðnrn. 6.

Þetta verð ég að láta nægja sem svar við þessum lið, sem hefur orðið samkomulag um, að ég svaraði að þessu sinni.

Skipun opinberra nefnda í tíð núverandi ríkisstjórnar, fsp. (þskj. 389). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég skýri frá seinni fsp. minni til hæstv. fjmrh., staðfesta þau orð hans, sem hann flutti hér þingheimi, að samkomulag væri á milli okkar um, að svör við ákveðnum þáttum þessarar fsp. mætti bíða.

Síðari hluti fsp. minnar er á þessa leið í 4 liðum:

1) Hve margar n. hefur ríkisstj. skipað á árunum 1971 og 1972?

2) Hver var kostnaðurinn við þær n., sem skipaðar voru 1971?

3) Hver var kostnaðurinn við þær n., sem skipaðar voru 1972, og hve margar eru þær?

4) Eru einhverjar af n. þessum ólaunaðar?

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er sami fyrirvari um svarið við þessu og fyrri fsp. En því er til að svara, að núv. ríkisstj. hefur skipað alls 75 n., frá því að hún kom til starfa, og starfa nú 55 n. af þeim, sem hún hefur skipað á starfstíma sínum, í samræmi við það, sem ég sagði um þetta í svari mínu áðan. Skipting á milli rn. er þannig, að forsrn. hefur skipað 6 n., menntmrn. 17, landbrn. 5, sjútvrn. 1, dóms- og kirkjumrn. 8, félmrn. 6, heilbr.- og trmrn. 7, fjmrn. 5, samgrn. 1, iðnrn. 17 og viðskrn. 2 nefndir. Áður hafði ég skýrt frá því, hve margar af þessum n. hefðu lokið störfum sínum, og læt ég því þetta svar nægja.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ég geri mér fulla grein fyrir og gerði, um leið og ég lagði fsp. fram, að það væri máske ómögulegt á þessum tíma að svara þeim til fullnustu. En eins og hann hefur tekið fram og ég vil reyndar undirstrika, mun verða gengið eftir þessum svörum, þótt síðar verði á árinu, og þá mun væntanlega koma í ljós, að það, sem kom fram í blaðafréttum ekki alls fyrir löngu, að það þótti mikið hrósatriði fyrir hæstv. fjmrh. að leggja niður ákveðinn fjölda n., mun máske ekki vera svo ýkjamikið hrós, þegar allt kemur til alls og kostnaðurinn verður tekinn til greina við þær mörgu n., sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur skipað í sinni stjórnartíð.

Hlutafjáreign ríkissjóðs, fsp. (þskj. 445). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 445 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. fyrir hæstv. fjmrh.:

1) Hvað átti ríkissjóður háar upphæðir að nafnverði í hlutabréfum pr. 31. des. 1971 og pr. 31. des. 1972?

2) Í hvaða fyrirtækjum eru þessi hlutabréf og hve mikið í hverju?

3. Hvaða fyrirtæki greiddu ríkissjóði arð á árunum 1971 og 1972, og hver var sú upphæð?

Raunverulega er tilefni þessarar fsp., það, að við höfum orðið varir við það, m. a. í fjvn. og víðar, að það er leitað oft á ríkissjóð með ýmiss konar fyrirgreislu í fjárhagserfiðleikum einkafyrirtækja. Ríkið hefur lagt fram til þeirra allverulegar upphæðir nú undanfarið. Mér er ekki kunnugt um, að það liggi fyrir heildarskýrsla í höndum fjvn. um þessar upphæðir, e. t. v. væri hægt að fá hana með því að spyrja eftir henni þar. En tíminn til reglulegra fundarhalda þar var liðinn, svo að ég taldi rétt að hreyfa þessu núna, því að mér finnst eðlilegt, að það liggi fyrir hverju sinni, hverjar fjármagnshræringar í þessu skyni eru og hvort hér sé um hreina björgunarstarfsemi að ræða, eins og hefur átt sér stað í sumum tilfellum, eða hvort þetta sé allt arðbær fjárfesting fyrir ríkissjóð. Ég reikna með, að í flestum tilfellum liggi önnur sjónarmið til greina, þegar ríkið gerist aðili að stórum fyrirtækjum í einkarekstri, sem hafa átt í erfiðleikum. En hvað um það, þá tel ég nauðsynlegt, að þetta skýrist nánar en verið hefur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Reykn. á þskj. 445 vil ég gefa þetta svar:

Hlutafjáreign ríkissjóðs 31. des. 1971 var 218 398 960 kr. Þetta skiptist þannig, að flóabáturinn Drangur var með 4 millj., ég nefni aðeins millj. í þessu tilfelli, Baldur 3 millj. eða 3.2 millj., Eimskipafélag Íslands 4.1 millj., Flugfélag Íslands 8.3 millj., Iðnaðarbanki Íslands 4 millj., Matvælamiðstöðin tæpar 2 millj., Kísiliðjan 178.5 millj., Raftækjaverksmiðjan h/f 500 þús., Skallagrímur h/f 1.3 millj., Þormóður rammi 2,4 millj. og Slippstöðin á Akureyri 10 millj.

Í árslok 1972 var þessi hlutafjáreign, sem hér segir.

Drangur óbreytt, Baldur óbreytt, Eimskipafélag Íslands 12.3 millj., en Eimskipafélag Íslands jók hlutafjáreignina í heild, og þótti rétt, að ríkissjóður héldi sínu hlutfalli þar, Flugfélag Íslands óbreytt, Iðnaðarbanki Íslands óbreytt, Matvælamiðstöðin óbreytt, Kísiliðjan óbreytt, Raftækjaverksmiðjan h/f 2.5 millj., Skallagrímur óbreytt, Þormóður rammi 19.8 millj., Slippstöðin á Akureyri 45 millj., oliuhreinsunarstöðin 1.2 millj. Samtals voru þetta 282 264 960 kr.

Þá er nú spurt um, hvað mikið hafi verið greitt í arð af þessum hlutabréfum, og þá eru tölurnar lægri. 1971: Eimskipafélag Íslands 252 960 kr., Flugfélag Íslands 832 þús., Iðnaðarbanki Íslands 280 þús. og Raftækjaverksmiðjan h/f 50 þús., samtals 1 414 960 kr. 1972: Eimskipafélag Íslands 210 800 kr., Iðnaðarbankinn 280 þús. og Raftækjaverksmiðjan h/f 50 þús., samtals 540 800 kr.

Ég skal svo að lokum taka undir það með hv. þm., að ég tel rétt, að slík grg. sem þessi verði látin fylgja ríkisreikningi, og mun taka það til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir greinagóð svör. Það kemur í ljós, að ríkið á hlutabréfaeign 218 millj. 1971 og 288 millj. 1972. Hins vegar er arður aðeins 540 þús. 1972. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa tekið jákvætt í það að birta með ríkisreikningi skrá yfir hlutabréfaeign ríkissjóðs, og ég tel mjög eðlilegt, að hún fylgi honum eða a. m. k. upplýsingar á einhverju stigi málsins um hlutafjáreign ríkisins.

Athyglisverðasta breytingin, sem ég sé í þessari upptalningu, er að framlag ríkissjóðs til Slippstöðvarinnar á Akureyri var 1971 10 millj., en var í árslok 1972 orðið 45 millj. Ég veit ekki, með hvaða hætti eignaraðildin þarna hefur átt sér stað. En við vissum um þetta í fjvn. Ég reikna þó með, að ríkissjóður eigi stjórnaraðila í fyrirtækinu. Hvernig hefur samþykktum fyrirtækisins verið breytt? Það veit ég ekki,

en þetta eru allt atriði, sem þyrfti að gera Alþ. nánari grein fyrir að mínu mati, þegar slík fjármögnun á sér stað af hálfu ríkissjóðs varðandi aðstoð til einkafyrirtækja.

Einnig er mér kunnugt um, að ríkið hefur hjálpað öðrum fyrirtækjum um verulegar upphæðir, en það er sýnilegt, að það hefur ekki verið skráð á nafn ríkissjóðs, heldur einhverra annarra stofnana á vegum ríkisins.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að hlutafjáreign ríkisins hefur að verulegu leyti orðið til í sambandi við hjálparstarfsemi, eins og t. d. átti sér stað um Slippstöðina á Akureyri, sem forðaði fyrirtækinu frá gjaldþroti og ég vil jafnvel segja bæjarfélaginu líka. Það er einnig rétt, að ríkissjóður hefur tekið þátt í að styðja fyrirtæki, m. a. Norðurstjörnuna í Hafnarfirði, en frá hlutafjáreign var ekki búið að ganga fyrir síðustu áramót. En það verður gert á þessu ári og kemur þá fram í skýringum þar að lútandi.

Sameinað þing, 69. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl, að loknum 68. fundi.

Staðsetning nýrrar hafnar á suðurströnd landsins, þáltill. (þskj. 493). — Fyrri umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Alþingi Íslendinga hefur örugglega aldrei staðið frammi fyrir vandamáli þeirrar tegundar, sem er tilefni til flutnings þeirrar till., sem þm. Sunnl. flytja á þskj. 493, en það er, að til getur komið, að flytja þurfi íbúa heils kaupstaðar, þ. e. Vestmannaeyjakaupstaðar, um set ásamt atvinnutækjum og allri aðstöðu. Slíkt hefur örugglega aldrei komið til greina áður í sögu þjóðarinnar og á vonandi aldrei eftir að gerast síðar. Ef svo illa fer, að höfnin í Vestmannaeyjum og hafnarsvæði þar fara forgörðum eða að Eyjarnar verða ekki taldar byggilegar, þegar náttúruhamförunum þar linnir, fer ekki hjá því, að Alþ. og stjórnvöld standa frammi fyrir stórfelldu vandamáli, sem krefst skjótrar og ákveðinnar úrlausnar. Að mínum dómi er ekki til nema ein lausn á þessu máli, ef svo hörmulega tekst til, en það er, að Vestmanneyingum verði sköpuð aðstaða til þess að halda hópinn og byggja upp nýtt bæjarfélag á stað, þar sem þeir geta byggt afkomu sína á nýtingu fiskimiðanna í kringum Vestmannaeyjar. Ég er alveg sannfærður um, að þjóðfélagslega séð verður þetta einnig langsamlega hagkvæmast.

Það hafa að vísu heyrzt raddir um, að leysa mætti þetta vandamál með því, að Vestmanneyingar tækju sér búsetu í Reykjavík og á hinum ýmsu þéttbýlisstöðum hér í kring og á Reykjanesskaganum. Ég vil mjög eindregið vara við þessari skoðun og vona, að hv. alþm. séu mér um það sammála, enda gengur hún þvert á móti þeirri stefnu, sem Alþ. hefur verið að reyna að marka á undanförnum árum, að halda sem mestu jafnvægi í byggð landsins með því að stuðla að uppbyggingu landsbyggðarinnar utan þéttbýlissvæðisins hér við Faxaflóa, bæði atvinnulega séð og menningarlega. Ef um 5300 Vestmanneyingar flyttust samtímis inn á þetta svæði, væri það alveg óneitanlega mjög stórt skref aftur á bak í byggðajafnvægismálinu og grundvallarröskun á stefnu Alþ. í þessu máli. Og það eru fleiri rök, sem hníga að því, að þjóðfélagslega séð væri þessi leið síður en svo æskileg. Ef bátafloti Vestmanneyinga og þau atvinnutæki, sem þeim fylgja, ættu að dreifast á hinar ýmsu verstöðvar á Reykjanesi og við Faxaflóa, mundi bátaflotinn hvergi nærri skila þeim verðmætum í þjóðarbúið, sem hann hefur gert fram að þessu og gæti gert í framtíðinni, ef þessir aðilar væru sameinaðir á einum stað við sem svipaðastar aðstæður og þeir áður bjuggu við.

Vestmanneyingar hafa á undanförnum áratugum af eðlilegum ástæðum aflað sér meiri reynslu en aðrir, á hvern hátt hin gjöfulu fiskimið í kringum Eyjar verði sem bezt nýtt. Hin langa reynsla þeirra í þessum efnum er verðmæti, ekki einasta fyrir þá, heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að efnishlið þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. Till. gerir ráð fyrir, að Alþ. feli ríkisstj. að láta þegar hefja athugun á staðsetningu nýrrar hafnar á suðurströnd landsins, á svæðinu frá Dyrhólaey og vestur um. Er í till. lögð áherzla á, að þessari athugun verði hraðað eins og kostur er á með tilliti til þess, ef svo illa færi, að höfnin í Vestmannaeyjum og hafnarstæði þar færi forgörðum af völdum eldgossins, sem nú á sér stað á Heimaey.

Gerir till. ráð fyrir, að samgrn. skipi 6 manna n. til að framkvæma þessa athugun, þar af verði þrír tilnefndir af þeim ríkisstofnunum, sem fara með hafnamál, skipulagsmál og samgöngumál, og auk þess þrír fulltrúar frá Vestmannaeyjum: einn frá samtökum útvegsmanna, einn sameiginlega frá samtökum sjómanna- og verkalýðsfélaganna og einn frá bæjarstjórn Vestmannaeyja. Ég vil leggja áherzlu á, að ég tel, að verkefni fulltrúanna frá Vestmannaeyjum í n. sé fyrst og fremst að gera till. um, hvar þeir teldu hafnarstæði fyrir bátaflota Vestmanneyinga bezt sett, til þess að þeir geti á sem beztan og arðvænlegastan hátt nýtt þau fiskimið, sem þeir fram að þessu hafa byggt afkomu sína á, og ég tel alveg hiklaust, að sjónarmið þessara aðila eigi að ráða úrslitum um, hvar höfnin verði staðsett, ef til nýrrar hafnarbyggingar kemur á suðurströndinni. Vísa ég þar um til rökstuðnings í grg., sem till. fylgir. Verkefni embættismanna í n. er hins vegar að mínu mati að meta það, hvort hægt sé að verða við ábendingum Vestmanneyinga um hafnarstæði. Það kemur til álíta hinna sérfróðu manna, hvort af tæknilegum ástæðum sé framkvæmanlegt með eðlilegum hætti að byggja nýja höfn, þar sem Vestmanneyingar kjósa helzt að vera. Einnig kemur að sjálfsögðu til mat hinna sérfróðu manna í n. um skipulags-

mál, hvort landrými sé nægilegt, þar sem höfnin kann að verða staðsett fyrir samfélag af eitthvað minni stærðargráðu en áætlunin hafði verið gerð um, að Vestmannaeyjakaupstaður yrði, er fram liðu stundir.

Ég vil undirstrika aftur, að ef svo illa fer, að Vestmanneyingar verði að flytjast til frambúðar frá Eyjum, þá verða þeir sjálfir að fá að ráða, hvar þeir vilja setjast að. Annað kemur að mínum dómi ekki til greina, og vona ég, að hv. alþm. séu mér sammála um þetta atriði.

Þá kem ég að hugmynd flm. um framkvæmd byggingar nýrrar hafnar á suðurströndinni, og getur það átt við, hvort sem um er að ræða aðstöðu fyrir Vestmannaeyjaflota fyrst og fremst eða úrbætur á almennri þörf. Við teljum, að þessum hafnarframkvæmdum verði ekki blandað saman við aðrar hafnarframkvæmdir í landinu og megi ekki verða til þess að tefja þær, heldur yrði þessi höfn, alveg sérstaklega ef Vestmannaeyjaflotinn þyrfti að skipta um aðsetur, að byggjast að fullu fyrir erlent fjármagn og þá með meiri hraða en tækjakostur, sem Íslendingar ráða yfir, leyfir. Ef svo fer, að náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum leiða til þess, að nauðsynlegt verður talið að flýta byggingu hafnar á suðurströndinni til að skapa Vestmanneyingum í heild, bátaflota þeirra og atvinnutækjum aðstöðu til að byggja upp nýtt samfélag, er ég sannfærður um, að auðvelt muni reynast að fá erlent fjármagn til greiðslu kostnaðar við byggingu hafnarinnar og möguleiki muni skapast til að byggja upp höfnina með meiri hraða og á fljótvirkari hátt en áður hefur gerzt hér á landi, enda er hvort tveggja þetta forsenda fyrir þeirri hugmynd, að Vestmanneyingar haldi sem mest hópinn og byggi upp nýtt samfélag við höfn, sem byggð yrði á suðurströnd landsins, ef til þess kemur, að þeir þyrftu að flýja heimabyggð sína.

Herra forseti. Ég vil að lokum mjög undirstrika, að flutningur þeirrar þáltill., sem hér um ræðir og ég hef nú gert grein fyrir, þýðir alls ekki, að flm. séu búnir að gefa upp alla von um, að höfnin í Vestmannaeyjum bjargist. Sjálfsagt er að horfa raunsæjum augum á hlutina. En það verður að teljast mannlegt og eðlilegt að vona hið bezta, á meðan hið versta hefur enn ekki skeð. Sjálfsagt er þó að vera við öllu búinn, og af þeirri ástæðu er till. sú, sem hér er til umr., flutt. Flm. telja nauðsynlegt, að Alþ. ákveði nú þegar, hvað gera skuli, ef svo tekst til, að Vestmannaeyjar verði ekki lengur taldar byggilegar, þegar náttúruhamförunum þar linnir, og leyfum við okkur að vænta þess, að hv. alþm. séu okkur sammála um þá stefnumörkun, sem í till. felst, og að till. hljóti fullnaðarafgreiðslu nú, áður en þingi lýkur.

Leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Lífeyrisréttindi sjómanna, þáltill. (þskj. 356). — Ein umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er flutt, þarfnast ekki langrar útskýringar í framsögu. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga, er tryggi sjómönnum, er skrásettir hafa verið á íslenzk skip í tiltekinn árafjölda, full lífeyrisréttindi við 60 ára aldur".

Augljóst má öllum vera, að tilgangurinn með flutningi till. er fyrst og fremst sá að stuðla að því, að sjómenn fái full lífeyrisréttindi nokkrum árum áður en almennt gerist um lífeyrisþega. Hin almenna regla í dag er sú, að 67 ára aldri verður lífeyrisþegi að ná til að öðlast þennan rétt. Það er hins vegar einkum tvennt, sem styður það, að umrædd breyting eigi sér stað. Það er í fyrsta lagi sú þjóðarnauðsyn, sem á því er að gera sjómannsstarfið eftirsóknarverðara en það er í dag og ljósast kemur fram í því, að allt of víða eru skip við störf sín á hafinu án þess að vera fullmönnuð. Nægir í því efni að vitna til nýlegra upplýsinga frá sjútvrn. um, að á fiskveiðiflotann einan vanti nú nálega 500 manns fyrir utan annan eins fjölda til sjálfrar fiskvinnslunnar í landi. Og í öðru lagi: Sjómenn virðast eiga mun erfiðara en fólk úr öðrum starfsgreinum að fá viðunandi starf í landi að loknum áralöngum starfsdegi. Þetta eru staðreyndir, sem á síðari árum hafa orðið enn ljósari en fyrr vegna síaukinna krafna um hvers konar sérhæfingu til starfa í landi. Þegar því þrengist um á hinum almenna vinnumarkaði, nýtast ekki svo sem skyldi hæfileikar sjómanna til starfa í landi, sem þeir hafa e. t. v. öðlazt í áratugastarfi á sjó.

Fyrirhafnaminna hefði e. t. v. verið að flytja um þetta efni sérstakt frv. og breyta einfaldlega aldurstölum varðandi sjómenn, svo sem till. þessi gerir ráð fyrir. Eftir nokkra athugun var þó frá því ráði horfið, þar sem málið snertir fleiri atriði í starfsemi lífeyrissjóða sjómanna en í fyrstu kann að virðast. Þess vegna þarfnast till. haldgóðrar athugunar, svo að fyllsta samræmis verði gætt.

Af framangreindum ástæðum er gerð till. um sérstaka nefndarskipan til tryggingar nauðsynlegum undirbúningi málsins.

Herra forseti. Ég legg til, að að loknum umr. nú verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, þáltill. (þskj. 265, n. 494). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa á þskj. 265 flutt till. til þál. um lífeyrissjóð allra landsmanna. Þetta er stórmál og hefur verið töluvert lengi í athugun, þótt lítt hafi þokazt í átt til viðunandi úrlausnar.

í grg. með þáltill. eru færð nokkur rök fyrir þessu máli, og er því óþarft fyrir mig að fjalla frekar um það, en mig langar þó að bæta við persónulega tveimur eða þremur athugasemdum.

Mín persónulega skoðun er sú, að fá mál sýni misrétti í þjóðfélaginu eins og hvernig háttað er um lífeyrissjóði landsmanna. Það eru örfáir lífeyrissjóðir, sem eru vísitölutryggðir, en langflestir sjóðanna eru ekki vísitölutryggðir. Þetta leiðir til þess, að kjör bótaþega eru fjarskalega misjöfn. Enn fremur hagar svo til, að fjölmargir einstaklingar þiggja einungis ellilífeyri frá almannatryggingum, en svo eru dæmi um einstaklinga, sem geta þegið ellilífeyri úr allt að þremur eða fjórum sjóðum allt að upphæð, sem nemur á annað hundrað þús. kr. á mánuði.

Ég hygg, að það sé ekki ofsagt, eins og ég sagði áður, að þetta lífeyrissjóðakerfi speglar eitthvert mesta misrétti í þjóðfélaginu. Hins vegar er ljóst, að þetta verkefni er dálítið örðugt úrlausnar. Þess vegna hefur allshn. skilað svofelldu áliti:

„N. telur, að hér sé um brýnt viðfangsefni að ræða og úrlausn þess væri mikilvægur áfangi í átt að auknu efnahagslegu jafnrétti í þjóðfélaginu. Hins vegar telur n. rétt, eins og málavextir eru, að vísa till. til ríkisstj."

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd flm. færa n. þakkir fyrir það, að hún hefur efnislega tekið vel í þetta mál og leggur á það jafnríka áherzlu og flm., hversu þýðingarmikið það er.

Hugmyndin um lífeyrissjóð allra landsmanna er ekki ný. Það hafa margir mælt fyrir henni á mörgum vettvangi, en tilgangur Alþfl.-þm. með því að flytja þessa till. var ekki aðeins að halda hugmyndinni vakandi og ýta á eftir henni, heldur líka koma á framfæri hugmynd um lausn á meginvanda málsins, sem ég hygg, að ekki hafi komið fram opinberlega fyrr. Hún kemur fram í till. og er á þá lund, að ekki verði lagðir niður, a. m. k. ekki fyrst um sinn, þeir lífeyrissjóðir, sem til eru, heldur verði þeir látnir mynda þennan lífeyrissjóð allra landsmanna. Þetta er hugmynd um lausn á því, sem hefur reynzt vera óyfirstíganlega erfitt í sambandi við sameiningu lífeyrissjóðanna í einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Á þennan hátt trúum við, að væri hægt að ná þessari sameiningu og hefja það starf, sem þarf til þess að samræma lífeyrissjóðina og skapa jafnrétti samtímis því að þeim landsmönnum, sem ekki eru í neinum lífeyrissjóðum, yrði tryggð aðild að slíkum sjóðum.

Ég vil því vænta með tilliti til þess, hve n. tekur jákvætt í efni till., að hæstv. ríkisstj. gefi þessu máli gaum og unnið verði rösklega að framgangi þess á næstunni.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við, þegar þetta mál var rætt hér við 1. umr., og þess vegna langar mig til að segja hér fáein orð. Ástæðan er m. a. sú, að mér finnst sú grg., sem fylgir með þessari till., vera töluvert ófullkomin eða kannske væri réttara að segja ekki alveg nákvæm sagnfræði.

Hér er um stórmál að ræða, ég er sammála um það. Ég er þessu máli dálítið kunnugur. Mér er það dálítið hugstætt, af því að það vildi svo einkennilega til, að fyrsta málið, sem ég flutti á Alþ., var um almennan lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla. Það var vorið 1957. Því máli var þá vel tekið, og var skipuð n. undir forsæti ráðuneytisstjórans í félmrn., Hjálmars Vilhjálmssonar. Í henni átti ég sæti. Þessi n. skilaði áliti eftir, að ég ætla, ekkert óeðlilegan tíma. Álit hennar var jákvætt, og ég held, að sú hugmynd, sem hv. síðasti ræðumaður gat um, sé ekki ný af nálinni. Ég held, að ef hann fengi álit þeirrar n., þá mundi hann sjá, að á því er byggt í áliti hennar, að sá almenni lífeyrissjóður yrði viðbótarsjóður við þá lífeyrissjóði, sem þegar hefðu verið stofnaðir. En það var augljóst mál, að ef átti að gera eitthvað raunhæft í þessum málum, þurfti að hefjast handa með nokkurri skyndingu, vegna þess að það var vaknandi áhugi hjá hverri stéttinni á fætur annarri, sem eðlilegt var, að fá sérstaka lífeyrissjóði með samningum. Þess vegna var ljóst, að ef ekki yrði hafizt handa fljótlega, yrði þetta viðfangsefni æ óviðráðanlegra, að sameina alla lífeyrissjóði og setja upp einn lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla.

Þessi n., sem ég gat um áðan, skilaði ekki frv. um málið. Nál. hennar var ekki á þá lund. En það var skipuð ný n., að ég ætla árið 1961. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurt álit hafi komið frá þeirri n. Henni var falið, að ég ætla, að semja frv. um þetta efni. Í tíð þeirrar n. gerðist það að vísu, að fyrrverandi forstjóra Tryggingastofnunarinnar, Haraldi Guðmundssyni, var falið að semja skýrslu um þessi mál á Norðurlöndum, hvað hann gerði. Raunar þurfti ekki langan tíma til þess að kynna sér þau mál, því að gögn um þau lágu þegar fyrir. Alla þá tíð, sem liðin er síðan, hafa fleiri og fleiri sérstakir lífeyrissjóðir verið stofnaðir. Þeir hafa skapað félögum sínum sérstök réttindi. Félagar í þeim hafa þegar áunnið sér réttindi, og það er auðsætt mál, að þeir verða ekki fúsir til þess að sleppa þeim réttindum.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að það er óeðlilegt í sjálfu sér, að menn geti verið félagar í fleiri lífeyrissjóðum en einum, kannske mörgum, en ég er ákaflega hræddur um, að það verði erfitt að fá menn til að semja af sér þau réttindi, sem þeir hafa þannig áunnið sér. Ég er líka ákaflega hræddur um, að það geti verið erfitt fyrir löggjafann að setja lög á þá lund að taka þessi réttindi af mönnum. En eigi að síður er ástæða til að huga að þessu máli enn. En ég vil bara undirstrika það, að málið er nú orðið margfalt erfiðara en það var fyrir 10—15 árum.

Ég get ekki heldur látið hjá líða að benda á, þar sem það er rækilega undirstrikað í grg., sem fylgir till., en annars er hlaupið nokkuð fljótt yfir sögu þessa máls, að Alþfl. hafi alltaf haft sérstakan áhuga á þessu máli, marglýst þeirri stefnu sinni, að allan þennan tíma, sem

liðinn er frá því 1957, að samþ. var till. um könnun á því að koma upp lífeyrissjóði fyrir landsmenn alla, fór Alþfl. með stjórn þessara mála, allt þar til núv. stjórn var mynduð. Áhugi Alþfl.-manna á þessu máli hefði betur komið í ljós í reynd á þeim árum, þegar þeir höfðu aðstöðu til að koma málinu í höfn. Á þetta vil ég minna. Hitt er gleðilegt og sjálfsagt að þakka, að áhugi þeirra á málinu er enn þá vakandi, að hann hefur ekki alveg dofnað eða sofnað á öllum þeirra stjórnarárum, þegar þeir höfðu tækifærið. Óneitanlega hefði verið skemmtilegra, að þeir hefðu getað látið verkin tala, í stað þess að láta nægja þá ófullkomnu grg. sem fylgir þessari þáltill.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur vissulega ekki aðeins verið hreyft nauðsynlegu máli, heldur líka afar viðkvæmu og erfiðu máli, eins og hefur komið fram í ræðu hæstv. forsrh. Um leið og sjálfsagt er að taka undir það, sem hann sagði um hans forgöngu á sínum tíma um flutning þeirrar þáltill., sem hann flutti 1957 eða allavega var samþ. þá, um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þá finnst mér þó skylt að rekja þessa sögu nokkru nánar, þar sem mér virðist hún ekki hafa komið fram hjá viðkomandi aðilum. Áður en að þeim tíma kom, höfðu mörg iðnaðarmannafélög í landinu samið í sínum kjarasamningum um lífeyrissjóði. Þetta var hluti þeirra samninga. Það vissu allir um opinbera starfsmenn, einstaka hópa, og þegar þá var komið, vil ég leyfa mér að halda fram, nær alla opinbera starfsmenn, sem áttu þá aðild að lífeyrissjóði og strax þá jafnvel verðtryggðum lífeyrissjóði. En það var nokkuð nýtt þá, að hin almennu verkalýðsfélög og sjómannafélög eignuðust lífeyrissjóði. Ég held, að fyrsta stóra skrefið, sem var stigið í því efni, hafi verið frv. hinnar fyrri vinstri stjórnar í sambandi við lífeyrissjóð togarasjómanna, sem var einmitt flutt til þess að leysa ákaflega erfiða kjaradeilu. Þegar það frv. var flutt og því heitið framgangi, að mig minnir 1956, voru dregnar til baka ýmsar þær kröfur, sem á þeim tíma voru sambærilegar við það, sem önnur stéttarfélög höfðu fengið, sem höfðu samið fyrir sitt fólk, er í landi starfaði. Meðal sjómanna var þá talið, að þarna væri í fólginn nokkur hluti þeirra launa, sem þeir kannske hefðu átt alveg jafnmikla kröfu á að ná fram í sínum samningum og aðrir þegnar þjóðfélagsins höfðu þá fengið almennt.

Ég held, að það hafi verið 1957, að Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, samdi um lífeyrissjóð fyrir sína meðlimi. Að vísu voru þeir samningar þá á nokkurn hátt eyðilagðir af skammsýnum mönnum, sem réðust gegn þessum samningum. Það var m.a. þá talað um, að sú stjórn, sem þá réð í þessu verkalýðsfélagi, hefði fengið sína samninga færða til sín á silfurdiski. En eitt þeirra stóru atriða, sem þá náðust fram, var einmitt þetta atriði, lífeyrissjóður fyrir félagana þar. Um það leyti sem núv. hæstv. forsrh. flutti sína þáltill., stóðu yfir samningar, sem ekki lyktaði fyrr en nær tveimur árum síðar, um lífeyrissjóð fyrir aðra meðlimi Sjómannafélags Reykjavíkur en bátasjómenn, þ.e. farmennina, og þetta var fengið fram á nákvæmlega sama hátt, að það var dregið í land með kröfugerð í sambandi við samninga til þess að ná þessu fram. M.a. þess vegna voru þessir menn nokkru lægri í almennum launum en sambærilegar stéttir í landi, sem tóku, eins og við sögðum alltaf, sem hlut áttum að máli í þessum samningum, allt kaupgjaldið á þeim tíma og eyddu því jafnóðum, meðan þeir aðilar, sem sömdu um þetta, lögðu það fyrir. En því miður varð stór hluti þess verðbólgunni þá eins og nú að bráð, vegna þess að engin verðtrygging var þá á þessum sjóðum og er ekki enn.

Þegar svo á sínum tíma fyrir nokkrum árum var samið um lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn, bátasjómenn líka, var lífeyrissjóður togarasjómanna orðinn einn stærsti og öflugasti allra lífeyrissjóða hér á landi. Þá var öllum bátasjómönnum boðin aðild að þessum sjóði. En það voru þá heil landssvæði, sem ekki vildu taka þátt í honum, vildu vera með eigin sjóð. Þeim var samt boðin þátttaka í þessari miklu eign, sem þarna hefði skapazt, vissulega vegna ýmissa lagaákvæða í sambandi við þennan sjóð, en samt hefur ekki reynzt nægilegur til þess að verðtryggja lífeyri þann, sem er greiddur úr honum.

Ég tel, að það sé fyrst og fremst vegna þess, að þeir, sem tilheyra þessum sjóði, búa kannske við mesta slysafargan og örorkufargan allra stétta, sem í slíkum sjóðum eru.

Um leið og lagt er til, að þessir sjóðir, sem hafa náðst fram á þennan hátt, verði sá grunnur, sem þeir byggi á, sem hafa ekki lagt sig eftir því, að fá slíka sjóði. Þá tek ég undir það með hæstv. forsrh., að það verður ábyggilega mjög viðkvæmt mál, að ná því fram. Hitt er annað mál, að það eru auðvitað margir hópar landsmanna, sem ekki hafa aðstöðu til að semja um slíkt, og það er sjálfsagt, að mínu mati, að bjóða þeim aðild að þeim sjóðum, sem fyrir eru, og jafnvel að koma nokkuð á móti skoðun flm. um það, að einhvers konar samvinna skapist á milli þeirra, þannig að það megi draga þá kannske minni og veikari sjóðina inn í þá stærri. En um leið og það er gert, leyfi ég mér aftur að vitna til orða hæstv. forsrh. um það, að þetta er orðið erfiðara nú en var fyrir nokkrum árum. Þetta er viðkvæmt mál, og þarna er fyrst og fremst verið að ræða um það, að löggjafinn með einhverjum öðrum aðilum eigi að fara að ráðstafa sparifé þessara manna. Þeir telja þetta sitt sparifé, sem það vissulega er.

En það er auðvitað mál málanna, eins og frsm. tók hér fram í fyrstu, að takist að verðtryggja þessa sjóði. Við gátum lesið það í einu dagblaðanna um daginn, að opinberir starfsmenn njóti í stað 4% greiðslna úr ríkissjóði, eins og í samningum þeirra og lögum, jafnvirðis 14%, og kemur hvergi fram í sambandi við samninga þeirra, laun eða kjör. Ég geri ráð fyrir, að ef að því væri hægt að vinna að verðtryggja alla vega þá mörgu, stóru og sterku lífeyrissjóði, sem eru til staðar, þá mundi ekki standa á þeim aðilum, sem þar stjórna og telja sig eigendur þeirra, að taka með sér þá hina tiltölulega fáu, sem ekki eiga aðild að slíkum lífeyrissjóðum í dag. Ég er hins vegar sammála flm. um, að það væri æskilegt, að það gæti orðið

enn meiri samþjöppun, en ég tel það ekki neina nauðsyn eins og er.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það var flm. þessarar till. ekkert fjær skapi, þegar þeir sömdu hana og lögðu hana fram, en að ætla sér að reyta skrautfjaðrir af hæstv. forsrh. Við virðum hann fyrir áhuga hans á þessu máli, og ef hans hlutur er ekki nægilegur í grg. skal ég gjarnan biðja hann velvirðingar á því og biðja hann að taka viljann fyrir verkið. Það er þá ekki í fyrsta sinn, sem þm. er kunnugast um það, hvað þeirra eigin flokksmenn hafa áður gert. Þess vegna er okkur Alþfl.-mönnum minnisstætt það verk, sem Haraldur Guðmundsson á sínum tíma vann og var gott verk og þýðingarmikið, þó að fjölmargir aðrir aðilar hafi við þetta mál komið. Hæstv. forsrh. gaf í skyn, að undanfarinn áratug eða svo, hafi skort áhuga Alþfl. á þessu máli. Ég get sagt honum, ef hann veit það ekki, að fyrrv. ríkisstj. hafði þetta málefni hvað eftir annað til meðferðar og gerði margar tilraunir til að koma á einhverri heildarskipan lífeyrissjóða, enda þótt það reyndist ekki vera mögulegt. Á þessu tímabili höfðu sumar stéttir komið sér upp sjóðum, en aðrar ekki. Þær, sem ekki höfðu eignazt lífeyrissjóði, voru að reyna að koma þeim upp. Þess vegna var jarðvegur fyrir sameiginlega skipan þessara mála í heild mjög erfiður. Ég get t. d. minnt hæstv. forsrh. á tímabilið, þegar húsnæðismálalöggjöf var sett síðast í ráðherratíð Emils Jónssonar. Þá var gerð ein síðasta stórtilraunin til þess að koma þessari hugmynd fram, en hún mætti þeirri mótstöðu, að hún tókst ekki.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh. og hv. 10. þm. Reykv., að þetta er mjög viðkvæmt og vandmeðfarið mál. Það munu vera rúmlega 100 lífeyrissjóðir í landinu, og þessir lífeyrissjóðir hafa hver sinn hóp félaga og hver sína stjórnendur. Þetta fólk mun að sjálfsögðu ekki hafa í huga að semja af sér réttindi, svo að ég noti orð hæstv. ráðh. Það er ekki heldur okkar ætlan að það þurfi að fara fram á, að það semji af sér réttindin. Einmitt vegna þess, hve erfitt er að sameina þessa 100 sjóði, sem raunverulega hafa 100 bankastjórnir, þó að bankarnir séu mismunandi stórir, vörpuðum við fram þessari hugmynd, hvort ekki sé hægt að koma sameiningu fram á þann hátt, að sjóðirnir verði til áfram og þeir verði aðilar að heildarsjóðnum og stjórni honum. Tilgangurinn með heildarsjóðnum er í fyrsta lagi að koma á meira samræmi en er á milli sjóðanna, þannig að það sé ekki mismunandi hvaða lífeyrissjóðsréttinda einstaklingar njóta í landinu, og í öðru lagi að gera ráðstafanir til þess, að þeir landsmenn, sem eru ekki í neinum sjóði, fái notið þeirra hlunninda að vera í lífeyrissjóði. Ég get tekið undir það með hv. 10. þm. Reykv., að í þeim efnum kemur mjög til greina að reyna að koma heilum starfshópum, sem enga lífeyrissjóði hafa, fyrir í einhverjum af þeim sjóðum, sem fyrir eru. Það er ein af þeim leiðum, sem sjálfsagt er að athuga.

Ég fagna því, að hæstv. forsrh. skyldi láta í ljós skoðanir sínar og áhuga, sem ég efast ekkert um að sé bæði mikill og einlægur í þessu máli, og ég vil leyfa mér að líta svo á, að undir forustu hans megi vænta alvarlegra tilrauna til þess að koma þessari gömlu hugsjón hans í verk. Ég held mér sé óhætt að lofa því, að það muni ekki standa á stuðningi míns flokks við heiðarlegar tilraunir í þá átt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta ykkur á langri ræðu, en satt að segja finnst mér enginn þurfa að hæla sér af því að hafa átt þátt í þessu kerfi, eins og það er núna, eða haft frumkvæði í þeim málum, því að ég held, að það mætti lengi leita til að finna jafnvitlaust tryggingakerfi og er hjá Íslendingum. Ég verð satt að segja að bera blak af krötum, aldrei þessu vant, þá eiga þeir afar lítinn þátt í þessari vitleysu. Þeir greiddu raunar atkv. með þessu vitlausa lífeyrissjóðakerfi, en frumkvæðið eða upphaflegi samningurinn var milli hæstv. núv. félmrh. og fyrrv. forsrh. út af vinnudeilu. Það er allt annað frjálsir lífeyrissjóðir eða þessar skyldutryggingar, sem komið er á. Vitanlega eru ellitryggingarnar eða almannatryggingarnar ekkert nema lífeyrissjóður, þ. e. *lífeyrir, sem gömlu fólki er greitt.* Svo *koma* skyldutryggingarnar, svo koma alls konar aukasjóðir, og svo, eins og búið er að benda á, að sumir eru í 4—5 lífeyrissjóðum og fá allt að því fimmföld eftirlaun. Ég hygg, að séu dæmi til, að menn fái fimmföld eftirlaun. Haldið þið ekki, að væri meiri hagsýni að hafa þetta allt í einu kerfi. Svo geta menn tryggt sig frjálst þar fyrir utan, eins og gert er yfirleitt í nágrannalöndum okkar. Þar eru frjálsar tryggingar, en þær eru óhagkvæmar hér, af því að við erum alltaf að fella gengið. Lífeyrissjóðirnir eru gerðir hreinlega verðlausir. Og hvernig hefur verið farið með sjómennina? Tekið af þeim 10%. Svo þegar þeir hafa viljað fá endurgreitt það, sem þeir hafa lagt í sjóð, þá hafa þeir fengið 4%, en ekki 6%, og var þó auðvitað greitt vegna þeirra eigin vinnu. Afar margir tóku þessi 4%, sem þeir voru búnir að borga. Menn vinna nokkur ár við sjávarútveg, þeir hafa heimild til að taka sín 4%, en fengu ekki 6%. Enn þá er sami leikurinn leikinn við unga fólkið.

Ég hef skrifað og talað um þetta svo víða, að ég ætla ekki að orðlengja um það hér. Það er t. d. með fádæmum, að óbreyttur verkamaður þarf að fara að borga 16 ára gamall og borga til 67 ára aldurs, í 51 ár, en ríkisstarfsmenn borga yfirleitt ekki nema í 30 ár, og svo er allt verðtryggt hjá þeim. Hugmynd mín er sú, að allir landsmenn búi við sömu kjör, og svo má hækka lífeyrinn, ef þjóðin hefur efni á því. Ég hef látið mér detta í hug, að það yrði greitt eins og ⅔ af venjulegum starfslaunum og það hækkaði svipað og gerist hjá opinberum starfsmönnum, ef gengið breyttist. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta yrði jafnhátt fyrir alla, þeir fengju lægra, sem gætu verið í fullu starfi áfram, — verulega lægra. Ég álít þá hugmynd rétta, því að það er meira virði fyrir aldraða fólkið að hafa vinnu en að fá meiri tekjur fyrir að gera ekki neitt, því að við vitum ósköp vel, sem búnir erum að vinna alla ævina, að lífið er búið, þegar við hættum að vinna. Sama er að segja um sjúkra- og atvinnuleysistryggingarnar

og örorkubætur. Það er miklu einfaldara að hafa eitt kerfi en margfalt. Ef fólk vill vera tryggja sig þar að auki, getur það gert það.

Ég las skýrslu Haralds Guðmundssonar. Jú, þetta var vel orðað. Haraldur var gáfaður maður, og niðurstaðan var einfaldlega þessi: Íslendingar hafa efni á að koma á þessu tvöfalda kerfi? En því gera nágrannaþjóðir okkar þetta ekki, og höfum við efni á því? Af hverju var gengið lækkað í vetur? Af því að við vorum of fátækir. Ég hef lesið töluvert mikið af sagnritum um það, hvernig stóð á því, að frankinn lækkaði í verði eftir stríðið. Það var af því, að Frakkar voru of fátækir. Ríkissjóðurinn stóð sig of illa. Ef íslenzki ríkissjóðurinn hefði haft 2—3 milljarða í vetur, þegar gengið var lækkað um 10%, þurfti ekki að lækka gengið. Og allir lífeyrissjóðir eru einskis virði, ef alltaf er verið að lækka gengið. Við höfum ekki efni á að verðtryggja spariféð. Við þurfum að fara betur með fjármunina til þess að hafa efni á þessu.

Það eru sennilega allt að því 3 milljarðar, sem koma í lífeyrissjóðina í ár. Verið er að basla við framkvæmdaáætlun og ráðgera að taka erlend lán. Ef ríkisvaldið tæki á þessu af einhverju viti, ætti að skylda lífeyrissjóðina til að lána fé í þessar framkvæmdir, heldur en láta þá eyða því í alls konar brask og vitleysu. En það einfalda er að afnema hreinlega þessa tvöföldu og þreföldu skyldutryggingu og hafa bara einfalda skyldutryggingu, sem ríkiskerfið ræður yfir og borgararnir eru þannig tryggðir með hæfilegum tryggingum, eins háum og við höfum efni á og við álítum þörf á, þ. á m. séu sjúkratryggingar og örorkubætur. Þetta ætti hverjum manni með heilbrigða skynsemi að vera alveg ljóst. Það yrði miklu ódýrara og viturlegra kerfi heldur en að hafa u. þ. b. 100 banka í kringum þessa lífeyrissjóði eins og Benedikt Gröndal minntist réttilega á hér áðan.

Ég skal ekki deila um þetta meira að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnulýðræði, þáltill. (þskj. 278, n. 495). — Frh. einnar umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég stend upp til þess eins að láta í ljós ánægju okkar flm. þessarar till. yfir því, að n. skuli hafa mælt með henni og að henni skuli vísað með jákvæðri umsögn til hæstv. ríkisstj.

Ég skal ekki fjölyrða um efni till. Hún var rædd ítarlega við fyrri hl. umr., og ég vil aðeins vekja athygli á því, að allir, sem til máls tóku um till., úr hvaða flokki sem þeir voru, tóku undir þá skoðun, sem fram kemur í grg. okkar þm. Alþfl. og kom fram í framsögurræðu minni, að hér væri um mjög athyglisvert og mikilvægt mál að ræða. Fyrst hv. frsm. er ekki viðstaddur, ég hygg, að hann hafi óskað fjarvistarleyfis, þá vildi ég aðeins að lokum láta þess getið, að við flm. till., þm. Alþfl., væntum þess mjög eindregið, að till. fái þá meðferð hjá hæstv. ríkisstj., sem n. var einhuga um, að hún skyldi fá, að n. verði skipuð og fyrir næsta Alþ. verði lagt frv., sem tryggi framkvæmd þeirrar hugmyndar, sem till. fjallar um, þ. e. að veita starfsmönnum allra fyrirtækja á Íslandi aukna hlutdeild í stjórn þeirra og athuga alveg sérstaklega þá hugmynd, sem nú er ofarlega á baugi, sérstaklega í Danmörku, að veita starfsmönnum fyrirtækja smám saman eignaraðild að fyrirtækjunum. Á þá hugmynd legg ég ekki minni áherzlu en að veita starfsmönnunum aðild að stjórn fyrirtækjanna.

Þessi fáu orð vildi ég leyfa mér að óska, að kæmu í stað framsögu hv. frsm.

ATKVGR.

Till. á þskj. 495 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Samkeppnisaðstaða skipasmíðaiðnaðar, þáltill. (þskj. 12, n. 510). — Frh. einnar umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Af því að ég á sæti í þeirri n., sem um þetta mál fjallaði, finnst mér, þótt hv. frsm. sé ekki viðstaddur, ekki rétt, að það fari alveg umræðulaust hér í gegn, því ég álít, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða, könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan. Ég satt að segja álít, að hér sé um mál að ræða, sem þurfi að fjalla um á mjög rækilegan hátt. Atvmn. var sammála um afgreiðslu þessa máls, að samþ. till. Hér mundi vafalaust verða gerð nokkuð umfangsmikil könnun á þessari samkeppniaðstöðu, og ég sé ekki, að með öðrum hætti sé hægt að komast að því betur, hvort íslenzkur skipasmíðaiðnaður geti í raun og veru staðið erlendum skipasmíðaiðnaði á sporði. Sjálfur álít ég, að það sé hægt. Ég get ekki meint annað en að ef þekking og fjármagn í sambandi við þennan iðnað væru flutt inn í landið, — og þessi könnun mundi vafalaust skera úr um það, — þá yrði hér komin umtalsverð iðngrein. Og er það ekki það, sem við erum að leita eftir, til að fullkomna þá iðnbyltingu, sem hæstv. iðnrh. hefur tilkynnt og ég hef margoft sagt honum, að ég styðji hann fullkomlega í. En þá verðum við líka að taka einhvers staðar á. Og hér held ég, að sé verkefni, sem er mjög þýðingarmikið, að tekið sé á sterklega, og fyrst allir hv. nm. eru sammála, ætla ég líka eins og fleiri að leggja traust mitt á hæstv. ríkisstj. um það, að hér verði vel að unnið.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 645).

Samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu, þáltill. (þskj. 53, n. 512). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. til þál. um samstarf Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga að fiskveiðum og fisksölu. Till. fjallar um það, að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir viðræð-

um milli áðurnefndra aðila um samstarf þessara þjóða að skynsamlegri hagnýtingu fiskimiðanna á Norðaustur-Atlantshafi, verndun fiskstofna og og að fisksölumálum, jafnframt verði athugað með hvaða hætti Grænlendingar geti orðið aðilar að slíku samstarfi.

N. leitaði umsagnar ýmissa aðila um þessa till., og var á það bent í sumum umsögnunum, að samstarf af þessu tagi ætti sér nú þegar stað að nokkru leyti. En almennt var í umsögnunum látið uppi jákvætt viðhorf til þess, að lengra yrði haldið á þeirri braut og að þessi till. yrði samþ. á Alþ. N. mælir því einróma með því, að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 646).

Rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 59, n. 511). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Atvmn. sendi till. til umsagnar til Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar. Fiskifélagið mælti með henni, en Hafrannsóknastofnunin taldi hana ástæðulausa. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar segir, að það hafi verið framkvæmd mikil skelfiskleit fyrir Norðurlandi, en fjárveiting til þeirra hluta hafi verið felld niður, svo að það hefur orðið minna úr framkvæmdum s. l. ár. Nú er búið að gera ráðstafanir til þess, að stofnunin fái bát til að inna þessar rannsóknir af hendi, þannig að í raun og veru er forsenda fallin niður fyrir því að samþ. þessa till. N. leggur því til, að henni verði vísað til ríkisstj.

Nál. er svo hljóðandi: „N. hefur rætt till. og sent til umsagnar til Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknarstofnunarinnar. Svar Fiskifélagsins er jákvætt, en Hafrannsóknastofnunin bendir á, að það sé rangt, að eigi hafi verið leitað að rækju- og skelfiskmiðum fyrir Norðurlandi, fjárveiting til rækju- og skelfiskleitar hafi hins vegar verið felld niður á fjárl. í vetur, en úr því muni verða bætt með fjárveitingu til að leigja eða kaupa hæfilega stóran bát. — N. leggur því til, að till. verði vísað til ríkisstj."

Ég álít að þetta mál sé í þann veginn að leysast og þess vegna sé ástæðulaust að haga tillöguflutningi n. á annan hátt en þennan. Og ég held, að það sé einnig um þetta mál.

Ég vil taka það fram, þótt það sé orðað svona, að staðhæfing flm. um vanrækslu í þessu efni hafi ekki að öllu leyti verið rétt, þá dettur mér ekki í hug, að flm. hafi sagt vísvitandi ósatt, heldur hitt, að þeir hafi ekki verið viðbúnir að kynna sér málið nógu rækilega, áður en þeir fluttu till. Vitanlega hefur þeim ekki gengið nema gott til með tillöguflutningnum. Ég vil taka það fram, að það eru alls ekki mín orð, að þeir hafi farið rangt með, heldur er það Hafrannsóknastofnunin, sem segir það. Ég væni þá heiðursmenn a. m. k. ekki um að hafa sagt vísvitandi ósatt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu betur fellt mig við, að hv. atvmn. hefði lagt til, að þessi þáltill. um rækju- og skelfiskleit fyrir Norðurlandi yrði samþ. N. leggur til, eins og hv. frsm. n. gat um, að till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., og verður þá að hlíta því. En ég vænti þess, að þetta nál. miði ekki að því, að vísa málinu frá á kurteislegan máta, og ég treysti því, að hæstv. forsrh., sem er einn af þm. okkar Norðlendinga, hlutist til um, að sú leið, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., verði farin.

En það, sem kom mér sérstaklega til þess að kveða mér hljóðs, voru þau orð í nál., þar sem sagt er — og er tekið úr umsögn Hafrannsóknastofnunar, að það væri farið með rangt mál í till. eða grg. hennar. Nú virðist mér, að þeir, sem gáfu þessa umsögn hjá þessari virðulegu stofnun, hafi ekki gefið sér tíma til þess að lesa grg., sem fylgir till. Og ég held jafnvel, að hv. frsm. hafi ekki lesið hana heldur, mér skildist það á orðum hans, því að það segir alls ekki í þessari till., að ekki hafi verið leitað að rækju- og skelfiski fyrir Norðurlandi. Ég vil með leyfi hæstv. forseta, fá að lesa hér upphaf grg., sem fylgir till., en það er svo hljóðandi:

„Á undanförnum árum hefur öðru hverju verið leitað að rækju og skelfiski fyrir Norðurlandi. Sú leit hefur þó verið skipulagslítil og ekki farið fram með reglubundnum hætti. Stundum hefur verið leitað 2—3 vikur á einstöku svæði, en aldrei hefur verið leitað yfir langt tímabil né heldur hefur leitin verið skipulögð þannig, að hún næði yfir nokkur ár. Þó hafa þessar tilraunir til leitar borið þann árangur, að verulegar líkur benda til, að mikið magn af rækju og skelfiski sé fyrir Norðurlandi."

Eins og sjá má af þessum orðum úr grg. till. er því alls ekki haldið fram, að aldrei hafi verið leitað að þessum nytsömu dýrum fyrir Norðurlandi, heldur þvert á móti. En við höldum því fram, að það hafi aldrei verið leitað ítarlega, aldrei með skipulögðum hætti. Þetta er skoðun mín, og ég er ekki einn um hana. Ég veit, að sjómenn og útvegsmenn þar fyrir norðan halda þessu sama fram og hafa raunar beðið mig að flytja þetta mál hér á Alþ. í því formi, sem það er flutt.

Um leið, herra forseti, og þessari till. er vísað til hæstv. ríkisstj., vil ég leyfa mér að vísa því til föðurhúsanna, sem fram kemur í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að við flm. höfum farið með rangt mál við flutning þessa máls.

ATKVGR.
Till. á þskj. 511 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

Raforkuðflunarleiðir fyrir Norðlendinga, þáltill. (þskj. 509). — Fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við nokkrir þm. úr Norðurlandskjördæmunum tveimur flytjum hér þá till., sem nú er á dagskrá og er þess efnis að skora á ríkisstj. að skipa n. í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga til þess að kanna leiðir til raforkuðflunar fyrir

Norðurland. Till. er flutt samkv. eindregnum tilmælum Fjórðungssambands Norðlendinga. Það er að vísu ekki nýtt, að Fjórðungssamband Norðlendinga óski eftir þessari málsmeðferð á þeirra rafvæðingarmálum. Þeir gerðu þetta á s.l. ári án þess að fá undirtektir hjá hæstv. iðnrh. Ég flutti fyrr á þessu þingi fsp. til ráðh. um það, hvort hann hygðist ekki verða við þessari ósk Fjórðnugssambandsins, sem ég verð að segja, að er sú hógværasta og sanngjarnasta, sem hægt er að gera ráð fyrir í sambandi við þessi stóru og miklu mál, að fá að ræða um þau við viðkomandi stjórnvöld. Hæstv. ráðh. svaraði því út í hött eða nánast þannig, að það hefði þegar verið haft nægilegt samband við þessa aðila. Það kemur hins vegar glöggt í ljós á síðari erindum, sem send hafa verið Alþ. og okkur þm. Norðlendinga, að því fer víðs fjarri, að þetta sé skilningur þeirra manna, sem með orkumál fara á Norðurlandi, og Fjórðungssambandsins, og þess vegna hefur þessi ósk verið ítrekuð og bent á, hversu alvarlega horfi í orkumálum Norðlendinga og hversu nauðsynlegt væri að leita allra tiltækra úrræða til þess að ná samstöðu um þær leiðir, sem skynsamlegastar gætu talizt til lausnar þessum vanda.

Ég skal ekki fara út í þá sálma að ræða hér um orkumál Norðurlands, það yrði langt og mikið mál, og til þess gefst enginn tími. En þetta er vissulega slíkt alvörumál og slíkt grundvallaratriði fyrir alla byggðaþróun norðanlands, að leyst verði með viðunandi hætti orkumál fjórðungsins. Það virðist í rauninni gegna furðu, að ekki skuli þegar hafa verið orðið við þessari ósk, að setja þessa n. á laggirnar til að ræða þennan mikla vanda og kanna allar leiðir, sem gætu komið til greina til lausnar honum. Það eru engir hleypidómar í þessum ályktunum Fjórðungssambandsins, heldur aðeins bent á alvöru málsins og hversu þýðingarmikið það sé, að hinar hagkvæmustu leiðir séu valdar til að leysa úr þessu mikla vandamáli Norðlendinga.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð mín fleiri, en leyfi mér að leggja til, að till. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjvn.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég var ekki viðstaddur, þegar þessi þáltill. var lögð fram. Mér hefur verið tjáð, að mér hefði þá verið boðið að standa að flutningi hennar, og ég vil lýsa því yfir, að ég hefði gert það, ef ég hefði verið hér viðstaddur. Mér finnst hér vera um svo hófsama beiðni að ræða, að það komi nánast ekki neitt annað til greina en að þetta verði samþ. Þótt allir þm. Norðurl. hafi ekki treyst sér til að standa að flutningi till., vil ég ekki trúa öðru en hv. þm. sjái sér fært yfirleitt að samþ. jafnhógværa beiðni og þá, að þessi mál séu athuguð, því að í raun og veru er það innihald till. Ég fyrir mitt leyti styð hana því eindregið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður vöruflutninga, þáltill. (þskj. 153, n. 571). — Síðari umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til meðferðar og leitað um hana umsagna hjá allmörgum aðilum. Það var álit n. að mæla með afgreiðslu þessa máls, en flestir nm. voru þeirrar skoðunar, að það væri rétt að breyta till., — þar sem hún gerði ákveðið ráð fyrir, að samið yrði frv. til l. um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga, sem hafi þann tilgang, að verð á allri vöru verði það sama á öllum stöðum, — breyta því á þann veg að kanna fyrst þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði. Varð að lokum samkomulag í n. um það, að tillgr. orðist svo:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna mþn. til þess að:

1) Kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu.

2) Skila áliti um, hvort tiltækt væri að jafna kostnað við vöruflutninga með stofnun og starfrækslu verðjöfnunarsjóðs, þannig að verð á allri vöru verði hið sama á öllum stöðum á landinu, sem vöruflutningaskip sigla til og flugvélar og vöruflutningabifreiðar halda uppi áætlunarferðum til.

3) Kanna, hver kostnaður væri af rekstri slíks sjóðs og hver ætla mætti að yrðu þjóðhagsleg áhrif af starfrækslu hans.

4) Gera till. um bætt skipulag vöruflutninga á sjó, landi og í lofti. Skulu þá m. a. hafðar í huga breytingar á tilhögun flutninga frá helztu viðskiptaborgum Íslendinga erlendis til hinna ýmsu hafna á landinu.

Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði".

Eins og fram kemur á nál., mælir fjvn. með, að till. verði samþ. þannig orðuð eins og ég hef lesið.

ATKVGR.

Brtt. 571 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 647).

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97, n. 559 og 562). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til þál. um innheimtu veggjalds af hraðbrautum til athugunar. N. ræddi till. á fundum og fékk vegamálastjóra til fundar við sig, og gaf hann nefndinni svör við ýmsum spurningum hennar, sem eru vissulega mikilvæg, þegar efnisleg afstaða er tekin til málsins. N. náði ekki samstöðu um afgreiðslu þess.

Sá meiri hl. fjvn., sem stendur að því nál., sem ég mæli hér fyrir, hefur ekki tekið afstöðu til till. efnislega, og mun ég þess vegna ekki ræða þann þáttinn að þessu sinni. Hins vegar teljum við, sem stöndum að nál. á þskj. 559, ekki rétt að taka till. til afgreiðslu nú, þar sem okkur sýnist eðlilegast, að allir þættir vegáætlunar séu ákvarðaðir samtímis, og þar sem svo er mælt fyrir í lögum, að vegáætlun skuli gerð

til fjögurra ára í senn, og ákvæði eru um, að hún skuli endurskoðuð á tveggja ára fresti, þá er það með öllu óeðlilegt að taka þennan eina þátt vegáætlunarinnar til endurskoðunar á árs fresti, enda ekki gert ráð fyrir þeirri vinnutilhögun, eins og ég sagði áðan. Því er það till. meiri hl., að þáltill. á þskj. 97 verði afgreidd með rökst. dagskrá, eins og tilgreint er á þskj. 559.

Ég tel ekki ástæðu til að svo stöddu að hafa öllu fleiri orð um afgreiðslu málsins. En ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að ekki er með till. okkar í meiri hl. tekin efnisafstaða til þáltill., enda ekki kominn sá tími, að það geti talizt tímabært, heldur viljum við með dagskrártill. undirstrika þá skoðun okkar, að málið beri ekki að með eðlilegum hætti, og ber því ekki að afgreiða það efnislega á þessum tíma.

Meiri hl. mælir því með, að þáltill. verði afgr. með þeirri rökstuddu dagskrá, sem er að finna á þskj. 559.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hefur fjvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til að vísa þessari till. frá með rökst. dagskrá, en minni hl., sem ég mæli hér fyrir, leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Við 1. umr. þessa máls var till. rædd nokkuð ítarlega á efnislegan hátt, og ég fer ekki að lengja umr. um þann þáttinn án sérstaks tilefnis, enda lýsti ég þá skoðun minni svo ítarlega sem ég kunni. En þar sem meiri hl. fjvn. flytur nú dagskrártill. um að vísa málinu frá, finnst mér nauðsynlegt að athuga sérstaklega rökstuðning hv. meiri hl. fyrir þessari afstöðu.

Þá verður maður fyrst að athuga það, hvort óeðlilegt sé eða á einhvern hátt óvenjulegt, að mál, sem fellt er á einu þingi, sé tekið upp á því næsta til endurskoðunar og nýrrar afgreiðslu. Þetta atriði út af fyrir sig var töluvert rætt við 1. umr. málsins, og það er varla fleiri orðum eyðandi að þeirri hugsun út af fyrir sig, því að það er fátt algengara á Alþ. heldur en það, að mál séu flutt aftur og aftur, þó að þau séu felld á einu þingi. Það er vissulega ekkert í þingsköpum, sem mælir gegn þessu. Þó eru þar ákvæði, sem takmarka, hversu þétt mál megi taka upp á Alþ. að nýju, en þau eru einmitt á allt aðra lund heldur en þanna að þau séu tekin upp á næsta þingi. Þetta er þess vegna út af fyrir sig einnig sá gangur mála, sem þingsköp gera ráð fyrir.

Einnig er haldið fram, að það sé óeðlilegt og henti alls ekki að brjóta upp á atriði sem þessu á því ári, sem vegáætlun er ekki í endurskoðun. Nú er það boðið í vegal. að endurskoða vegáætlunina á tveggja ára fresti. Það er hins vegar hvergi bannað í vegal. að huga að einstökum þáttum varðandi vegáætlun á öðrum tíma. Er líka skemmst að minnast þess, að einmitt á þessu þingi voru helztu tekjustofnar vegasjóðsins hækkaðir mjög verulega, þó að heildarendurskoðun vegáætlunar færi ekki fram nú. Okkur virðist því, sem stöndum að áliti minni hl., alveg útilokað að fallast á það sjónarmið, að veggjaldsmál megi ekki hreyfa núna og ekki fyrr en við afgreiðslu næstu vegáætlunar.

Hér við er svo þessu að bæta, að við afgreiðslu vegáætlunar á síðasta Alþ. felldi Alþ. till. ríkisstj. um að reikna með veggjaldi af hraðbrautum í tekjuhlið vegáætlunarinnar, eins og menn muna og rætt hefur verið um. Samgrh., sem samkv. 92. gr. vegal. hefur heimild til að innheimta veggjald, taldi sig bundinn af þingviljanum eins og hann birtist við afgreiðslu vegáætlunar síðast og hætti innheimtu veggjalds á Reykjanesbraut við síðustu áramót, þ. e. a. s. frá þeim tíma, sem Alþ. ákvað að hætta að reikna með veggjaldi sem tekjulið í vegáætlun. Þannig stendur þetta mál í dag. Alþ. hefur hafnað innheimtu veggjalds og ráðh. breytt í samræmi við það.

Í þeirri till. til þál., sem hér liggur fyrir, er lagt til að taka upp aðra stefnu. Með flutningi hennar er leitazt við að stuðla að því, að Alþ. endurmeti afstöðu sína í þessu máli, þá er það tók við afgreiðslu vegáætlunar á síðasta þingi. Nú felur þessi till. ekki í sér nein tímamörk, en verði hún hins vegar samþ., fær ráðh. aftur fríar hendur í þessu máli samkv. vegal., sem þann telur sig ekki hafa eftir afgreiðslu vegáætlunar frá síðasta þingi, og mér finnst það eðlileg afstaða af hálfu ráðh. Hvenær hann svo beitir heimildinni, er á hans valdi eðli málsins samkv. og samkv. lögum. Fari hins vegar svo, að till. verði felld eða henni verði vísað frá með dagskrá, þá þýðir það, að ráðh. mun vart telja sér fært að hefja innheimtu veggjalds fyrr en þá eftir afgreiðslu vegáætlunar 1974. Það er þá, sem hún verður næst til meðferðar, og ef að líkum lætur og að venju fer um afgreiðslu þess máls, þá verður hún varla afgreidd fyrr en á útmánuðum þess árs. Nú tekur það alllangan tíma að undirbúa töku veggjalda. Og til þess að innheimta veggjalds gæti hafizt með endurskoðunarárinu, þ. e. a. s. 1974, sem ég tel út af fyrir sig eðlilegast, ef á að miða við endurskoðunarárin, þá tel ég eðlilegast, að það byrji með áramótum. Ég sé hins vegar enga nauðsyn á því út af fyrir sig. En ef við eigum að binda okkur við það, þá er einmitt nauðsynlegt að afgreiða þetta mál efnislega núna, til þess að það geti orðið þannig, að innheimta verði miðuð við áramót.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri í rauninni ekki tímabært að taka efnislega afstöðu til þess nú og á þessu þingi, hvort þessi tekjuöflunarleið yrði notuð. En ég vil þvert á móti segja, að mér finnst það í raun og veru alltaf tímabært fyrir Alþ. að tjá sig um það, ég get ekki annað séð. Hitt má svo deila um, hvenær eðlilegt sé að hefjast handa, ef Alþ. er á því að nota þessa tekjuöflunarleið, og þrátt fyrir efnisafgreiðslu till. hér, væri það á valdi hæstv. ráðh. samkv. lögum.

Af þessu leiðir, að ég vænti nú, að þeir hv. þm., sem eru sama sinnis og flm. þessarar till. og þeir, sem standa að þessu minni hl. áliti, og telja innheimtu veggjalds eðlilega tekjuöflunarleið fyrir févana vegasjóð, sameinist um að fella frávísunartill. meiri hl. fjvn. og taka efnislega afstöðu til till. hér og nú.

Minni hl. fjvn. leggur sem sagt til, að till. eins og hún er á þskj. 97, verði samþ. óbreytt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil með fáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, um að taka upp að nýju álagningu veggjalds á tilteknar hraðbrautir.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir einu ári var eina ágreiningsatriðið í fjvn. varðandi tekjuöflun til vegasjóðs spurningin um, hvort gera skyldi ráð fyrir tekjum af veggjaldi af umferð um Reykjanesbraut og Suðurlandsveg á næsta vegáætlunartímabili. Við þær umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til álagningar veggjalds á umferð um hraðbrautir með varanlegu slitlagi. Sú afstaða hefur í engu breytzt. Þrátt fyrir ýmsa framkvæmdaerfiðleika og vankanta, sem slíku veggjaldi fylgja, var það og er afstaða mín, að álagning slíks gjalds sé eðlileg og réttlætanleg. Ég tel það ekki ósanngjarnt, að þeir, sem sérstaklega njóta á undan öllum öðrum þæginda og fjárhagslegs hagnaðar af því að aka á vegum með varanlegu slitlagi, greiði nokkurn hluta af þeim fjárhagslega hagnaði í vegasjóð til þess að mæta hluta af vaxtakostnaði vegna þessara dýru framkvæmda. Ég var þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar, að þeir hafi í raun greitt hæsta veggjaldið, sem við vegleysurnar búa. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt, að ákvörðun um, hvort leggja skuli á slíkt veggjald, fari fram við afgreiðslu og endurskoðun vegáætlunar, en óeðlilegt sé, að hringlað sé með slíkar ákvarðanir með þáltill. þess á milli.

Ég get ekki fallizt á það, sem stundum hefur verið haldið fram, að afgreiðsla Alþ. á þessu máli, þegar vegáætlun var til meðferðar fyrir ári síðan, hafi á einhvern hátt farið óeðlilega fram. Lögleg samþykkt var gerð um, að ekki skyldi gera ráð fyrir tekjum af veggjaldi í núgildandi vegáætlun, og ég tel, að bæði ég og aðrir, sem urðum undir í þeirri atkvgr., verðum að sæta þeirri niðurstöðu, þar til aftur verði fjallað um vegáætlun. Eðlilegast teldi ég, að vegal. yrði breytt á þann veg, að við ákvæðið um heimild ráðh. til að leggja á veggjald, yrði því bætt, að ákvörðun um beitingu slíkrar heimildar skuli taka við afgreiðslu vegáætlunar, þannig að það kæmi skýrt fram í lögunum, að með veggjaldið væri ekki hringlað frá ári til árs. Ef ný ákvörðun væri nú tekin um álagningu veggjalds, gætum við eins átt von á því, að andstæðingar veggjalds flyttu gagnstæða till. í haust og slíkar till. gengju svo á víxl eftir því t.d. hvaða varamenn ættu sæti á þingi hverju sinni.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um afstöðu mína. Hún er ljós. Ég tel álagningu veggjalds réttlætanlega og eðlilega þrátt fyrir framkvæmdaerfiðleika, en ég tel fráleitt, að ákvörðun um veggjald sé tekin með þáltill., sem geta verið til afgreiðslu á hverju einasta þingi. Við meðferð vegáætlunar kemur jafnan til kasta þingsins að segja til um, hvort gera skuli ráð fyrir tekjum af veggjaldi, og ég tel, að sú ákvörðun, sem þá er tekin, eigi að standa, þar til vegáætlun kemur aftur til endurskoðunar og afgreiðslu. Þess vegna er ég aðili að frávísunartill. á þskj. 559.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti, þáltill. (þskj. 338). — Frh. fyrri umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nokkuð umliðið, síðan frestað var umr. um þetta mál, till. til þál. á þskj. 338 um gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I. Till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á félmrh. að láta fara fram gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I, þ.e. í fjölbýlishúsunum Ferjubakka 2—16, Grýtubakka 2—16 og 18—32 og Hjaltabakka 2—16 og 18—32. Leiði sú rannsókn í ljós augljósa smíða- eða frágangsgalla á umræddum eignum, verði viðhlítandi lagfæringar gerðar, eigendum að kostnaðarlausu. Jafnframt verði séð svo um, að íbúðaeigendum verði gefinn upp byggingarkostnaður ofangreindra húsa."

Þó að þáltill. sé öll í þeim anda að ganga út frá því sem gefnu, að hér sé um miklar vanefndir að ræða af hálfu framkvæmdanefndar byggingaráætlunar gagnvart kaupendum að húsunum í Breiðholti I, þótti mér varlegra að afla upplýsinga frá hinni hliðinni og sneri mér því til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, sem er forsvarsaðili fyrir þessum framkvæmdum og þykir rétt við umr. að koma á framfæri sjónarmiði þeirra, sem að samningsgerð stóðu gagnvart kaupendum húsanna og einnig voru aðilar að viðbótarsamningsgerð um að bæta úr ákveðnum göllum, sem fram höfðu komið á byggingunum, og hafði verið sagt til um gallana, áður en verktakarnir, sem ábyrgir voru fyrir verkinu, voru lausir úr allri ábyrgð. Ég hef fengið í hendur itarlega grg. frá formanni og framkvæmdastjóra framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um þessar framkvæmdir og tel alveg sjálfsagt, að þingheimur eigi þess kost að heyra, hvað þeir hafa að segja um þessi mál. Hins vegar legg ég engan dóm á það, hvort sjónarmið húskaupendanna í Breiðholti eða framkvæmdanefndar byggingaráætlunar eru sannleikanum samkvæm, þar getur ýmislegt farið á milli mála og kannske erfitt fyrir ókunnuga að dæma um það. En grg. framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

„Vegna fsp. yðar (þ.e.a.s. fsp., sem ég gerði til framkvæmdanefndarinnar) í sambandi við till. til þál. um gagngera rannsókn á íbúðum og sameignum í Breiðholti I, flm. Bjarni Guðnason og Stefán Valgeirsson, hefur framkvæmdanefnd byggingaráætlunar tekið saman eftirfarandi greinargerð:

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar vill í upphafi lýsa yfir undrun sinni á því, að flm. till. skyldu ekki kynna sér viðhorf framkvæmdanefndar byggingaráætlunar til þessara mála, áður en till. var lögð fram, en aðeins taka upp málflutning annars aðila málsins. Íbúðir þær, sem

hér um ræðir, voru byggðar á árunum 1967—1969, og eru nú hartnær 5 ár síðan fyrstu íbúarnir fluttu inn, en rúm 4 ár eru frá afhendingu síðustu íbúðanna. Hlutverk framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er að byggja þær 1250 íbúðir, sem ákveðið var að byggja samkv. júní-samkomulaginu 1965, en Húsnæðismálastofnun ríkisins ráðstafar síðan íbúðunum. Í afsali fyrir íbúðunum segir m.a.:

„Kaupandi hefur kynnt sér ástand eignarhlutans og sætt sig við að öllu leyti."

Til að uppfylla þetta ákvæði er kaupendum gefinn kostur á að yfirfara íbúðirnar, áður en þær eru afhentar, og gera kvartanir um frágang eða annað. Hugsanlegir gallar eru síðan lagfærðir og kaupendum sýnd íbúðin aftur, og er hún ekki afhent fyrr en kvittað hefur verið fyrir, að öllum aths. hafi verið sinnt. Samkv. þessu kerfi hefur öllum íbúðum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar verið úthlutað nema 52 fyrstu íbúðunum.

Þrátt fyrir þessa meðferð mála fóru brátt að berast kvartanir um nokkur atriði, sem voru meira eða minna sameiginleg fyrir öll húsin. Í því skyni að koma þessum hlutum í lag voru haldnir nokkrir fundir með forráðamönnum framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og formönnum húsfélaganna. Árangur þeirra viðræðna varð samkomulag það, sem birt er með þáltill., um, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar léti fara fram lokayfirferð á blokkunum, þar sem ábyrgðarári verktaka væri um það bil að ljúka. Í samkomulaginu er síðan kveðið nánar á um einstaka liði lagfæringanna, en þeir eru samtals 19.

Það hefur ætíð verið eindregin skoðun framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, að ofangreint samkomulag væri bindandi af hálfu beggja aðila og samkomulagið myndaði þann ramma, sem starfa bæri eftir. Þegar eftir gerð samkomulagsins var hafizt handa um lagfæringar samkv. því og lokið við flesta liði samkomulagsins fyrir haustið 1970.

Í des. 1970 barst framkvæmdanefnd byggingarátælunar eftirfarandi bréf frá formönnum fjögurra húsfélaga:

„Reykjavík, 2. des. 1970.

Til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, hr. formaður, Eyjólfur K. Sigurjónsson.

Með samningi, dags. 2. des. 1969, samþykktuð þér að framkvæma ýmsar viðgerðir á fjölbýlishúsum í I. áfanga. Þar sem eigendur íbúða í fjölbýlishúsum þessum hafa ekki orðið varir við, að viðgerðir þessar væru framkvæmdar nema að litlu leyti, og kastað höndum til þess, sem gert var, beinum vér þeirri fsp. til yðar, hvort þér hyggizt standa við ofangreindan samning. Verði samningsefndum ekki lokið fyrir árslok 1970, áskiljum vér oss rétt til að láta meta galla þá, sem á húsunum eru, og krefja yður eða ríkissjóð um bætur vegna þeirra.

Virðingarfyllst,

Hjaltabakka 2—16,
Ragnar Björnsson, formaður,
Grýtubakka 18—32,
Þorvaldur Þorvaldsson,
Hjaltabakka 18—32,
Friðþjófur Friðþjófsson,
Grýtubakka 2—16,
Örn Egilsson."

Þessu bréfi svaraði framkvæmdanefnd byggingaráætlunar 30. des. 1970 með eftirfarandi bréfi, þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers liðar samkomulagsins og þess jafnframt beiðzt, að formenn húsfélaganna komi á framfæri aths., ef einhverjar væru, varðandi þau atriði, sem þegar hefðu verið framkvæmd. Engar slíkar aths. bárust. Þá kemur annað bréf:

„Reykjavík, 30. des. 1970.

Bréf yðar, dags. 2. des. s.l., var lagt fyrir fund í nefndinni 15. des. s.l. og gerð svofelld bókun:

Lagt var fram bréf frá íbúum Hjaltabakka 2—16 og 18—32 og Grýtubakka 2—16 og 18—32, þar sem kvartað er undan því, að ekki hafi verið staðið við yfirlýsingar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um viðgerðir á meintum göllum á íbúðunum. Samþykkt var að svara bréfinu og gera grein fyrir þeim atriðum samkomulagsins, sem ólokið er, svo og því, hvenær viðgerðum verði lokið. Jafnframt var ákveðið að gefa formönnum húsfélaganna kost á að koma á framfæri við framkvæmdanefnd byggingaráætlunar aths., ef einhverjar eru, varðandi þau atriði, sem þegar hafa verið framkvæmd."

Í samræmi við þessa samþykkt verða nú rakin þau atriði, sem ofangreint samkomulag fjallar um og álit framkvæmdanefndar byggingaráætlunar á stöðu hvers liðar.

Eins og hv. þm. sjá af fskj. I, eru í liðunum 1—8 hafðar uppi alls konar aðfinnslur um galla á byggingunum, og það eru þessir ágallar, sem byggingarnefndin telur sig hafa leiðrétt og er gerð grein fyrir í því, sem hér fer á eftir.

Það er fyrst um útveggi og þak, liður 1.1.:

„Lokið var á s.l. sumri að skipta um gler, er sprungin voru í stofugluggum. Kvörtun hefur þó borizt um, að ein af þessum rúðum hafi sprungið aftur, en viðgerð hefur ekki farið fram, þar sem erfitt er að glerja á þessum árstíma. Það gallaða gler, sem ekki hefur verið skipt um, er gler, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar keypti af Sandsölunni s.f., og ber hún 5 ára ábyrgð á gæðum glersins. S.l. vetur var Sandsalan s.f. krafin um gler í stað þess, sem þá var gallað, en án árangurs. Lögfræðingur framkvæmdanefndar byggingaráætlunar taldi að svo komnu máli ekki unnt að skipta um þetta gler án undangengins mats, og skiluðu matsmenn áliti sínu í okt. s.l. Um þessar mundir er verið að ganga frá samningum við Sandsöluna s.f., um efndir samningsins, og verður þá væntanlega hægt að skipta um umræddar rúður í febrúar-marzmánuði n.k."

Þá er það liður 1.2. „Lokið við viðgerð s.l. haust."

1.3. liður. „Lokið s.l. vetur og sumar."

Liður 1.4. „Lokið að öðru leyti en því, að eftir er að mála yfir viðgerðir, sem framkvæmt yrði með lið 1.6."

1.5. Lokið s.l. sumar.

1.6. Um ábyrgð á göllum á málun utanhúss spunnust nokkrar deilur um orsök gallanna. Á fundi með aðilum í máli þessu s. l. haust náðist þó fullt samkomulag um álit á orsökum málningargallanna, þ. e. að málun hefði verið framkvæmd, áður en yzta sementshúðin, sem er ónýtust, hefði veðrazt af. Það var og álit fagmanna, að heppilegra væri að fresta viðgerð á þessu til næsta vors.

2.1. Lokið s. l. vetur og sumar.

2.2. Lokið s. l. vetur.

2.3. Lokið s. l. vetur. Þar sem eigendur óskuðu eftir somvyl veggfóðri, er því enn ekki lokið, þar sem verk þetta átti að vinna með lið 4.2.

2.4. Lokið, en á örfáum stöðum hafa komið fram kvartanir um endurtekið los á flísum og hefur þeim kvörtunum verið sinnt eftir föngum.

3.1. Lokið s. l. vetur.

3.2. Lokið s. l. vetur.

3.3. Lokið s. l. vetur.

4.1. Gerðar voru nokkrar tilraunir með lagfæringar á braki í parketi, og virtust nokkrar þeirra bera árangur.

4.2. S. l. sumar var pantaður gólfdúkur til viðgerða af sömu gerð og sá, sem fyrir var. Vegna verkfalla erlendis dróst nokkuð afgreiðsla á dúknum, en hann kom þó til landsins um miðjan okt. Þrátt fyrir margítrekuð loforð um að vinna þetta verk, hefur ekki orðið af efndum, en framkvæmdanefnd byggingaráætlunar mun gera sitt bezta til að fá verkið unnið hið fyrsta.

5. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur látið eftirlitsmann sinn og pípulagningarmeistara athuga þetta mál oftar en einu sinni, án þess að þeir gætu staðfest nokkurn leka.

6. Lokið s. l. haust.

7. Lokið s. l. sumar að öðru leyti en því, að ein stétt, sem þurfti lagfæringar við, mun hafa fallið út af skrá, auk þess sem frágangi við stéttir við Grýtubakka 18—20 er ekki að fullu lokið, enda þótt verktakinn, sem vann þetta verk, hafi oft heitið því, að svo skyldi verða.

8. Tvö húsfélög fengu mold til lagfæringar á lóð s. l. sumar.

Væntum við þess, að ofanritaðar upplýsingar skýri málin og takast megi að leysa þessi vandamál í friðsemd.

Virðingarfyllst,

Eyjólfur K. Sigurjónsson, form.
Ríkarður Steinbergsson, framkvstj."

Í framhaldi af þessu eru svo bréf send Ragnari Björnssyni, Hjaltabakka 2—16, Þorvaldi Þorvaldssyni, Grýtubakka 18—32, Erni Egilssyni, Grýtubakka 2—16, Friðþjófi Friðþjófssyni, Hjaltabakka 18—32.

Í tilefni af fsp. frá Húsnæðismálastofnun ríkisins um mál þetta var henni send eftirfarandi grg., sem skoða má sem framhald af bréfi framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, dags. 30. des. 1970 og hér kemur þessi grg.:

„Grg. um lagfæringu galla samkv. samkomulagi við formann húsfélaga, dags. 2. des. 1969.

Með grg. þessari fylgir ljósrit af bréfi, dags. 2. des. 1970, frá formönnum fjögurra húsfélaga í Breiðholti I. Enn fremur fylgir ljósrit af svarbréfi framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, dags. 30. des. 1970, en þar kemur fram álit framkvæmdanefndar á stöðu hvers liðar samkomulagsins frá 2. des. 1969. Við þessu svarbréfi framkvæmdanefndar byggingaráætlunar hafa ekki borizt neinar aths. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því, sem síðar hefur gerzt varðandi þetta samkomulag. Öðrum liðum telur framkvæmdanefnd byggingaráætlunar lokið, sbr. ofangreint svarbréf."

Svo kemur nánari skýrsla þessara aðila, svo hljóðandi:

„Liður 1.1. S. l. haust var skipt um allt móðugler, sem matsmenn töldu gallað í okt. 1970. Við endurglerjun kom í ljós, að móða hafði myndazt á fleiri rúðum, og var þá þegar pantað gler til úrbóta. Við glerjunina var notuð geymsla, sem tilheyrir sameigninni að Grýtubakka 2—16, en þegar átti að hefja undirglerjun í marz s. l., var starfsmönnum meinaður aðgangur að geymslunni, nema framkvæmdanefnd byggingaráætlunar greiddi leigu fyrir húsnæðið, 3 þús. kr. á mánuði, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar taldi allt of hátt leigugjald. Mér er tjáð, að þetta sé lítið kjallaraherbergi. Lögmanni framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og lögmanni húseigenda var falið að semja um hæfilega borgun fyrir húsnæðið, en samningar hafa ekki tekizt enn þá milli þeirra og endurglerjun því legið niðri. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að húsfélag þetta stendur í skuld við framkvæmdanefnd byggingaráætlunar að upphæð 184 867 kr. vegna hita frá kyndistöð á árinu 1969. Einnig er rétt að taka fram, að ábyrgð á gleri nær eingöngu til glersins sjálfs, en framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur þó kostað alla glerísetningu fram til þessa.

Liður 1.4 og 1.6. S. l. sumar var ætlun framkvæmdanefndar byggingaráætlunar að ljúka þessum liðum, en það tókst ekki, þar sem erfitt reyndist að fá málara til þess að vinna verkið.

Liður 2.3. Lögn á somvyldúk er ólokið.

Liður 4.2. Í ársbyrjun 1971.

Liður 7. Viðgerð á stétt þeirri, sem féll út af skrá um gallaðar stéttir, er ólokið, en öðru mun lokið.

Reykjavík, 31. maí 1972.

Ríkarður Steinbergsson."

Eins og áður er getið, bárust framkvæmdanefnd byggingaráætlunar engar aths. við bréf þetta, og var því haldið áfram að vinna að samkomulaginu, þar til starfsmenn framkvæmdanefndar byggingaráætlunar voru hindraðir við störf sín vegna deilu um kostnað vegna aðstöðu og vegna þess að efni og áhöld voru læst inni. Segja má, að þær aths., sem forráðamenn húsfélaganna voru beðnir um í árslok 1970, komi nú fyrst fram í fskj. II með þáltill. Við samanburð á áliti framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og hússtjórnarmanna kemur fram nokkur munur, en þó ekki eins mikill og í fljótu bragði gæti virzt. Það er margyfirlýst stefna framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, að af þeirra hálfu sé fullur vilji til að standa við ofangreint samkomulag, en að áliti framkvæmdanefndar byggingaráætlunar hefur þetta mál ekki haft eðlilegan framgang vegna annarlegrar afstöðu hússtjórnarmanna til samkomulagsins.

Þá er komið að þeim þætti mála, sem forstöðumenn húsfélaganna virðast hafa mestan áhuga á, en það eru kröfugerðir í sambandi við lóðir og brunavarnir. Í samkomulaginu frá 2. des. 1969 er tekið fram, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar muni aðstoða við lóðalögun vorið 1970 með því að leggja fram mold til verksins. Sumarið og haustið 1969 var mjög votviðrasamt, og höfðu grasblettir, sem ýmist voru lagðir þökum eða sáð í, skemmzt illa, og var ætlun húseigenda að gera við þessi svæði að vori. Vorið 1970 gerðu húseigendur kröfu til, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar tæki meiri þátt í lóðalögun en um getur í samkomulaginu frá 2. des. 1969. Varð þá að ráði, að báðir aðilar tilnefndu sinn manninn hvor til að láta í ljós skoðun sína á því, af hverju skemmdir af lóðunum stöfuðu, og var það álit þeirra beggja, að meginskemmdirnar stöfuðu af illri umgengni og átroðningi. Þessum málalokum undu öll húsfélögin nema eitt, sem fékk dómkvadda matsmenn til að meta galla á lóðinni, og var það mat framkvæmt í júní 1972. Mati þessu hefur framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hins vegar mótmælt, sbr. meðfylgjandi bréfaskipti milli framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Í svarbréfi framkvæmdanefndar byggingaráætlunar segir um þetta m. a.:

„Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hefur margt við framangreinda matsgerð að athuga og leyfir sér að mótmæla henni í einstökum atriðum og í heild. Sérstaklega er mótmælt þeirri túlkun á ákvæðum afsals varðandi lóðina, sem fram kemur í matsgerðinni. Að dómi framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er ekki tímabært að taka afstöðu til þess, hvort ástæða sé að biðja um yfirmat, fyrr en eftirgreind atriði eru fram komin:

1. Að hvaða marki matsgerðin verður notuð sem grundvöllur bótakröfu húsfélagsins á hendur Húsnæðismálastofnun ríkisins eða ríkissjóði?

2. Matsmenn hafi staðfest matsgerðina fyrir dómi og veitt svör við þeim spurningum, sem ástæða er að beina til þeirra."

Þarna er greinilega um áframhaldandi deiluatriði að ræða.

Fskj. III með þáltill. er dags 2. júlí 1972, frá Einari Eyfells umsjónarmanni eldvarna, um auknar kröfur eldvarnaeftirlits, frá því að húsin voru byggð. Að áliti framkvæmdanefndar byggingaráætlunar er hér um að ræða kvaðir, sem lagðar kunna að vera á húseigendur hverju sinni, en byggjendum húsanna óviðkomandi, enda koma þær fram, þegar búið hefur verið í húsunum í um það bil 3 ár. Engar sérstakar kvaðir um lokun stigahúsa, gerð eldvarnarveggja með tilheyrandi eldvarnarhurðum voru settar, þegar teikningar af húsunum voru samþykktar í byggingarnefnd. Þar er vani, að fulltrúar eldvarnaeftirlitsins yfirfari teikningarnar og geri aths., ef einhverjar eru, áður en byggingarleyfi er gefið út.

Í þáltill. er farið fram á, að íbúðareigendum verði gefinn upp byggingarkostnaður húsanna. Samkv. efnahagsyfirliti framkvæmdanefndar byggingaráætlunar frá 31. des. 1969 var byggingarkostnaður 1. áfanga 309 420 405,93 kr., að viðbættum vöxtum af 5 fjölbýlishúsum að upphæð 7 millj. 870 þús. kr., gerði samtals 317 290 405,93 kr. Seldar voru 260 íbúðir að upphæð kr. 253 millj. 870 þús., og Reykjavíkurborg voru afreiknaðar 52 íbúðir á kr. 49 millj. 200 þús., eða samtals kr. 303 millj. 70 þús. Kostnaður umfram söluverð íbúðanna varð kr. 14 220 405,93, og var hann fluttur á síðari framkvæmdir með tilliti til þeirrar reynslu, sem síðari byggingaráfangar nytu frá þeim fyrsta. Kostnaður framkvæmdanefndar byggingaráætlunar við lagfæringar umfram það, sem verktakar hafa sjálfir lagt í, nam í árslok 1972 kr. 3 602 482,10, en ekki hefur verið ákveðið, á hvern hátt þeim kostnaði verður mætt.

Að lokum vill framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ítreka vilja sinn til að leysa þessi mál á eðlilegan hátt og í samræmi við gerða samninga og afsöl. Hins vegar telur framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ekki ástæðu til að ganga lengra en samningar hljóða um og ef um ágreiningsatriði sé að ræða, þá séu þau leyst fyrir almennum dómstólum.

Reykjavík, 2. apríl 1973.

Eyjólfur K. Sigurjónsson, formaður.
Ríkarður Steinbergsson, framkvstj."

Þetta er sú grg., sem ég hef fengið frá framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og ber henni því miður fremur illa saman við staðhæfingar húseigenda, t. d. það, er segir í upphafi fskj. II, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og byrjun þessa samnings ber með sér, þá er um miklu fleiri galla að ræða en þá, sem flokkaðir eru undir gr. 1—8. Þær gr. eru aðeins um galla, sem eru í öllum stigahúsum og öllum blokkunum, en ekki bundnir við einstakar íbúðir.

Hvað viðkemur því atriði að gefa formönnum húsfélaganna kost á því að fylgjast með lagfæringum og hafa samráð við þá um meðferð ágreiningsefna, hefur það aldrei verið gert."

Ef þessi staðhæfing er sönn, þá er farið með rangt mál í grg. fulltrúa framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, og vil ég þó vona, að svo sé ekki. Ég held, að þær leiðréttingar og lagfæringar til efnda á viðbótarsamningnum, sem fulltrúar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar gera grein fyrir, hafi ekki getað farið fram hjá eigendum húsanna. Það er algerlega óhugsandi, en það er ein af staðhæfingunum í þskj., að ekki hafi verið staðið við þessi loforð, sem í viðbótarsamkomulaginu fólust.

Ég vil engan dóm leggja á þessi alvarlegu deilu- og þrætumál, en svo mikið er víst, að þeir, sem keyptu þessi hús, eru alveg í sömu sporum staddir og hverjir aðrir húskaupendur. Þeir fá tækifæri til þess að skoða húsin, kynna sér þau, áður en þeir undirrita samning og fá afsal, og ef um dulda galla hefur verið að ræða, þá eiga þeir auðvitað rétt á bótum fyrir þá. En umfram það hafa þeir með opnum augum gert samninga eins og hver annar löglegur aðili og hvort sem þeir hafa gert góð eða vond kaup, þá er það þeirra mál, en ekki annarra.

Ég sé ekki betur en full viðleitni hafi verið til þess að bæta úr þeim göllum, sem eigendur húsanna gerðu grein fyrir innan árs, og nokkuð umfram það, ef rétt er frá greint í skýrslunni,

og enn lýsa þeir því yfir, að þeir séu reiðubúnir til að standa við samkomulagið að fullu og öllu. Nokkrar tafir hafa orðið á framkvæmd, sem þeir gera grein fyrir, og er leitt til þess að vita, að ágreiningur skuli hafa verið svo magnaður, að tæki til viðgerðarinnar og efni til viðgerðarinnar skyldu hafa verið innilokuð í þessu húsnæði í Breiðholtinu, þannig að ekki var hægt um langan tíma að framkvæma viðgerðirnar þess vegna. Hér er vissulega um leiðindaatvik að ræða, sem gerir þetta mál allt saman heldur óskemmtilegt og óhreinna en æskilegt væri. Hins vegar er vitanlega ekki óskilið mál með öllum þessum íbúðareigendum og erfitt að taka það fyrir í einu lagi. Það gerir hver maður þarna samning fyrir sig um kaup á ákveðinni íbúð, og hann verður auðvitað að krefja gagnaðilann efnda samkv. þeim samningi, — hver um sig verður að gera þetta, — og ef mismunandi ágallar eru þarna, þá er varla hægt að benda á aðra leið heldur en þá, að hver um sig, ef ekki fást sanngjarnar og réttmætar úrbætur, leiti réttar síns fyrir dómstólum. Það verður hver íbúðarkaupandi að gera, ef mál ris út af slíkum gerningi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Það má vel vera, að þarna hafi ýmiss konar gallar komið í ljós. Þeir voru upp taldir í fskj. nr. I og viðbótarsamkomulag gert um úrbætur, sem að miklu leyti er fullyrt, að sé búið að framkvæma og fullur vilji sé á að framkvæma til fulls og standa að öllu leyti við, bæði við kaupsamninginn samkv. orðalagi hans og afsali og viðbótarsamninginn um úrbætur. Ég vænti, að þessi orð standist, og ef svo er, þá er þetta miklu fremur einkamál þeirra, sem þarna eiga viðskipti saman, heldur en að þetta sé eðlilegt þingmál.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég kom því miður 10 mínútum eða stundarfjórðungi of seint, þannig að ég heyrði ekki upphafsorð hæstv. félmrh., en það hafði verið tilkynnt í upphafi þingfundar í dag, að hann hefði fjarvistarleyfi. Engu að síður hygg ég, að ég hafi fengið nokkra hugmynd um megininntakið í ræðu hæstv. félmrh. Hann las upp grg. frá stjórn framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, þar sem vikið er að þessum deilumálum milli annars vegar íbúðaeigenda og framkvæmdanefndarinnar, og í þessari skýrslu er síðan málið skýrt frá sjónarmiði framkvæmdanefndarinnar. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þessa skýrslu, en hún kom mér ekki á óvart. Engum þm. gat dottið í hug, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar mundi á einn eða annan hátt játa á sig mistök í þessu máli. Hér eru aðilar, sem deila, og það, sem vekur furðu mína, er, að hæstv. félmrh. skuli taka gildan einhliða málflutning framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og láta síðan málflutning íbúðaeigenda, um 250 manns að tölu, lönd og leið. Það kemur mér dálítið á óvart.

Málið liggur í raun og veru afskaplega einfaldlega fyrir, eins og ég gerði mér ljóst í upphafi. Þarna eru tveir aðilar, sem deila. Báðir bera fram ákveðin atriði, og þess vegna er þáltill. flutt til þess að óska eftir hlutlausri rannsókn á þessu máli. Í þessari þáltill. er ekki neins staðar fullyrt af frsm., að íbúðaeigendur fari einhlítt með rétt mál. Hins vegar er vikið að því, að þetta mál sé þannig vaxið, að eðlilegt sé, að það sé kannað niður í kjölinn. Það kom líka fram í skýrslu framkvæmdanefndarinnar, að ýmsum verkum var lokið, en þó ekki lokið. Ýmsum verkum var lokið „að öðru leyti en því" o. s. frv. Þetta ætlaði framkvæmdanefndin að gera í þetta skiptið, en það vantaði málara o. s. frv., — endalausar úrtölur, hvergi hreinar línur. T. d. í grg. með þáltill. á bls. 2 stendur varðandi 1.1. um útveggi og þak, þar segir berlega í viðgerðarsamningnum: „Skipt verður um móðugler og sprungin gler." Nú kom fram í skýrslu hæstv. félmrh., að þessu máli hefði verið sinnt. Í skýrslu íbúðaeigenda segir um þetta atriði á bls. 4: „Hefur verið gert í nokkrum tilfellum, en mikið ógert enn þá." Við ætlum að fá úr þessu skorið. Það er vikið að lóðum. Það er deilt um lóðafrágang og kemur í ljós, að ein blokkin hefur látið gera lóðamat, og er það allmikil upphæð, en framkvæmdanefndin dregur þetta lóðamat í efa o. s. frv. Alla þessa hluti þarf að kanna. Yfirleitt má segja um þennan viðgerðarsamning, sem gerður var á milli framkvæmdanefndarinnar og íbúðaeigenda, að hvarvetna er eitthvað, sem ber á milli. Og þegar hæstv. félmrh. telur, að þarna sé eingöngu um einkamál að ræða, þá er það að vissu leyti rétt, en þó ekki öllu. Hér er öðrum þræði um það að ræða, að verkalýðshreyfingin sjálf hefur að nokkru leyti brugðizt þeirri skyldu sinni að styðja við bakið á þeim félögum sínum, sem þarna stóðu í húsakaupum. Og framkvæmdanefnd byggingaráætlunar er fjármögnuð af fé ríkissjóðs. Það er því eðlilegt, að félmrh., sem hefur opinberlega eftirlit með byggingu þessara íbúða öðrum þræði, beri að nokkru leyti ábyrgð á frágangi og smíðagöllum.

Það komu fram ýmsar aðdróttanir í garð íbúðaeigenda af hálfu framkvæmdanefndar byggingaráætlunar af því tagi, að starfsmenn hefðu verið hindraðir við störf sín, þessi viðgerðarstörf, og annarleg afstaða réði í ýmsum málum. Þetta eru náttúrlega dylgjur annars deiluaðilans. Og ég sé ekki betur en einmitt þessar deilur séu til þess fallnar að athuga, hver fari þarna með rétt mál og hvernig á þessum málum standi. Hæstv. félmrh. vék að því, að það væri eðlilegast, að þessi mál færu þá fyrir dómstólana, ef íbúðaeigendur væru ekki ánægðir. En við þetta er að athuga, að það er afskaplega torsóttur vegurinn til dómstóla í þessum málum. Það eru nokkrir íbúðaeigendur í málaferlum út af íbúðum sínum, og þau hafa staðið yfir í 3 ár og engan árangur borið enn. Þetta er það sem blasir við í íslenzku þjóðfélagi, hvernig það er fyrir íbúðakaupendur að ná rétti sínum, ef þeim þykir brotið af sér. Hér er hins vegar um stóran hóp manna að ræða, um 250 íbúðaeigendur, og gagnaðilinn er í raun og veru ríkissjóður og félmrn., og þessvegna er eðlilegast, að félmrn. í eitt skipti fyrir öll láti fara fram hlutlausa könnun á þessum málum.

Hæstv. félmrh. vék að því, að það væri mál íbúðaeigendanna einna, ef þeir keyptu með opnum augum íbúðir, sem hefðu smíðagalla eða ef

slíkir gallar kæmu síðar í ljós. Þetta þykir mér nokkuð mikið íhaldssjónarmið. Þetta er eiginlega afneitun þess, að neytendur þurfi einhverja tryggingu í þjóðfélaginu. Þetta er gamla sjónarmiðið, sem ríkti fyrir 30 árum, að ef seldur var hlutur og hann reyndist gallaður, þar neytandinn skaðann, því að hann sjálfur réð því, hvort hann keypti hlutinn eða ekki. Við þessi kaup er það að athuga, að þegar íbúðaeigendur keyptu sínar íbúðir, voru þær ekki til, þær voru í smíðum, og gallarnir komu fram síðar. Og þegar ýmsir gallar koma í ljós síðar, eftir að samningar hafa verið gerðir, þá er ekkert eðlilegra en íbúðaeigendur vilji sækja mál sitt til þess aðila, sem byggði íbúðirnar, þ. e. a. s. til framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Ég fæ ekki séð annað en það komi fram í skýrslu framkvæmdanefndar byggingaráætlunar viðurkenning á því, að ýmislegt sé enn ógert, að í íbúðunum séu ýmsir smíða- og frágangsgallar, sem þurfi að lagfæra, þrátt fyrir það að íbúðunum sé skilað fyrir þremur árum eða jafnvel fyrr, þannig að ég sé ekki, hversu lengi íbúðaeigendur eiga að búa við það, að það sé ekki gert við þá galla, sem eru fyrir löngu komnir fram í sambandi við íbúðirnar.

Ég skal nú ekki fjalla lengur um þetta. En það, sem ég vil vekja einkum athygli á, er þetta: Hér er eingöngu farið fram á hlutlausa rannsókn á því, sem ber á milli þessara deiluaðila. Hæstv. félmrh. tekur eindregna afstöðu með framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og telur ekki ástæðu til að láta gera hlutlausa rannsókn, þó að hann lesi í skýrslunni, að það sé enn ýmislegt ábótavant við frágang á þessum íbúðum. Er félmrh. hæstv. fyrst og fremst umboðsmaður framkvæmdanefndar byggingaráætlunar eða er hann umboðsmaður fólksins í landinu? Eiga ráðh. sífellt að túlka sjónarmið þeirra manna, sem hafa fyrst og fremst aðstöðu í þjóðfélaginu, en láta neytandann lönd og leið? Ég hugsa, að það væri ráð fyrir hæstv. félmrh. að fara upp í Breiðholtsáfanga I og skoða íbúðirnar og sjá, hvernig stéttirnar hafa sigið frá húsunum, skoða móðuglerin. Þessi afstaða hæstv. félmrh., að láta þetta afskiptalaust, er að mínu viti óábyrg. Hún sýnir, að hann telur ekki ástæðu til að taka tillit til vilja þessara íbúðaeigenda, um 250 að tölu, þó að fram komi í skýrslunni viðurkenning á smíðagöllum, sem eru ólagaðir, þrátt fyrir að þau hafi verið 3 ár í smíðum, og allt og sumt, sem farið er fram á, er hlutlaus könnun á þessum vanda.

Um þetta er náttúrlega ekkert að fást. Hæstv. félmrh. skilur þersýnilega ekki hlutverk sitt sem ráðh., og hann afneitar þeim nýju hugtökum, sem felast í neytendasjónarmiðum, og telur, að neytendalöggjöf sé miðuð við það, að úr því að þú keyptir gallaðan grip, þá heldur þú honum og berð ábyrgð á því, — ógerningur er að leita réttar síns nema fyrir dómstólum. Þetta eru íhaldssjónarmið, enda á hann heima í flokki íhaldsmanna.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ræðustóllinn hér á Alþ. hefur sjaldan verið jafnhart leikinn og af síðasta ræðumanni. Hann hefur verið laminn hér utan og þó af litlu tilefni. En svona er það, dauðir hlutir verða stundum að gjalda þeirra manna, sem umgangast þá.

Ég skal ekki vera langorður um þetta mál, en þegar það er fullyrt, að ég hafi gerzt verjandi annars aðilans, þá er það alrangt. Það eru bein ósannindi. Og þau rek ég heim til föðurhúsanna. Ég hef hér í áheyrn alþm. í tilefni af því þskj., sem hér liggur fyrir, flutt skýrslu og gert þm. þannig kunnugt um ýmis atriði, sem óljós voru og enginn vissi um, sem lesið hafði þskj. eitt, en það var túlkun á málstað annars aðilans. Ég er hvorki verjandi né sækjandi í þessu máli, en ég tel mér skylt að reyna að upplýsa málið frá báðum hliðum. Ég hef því enga einhliða afstöðu tekið til þessa máls, og þegar skýrslan er talinn skýrsla félmrh., þá eru það önnur ósannindin í viðbót, því að það var skýrt fram tekið, að þetta væri skýrsla framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, en ekki skýrsla mín um málið, enda hef ég enga beina þekkingu á þessu máli. Þessir atburðir gerast á árunum 1968—1969, og ég hafði engin afskipti af þeim málum á þeim tíma sem félmrh.

Ég vék að því, að þetta væri einkamál hvers íbúðarkaupanda, og ég fæ ekki séð annað en svo sé. Ég sé ekki, að hægt sé að taka heilan hóp manna, sem hafa gerzt aðilar að samningum um kaup á íbúðum, í eitt númer. Ef hv. 3. landsk. þm. kaupir hús og undirritar samning, fær fyrir þeirri íbúð afsal og hann verður síðan þess var, að gallar eru á eigninni, og hann telur sig eiga réttar að reka samkv. samningi og afsali, dettur honum þá í hug að leita til Alþ. til þess að rétta sinn hlut? Eða hver er annars munur á honum og hverjum einstökum íbúðareiganda í Breiðholti? Mér þætti það hreint og beint broslegt, ef hv. 3. landsk. þm., í stað þess að leita réttar síns fyrir dómstólum landsins, segði, að það væri ómögulegt að ná rétti sínum í þessu þjóðfélagi, og svo hlypi hann til Alþ. með það. Og þótt það væru 30 Bjarnar Guðnasynir, þá breytti það ekkert myndinni. Þeir ættu enga leið til Alþ. með það. Þeir hefðu gert samning, sem þeir eiga sjálfir að standa ábyrgir fyrir annars vegar og viðskiptaaðilinn hins vegar, og verði ágreiningur þar á milli, þá eru dómstólarnir til þess að skera úr um hann. Ef við búum ekki í réttarríki, þá er a. m. k. meira athugavert en í þessu tilfelli einu, og þá er ástæða fyrir hv. þm. að taka það í gegn, ef menn búa ekki við réttaröryggi í þessu landi.

Torsóttur vegur fyrir dómstólunum til þess að ná rétti sínum? Það er þá því aðeins, að málin liggi ekki ljóst fyrir. Það er ekki Alþ. að skera úr ágreiningi manna á milli í þjóðfélaginu út af persónulegum gerningum, sem menn gera í viðskiptum við aðra. Hér liggur málið þannig fyrir, að það eru aðilar, sem deila út af samningsgerð og fullnægingu samningsgerðar, og þessir aðilar eiga að leita til dómstólanna og láta þá framkvæma slíkt mat og ganga úr skugga um, hver hafi rétt fyrir sér. Framkvæmdavaldið og dómsvaldið að þessu leyti er ekki í höndum Alþ. Hér liggja fyrir margfaldar yfirlýsingar frá framkvæmdanefnd byggingaráætlunar um það, að hún hafi verið að leiðrétta og sé reiðubúin að lagfæra að fullu og standa við samning

og viðbótarsamning, og meðan slík tilboð eru fyrir hendi skjalfest, á auðvitað að fara þá leið að láta þá standa við það. Ég get ekki fundið, að það sé ástæða til að leita til nokkurra annarra aðila, ekki einu sinni dómstóla, þegar slík tilboð liggja fyrir skjallega.

Það má vel vera, að það sé mikil freisting fyrir hv. 3. landsk. þm. að koma höggi á mig út af þessu máli, en ég er óviðkomandi málinu. (**BGuðn:** Alveg saklaus?) Alveg saklaus, já, í þessu máli. Og það verða hans vindhögg og klámhögg í senn.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að þessar íbúðir í Breiðholti voru fjármagnaðar 80% með fé úr ríkissjóði. Það er ríkissjóður, sem er þarna megin byggingaraðiliinn, þó að það sé falið n., sem heitir framkvæmdanefnd byggingaráætlunar. Þess vegna er eðlilegt, að það sé ríkissjóður — og þá félmrn., sem þar kemur fram fyrir hönd ríkissjóðs, — sem láti sig það varða, ef þessar íbúðir reynast hafa verið með smíða- og frágangsgöllum. Það er ekki sambærilegt, þegar einstaklingur selur einstaklingi í þjóðfélaginu. Hér horfir málið allt öðru vísi við. Og það eru, eins og tekið er fram í reglugerð um þessi hús, eftirlitsmenn frá félmrn., sem fylgjast með frágangi og hafa eftirlit með þessum húsum, þannig að ábyrgðin liggur verulega á félmrn., og þá er ekkert óeðlilegt við það, þó að félmrn. grípi inn í, ef eitthvert misferli á sér stað. Þetta liggur alveg ljóst fyrir.

Í annan stað vil ég segja það, að þessi viðgerðarsamningur var gerður 1969. Hvaða ár er núna, hæstv. félmrh.? 1973, og enn er ekki búið að ganga frá þeim viðgerðarákvæðum, sem kveðið var á um í viðgerðarsamningnum. Er nokkur furða, þó að fólkið fari að ókyrrast? Ég vil líka benda á það, eins og ég hef sagt reyndar áður, að hér eru tveir aðilar, sem deila, og af hverju þá ekki að fá hlutlausa rannsókn í þessum málum? Er nokkuð athugavert við það? Er það ekki skylda félmrn. beinlínis að kanna þessi mál, úr því að eftirlitsmenn frá félmrn. hafa fylgzt með byggingu íbúðanna í Breiðholti? (**Félmrh.:** Hverjir eru þeir? Hverjir eru frá félmrn. þarna?) Lestu reglugerðina. Þetta er ósköp einfalt mál, sem ég legg áherzlu á. Það er beinlínis að fá hlutlausa rannsókn, það er allt og sumt. En eins og ég lauk máli mínu síðast, það er von, að það standi dálítið á því að fá þessa hlutlausu rannsókn, af því að hæstv. félmrh. skilur ekki inntak nútíma neytendaverndar og er íhaldsmaður.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var auðheyrt á hv. 3. landsk., að það kom við hann, þegar ég hafði vikið að því, hvort það mundi vera hlutverk Alþ. að skipta sér af því, ef hann keypti hús og á því kæmu svo í ljós gallar, hvort nokkrum dytti þá í hug, að hv. 3. landsk. ætti þá að snúa sér til Alþ. til að fá leiðréttingu sinna mála. Jú, hann segir, að sá sé munurinn á þessu, að ríkið hafi fjármagnað þessi hús. Þess vegna á Alþ. að skipta sér af svona málum. Mjótt er nú í samhengisþræðinum þarna, held ég.

Sannleikurinn er sá, að það liggur auðvitað í augum uppi, að kaupirðu hlut gallaðan, þá færðu þá galla, sem þú sérð á hlutnum, þegar þú gerir samning um hann, ekki bætta. Hafi hins vegar hluturinn verið með leynda galla, þá ber að bæta úr þeim af seljandanum. Kaupendurnir að íbúðunum í Breiðholti gera samning, þeir undirskrifa þetta, áður en þeir gera samninginn, að kaupandinn hafi kynnt sér ástand eignarhlutans og sætt sig við hann að öllu leyti. Til að uppfylla þetta ákvæði er kaupendum gefinn kostur á að yfirfara íbúðurnar, áður en þær eru afhentar, og gera kvartanir um frágang eða annað. Hugsanlegir gallar eru síðan lagfærðir og kaupendum sýnd íbúðin aftur. Hún er ekki afhent fyrr en kvittað hefur verið fyrir, að öllum aths. hafi verið sinnt. Samkv. þessu hafa allar íbúðir verið afhentar í Breiðholtinu. Þetta er í afsalinu fram tekið. Menn, sem eru búnir að undirskrifa þetta, verða auðvitað að eiga það við sjálfan sig, hvort þeir hafa keypt góðan hlut eða vondan. En hitt er alvarlegt mál, ef það er satt, sem hv. 3. landsk. heldur fram, að menn nái ekki rétti sínum í þessu þjóðfélagi. (**BGuðn:** Torsótt, torsótt.) Torsótt, torsótt, segir hann. En mundi það ekki vera skylda þín samt, þó að það sé torsótt, að fara lagalegar leiðir í þessu? Og ég held, að honum dytti ekki neitt annað í hug, hv. þm., heldur en að fara í mál sjálfur og reka það fyrir dómstólum Íslands, ef hann hefði orðið fyrir því að kaupa íbúð með göllum, sem honum hefðu verið leyndir. Það er engin önnur rétt leið til í þessu máli, hvort sem kaupandi húseignar er í Breiðholti eða hvar sem er á landinu. Hann verður að standa ábyrgur fyrir sínum samningum sjálfur og leita réttar síns fyrir dómstólum landsins.

Það er ein fásinnan enn, að félmrn. sé lagalegur aðili, þegar þetta fólk í Breiðholti hefur gert kaupsamning, fremur en þegar Pétur eða Páll kaupir eða selur hús. Það er ekkert fremur aðili að þessu heldur en öðrum fasteignasölum og kaupum. Kaupsamningar eru milli tveggja aðila, seljanda og kaupanda.

Að fengnum upplýsingum um málið, upplýsingum fyrir hönd kaupendanna samkv. þskj. annars vegar og upplýsingum að því er snertir framkvæmdanefnd byggingaráætlunar samkv. hennar eigin skýrslu hins vegar, liggur málið nokkuð ljóst fyrir Alþ. og menn gera sér ljóst, að hér er eingöngu um það að ræða, hvernig menn eiga að fá úr því skorið, hvort samningarnir í Breiðholti verði uppfylltir eða ekki. Hér liggja fyrir í skýrslu framkvæmdanefndarinnar skýlausar yfirlýsingar um það, að til þess sé fullur vilji að framkvæma bæði samninginn og viðbótarsamninginn. Og þegar slík boð liggja fyrir, þá á auðvitað að taka þeim, og með engum hætti má það koma fyrir, að sá aðili, sem vill efna samninginn, sé hindraður í því að gera það.

Flm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég ætla aðeins að lesa hér upp úr reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar,

þar sem segir svo í 12. gr., og bið ég nú hæstv. félmrh. að leggja við hlustir:

„Félmrh. skipar 2 trúnaðarmenn í samráði við borgarstjóra Reykjavíkur, til þess að hafa eftirlit með öllum byggingarframkvæmdum og fjárreiðum vegna íbúðabygginga þeirra, sem um ræðir í reglugerð þessari. Skal annar þessara trúnaðarmanna vera löggiltur endurskoðandi, en hinn skal vera tæknifróður maður á sviði byggingarmála. Allar meiri háttar framkvæmdir og samningagerðir skulu staðfestar af tæknilegum eftirlitsmanni. Skulu trúnaðarmenn þessir sameiginlega gera félmrn. og borgarstjóra Reykjavíkur grein fyrir eftirliti sínu og endurskoðun missirislega."

Líklega hefur hæstv. félmrh. ekki séð þessi plögg.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta var nefnilega einn útúrdúrinn enn hjá röklausum manni. Þetta var um viðskipti félmrn. og Reykjavíkurborgar, meðan á byggingu stæði á þessum íbúðum, en það hefur ekki komið ein einasta kvörtun frá Reykjavíkurborg varðandi íbúðirnar gagnvart félmrn. Þetta var um þau viðskipti, en ekki viðskipti þeirra, sem keyptu íbúðir í Breiðholti.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl kl. 6 síðdegis.

Eina dagskrármálið var tekið af dagskrá.

Neðri deild, 84. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl, kl. 6 síðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 593, 594, 597, 602, 604, 605, 607, 608 og 610). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 597,1 samþ. með 24:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, RH, SV, SvH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, EBS, EystJ, FÞ, JJ, GuðlG, GunnG, GTh, HES,HV, JóhH.
nei: JSk, JónasÁ, KP, LJós, JSÞ, PP, SvJ, VH, BGr, EÐS, GS, GÞG, GilsG.
IngJ IG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (StefG) fjarstaddur.
Brtt. 594,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 597,2 samþ. með 19:18 atkv.
Brtt. 605 samþ. með 30:1 atkv.
Brtt. 597,3 samþ. með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, SV, SvH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, EBS, EystJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, HES, HV, JóhH, LárJ.
nei: JSÞ, PP, SvJ, VH, BGr, EÐS, GS, GÞG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, GilsG.
RH, JJ, IngJ, IG greiddu ekki atkv.
1 þm. (StefG) fjarstaddur.
Brtt. 607 felld með 19:18 atkv.
Brtt. 602 felld með 19:14 atkv.
Brtt. 604 felld með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, SvH, BGr, BP, EBS, FÞ, GuðlG, GunnG, GTh, IngJ.
nei: IG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, EÐS, EystJ, GS, JJ, GÞG, HES, HV, GilsG.
SV greiddi ekki atkv.
1 þm. (StefG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Með tilliti til þess, að samkvæmt frv., eins og það er nú orðið, liggur fyrir heimild til handa ráðherra að fjölga heilsugæzlustöðvum, og einnig með tilliti til þeirrar yfirlýsingar, sem hér var lesin í gær fyrir hönd ráðherra um, að þessa heimild mundi hann nota, og í þriðja lagi vegna munnlegrar yfirlýsingar hæstv. ráðherra um, að hann muni til þess sjá, svo framarlega sem það verði fært, að héraðshjúkrunarkona verði staðsett á Bíldudal a.m.k. yfir vetrarmánuðina, þá segi ég nei.

Brtt. 608,1 felld með 19:14 atkv.
Brtt. 610,1 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 594,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 594,3 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 610,2 felld með 20:11 atkv.
Brtt. 594,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 610,3 felld með 19:12 atkv.
Brtt. 594,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 594,6 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 610,4 felld með 20:14 atkv.
Brtt. 610,5 felld með 20:15 atkv.
Brtt. 594,7 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 594,8 samþ. með 38 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470, n. 582). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475, 583). — 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 581). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Þriðjudaginn 10. apríl, að loknum 84. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554, n. 627). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, lýtur að því, að tekið verði alveg fyrir það, að það geti átt sér stað í nokkrum tilfellum, að opinberir starfsmenn, sem njóta fullra launa, fái jafnframt greiðslur úr lífeyrissjóði. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þetta hér. N. hefur einróma mælt með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, (þskj. 618). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, sem gerður var 29. des. 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í hafið. Samningur þessi tekur til allra hafsvæða jarðar utan landhelgisgrunnlína og á m.a. rætur sínar að rekja til mengunarráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík 10.—15. apríl 1972. En nú þykir rétt að sýna hug Íslendinga til baráttunnar gegn mengun hafsins með því að fá heimild til staðfestingar samningsins.

Að öðru leyti skal ég láta nægja að vísa til athugasemda á þskj. 618 svo og samningsins, sem þar er prentaður í heild sinni. Þetta frv. er allt of seint fram komið, það skal ég viðurkenna, og ég fer fram á það með hálfum huga, við hv. n., að hún hraði afgreiðslu frv., til þess að þetta mál megi ná fram að ganga fyrir þinglok. Hér er ekki um ágreiningsmál að ræða og að ég hygg vel undirbúið frv.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að gagnrýna þetta frv., sem hér liggur fyrir, það er vafalaust sjálfsagt mál. En mér finnst ekki vera hægt annað en að átelja mjög þau vinnubrögð hæstv. ríkisstj. að demba inn í þingið þeim ósköpum af málum, að það er ekki lengur nokkur leið, að þm. geti lesið þau. Hér er um frv. að ræða, sem hefði getað komið fyrir þingið miklu fyrr. Hér er enn fremur till. til þál. sem nú er verið að útbýta, um að gerast aðilar að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara. Ég veit að vísu ekki, hvað sá samningur er nýr af nálinni, að mér þykir ólíklegt, að ekki hafi verið auðið að koma því máli fram fyrr. Þetta tel ég ástæðu til að harma, því að hér er mikið af öðrum málum, sem talið er óumflýjanlegt að fái afgreiðslu á þinginu. Því eru auðvitað viss takmörk sett, ef þingi á að ljúka fyrir páska, sem mér skilst að sé stefnt að, hvað ríkisstj. getur lengi haldið áfram með þessum hætti. Ég fann það á hæstv. utanrrh., að hann skildi þetta og harmaði í raunínni, að þetta skyldi vera með þessum hætti. En ég held, að hæstv. ríkisstj. verði að hætta þessu í eitt skipti fyrir öll og gera sér grein fyrir því, að ef hún ætlar að ljúka þingi, má þetta ekki ganga með þessum hætti. Jafnvel þó að um ágreiningslaus mál sé að ræða, er ákaflega óviðkunnanlegt, að þm. skuli ekki einu sinni hafa tíma til þess að gera sér grein fyrir því, hvað í þeim felst.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef raunar ekki miklu við það að bæta, sem ég áðan sagði. Ég harma það, hversu seint þetta frv. og þessi þáltill. er á ferðinni og tek á mig alla ábyrgð á því. Það var vissulega hægt að leggja þessi mál fram fyrr, og eins er með þáltill. um varnir gegn loftránum. Gegnir þó að því leyti öðru máli um þá till., að til þess að við gætum fengið heimild til að staðfesta þá samninga, þurfti að bera breytingu á hegningarlögunum, sem nú er langt komin í gegnum

þingið og er forsenda fyrir því, að við getum staðfest þessa samninga.

Ég endurtek það, að mér þykir miður, að þetta eina mál, sem ég hef lagt fyrir hv. d. á þessu þingi, skuli þurfa að koma svona seint fram, og get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að þetta er eina málið, sem ég mun leita til hv. d. með að fá samþ. Það er því ekki von á fleiri töfum úr minni átt á starfi þessa þings.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 540 (sbr. 73)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 611 (sbr. 355)). — Frh. 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 190 felld með 10:10 atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 553, n. 628). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Það varð fullt samkomulag um það í fjh.- og viðskn. að mæla með samþykkt þessa frv. Það er skammt liðið síðan það var lagt fram og fyrir því talað hér í d. og ekki ástæða til að endurtaka rækilega það, sem þá kom fram. Eins og frv. ber með sér, eru í því þær breytingar einar, að skip eru gerð ábyrg fyrir því, að hægt sé að gera grein fyrir þeim tollvörum, sem sanna má, að hafi farið um borð í þau erlendis, þó það komi ekki fram, þegar hingað er komið, eins og dæmi eru sögð vera til.

Í öðru lagi eru tölur varðandi útkljáð mál án dómstóla í sambandi við sektir og upptöku vara hækkað nokkuð í samræmi við þá verðlagsþróun, sem í landinu er og allir þekkja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 489, n. 586). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um jafnlaunaráð, en frv. er áður komið frá Nd. N. mælir eindregið með samþykkt frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Frv. um jafnlaunadóm var flutt á síðasta þingi af hv. 4. landsk. þm., en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. var svo endurflutt í breyttri mynd í haust sem frv. um jafnlaunaráð, og stóðu þá að því þm. úr öllum flokkum með 4. landsk. þm. í fararbroddi. Nd. gerði nokkrar breytingar á frv., og þannig liggur það nú fyrir breytt hér í deildinni.

Það munu ekki teljast þörf á því að fara mörgum orðum um frv. þetta, svo mjög sem um það hefur verið rætt innan þings og utan. Kveikjan að því liggur í þeirri staðreynd, að hvergi nærri er um fullan launajöfnuð að ræða milli karla og kvenna í okkar þjóðfélagi, þó að þar hafi margt áunnizt, að vísu að undangenginni áratuga baráttu. Frv. lýtur í grundvallaratriðum að því, hvernig tryggja megi launajafnrétti í reynd og koma í veg fyrir misrétti í þeim efnum. Misréttið kemur víða fram, ef vel er að gáð, og það hlýtur því að teljast brýn nauðsyn að freista þess að koma í veg fyrir, að vinnuveitandi, hvort sem það er einkaaðili eða opinber aðili, geti á einhvern hátt sniðgengið jöfnun í þessum efnum og mismunað starfsfólki sínu á einhvern hátt eftir kynferði einu saman, án tillits til menntunar og hæfileika. Frv. þetta, ef að lögum verður, er vissulega veruleg trygging fyrir því, og ég vil sérstaklega fagna því, að um það hefur náðst eins góð eining hér á Alþ. og raun ber vitni um.

Ef rétt er litið á einstakar greinar, fjalla 1. og 2. gr. frv. um þá skyldu að greiða jöfn laun fyrir sambærileg störf og um það, að óheimilt sé að mismuna fólki eftir kynferði við ráðningu eða launaákvörðun. 3. gr. er um skipan jafnlaunaráðs, hverjir skuli tilnefna fulltrúa, eins og þar stendur. 4. gr. er viðamest og fjallar um verkefni jafnlaunaráðs, en þar er m. a. kveðið á um framkvæmd laganna, ráðgjöf, rannsókn mála og eins að fylgst sé með þjóðfélagsþróuninni og gerðar till. í samræmi við hana. 5. gr. fjallar um meðferð jafnlaunaráðs á lagabrotum af þessu tagi, 6. gr. um málsmeðferð fyrir héraðsdómi og 7. gr. um reglugerðarsetningu í samræmi við anda laganna.

Ég tel svo óþarft að fjölyrða hér frekar um málið, en n. mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 551 (sbr. 130), n. 598). — 2. umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta um fangelsi og vinnuhæli hefur allshn. d. haft til meðferðar. Það kemur frá Nd., sem hefur gert á því nokkrar breytingar. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta frv., sem eigi að síður er mjög mikilsvert. Hlýtur það að vera ofarlega í huga dm. og þeim það nægilega kunnugt, enda hefur það verið rætt áður. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 565, n. 621). — 2. umr.

Og skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að mæla fyrir áliti allshn. um það frv., sem hér er til 2. umr., en það fjallar um breytingu á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

Um þessar mundir eru um 2½ ár síðan ég ásamt Karli G. Sigurbergssyni flutti till. til þál., sem er undanfari þess frv., sem hér er til umr. Sú till., sem flutt var í nóvember 1970, fékkst ekki afgreidd á því þingi, en var á næsta þingi endurflutt óbreytt af öllum þm. Reykn. og samþ. í Sþ. hinn 24. febr. 1972.

Aðalástæðan til þáltill. var hið augljósa óhagræði, sem íbúar Suðurnesja utan Keflavíkur hafa af því að þurfa að sækja alla þjónustu, sem varðar embætti sýslumanns, til embættis í Hafnarfirði. Íbúar Miðnes- og Gerðahreppa hafa t.d. þurft að fara um Keflavík og allt til Hafnarfjarðar, ef þeir hafa þurft að þinglýsa skjali, skrá bifreið eða sinna öðrum slíkum erindum, enda þótt bæjarfógeti sitji í Keflavík. Á hinn bóginn getur það naumast talizt hagkvæmt fyrir ríkissjóð, að embætti í Hafnarfirði annist löggæzlu í sveitarfélögum á Suðurnesjum, í stað þess að fela embættinu í Keflavík stjórn þeirra mála. Fyrir mitt leyti hef ég talið eðlilegast, að jafnframt þeirri breytingu, sem með þessu frv. er lagt til að gerð verði í samræmi við áður samþ. þáltill., þ.e. að bæjarfógetinn í Keflavík verði einnig sýslumaður í Gullbringusýslu, en Garða- og Bessastaðahreppur falli undir Kjósarsýslu, þá hefði einnig verið lagt niður embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og störf hans sameinuð embættinu í Keflavík, en embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyrir nú undir utanrrn. Þótt sú breyting sé ekki gerð að þessu sinni, tel ég, að höfuðtilganginum sé náð með því að tryggja íbúum sveitarfélaganna á Suðurnesjum afgreiðslu mála sinna í Keflavík, í stað þess að þeir hafa, aðrir en Keflvíkingar, þurft að sækja hana til Hafnarfjarðar.

Á undanförnum árum hefur jafnt og þétt verið að aukast samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum og samstaða íbúanna um þau mál, sem sérstaklega varða hagsmuni fólks á þessu svæði. Ég er þeirrar skoðunar, að með því að gera Suðurnesin nú að sérstöku lögsagnarumdæmi sé ekki einungis verið að bæta og auka þjónustu við almenning á þessum stöðum, án þess að fjölga embættum, heldur verði þessi breyting að vissu leyti tímamótamarkandi varðandi samkennd Suðurnesjabúa. Suðurnes verða í vitund íbúanna þar og annarra enn betur afmörkuð sjálfstæð heild, þegar byggðarlögin verða sérstakt lögsagnarumdæmi, og ég vænti þess, að breytingin verði Suðurnesjabúum til farsældar.

Allshn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 534, n. 641, 642). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur litið á frv. til l. um breyt. á l. n. 68 frá 10. okt. 1967 um iðnlánasjóð. Eins og því miður er um mörg önnur frv., sem nú eru til afgr., kom þetta frv. seint fram, og ber að harma það. N. gat því ekki gert annað en að hafa samband við formann Félags íslenzkra iðnrekenda og meðlimi í stjórn iðnlánasjóðs. Þar upplýstist, að frv. þetta hefur þegar verið skoðað af stjórn iðnlánasjóðs og Félagi íslenzkra iðnrekenda, og er þar mælt með samþykkt frv. N. komst því að þessari sömu niðurstöðu og mælir með samþykkt frv. á þskj. 641, en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorv. Garðar Kristjánsson.

Síðan var haft samband við mig af iðnrn. og athygli vakin á því, að það getur orkað nokkuð tvímælis í sambandi við iðnlánasjóðsgjald, sem gert er ráð fyrir að hækka úr 0,4% í 0,5%, hvort það komi til framkvæmda nú þegar, þótt lög þessi öðlist gildi nú þegar samkvæmt 3. gr. frv. En það mun vera samkomulag með stjórn iðnlána sjóðs og iðnrn., að þetta eigi að koma til framkvæmda strax. Því legg ég fram á þskj. 642 brtt. ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v., þess efnis, að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, en þar segir, að álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skuli koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1973.

Ég sé ekki, að ég þurfi að hafa mörg orð um þetta frv. Það er nýlega búið að mæla fyrir því hér, en í fáum orðum sagt felst í frv. að rétta nokkuð við eigin fjárstöðu iðnlánasjóðs eins og annarra sjóða, sem nú er fjallað um á hv. Alþ. í þessu sama skyni. Hlutur eigin fjár hefur mjög farið halloka upp á síðkastið, og er að allra dómi orðin brýn nauðsyn, að það sé lagfært. Ætlunin er að gera það með því að hækka um 25% iðnlánasjóðsgjaldið sjálft, úr 0,4% í 0,5%, og jafnframt komi á móti 50 millj. kr. frá ríkissjóði, en það hefur verið 15 millj. til þessa og ekki orðið á því breyting í mörg ár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég þeirri skoðun minni, að það væri mjög tímabært og nauðsynlegt að efla iðnlánasjóð. Hins vegar tjáði ég mig enn fremur þeirrar skoðunar, að það kæmi til álita, hvort

það væri rétt að farið í þessu frv. og sérstaklega að hækka iðnlánasjóðsgjaldið úr 0,4% í 0,5%. Ég vakti athygli á því, að það væri ekki líklegt, að þessi aðgerð, að hækka iðnlánasjóðsgjaldið, væri lækning á þeirri meinsemd, sem fram væri komin í sambandi við fjárfestingarsjóðina almennt. Eins og segir í grg. frv., hefur ástandi þeirra hrakað svo, frá því að núv. ríkisstj. kom til valda, að undir útlánum þeirra er nú aðeins staðið með eigin fé, sem nemur 33%, en áður var það 55%. Ég minnti enn fremur á það, að upphæð iðnlánasjóðsgjaldsins hefði ekki verið breytt frá því 1963, að iðnlánasjóðsgjaldið var fyrst sett, þrátt fyrir þá verðbólguþróun, sem síðan hefur verið. En svo mjög hefur keyrt um þverbak nú á síðustu misserum, að ríkisstj. telur sig knúða til að grípa til þessa ráðs.

Ég lagði til, að málið fengi ítarlega athugun í n. En það er svo um þetta mál eins og önnur stór og mikilvæg mál, sem lögð hafa verið fyrir þingið nú á síðustu dögum, að það fást engin eðlileg vinnuskilyrði til að athuga málin. Iðnn. hélt skyndifund í gær til þess að setja stimpil á þetta frv., og auðvitað fór þar engin raunveruleg athugun fram á þessu mikilvæga máli. Því miður var ég forfallaður og gat ekki mætt á þessum fundi, en auðvitað hefði það engu breytt, þó að ég hefði mætt, það hefði ekki verið gefinn lengri tími til athugunar á málinu fyrir því.

Ég gerði þá fsp. við 1. umr. til hæstv. iðnrh., hvort það hefði verið haft samráð við samtök iðnaðarins varðandi hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins, en ráðherra lýsti því yfir, að það hefði verið haft samráð við Félag íslenzkra iðnrekenda. Hv. frams. iðnn. staðfesti þetta í ræðu sinni áðan og sagði enn fremur, að n. hefði haft samband við stjórn iðnlánasjóðs. (**Gripið fram í:** Formann Félags íslenzkra iðnrekenda, sem er í stjórn.) Nú, ég hélt, að n. hefði gefið sér tíma til þess að hafa formlegt samband við stjórn iðnlánasjóðs, en hv. frsm. leiðréttir það. Það var ekki einu sinni tími til þess. En það vill svo til, að formaður Félags íslenzkra iðnrekenda er í stjórn iðnlánasjóðs.

En ég vil láta þess getið hér, að ég hef haft samband við Landssamband iðnaðarmanna, sem þetta mál snertir ekki síður en Félag íslenzkra iðnrekenda. Ég vil upplýsa það, að Landssambandið hefur einnig samþykkt þessa hækkun. Þeir aðilar, sem þetta mál varðar mest, hafa lýst samþykki sínu við hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins.

Þetta breytir ekki skoðun minni á því, að þetta mál þurfi miklu betri athugun, en með því að samtök iðnaðarins hafa fyrir sitt leyti samþ. hækkun iðnlánasjóðsgjaldsins, mun ég greiða þessu frv. atkv. Hins vegar legg ég áherzlu á það, að sú athugun þessa máls, sem ég taldi að væri nauðsynleg nú, verður að koma til síðar og helzt á næsta þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 642 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5, n. 643). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við getum víst ekki kennt hæstv. ríkisstj. um það, að þetta mál er svona seint á ferðinni, því að það er með fyrstu málum þessa þings, en barst ekki til Ed. fyrr en nú fyrir örfáum dögum. Iðnn. hefur skoðað þetta frv., sem er staðfesting á brbl. og felur raunar eingöngu í sér hækkun á kílówattaframleiðslu, heimild til virkjunar Mjólkár í Arnarfirði í 10 þús. kw. Mælir n. í nál. á þskj. 643 með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 118, n. 635, 636). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 635, leggur landbn. til, að frv. þetta verði samþ. ásamt brtt. um að heimila ríkisstj. að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnes. Hreppsnefnd Borgarness hefur óskað eftir því, að hreppurinn fái land þetta keypt. Borgarneskauptún hefur stækkað mjög mikið á undanförnum árum og vantar land og stærra athafnasvæði, svo að hægt sé að koma fyrir á sómasamlegan hátt öllum stærri mannvirkjum, svo sem nýrri mjólkurstöð o. fl. Mál þetta hefur verið rætt við jarðeignadeild ríkisins og dóms- og kirkjumrn., sem eru söluheimildinni meðmælt. Álit hreppsnefndar Borgarhrepps í Mýrasýslu liggur einnig fyrir, þar sem meiri hluti hreppsn. mælir með sölu þessa hluta úr Borgarlandi. Landbn. stendur öll að þessari brtt. og frv. í heild.

ATKVGR.
Brtt. 636,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 636,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 609, n. 633, 634 og 638, 610, 639, 640). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán

vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973. Eins og hv. þm. er kunnugt, var frv. þetta lagt fyrir Alþ. þegar í haust, og hafði á s.l. ári verið undirbúið af Framkvæmdastofnun ríkisins, og mun óhætt að fullyrða, að framkvæmdaáætlunin hafi verið óvenjulega snemma tilbúin að þessu sinni, enda var það einnig ætlunin, eins og raunar kemur fram í álitsgerð 1. minni hl. fjh.- og viðskn., nál. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, að þetta mál yrði látið fylgja skjótt á eftir fjárlögunum. Að því var stefnt og við það miðað. Hins vegar var talið rétt að fresta afgreiðslu þess fram yfir áramót. Þetta fór á annan veg, eins og mönnum er kunnugt, og ég býst við, að flestum sé ljóst, hver ástæðan var til þess, að svo fór. Ástæðan var að sjálfsögðu sú, að rétt um það bil sem þing kom saman eftir áramót, urðu þeir atburðir við suðurströnd landsins, sem óhjákvæmilega hlutu að hafa talsvert víðtæk áhrif á fjármál ríkisins með ýmsum hætti. Það kom upp óvissuástand. Það varð að skoða það mikla fjáröflunarvandamál, sem fylgdi í kjölfar gossins, sérstaklega og reyna að átta sig á því, hvort ástæða væri til þess að breyta verulega þeim áætlunum, sem áður höfðu verið gerðar. Ég held ég geti leyft mér að fullyrða, að það sé fyrst og fremst af þeirri ástæðu, sem hefur dregizt, að frv. þetta hlyti afgreiðslu hér á Alþ. Menn hafa út af fyrir sig ekki talið liggja lífið á að koma því í gegn og hafa þá talið eðlilegra að sjá, hver framvindan yrði almennt, og tækifæri gæfist til að skoða málið frá öllum hliðum, áður en málið yrði afgr. héðan frá Alþingi.

Niðurstaðan hefur nú orðið sú, eins og mönnum er kunnugt, að ekki væri ástæða til að breyta þeim áætlunum, sem gerðar hefðu verið, að neinu verulegu leyti. En þar fyrir var að sjálfsögðu fyllsta ástæða til þess að skoða það mál vandlega, enda þótt niðurstaðan yrði sú, að ekki væru bornar fram neinar verulegar brtt. við frv. Eins og ég segi, er frv. í öllum aðalatriðum óbreytt. Það hafa verið gerðar á því nokkrar lagfæringar og minni háttar breytingar í Nd., allar til hækkunar, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, en heildarmyndin er ekki í neinum verulegum atriðum breytt. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. og meiri hl. hennar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Þetta mál er í eðli sínu stórmál og frv. var lagt fyrir hv. Alþ. 13. des. s.l. Í umr. við afgreiðslu fjárl. voru um það höfð orð, að það yrði látið fylgja fremur skjótt á eftir fjárl., en það var útskýrt hér áðan af frsm. meiri hl., að aðrar ástæður hefðu valdið því, að nokkur dráttur varð á, og í þessa hv. d. kemur það nú á síðustu dögum þingsins. Svo mikið lá við, að við vorum boðaðir á stuttan nefndarfund á sama tíma og fundir voru í Sþ. og beðnir að taka afstöðu til málsins. Auðvitað var okkur ekki efnislega ókunnugt í stórum dráttum, hvað í frv. fólst. Það var löngu ljóst. Hins vegar er þetta mál þannig vaxið, að miðað við þær aðstæður, sem ríkja í fjármálum þjóðarinnar í dag, var eðlilegt, að við bæðum um nokkrar upplýsingar, sem ekki reyndist tök á að veita á þessum stutta fundi, einkum varðandi það atriði, hvernig framkvæma á 15% niðurskurð frá gildandi fjárl. Heimild um það efni var veitt, þegar fjárlög voru afgreidd rétt fyrir jólafrí þm.

Um þetta frv. mætti fara mörgum orðum, og það hafa þegar orðið langar og harðar umr. í Nd. um frv. og áhrif þess ásamt stefnu í fjármálum þjóðarinnar, verðbólgu og þar fram eftir götunum. Ég ætla mér ekki að tefja þessar umr. meira. Ég segi í nál. mínu á þskj. 634, að við í þingflokki Alþfl. munum ekki greiða atkv. um þetta frv. Við teljum eðlilegt, eins og málum er háttað, að þetta sé einungis á ábyrgð hæstv. ríkisstj., úr því sem komið er. Það hefur reynzt svo, því miður, að þrátt fyrir fsp. um ýmis atriði, sem frv. fjallar um, og önnur atriði varðandi fjárl. sjálf, er mjög erfitt að fá upplýsingar. Ég veit ekki, hverju það sætir, að okkur, sem sitjum bæði í fjh.- og viðskn. d. og einnig í fjvn., skuli ekki vera treyst fyrir því, að fá a. m. k. hugmyndir um, hvað er á floti til þess að leysa þessi vandamál, bæði til aukningar útgjalda og til niðurskurðar útgjalda. Það gerist nú hvort tveggja í senn hér í þessari d., að frv. eru lögð fram um stóraukin útgjöld úr ríkissjóði, þau eru farin að nema núna um hundrað millj. á sama tíma og er boðað, að nauðsynlegt sé að skera niður á öðrum sviðum úr ríkissjóði. Þetta gengur nú mjög á víxl. Það er því ekkert undarlegt, þó að einn og einn þm. spyrji nokkuð um þessi atriði og vilji fá að vita, hvar öxin skuli ríða á, þegar við sjáum, að aðrir ráðh. geta komið fram fyrir sín rn. álögum á ríkissjóð, svo að nemur mörgum tugum millj. og jafnvel hátt í 200 millj. á ársgrundvelli. En hæstv. fjmrh. verður að sætta sig við það að senda út bréf, sem felur í sér þann boðskap, að mjög margar stofnanir þjóðfélagsins skeri niður kostnað sinn utan launa, að því er mér skilst, um 15%. Hans hlutverk er því erfitt í þessu tilfelli, þegar aðrir fá að safna saman handa sínum rn. óvænt og í lok þingsins álögum, sem nema tugum millj. Sem sagt, ég ætla ekki að breyta hv. d. á löngum umr. um frv., vegna þess að það ber þannig að, að það væri sæmst fyrir okkur að taka ekki þátt í umr. undir neinum kringumstæðum og mótmæla með því afdráttarlaust þeim vinnubrögðum, sem við eru höfð við lokaafgreiðslu málsins. Ég mun því ekki hafa mín orð fleiri og undirstrika mótmæli mín með því móti.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls sagði ég aðeins örfá orð, en tók þá fram, að ekki bæri að skilja það svo, að ég væri ásáttur um allt í sambandi við þetta frv. eða réttara sagt ýmis atriði, sem það varðar, heldur vegna þess, að ég vildi ekki við þá umr. tefja, að málið gæti farið til n., þar sem svo var orðið ástatt með fundartímann. Með skírskotun til þessara orða vonast ég til, að hæstv. forseti leggi mér það ekki illa út, þó að ég haldi mig e.t.v. ekki nákvæmlega við fyrirmæli þingskapa um, hvernig beri að ræða mál við 1. og 2. umr., þar sem ég lít svo á, að ég hafi geymt mér þennan rétt. Það er þó ekki ætlun mín að orðlengja um málið meir en þörf er á, en ég kemst ekki hjá því að ræða viss grundvallaratriði, sem ég tel þýðingarmikið, að

menn geri sér grein fyrir í sambandi við efnahags- og fjárfestingarmálin almennt.

Vissulega er framkvæmdaáætlun ríkisins og skýrsla fjmrh. um það efni einn höfuðvettvangurinn til þess að gera þau mál að umtalsefni á Alþ. hverju sinni. Áður en ég vík þó að frv., og hinum almennu hugleiðingum mínum um undirbúning þess og efnahagsmálin almennt, vil ég leyfa mér að mæla örfáum orðum fyrir tveimur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja við frv.

Annars vegar er brtt. um að taka upp 8 millj. kr. fjárveitingu eða fjáröflun vegna Ólafsfjarðarhafnar. Það sannast sagna hlýtur að vekja allmikla undrun, að þannig skuli hafa verið að málum staðið varðandi Ólafsfjarðarhöfn, sem er ein höfnin í Norðurlandsáætlun, að hún er eina höfnin, sem skilin er eftir af þeim höfnum, sem átti að veita fé til á þessu ári. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í haust hér í þingi, að Ólafsfjörður fengi fjárveitingu á þessu ári. Á þessu varð hins vegar breyting að því leyti, að þessi fyrrihugaða fjárveiting var skorin niður, og þá varð Ólafsfjörður fyrir öxinni, af hvaða ástæðu veit ég ekki, en það eru tvær hafnir á Norðurl. v., sem fá að lifa. Menn geta ímyndað sér, af hvaða ástæðum það er. Ég hef ekki á móti því, að það voru teknar inn 4 millj. kr. til Siglufjarðar, sem var búið að ákveða að fella einnig út, en mér finnst það nánast gegna furðu, miðað við það, hvernig aðstæður allar eru, að það skuli ekki hafa verið fallizt á að taka þessar 8 millj. til Ólafsfjarðarhafnar, sem hefði verið í fullu samræmi við það, sem upphaflega var gert ráð fyrir í sambandi við hafnarmálaáætlunina á þessu ári. Þetta þykir mér furðulegt á allan hátt og vænti þess, að það kunni að gerast hér í þessari hv. d., sem stundum hefur gerzt áður, að þau mistök verði lagfærð, sem kunna að hafa verið gerð í hinni d., eins og það er orðað í brezka þinginu.

Hin till. er varðandi undirbúning að orkumálum fyrir Norðurland. Það er á engan hátt fengin niðurstaða um það, hvernig beri að haga rafvæðingarmálum Norðurlands. Ég skal ekki fara að ræða þau mál í einstökum atriðum, það er allt of langt mál, en það er gert ráð fyrir því í frv., að verja í tvennu lagi fé til rafvæðingar á Norðurlandi. Annars vegar er lagt til að heimila 50 millj. kr. lántöku til framkvæmda, og hins vegar er gert ráð fyrir beinni fjárveitingu, 13 millj. kr., til stofnlínu Norðurland-Suðurland. Það er mín skoðun og margra annarra þm. á Norðurl., að það þurfi að rannsaka þetta mál miklu nánar varðandi rafvæðingarmál Norðurlands. Það var því lagt til í Nd., þótt þar væri ekki á allt fallizt, en er einnig lagt til í brtt. minni hér, að þessum 13 millj. í frv. verði varið til rannsókna á orkuöflunarleiðum fyrir Norðurland, en þetta er nákvæmlega það, sem samtök á Norðurlandi óska eftir, að heildarrannsókn fari fram á því, hvernig rafvæðingunni skuli hagað. Það er gert ráð fyrir að byrja á þessari línu norður 1974. Þá verða orðin rafmagnsþrot á Norðurlandi og mikill uggur í Norðlendingum varðandi það, hvað taki við. Það er alveg ljóst mál, hvað sem líður tengingu norður, sem ég út af fyrir sig er ekkert andvígur, að það verður að vera til staðar á Norðurlandi orka heima fyrir, sem er þess umkomin að bjarga við, ef línan norður skyldi bila. Það er óverjandi með öllu að byggja rafvæðingu Norðurlands á því að leiða línu yfir hálendið norður, auk þess sem má telja ákaflega hæpið að byggja orkuöflun á Íslandi upp á því, miðað við það ástand, sem orðið hefur nú á allt of fárra ára millibili, þegar eldgos hafa brotizt út, að hafa orkuna framleidda á einu aðaleldgosasvæði landsins. Ég tel það með öllu móti óvarlegt, ef allar virkjanir, sem nokkru máli skipta, eiga að vera þar og landið á að vera háð því að verulegu leyti. Það liggur ljóst fyrir, að efling norðlenzkra byggða er undir því komin, að þangað verði ekki aðeins leidd orka að sunnan, heldur verði til nægilega traust orka heima í héruðum, sem grípa má til, ef til bilunar kemur á þessari línu norður. Þetta er hin almenna ósk samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi, og það hlýtur að valda allverulegri undrun, að það skuli ekki hafa fengizt fram hjá hæstv. ríkisstj. Ekki sízt hefur það mætt andstöðu, að það var ekki einu sinni talað við menn á Norðurlandi um það, hvernig ætti að afla orku fyrir þennan fjórðung. Ég vildi því einnig mega vonast til þess, að hv. þd. gæti fallizt á þessa breytingu, sem ekki felur í sér nein aukin útgjöld, heldur aðeins breytingu á orðalagi.

Hitt atriðið, varðandi 8 millj. til Ólafsfjarðarhafnar, er aðeins til þess að koma í veg fyrir óþarfa leiðindi og rangindi, vil ég segja, og skiptir heldur engu máli fjárhagslega, enda hefur fjmrh. sjálfur flutt till. um það, að fá heimild til að taka 150 millj. kr. lán til athugunar á hafnarstæði hér á suðurlandi. Auðvitað er ekki nema sjálfsagt að veita þá heimild, ég er á engan hátt því andvígur, en það sýnir, að mönnum ofbýður ekkert, þótt um stærri upphæðir sé að ræða en þessar 8 millj., sem ég hef minnzt á.

Ég vík þá að málinu sjálfu og vil leyfa mér að ræða fyrst og fremst um undirbúning þess. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. flutti næsta einkennilega ræðu og vandræðalega um það, hvernig stæði á þessari furðulegu meðhöndlun, undirbúningi og meðferð þessa máls hér í þinginu. Í fjárlagaræðu sinni í haust lýsti hæstv. fjmrh. yfir, að nú yrðu önnur tök á framkvæmdaáætlun en áður hefðu verið, þar sem stofnunin mikla væri nú tekin til starfa. Því væri lagt fram til þess að verða tekið til meðferðar samtímis fjárl. fullbúið frv. um framkvæmdaáætlun ríkisins, þ. e. a. s. ríkissjóðskaflann. Vitanlega hefur hann gert ráð fyrir því, að þessi stofnun mundi valda þeirri byltingu í þjóðfélaginu, sem virðist hafa verið draumur ríkisstj. Ég var aldrei trúaður á það, þótt ég eigi þar sæti, enda ráða þar aðrir en ég. Sannast sagna hefur ekki orðið vart við þá miklu byltingu í átt til betri vinnubragða og skjótari en áður var, nema síður sé. Vafalaust hefur hæstv. fjmrh. trúað á þetta, þegar hann lagði frv. fram, enda er sagt í grg. frv., í upphafi hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og boðað var í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1973, er framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir það ár nú lögð fram, meðan fjár-

lagafrumvarpið er enn til meðferðar, þannig að unnt verður að líta á heildarframkvæmdir ríkisins á sama tíma við ákvarðanatöku á Alþ. Er þetta í fyrsta sinn, sem frv. þessi eru til meðferðar samtímis í þinginu, og er að því augljóst hagræði."

Já, það var ekki lítið hagræði. Það er að vísu svo, að meginatriði í sambandi við fjáröflun til ríkisframkvæmda fylgdu fjárlagafrv. tvö síðustu árin í tíð fyrrv. ríkisstj., þótt það hafi e.t.v. ekki verið sundurliðað á allan hátt. Þar var lýst þeim viðfangsefnum, sem við var að fást, þannig að fjvn. stæði andspænis því að taka afstöðu til þess, hvort auðið væri að taka þær í fjárl. og veita fé til framkvæmdanna. Hér er því ekki heldur um neina byltingu að ræða.

En verst af öllu er þó það, hvernig þetta allt hefur svo farið og þróazt. Í málinu hefur sannast sagna ekkert gerzt síðan. Það hefur legið í salti í n. í Alþ. og hvorki stuna né hósti heyrzt frá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig bæri að meðhöndla vandann. Það er að sjá ýmsar bollaleggingar í inngangi að skýrslu fjmrh. um það, hvernig á þessu standi. Hv. formaður n. vék að einu atriði, sem er líka drepið á í þessum formála, og það var vandamál Vestmannaeyinga. Það merkilega er út af fyrir sig, að frv. skyldi ekki hafa verið afgreitt, áður en nokkur Vestmannaeyjavandi kom til sögunnar, og ég hygg, að það hafi verið ætlun hæstv. fjmrh. í upphafi að frv. yrði afgreitt áður. Einu rökin í rauninni fyrir því að afgreiða það gætu verið þau, að það var allgeigvænlegt gat á fjárl., þ.e. a.s. 500—600 millj. kr., og fjmrh. hafi viljað bíða, þangað til búið var að fylla þetta gat, eða réttara sagt lækka fjárlög til þess að ná saman endum, áður en hann réðist í að leggja til þau viðbótarútgjöld, sem gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætluninni, og þær lántökur, sem þar er um að ræða. En það gæti verið skynsamleg stefna, ef um stefnu á yfirleitt að tala hjá hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, að skoða málið í þessu ljósi. En ég mun síðar koma að því, að því fer víðs fjarri, að frv. hafi verið látið bíða af þessari ástæðu, því að það eru stöðugt að gerast atvik hér í þingi, sem sýna, að enn er ekki nein heil brú í fjárl. og engin ákvörðun tekin enn í dag varðandi það, hvernig á að leysa þann vanda. Vestmannaeyjamálin hafa auðvitað engin áhrif á þetta, enda kemur það á daginn og er tekið fram í skýrslunni, að þegar allt hafi komið til alls, hafi verið ákveðið að láta Vestmannaeyjavandann ekki hafa nokkur áhrif hér. Og það er ósköp greinilegt, af hverju það var, vegna þess að hér í Alþ. var samþ. sérstök fjáröflun vegna Vestmannaeyjavandans og ákveðið að aðskilja hann frá öðrum vandamálum. Ég sé ekki, að það séu nokkur atriði í þessu frv., sem líklegt er, að Vestmannaeyjaatvikin gætu hafa haft áhrif á, þannig að í þessu efni er auðvitað einnig um fyrirslátt að ræða.

Það er að vísu sagt hér, að áætlun til opinberra framkvæmda hafi verið tekin til endurskoðunar, en síðan hafi verið ákveðið að gera engar breytingar, og þær breytingar einar, sem gerðar voru, voru til hækkunar, en ekki lækkunar. Þetta er staðreynd málsins. Það kann að vera, að það hafi verið talið rétt að bíða með afgreiðslu frv. af annarri ástæðu, sem alls ekki er getið um hér, en ég er að reyna af velvilja að finna út einhverja afsökun fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa látið þetta mál bíða, en hún er sú, að ekki hafi verið tilbúinn hinn kafli málsins, sem að vísu snertir ekki þetta frv., en er venja að gera grein fyrir um svipað leyti og það mál er afgreitt, þ.e.a.s. fjráöflunarvandamál stofnsjóðanna. Það væri hugsanlegt, að það væri hægt með góðum vilja að skilja það, að frv. hafi verið látið bíða þess tíma. En hvernig á því stendur, að fjáröflunarvandamál stofnsjóðanna þarf endilega að vera svona síðbúið, er mér líka óskiljanlegt. Einnig það átti að taka algerri byltingu, þegar Framkvæmdastofnunin væri komin á laggirnar og komin í fullan gang með allt sitt skipulag og kerfið sem er ekkert smáræði. Það allt átti að vera tilbúið, a.m.k. um áramót, og auðvitað hefði það getað verið það. Það hefur ekkert verið tilbúið fyrr en venjulega, nema síður sé, vegna þess að jafnvel enn í dag eru óleyst vandamál í þessu sambandi og það stórvandamál. Ég hef leyft mér að segja í grg. minni, að skýrsla fjmrh. sé í þetta skipti harla snubbótt, ég hef notað það orðalag. Ég er ekki að lasta það út að fyrir sig kannske, það er alltaf gott að fá stuttar skýrslur. En þegar betur er að gáð, þá er vitnað í alls konar aðrar skýrslur, þannig að manni er ætlað að afla sér fróðleiks úr ýmsum áttum, því að það segir á fyrstu síðu, að skýrslan hafi á undanförnum árum verið mjög umfangsmikil, en hins vegar hafi önnur skýrslugerð nú þróazt mjög og þar beri einkum að nefna skýrslu hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunar um almenn efnahagsmál vor og haust. Síðast mun það hafa verið Gráskinna í haust, sem var ágætisbók, það er alveg rétt, og ekki þurfti að bíða eftir henni. Hún er komin fyrir löngu. Betur að ríkisstj. hefði tekið mark á því, sem í henni er sagt, en því miður hefur það ekki verið gert. Svo er ársskýrsla Seðlabankans, hún er ekki komin út enn, og í þriðja lagi mun ársskýrsla Framkvæmdastofnunarinnar brátt bætast við, og fellur í hlut forsrh. að gera grein fyrir henni á Alþ. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gerð grein fyrir henni, þannig að á þessu stigi verður að geta sér til um það, hvað er í þeirri skýrslu. Það vill að vísu svo til, að ég veit hvað verður í henni, en það er önnur saga. En það er aðeins mín persónulega vitneskja, en ekki annarra, og við skulum láta það liggja á milli hluta. Alla vega hafa alþm. ekki séð þessa skýrslu Loks má nefna sérstakar skýrslur eins og skýrslu valkostanefndar. En það er vissulega til ýmiss konar fróðleikur, sem út hefur verið gefinn þ.á m. skýrsla valkostanefndar, en hæstv. ríkisstj. ákvað að hafa að engu þær aðvaranir, sem snerta efnahagsmál og settar eru fram í þeirri skýrslu. Allar eru þessar skýrslur, að svo miklu leyti sem maður hefur séð þær, fróðleikur, en sumar þeirra hafa hv. þm. alls ekki séð. Mér er því óskiljanlegt, að þessi málatilbúnaður skuli vera með þessum hætti og þetta skuli, eftir að menn hafa sett á stofn dýrustu skipulagsstofnun, sem nokkurn tíma hefur séð dagsins ljós hér á Íslandi, vera enn þá aumara en nokkru sinni áður, meðan þessar stofnanir voru þó allar í

minni mæli og óskipulagðari en ætti að vera, miðað við þessa nýju, miklu stofnun. Menn verða sem sagt ýmist að gizka á þessi mörgu atriði, sem hafa grundvallarþýðingu um þróun efnahagsmálanna eða þá að byggja á skýrslu fjmrh., sem er í rauninni ekkert annað en nánari skýringar á frv. og með nokkrum setningum getið um það, hver fjárfesting og fjármunamyndun hafi orðið á árinu 1972, og ágizkun fyrir árið 1973. Allt er þetta góðra gjalda vert, og ég dreg ekki í efa, að það sé rétt, sem þar stendur. En það gagnar lítt að vitna í skýrslur að öðru leyti, sem hafa ekki enn séð dagsins ljós, og ætla þm. að taka afstöðu til þessa frv. og fjármögnunaráætlunar stofnsjóða á grundvelli þeirra gagna.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um vinnubrögðin í þessu sambandi og tel, að þau séu nægileg rök fyrir því, að við sjálfstæðismenn höfum ekki viljað taka þátt í afgreiðslu þessa máls. Hin ástæðan, meginástæðan, er efnahagsþróunin og það skipulagsleysi, sem ríkir þar í öllum greinum af hálfu hæstv. ríkisstj. Það liggja fyrir viss gögn í því sambandi, eins og ég gat um, þótt ég láti hjá líða að vitna beint í skýrslur, sem ekki hafa verið birtar. Annars vegar er skýrsla Efnahagsstofnunarinnar í haust, þar sem varað var mjög alvarlega við þróun í fjárfestingarmálum, sem væru meira og minna að komast úr böndum vegna þeirrar miklu þenslu, sem væri í efnahagskerfinu. Þá var varað mjög alvarlega við hinni geigvænlegu skuldasöfnun erlendis, sem nemur nú lítt viðráðanlegum upphæðum, og má í því sambandi vitna til þeirra talna, sem þar er getið um, að erlendar skuldir þjóðarinnar hafi á tveimur árum hækkað um hvorki meira né minna en 7 milljarða kr., sem er stórkostlegri skuldasöfnun en nokkru sinni hefur áður átt sér stað á jafnskömmum tíma. Jafnframt er bent á hina geigvænlegu þenslu, sem orðið hafi í efnahagslífinu yfir höfuð, og á það hefur verið bent af Framkvæmdastofnuninni, að þar sé um að ræða fjárfestingarstefnu, sem leiði vegna ástands í þjóðfélaginu til mjög geigvænlegrar þenslu. Við þekkjum öll jafnvægisleysið í búskapnum gagnvart útlöndum, sem er hið alvarlegasta. Að vísu er gjaldeyrisvarasjóður mikill og hefur ekki verið meiri áður, en gjaldeyrisvarasjóðurinn, eins og ég hef áður sagt, er byggður fyrst og fremst upp með erlendum lántökum. Ríkisútgjöld hafa vaxið með stjarnfræðilegum hætti, þannig að áframhaldandi þróun í þeim efnum, ef hún á að vera með sama hætti, hlýtur að leiða til þess, að álögur vaxi svo gífurlega ár frá ári á landsmenn, að naumast verði undir því risið. Framkvæmdastofnunin telur, að 1971 hafi fjármunamyndunin vaxið allt of mikið og orðið þá um 39%. Ég er ekki með þessu að saka hæstv. núv. ríkisstj. um það. Þróunin stefndi í þessa átt. Það er ekki allt fjárfesting á vegum ríkisins, enda má á það benda, að útgjaldaáform á vegum ríkisins voru þá miklum mun lægri en varð bæði á árinu 1972 og lagt er til að verði á árinu 1973. Það má geta þess í þessu sambandi, að þó að fjármunamyndunin hafi vaxið svo gífurlega, er það ekki ríkisþátturinn, sem átti hlut að þessu árið 1971, því að heildarfjárhæð áætlunarinnar þá var, eins og ég áðan sagði, miklum mun lægri eða aðeins 778 millj. á móti 2,3 milljörðum á árinu 1972. Þetta gerist á þessu ári þrátt fyrir það, að árið 1971 hafi verið talið svona stórhættulegt fyrir efnahagskerfið. Engu að síður gerir ríkisstj. þetta 1972. Enda kemst Framkvæmdastofnunin að þeirri niðurstöðu, að fjárfestingin 1972 hafi síður en svo stefnt í þá átt að skapa betra jafnvægi í fjárfestingarmálum á því ári. Þetta ástand er enn fullkoml. í samr. við það, sem var skoðun Efnah.stofnunar eða hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar eftir atvikum þessi ár, og mætti ætla, að það hefði þurft að hafa mið af þessu ástandi, þegar framkvæmdir á árinu 1973 voru ákvarðaðar. En hvað gerist í því efni? Það liggur nú fyrir í skýslu fjmrh., að það er síður en svo, að þar sé um samdrátt að ræða. Það er að vísu ekki um verulega aukningu að ræða frá árinu 1972, en miðað við ástandið og þá miklu þenslu, sem er, og hina stórfelldu hættu, sem hagrannsóknadeildin hefur bent á, að væri til staðar varðandi gjaldeyrisjöfnuðinn gagnvart útlöndum á árinu 1973, og aðvaranirnar um, að nú væri spornað við fótum í sambandi við erlendar lántökur, gegnir mikilli furðu, að ekki skuli hafa verið haft mið af þessu ástandi og reynt að spyrna hér fótum við.

Svo sem ég gat um áðan, hafa skuldir þjóðarinnar gagnvart útlöndum vaxið svo geigvænlega, að þær eru nú í árslok 1972 orðnar 65% af útfluttum vörum og þjónustu. Það er hlutfall skulda af heildartekjum eins árs. Árlegar greiðslur afborgana og vaxta eru orðnar 12% og talið ljóst, að þær muni hækka upp í 14% árið 1974, og er þá miðað við stórkostlegt tekjuár, sem verið hafa bæði þessi ár. Ég minnist þess, þegar bakslagið mikla var og útflutningstekjurnar minnkuðu um allt að 50%, að þá var haft á orði hér á Alþ. af þeim mönnum sumum, sem nú eru hæstv. ráðh., að það væri dæmalaust, að greiðslubyrðin gagnvart útlöndum væri þá komin upp í 15—16%. En auðvitað gaf auga leið, að hún hlaut að vaxa ár frá ári og greiðslubyrðin vex einnig ár frá ári. Hér er að sjálfsögðu um svo geigvænlega þróun að ræða og trausti þjóðarinnar erlendis varðandi erlendar lántökur í framtíðinni stefnt í slíka hættu, að það er mikið áhyggjuefni, sem hlýtur að vekja athygli stjórnvalda, ef þau hafa ekki þegar veitt því eftirtekt. Það gerðist einnig nú við gengisbreytinguna fyrir jólin, að engar af þeim hliðarráðstöfnuum, sem lýst var yfir af sérfræðinganefnd þeirri, sem ríkisstj. skipaði, voru gerðar til þess að hindra, að þessar hækkanir, sem leiddi af gengisbreytingunni, færu allar út í verðlagið, og sumir hæstv. ráðh. hafa hælt sér af, — ég vil ekki segja hæstv. fjmrh., — að það sé kosturinn við þá gengisfellingu, að engar hliðarráðstafanir hafi verið gerðar og þess vegna hafi hún verið miklu betri en aðrar gengisfellingar. Enda kom það á daginn í janúar, þegar gengi dollarans féll sem gull af himni ofan yfir hæstv. ríkisstj., þannig að hún gat lækkað gengið aftur. Bent var á, að það væri einkennilegt, að þessa gengisfellingu þyrfti, þegar hæstv. viðskrh. lýsti því yfir, sama dag og hún var framkvæmd, að gengislækkunin fyrir jólin hefði ekki verið framkvæmd, ef hann hefði vitað um þá verðhækkun. Af hverju mátti þá ekki fresta þessari gengisfellingu eða hafa hana minni? Þá var svar hans

mjög eftirtektarvert, því að hann sagði, að öll sú gengislækkun, sem varð fyrir jólin, væri komin út í verðlagið og búið að éta hana upp á einum mánuði. Enda fór það svo, eins og menn vita, að milli jóla og nýárs varð að taka upp nýtt styrkjakerfi, þannig að allt er þetta með nokkrum ólíkindum. Mönnum finnst kannske, að þetta skipti ekki máli í sambandi við það frv., sem hér er til umr., en ég held þó, að það skipti miklu máli. Enda geri ég ekki ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. mótmæli því, því að framkvæmdaáætlunin er vissulega þáttur í efnahagskerfi þjóðarinnar og hún verður að vera í samræmi við það ástand, sem er í þjóðfélaginu hverju sinni. Það verður að taka mið af efnahagsþróuninni, framkvæmdamöguleikum, hvað framkvæmdir einstaklinga eru miklar, og jafnframt, hvað er líklegt að orki í jákvæða eða neikvæða átt í sambandi við efnahags- og verðlagsþróun í landinu. Allt þetta hlýtur því að vera sama dæmið. Inn í þetta dæmi blandast auðvitað ríkisbúskapurinn, sem er þáttur í þessu vandamáli og verður hér ekki aðgreindur. Það hafa gerzt margir kynlegir hlutir, sem sannast sagna er dálítið erfitt að átta sig á. Í fyrsta lagi gerðist það milli jóla og nýárs, sem ég veit að hefur ekki glatt huga hæstv. fjmrh., en hann varð þó að kyngja, jafnvel án þess að það væri borið undir hann, að útgjöld ríkissjóðs hækkuðu um verulega fjárhæð, vegna samninga þeirra, sem hæstv. sjútvrh. gerði við útgerðarmenn og sjómenn. Það er að vísu dálítið erfitt að meta, hver upphæðin verður á þessu ári, en líklegt þó, að á þessu ári verði hún á annað hundrað millj., og getur farið hátt í 200 millj., eða sennilega tvennar 90 millj. á ársgrundvelli. Ég þori ekki að fara með töluna, vegna þess að hún er mjög óljós, en það mun alla vega verða annars vegar tekjumissir og hins vegar bein útgjöld til uppbóta við tekjumissi stofnsjóðs fiskiskipa, sem nema mjög verulegum fjárhæðum. Þetta er fyrsta áfallið, sem hæstv. fjmrh. varð fyrir, eftir að hann fékk afgreidd fjárlög með 500—600 millj. kr. greiðsluhalla og heimild til þess að lækka útgjöld fjárl. um 15%. En sagan er ekki öll sögð. Síðan hafa gerzt enn frekari undur. Ég skal taka fram, að það eru ekki undur að því leyti til að ég tel það góðra gjalda vert, ef með eðlilegum hætti væri að þeim vinnubrögðum staðið. En það hlýtur að hljóma mjög kynduglega, þegar menn hafa í huga, að það var greiðsluhalli á fjárl. og átti að ná upp þeim greiðsluhalla með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs. Það er eins og einhver stífla hafi gersamlega brostið núna síðustu dagana, þannig að nú er kappkostað, svo sem verða má, að bæta við nýjum ríkisútgjöldum, samtímis því sem trúnaðarmönnum ríkisstj., fjvn. og fleirum, og þar hafa tekið þátt í stjórnarandstæðingar jafnt sem aðrir, er falið það verkefni að skera niður útgjöld fjárl. Þetta grípur auðvitað mjög inn í það mál, sem hér er um að ræða, fjárveitingu til framkvæmdaáætlunar, og annað þess konar, vegna þess að það, sem má gera ráð fyrir, að helzt verði skorið niður, eru ýmsir fjárfestingarliðir fjárl. En ofan á þessar á annað hundrað millj., — ég hygg, að mjög hóflegt sé að segja 130 millj. eða eitthvað nálægt því, eftir því sem ég veit bezt, — sem samþ. voru af hæstv. fjmrh. milli jóla og nýárs, liggur hér fyrir frv. um að auka ríkisútgjöld á árinu 1973 um 126 millj. Þannig voru þessi frv. lögð fram af hæstv. ríkisstj. Einn hæstv. ráðh. taldi sig vera eitthvað utanveltu í þessu sambandi, hæstv. iðnrh., þannig að hann flytur hér brtt. um það, að enn einn sjóður, iðnrekstrarsjóður, fái á þessu ári 50 millj. kr. Það eru því um 180 millj. kr., sem eiga að falla á ríkissjóðinn sem aukin útgjöld með frv., sem hér liggja fyrir nú og er sagt að eigi öll að afgreiða. Ég tek það fram, að ég er ekki andvígur þessum frv. og mun sennilega greiða atkv. með flestum þeirra. Ef fjmrh. metur svo, að hann hafi efni á þessari lausn, þá verður hann að standa ábyrgur fyrir því. En ég get ekki komizt hjá því að vekja athygli á, hversu furðulegt það er, að hér eru komnar sennilega um 300 millj. kr., sem lagðar eru með nýjum álögum á ríkissjóð, samtímis því sem verið er að vinna að því að skera niður ríkisútgjöldin um 500 millj. Vandamálið skilst mér þá annað hvort vera 800 millj. eða gefa það upp á bátinn, að ríkissjóður geti verið hallalaus á þessu ári. Að vísu varð ríkissjóður fyrir happi á s. l. ári, sérstaklega vegna hinnar dæmalausu skattalöggjafar, sem fól í sér 1000 millj. kr. hærri skattaálagningu á árinu en áætlað hafði verið í fjárl. Ríkisreikningur fyrir árið 1972 er hallalaus, að því er manni skilst, jafnvel um 60 millj. kr. afgangur, þó að engan furði það að vísu, að hæstv. fjmrh. geti haldið í 60 millj. kr. í afgang af ríkistekjum, sem sennilega nema milli 17 og 18 milljörðum á því ári. Alla vega hefur þetta þó lukkazt með þeim skattaálögum, sem þá voru á lagðar og áttu að vera til þess að lækka alla skatta, að því er manni skildist. Það virðist eins og hæstv. ráðh. hafi ekki fengið lánaðan kvarðann, sem hv. þm. Björn Pálsson notast oft við eða hann hefur ekki kunnað nógu vel á hann, þegar hann reiknaði út skattadæmið sitt í fyrra, þannig að honum áskotnaðist þetta í stað þess að vera að gera þau ósköp fyrir þjóðina, sem hann taldi sig vera að gera.

Herra forseti. Engar upplýsingar hafa fengizt um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs, og þess vegna er allt þetta dæmi gersamlega botnlaust.

Ég sé enga ástæðu til þess að vera að fetta fingur út í einstakar till. í þessu frv. Eins og ég sagði áðan, er ekkert út á þau útgjöld að setja, þar er allt með svipuðum hætti og hefur verið undanfarin ár. Það var að vísu oft gagnrýnt, að verið væri að taka inn í framkvæmdaáætlunina ýmsa liði, sem unnt væri að fjármagna með fjárveitingum á fjárl. Einhvern veginn hefur það nú samt orðið svo, eins og á mörgum öðrum sviðum, að hér hefur hæstv. ríkisstj. orðið að feta dyggilega í fótspor fyrrv. ríksistj. og ganga þó enn lengra, eins og hún gerir á flestum eða öllum sviðum í þeim efnum. En manni skildist þá, að það ætti frekar að skipta um stefnu en að halda lengra og lengra eftir þeirri braut. En hún virðist nú vera orðin harla góð. Ég sé ekki ástæðu til að vera að gagnrýna það út af fyrir sig, en heildarmyndin er ekki til, af því að við vitum ekkert, hvaða fjárfestingarframkvæmdir eiga að fá fé eftir fjárlagaleiðinni á þessu ári. Það veit enginn í dag. Ég held, að

það hafi verið spurt um það og ekki fengizt neinar upplýsingar um það atriði í n. Ég hygg, að reyndin sé sú, að það sé ekki búið að skera neitt niður. Til bráðabirgða hafa rn. fengið 15% minni fárveitingu mánaðarlega en verið hefur undanfarin ár. Þetta endar auðvitað með ósköpum síðar á árinu, ef ekki er gripið í taumana undir eins, og útkoman verður nákvæmlega eins og á s. l. ári. Þá var ekki um neinn umtalsverðan sparnað að ræða á móts við það, sem átti að vera. Auk þess vil ég benda á, að það er gert ráð fyrir því í frv. um viðlagasjóð, að ríkissjóður geti með sparnaði lagt þar af mörkum 160 millj. kr., annað hvort með því að spara á framkvæmdaáætlun eða spara enn frekar ríkisútgjöldin. Þannig að sparnaðardæmið er í raninni ekki orðið 800 millj. kr., heldur nærri 1000 millj. kr., og ég veit ekki, hvernig í ósköpunum hæstv. fjmrh. ætlar sér að ná þarna endum saman. Ég segi a. m. k. fyrir mitt leyti, að ég mundi ekki hafa treyst mér til þess. En það náttúrlega sannar lítið, því að hann er meiri afreksmaður en ég. Það getur því vel verið, að hann geti sparað þessar 1000 millj. kr. En ég held, að hann ætti þá að fara að byrja á því, áður en búið verður að eyða öllu fénu í framkvæmdir og festa það, eins og við vitum báðir að gerist, þess vegna er ekki hægt að geyma það fram eftir öllu vori, að taka ákvarðanir varðandi þá liði, sem niður eiga að falla. En sem sagt, það eina, sem gerist nú, er það, að dag eftir dag er varpað inn í Alþ. frv., sem gera ráð fyrir nýjum og nýjum útgjöldum úr ríkissjóði á árinu 1973, án þess að nokkur tekjuöflun sé fyrir hendi. Kannske ætlar hæstv. ríkisstj. að bera fram till. um tekjuöflun, þegar Alþ. er farið heim, — ég veit það ekki, — eða á að leggja það frv. fram daginn fyrir páska? Ég skal ekkert segja um það, margt einkennilegt getur gerzt. En sennilegra þykir mér, að ekkert gerist og þetta verði látið danka.

Ég held, að miðað við það, sem ég þegar hef sagt, og ótal margt fleira, sem ég gæti sagt, en ég skal ekki vera að þreyta menn með lengra máli, ætti að liggja ljóst fyrir öllum, að það er eðlileg afstaða hjá stjórnarandstöðunni að vilja ekki bera ábyrgð á meðferð þessa máls. Ekki vegna frv. út af fyrir sig, heldur vegna þess, að það er engin heildarstefna til í efnahags- og fjármálum ríkisins, það sýna ljóslega öll þau dæmi, sem ég hef hér talið upp. Það er að vísu til nóg lesning um eitt og annað, en það er yfirleitt lesning, sem er ágæt út af fyrir sig og sannar enn betur þá skoðun okkar, að engin markviss stefna er til. Í öllum þeim skýrslum, sem lagðar hafa verið fram, aðvaranir og aftur aðvaranir, og í reyndinni hefur ríkisstj. þessar aðvaranir sinna ágætu sérfræðinga að engu. Ég veit ekki, hvað verður, þegar kemur að hinni væntanlegu stórmerku skýrslu um Framkvæmdastofnun ríkisins, hvort hjá þeirri voldugu stofnun verður að finna boðskap, sem ríkisstj. fer eftir. Það skal ég ekki um segja. Það kemur á daginn, þegar hæstv. forsrh. flytur þá skýrslu, hvort sem það verður nú eða í haust. En það er ekki hægt að spá í það nú, og það mætti segja mér, að skýrsla Seðlabankans yrði ekkert uppörvandi fyrir hæstv. ríkisstj. án þess að ég viti, hvað þar stendur. En mér þykir ekki líklegt, að hún verði til þess að breyta stefnu ríkisstj. heldur, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um stefnu.

Varðandi fjárfestingarsjóðina vil ég aðeins segja það, að þar er um að ræða stórfellt vandamál, sem hefði þurft að taka miklu ákveðnari tökum og með meiri fyrirvara og íhugun en nú hefur verið gert. Það er varpað hér inn frv. um stofnlánasjóðina, sem eiga að undirbyggja eigin fjárstöðu þeirra. Það er auðvitað óhæfa að gera þetta án þess að ræða við þau samtök, sem hér eiga hlut að máli, nema þá á hlaupum, og leggja þetta fyrir þingið á síðustu dögum þess. Ég orðaði það svo hér um daginn, er fiskveiðasjóðsfrv. var til meðferðar, að skynsamlegra hefði verið að taka þetta vandamál, sem allir hv. þm., jafnt í stjórnarandstöðu sem stjórn, viðurkenndu að væri mikið vandamál, og gefa sér tíma til að íhuga það. Hæstv. sjútvrh. lét sér sæma að svara því með skætingi, það væri ekkert nýtt, að mál væru lögð fram með þessum hætti og þm. ætlaður stuttur tími til að afgreiða þau, það hefði fyrrv. stjórn gert. Það kann vel að vera, að fyrrv. stjórn hafi lagt fram frv. seint á þingi og hægt sé að vitna til þess, að frv. hafi verið afgreidd með skjótum hætti. En ég var hér að tala um veigamikið efnahagsvandamál í þjóðfélaginu, sem við erum vafalaust öll sammála um. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að svara með skætingi tilboði um að íhuga málið í félagi, vegna þess að þetta er allt of stórt mál og yfirgripsmikið og hefur grundvallarþýðingu fyrir efnahagskerfið, til þess að menn séu að kasta til þess höndunum og henda inn í þingið án þess einu sinni að ræða við þá menn og þau samtök, sem það varðar mest. Þetta tel ég vítavert. Ég er hins vegar sammála um það, að þessi mál eru öll með þeim hætti, að það er eðlilegt, að stjórnin gefi þeim einhvern gaum, en hún hefði átt að gefa gaum með raunhæfari hætti. Miðað við allt þetta skipulagskerfi og hina ágætu Framkvæmdastofnun ríkisins hefði mátt ætla, að þetta hefði allt borið að með eðlilegu móti og menn verið við því búnir að gera þm. nægilega ljósa grein fyrir eðli mála og stærð, sem alls ekki hefur verið gert, nema á blaði án nokkurra skýringa. Þá vekur það í rauninni undrun, að svona vinnubrögð í hinum vandasömustu málum, sem allir viðurkenna að eru vandamál, skuli viðgangast. Ég álít, að hér sé unnið með fullu ábyrgðarleysi. Nú það er svo mál út af fyrir sig, að þrátt fyrir það að menn væru með fjármögnun sjóðanna í deiglunni allan þennan tíma, hefur ekki einu sinni unnizt tími til þess að ræða við bankakerfið, áður en málið var lagt fyrir Alþ., um að leggja fram 10% af sparifjáraukningunni til sjóðanna. Annað hvort hefur það ekki þótt ómaksins vert og verið talið, að það væri hægt að gefa fyrirskipanir, eða einhver hefur gleymt, hver ætti að vinna að málinu, því að það eru orðin svo mörg höfuð á þessu öllu saman, þrátt fyrir alla sameininguna, að menn vita varla, hver á að gera þetta og hver hitt. Þetta eru kannske minni háttar atriði, bankarnir munu ábyggilega ekki bregða fæti fyrir þetta, en ég hefi ekki fengið neina staðfestingu

á því, að lífeyrissjóðirnir hefðu fallizt á að láta í framkvæmdaáætlunina þá stóru upphæð, sem gert er ráð fyrir, að þeir leggi þar af mörkum. Ég held, að það sé rétt, að það fé sé ekki enn fengið. Þetta er hvorki meira né minna en 280 millj. kr., og ég er ekki alveg viss um, að þeir taki eins mildilega á mistökum hæstv. ríkisstj. og Framkvæmdastofnunarinnar og bankarnir. Þeir hafa ekki hingað til verið svo mildir viðureiguar, að þeir uni því að láta birta í þskj., að þeir hafi lofað að láta fram ákveðið fé, án þess að við þá hafi verið talað eða við þá talað, en engin niðurstaða fengizt.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. meir. Ég veit, að það er orðinn naumur tími. Það eru vissulega mörg einstök atriði, sem hefði verið fróðlegt að gera að umtalsefni. Ég hef nú rætt þetta mál hér út frá almennum upplýsingum og staðreyndum, sem fyrir liggja frá sérfræðingum ríkisstj., í skýrslum, sem birtar hafa verið og skýrslum, sem mér er kunnugt um, þó að þær hafi ekki verið birtar. Ég hef rætt þetta mál án þess að blanda inn í þær neinum pólitískum ásökunum öðrum en þeim, sem má kannske segja að sé nokkuð þung ásökun, að ríkisstj. hafi brostið þol eða geta til þess að taka á efnahagsvandanum og hafa þau tök á efnahagskerfinu, sem hún boðaði í upphafi, að hún vildi hafa, m. a. með því, að halda í hemilinn á verðbólguþróuninni, þannig að hún yxi ekki meir en væri í öðrum löndum. Nú liggur ljóst fyrir, að hún hefur vaxið tvöfalt meira en er í öðrum OECD-löndum, það liggja fyrir upplýsingar um það efni. Jafnframt hefur ekki tekizt að halda í við verðbólguþróunina, þrátt fyrir boðskapinn um það, að með svokallaðri röðun framkvæmda og með því að koma á laggirnar stofnun, sem spannaði yfir efnahagskerfið og gæti þar af leiðandi komið við þessari röðun, væri hægt að halda í hemilinn á dýrtíðarþróuninni og efnahagsspennunni. Hvorugt þetta hefur tekizt, ég segi því miður, og við stöndum andspænis þeirri alvarlegu staðreynd, að efnahagsþróunin í heild er á mjög hættulegu stigi. Það eru ekki mín orð eingöngu, heldur allra þeirra efnahagssérfræðinga, sem látið hafa í ljós álit sitt í þeim efnum. Hér þarf rækilega að spyrna við fótum. Ríkisstj. fékk rækilegar aðvaranir á s. l. hausti frá sérfræðingum sínum, frá hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar, og þó er allt látið reka á reiðanum. Fjárl. eru enn með stórfelldum halla, og sá halli vex stöðugt, miðað við þær nýju útgjaldatill., sem ég gat hér um áðan.

Það er sannarlega ekki auðvelt verk, sem bíður hæstv. fjmrh., ef hann ætlar að geta komið því fyrir að skera niður útgjöld fjárl. um þús. millj. kr. til þess að ná hér saman endum. Ég vildi vona, að honum tækist það. En ég get ekki með nokkru móti séð, að það sé auðið. Við stefnum því út í stórfelldan hallarekstur hjá ríkissjóði, nema því aðeins að ríkisstj. geri ráðstafanir til að afla ríkissjóði nýrra tekna. Þensluþróunin virðist því vera í algleymingi.

Með hliðsjón af öllum þessum aðstæðum, sem ekki hefur verið mætt á þann hátt, sem eðlilegast má teljast, munum við sjálfstæðismenn hér í hv. d. ekki taka ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og því sitja hjá við atkvgr. um frv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Af því að ég af tilviljun heyrði tiltekin ummæli hv. þingmanns Magnúsar Jónssonar, langar mig að koma á framfæri örlítilli leiðréttingu. Ummælin mátti skilja á þá lund, að ég hefði gefið yfirlýsingu um það á Alþ., að af framkvæmdaáætlun yrðu teknar 8 millj. kr. til Ólafsfjarðarhafnar. Það, sem hann mun hafa átt við, var svar mitt við fsp. frá hv. þm. Lárusi Jónssyni um framkvæmdaáætlun fyrir Norðurland, sú fsp. var borin fram allsnemma á þingi. Ég svaraði þessari fsp. með því að lesa upp bréf frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem var undirritað af einum starfsmanni Framkvæmdastofnunarinnar. Það er rétt, að í því svari var skýrt frá því, að unnið væri að áætlun í sambandi við Norðurland eystra, þ. á m. varðandi hafnirnar, og að gert hefði verið ráð fyrir 8 millj. kr. til Ólafsfjarðarhafnar. En það kom líka skýrt fram í þessu svari frá Framkvæmdastofnuninni, að þetta væri allt á undirbúningsstigi og ekki um neinar endanlegar ákvarðanir að ræða. Við þetta bréf frá Framkvæmdastofnuninni bætti ég ekki einu orði frá eigin brjósti. Þetta svar er þegar prentað í þingtíðindum og liggur fyrir, og ég held, að þar geti ekkert farið á milli mála. Ég veit, að hv. þm. vill hafa það, sem sannara reynist í þessu, og þetta er hið rétta í málinu. Það er því ekki hægt að túlka það svo, að ég hafi gefið neina yfirlýsingu um, að 8 millj. kr. yrðu veittar til Ólafsfjarðarhafnar. Hitt er annað mál, að ég skil vel áform Ólafsfirðinga.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, til þess að það komist ekki inn neinn misskilningur í sambandi við þetta mál.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu ráði, en vildi nota tækifærið, þar sem hæstv. fjmrh. er hér staddur, og varpa fram einni spurningu um atriði, sem mér virðist ekki koma nógu ljóst fram í þessu frv. Í upphaflega frv. eru ætlaðar til Rafmagnsveitna ríkisins til framkvæmda á þeirra vegum 236 millj. kr. Í aths. við þá gr. er þessu skipt þannig, að það eru 79.1 millj. kr. til Mjólkárvirkjunar. Ég vakti strax athygli á því, þegar frv. kom fram, að hér mundi vera um 15 millj. kr. lægri upphæð að ræða en áætlanir um næsta áfanga Mjólkárvirkjunar eru. Mér skilst, að þetta hafi verið tekið til greina og í 7. gr. frv., eins og það er nú, sé innifalin hækkun á þessum lið í 100 millj. Það hefur verið samþ. í Nd. og er ætlað vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkv. þessari áætlun. Spurning mín er eingöngu þessi, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að sá viðbótarkostnaður, sem þarna er áætlaður, felist í þessum 100 millj. kr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Vestf. tók fram,

vil ég taka það fram, að skilningur hans á þessu atriði er réttur. Þess vegna er hér ekki um sundurliðaða heimild að ræða, heldur er hún miðuð við að geta greitt það, sem á vantar til þess að koma áfram þeim verkefnum, sem unnið er að hjá Rafmagnsveitunum.

Út af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. mun ég ekki fara út í almennar umr., þó að kannske væri ástæða til þess. En við höfum þreytt umræður svo oft sinn hvorum megin við borðið, að við getum kannske lesið hvor upp úr annars ræðum á víxl, eftir því sem við á í það og það skiptið.

Út af því, að skýrslan, sem kennd er við fjmrh. eða Framkvæmdastofnunina, væri snubbótt, þykir það góðra manna háttur að koma máli sínu fram í fáum orðum og á skiljanlegan hátt. Ég skildi þetta svo, að hv. 2. þm. Norðurl. e. hefði tekið málið þannig, og telst það þeim til lofs, sem verkið vann.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. vék að framkvæmdaáætluninni og því, sem þar væri, en áður en ég kem að því, vildi ég víkja að Ólafsfjarðarhöfn. Hún var til athugunar við fjárlagaafgreiðsluna á s. l. hausti. Ástæðan til þess, að hún var ekki tekin með við þá fjárlagaafgreiðslu var sú, að það verk, sem unnið hefði verið, hefði fallið undir 40% framlagið. Það var ekki í andstöðu við Ólafsfjörð, að það var fellt niður, heldur talið rétt að bíða með það þangað til hafnalög, sem var verið að afgreiða í dag, tækju gildi, svo að Ólafsfjörður nyti þá hærra framlags, sem ég og við, sem um fjölluðum, töldum, að því byggðarlagi mundi ekki af veita. Ég vil líka segja það, að á mínum stutta tíma í ráðherrastól hef ég ekki haft neitt samvizkubit út af því að sinna ekki málefnum Ólafsfjarðarhafnar með fullkomnum skilningi og velvilja. Það lá ekki heldur í orðum hv. þm., en ég vildi bara gefa honum þessa skýringu á málinu.

Út af Framkvæmdaáætluninni skal ég ekki verða langorður. Það er mér ljóst eins og honum og okkur öllum, að það væri á margan hátt æskilegt, að hún hefði getað komið til afgreiðslu fyrr, hvað sem menn segja, getur aldrei farið hjá því, að Vestmannaeyjaáfallið hafi stórkostleg áhrif í efnahagslífi þjóðarinnar, hvernig sem á málið er litið. Það er sama, þó að aflað hafi verið tekna til þess að mæta áfallinu að nokkru leyti, þá er það nú ekki minni fjárhæð en sú, sem ætluð er til allra sjóðanna. Það hefði verið hægt að leysa þeirra mál með eigin framlagi þjóðarinnar á sama hátt, ef ekki hefði þurft að grípa til þess arna, og að sjálfsögðu hefði það verið bæði bezta og skemmtilegasta leiðin, að þannig hefði verið á sjóðamálunum tekið. En það var ekki hægt að gera hvort tveggja, að nota þessa peninga vegna Vestmannaeyjaáfallsins og til annarrar fjármögnunar. Það var líka í ráði hjá ríkisstj. og kom fram í samtölum mínum m. a. við Alþýðusambandið að endurskoða skattakerfið á þessu ári á þann veg að lækka að einhverju leyti beinu skattana með tilliti til samkomulags um óbeina skatta. Öll slík áform urðu að hverfa vegna Vestmannaeyjaáfallsins. Það er einn þáttur enn, sem hefur sitt að segja að hverfi, svo að ég undirstriki það, því að lífið heldur áfram og þá verður tekið á verkefnunum. En ég vil líka segja, að það, sem hefur veruleg áhrif í sambandi við það mál, er byggðajafnvægismálið. Gera má ráð fyrir því, að einmitt þær framkvæmdir, sem tengdar verða Vestmannaeyjum, verði fyrst og fremst unnar hér á suðvesturhorninu, þeim hluta landsins, þar sem þær framkvæmdir eru ekki unnar, sem eiga að stuðla að byggðajafnvægi. Þess vegna, þó að það hefði verið nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum, gat mjög orkað tvímælis að gera það einmitt á þeim hluta landsins, en ekki í þeim byggðarlögum landsins, sem sízt máttu án framkvæmdanna vera vegna byggðajafnvægisins. Þess vegna hefur þessi þáttur leitt til þess, að ríkisstj. taldi sér þrátt fyrir allt ekki fært að draga úr framkvæmdum á þeim stöðum landsins, þar sem fyrst og fremst er unnið að byggðajafnvægismálum, en svo er með megnið af þeim framkvæmdum, sem hér er átt við. Enn fremur er svo líka unnið að því að halda áfram við verk, sem ekki er hægt að stöðva, úr því sem komið er. Þar vil ég nefna mál eins og hjá Rafmagnsveitunum, Lagarfossvirkjun, Mjólkárvirkjun og Laxárvirkjun. Allt eru þetta verkefni, sem þegar er búið að setja stórkostlega fjármuni í, og það er ekki forsvaranlegt að hætta við þau án þess að ljúka þeim verkum að fullu. Sama er að segja um sveitarafvæðinguna, það er verkefni, sem er búið að vinna lengi að og var ætlazt til að yrði búið, en nú er verið að reyna að taka endasprettinn. Svona get ég haldið áfram. Sama er að segja um Skeiðarársand. Það má segja, eins og sumir gera, að það væri hægt að láta einhvern hluta verksins bíða, en því er ekki að neita, að það er búið að panta verulegt efni til framkvæmda á Skeiðarársandi á yfirstandandi ári. Það varð ekki komizt hjá því að fjármagna það og ekki hefði verið betra að láta framkvæmdirnar bíða, eftir að búið var að festa eins mikið fjármagn í efninu og gert var. Þannig er það, að flest af þessum verkefnum eru verkefni, sem eru þegar í gangi og nauðsyn ber til að ljúka. Hitt tek ég undir með hv. 2. þm. Norðurl. e., sem og öðrum, að í þessum efnum verður að gæta þess, að framkvæmdjrnar fari ekki inn á það svið, að dragi úr framleiðslunni, því að framleiðslutekjum þjóðarinnar þarf fyrst og fremst að huga að. Þess vegna eru nú fengnar heimildir til þess að reyna að hafa vald á hlutunum, eftir því sem aðstæður gefa tilefni til á hverjum tíma.

Þá skal ég ekki eyða fleiri orðum að sjálfri framkvæmdaáætluninni. Hv. þm. vék svo að viðskiptunum við útlönd og hallanum á þjóðarbúskapnum við útlönd á s. l. ári. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að uppi voru miklar spár um afkomu bæði ríkissjóðs og þjóðarbúskaparins fyrir árið 1972. Nú er það um allar spár að segja, að þær geta verið breytilegar til beggja handa, bæði til hins betra og til hins verra. Það, sem maður óttast alltaf, er, að það snúist til hins verra, því að hið góða skaðar mann aldrei. Það er svo með okkar ágætu sérfræðinga, sem eru hinir færustu og ágætustu menn, að þeir telja sér skylt að

lifa eftir reglunni um að hið góða skaði ekki og þess vegna sýna þeir hámark hins versta.

Í sambandi við fjárl. og það, sem hv. þm. sagði þar um, skal ég ekki eyða mörgum orðum, vegna þess að ég mun nú á næstu dögum láta útbýta, hér á hv. Alþ. hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1972, A-hlutanum, fullgerðum og frágengnum. Mun það þá verða í fyrsta sinn, sem ríkisreikningur verður það snemma á ferðinni. B-hlutanum er ekki lokið, en þar er um að ræða fyrirtæki ríkisins, svo að fullkomin niðurstaða fæst af ríkisbúskapnum við þennan reikning, sem nú verður lagður fram. Mér og öðrum hv. þm. til ánægju vil ég segja það, að sá spádómur, sem klingdi allt s. l. ár, að ríkissjóður yrði rekinn með halla, bæði rekstrarlega og greiðslulega séð, mun ekki reynast réttur. Það mun verða bæði rekstrar- og tekjuafgangur hjá ríkissjóði á s. l. ári. Það kemur í ljós, og skal ég ekki fara lengra út í það, þar sem stutt er í, að það liggi alveg fyrir. Um þjóðarbúskapinn út á við vil ég hins vegar vekja athygli á því, að því var spáð, að viðskiptahallinn yrði um 4300 millj. kr. Viðskiptahallinn reyndist hins vegar 1770 millj. kr., og þegar dæmið er gert upp í heild, lán, sem tekin voru á árinu, afborganir af lánum og gjaldeyrisstaðan, þá reynist skuldaaukning þjóðarinnar út á við tæpar 2000 millj. á árinu 1972. Þetta er hin raunverulega niðurstaða af þessum viðskiptum. Í sambandi við þetta vil ég vekja athygli á því, að á s. l. ári var gengið frá láni vegna Landsvirkjunar, sem að sumu leyti var breyting á lausaskuldum í fast lán, sem var 1470 millj. Svo var gengið frá láni vegna Straumsvíkurhafnar, sem var 367 millj. kr., og vegna hraðbrautaframkvæmda 132 millj. Föst lán, sem tekin voru á s. l. ári, voru tæpar 4700 millj. kr., en afborganirnar voru 2040 millj. kr., og gjaldeyrisvarasjóðurinn hækkaði um tæpar 700 millj. kr., svo að nettóstaðan eru tæpar 2000 millj. Vörukaupalán á árinu 1972 voru í árslok 2000 millj., og aukningin var 97 millj. kr. Er það minnsta aukning um árabil. 1971 var hún 184 millj. kr. og 1970 449 millj. kr. Þegar á þetta er litið í ljósi staðreyndanna, mun fara svo, að menn sannfærast um, að afkoma þjóðarinnar á árinu sem leið reyndist betur en spáð var. Kom það til, að innflutningurinn reyndist minni en reiknað var með og útflutningurinn reyndist meiri. Þetta vildi ég upplýsa hér á hv. Alþ. nú vegna þess, sem fram hefur komið þar um. Hitt er svo annað mál, að skuldaaukning okkar er nóg. En hinu er ekki að neita, að þessar lántökur eru fyrst og fremst vegna framkvæmda, sem spara gjaldeyri, eða vegna skipakaupa og annarra slíkra framkvæmda, sem auka gjaldeyristekjurnar. Ég vil t. d. geta þess, að skip, sem keypt voru síðan núv. ríkisstj. kom til valda og tekin voru erlend lán fyrir á s. l. ári og eru í þessari tölu, sem ég gat um áðan, höfðu aflað gjaldeyristekna upp á 336 millj. kr., þegar ég fékk þessa grg. nú fyrir nokkrum dögum, og hafa sum þeirra bætt við síðan verulegum gjaldeyristekjum. Þess vegna held ég, að það megi ljóst vera, að þó að það sé auðvelt að slá upp háum tölum um skuldaaukningu og annað því um líkt, verð ég að segja eins og er, að skuldaaukning vegna framkvæmda við tekjuöflunartæki, eins og fiskiskipaflotann, vegna endurbóta á frystihúsum eða framkvæmda eins og á vegum Landsvirkjunar, er ekki af því, að þjóðin hagi fjármálum sínum illa, heldur er hún að undirbúa sig betur undir framtíðina, og að því ber þjóðinni og ríkisstj. að vinna.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki halda uppi löngum umr., enda ekki ætlun, hvorki mín né annarra, hér af hálfu stjórnarandstöðunnar að halda uppi neinu málþófi. Það eru þó viss atriði, sem ég kemst ekki hjá að drepa á.

Það vakti töluverða undrun mína, að hæstv. fjmrh., sem er gætinn maður, skyldi fara þeim orðum um skuldaaukninguna við útlönd, sem hann gerði áðan, því að það er vissulega ekki hægt að gera lítið úr þeirri geigvænlegu hættu, sem við stöndum þar andspænis. Þetta eru ekki mín orð, þetta eru orð allra sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, bæði Seðlabanka, hagrannsóknadeildar og allra aðila, sem ríkisstj. hlýtur að verða að taka mark á. Það eru hlutlausir aðilar, sem hafa varað mjög við þessari þróun, og það skipti engu máli í því sambandi, hvort um nytsemdarmál er að ræða eða ekki. Það er ekki höfuðatriðið, sem þeir vekja athygli á, heldur það, að þó að um það sé að ræða, sé þróunin á skömmum tíma orðin svo geigvænleg, að það horfi til stórfelldra vandræða. Hæstv. ráðh. veit einnig mjög gerla, að skip og flugvélar hafa sáralítil áhrif á þetta mál, þegar árin eru borin saman, vegna þess að það er fyrst á árinu 1973, sem skipakaupin koma verulega inn í dæmið. Það hefur einmitt verið bent á það, af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar, að það verði að spara mjög aðrar lántökur vegna þess, að lántökur vegna innflutnings togara falli þungt á árið 1973. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. veit mætavel.

Varðandi hag ríkissjóðs gat ég þess í ræðu minni áðan, að það mundi verða um 60 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, en hygg, að tekjur hans, — ég hef ekki nákvæmlega þær tölur, — muni vera hátt á 18. milljarðinn. Ég held, að ég fari þar ekki með skakkt mál, þannig að það eru nú engin ósköp að hafa 60 millj. kr. afgang af nærri 18 milljörðum, en það er þó betra en að hafa halla. (Gripið fram í.) Er það tvöfalt þetta, tvöfaldar 60 millj., 120 millj.? Jæja, en þetta kemur á daginn. Ég hef þetta fyrir mér frá stofnuninni, og ég hélt, að hún vissi það. En það er slæmt, ef það þarf að fara að leiðrétta hana.

Mér er vel kunnugt um, að viðskiptahallinn við útlönd er 1750 millj. eða nálægt tveim milljörðum. En ég vil vekja athygli ráðh. á því, að hann er raunverulega 4 milljarðar, og það veit hann, vegna þess að birgðabreytingar á þessu ári, sem Seðlabankinn reiknar með, að séu eðlilegar í mati á greiðslujöfnuði, hafa breytzt í óhag um 2 milljarða. Greiðsluhallinn við útlönd er því nálægt 4 milljörðum, eða nákvæmlega eins og spáð var, ekki af mér, heldur af sérfræðingum. Það voru þeir líka,

sem spáðu í haust, að það yrði 200—300 millj. kr. halli hjá ríkissjóði. Það reyndist ekki, vegna þess að hæstv. fjmrh. fékk í reynd miklu meira upp úr tekjuskattinum en hann hafði reiknað út í dæmunum, þegar var verið að samþykkja lögin um tekjuskattinn. Þá átti að lækka skattana, en þeir reyndust bara álagðir, — ég tek það fram, — ekki innheimtir, 1000 millj. kr. hærri en áætlað hafði verið. Tekjumoksturinn inn í ríkissjóðinn í des. var með þeim — ja, ég vil segja eindæmum, að það hefði þurft alveg stórfellt afrek til þess að koma því öllu í lóg. Það var tilkynnt með klóklegum hætti af hæstv. ráðh., að brennivínið ætti að hækka, — ég veit ekki, hvort það hefur verið af hyggindum eða gáleysi, hingað til hefur slíkt ekki verið tilkynnt fyrir fram, — en þetta var það löngu fyrir jól, að menn birgðu sig til jólanna, en voru svo búnir með það fyrir jól og urðu að kaupa sér aftur, eftir að það var hækkað. Hæstv. ráðh. fékk þannig tekjur í des. af þessum hyggindum eða gáleysi ríkisstj., — ég veit ekki, hvort ég á heldur að kalla það. Alla vega var það búbót fyrir hæstv. fjmrh., að þetta skyldi gerast með þessum hætti.

Aðeins nokkur orð enn þá varðandi það, sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann gat um, að Vestmannaeyjagosið hefði auðvitað orðið stórt áfall, sem hlyti að hafa mikil áhrif. (Gripið fram í.) Jú, jú, þetta er vafalaust alveg rétt. En hvernig stendur á því, að það segir í skýrslu fjmrh., að niðurstaðan hafi orðið sú að láta sem ekkert væri? Það er ákaflega erfitt að samrýma það. Í skýrslunni stendur, að það hafi orðið niðurstaðan eftir vangaveltur að láta sem ekkert hafi skeð. Það er ekki beinlínis orðað svona, heldur segir, að það eigi ekki að láta þetta hafa nein áhrif á þær till., sem búið var að gera um útgjöld til ýmiss konar framkvæmda á árinu. Þetta er niðurstaðan úr þessari skýrslu. Hún er nógu löng til að segja þetta. Það er skiljanlegt í skýrslunni. Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, að ef hefði mátt nota fé viðlagasjóðs til þess að rétta hag sjóðanna, hefðu þeir auðvitað staðið miklu betur að vígi. Ég veit hins vegar, að hann átti hvorki við það í alvöru, að þetta hefði verið hægt, né heldur býst ég við, að við hefðum treyst okkur til þess að bera fram slíka till., vegna þess að fé til viðlagasjóðs fékkst með þessum sérstaka hætti, af því að um þessi einstöku óhöpp var að ræða. Við hefðum ekki getað, ekki hann, ég eða neinn annar, leyst vandann eða fengið skattaálögur með þessum hætti til þess að mæta vanda sjóðanna, þótt það hefði verið æskilegt.

Það var mjög fróðlegt að heyra það, þótt það væri ekki gleðilegt að tala um, að vegna Vestmannaeyja hefði þó rokið út í veður og vind hugmyndir um skattalækkanir, sem höfðu verið orðaðar í minnisblaði til Alþýðusambands Íslands. Hvort þetta gleður alla, skal ég ósagt láta, og ég er ekki alveg viss um, að þetta sé raunhæft eða stafi af Vestmannaeyjavandanum. Ég held, að þarna hafi bara verið varpað fram atriði, sem hæstv. ráðh. hefur ekki getað staðið við, m. a. vegna þess, að fjárlög voru afgreidd með greiðsluhalla. Það má kannske færa það honum til afsökunar í þessu efni, að það var einu sinni stungið upp á því við Alþýðusambandið að veita a. m. k. láglaunafólki þessi fríðindi.

Svo fékk ég alls ekki botn í ummæli hæstv. ráðh., — og bið ég hann að afsaka það, — þau, sem hann viðhafði í framhaldi af þessu, en það var um byggðajafnvægið. Hann sagði, að það væri ekki hægt að fella niður neitt af því, sem stæði í frv., með hliðsjón af byggðajafnvægi. Þetta getur allt verið satt og rétt. En hvernig ætlar þá hæstv. ráðh. að skera niður ríkisútgjöldin um 600, 700, 800 millj. eða jafnvel 1000 millj. til þess að ná saman endum, miðað við það, sem er búið að leggja á ríkissjóðinn eftir áramót? Hvernig er það hægt, án þess að það snerti byggðajafnvægið? Ég þekki það mikið til ríkisbúskaparins, að ég veit, hvað eru stórar fjárhæðir í fjárl., sem eru bundnar og ráðh. getur ekkert ráðið við. Og það hefur ætíð verið svo, þegar hefur verið um niðurskurð að ræða í fjárl., og það var svo raunar á s. l. ári, að það, sem skorið er niður, snertir að meginhluta opinberar framkvæmdir. Og meginhluti þeirra opinberu framkvæmda, er úti um hinar strjálu byggðir landsins, þannig að þarna fæ ég dæmið ekki til að ganga upp. Það má sem sagt ekki draga úr framkvæmdaáætluninni, bæði vegna sveitarafvæðingar og annars. Þetta er satt og rétt. En hvernig hæstv. ráðh. ætlar þá að ná saman endum með allt að 1000 millj. kr. lækkun fjárl., án þess að það snerti framkvæmdir í strjálbýlinu, verður fróðlegt að sjá.

•

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 639 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÁ, JÁH, MJ, AJ, SteinG, ÞK, GHB, EggÞ, GH, BJ.

nei: MÓ, PÞ, RA, StH, ÁB, HK, BFB, EÁ, GeirG, HFS.

Brtt. 640 tekin aftur til 3. umr.

11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga er komið frá Nd. og var afgreitt þar ágreiningslaust með öllu. Í frv. felast aðeins tvö efnisatriði. Í fyrsta lagi það, að sá hluti söluskatts, sem rennur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, verði nú innheimtur mánaðarlega, en það er í samræmi við það, að söluskattur er nú innheimtur mánaðarlega, en var áður innheimtur ársfjórðungslega. Þetta er því til samræmis við það, að sá hluti söluskatts, sem rennur til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé innheimtur mánaðarlega.

Hitt atriðið, sem í frv. felst, er það, að þau sveitarfélög, sem ekki hafa skilað ársreikningum sínum fyrir tilskilinn tíma, skuli ekki njóta aðstoðar jöfnunarsjóðs, fyrr en þau hafa skilað reikningum. Það vill brenna við hjá sumum sveitarfélögum, að þau skila ekki reikningum sínum svo reglulega sem skyldi. Nokkur sveitarfélög hafa ekki skilað reikningum fyrir árið 1971 enn og einstöku sveitarfélög jafnvel ekki fyrir 1970. Ef þetta frv. verður samþ., fá þau ekki aðstoð í neinu formi hjá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nema því aðeins að þau inni af hendi þá sjálfsögðu skyldu sína að skila reikningum. Þeim sýnist það ekki vera útlátalaust til þess að öðlast þá aðstoð, sem jöfnunarsjóðurinn annars getur veitt, og veitir samkv. þessu skilvísum sveitarfélögum. Þetta má segja, að sé dálitið hart, en þetta síðara ákvæði er samkv. eindregnum óskum Hagstofu Íslands, sem getur ekki skilað hagskýrslum sínum um sveitarfélögin, nema því aðeins að reikningar sveitarfélaganna liggi fyrir reglubundið.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umr. er lokið, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þessu frv. Í fyrsta lagi fagna ég því atriði, að nú skuli það ekki verða eftirleiðis eins og er nú, að það sé annar gjalddagi hjá ríkissjóði til jöfnunarsjóðs en gert er ráð fyrir, að jöfnunarsjóður greiði sveitarfélögum. Þetta olli mörgum sveitarfélögum miklum óþægindum um síðustu áramót. Þau höfðu treyst á, að ákvæði tekjustofnalaganna, sem samþ. voru á síðasta Alþ., væri í samræmi, en því miður, vil ég segja, var fyrir vangá hygg ég, greiðsludagur ríkissjóðs annar til jöfnunarsjóðs en var svo aftur gert ráð fyrir, að jöfnunarsjóður greiddi sveitarfélögum. Eðlilega gat hann ekki greitt úr sínum sjóði, fyrr en tekjurnar voru komnar þar inn.

Um hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. kom inn á, þ. e. reikningsskil sveitarfélaganna, er ég líka mjög sammála, þekki það úr samtökum sveitarfélaga á Reykjanesi. Þetta er ekki mjög einfalt mál. Smærri sveitarfélögin eiga sér í lagi í vissum erfiðleikum með að fá þetta starf unnið. Þetta er einn af mörgum þýðingarmiklum þáttum í starfsemi sveitarfélaganna, sem samtök þeirra geta máske örlítið komið til hjálpar með og orðið til þess, að frekar sé hægt að fá starfskrafta til þess að vinna þetta, þannig að það geti orðið sómasamleg skil á þessu. Eins og hæstv. ráðh. drap á og ég veit, að er hárrétt, er þetta náttúrulega algerlega óviðunandi. En ég endurtek, að ég fagna því, að þetta frv. er komið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig komið frá hv. Nd. og hlaut þar einnig ágreiningslausa afgreiðslu. Hér er eingöngu um það að ræða, að ríkissjóður skuli árlega leggja fram 10 millj. kr. á 10 ára bilinu frá 1974 til og með 1983, sem ríkisstj. er svo heimilað að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags. Þetta er framlenging á l. frá 1963, þar sem heimilað var að greiða úr ríkissjóði árlega sem framlag til sveitarfélaganna 3 millj. kr. á ári á tímabilinu frá 1963—1972. Þessi tímabundna löggjöf er nú fallin úr gildi, og er nú lagt til, að hún verði framlengd með þessu frv. næsta 10 ára tímabil. Og upphæðin, sem miðað við verðgildi 3 millj., þegar lögin 1963 voru sett, er nú 10 millj. og því er lagt til, að upphæðin breytist úr 3 millj. í 10 millj. kr. Má þá heita, að í raun og veru sé sams konar aðstoð veitt nú til landakaupa sveitarfélaga, kauptúna og kaupstaða og í fyrri löggjöfinni.

Það liggja nú fyrir margar beiðnir í félmrn. um slíka aðstoð til landakaupa og er skrá yfir þær umsóknir í grg. frv. og þörfin á slíkri aðstoð óumdeilanlega ekki minni, en hún hefur verið áður. Veitt hefur verið allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands sem framlag frá ríkissjóði, og er rætt um, að þau ákvæði haldist. Samtals voru á þessum áratug, sem löggjöfin gilti, veittar 34 821 288 kr. til slíkrar aðstoðar, sem í frv. greinir.

Það þarf engin fleiri orð um þetta að hafa. Hér er sem sé till. um, að sams konar aðstoð verði veitt kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir og fólst í löggjöfinni frá 1963.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479, n. 617). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að fagna því, að þetta frv. er fram komið, og þakka hæstv. trmrh. fyrir það, að hann hefur beitt sér fyrir framgangi þess á yfirstandandi þingi. Ég tel, að í þessu frv. sé um mjög verulegar réttarbætur að ræða fyrir þá, sem notið geta bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði, og fleiri breytingar, sem þarna er um að ræða, séu mjög verulegt spor í rétta átt og til hins betra. Ég ætla þó ekki að hafa langt mál um það eða fara að telja upp þessar breytingar. Ég hygg, að þó að mikill hraði hafi verið hér á þingstörfum, sé mönnum það sæmilega ljóst. Málið hefur legið það lengi fyrir, og einnig hélt hæstv. trmrh. hér ítarlega ræðu um málið. En samandregið yfirlit um helztu breytingarnar er að finna á bls. 9 í aths. við frv. Þó vil ég nefna ein fjögur atriði, sem ég tel langþýðingarmest í þessu efni.

Það er í fyrsta lagi sú breyting á l., að þau ná nú til landsins alls. Áður náðu þau aðeins

til þéttbýlisstaða með yfir 300 íbúa, en gátu þó með nokkrum undantekningum og sérstökum leyfum ráðh. einnig náð til fleiri staða. En allverulegur hluti af landsbyggðinni var þarna út undan, og olli það oft ýmislegum vandkvæðum og réttindamissi manna, sem með eðlilegum hætti hefðu átt að njóta bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði ekkert síður en aðrir. Nú er þessu breytt þannig, að gildi laganna er aukið, þannig að allir, sem vinna þau störf, sem undir lögin falla, hafa fyllsta rétt til bótanna, þ. e. a. s. með þeim skilyrðum öðrum, sem lögin í einstökum atriðum ákveða.

Í öðru lagi er svo um það að ræða, að gerðar eru sjálfsagðar breytingar á frv. í sambandi við þá breytingu, sem varð á vinnutímanum í samningunum í des. 1971, og jafnframt eru bætur hækkaðar verulega og biðtími eftir bótum felldur niður. Hér er um mjög miklar hækkanir á bótum að ræða, bæði með beinum og óbeinum hætti, því er ekki að leyna. En á það er að líta, að þessi sjóður er öflugur. Hann er orðinn einn öflugasti fjárfestingarsjóður í landinu og skilar árlega tekjum, sem nema, — ég vil segja: sem betur fer, — mörgum sinnum því, sem til bóta þarf, því að það hefur aldrei farið hærri upphæð til bótanna en nemur aðeins broti af vaxtatekjum sjóðsins. En í sjóðinn renna, eins og mönnum er kunnugt, um 4% af dagvinnutekjum almenns verkafólks. Það hefur þess vegna þótt við hæfi, og t. d. öll stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs verið algerlega sammála um, að bæturnar væru auknar mjög verulega frá því, sem verið hefur. Raunverulega hafa þær, miðað við almennt kaupgjald, verið að rýrna allverulega á undanförnum árum, en með l. 1969, en þá voru þau endurskoðuð að nokkru leyti, var svo ákveðið, að bætur skyldu breytast samkv. kaupgreiðsluvísitölu, en hins vegar ekki eftir breytingum á grunnkaupi. Grunnkaup hefur hækkað mjög verulega á þessu tímabili, þannig að sem prósentuhluti hafa bætur rýrnað ákaflega mikið á þessu tímabili og svo mikið, að óviðunandi var orðið. Nú er þessu breytt þannig, að dagpeningar trygginganna verða föst prósenta af 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og munu þess vegna í framtíðinni fylgja vélrænt þeim breytingum, sem á kaupgjaldi verða. Þetta tel ég hiklaust til bóta og koma í veg fyrir, að það verði sífellt verið að fara ofan í þessi mál og taka nýjar og nýjar ákvarðanir þar um.

Ákvæði um biðtíma eru mjög flókin í núgildandi lögum. En það má segja, að almenna reglan sé sú, að menn þurfi að bíða 6 daga eftir bótum. Þetta er að vísu ekki í svo langan tíma, ef um hlaupavinnu svokallaða er að ræða, en það er hins vegar almenna reglan. Nú er það svo, að þeir sem bótarétt eiga úr atvinnuleysistryggingasjóði, hafa í langflestum tilvikum verið vikukaupsfólk, fólk, sem er á lágum launum og má ekki við miklum tekjumissi. Jafnvel einn eða tveir dagar í viku geta sett allt úr skorðum um möguleika heimilanna til að framfleyta sér. Þeim veitir því sannarlega ekki af því að hafa tekjur hvern dag. Í öðru lagi vil ég segja það sem mína skoðun, að hættan, sem sumir hafa gert nokkuð úr og m. a. kom hér fram við 1. umr. málsins hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., ef ég man rétt, á þeirri misnotkun, sem hann minntist á, og vissulega er ekki útilokað, að geti verið fyrir hendi, minnki mjög stórlega við það, að biðtími sé felldur niður. Nú er ekki lengur um það að ræða, að maður, sem fer í vinnu einn og einn dag, glati nokkru við það, hann fær þann dag sem kaupgjald. Ef gömlu ákvæðin hefðu gilt, féllu niður bótadagar í sambandi við slíka vinnu, þannig að hér er áreiðanlega um öryggisatriði að ræða hvað þetta snertir og ekki gerandi lítið úr því.

Þá er enn eitt nýmæli fyrir utan niðurfellingu biðtímans og hækkun bótanna, sem ég tel vera mjög mikils virði og geta komið að verulegu atvinnulegu gagni. Það er sú breyting, að stjórn sjóðsins er heimilað að veita sveitarfélögum styrk og einstaklingum vaxtalaust lán, þar sem um er að ræða verulegt og langvarandi atvinnuleysi, gegn því skilyrði m. a., að þeir sjái ákveðinni tölu atvinnulausra á staðnum fyrir vinnu tiltekinn tíma, sem goldin verði samkv. gildandi taxta á staðnum. Hér er auðvitað um að ræða heimild, ef hún er skynsamlega notuð, sem kann að leiða til þess, að atvinnuleysi verði minna. Jafnvel þó að sú vinna, sem um væri að ræða, væri ekki í öllum tilfellum fullkomlega arðbær, gæti hún orðið miklu hagkvæmari en að greiða mönnum laun fyrir að sitja heima hjá sér athafnalausir.

Fyrir utan þessi stærri atriði, sem ég hef nefnt, eru ýmis smærri atriði, sem eru til varanlegra bóta og gera ákvæði l. skýrari og auðveldari í framkvæmd.

Því er ekki að leyna, þó að það sé rétt, sem ég sagði, að í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs var fullt samkomulag um málið, eins og það er nú lagt fyrir hv. Alþ., þá er þar ein undantekning á. Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Kristján Ragnarsson, hafði þar sérstöðu. Hann mætti einnig á fundi hjá heilbr.- og trn., þegar hún hafði málið til meðferðar, og skýrði sitt mál. Það kom þó í ljós, og ég vil segja það vinnuveitendasamtökunum til hróss, að það voru í raun og veru ekki nema tvö atriði, sem þau höfðu sérstakar aths. við að gera. Það var annars vegar niðurfelling biðtímans og hins vegar hækkun bótanna. Þeir töldu að vissu marki, að hækkun bótanna væri eðlileg, en vildu, að sett væri sama prósenta og 1969, en nú er um að ræða 5% hækkun á bótunum frá því, sem þar var ákveðið. Í sérstakri grg., sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, sem jafnframt er fulltrúi atvinnurekenda í sjóðsstjórninni, hefur sent n., segir m. a.:

„Með tilvísun til þess, að mikil vöntun er nú á fólki til starfa við sjávarútveg á öllu landinu, nema á Norður- og Norðausturlandi, sé ég ekki ástæðu til að auka rétt fólks til atvinnuleysisbóta. Þrátt fyrir þessa miklu vöntun á starfsfólki hefur fjöldi fólks verið á atvinnuleysisbótum. Gera má ráð fyrir, ef biðtímaákvæðið verður fellt niður og bótafjárhæðir hækka stórlega, að fólk leiti síður atvinnu utan heimabyggðar. Ef svo fer, er með öllu útilokað að gera út fiskiskip á vetrarvertíð með þeim hætti, sem tíðkazt hefur undanfarna ára-

tugi, þ. e. að fjölga þurfi í áhöfnum bátanna um 1000—1200 menn í marz og apríl og á vetrarvertíð komi á land 60—70% af ársaflanum. Þessar staðreyndir verða menn að hafa í huga, þegar tekin verður afstaða til umræddra breytinga. Eins og ég hef tekið fram á fundi í sjóðsstjórninni, get ég fallizt á, að atvinnuleysisbætur hækki í það hlutfall, sem þær voru á árinu 1969, en ekki umfram það, eða til kvænts manns eða giftrar konu 75% af launum samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar".

Eins og menn sjá af frv., er hér um að ræða, að þessar bætur verði 80% til kvænts manns eða giftrar konu, sem er fyrirvinna, en ekki 75%, eins og Kristján Ragnarsson leggur til. Ég tel auðsætt, að hér sé ekki um svo stórkostlegan mun að ræða, að það geti ráðið úrslitum um það, hvort stórkostlegir fólksflutningar fara fram í sambandi við vetrarvertíð á Suðvesturlandi frá þeim stöðum á Norður- og Austurlandi, þar sem atvinnuleysi er að einhverju leyti landlægt að vetrinum til. Auk þess stríðir það að mínu viti líka á móti öllu eðli málsins og réttlæti, að atvinnuleysisbæturnar séu notaðar sem einhver sérstök þvingun á menn til þess að flytja sig búferlum í landinu. Ég held líka, að þessar bætur, eins og þær nú eru ákveðnar, hindri á engan hátt unga og vaska menn að fara í verið, eins og það var kallað hér, meðan það var og hét. Hins vegar hafa atvinnuhættir breytzt. Menn una því verr en áður og komast verr af með það að vera atvinnulausir langtímum saman og gera þess vegna vaxandi kröfur til þess að hafa atvinnu í sinni heimabyggð. Það tel ég vera þá meginreglu, sem stefna beri að.

Ég hef áður í þessu sambandi minnt á greiðslugetu sjóðsins, sem er það mikil, að ég tel ekki verjandi, að bæturnar séu lægri en hér er lagt til. Menn verða að minnast þess, að þessi sjóður var þannig tilkominn upphaflega, að hér var raunverulega um hluta af kaupi verkafólks að ræða. Sú skoðun er a.m.k. almenn í verkalýðsfélögunum, að hér sé raunverulega um eign verkalýðssamtakanna að ræða, enda er það svo, að tekjur sjóðsins eru færðar á sérstaka reikninga á nafni viðkomandi verkalýðsfélags. Þegar þetta er haft í huga, get ég ekki séð, að nein veruleg rök séu fyrir því, að bæturnar séu lægri en hér er lagt til.

Það var mér mikið ánægjuefni, að í hv. heilbr.- og trn. var full samstaða um málið og n. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. Á hinn bóginn áskildu menn sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., ef fram kynnu að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—29. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, að loknum 89. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er nú komið svo í hv. d., að það tekur lengri tíma að prenta þskj. og frv. en afgreiða þau hér í d. Þess vegna mótmæli ég því, að 11. mál, um Fiskveiðasjóð, komi nú til 2. umr., þar sem ekki hefur gefizt tími til þess að dreifa nál. minni hl. Ég held, að það geti ekki legið svo mjög á að taka frv. til 2. umr., a. m. k. ekki nú fyrir kvöldmat, þar sem ekki vinnst einu sinni tími til að prenta þskj. Það mun sennilega vera einstæður atburður, að það taki orðið lengri tíma að prenta þskj. en að afgreiða frv. sem lög frá hv. Ed.

Forseti (BJ): Út af ummælum hv. þm. vil ég aðeins geta þess, að það er það langur tími frá því að málið var afgr. í n., að með eðlilegum hætti hefði átt að vera hægt að ljúka prentun eða fjölritun nál. eftir atvikum. Hins vegar hef ég ekki lagt það í vana minn sem forseti d. að synja um það, ef óskað er eftir, að mál sé tekið út af dagskrá. Enn er ekki heldur útséð um það, hvort þskj. verður útbýtt, áður en málið er tekið til umr. En verði svo ekki, mun ég verða við þeirri ósk, að málið verði tekið út af dagskrá, ef það fullnægir óskum hv. þm.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 552). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., og afgr. til Nd.

Jafnlaunaráð, frv. (þskj. 489). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 676).

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 551 (sbr. 130)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677).

Breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, frv. (þskj. 565). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 678).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 534). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orkuver Vestfjarða, frv. (þskj. 5). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 679).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 648). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. heilbrmrh., sem ekki getur sótt þingfund nú vegna sjúkleika, mun ég segja hér nokkur orð við 1. umr. um þetta frv.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um heilbrigðisþjónustu, var *undirbúið í tíð fyrrv. ríkisstj. af* þáv. heilbr.- og trmrh., Eggert G. Þorsteinssyni, en hann skipaði sérstaka n., sem vann að því að semja þetta frv. Eftir að það hafði verið gert, var frv. kynnt víða um land og að sjálfsögðu þm., en síðar var það aftur tekið til frekari endurskoðunar í tíð núv. heilbrmrh., sem skipaði aðra n. til þess að yfirfara frv. að nýju og skoða alveg sérstaklega ýmsar ábendingar, sem fram höfðu komið við athugun málsins. Þetta frv. hefur því í rauninni legið alllengi fyrir hv. alþm., og auk þess hafa fjallað um þetta mál á undanförnum árum flestir þeir, sem þetta mál varðar alveg sérstaklega. Þannig hygg ég, að öll landshlutasamtök sveitarstjórnarmanna hafi fjallað um þetta mál á fundum sínum, og víða hefur málið verið til meðferðar í sveitarstjórnum eða hinum ýmsu *læknishéruðum landsins. Að sjálfsögðu* hafa svo samtök lækna og annarra slíkra einnig fjallað um málið.

Nú hefur þetta mál fengið afgreiðslu í hv. Nd. Alþ. eftir allrækilega athugun þar, og hafa verið gerðar á frv. talsvert miklar breytingar.

Ég veit, að meginefni þessa frv. er hv. þdm. allvel kunnugt, og sé því ekki ástæðu til að fara að rekja hér efnisatriði frv. Það er mjög liðið á þingtíma, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, og ég vil því treysta á, að sú n., sem fær málið hér til athugunar, kanni málið sem allra bezt, eftir því sem tími leyfir, og að tök verði á því að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi og gera frv. að lögum.

Hér er tvímælalaust um mjög mikilvæg atriði að ræða varðandi heilbrigðisþjónustuna í landinu. Ákvæði frv. varðandi *byggingu heilsugæzlustöðva* eru til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, að ég hygg að allra dómi, og ýmis skipulagsatriði, sem varða heilbrigðisþjónustuna og þar með læknishéraðaskipunina í landinu, eru tvímælalaust að mínum dómi til verulegra bóta. En hitt kemur auðvitað engum á óvart, að nokkur ágreiningur kunni að vera uppi um breytingu á gömlu skipulagi, einkum varðandi læknishéraðaskipulagið í landinu. Slíkt hefur komið fram á Alþ. æði oft áður og er æði erfitt að semja reglur um það, þannig að öllum líki fullkomlega.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vænti þess, að sú n., sem hér tekur málið nú til athugunar, sjái sér fært að skila áliti sínu fljótlega, svo að málið megi ná fram að ganga. En ég tel, að það hafi þegar fengið svo rækilega athugun og kynningu, bæði hjá þjóðinni og alþm., að það ætti að vera hægt, þó að mjög sé nú liðið á starfstíma þingsins.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að þessari umr. lokinni, vísað til hv. heilbr.- og trn. til fyrirgreiðslu.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja fundartíma, ég er í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar. — Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta mál hefði verið kynnt og rætt í landshlutasamtökunum alveg sérstaklega, og það er rétt. Ég vil lýsa því hér yfir, fyrst og fremst vegna þess, að það er tekið fram í bráðabirgðaákvæðum, að

II. kaflinn í frv. taki ekki gildi fyrr en Alþ. ákveður, að þar af leiðandi munu sveitarstjórnarsamtökin á Reykjanesi geta samþ. það, en þau munu leggjast eindregið gegn því, að sú skipan sem þar er gert ráð fyrir, verði lögfest. Ég vil aðeins láta þess getið, en ég fagna frv. Þar er margt til bóta, en eflaust margt, sem getur orkað tvímælis, eins og oft er. Sérstaklega tel ég, að það sé ekki nægilega skilgreind staða yfirlæknis, yfirhjúkrunarkvenna og forstöðumanna fyrir heilsugæzlustöðvum. Þetta mun verða athugað af minni hálfu í n., og skal ég ekki tefja umr. um málið frekar á þessu stigi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal alls ekki efna til meiri háttar umr. utan dagskrár á einum af síðustu annadögum þingsins. En í blöðum í morgun var fregn, sem gefur mér tilefni til að óska eftir upplýsingum frá hæstv. menntmrh., sem ég veit að mun geta svarað þessu í örstuttu máli.

Fregnin, sem ég á við, er sú, að allir fjölmiðlar skýrðu frá því í morgun, að menntamálaráð hefði á blaðamannafundi í gær greint frá því, að gert hefði verið ráð fyrir því, að í fyrra yrði notuð 1 millj. kr. til þess að styrkja listflutning úti um land, en ekki hafi tekizt að nota nema u. þ. b. ⅓ hluta þessa fjár í þessu skyni, ⅔ hlutar fjárins hafi ekki verið notaðir til listkynningar úti um land, heldur farið í eitthvað annað, eins og það er orðað í blöðum.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á, að ein síðasta lagabreytingin, sem ég hafði afskipti af sem menntmrh. á sínum tíma, var breyt. á l. um félagsheimilasjóð, þar sem stofnaður var menningarsjóður félagsheimila og honum ætlað um 10% af tekjum félagsheimilasjóðs. Það var gert ráð fyrir því, að hann hæfi störf á árinu 1972 eða í fyrra, og má þá gera ráð fyrir því, að tekjur hans hafi numið u. þ. b. 2 millj. kr. Þegar menntamálaráð gerði fjárhagsáætlun sína fyrir árið 1972, hef ég ástæðu til að halda, að ráðinu hafi ekki verið kunnugt um tilvist þessa menningarsjóðs félagsheimila og þess vegna ákveðið að lofa 1 millj. kr. í fyrra til listflutnings úti um land, sem að sjálfögðu var góðra gjalda vert. Við þetta hefði þó væntanlega mátt bæta 2 millj. kr. úr menningarsjóði félagsheimila, þannig að 3 millj. kr. hefðu átt að vera til ráðstöfunar í fyrra, til þess að kynna íslenzka list úti um landsbyggðina.

Í svari hæstv. fjmrh. við fsp. um menningarsjóð félagsheimila nú fyrir nokkrum mánuðum kom fram, að hann mun ekki hafa notað nema rúma ½ millj. af sínu starfsfé til listkynningar úti um landið, þannig að af þriggja millj. kr. heildarfjárveitingu, hafa aðeins verið notaðar um 800 þús. kr. til listflutnings. Er það mjög miður, að fé, sem varið er í jafn nauðsynlegu skyni og hér er um að ræða, skuli ekki vera fullnotað. Jafnframt kemur það fram í blaðafregnum í morgun, að menntamrh. hefur ráðið sérstakan mann, ágætan tónlistarmann, Gunnar Reyni Sveinsson, til þess að annast framkvæmdir á vegum menntamálaráðs í framtíðinni, því að nú ætlar það að nota 700 þús. kr. á næsta ári í þessu sama skyni. En þetta hlýtur að vera gert án þess að það sé fullljóst, að menningarsjóður félagsheimila hefur í sinni þjónustu annan valinkunnan og ágætan listamann, Kristin Hallsson söngvara, sem er á hálfum launum frá menntamrn. einmitt til þess að skipuleggja listkynningu úti um land. Hér virðist því vera um tvíverknað að ræða, að menningarsjóður ráði sérstakan mann til viðbótar hálfum starfsmanni hjá menntmrn., sem ætti að vera fullfær um að sjá um þessa starfsemi. Ég vildi því mjög beina því til hæstv. menntmrh., sem ég veit að hefur áhuga á þessum málum, að gerð sé tilraun til þess að skipuleggja þessa starfsemi betur en átt hefur sér stað á s. l. ári, þannig að hún komist undir einn aðila. Þá verð ég að segja, að lang eðlilegast er, að hún sé undir heildarstjórn menntamrn. og sú stofnun, sem búið er að koma á fót til þess að annast slíka starfsemi, menningarsjóður félagsheimila, hafi þessa starfsemi með höndum og annist þau þjónustuhlutverk, sem honum er ætlað með sérstakri löggjöf.

Ég vildi vekja athygli hæstv. menntmrh. á þessu og láta í ljós þá von, að hann beiti sér fyrir betri hagnýtingu fjárins en átt hefur sér stað á s. l. ári og ekki síður betri heildarstjórn á þessari mjög mikilvægu og nauðsynlegu starfsemi.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Í rauninni bar það mál, sem hér er brotið upp á, á góma, þegar ég svaraði fyrir mánuði fsp. hv. 6. landsk. þm., Helga F. Seljans, um starfsemi menningarsjóðs félagsheimila. Í svari sagði ég m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Haft hefur verið samráð við Menntamálaráð Íslands til þess að tryggja samstarf eftir því sem hagkvæmt þykir, vegna starfsemi þeirrar, sem menntamálaráð hefur beitt sér fyrir og nefnd hefur verið „List um landið."

Ég get bætt því við, að strax og ljóst varð á s. l. sumri, að í ráði var að hefja stuðning við listflutning úti um land, ekki aðeins á vegum menningarsjóðs félagsheimila, heldur einnig á vegum Menntamálaráðs, efndi menntmrn. til fundar með forstöðumönnum beggja þessara stofnana. Þar voru þegar lögð drög að því, að starfsemin yrði samræmd, og einnig, að aðilar hefðu svo náið samráð, að komið yrði í veg fyrir allan tvíverknað. Þetta samstarf hefur haldið áfram síðan, að því er ég bezt veit snurðulaust, og fyllstu horfur eru á, að það haldi áfram á því ári sem yfir stendur.

Það stendur nokkuð svipað á um hvora tveggja þessa starfsemi. Á s. l. ári var hún algerlega á frumstigi hjá menningarsjóði félagsheimila, og hjá menntamálaráði var fitjað upp á ný á starfsemi, sem fallið hafði niður fyrir allmörgum árum. Af því stafar vafalaust sú

staðreynd, sem hv. fsp. 7. þm. Reykv. benti á, að hvorugur aðili hefur komið í lóg nema hluta af því fé, sem til þessarar starfsemi mátti verja. Segja má, að það hefði verið æskilegra, að starfsemin færi myndarlegar af stað, en ég tel það þó ekki aðalatriðið, heldur að fénu, sem lagt er fram, sé raunverulega vel varið.

Hvað menningarsjóð félagsheimila varðar, er engu fé glatað frá þessari starfsemi. Það fé, sem ekki var notað á síðasta ári, geymist til þessa árs.

Varðandi ráðningu á starfsmanni fyrir menningarsjóð félagsheimila er mér tjáð, að þar sé ekki um neina fastráðningu að ræða, sá maður, sem í hlut á, sé ráðinn til þess að sjá um ákveðin verkefni, sem þar verði tekin fyrir, og fái þóknun í samræmi við það, hann sé alls ekki á föstum launum.

Megininntakið í ræðu frummælanda hér, var það, að hann taldi að þessa starfsemi alla ætti að sameina í menntmrn. á vegum menningarsjóðs félagsheimila.

Ég vil benda á, að menningarsjóður félagsheimila er samkv. reglum sínum bundinn við starfsemi, sem fram fer í félagsheimilum, sem byggð eru samkv. félagsheimilalögum. Til eru ýmsir staðir á landinu, þar sem ekki er til að dreifa slíkum félagsheimilum og menningarsjóður félagsheimila getur því ekki með góðu móti sinnt, svo að þegar af þeirri ástæðu getur verið ástæða til sérstakrar starfsemi utan hans vébanda, án þess ég vilji þar með segja, að frekari samhæfing þessarar starfsemi kunni ekki að reynast hagkvæm.

Hafnalög, frv. (þskj. 603 (sbr. 83)). — Ein umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 661).

Bygging og rekstur dagvistunarheimila, frv. (þskj. 485 (sbr. 3)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 662).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 386). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (þskj. 663).

Heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað Dysjar í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi Háagerði, frv. (þskj. 400). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til ríkisstj. sem lög frá Alþ. (þskj. 664).

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er um að heimila ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd samning, sem gerður var milli Norðurlandanna um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs og undirritaður í Ósló 20. febr. 1973 af þeim ráðh., sem fara með norræn málefni. Texti samningsins fylgir með frv. og telst hluti af lögunum, ef þetta frv. verður samþ. Frv. hefur gengið í gegnum Ed. Nægar skýringar felast í aths. og sjálfum samningnum.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 601). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta er hið árvissa frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Það hefur verið til meðferðar í Ed. og allshn. beggja deildanna hafa að því unnið.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurhreppi, frv. (þskj. 533). — 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á árinu 1968 varð sýslumaður Eyfirðinga við beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps um að hafa fulltrúa sinn til viðtals nokkra tíma á viku úti á Dalvík, til þess að þeir Dalvíkingar, sem ættu erindi við embættið, þyrftu ekki að fara til Akureyrar. Þessi nýbreytni var ákaflega vinsæl

á Dalvík og var töluvert mikið notuð á þessu ári. Það kom í ljós, að við þetta var nokkur kostnaður. Fulltrúarnir höfðu t.d. engan bílastyrk og vildu því ekki fara á eigin bílum, en munu hafa tekið leigubíla, og af þessum ástæðum mun sýslumaður hafa hætt þessari starfsemi.

Það, sem gerist næst í þessu máli, mun hafa verið árið 1970, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps skrifar dómsmrn. bréf og óskar eftir því, að á Dalvík verði staðsettur einn dómarafulltrúi frá embættinu á Akureyri. Ég held, að ég fari rétt með, að þessu bréfi hafi aldrei verið svarað frá hendi rn. Það sem næst gerist í þessu máli, er, að á síðasta hausti fengu þm. Norðurl. e. bréf frá sveitarstjóranum á Dalvík, þar sem hann fer fram á það samkvæmt samþykkt hreppsn. Dalvíkurhrepps, að allir þm. Norðurl. e. flytji á því þingi, sem nú situr, frv. til laga um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurhrepp, sem taki gildi 1. jan. 1974. Sérstök áherzla sé lögð á, að þar verði stofnsett fullgilt embætti bæjarfógeta með lögsögu fyrir bæjarfélagið a.m.k. Síðan þetta bréf var skrifað, hefur hreppsn. gert fleiri samþykktir til þess að reyna að ýta á, að þetta mál nái fram að ganga.

Frv. þetta er flutt af öllum þeim þm. Norðurl. e., sem eiga sæti hér í hv. d. og efni frv. er eingöngu það, að Dalvíkurkauptún skuli vera sérstakur kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi, og ætla ég ekki að rekja gr. frv. Það er bara það form, sem á því þarf að vera til þess að ná þessu markmiði.

Beiðni hreppsn. Dalvíkurhrepps fylgdi svo hljóðandi grg., með leyfi forseta:

„Samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps frá 26. september 1972 um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvíkurkauptún, sem hér fylgir með, á sér langan aðdraganda og hafa verið gerðar um það fjölmargar fundarsamþykktir á liðnum árum. Meginforsendur þeirra óska, sem fram koma í samþykktinni, eru: 1) Að fá inn í kauptúnið, íbúum þess til hægðarauka, alla þá þjónustu, sem bæjarfógetar veita. 2) Að skapa Dalvíkurhreppi þá réttarstöðu, sem kaupstaðir hafa. 3) Að losa Dalvíkurhrepp úr tengslum við Eyjafjarðarsýslu, þar sem áhrif hreppsins á stjórn málefna sýslunnar miðast við 1 fulltrúa af 12, en hluti hreppsins af gjöldum til sýslunnar nemur 1972 28,1%.

Af þeirri þjónustu, sem um ræðir í 1. lið, má nefna innheimtu tekna ríkissjóðs, stjórn lögreglumála, varðveizlu veðmálabóka, skrásetningu bifreiða, útgáfu ökuskírteina, umboð Tryggingastofnunar ríkisins og sýslusamlög. Enn fremur má benda á, að sífellt er verið með lagasetningu að gera greinarmun á sveitarfélögum eftir réttarstöðu þeirra. Má nefna t.d. lög um sjúkrasamlög, nr. 67 frá 1971, þar sem segir orðrétt í 37. gr.: „Í hverjum kaupstað og hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag“ o.s.frv. Orsakir þessa verða t.d. tvö sjúkrasamlög á Húsavík, Akureyri, Sauðárkróki, en fjölmennt læknishérað eins og Dalvíkurlæknishérað verður án þjónustu sjúkrasamlags.

Varðandi 2. lið er bent á, að hver kaupstaður er sjálfstætt lögsagnarumdæmi, þar sem hins vegar hreppur er hluti af lögsagnarumdæmi sýslu. Bæjarfógeti fer með lögsögu í kaupstað og hefur þar aðsetur, en sýslumaður í hreppi þarf ekki að vera þar búsettur. Kaupstaðir lúta beint yfirstjórn félmrn., sem fer með sveitarstjórnarmálefni, en eiga enga aðild að sýslufélögum samkvæmt lögum.“

Ég læt nægja þennan lestur upp úr grg. Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, vil ég taka það fram, að ég treysti mér ekki til að segja um það, hvort bréfi, sem borizt hefur til rn. um þetta efni, hefur verið svarað eða ekki. En hitt er þá rétt, að ég upplýsi um leið, að sýslumaður Eyjafjarðarsýslu hefur rætt um þetta mál við mig og það er fullur vilji hjá honum til að koma því þannig fyrir, að fulltrúi geti verið a.m.k. einhverja daga vikunnar á Dalvík. Ég hygg, að það verði ekki fyrirstaða gegn því, að hægt sé að koma því fyrirkomulagi á. Þetta ber ekki á neinn hátt að skoða sem andmæli við frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580). — 1. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. flytur þetta frv. að ósk fjmrn. Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er flutt, eru þær, er nú skal greina:

Dánarbú Andrésar Johnsons í Ásbúð í Hafnarfirði, en Þjóðminjasafnið var einkaerfingi hans, hefur aldrei verið gert upp fyllilega, að því leyti, að húseignin Ásbúð, Ásbúðarrtöð 1, og viðkomandi leigulandi hefur ekki verið ráðstafað eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Fyrirhugað hafði verið, að Hafnarfjarðarbær keypti landið, enda þarf hann á því að halda í framtíðinni vegna skipulags í þessum bæjarhluta. Húseignin er mjög hrörleg orðin og bíður aðeins niðurrifs. Þykir eftir atvikum rétt, að Hafnarfjarðarbæ verði boðin eignin til kaups. Þetta er varðandi 1. gr. frv.

Eignin Smiðjuvegur 17, Kópavogi, er eign Landnáms ríkisins og var notuð undir verkstæðisrekstur þeirrar stofnunar. Sá rekstur hefur nú verið sameinaður verkstæðisrekstri Vegagerðar ríkisins, og eru því ekki lengur not fyrir fyrrgreinda eign. Þetta varðar 2. gr.

Eignin Skeljanes 10 var seld ríkissjóði árið 1944, en hefur aldrei verið nýtt. Þykir rétt, að aflað sé heimildar til sölu á henni. Þetta er varðandi 3. gr. frv.

Fjh.- og viðskn. flytur þetta frv., og ég geri a.m.k. ekki till. um, að málinu sé vísað til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 553, n. 644). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með þeirri breytingu, sem prentuð er með nál. á þskj. 644. Það er nánast orðalagsbreyting í þeim tilgangi að taka af tvímæli um, að launaskattur greiðist ekki af vinnutekjum við fiskveiðarnar sjálfar, en hins vegar greiðist launaskattur með venjulegum hætti, t. d. af vinnu við viðhald fiskiskipa og af annarri slíkri þjónustuvinnu, þótt unnin sé fyrir fiskiflotann.

Fjh.- og viðskn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 644 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 181, n. 624). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur nú athugað þetta mál nokkuð. Hún sendi það Landnáminu, kirkjumrn. og sóknarprestinum á Útskálum til umsagnar. Umsagnirnar voru á þá leið, að Landnámið mælti með sölunni, en sóknarpresturinn á Útskálum og kirkjumrn. óskuðu eftir því, ef sala yrði leyfð á Útskálum, að undanskilja heimatún staðarins.

Í ljós kom, þegar var farið að athuga þetta mál, að í landi Útskála eru mörg býli, sem voru kölluð í gamla daga þurrabúðir og hjáleigur, og sum þeirra munu vera með samninga og e. t. v. önnur ekki.

N. samþ. að mæla með sölunni, en vill þó taka fram, að þess sé mjög gætt, að þeir, sem búa á þessum hjáleigum, þurrabúðarjörðum, haldi þeim rétti, sem þeir hafa haft, þrátt fyrir eigendaskiptin.

ATKVGR.
Brtt. 624 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 202, n. 637). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv., sem er 134. mál, hefur nú verið í athugun í n. um langan tíma. N. sendi frv. til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, veðdeildar Landsbankans og ríkisábyrgðasjóðs, og bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum. Undir nál. skrifa allir, sem eiga sæti í félmn., og standa að þeim brtt., sem eru á þskj. 637 þrir nm., þeir hv. þm. Gunnar Thoroddsen, Gylfi Þ. Gíslason og Ólafur G. Einarsson, töldu, að ástæðulaust væri að afgreiða frv. á þessu þingi, þar sem þessi lög ættu ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót, en meiri hl. n. vildi koma frv. fram nú.

Ég ætla að lýsa hér þeim brtt., sem n. stendur öll að því að flytja.

1. brtt. er við 4. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: „Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þús. íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.“ Í frv. var þetta á þann veg, að lágmarkstala stofnenda skyldi vera 3‰ af samanlögðum íbúafjölda þeirra sveitarfélaga, sem byggingarsamvinnufélagið nær yfir, miðað við 1. des. árið á undan, en þó aldrei lægri en 15 og ekki hærri en 50.

2. brtt. er við 5. gr., en við þá gr. eru tvær brtt. Það er fyrst a-liður: „2. mgr. A-liðar orðist svo: Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímanum.“ Sú breyting felst í þessu, að alveg er fallið frá því að verðtryggja þetta fé í samræmi við þær umsagnir, sem komu frá húsnæðismálastjórn og öðrum aðilum. Voru allir sammála um, að ekki væri fært eftir þær breytingar, sem voru gerðar á l. á síðasta þingi, að verðtryggja þessar innstæður.

Hin brtt. við þessa gr. er, að aftan við 2. málsl. D-liðar bætist nýr málsl.: „Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru framseld.“ Í umsögn frá ríkisábyrgðasjóði er bent á, að það sé mikil hætta á því, að svartamarkaðsbrask með þessi bréf mundi aukast, ef þau væru gefin út á þennan hátt, sem í frv. felst. Hins vegar er bent á það í sambandi við suma lífeyrissjóðina, að þeirra reglur munu vera þannig, að þeir vilja ekki lána úr sínum sjóðum öðru vísi en að ríkisábyrgð sé á þessum lánum, ef visst hlutfall hvílir áður á 1. veðrétti, miðað við brunabótamat. N. féllst á þessi rök og leggur því fram þessa brtt.

3. brtt. er við 6. gr.: „Á eftir 3. málsl. 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi, og verði þá 4. málsl. sérstök mgr.: Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa 3 menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fskj. og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.“ Þessi viðbótartill. skýrir sig sjálf. En það hefur verið talið, að þeir, sem eru í þessum byggingarflokkum,

eða þeirra fulltrúar, hafi ekki ævinlega fylgzt nægilega með fjárreiðum og öðru í sambandi við byggingarnar og þetta oft og tíðum valdið misskilningi, sem sé hægt að komast fyrir með þessari reglu, og þess vegna leggur n. þetta til.

4. brtt. er við 8. gr.: „Í stað orðanna „eftir afhendingu" í 1. mgr. komi: frá því að byggingarframkvæmdir hófust." Sú breyting, sem lagt er til að verði á þessu, er, að menn megi selja íbúðir sínar 5 árum eftir að framkvæmdir hefjast, en samkv. frv. er það frá afhendingardegi íbúðarinnar.

5. brtt. er við 11. gr., að greinin falli niður. Þessi grein er nánast um það, að ríkisábyrgðasjóður skuli afhenda veðdeild Landsbankans til vörzlu áhættugjald það, sem hann hefur tekið vegna ábyrgðarinnar á undanförnum árum. Í umsögn ríkisábyrgðasjóðs kom fram, að ríkisábyrgðasjóður mun nú vera í ábyrgð fyrir íbúðarlánum að upphæð einum milljarði. Bent er á, að það sé dálítið einkennilegt, ef eigi að svipta sjóðinn þessu gjaldi, sem mun vera 14,6 millj. kr. samtals, en hann eigi eftir sem áður að vera ábyrgur fyrir þessu. Ef hann hefði hins vegar verið losaður við ábyrgðina, væri öðru máli að gegna. N. féllst á þessi rök og leggur því til, að 11. gr. falli niður.

6. brtt. er við 12. gr.: „1. málsl. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum."

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., skrifuðum við 3 fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í hv. félmn. undir nál. með fyrirvara. Vegna þessa vil ég segja örfá orð.

Það kemur fram í nál., að við töldum ástæðulaust að afgr. þetta frv. á þessu þingi, þar sem það á ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs, enda þurfi ýmis ákvæði frv. nánari athugunar við.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. að frv. þetta hefur verið alllangan tíma til meðferðar í n. Hins vegar dró ekki til úrslita um afgreiðslu málsins fyrr en nú allra síðustu daga, aðallega vegna þess, að umsagnir bárust heldur dræmt. Ég tek það fram, að við teljum allar brtt., sem n. stendur sameiginlega að, til mikilla bóta. Engu að síður hefðum við talið æskilegra að fresta afgreiðslu þessa máls þar til á næsta þingi. Þótt við teljum brtt. til bóta og stöndum að þeim, er það nú einu sinni svo, að þær eru samdar í nokkrum flýti og þess vegna ástæða til að skoða þær nokkuð betur.

Það, sem ég tel að athuga þurfi betur í frv., eins og það er nú, er einkum C-liður 5. gr., sem fjallar um það, að jafnaði skuli skila íbúðum fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað. Þarna er um að ræða undantekningarákvæði frá reglunni um það, að þeir, sem fá framkvæmdalán, verði að skila íbúðum fullgerðum til kaupenda. Það er rétt að geta þess og vekja sérstaka athygli á því, að með l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins er framkvæmdalánunum markaður ákveðinn bás í veðlánakerfi ríkisins. Þetta lánaform hefur reynzt mjög örvandi til þess, að íbúðir séu afhentar kaupendum fullfrágengnar á hagkvæmu verði. Það verður að teljast varhugavert, ef veitt er undantekning til eins eða annars aðila frá því að fullgera íbúðir þær, sem framkvæmdalán er veitt til. Í umsögn húsnæðismálastjórnar kemur fram viss ótti, ef inn á þá braut er farið að veita þessar undanþágur.

Þá vil ég einnig benda á 2. mgr. 7. gr. frv., þar sem takmörkuð er að nokkru skaðabótaskylda byggingarsamvinnufélaganna. Ég skal ekki ræða það efnislega, en þarna er vikið nokkuð frá gildandi reglum. Ég er ekki með þessu að segja, að ekki sé ástæða til að endurskoða þær reglur, en mér sýnist, að þarna væri ástæða til að doka við og skoða betur, hvaða afleiðingar það kann að hafa, ef reglunni er breytt á þann hátt, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. Ég er ekki viss um, nema þetta geti haft í för með sér ýmsa erfiðleika fyrir eigendur íbúðanna. Ef gallar koma í ljós síðar, sem ekki verða beinlínis raktir til vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins, kunni þeir að lenda í nokkrum erfiðleikum við að ná rétti sínum.

Með hliðsjón af þessu, sem ég hef hér drepið á, tel ég skynsamlegra að láta þetta mál bíða, ekki sízt með tilliti til þess, að l. eiga ekki að öðlast gildi fyrr en um næstu áramót. Ég geri þetta þó ekki að neinu kappsmáli, enda má segja á sama hátt, að það gefst þá tækifæri til þess að skoða þetta mál allt betur, þó það verði að l., þar sem gildistakan er ekki fyrr en um áramótin, eins og ég áðan sagði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 637,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 637,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 637,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 637,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 637,5 (11. gr. falli niður) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 637,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 480, n. 585, 625 og 632, 626). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Í þessu frv., sem er á þskj. 480, felast þrjár breytingar: Í fyrsta lagi að hækka lánsfjárhæð húsnæðismálastjórnarlána úr 600 þús. upp í 800 þús. kr. Í öðru lagi, að árlega sé breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, en samkv. gildandi l. á að gera þetta á tveggja ára fresti.

Í þriðja lagi er heimild til að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkvæmt 1. gr. l. nr. 97 frá 22. des. 1965.

Á undanförnum árum hefur verið mjög mikil óánægja úti á landsbyggðinni yfir því, að þær byggingar, sem hafa gengið undir nafninu Breiðholtsbyggingar, hafa verið byggðar og Húsnæðismálastofnunin veitt þar 80% af byggingarkostnaði að láni, en landsbyggðin hefur ekki talið sig geta byggt samkv. þeim l. Nú er verið að verða við þeim óskum að gera þetta auðveldara fyrir sveitarfélögin. Landshlutasamtökin hafa mjög komið þar við sögu og ýmsir aðrir aðilar að knýja þetta fram, og ég tel, að þetta sé mjög mikilvægt mál fyrir landsbyggðina.

Því miður gat félmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. sé samþ. óbreytt, en það hafa komið fram tvö minni hl. álit. Annað er frá hv. 5. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, og hann er að vísu meðmæltur því, að frv. nái fram að ganga, en bendir hins vegar á, að það vanti alveg inn í frv., hvernig eigi að fjármagna þessar framkvæmdir. Hins vegar leggur 1. minni hl., hv. þm. Ólafur G. Einarsson og Gunnar Thoroddsen, fram brtt., sem er um það, að ekki einungis sveitarfélög, heldur önnur félög, fyrirtæki eða einstaklingar geti fengið að byggja þessar íbúðir.

Á fund n. komu ráðuneytisstjórinn í félmrn., forstöðumaður veðdeildar Landsbankans og formaður húsnæðismálastjórnar. Í sambandi við þetta mál lagði ég þá spurningu fyrir ráðuneytisstjórann í félmrn., hvort hann teldi, ef sveitarfélag vildi ekki nota eða gæti ekki notað þennan rétt, að hægt væri að koma því fyrir samkv. þessum l., að atvinnurekandi á staðnum, sem hefði meðmæli sveitarstjórnar, gæti notað þennan rétt. Hann lét mig þá hafa í hendur reglugerð um lánveitingar húsnæðismálastjórnar, sem er gefin út 1970. 21. gr. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Leigusala er heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, tryggð með 2. veðrétti í leiguíbúðum, fyrir allt að fjórðungi kostnaðarverðs íbúðanna. Bréf þessi skulu vera til allt að 10 ára með venjulegum útlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sá, sem kaupir skuldabréf þessi, skal að jafnaði sitja fyrir öðrum um leigu á íbúð."

25. gr. reglugerðarinnar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vill eigandi leiguíbúðar selja íbúð, og skal þá söluverð þeirrar íbúðar eigi vera hærra en nemi kostnaðarverði hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar. Við sölu skal leigjandi eiga forkaupsrétt, svo og þeir, sem ættu rétt til lána úr byggingarsjóði verkamanna eða keypt hafa handhafaskuldabréf samkv. 21. gr., en að þessum aðilum frágengnum hlutaðeigandi sveitarfélag. Sala íbúðar er háð samþykki húsnæðismálastjórnar. Í slíkum tilfellum skal segja leigjanda upp með 12 mán. fyrirvara, nema um annað semjist milli aðila."

Ég fyrir mitt leyti er á móti þessari brtt. af þeim ástæðum, að ég tel, að það sé sjálfsagt, að sveitarfélögin hafi fyrst og fremst þennan rétt og noti hann. Að þeim frágengnum, felur frv. og reglugerðin í sér, að það er ekkert, sem hindrar, að atvinnufyrirtæki eða jafnvel einstaklingar geti byggt samkv. þessum lögum.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Þótt fram hafi komið 3 nál., er ágreiningurinn í n. kannske ekki mjög stórvægilegur, en þó nokkur. Eins og ljóst er, eru tvö meginatriði í þessu frv. Það er í fyrsta lagi, að hámarkslánin hækka úr 600 þús. kr. í allt að 300 þús. kr. á hverja íbúð. Í öðru lagi er heimildin í 2. mgr. 1. gr. til að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og nemi lánin allt að 80% af byggingarkostnaði, að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Allir nm. eru sammála um þá nauðsyn að hækka lánin til íbúðabygginga. Hins vegar þótti okkur í báðum minni hl. aðfinnsluvert, að ekki skuli gerð grein fyrir væntanlegri fjáröflun. Við höfum fengið umsagnir frá Húsnæðismálastofnun ríkisins eða öllu heldur þremur hlutum hennar, og að þessu er einnig fundið hjá einstökum meðlimum í húsnæðismálastjórn. Segir svo í umsögn Hannesar Pálssonar: „Miðað við væntanlegan byggingarkostnað árið 1973 teljum vér, að hámarkslán til íbúðabygginga á árinu 1973 megi ekki vera lægri en 900 þús. kr. á hverja íbúð. Sú upphæð mun aldrei verða meira en rúm 30% af kostnaðarverði meðalíbúðar, eins og það mun reynast árið 1973." Hann bendir einnig á, að ef ekki verði staðið að aukinni fjáröflun, verði allar samþykktir um hækkun lána sýndarmennskan ein og muni koma að takmörkuðu gagni.

Við í minni hl. félmn. leggjum ekki til hækkun umfram þessi 800 þús. vegna þess, að okkur hefur ekki gefizt sá tími, sem þarf, til þess að rökstyðja og koma með till. um, hvernig þessa fjár verði aflað. Eins og ég sagði áðan, teljum við aðfinnsluvert, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki þegar hafa sýnt fram á, hvernig fjár verði aflað til þess að fullnægja lánaþörfinni. Það kemur fram í skjali, sem Húsnæðismálastofnunin hefur látið n. í té, hver fjárþörfin er á árinu 1973. Þar er talið, að vanti samtals 555 millj. kr. Ef veita eigi jafnmörg lán og veitt voru í fyrra til nýrra íbúða, þ. e. 1500 íbúða, þá er ekki gert ráð fyrir nýjum lánum í áætluninni umfram frumlán til þeirra u. þ. b. 400 íbúða, sem fokheldar urðu fyrir 1. jan. s. l., en sú upphæð mun nema um 136 millj. kr., og þessi viðbótarlán ætti að veita fyrir næstu áramót. Hinn 20. marz s. l. voru lánshæfar umsóknir hjá stofnuninni 1032, en óafgreiddar umsóknir 1442 eða samtals 2474 umsóknir. Þarna er ekki heldur reiknað með nýju fjármagni í ný framkvæmdalán til verkamannabústaða og annarra aðila, sem eiga rétt til slíkra lána. Húsnæðismálastjórn telur óvarlegt að ætla minna en u. þ. b. 150 millj. kr. til þessara lána.

Varðandi 2. mgr. 1. gr. frv. vil ég segja örfá orð og gera grein fyrir þeirri brtt., sem við hv. þm. Gunnar Thoroddsen flytjum á þskj. 626. Í frv. er gert ráð fyrir, að þeirra lánakjara, sem þar um ræðir, geti eingöngu sveitarfélög notið. Við leggjum til, að fyrri málsliður 2. mgr., orðist svo:

„Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, félaga, fyrirtækja eða einstaklinga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi byggingaraðili ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 22. des. 1965 og íbúar viðkomandi sveitarfélags ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir."

Við sjáum ekki ástæðu til að binda þetta í lögum, hér sé eingöngu um að ræða þetta hagræði, ef sveitarfélögin sjálf standa að byggingarframkvæmdum. Það er vitað, að ýmsir aðilar hafa óskað eftir að verða aðnjótandi þessara kjara, og þar er einkum um að ræða aðila, sem standa í atvinnurekstri víða um land. Við bendum einnig á, að ákvæði 2. mgr. 1. gr., eins og það er í frv., eru ekki í samræmi við þál., sem samþ. var á Alþ. 18. maí 1972. Í 2. lið þeirrar þál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: Ríkisstj. er falið „að leggja fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegun dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis." Við leggjum áherzlu á, að greinin verði ekki einskorðuð við það, að sveitarfélögin standi í þessum framkvæmdum.

Eins og ég sagði, hefur það oft komið fram hjá ýmsum aðilum, einkum atvinnurekendum úti um land og ekki sízt í sjávarútvegi, að þeir telja sig þurfa nauðsynlega að hafa aðstöðu til að byggja leiguhúsnæði fyrir starfsfólk sitt og sé það forsenda fyrir því, að þeir geti fengið fólk til vinnu við framleiðsluna. Þær upplýsingar, sem hv. frsm. meiri hl. n. las hér upp áðan, breyta engu varðandi skoðanir okkar á þessu máli. Við teljum það ekki til neinna bóta að þurfa að sækja undir sveitarstjórnir, ef sveitarstjórnirnar vilja ekki byggja sjálfar, það sé alveg óþarfi að fara í gegnum þann millilið.

Ég vil að lokum láta þess getið, að við í 1. minni hl. félmn. erum þrátt fyrir þetta meðmæltir því, að þessar heimildir, sem um getur í frv., verði veittar. Við gerum það í von um, að hæstv. ríkisstj. manni sig nú upp í að útvega það fjármagn, sem þarf, til þess að heimildir þessar verði annað en pappírsgagn eitt.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Meðferð þessa frv. í hv. félmn. þessarar d. hefur verið næsta undarlegt sjónarspil, sem ég kemst ekki hjá að gera að umtalsefni með nokkrum orðum. Hér er út af fyrir sig um gagnlegt frv. að ræða. Það fjallar um auknar heimildir húsnæðismálastjórnar til þess að rétta húsbyggjendum hjálparhönd og er sannarlega engin vanþörf á því. En þetta frv. var hér til 1. umr., að því er ég bezt man, á mánudag fyrir rúmri viku. Þá var því vísað til hv. félmn. Hún heldur fund strax kl. 9 morgunin eftir, og þá kemur í ljós, að formaður n. og meiri hl. hennar vilja afgreiða málið samstundis, fyrir kl. 10, og telja enga athugun á málinu nauðsynlega. Við sumir nm. bentum á, að þetta væri í raun og veru ekkert smáfrv., sem hér væri um að ræða. Það væri gert ráð fyrir því að hækka lánsheimildir húsnæðismálastjórnar til venjulegra íbúðalána um 200 þús. kr. Það mundi kosta á ári milli 200 og 300 millj. kr. Enn fremur var gert ráð fyrir því að heimila lánveitingar til byggingar á 1000 íbúðum, á vegum sveitarfélaga næstu 5 ár. Okkur taldist lauslega svo til, að á 5 árum mundi þurfa fé til þessa, sem næmi 1600 millj. kr., þ. e. um 300—400 millj. kr. á ári. Hér var því um að ræða frv., sem gerði ráð fyrir því, að til húsnæðisbygginga skyldi varið á ári um 600—700 millj. kr. nýju fé á næstu 5 árum a. m. k. Ég efast ekki um, að full þörf er á því, að húsbyggjendur fái lánsfjárfyrirgreiðslu, sem nemi þessum 600—700 millj. kr. á næstu 5 árum og raunar þótt lengra væri litið. En fulltrúum stjórnarflokkanna í félmn. hefur engin þörf fundizt vera á því að gera athugun á því, hvort þetta væri rétt áætlað. Við urðum nokkrir aðrir að reikna þetta á hné okkar til þess að vekja athygli meiri hl. á því, að hér væri stórmál á ferðinni. Þeir höfðu enga grein gert sér fyrir því, hvað fælist raunverulega í frv., og þeir töldu enga athugun nauðsynlega, hægt að afgreiða málið á klukkutíma eða helzt hálftíma. Sem betur fer létu þeir sér segjast, að þetta væru ekki alls kostar viðunandi vinnubrögð. Við töldum sumir í n., að það væri a. m. k. nauðsynlegt, þótt ekki væri nema kurteisi, að sýna málið húsnæðismálastjórn, sem væri verið að veita heimildirnar. Kannske gæti húsnæðismálastjórnin upplýst okkur um ýmislegt, sem við gætum ekki reiknað á hné okkar á hálftíma til klukkutíma fundi. Jú, það tókst, — ég segi ekki með harðfylgi, sem betur fer reyndi ekki á það á þessum fundi, en meiri hl. n. lét sér þó segjast að afgreiða málið ekki á þessum hálftíma til klukkutíma fundi, heldur senda málið til húsnæðismálastjórnar. En hún mátti ekki fá nema örstuttan frest til þess að láta sína skoðun í ljós.

Það kom hins vegar heldur betur í ljós, þegar húsnæðismálastjórn fékk að segja sína skoðun, að hún hafði hitt og þetta um málið að segja, og kannske hefur það verið það, sem formaður n. og meiri hl. vildi ekki láta koma fram, hvorki gagnvart n. né gagnvart þingheimi yfirleitt. Ég lýsti strax yfir fylgi við meginstefnu frv., en spurði form. n., hvernig væri háttað fjármálum Húsnæðismálastjórnarinnar í dag, hvernig geta hennar væri til þess að hjálpa þeim húsbyggjendum, sem stæðu í byggingum á árinu 1973? Það hafði hann ekki hugmynd um. Honum kom það ekkert við — ekki nokkurn skapaðan hlut. Það var málinu algerlega óviðkomandi, rétt eins og það skipti ekki nokkru máli, hvort til væru peningar upp í þetta, sem hér var verið að tala um, einar litlar 600—700 millj. á ári. Hvað er það! Honum kom ekkert við heldur, hvernig ástandið væri hjá húsnæðismálasjóðnum í dag. Ég þóttist hafa einhverja hugmynd um, hvernig það væri, hann mundi vanta einhvers staðar milli 500 og 700 millj. kr., hafði ég frétt utan að mér, en fékk enga staðfestingu á því í n. Það var þá a. m. k. bezt að fá það klárt hjá húsnæðismálastjórninni sjálfri, hvernig þessu er raunverulega háttað og hvort einhver von stæði til þess, að hægt væri að útvega þetta fé. Það væri þó í öllu

falli, sagði ég við meiri hl. n., kjarni málsins, að þeir, sem nú stæðu í byggingum, fengju sitt fé, áður en veifað væri loforðum framan í hina, sem ætluðu sér að fara að byggja á næstu 5 árum. Ég lít þannig á, að mér hafi tekizt að sannfæra formann og meiri hl. um, að þetta væri ómaksins vert, því að hann féllst á að fresta afgreiðslu málsins og leita umsagnar húsnæðismálastjórnar. Þegar þau plögg komu, voru þau í hæsta máta athyglisverð. Það komu nefnilega 3 álit frá húsnæðismálastjórninni, og það skemmtilega við þessi álit var það, að skiptingin fór engan veginn eftir flokkaskiptingu í húsnæðismálastjórninni, m. ö. o. venjuleg flokkspólitísk sjónarmið höfðu engin áhrif á umsagnir húsnæðismálastjórnarinnar. Það er sérstaklega athyglisvert og raunar til fyrirmyndar, að menn skuli ekki skiptast þar í hópa út frá fylgi við stjórnmálaflokka, stjórn eða stjórnarandstöðu. 5 af meðlimum húsnæðismálastjórnarinnar skrifuðu undir aðalálitið, og kom í ljós, eins og ég raunar bjóst við og hafði verið mín skoðun, að frv. stefndi efnislega séð í rétta átt. En þeir benda á það, Sigurður Guðgeirsson, Jón H. Guðmundsson, Þráinn Valdimarsson, Ólafur Jónsson og Haukur Vigfússon, að það þurfi þó enn frekar en að hrinda þessu í framkvæmd að sjá um það, að hægt sé að standa við loforðin gagnvart fólkinu, sem nú er að byggja. En þeir segja, að það vanti a. m. k. 550 millj. kr. til að geta fullnægt lánaþörf þeirra, sem nú eru að byggja. Svo bæta þessir ágætu menn við, sem bæði tilheyra stjórnarflokkum og stjórnarandstöðuflokkum, með leyfi hæstv. forseta:

„Slík lagasetning sem þessi verður því dauður bókstafur, nema sjóðnum verði séð fyrir nýjum tekjustofnum til þess að mæta þessu viðamikla verkefni, sem frv. gerir ráð fyrir. Er því ekki raunhæft að ætla sjóðnum að sinna nýjum verkefnum nema sjá honum um leið fyrir nýjum tekjustofnum."

Ég bendi á, að þetta eru ekki orð stjórnarandstöðumanna í húsnæðismálastjórninni. Stuðningsmenn stjórnar og stjórnarandstöðu sameinast um þessa skoðun, sem vitanlega er öldungis rétt. Það var þetta, sem ástæðulaust þótti að láta koma fram af hálfu þeirra, sem vildu afgreiða málið á hálftíma í hv. félmn.

Svo er hér annað álit frá tveimur öðrum ágætum mönnum í húsnæðismálastjórninni, Ólafi Jenssyni og Gunnari Helgasyni. Annar er, að því er ég bezt veit, stuðningsmaður stjórnarinnar og hinn stjórnarandstæðingur. Þeir vilja gera breytingar á frv. og finnst ekki nógu langt gengið hjá hæstv. ríkisstj. Þeim finnst ekki nóg að hækka heimildirnar upp í 800 þús. kr., heldur vilja hækka þær upp í 900 þús. kr., auk þess sem þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess telur stjórnin, að byggingarsjóð muni vanta á þessu ári allt að 700 millj. kr. til að geta veitt svipaða fyrirgreiðslu varðandi lánveitingar og var á s. l. ári."

Það er ekkert ósamræmi í þeim tölum, sem fimmmenningarnir nefna, og því, sem tvímenningarnir segja hér. Fimmmenningarnir miða aðeins við lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, sem í gangi eru hjá einstaklingum, en hinir miða við sams konar fyrirgreiðslu til húsbyggjenda, þ. e. þeirra, sem byggja íbúðir til þess að selja, sem nam um 150 millj. kr. á s. l. ári. Þess vegna eru þeir með 150 millj. kr. hærri tölu og segja, að 700 millj. kr. vanti í húsnæðismálasjóðinn. Eru báðar tölurnar réttar, ef þær eru rétt skýrðar.

Og svo er einn á báti sá ágæti og gamalreyndi baráttumaður í húsnæðismálum, Hannes Pálsson, sem, að því er ég bezt veit, er framsóknarmaður, enn þá a. m. k. En hann segir m. a. þetta í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum viljum vér benda á það, að það er lítils virði að ákveða hámarkslán til þessarar eða hinnar framkvæmdarinnar, en hafa enga tilburði uppi um það að sjá um fjármögnun til framkvæmdanna. Vér skorum því" — hann er einn undir, en segir: „Vér skorum því" — það er konunglegur blær á þessu: „Vér skorum því á hv. félmn. að gera till. til Alþ. varðandi aukna fjáröflun, sem nemi allt að 550 millj. kr. á þessu ári. Sé það ekki gert, eru allar samþykktir um hækkun lána sýndarmennskan ein og kemur að takmörkuðu gagni."

Þetta eru hin konunglegu ummæli stjórnarstuðningsmannsins Hannesar Pálssonar um þá ríkisstj., sem hann styður af heilu hjarta: Sýndarmennskan ein, sem hér er á ferðinni. Ég vek athygli á, að þetta eru ekki orð stjórnarandstæðings, heldur sjálfs Hannesar Pálssonar, eins elzta mannsins í húsnæðismálastjórn. Það var von, að það þætti óþarfi af formanni n. og meiri hl. hennar, að leita eftir skoðunum þessara manna. Hann hefur líklega verið kunnugri í herbúðunum en ég var, og vitað, hvernig vindurinn blési þaðan, og ekki viljað láta þennan vind berast til n., hvað þá í sali hins háa Alþ. En ég er nú búinn að sjá til þess, að alþm. geti lesið þessa skemmtilegu lesningu, bæði þá ókonunglegu og konunglegu, því að ég hef látið prenta þessar umsagnir með nál. mínu.

Það hefur sem sagt verið upplýst í n. á þessari tæpu viku, sem við höfðum þetta mál til meðferðar, að það vantar nú á þessu ári um 700 millj. kr., til þess að hægt sé að halda uppi sams konar stuðningi við húsbyggjendur og var á s. l. ári. Og nú hefur meiri hl. n. mælt með frv., eins og við minni hl. gerum raunar líka, þótt á öðrum forsendum sé. Meiri hl. n. hefur ekki talið ástæðu til þess að vekja athygli á því, að hvorki verður af framkvæmdum á sviði húsbyggingarmála né á nokkrum öðrum sviðum, án þess að fjár sé aflað til þess. Þeir sjá enga ástæðu til þess og ætlast ekki til neins af sinni eigin ríkisstj. í þessum efnum. Ég mæli hins vegar með samþykkt frv. fyrir hönd Alþfl. með þeirri eindregnu áskorun til hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega auðvitað hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., að þeir láti verða af því að útvega það fé, ekki aðeins sem vantar í ár, heldur þarf til þess að framfylgja þessu frv., sem hér er um að ræða og er gott og gagnlegt að því er stefnumörkun varðar. Engin slík góð áskorun fylgir af hálfu meiri hl. til hæstv. ríkisstj. Honum er alveg sama, hvort til eru peningar til þess að framkvæma þetta eða ekki. Mér er hins vegar ekki sama um það,

og þess vegna tel ég það skyldu mína, um leið og ég mæli með frv., að vekja athygli á fjárþörfinni í ár og þeirri auknu fjárþörf, sem samþ. þessa frv. mundi hafa í för með sér. Þess vegna fylgir meðmælum mínum með frv. einlæg og ákveðin áskorun til hæstv. ríkisstj. um að leggja sig alla fram til þess að afla fjárins, sem vantar í ár og kemur til með að vanta á næstu 5 árum, ef þetta frv. verður samþykkt, sem allar líkur benda til. Ég tel nefnilega ekki hægt að lifa eftir þeirri heimspekireglu, sem einu sinni var vitnað til á þeim þremur fundum, sem um þetta voru haldnir í n., að hið sama megi gilda um húsbyggjendur og hæstv. forsrh. sagði, að yrði að gilda um atvinnurekendur árið 1973, þegar bent var á það af hálfu forustumanna atvinnurekendasamtaka, að þeir sæju ekki fram á annað en á árinu 1973 yrði halli á rekstri fjölmargra atvinnufyrirtækja í landinu, þá var það haft eftir hæstv. forsrh., að þeir yrðu bara að kasta sér til sunds, þó að þeir sæju hvergi nokkurs staðar til lands, og er þetta orðið frægt. Ég vil hins vegar ekki ætla húsbyggjendum þessi örlög, að þeir kasti sér til sunds í húsbyggingarmálum án þess að sjá nokkurs staðar til lands. Ég tel það skyldu hæstv. ríkisstj. að ganga þannig frá fjármálum Húsnæðismálastofnunarinnar, að þeir, sem leggja út í húsbyggingar í ár og á næstu 5 árum, sjái til lands. Og ég treysti hæstv. félmrh. miklu frekar en hæstv. forsrh. til þess að vinna að þessu og tryggja að atvinnuvegirnir sjái til lands á árinu 1973. Með þessum góðu óskum til hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. félmrh., og með loforðum um að styðja hann í hvívetna í því að afla nauðsynlegs fjár, mæli ég með því, að frv. verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég kannast ekki við, að það hafi verið neitt erfitt fyrir hv. síðasta ræðumann að fá n. til að senda þetta mál til umsagnar. Ég kannast ekki við það. Hitt er alveg rétt, að ég sem formaður n. lagði til, að við afgreiddum málið strax. Ástæðurnar fyrir því voru þær, að þetta mál er ákaflega einfalt. Ástæðurnar voru þær, að það var búið að ákveða, hvenær þingslit yrðu, og ég vildi ekki verða til þess, að þetta mál yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Ég man nú ekki betur en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vissi meira um, hvernig ástæður væru hjá byggingarsjóði, heldur en hann vill nú vera láta hér í ræðustóli. Og ég vil líka benda hv. þm. á það, að hann kemur ekki fram með nokkra brtt. við þetta frv. þrátt fyrir þessa skoðun — ekki neina. Og hann samþykkir, að þetta frv. gangi fram óbreytt.

Hannes Pálsson hefur áður kvatt sér hljóðs í sambandi við húsnæðismál, og hann er alltaf samkvæmur sjálfum sér, en það er meira en hægt er að segja um hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason. Hann hlustaði ekki mikið á það, þegar hann var ráðh., sem Hannes Pálsson var að tala um þessi mál.

Ég man ekki betur en eftir samningana við verkalýðsfélögin í sambandi við Breiðholtsframkvæmdirnar lofaði sú ríkisstj., sem hv. þm. var ráðh. í, sérstöku fjármagni til þeirra bygginga. Hvenær kom það fjármagn? Ætli þm. vilji svara því? Ég man ekki betur en það væru um 30 millj., sem fyrrv. ríkisstj. útvegaði beint til þessara framkvæmda. En á þessu ári t.d. er gert ráð fyrir, að það þurfi þriðjunginn af því ráðstöfunarfé, sem enn er vitað, að húsnæðismálastjórn hefur til umráða, bara í þessar einu framkvæmdir. Það getur vel verið, að hv. þm. sé það minnugur, að hann geti bent á, að á vordögum hafi það verið einhvern tíma vitað, hvort húsnæðismálastjórnin fengi það fjármagn, sem hún þurfti á því ári, sem var að líða hverju sinni. En ég held, að það hafi aldrei komið það ár, að það hafi þá verið vitað, hvernig ætti að útvega fjármagn bæði í þennan sjóð sem og í aðra fjárfestingarsjóði. Það a.m.k. er þá fyrir þann tíma, að ég kom hér til þings, ef það hefur verið. Ég held nefnilega, að það sé ekkert nýtt í þessu út af fyrir sig. Hitt veit ég og vissi ekkert síður en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, að það þurfti og þarf á fjármagni að halda, en ég treysti ríkisstj. til þess að leysa það mál. Ég man ekki betur en á síðasta ári væri talað um, að það vantaði svo og svo mikið í byggingarsjóð húsnæðismálastjórnar. Það reyndist, sem betur fór, að það vantaði minna en gert var ráð fyrir, og það er oft mjög erfitt að segja um það fyrir fram, hvað vantar í raun og veru í þessa sjóði.

Það kemur fram í áliti þriggja af stjórnendum Húsnæðismálastofnunarinnar, að það hefði átt að hækka lánin meira en upp í 800 þús. En hvaða ríkisstj. var það, sem sat að völdum 1970 og í raun og veru stóð að því að lækka þessi lán? Ég man ekki betur en ég benti þá hv. þm. og ráðh. á það þá, að það væri verið að stíga spor aftur á bak. Sannleikurinn er sá, að miðað við reglugerðina frá 1964, að mig minnir, að hún sé, hefðu lánin átt að vera núna 925 þús. á íbúð, en samkv. þeirri reglugerð, sem ég hef hér í höndum og Emil Jónsson gaf út 1970, hefðu þessi lán átt að vera tæpar 800 þús. Ef hægt er að ásaka einhverja um, að þessi lán eru ekki hærri en þetta, þá skulu þessir hv. þm. ásaka sjálfa sig. Þetta eru þeirra verk. **(Gripið fram í: Er engin leið að gera betur?)** Það er sjálfsagt hægt að gera betur en fyrrv. ríkisstj. og ég efast ekkert um, að það verði gert. En það er ekki hægt að gera allt í einu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta miklu meira. Það er ekkert nýtt fyrir mér eða meiri hl. félmn., að það sé vitað, að það vanti fjármagn til Húsnæðismálastjórnar, og þannig er það með fjárfestingarsjóðina. Það hefur alltaf verið þannig, og ég vil sérstaklega undirstrika það hér. En ég treysti því, og það var í þeirri trú, að ég lagði til, að þetta frv. væri afgreitt strax á fyrsta fundinum. Ég sé ekki, að það hafi verið mikið nýtt upplýst í málinu, hvorki fyrir mér né hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, þó að þessi töf hafi orðið á í sambandi við afgreiðslu málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er raunar kærkomið tækifæri hér undir þessum dagskrárlið til þess að fara nokkru nánar einmitt út í

húsnæðismálin og tala þar við hv. 7. þm. Reykv. sem fyrrv. ráðh. í viðreisnarstjórn í 12 ár, en það yrði allítarlegt mál, ef rekja ætti það, nema þá í stórum dráttum. En það er athyglisvert, að nú, þegar verið er að ræða um að veita landsbyggðinni hliðstæð kjör og viðreisnarstjórnin veitti á sínum tíma Reykjavíkursvæðinu, þá koma hér fram úrtölur frá þessum hv. þm.

Hver var viðskilnaður viðreisnarstjórnarinnar við húsnæðismálakerfið, þegar hún fór frá? Það vantaði nokkur hundruð millj. þá í það kerfi til þess að fullnægja þeim þörfum, sem þurfti, til þess að húsbyggjendur sæju til lands, eins og hann orðaði það. (**Gripið fram í:** Hver hefur sagt þér þessa vitleysu?) Hver var fjármögnun viðreisnarstjórnarinnar, þegar Breiðholtsævintýrinu var hrundið í framkvæmd? Hvaða tekjustofnar voru það, sem þá voru nýir umfram það, sem fyrir var í lögum? Þeir voru engir. Og þá voru ekki þessar úrtölur uppi hafðar hér á Alþ., að því er þetta varðaði, þegar það átti aðeins við Reykjavíkursvæðið eitt. Það kemur allt í einu hér nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það mál hér hjá hv. 7. þm. Reykv. Þó að þeir nm. í hv. félmn. hafi þurft að reikna á hné sér við nefndarstörfin, þá treysti ég prófessornum til að gera það ásamt öðrum nm. En það væri freistandi að fara frekar út í húsnæðismálin undir viðreisnarstjórninni, eins og þeim var þá stjórnað og háttað. Það var ekki aðeins, að viðreisnarstjórnin sæi Reykjavíkursvæðinu fyrir þessum forréttindum, sem það er búið að njóta núna í nærri 8 ár, — það var ekki bara það, heldur og hitt, að það var dregið úr framkvæmdum við byggingu íbúðarhúsnæðis í öðrum kerfum innan Húsnæðismálastofnunarinnar, og þar á ég fyrst og fremst við verkamannabústaðakerfið. Íbúum úti á landsbyggðinni var gert öldungis ókleift að notfæra sér það kerfi eftir þá breytingu, sem viðreisnarstjórnin gerði á árinu 1970. Og það skyldi nú ekki vera, að flokksbræður hv. 7. þm. Reykv. víðs vegar úti um landið hefðu þessa sömu sögu að segja og hér er verið að tala um? Það er þó ástæða til að fagna því, að hv. 7. þm. Reykv. lýsti sig samþykkan meginstefnu frv. og hnýtti því svo aftan við, að hann vildi fá ítrekaða áskorun til hæstv. ríkisstj. um, að hún sæi fyrir fjármagni til þessa þáttar. Ég get tekið undir þá ósk frá hv. þm., en það er gefið mál, að um leið og stjfrv. kemur fyrir Alþ. og ríkisstj. leggur áherzlu á, að það nái fram að ganga, þá ætlar viðkomandi ríkisstj. sér að standa við það, eða a. m. k. ætla ég ekki hæstv. núv. ríkisstj. annað en hún ætli sér að standa við þau mál, sem hún leggur áherzlu á, að hér fari í gegn. (**Gripið fram í:** Hún ætti að fara frá fyrst.) Ekki held ég nú, að hv. þm. verði að þeirri ósk sinni. Hann má bíða talsvert lengur.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, en mér finnst það athyglisvert, að þegar hér er til umr. mál, sem snertir alla landsbyggðina utan Reykjavíkursvæðisins, þá skuli koma hér upp á hv. Alþ. úrtöluraddir, sem ég vísa algerlega á bug, og ég held, að þeir menn úr viðreisnarstjórninni, sem þannig tala, ættu að líta í eigin barm, líta til fortíðarinnar.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Erindi mitt hingað upp í ræðustólinn er nánast það eitt að minna á, að málefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins og byggingarsjóðs hefur borið á góma fyrr hjá okkur í þessari hv. d. Ég minnist þess ágæta afreks, sem hér var unnið í lok þingsins á síðasta vetri, þegar hæstv. félmrh. beitti sér sérstaklega fyrir því að lengja þingið til þess að koma að sínum pólitísku þuklurum í Húsnæðismálastofnun ríkisins, og er það kapítuli út af fyrir sig. En fyrr í vetur hafa málefni byggingarsjóðsins einnig borizt í tal, og var það í umr. um lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins vegna fsp., sem beint var til hæstv. félmrh. Þar var spurt um ýmislegt viðkomandi byggingarsjóðnum og um væntanlegar áætlanir og lánveitingar af hans hálfu á þessu ári, og m. a. var spurt, hver væru úrræði nú um frambúðarlausn fyrir byggingarsjóð ríkisins. Svar hæstv. ráðh. var þá á þessa leið, með leyfi forseta:

„Samkv. bráðabirgðaáætlun, sem hagfræðideild Seðlabanka Íslands hefur gert um byggingarsjóð ríkisins á árinu 1973, er gert ráð fyrir, að á því ári verði til ráðstöfunar í útlán 1195 millj. kr., og komi í ljós, að þörf sé aukinnar fjáröflunar til íbúðalána á árinu 1973, mun ríkisstj. að sjálfsögðu hlutast til um viðeigandi aðgerðir í því efni, þegar þar að kemur, og gæti þá þurft að leita ákvörðunar Alþ. Þetta er svar mitt í eins stuttu máli og unnt er," sagði hæstv. ráðh.

Í þessum sömu umræðum tók hæstv. ráðh. aftur til máls og sagði þá og endurtók efnislega það, sem hér hefur verið upplesið, en m. a. komst hann svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég segi, að ef það reynist svo árið 1973, að byggingarsjóðurinn verði í fjárþröng, þá verður ríkisstj. að reyna að bæta úr og e. t. v. að leita til Alþ. um að styrkja tekjustofna byggingarsjóðsins, en á því hefur ekki orðið nein breyting frá hendi Alþ. fram til þessa. En tekjustofnar byggingarsjóðsins virðast nú nokkurn veginn hrökkva og þó liðlega fyrir eftirspurnunum. Og allar umsóknirnar, sem eru núna með fullum lánarétti, hafa verið afgreiddar og lýkur til þess, að þær, sem á að afgreiða fyrir áramót, verði afgreiddar eins og til stendur."

Nú er hér á dagskrá frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir í fyrsta lagi hækkun á lánveitingum og hins vegar ákveðinni fyrirgreiðslu til handa hlutaðeigandi sveitarfélögum. En þegar leitað hefur verið umsagna hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, hefur komið ljóslega fram í umsögnum, að það skortir upphæð á bilinu frá 500 millj. til 700 millj. kr. til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem gert er ráð fyrir að verði á þessu ári. Ég held, að það blandist engum hugur um það og að það hafi komið mjög glöggt fram í þessum umr., að þetta fé skortir. Það þarf að útvega það, til þess að Húsnæðismálastofnunin geti sinnt þeim verkefnum, sem hún hefur fengið til meðferðar, svo að ekki sé talað um þá viðbót, sem hér er um að ræða. Nú leyfi ég mér að ítreka þær fsp., sem reyndar hafa komið hér fram, til hæstv. félmrh.: Hvernig á að brúa þetta bil? Hvaða ráðagerðir eru á prjónunum um að auka tekjur byggingarsjóðs? Og þá

vitna ég til þeirra ummæla, sem ég hef hér lesið upp og sem hann hefur viðhaft hér á hv. þingi fyrr í vetur, þ. e. a. s. þeirra ummæla, að ríkisstj. muni að sjálfsögðu hlutast til um viðeigandi aðgerðir, þegar þar að kemur, ef fé skorti. Þetta voru mjög tvímælalaus ummæli hjá hæstv. ráðh. Hann gaf það fyllilega í skyn hér í vetur, að ríkisstj. mundi grípa til sinna ráða. Og nú þegar að þingslitum er komið og ekki hefur enn bólað á neinum ráðstöfunum til að mæta þessari þörf, þá spyr ég enn og tel það vera siðferðilega skyldu hæstv. ráðh. að veita einhver svör við þeirri sjálfsögðu spurningu: Hvernig á að mæta þessum þörfum byggingarsjóðs?

Ég tel það vera fullkomið ábyrgðarleysi af hv. d. og reyndar hæstv. ríkisstj. að bera hér fram frv. og fá það samþ., — frv., sem felur í sér auknar lánveitingar af hendi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, án þess að á móti sé sagt til um það, hvernig eigi að afla tekna til þessara lánveitinga.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það liggur við, að mér þyki hálfleiðinlegt að þurfa að koma hér í ræðustól til að leiðrétta ummæli hv. 7. landsk. þm., Karvels Pálmasonar, því að við eigum sæti saman í tveimur n. og kemur ágætlega saman. Þar þarf ég eiginlega aldrei að leiðrétta hann og hann ekki heldur mig. Þess vegna þykir mér það heldur miður að þurfa að gera það hér.

Að vísu er hér ekki um alvarlegt atriði að ræða. Hann taldi, að í mínum orðum hefðu falizt einhverjar úrtölur varðandi það, að sams konar framkvæmdir og Breiðholtsframkvæmdirnar eru skyldu framkvæmdar úti á landi. Ég vona, að ekki eitt einasta orð, sem ég mælti, hafi mátt skilja réttum skilningi á þann hátt, að í því hafi falizt úrtölur varðandi það, að landsvæði utan Reykjavíkur nytu sama réttar og Reykjavík og Kópavogur nutu með byggingu Breiðholtsíbúðanna. Ég lýsti yfir fylgi mínu og flokks míns við það, að til sams konar framkvæmda yrði efnt annars staðar og gert var á Reykjavíkursvæðinu á sínum tíma. Jafnframt vil ég minna á það, að eins og samþykktirnar voru ákveðnar í kjarasamningum milli vinnuveitenda og verkalýðssamtaka á sínum tíma og staðfestar af ríkisstj., þá hét fyrrv. ríkisstj. þessum hluta kjarasamninganna fyllsta stuðningi sínum. Ég man ekki betur en að einn aðalfulltrúi verkalýðshreyfingarinnar í þeim samningum hafi verið sjálfur núv. félmrh., Hannibal Valdimarsson. Ef það hefði verið ámælisvert á þeim tíma, að þær framkvæmdir skyldu einskorðaðar við Reykjavíkursvæðið eitt, þá er þar ekki við þáv. ríkisstj. að sakast. Það er þá við verkalýðshreyfinguna að sakast. Hún óskaði eftir þessum ákvæðum í kjarasamningum, bundnum við Reykjavíkursvæðið eitt, og á það féllst fyrrv. ríkisstj. Hún hafði ekki frumkvæði um, að þau skyldu bundin við Reykjavíkursvæðið eitt. Ég hygg, að ég muni það rétt, að þegar frá þeim samningum var gengið, þegar ríkisstj. svo að segja skrifaði upp á þennan hluta þessara ágætu kjarasamninga á sínum tíma, þá hafi allt fjármagn verið tryggt til framkvæmdanna. Við það var staðið, og það stóð aldrei á fjármagni til þessara framkvæmda, enda gengu framkvæmdirnar algerlega snurðulaust. Ég á ekki betri ósk til handa hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, og skoðanabræðrum hans, að jafn vel gangi að útvega fé til þessara framkvæmda, sem nú er verið að veita heimild til, og það gekk á sínum tíma að afla fjár til Breiðholtsframkvæmdanna.

Þetta vildi ég aðeins leyfa mér að leiðrétta hjá hv. þm. Við skulum ekki lengja þingfund á allra síðustu dögum þingsins með því að efna almennt til umr. um húsnæðismál nú og fyrr. Ég skal hins vegar segja honum, hver niðurstaðan af mínum upplýsingum um það mál mundi verða, ég veit, að hún er rétt. Á einum áratug, — og nú bið ég hann og aðra að taka vel eftir, því að þetta get ég sannað, ef ástæða þætti til, — að á engum áratug í sögunni hefur verið veitt meira opinbert fjármagn til styrktar íbúðahúsabyggingum almennings en einmitt á áratugnum 1960—1970. Ég vona, að hann fari ekki að vefengja þetta til að láta mig reka það ofan í sig. Þá væri enginn vandi að birta tölur um þetta. Þær eru tvímælalaust þannig, að á engum áratug hefur opinbert lánsfé til ráðstöfunar í þágu íbúðabygginga einstaklinga verið jafnmikið og vaxið jafnmikið og einmitt á áratugnum 1960—1970.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég er dálítið undrandi á, hversu háværar og heitar umr. hafa orðið um þetta frv., þegar það liggur fyrir, að í raun og veru er n. öll sammála um að mæla með frv. Mér skilst, að eini ágreiningurinn í n. hafi verið um það, að málið kom seint fram, og ég harma, að það kom seint fram og n. hafði því skamman tíma til að athuga þetta mál. Þess vegna bar minni hl., stjórnarandstaðan, fram óskir um að fá meira svigrúm til að skoða málið betur, sem var ósköp eðlilegt, en tíminn hins vegar naumur til þingloka, og meiri hl. brá þá á það ráð að hraða afgreiðslu í n., til þess að það væri öruggt, að málið kæmist í höfn, svo sem var allra vilji. Mér skilst, að hv. 7. þm. Reykv. lýsi yfir stuðningi við frv. og vilji samþykkja það, og fulltrúar Sjálfstfl. í n. bera fram lítilvæga brtt., sem meiri hl. hefur að vísu ekki fallizt á og ég mæli ekki heldur með. Ég vil, að málið fái að reyna sig núna með sveitarstjórnirnar úti um landið sem framkvæmdaraðila.

Ég fagna þessum sameiginlega vilja um samþykkt frv. og lýsi því enn yfir, að ég legg mikla áherzlu á það, að frv. verði ekki grandað með brtt. nú, heldur göngum við frá því að samþ. það eins og það liggur fyrir. Meginatriði þess, sem öllu máli skiptir, er að heimila byggingu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélaga. Og það er engin smáræðis aðstoð, sem á að veita til þess samkv. frv. Ef íbúð kostar 2 milj. kr. og lagt er fram 80% af andvirði hennar sem lánsfé, þá þýðir það 1,6 millj. kr., sem þarna verða lagðar fram, — tvöfalda venjulega lánsupphæð til íbúðar, sem þarna væri lögð fram til þess að greiða fyrir sveitarfélögunum, að þau geti orðið frumkvöðull að lausn íbúðavandans. Þetta er

mikilsvert nýmæli og er alger hliðstæða við það, sem gert var um nokkurt árabil fyrir Reykjavíkursvæðið með Breiðholtsframkvæmdunum. Þess vegna eru þau sveitarfélög, sem hafa notið þeirrar löggjafar fram að þessu, undanskilin þessari löggjöf.

Þess vegna er um sáralítið að deila í þessu máli. Menn geta dregið alls konar atriði önnur inn í umr. varðandi húsnæðismálin, sem hefur verið, er og verður mikið þjóðfélagsvandamál að leysa, sérstaklega fjárhagshliðina. En hv. 7. þm. Reykv. talaði hér aðra stundina af allmiklum alvöruþunga og hina stundina með mikilli gamansemi og fyndni. Þegar alvörutónninn var á honum, lýsti hann því ekki aðeins yfir, að hann fylgdi þessu frv., heldur ætlaði hann að vera mér til góðrar aðstoðar við að útvega fjármagn, til þess að þetta frv. yrði ekki pappírsgagn eitt. Þar með hættir mér að sortna fyrir augum út af þessu og geri mér hinar beztu vonir um, að einhverjir góðir menn úr Sjálfstfl. verði mér hjálplegir líka til þess að leysa þennan vanda. Og þá verðum við allir samtaka um að gera þetta frv. að öðru og meira en pappírsgagni.

Það eru höfð hér stór orð um það, hvað vanti mikið fjármagn á árinu 1973. Ég er ekki eins svartsýnn á það og menn hafa hér verið með tölur um. Menn hafa verið að nefna 550 millj. kr. og 700 millj. kr. Það voru um þetta leyti í fyrra nefndar 500 millj. kr., sem vantaði, og núna 550 millj. kr. En í fyrra, þrátt fyrir meiri byggingar en nokkurt undanfarinna ára, bjargaðist það og var fullnægt öllum umsóknum, sem rétt áttu til lána úr húsnæðislánakerfinu, með lítilsháttar aðstoð yfir áramótin, að því er snertir Seðlabankann. Þetta fór því allt betur en á horfðist um líkt leyti í fyrra. Ég er vongóður um það, að líkt verði með árið 1973. Ég hef nýlega verið niðri í Seðlabanka að ræða þessi mál þar, og þar gerðum við áætlun, sem hagdeild Seðlabankans hefur gengið frá og sýndi, að það yrði mikil fjárþörf eftir fyrstu mánuði þessa árs og fjárþörfin byrjaði í aprílmánuði og stæði fram í september, en árið kæmi út með 38 millj. kr. jákvæðum niðurstöðum. Það er búið að ræða það við Seðlabankann, að hann hjálpi til að jafna tekjur kerfisins um miðju ársins, til þess að það geti komið slétt út. Ég hef að vísu ekki fengið skriflegt svar frá Seðlabankanum um þetta enn þá. Ég tel, að þetta muni leysast, að því er snertir fjárþörf ársins 1973. En við höfum miklar áhyggjur af árinu 1974. Þó er það svo, að eftir rúmt ár er lokið hinni miklu byggingaráætlun Breiðholts, en sú áætlun tekur, — því að nú eru byggingarframkvæmdirnar þar í fullum krafti, — á þriðja hundrað millj. í ár og um 300 millj. næsta ár, sem er lokaáfangi, en þegar því er lokið, þá losna um 400 millj. kr. hjá húsnæðismálakerfinu til annarra hluta í byggingarmálunum. Ég játa, að ég hef miklar áhyggjur af fjáröflun ársins 1974, en eftir það sýnist mér aftur birta yfir.

Við skulum segja, að þetta mál komi til fullra framkvæmda á árinu í ár. Nú er aprílmánuður. Einhvern undirbúning þarf nú til þess að hefja byggingu leiguíbúða úti um landið. Ég þykist vera bjartsýnn, þegar ég geri mér vonir um það, að þeim undirbúningi væri lokið í ágústmánuði. Þá er lítið eftir af byggingartíma þessa árs. Því miður verður því ekki mikið um, að þær leiguíbúðir, sem væri byrjað á nú síðsumars, kæmu til notkunar í ár, en á næsta ári kæmi þetta af fullum þunga, og úr því að gert er ráð fyrir 1000 íbúðum á 5 árum, þá er þarna um að ræða að meðaltali 200 íbúðir á ári. Það yrðu því eitthvað á þriðja hundrað íbúðir á þessu ári, sem kæmust af stað, á þriðja hundrað íbúðir leiguhúsnæðis, sem þyrfti að sjá fyrir fjármagni til. Það getur farið upp í allt að 1,6 millj. kr. á íbúð, ef hver íbúð væri reiknuð á 2 millj. Það er rétt, að það heimtar aukið fjármagn úr byggingarsjóðnum. En þegar við ætlum allir saman að leggja okkur fram um að leysa fjárhagshliðina, þá er ég viss um, að hún leysist.

Það var talað um, að það væri glannalegt að kasta sér til sunds og sjá ekki til lands. En í húsbyggingarmálum á Íslandi hefur nálega enginn einstaklingur, sem hefur ráðizt í það stórvirki að byggja yfir sig og sína, séð til lands, þegar hann lagði af stað. Hann hefur venjulega verið með lítinn hluta þess fjármagns, sem til þess hefur þurft að koma upp íbúðinni, og komizt að landi samt. Það hefur verið margt Grettissundið innt af hendi á Íslandi, líka í húsbyggingarmálum.

Ég held, að reynslan verði nú sú, að þó að við séum hér að tala um eitthvað á þriðja hundrað íbúðir á ári sem leiguhúsnæði, þá komi það ekki alveg 100% í viðbót við íbúðarhúsnæði. Það mun þá draga eitthvað úr öðrum framkvæmdaþáttum húsnæðismálanna, svo að það eru óþarflega varfærnislegar áætlanir, sem byggja á því, að þetta komi algerlega í viðbót. Ég vænti þess samt, að þarna verði um einhverja aukningu að ræða, af því að þarna eru boðin vildiskjör.

Ég er andvígur því, að till. sjálfstæðismanna í n. sé samþ. Ég held, að við eigum til að byrja með að halda okkur eingöngu við, að þetta sé réttur handa sveitarfélögunum. Ég trúi ekki öðru, eins og tekið var hér fram í framsögu, en að sveitarfélögin geti haft samstöðu og samstarf við atvinnurekendur og félagssamtök í viðkomandi sveitarfélögum um, að þótt byggingarframkvæmdirnar séu á nafni sveitarfélagsins, þá geti þeir rétt þarna hönd, ef þeir hafa sérstaka þörf fyrir, að leiguíbúðarhúsnæði sé útvegað. En þetta húsnæði, sem fær svona mikla aðstoð, verður að vera húsnæði, sem ekki fer í brask. Það verður því að vera á félagslegum grundvelli, til að leysa félagsleg vandamál byggðarlaganna, og við það eigum við að halda okkur a.m.k. fyrsta sprettinn.

Það eru engar hugmyndir um að breyta þessu frv. að öðru leyti og ekki ágreiningur um frv. sjálft, að mér skilst, og þess vegna skulum við hætta háværum og heitum umr. um húsnæðismálin almennt og leggjast allir á eitt um að afgreiða þetta frv. sem lög og láta það komast undir próf reynslunnar.

ATKVGR.
Brtt. 626 felld með 21:10 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384, n. 630). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. N. hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 80, n. 591 og 654, 84, 186, 614). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fram til staðfestingar á brbl. frá 11. ágúst s.l. Brbl. fjölluðu um hækkun á sérstökum skattfrádrætti aldraðra, samkv. 4. lið 11. gr. laga frá 16. marz 1972, sem verður 25. gr. í lögum um tekju- og eignarskatt frá 15. júní 1971. Forsendur brbl. voru þær, að við álagningu tekjuskatts á tekjur skattársins 1971 hafði tekjuskattur á hluta hinna tekjulægri í hópi elli- og örorkulífeyrisþega reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir, þegar skattal. voru sett, og að brýna nauðsyn bar því til að lækka þessar álögur í samræmi við þá meginstefnu að létta byrðar þeirra, sem minna mega sín.

Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta mál og fram komnar brtt. við það á allmörgum fundum og m.a. kvatt sér til ráðuneytis ríkisskattstjóra, Ævar Ísberg, og ráðuneytisstjórann í fjmrn., Jón Sigurðsson. N. hafði einnig til meðferðar frv. á þskj. 163, flm. Ingólfur Jónsson o.fl., um breyt. á ákvæðum skattalaganna um endurmat fyrnanlegra eigna. Það er, eins og segir í grg. þess frv., að „atvinnufyrirtækjum verði leyft að miða fyrningar fasteigna við nýja fasteignamatið, þótt þau hafi ekki eignazt þær fyrr en á árunum 1969—1971 . . . En hafi fasteignin verið seld eftir 1968, er óheimilt að miða fyrningu við hærri upphæð en kaupverð var," segir enn fremur í grg. N. hefur ekki tekið afstöðu til þess atriðis, sem þetta frv. fjallar um, en ég vil taka það fram hér, að ég mun beita mér fyrir því, að þetta verði skoðað nánar milli 2. og 3. umr.

Þá hefur fjh.- og viðskn. einnig fjallað um till. og ábendingar, sem n. bárust frá fjmrn.

N. var ekki ásátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem form. n. flytur á sérstöku þskj. Ég hygg nú, að minni hl. sé sammála um flestar þessar brtt., en hann skilar séráliti og gerir að sjálfsögðu nánari grein fyrir afstöðu sinni í framsögu.

Það er í megindráttum afstaða meiri hl. að gera ekki verulegar efnisbreytingar á tekju- og eignarskattsl. að þessu sinni, þar sem þau eru í endurskoðun á vegum ríkisstj. Hins vegar þótti ekki rétt að synja með öllu um breytingar, sem lúta að því sumpart að skýra einstök atriði og taka af tvímæli ellegar leiðrétta eða samræma önnur. Mun ég nú gera grein fyrir nefndum brtt., eins og þær liggja fyrir á þskj. 614, og fara aðeins yfir þær lið fyrir lið. Ég vil taka það fram, að þegar vitnað er til tiltekinna greina í lögum, þá er átt við lögin um tekju- og eignarskatt, nr. 68 frá 15. júní 1971, eftir að lögin um breyt. á þeim, nr. 7 23. marz 1972, hafa verið felld inn í þau.

Fyrsta brtt. á nefndu þskj. er við 14. gr., að tiltekinn málsliður orðist svo:

„Auk frádráttar samkv. 1.—4. mgr. þessarar gr. skal, áður en skattur er á lagður, draga 8% frá beinum tekjum lögskráðra og/eða hlutaráðinna manna af fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum."

Sá sérstaki sjómannafrádráttur, sem hér er fjallað um, var ákveðinn með breyt. á skattal. frá 23. marz 1972. Ákvæðið, eins og það er nú í lögum, hljóðar þannig:

„Auk frádráttar samkv. 1.—4. mgr. þessarar gr. (þ.e.a.s. 14. gr.) skal frá beinum tekjum sjómanna að fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður."

Þetta hefur verið skýrt svo, að frádrátturinn gildi einungis um þær tekjur á fiskveiðum, sem unnið er fyrir á sjó. Nú er það til, að menn, sem eru lögskráðir eða hlutaráðnir á íslenzk fiskiskip, vinna starf sitt allt eða að hluta í landi. Þykir rétt, að þeir njóti einnig 8% frádráttarins af beinum tekjum, sem þeir afla í tengslum við veiðarnar. Einnig skal það tekið fram, að til þess er ætlazt, að þessi frádráttur nái til vinnutekna sjómanna, sem starfa á eigin fiskiskipum, á sama hátt og til annarra. Að þessu lýtur 1. brtt. á þskj. 614.

Næsta brtt. er við 19. gr. og er umorðun á þeirri gr. Það mun aldrei hafa verið ætlun löggjafans að leggja eignarskatt á ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir, sem skattþegn verzlar með í umboðssölu og er skyldugur til samkv. lögum, samþykktum eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum, né heldur mun það hafa verið ætlunin að skattleggja þannig afslátt af seldum vörum við árslok, þegar eins er ástatt um skyldu skattþegans til greiðslu.

Þetta hefur ekki heldur verið gert á undanförnum árum og áratugum yfir höfuð að tala, en samkv. nýlega uppkveðnum hæstaréttardómi er slík skattlagning þó lögmæt.

Með b-lið 1. brtt. á þskj. 614 er lagt til að staðfesta þá framkvæmd, sem fylgt hefur verið með því að taka inn í 19. gr. laganna svo hljóðandi ákvæði:

„Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m.a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkv. lögum, samþykktum sinum, ef um félag er að

ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur."

Tveir síðustu málsl. 19. gr. eru svo óbreyttir eins og þeir eru nú í lögunum.

Næsta brtt. er við 37. gr., umorðun á þeirri gr. Hér er stefnt að því að gera ákveðnari kröfur um skyldur allra skattþegna til sönnunar á framtali sínu innan tiltekinna tímamarka. Þegar um bókhaldsskyldu aðila er að ræða, er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að bókhald sé þannig, að framteljandi geti með fullnægjandi hætti fært sönnur á, að það sé rétt og að framtal hans sé á því byggt. Fáist ekki fullnægjandi svör og upplýsingar, er afgerandi kveðið á um skyldu skattstjóra til að áætla tekjur og eignir framteljanda svo rífiega, að ekki sé hætt við að áætlaðar fjárhæðir séu lægri en raunverulegar tekjur og eignir. Þessar breytingar eru liðir í sérstökum aðgerðum til réttlátari framkvæmdar skattaálagningarinnar.

Tvær síðustu mgr. 37. gr. verða svo óbreyttar samkv. till.

4. brtt. er við 46. gr. laganna. Þar er um nokkuð margþættar breytingar að ræða. Hin fyrsta er um gjalddaga skattanna. Í 1. málslið 46. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt segir, að „lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri, innheimti tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Samkv. lögum um breytingar á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð, þ. e. lögum nr. 68/1921, skulu manntalsþing í hverju lögsagnarumdæmi byrja 14., 15. eða 16. júnídag ár hvert og vera lokið hinn 15. júlí ár hvert, nema sérstakar ástæður hamli. En þrátt fyrir þessi gömlu lagaákvæði, þá eru manntalsþing yfirleitt ekki haldin fyrr en á haustin. Óeðlilegt er, að innheimta tekju- og eignarskatts dragist svo lengi, auk þess sem það mun ekki lengur vera almennt, að menn sæki manntalsþingin og greiði þar gjöld sín. Það er því ástæðulaust að miða gjalddaga tekju- og eignarskatts við það, hvernær manntalsþing eru haldin, heldur er talið rétt að ákveða, að gjalddagi hans skuli vera tiltekinn mánaðardag. Með brtt. er lagt til, að gjalddagi tekju- og eignarskatts verði ákveðinn 1. ágúst ár hvert, en verði ekki lengur bundinn við það, hvenær manntalsþing eru haldin. Innheimtumenn geta þá hafizt handa um innheimtu þessara skatta fyrr á árinu, og ætti það að leiða til þess, að innheimtan gangi greiðar en áður.

Varðandi þessa sömu grein, þá er í öðru lagi lagt til, að ákvæði laga um tekju- og eignarskatt varðandi dráttarvexti verði samræmd dráttarvaxtaákvæði laga nr. 8/1973, um tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. a. s. 43. gr. þeirra. Hitt veldur miklum óþægindum, sérstaklega þar sem þessi gjöld eru innheimt sameiginlega.

Í þriðja lagi er svo lagt til varðandi þessa gr., að ákvæði í 4. málsgr. reglugerðar um útsvör varðandi ábyrgð kaupgreiðanda á dráttarvöxtum vegna vanskila á fé, sem honum hefði borið að halda eftir og skila upp í útsvör starfsmanna sinna, verði tekin upp varðandi tekju- og eignarskatt.

Í fjórða lagi er lagt til, að upp verði tekið ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem sett er þar til að gera það ótvírætt, að gjaldandi verði ekki krafinn um greiðslu á fé, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af kaupi hans til greiðslu skatta.

Í fimmta lagi er svo enn lagt til í sambandi við þessa sömu gr. laganna, að heimild fjmrh. til þess að ákveða í reglugerð, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda, verði rýmkuð, þannig að hún verði ekki takmörkuð við % hluta þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eins og nú er.

Í sjötta lagi er svo lagt til, að tekið verði í lögin um tekju- og eignarskatt sams konar ákvæði og er í lögum um tekjustofna sveitarfélaga varðandi greiðslu vaxta, þegar í ljós kemur, er álagningu lýkur, að gjaldandi hefur greitt meira en álagningu nemur.

Tvær síðustu málsgr. 46. gr., er svo lagt til, að verði óbreyttar.

Þá er hér brtt. við 52. gr., en gr. inniheldur heimild til skattstjóra til að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, ef svo stendur á sem þar greinir. Til hægðarauka er gr. tekin hér upp í heild, en breytingarnar eru í raun og veru aðeins þrjár, þessar:

Í 1. tölulið laganna er til þess að taka af öll tvímæli bætt inn orðinu „ellihrörleiki", þannig að liðurinn verði: „Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattþegns verulega."

2) Það er tekinn upp nýr töluliður í þessa upptalningu um tjón af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, svo fremi að það sé ekki bætt úr hendi annars aðila.

3) Það er alkunna, hversu mörgum skattþegni hefur reynzt örðugt að brúa bilið, þegar hann lætur af störfum vegna aldurs og tekjur og þar með gjaldþol hans skerðist stórlega af þeim sökum. Hér er lagt til að bæta enn nýjum tölulið við 52. gr., sem heimili lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á eins og þar segir, að skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Þá hef ég gert grein fyrir brtt. á þskj. 614. Um aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, vil ég segja þetta:

Á þskj. 84 eru brtt. frá Matthíasi Á. Mathiesen og Matthíasi Bjarnasyni. Þær eru efnislega um það, að elli- og örorkulífeyrir almennatryggingaanna verði með öllu undanþeginn tekjuskatti. Meiri hl. fjh.- og viðskn. gat ekki fallizt á þessa till. Hins vegar mun meiri hl. leggja fram till. um hækkun á sérstökum skattfrádrætti aldraðra við 3. umr. málsins hér í d.

Mín skoðun er sú, að það sé óeðlilegt að undanþiggja skatti allan ellilífeyri almannatrygginga. Með lögum er þegar fyrir því séð, að fólk, sem hefur ekki aðrar tekjur en þennan lífeyri, elli- og örorkulífeyri almannatrygginga, og er með lágmarkstekjutryggingunna eina, að það fólk greiðir engan tekjuskatt, og ekki heldur þó að eitthvað lítils háttar bætist þar við. Það fólk, sem þannig er á vegi statt, nýtur því engra frekari skattívilnana, þótt brtt. á þessu þskj. verði samþ. Til þess að svo megi verða, þurfa tekjur hins aldraða að nálgast 300 þús., þegar um einstakling er að ræða, eða 400 þús. kr., þegar um hjón er að ræða a. m. k.

eftir að búið væri að ákveða, að skattvísitalan næði til hins sérstaka frádráttar aldraðra.

Nú hefur athygli margra beinzt að lífeyrissjóðakerfi okkar Íslendinga, hversu það er uppbyggt og hversu það reynist í framkvæmd. Það þykir mörgum, sem þar sé lítils réttlætis gætt, þegar það kemur upp, t. d., að unnt hefur verið og er að taka í senn full laun og full eftirlaun. Og þótt ekki sé tekið svo gróft dæmi, en nú liggur fyrir frv. um að breyta þessu atriði, þá er það í annan stað alkunna, að einn og sami maður getur nú tekið eftirlaun úr fleiri en einum lífeyrissjóði, auk ellilauna almanna tryggingana. Þannig getur launamunur á hærri og lægri tekjuflokki í ýmsum tilvikum orðið meiri á efri árunum heldur en nokkru sinni, á meðan menn eru í fullu starfi.

Nú bera hinir öldruðu enga skatta upp að þeim mörkum, sem ég nefndi áður, og kæmu því ekki til með að njóta neinna viðbótarskattfríðinda við samþykkt brtt. á þskj. 84, eins og ég einnig tók fram áðan. En aftur þeir, sem taka kannske margfaldan lífeyri eða afla nægilega mikilla tekna á annan hátt, mundu njóta að fullu þeirra skattfríðinda, sem nefnd brtt. fjallar um. Þetta sýnist mér stefna að því að auka ójöfnuð þann, sem lífeyrissjóðaflækjan skapar. Legg ég því til, að þessi brtt. verði felld.

Á þskj. 186 er brtt. frá Guðlaugi Gíslasyni, Pétri Sigurðssyni, Friðjóni Þórðarsyni og Matthíasi Bjarnasyni um að undanþiggja tekjuskatti upphæð, sem nemur hálfri kauptryggingu við fiskveiðar á íslenzkum fiskiskipum. Efnislega er hún um það. Meiri hl. fjh.- og viðskn. getur ekki heldur fallizt á þessa brtt. og leggur til, að hún verði felld.

Nýlega hefur verið útbýtt hér í hv. d. brtt. frá hæstv. sjútvrh., fjölritaðri á þskj. 670. Hún hefur ekki legið fyrir fjh.- og viðskn. og því hefur ekki verið tekin nein afstaða til hennar þar, en hæstv. ráðherra mun vafalaust gera grein fyrir henni hér á eftir.

Ég hef þá lokið minni framsögu fyrir meiri hl. fjh.- og viðskn., sem leggur til, eins og ég hef áður tekið fram, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem prentaðar eru á þskj. 614.

Fram. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við fjöllum hér um einn þátt skattal. Það er sá þáttur, sem snýr að hinum öldruðu og þeim, sem hafa orðið fyrir því óláni að verða öryrkjar. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir því, með hvaða hætti núv. þingmeirihl. undir forustu hæstv. ríkisstj. hefði unnið að þessum málum á s. l. þingi og hverjar niðurstöður urðu af þeim verkum. Ég gerði grein fyrir þeirri gagnrýni, sem fram kom á s. l. þingi varðandi starfsaðferðir, svo og þau grundvallarsjónarmið, sem voru undirstaða þeirra brtt., sem hæstv. ríkisstj. hugðist beita sér fyrir á skattalöggjöfinni frá 1971. Það kom glögglega fram í þeirri gagnrýni, að þessar breytingar mundu verða til þess að gera stöðu atvinnuveganna lakari, sérstaklega iðnaðarins, vegna inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalag Evrópu, svo og vegna væntanlegra samninga, — sem nú hafa verið gerðir, — viðskiptasamninga við Efnahagsbandalag Evrópu. Þá var enn fremur bent á það, að með þeim till., sem ríkisstj. lagði fram, væri mjög íþyngt skattbyrði einstaklinga, og voru í ræðum tekin dæmi, sem sýndu, með hvaða hætti þessum málum mundi lykta, ef þær till. yrðu samþ., sem þá lágu fyrir. Þá var sérstaklega vikið að þeim þætti skattalaganna, sem hér er til umr., þ. e. a. s. hver yrði hlutur aldraðra og öryrkja, ef þær till., sem lagðar voru fram, næðu fram að ganga. Ég skal ekki fjölyrða um þessa gagnrýni meir, heldur minnast á það, hvernig staðreyndirnar sýndu, að sú gagnrýni, sem hér var höfð í frammi, var á rökum reist.

Tekju- og eignarskattur af tekjum 1971 varð 4449 millj. í stað þess, að af tekjunum 1970 var tekju- og eignarskattur 1525 millj. Þessu mun e. t. v. einhver svara og segja: Tekjurnar voru miklu hærri. Og það er rétt, þær voru hærri. En þær voru ekki svo miklu hærri, að það réttlætti þá aukningu, sem hér er um að ræða, því að í skýrslu, sem ég fékk frá Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknadeild, sem við birtum með áliti okkar fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. kemur fram, að álagðir skattar af tekjum 1971 voru 20,1%, en höfðu verið af tekjum 1970 18,1%.

Þetta sýnir, að það, sem sagt var hér, var rétt. Hér var um gífurlega mikla aukningu á skattinnheimtu ríkissjóðs að ræða. Hér var um að ræða íþyngingu á skattbyrðinni hjá skattborgurunum.

En hverjar voru niðurstöðurnar varðandi þá öldruðu og öryrkja? Í útreikningi, sem Styrktarfélag aldraðra í Hafnarfirði lét gera, kom í ljós, að skattbyrði hinna öldruðu jókst um hvorki meira né minna en 108,3%, rúmlega tvöfaldaðist. Ef borinn var saman tekjuskattur greiddur 1971, af tekjum ársins 1970, og svo 1972, þá sýndu dæmin varðandi þá öldruðu í Hafnarfirði, að 1971 var tekjuskatturinn 3 millj. 386 þús., en árið 1972 10 millj. 369 þús. Samtals voru þau gjöld, sem öldruðum var þar gert að greiða 1971, 8 millj. og 800 þús., en 1972 18 millj. 331 þús. Hér var um að ræða hækkun, sem nam 9 millj. 530 þús. eða 108,3%.

Þau dæmi, sem ég hef hér rakið, eru til áréttingar því, sem við stj.andstæðingar héldum fram við umr. á s. l. þingi, og sýna að sú gagnrýni, sem þar var höfð uppi, átti við rök að styðjast. Við ræðum hér sérstaklega um skattlagningu aldraðra og öryrkja. Á undanförnum árum hafa verið uppi um það till., að öldruðum yrði veittur sérstakur skattfrádráttur. Þá greiddu skattþegnar til almannatrygginga ákveðið iðgjald, sem þeir fengu skattfrjálst. Það var með skattal. frá 1971, sem samþ. var í þessari hv. d., við 3. umr. málsins þá, að í frv., sem þá var til umr. skyldi tekið upp ákvæði þess efnis, að öldruðum og öryrkjum skyldi veittur sérstakur frádráttur, sem væri 2/5 hlutar af persónufrádrætti, eins og hann væri á hverjum tíma. Hér var um að ræða aukafrádrátt til handa þeim, sem fengu greiðslur frá almannatryggingum, öldruðum og öryrkjum. Till. hér að lútandi höfðu verið uppi á Alþ., ekki hvað sízt frá stjórnarandstæðingum, þeim aðilum, sem nú fylla hóp stjórnarsinna. Þetta ákvæði kom því miður aldrei til fram-

kvæmda, þrátt fyrir samþykkt þess vorið 1971 voru á s.l. þingi till. frá hæstv. ríkisstj., að þessi frádráttur skyldi niður felldur, og ríkisstj. fékk sér til fulltingis m.a. þá hv. þm., sem höfðu í þessari d. áður barizt fyrir því, að þetta ákvæði kæmist inn í skattalög, og var ákvæðið fellt niður. Það var hins vegar ljóst, þegar álagningu var lokið á s.l. ári, hversu gífurlega hlutur þeirra öldruðu hafði breytzt til hins verra. Þá voru ýmsir til að mótmæla og þ.á m. miðstjórn Sjálfstfl., og er samþykkt miðstjórnarinnar birt með nál. okkar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. sem fylgiskjal. Í ályktun miðstjórnar Sjálfstfl. var skorað á ríkisstj., að hún þá þegar gerði ráðstafanir til þess að bæta hlut aldraðra og öryrkja. Þá var það, að ríkisstj. gaf út brbl. til þess að bæta um verk sín frá fyrra þingi og er frv. til staðfestingu á þeim brbl. hér til umr. Þegar til þings kom, ákvað þingflokkur Sjálfstfl. að bera fram brtt. við þetta frv., og fluttum við fulltrúar flokksins í fjh.- og viðskn. þá brtt., sem er á þskj. 84. Við litum svo á, að þau brbl., sem ríkisstj. hafði sett, gengju ekki nægjanlega langt, og í öðru lagi var skattþegnum þar mismunað eftir því, hvaða tekjur þeir höfðu. Till. okkar fulltrúa Sjálfstfl. í n. gekk hins vegar út á það, að öldruðum og öryrkjum skyldi veittur sérstakur frádráttur, sem næmi þeim upphæðum, sem þeir fengju greiddar frá almannatryggingum samkv. ákvæði í 11. gr. almannatryggingalaga frá 1971. Hér er um að ræða breytta till. frá því, sem var í lögum 1971, og er til samræmis þeim breytingum, sem gerðar höfðu verið á lögum um almannatryggingar. Þar til á síðasta þingi giltu þær reglur í sambandi við almannatryggingar, að iðgjöld einstaklinga til þeirra voru skattfrjáls. En á síðasta þingi er því breytt og skattþegn ekki lengur látinn greiða iðgjöld til almannatrygginganna. Hins vegar er allt það, sem til almannatrygginga gengur, tekið af skattgreiðslum borgaranna. Ef það sjónarmið, sem nú er lögfest í skattalögunum og ætlað er að viðhalda í sambandi við þá breytingu, sem ríkisstj. hér beitir sér fyrir, þá er um að ræða raunverulega tvísköttun hjá þeim aðilum, sem taka geiðslur frá almannatryggingum. Á tímabilinu frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs greiða þessir aðilar skatta sína til ríkissjóðs, ríkissjóður greiðir til almannatrygginga. Þegar svo einstaklingurinn er orðinn 67 ára og tekur greiðslur frá almannatryggingum, þá er hann aftur látinn greiða af þeim skatt. Þess vegna sýnist okkur sjálfstæðismönnum eðlilegast, að það ákvæði verði tekið inn í skattalögin, að greiðslur til aldraðra og öryrkja frá almannatryggingunum samkv. fyrrnefndu ákvæði verði skattfjálsar.

Ef við skoðum þetta mál örlítið betur ofan í kjölinn og lítum á það frá því sjónarmiði, að meðalaldur Íslendinga í dag er talinn 73½ ár rúmlega, þá kemur dæmið þannig út, að skattþegn, sem greitt hefur til ríkisins í hálfa öld, fær þær greiðslur, sem ríkið sér honum fyrir frá almannatryggingum, frá því hann er 67 ára og þar til hann er rúmlega 73 ára, skattfrjálsar. Hann fær m.ö.o. það, sem hann hefur greitt til almannatrygginga í 50 ár skattfrjálst í rúm 6 ár. Ég held í raun og sannleika, þegar menn skoða þetta ofan í kjölinn, miðað við þá skipulagsbreytingu, sem gerð er á almannatryggingalögunum, að hér sé ekki um ósanngjarna till. að ræða.

Ég hef ekki hér á reiðum höndum, hvað þetta gæti þýtt fyrir ríkissjóð, það hefur aldrei verið reiknað út. Það var ekki reiknað út 1971. Það var ekki heldur reiknað út við útgáfu brbl. Og ég held, að það sé mjög erfitt að reikna þetta út. Hins vegar ef það gæti orðið þessari till. til framgangs, væri ég fús til þess, ef hæstv. fjmrh. vildi beita sér fyrir því, að koma með það lagaákvæði, að þetta tæki ekki gildi fyrr en 1974, ef hann teldi, að þetta raskaði fjárlögum 1973, þ.e.a.s. tekjum ríkissjóðs á því ári. Ég held, að það væri mjög til þess vinnandi til að ná þessu ákvæði inn í skattalögin, að frestað væri gildistöku ákvæðisins um eitt ár, þannig að við fjárlög 1974 væri þetta tekið með í reikninginn.

Eins og fram kemur í nál. okkar fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., munum við, ef svo fer, að till. okkar verður felld, styðja frv. Við gerum okkur grein fyrir því, að þær tölur, sem í frv. eru, standast ekki miðað við aðrar tölur og þá miklu dýrtíð, sem er og hefur aukizt mjög, síðan þessi brbl. voru gefin út. Við munum því við 3. umr., ef svo fer, að þessi till. verður ekki samþ., beita okkur fyrir brtt. í þeim efnum, þannig að betur verði séð fyrir þeim öldruðu en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það kom líka fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., form. fjh.- og viðskn., að hann sem formaður og meiri hl. ásamt honum mun taka málið til athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir þessu máli. Ég vonast til þess, að ég hafi gert hér grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem eru grundvöllur þeirrar till., sem við flytjum á þskj. 84, og ég vonast til þess, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að það er ekki óeðlilegt, eftir að skattþegn hefur greitt til ríkissjóðs í hálfa öld og hann á rétt á umbun frá samfélaginu í gegnum Tryggingastofnun ríkisins, að það fjármagn komi til hans óskert.

Varðandi þær brtt., sem formaður n. flytur, skal ég taka það fram, að ég er þeim samþykkur. Hann hefur gert grein fyrir þeim till. Sumar hverjar eru aðeins orðalagsbreytingar, aðrar eru um viss efnisatriði og sumar hverjar eru um atriði, sem þeir, sem fara með álagningu, fyrst og fremst ríkisskattstjóri, telja að þurfi að breyta. B-liður l. brtt. er fluttur vegna hæstaréttardóms, þar sem það var ekki viðurkennt, að félag gæti talið til skuldar ógreiddar uppbætur eða ógreiddan afslátt af seldum vörum samkv. þeim samningum, sem það félag hafði. Mér sýnist því hér ekki um óeðlilegt ákvæði að ræða. En það kallar að sjálfsögðu á það, að þeir aðilar, sem eiga þær ógreiddu uppbætur og þann ógreidda afslátt, sem hér um ræðir, telji fram á sínu framtali til samræmis við það félag, sem mundi eftir samþykkt þessarar brtt. notfæra sér þá heimild, sem þar kemur inn.

2. og 3. brtt. eru aðeins til samræmis við endurútgáfu á skattalögunum.

A-liður 4. brtt. er að verulegu leyti orðalagsbreyting og nánast til þess að staðfesta, að mér skilst, þá framkvæmd, sem hefur verið á þessum málum hjá skattstjórum.

B-liður 4. brtt. er um samræmingu á dráttarvöxtum milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, og sýnist eðlilegt, að þar gildi eitt og hið sama. Síðar í þeirri brtt. er farið inn á þá braut að veita fjmrh. heimild til þess að ákveða með reglugerð, hvernig „innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð," eins og þar segir, „er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár." Og svo koma nýmælin:

„Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðh. er heimilt að miða fyrirframgreiðslu samkv. þessari mgr. við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1962, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda."

Hér er farið inn á að innheimta þinggjöld, þ. e. a. s. gjöld til ríkissjóðs og sveitarfélaga, þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu, samkv. hlutfalli af tekjum yfirstandandi árs. Hér er verið að nálgast staðgreiðslukerfi, og ég held, að það sé mjög skynsamlegt að taka þetta ákvæði inn og sjá, hvernig það kemur út og hvort okkur tekst ekki með þessu ákvæði og þá e. t. v. nokkrum öðrum breytingum á skattal. að gera þau þannig úr garði, að við þurfum aldrei inn í staðgreiðslukerfið að fara. Það er skoðun mín, að það sé mun skynsamlegra og það sé hægt að gera þær breytingar á skattal., sem þarf, til þess að við nálgumst svo staðgreiðslukerfið sem mögulegt er, en um það skal ég ekki fjölyrða. Ég vil hins vegar benda á það, að þetta ákvæði kallar að sjálfsögðu á breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem þeim sveitarfélögum, sem ekki hafa sameiginlega innheimtu með ríkissjóði, yrðu veittar sömu heimildir og þeim, sem hafa sameiginlega innheimtu, eru veittar. Ef það yrði ekki gert, þá gæti þetta þýtt t. d. það, að Reykjavíkurborg hefði heimild til þess að innheimta 60% af þinggjöldum næstliðins árs fyrir fram upp í þinggjöld þess árs, sem álagningin á sér stað, en sveitarfélög hér í nágrenninu, sem hafa ekki sameiginlega innheimtu með ríkissjóði, fái aðeins að innheimta 50%, eins og gert er ráð fyrir í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem þeim sveitarfélögmeð þessi mál fara, munu athuga þetta. Hvort þessi breyt. gæti komið nú inn við umr. um frv. til l. um breyt. á tekjustofnum sveitarfélaga í Ed., það skal ég ekki um segja, en þar sem þetta ákvæði kemur ekki til með að gilda fyrr en við álagningu 1974, þá er hægt að koma þessari breytingu við á haustþinginu.

C-liður þessarar brtt. er ábendingar frá ríkisskattstjóra um viss undanþáguákvæði, sem hann telur eðlilegt og nauðsynlegt að hafa varðandi skattþegna, og sýnast þau vera þess eðlis, að sjálfsagt sé að veita þau.

N. hafði enn fremur til meðferðar brtt. á þskj. 186. Við fulltrúar minni hl. erum henni sammála. Enn fremur var tekið til athugunar frv. á þskj. 163 flutt af hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfi Jónssyni, o. fl. Eins og fram kom í ræðu form. n. og frsm. meiri hl., mun á milli 2. og 3. umr. verða reynt að komast að niðurstöðu um brtt. við frv., sem þá kæmi til afgreiðslu við 3. umr.

Þá hefur verið útbýtt brtt. hér frá hæstv. sjútvrh., sem mér skilst, að n. fái tækifæri til þess að athuga á milli umr., og væri þá e. t. v. ekki úr vegi, að brtt. á þskj. 186 yrði dregin til baka og n. fengi að skoða hana samtímis.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um þetta mál meira. Eins og ég gat um áðan, leggjum við fulltrúar Sjálfstfl. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem við leggjum til á þskj. 84, en þar hefur orðið prentvilla, þ. e. a. s. í 1. mgr. 1. brtt., þar sem stendur: „Við 8. gr. laganna bætist ný mgr., er verði 4. mgr., svo hljóðandi", en á að vera „5. mgr."

ATKVGR.

Brtt. 670 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 186 tekin aftur til 3. umr.

Brtt 614,1 (2 nýjar gr., verða 1. og 2. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 614,2 samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 84,1 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, MB, MÁM, ÓE, PP, RH, SvH, EBS, FÞ, GunnG, GTh, GÞG.

nei: IG, JSk, JónasÁ, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðn, BP, EðS, EystJ, GS, JJ, HES, HV, GilsG.

6 þm. (LárJ, PJ, PS, StefG, BGr, GuðlG) fjarstaddir.

1. gr. (verður 3. gr.) svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 614,3 samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 614,4 (3 nýjar gr., verða 5.—7. gr.), samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 84, 2—3 koma ekki til atkv.

Brtt. 614,5 samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 614,6 (ný fyrirsögn) samþ. með 29 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Efri deild, 91. fundur.

Fimmtudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku, frv. (þskj. 669). — 3. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það er aðeins smábreyting, sem landbn. leggur til, að verði gerð á frv. þessu, þ. e. að aftan við 1. gr. bætist: „Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði." Þetta er að verða föst regla með þær jarðir, sem seldar eru af ríkinu, að það hafi forkaupsrétt, ef til sölu kemur á nýjan leik.

Till. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifl. Hún er í prentun. Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði skrifl. brtt. (sjá þskj. 683) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 683 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1973, frv. (þskj. 609, 640). — 3. umr.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. frv. flutti ég tvær brtt. Önnur þeirra hlaut þá afgreiðslu, en hina tók ég aftur til 3. umr. Það var till. um að verja 8 millj. kr. til Ólafsfjarðarhafnar, en eins og ég skýrði frá þá, var Ólafsfjarðarhöfn ein af þeim höfnum, sem eru í hafnaþætti samgönguáætlunar Norðurlands. Af þessari ástæðu var ekki tekin nein fjárveiting til hafnarinnar í fjárlög, þar sem gert var ráð fyrir, að hún yrði fjármögnuð af þessari framkvæmdaáætlun. Það er ástæða til þess, að það er ekki óeðlilegt, heldur í fyllsta máta eðlilegt að taka málið upp við afgreiðslu framkvæmdaáætlunar, enda er þar beinlínis um að ræða fjárveitingar til þeirra hafna, sem gert er ráð fyrir að fjármagna með þessum hætti. Ólafsfjarðarhöfn verður ein eftir skilin. Við 2. umr. var gert ráð fyrir því, að þetta mundi ekki koma að sök, vegna þess að hin nýju hafnalög tækju ekki gildi fyrr en um næstu áramót, og því mætti þetta að skaðlausu bíða. Ég hef kynnt mér það síðar, að þetta er ekki rétt, vegna þess að verulegar framkvæmdir þurfa að vera við hafnargerðina, m. a. dæling, á þessu ári, ekki sízt vegna tilkomu nýrra togara. Þess vegna verður með engu móti annað auðið en ráðast í framkvæmdirnar í ár, a. m. k. að einhverju leyti. Það er ekki alveg víst, að nákvæmlega þurfi þessa fjárhæð, sem hér er um að ræða, en þessi tala hefur verið tekin, vegna þess að hún er í áætluninni, og því við hana miðað.

Ég hef tekið till. aftur upp nú við 3. umr., og ef ekki kemur fram nein ábending um, að hugsanlegt sé að leysa málið með öðrum hætti, sé ég mér ekki annað fært en láta hana ganga til atkv. og láta það þá ráðast, hvernig um hana fer.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram í ræðu minni hér í gær í sambandi við þessa till. um höfnina í Ólafsfirði, var ákveðið að taka hana ekki til framkvæmda vegna væntanlegra lagabreytinga. Ég vil mælast til þess við hv. flm., að hann taki þessa till. aftur og það verði skoðað, hvort brýna nauðsyn beri til að leysa málin með öðrum hætti á þessu ári. Alla vega skal ég lýsa því yfir, að því leyti sem ég kann að ráða um fjárveitingar á næsta ári, að ég mun beita mér fyrir því, að þessi höfn verði tekin inn á fjárlög í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1974, og kæmi sér betur, að þessi till. færi hér ekki undir atkv. og málið yrði skoðað nánar.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með hliðsjón af orðum hæstv. fjmrh. og þar sem ég treysti því fyllilega, að hann taki það til athugunar að útvega með einhverjum hætti fjármagn til að framkvæma það í Ólafsfjarðarhöfn, sem óumflýjanlegt reynist að framkvæma á þessu sumri, tek ég brtt. mína aftur.

ATKVGR.
Brtt. 640 tekin aftur.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 700).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529, n. 649 og 671). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Kristjánsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Hún ræddi um málið á tveimur fundum og fékk til viðtals við sig framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna og formann Sjómannasambandsins, en auk þess barst henni bréf frá stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna. Það er skemmst frá að segja, að þessir aðilar, bæði af hálfu Sjómannasambandsins og af hálfu útgerðarmanna, mæla gegn samþykkt frv. Aðspurðir kváðust þeir þó ekki hafa neinar till. um það, hvernig komið yrði til móts við þarfir fiskveiðasjóðs og hans málum borgið. Nú er kannske ekki ástæða til, að ég fjölyrði um viðhorf minni hl. í n., því að það mun verða gert af hans hálfu, svo að væntanlega þurfi ekki um að bæta.

Efni þessa frv. kemur raunverulega í staðinn fyrir breytingu, sem gerð var 1970 á 1. um fiskveiðasjóð, nr. 75 frá 1966. Sú breyting er raunverulega tekin upp í 1. gr. þessa frv. sem e-liður. Vegna þessa ætti að geta þess nú, að með þessari breytingu séu úr gildi felld lög nr. 33 8. maí 1970. Það, sem hér er um að ræða, er raunverulega hliðstætt því, sem verið er að fjalla um í sambandi við aðra stofnlánasjóði, bæði iðnlánasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins, að auka tekjur þeirra til þess að hamla gegn því, að eigið fé þeirra gangi árlega til rýrnunar vegna vaxtataps eða óhagstæðs vaxtamismunar. Í þessum frv. öllum er stefnt að því að leysa þennan vanda á þann hátt að leggja nokkurt gjald á atvinnuvegina, sem hlut eiga að máli, og ríkissjóður leggur síðan á móti. Það kann að mega færa rök að því, að ýmislegt sé þarna ósambærilegt um hvern stofnlánasjóðinn út af fyrir sig, en þetta er þó sameiginlegt með þeim öllum. Það hefur verið bent á það í sambandi við fiskveiðasjóð, að það frv., sem hér liggur fyrir, þótt að lögum verði, sé alls fjarri því að leysa þá fjármagnsþörf, sem hjá honum er. Að því er ekki stefnt, en hins vegar mun samþykkt þessa frv. ná því marki, að ekki þurfi að óttast á næstunni, að eigið fé sjóðsins gangi til þurrðar af árlegum eðlilegum viðskiptum, svo sem hlyti að verða, ef ekkert væri að gert. Og það horfir allt öðruvísi við að taka lán til að endurlána eða jafna með lántökum þessi óhagstæðu viðskipti sjóðsins. Það

hefur sýnt sig, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið og gerðar eru alltaf öðru hverju í sambandi við sjávarútveginn og afkomu hans, eru yfirleitt ekki varanlegar og ekki nein framtíðarúrræði. Þess vegna leiðir það af eðli málsins, að slík hlutverk hljóta alltaf að vera til endurskoðunar.

Það er bezt að varast að fara langt í spádóma um það, hvernig afkoma og hagur útgerðarinnar verði á komandi tímum, þó að ekki verði hugsað mörg ár fram í tímann. Það er hægt að spá ýmsu, en það er ekki hægt að vita mikið. Þó er á það að líta í sambandi við hækkandi verð á ýmsum útflutningsvörum, að manni virðist helzt, að það séu töluverð verðbólgueinkenni í veröldinni og heildarþróunin sé sú, að kaupmáttur peninganna tapi gildi sínu, ef þannig mætti orða það. En um þetta skal ekki fjölyrt frekar hér.

Ég held, að það sé ósköp eðlilegt, að meðan verið er að kanna þessi mál, meðan t. d. Landssamband ísl. útvegsmanna er að gera sér grein fyrir því, hvort það hefur einhverjar till. um, hvernig þessi mál eigi að leysa, þá sé málið leyst í bili með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir, og meiri hl. n. mælir með samþykkt þess óbreytts.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 671, nál. minni hl., og formaður meiri hl. hefur þegar gert grein fyrir, var ekki samstaða í sjútvn. um afgreiðslu málsins. N. hélt tvo fundi um málið. Á fyrri fundinum mætti framkvæmdastjóri fiskveiðasjóðs, Sverrir Júlíusson, og gerði okkur grein fyrir ýmsum vandamálum sjóðsins. Okkur er það öllum ljóst, eins og reyndar kemur fram í okkar nál., að sjóðurinn á við mikið fjárhagslegt vandamál að stríða, og hann undirstrikaði þar, og það undirstrikum við líka, að viðkomandi frv. er ekki heildarlausn á vandamálum sjóðsins og því er ekki ætlað að vera það. Hann sagði, að sjóðinn mundi muna um þá aura, sem frv. gerði ráð fyrir að veita, og vildi gjarnan fá þá strax, og er eðlilegt, að framkvæmdastjóri sjóðsins tali svo, þegar fyrir liggja lánsbeiðnir, sem nema mikið á annan milljarð. Hann sundurliðar það nokkuð, og t. d. má nefna, að innanlandsskipasmíðin, eins og hæstv. ráðh. drap á, hefur fjármagnsþörf upp á 700 millj., vinnslustöðvarnar þurfa um 500 millj., þó ekki nákvæmlega sundurliðað, tæki og aðrar viðgerðir um 230 millj., gengistap um 30 millj. og ýmislegt annað vegna erlendra smíða um 265 millj. Alls gerir þetta rétt um 1730 millj. kr. Eigið fé sjóðsins er nokkuð, en þrátt fyrir það má reikna með, að fjármagnsvöntun sjóðsins sé um 1300 millj. kr., sem þarf að leysa úr, áður en langt um líður. Við sjáum því, að þó að þetta frv. veiti sjóðnum á þessu ári eitthvað á annað hundrað millj., eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að honum yrðu tryggðar þegar á þessu ári, vantar gífurlega mikið á, að vandamál sjóðsins sé leyst.

Frsm. meiri hl. drap hér á, að fulltrúar útvegsins og sjómannasamtakanna komu á fund n., og aðspurðir sögðust þeir ekki hafa till. í því efni. Það er varla von, að menn hafi stórar till. um frv. eða vandamálið, þegar þeir eru ekki spurðir eins eða neins. Eftir því sem þeir upplýstu, hafði ekki verið haft samráð við þá beint. Hitt er á að líta, reikna ég með, að þeir hafi báðir gert sér grein fyrir því, að sjóðurinn var í mikilli fjármagnsþörf. En það er ekki hægt að líkja þessu alveg saman við hina sjóðina, sem hann drap á, vegna þess að það var staðfest á fundum n., að það gjald, sem tekið er með þessum hætti, er óumdeilanlega dregið frá, áður en fiskverð er ákveðið. En ég mundi ætla, að það væri ekki tryggt, að landbúnaðurinn bæri sitt álag einhliða, — alls ekki. En það mun vera svo í þessu tilfelli með þær álögur, sem útvegurinn fær hér, að þær lækka fiskverðið. Auðvitað kemur fé á móti úr ríkissjóði, það er rétt. Vinnslustöðvarnar fá orðið stórar upphæðir og þurfa um helming af því fjármagni, sem sjóðinn vanhagar um. Við höfum ekki fengið upplýsingar um það beint, að þær tækju sinn skerf í því öðruvísi en að skapa aukin verðmæti við betri framleiðsluskilyrði. En ég reikna með, að vinnslustöðvarnar fái það fullkomlega uppi borið. Það er augljóst mál, að það getur ekki skipt neinum sköpum, eins og staða sjóðsins er í dag, þótt aðeins sé dokað við og vandi sjóðsins ræddur við hlutaðeigandi aðila, eins og við í minni hl. leggjum til. Við gerum okkur fulla grein fyrir því, að það verður að finna lausn á vandanum. Það er auðvitað hlutverk viðkomandi ríkisstj. hverju sinni. Það er slæmt, að eigið fé sjóðsins hefur farið minnkandi undanfarið.

Ég drap á það í ræðu minni við 1. umr., að það hefði ekki verið óeðlilegt, þegar við vorum að fjalla um útflutningsgjaldið, að við hefðum haft þessa mynd með. Okkur var ekki gerð grein fyrir því í þeim fljótheitum, sem þar áttu sér stað, að fiskveiðasjóður færi með rýrari hlut frá borði. Ég held, að enginn okkar hafi ætlazt til þess. En hlutfallið í heildarútflutningsgjöldunum fer minnkandi, eins og víst er núna. Það má kannske segja, ef vel árar, að krónutalan sé svipuð, en það er annað mál. Enginn okkar vildi, að sjóðurinn færi með rýrari hlut frá borði, það er ég alveg viss um, fyrst við stóðum að því að móta og vinna að kvöðum í sambandi við útflutningsgjöld, sem samstaða var um í n.

Svo er annað í þessu efni, sem stundum er viðkvæmismál og ég hef verið talsmaður fyrir hér á hv. Alþ., en það er, að sjávarútvegurinn fengi aðild að stjórn fiskveiðasjóðs. Enn hefur enginn viljað taka það upp og berjast fyrir því, en það er þó svo í hinum sjóðunum, og menn meta það nokkurs. Það upplýstist einnig, sem kemur fram í nál. okkar, að fiskveiðasjóður hefur tekið innlend lán. Okkur var sagt, og það er prentað í nál., að það væru um 125 millj. kr. og hefur verið bundið við vísitölu byggingarkostnaðar. Allir vita, hvernig hún hreyfist, og það þýðir auðvitað þrátt fyrir góð áform og breytingar á vaxtakjörum hjá nýjum aðilum, að þetta er óhagkvæm lán og kosta miklu meira en 5½%. Ég vil ekki spá um, hvað þau verða dýr fyrir viðkomandi aðila, en það kæmi mér ekki á óvart að vaxtabætur yrðu yfir 10%, jafnvel meiri.

Ég talaði um það á nefndarfundi, hvort enginn minnsti möguleiki væri á því að samræma öll lán sjóðsins, vegna þess að það hefur verið um langt árabil mjög mikið misræmi í útlánum sjóðsins. Það hafa verið teknar ákvarðanir um það af hálfu stjórnenda sjóðsins að breyta þeim kjörum á næstum því furðulegum forsendum. Það var meira að segja um tíma felld niður gengisáhætta á lánum og þótti sumum broslegt. Einnig hafa sumir 4% lán hjá sjóðnum og aðrir eru með 6½% til 15 ára. Núverandi skipan er 5½% til 20 ára. Þetta er eitt atriði í heildarskipulagningu á fjármálum sjóðsins, sem ég tel eðlilegt að taka til greina. Það má vel vera, að menn hafi skrifað undir slík lánakjör í verðskjölum á sín skip, að ekki sé hægt að breyta þessu, en þetta þyrfti að athuga mjög gaumgæfilega. Það hljóta allir að vera sammála um, að það ber að stefna að því að hafa útlánin eins. Það er ekki heldur eðlilegt, að nokkrir aðilar fái útlán núna bundin við vísitölu byggingarkostnaðar og þurfi að greiða miklu hærri vaxtafót en aðrir. Ég veit ekki, hvort þessi lán eru til sérstakra tækjakaupa eða sérstakra viðgerða, en þessi lánakjör eru mun óhagstæðari en heildarlánakjör sjóðsins. Það upplýstist, að um 20% af lánaþörf vinnslustöðvanna fer til saltfiskverkunar. Það munu vera komin fram drög að mikilli fjármögnun við endurnýjun frystihúsanna, sem er algert trúnaðarmál og ómögulegt að fá vitneskju um, hvaða tölur hún hefur í för með sér. Verður því að spá í það, að hér sé um stórar tölur að ræða, miðað við það, sem hefur heyrzt. En ég met stöðu sjóðsins þannig, að það sé útilokað, að auknar álögur á aflann fari til vinnslustöðvanna, vegna þess að þessar auknu álögur eru dregnar frá, áður en fiskverð er ákveðið. Ef þeim væri skipt upp, væri það sanngjarnt og þá stæði ég alveg fullilega að því að taka minn skerf fyrir hönd útvegsins.

Það eru einmitt þessi atriði, sem við heyrðum, að fulltrúar sjómanna og útvegsmanna töldu eðlilegt að væru rædd miklu nánar, svo að samkomulag næðist um álögurnar innan stéttarinnar. Það er óvenjulegt, að menn eigi í sífelldri togstreitu um, hverjum beri hvað, þegar menn eru í heild sammála um, að það þurfi að laga fjármögnun sjóðsins. Það mun koma þjóðarbúinu í heild að beztum notum, að sjóðurinn geti fjármagnað bæði vinnslustöðvar og nýsmíði með góðum kjörum og með eðlilega endurnýjun í huga. Við viljum sérstaklega leggja áherzlu á, að á þetta væri hlustað, en frv. ekki keyrt í gegn í andstöðu við þessi hagsmunasamtök, af því að það ræður engum úrslitum, — alls ekki, því fer víðs fjarri, eins og staða sjóðsins er í dag. Þetta mun gefa af sér á komandi ári eitthvað á annað hundrað millj. kr. Hins vegar er tekjustofninn orðinn öruggur. En mætti ekki alveg eins hugsa sér, að frv. gæti komið fram strax í haust, sem tæki gildi t. d. frá og með 1. nóv. eða jafnvel verkað aftur fyrir sig, og það yrði samkomulagsfrv.? Ég tel það vel hugsanlegt.

Við ræddum nokkuð um vanskil við sjóðinn. Sem betur fer hefur stofnlánakerfið tryggt sjóðnum rétt 90% skil. Og það má segja, að það sé mjög mikilvægt, og framkvæmdastjóri sjóðsins undirstrikaði hversu mikilvægt það væri, að peningar kæmu jafnóðum af framleiðsluverðmætinu upp í vexti og afborganir sjóðsins. Það er gífurlega þýðingarmikið og tryggir það, að þó að lánaupphæð sé orðin mikil, kemur jafnt og þétt inn í sjóðinn og léttir á. Áður var kerfið þannig, að menn höfðu ákveðna gjalddaga, fyrst og fremst 1. nóv., svo aftur 1. júní, en nú fær sjóðurinn peninga jafnóðum og menn skila verðmæti inn. Þeir, sem borga fram yfir fá innistæðu sína aftur út um eða eftir áramót. Hann upplýsti einnig, af því að ég spurði hann um það, og hæstv. ráðh. einnig, að sérsamningur væri í gildi varðandi togskipin nýju, þau mundu ganga undir þá kröfu að borga meira en lögbundna prósentu, og skildist mér, að sú kvöð væri 10%, en af venjulegum fiski hér innanlands er tekin 10% greiðsla, sem fiskkaupandi greiðir og skilar inn í stofnfé sjóðsins. Þannig hafa þeir undirgengizt að skila hlutfallslega meiru inn á sín lán, sem eru mjög há í krónum talið, á annað hundrað millj. kr. á flest skipin. Rekstur þeirra verður því örugglega erfiður varðandi lausafé til ýmiss konar þjónustu, ef 20% kvöð liggur fyrir í öllum tilfellum hjá þessum skipum.

Það getur vel verið, að sumum finnist það ekki nógu ábyrg afstaða hjá okkur að vilja vísa frv. til ríkisstjórnarinnar. En það byggist fyrst og fermst á því, að mér heyrist, þrátt fyrir gagnrýni þeirra manna, sem mættu á fundi hjá okkur, að þeir væru þess fyllilega meðvitandi, hversu vandamál sjóðsins er mikið nú þegar og hvað það verður á næstunni.

Hæstv. sjútvrh. lagði áherzlu á, að með því að gera kröfu til þess, að skipasmíðar landsmanna færðust að mestu eða öllu leyti inn í landið, hlyti það að kalla á gífurlega eftirspurn. Þetta var einmitt undirstrikað sérstaklega af framkvæmdastjóra sjóðsins, að við yrðum að gera okkur grein fyrir því, hvílík óhemjuaukning í fjármagnseftirspurn kæmi fram, þegar ákveðið væri að smíða 5 skuttogara á Íslandi, sem kostuðu hátt í 200 millj. kr. stykkið. Fjármögnun erlendis er fyrir fram tryggð, og henni dreift á margra ára tímabil. Lántakan var lengi vel 5 ár, en er nú komin upp í 8 ár. Þess vegna voru kaupin tiltölulega auðveld og létt erlendis frá. En nú ríkir það sjónarmið, að við eigum einnig að tryggja skipasmíðastöðvunum jafna vinnu við nýsmíði, og skipasmíðastöðvarnar hafa einnig fengið hér góða lánafyrirgreiðslu. Ef ég man rétt, er það í reikningum fyrir árið 1972, sem má búast við, að ráðh. hafi nýlega staðfest, að skipasmíðar eru með um 200 millj. kr. í lánafyrirgreiðslu eða í eignum sagt hér hjá sjóðnum. Það er ekki ljóst af yfirlitinu, á hvaða tímabili það hefur átt sér stað. En skipasmíðastöðvarnar hafa sem sagt líka fengið verulega fyrirgreiðslu hjá sjóðnum, þrátt fyrir það, að iðnlánasjóður á að veita þeim lán, og hér voru afgreidd frv. mjög til hagsbóta fyrir skipasmíðastöðvarnar á hv. Alþ. í tíð fyrrv. ríkisstj.

Við værum þess fýsandi, að málið yrði tekið upp sem ein heild aftur til þess að ná um það breiðari samstöðu og tryggja, að fjármögnun sjóðsins sé öruggari til frambúðar. Þetta er tímabilsbundið ákvæði, sem hér kemur inn núna,

og mun ekki leysa úr þörfum sjóðsins, miðað við þá þróun að taka skipasmíðaiðnaðinn að langmestu leyti inn í landið. Ef svo verður, þá verður auðvitað að framlengja þetta ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir, eða tryggja sjóðnum auknar tekjur með öðru móti, ásamt verulegum lántökum. Við komumst ekki hjá því, því að eftirspurnin verður svo gífurleg í lánamálunum. Fari svo, að við náum svo til allri togarasmíði inn í landið, en við höfum nú þegar náð því marki að smíða svo til alla fiskibáta, kemur hér fram gífurleg bylgjuhreyfing, sem þetta frv. nær ekki til. Hér er því um bráðabirgðalausn að ræða, og það mun ekki ráða neinum úrslitum um heildarvandamálið, þó að málið yrði athugað nú í sumar og frv. um varanlegri lausn lagt fram strax í haust, sem aðilar, er bera kvöðina, væru sammála um, að deildist réttlátlega niður, eftir því sem tök væru á a. m. k. Því leggjum við í minni hl. til, að dokað verði við og frv. vísað til ríkisstj.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru í rauninni aðeins fáein orð. Ég vil þakka hv. n. fyrir skjóta afgreiðslu á málinu. Mér sýnist á því, sem kom fram hjá frsm. minni hl., sem leggur til, að málinu verði frestað og vísað til ríkisstj. til frekari athugunar og lausnar þá síðar, að hann viðurkenni einnig, að óhjákvæmilegt sé, eins og málum er nú háttað, að leysa fjárhagsmál fiskveiðasjóðs — hann vilji ekki fyrir sitt leyti leggjast gegn því, að lausn verði fundin á málinu á þann hátt, sem hér er lagt til, þó að hann vilji taka sér frest til frekari athugunar.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. minni hl., sem var að ljúka máli sínu, taldi það einn gallann við þá leið, sem hér er lagt til að farin verði til tekjuöflunar fyrir fiskveiðasjóð, að ekki væri ljóst, að fiskiðnaðurinn í landinu væri látinn bera sinn hluta af því framlagi, sem ætti að greiða til fiskveiðasjóðs, en hins vegar væri augljóst, að ætlazt væri til þess, að hann fengi allríflegan skammt af þeim lánum, sem fiskveiðasjóður á að lána út. Þetta er á einhverjum misskilningi byggt að mínum dómi. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að það gjald, sem ætlað er að leggja á, 1% af útflutningsverðmæti sjávarafla, verður tekið af brúttóframleiðsluverðmætinu, útflutningsverðinu. Það kemur til með að hvíla sem skattur á öllum þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. a. s. fiskvinnslunni, útgerðinni og sjómönnum, vegna þess skipulags, sem nú er hjá okkur um verðákvörðun á sjávarafla. Það er sem sagt alveg föst regla að miða verðákvörðunina og afkomu jafnt fiskiðnaðarins, bátanna og sjómannanna við það verðmæti, sem eftir er af útfl.verðinu, þegar útfl.gjöld hafa verið dregin frá. Það er það heildarverðmæti, sem lagt er til grundvallar, og því er síðan skipt. Þá er sem sagt við það miðað, að fiskvinnslan hafi rekstrarmöguleika, sömuleiðis bátar og önnur fiskiskip, og að fiskverðið sé ákveðið þannig, að sjómenn hafi fengið sambærilega launahækkun og aðrar vinnandi stéttir í landinu. Þetta eru meginforsendurnar, sem alltaf er gengið út frá. Það er rétt, að auðvitað getur svo farið, að það, sem á að ganga til skipta, af öllu þessu verðmæti, verði í heild of lítið, þannig að hvorki fiskvinnslan, bátaútgerð né sjómenn geti náð þessu marki, sem ég var að tala um. Þá er, eins og þm. þekkja svo vel, komið upp efnahagsvandamál í okkar ágæta hagkerfi, og þarf þá að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana. En við höfum nú um skeið haft þann hátt á, að taka þó nokkurn hluta af þessu heildarframleiðsluverðmæti útflutningsins og leggja í sérstakan geymslusjóð, verðjöfnunarsjóð. Það er því enginn vafi á því, að byrjað yrði á því í þessu tilfelli að minnka framlagið í verðjöfnunarsjóð, til þess að hægt sé að standa við þessi meginatriði, sem fiskverðsákvörðunin hvílir alltaf á. Hér er því um það að ræða að okkar dómi að minnka nokkuð um skeið framlög í verðjöfnunarsjóð, þó að þangað ætti eðli málsins samkvæmt að renna allmikið fjármagn vegna hækkandi útflutningsverðs, en láta féð í rauninni ganga til þarfa fiskveiðasjóðs að því marki, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ef sá háttur hefði verið hafður á að skipta alltaf öllu verðmætinu, sem um var að ræða, hefði fiskverðið að sjálfsögðu getað hækkað meira, þannig að bátaútvegurinn í landinu hefði enn betri afkomu en ella og eins fiskiðnaðurinn og sjómenn að sínum hluta. Allir skattar af þessu tagi miða auðvitað að því að takmarka þetta nokkuð. Það er lagt til að leggja þetta gjald á í fullu trausti þess, að breytingar hafi orðið svo miklar nú á útflutningsverði sjávarafurða, að hægt sé við næstu fiskverðsákvörðun að tryggja bæði veiðiflotanum og framleiðslustöðvunum, fiskvinnslustöðvunum og sjómönnum, þessa eðlilegu og sanngjörnu viðmiðun, sem oftast nær hefur verið reynt að styðjast við, þrátt fyrir það að þetta gjald sé lagt á.

Það kom fram hjá hv. frsm. minni hl., að hann teldi, að það sakaði ekki mikið, þó að þetta frv. yrði látið liggja að þessu sinni og síðan flutt aftur á næsta hausti, kannske með víðtækara samkomulagi, og málin þá leyst á viðunandi hátt. En þessu er ekki svona farið. Fiskveiðasjóður á aðeins um tvo kosti að velja á þessu ári. Annaðhvort er að taka enn þá meira af erlendum lánum en gert hefur verið, til útlána og jafnvel enn þá meira af öðrum tegundum af lánum, sem til eru nú. Það eru þá innlend lán, sem eru alla jafna verðtryggð eða vísitölubundin. Þeir, sem standa í framkvæmdum á vegum sjávarútvegsins, eiga skip í smíðum, eru að kaupa ný skip, byggja upp frystihús eða ráðast í aðrar framkvæmdir, sem lánað er til úr fiskveiðasjóði, mundu, ef ekki er tryggð viðbótartekjuöflun til sjóðsins, aðeins þurfa að taka mun meira af gengisáhættulánum eða verðtryggðum lánum. Þeirra kjör mundu því augljóslega versna, ef þannig er litið á málið. Það er ekki um annað að ræða í raun og veru, eins og nú er háttað hjá okkur. Framkvæmdasjóður, sem lánar þessum aðilum, stofnlánasjóðunum, á ekki annarra kosta völ en að lána með sams konar kjörum kjörum og hann tekur að láni, þ. e. a. s. það eru verðtryggð lán í flestöllum tilfellum og svo aftur erlend lán. Auðvitað er mér ljóst, að þó að fiskveiðasjóður fái þær auknu tekjur, sem hér er um að ræða, verður

hann að halda áfram að taka erlend lán og jafnvel eitthvað af verðtryggðum lánum. En það tel ég fullkomlega eðlilegt. Ég tel enga von vera til þess, að við getum smíðað jafnmikið af fiskiskipum hér innanlands og við gerum nú í reynd, án þess að við tökum eitthvað af erlendum lánum út á þær framkvæmdir. Við höfum ekki getu til þess að taka það mikið fjármagn af tekjum ársins í þjóðarbúinu, að ekki þurfi að koma hér til einhver erlend lántaka, eins og alltaf hefur verið áður. Ég vil líka segja það, að ég held, að það sé rétt að halda áfram þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið hjá fiskveiðasjóði um langan tíma, og af því hefur hann staðið sig betur í reyndinni en margir aðrir stofnlánasjóðir, að sjóðurinn haldi sig við það að lána með sams konar lánakjörum og hann nýtur. Þegar um erlend lán er að ræða, verður gengisáhættan að fylgja, en þegar um innlend lán er að ræða með vísitölutryggingu, verða slíkar kvaðir að fylgja með. En af því að fiskveiðasjóður hefur að verulegu leyti verið byggður upp með framlögum frá útveginum, með ákveðinni skattlagningu um langt árabil, og vissum framlögum frá ríkinu og hefur haldið sig við þá stefnu að tapa ekki allajafna miklum fjárhæðum vegna mismunar í lánakjörum, er hann mjög öflugur sjóður. Það er um allmikið eigið fé að ræða. Og það er vegna þess, að sjóðurinn á allmikið af eigin fé, sem svona er til komið, að þeim, sem greitt hafa í sjóðinn, finnst vera fullkomlega eðlilegt, að þeir njóti nokkuð betri lánakjara að vissu leyti í sjóðnum en þeir geti fengið á almennum lánamarkaði.

Sú lækkun um 1%, sem ákveðin var fyrir rúmu ári á aðalvaxtakjörum í sjóðnum, hefur verið framkvæmd. Það er ekki sú lækkun, sem veldur sjóðnum nú neinum sérstökum vandræðum. Þar er um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða enn sem komið er. Það, sem hvílir þyngst á sjóðnum, eins og hér hefur komið fram, eru lánveitingar hans út á innanlandssmíði fiskiskipa og svo í mjög vaxandi mæli lán til uppbyggingar í fiskiðnaðinum eða til þeirrar miklu endurbyggingar, sem þar á sér stað. Ég skil mætavel og þekki það af nokkurri reynslu, að forustumenn í hópi útgerðarmanna hafa löngum verið býsna stífir við samningaborðið ekki síður en aðrir. Þeim þykir mjög hentugt að hafa allan fyrirvara á um það, að svona skattur sé lagður á, eins og sá, sem hér er um að ræða, en vilja þó mjög gjarnan fá hann, á því leikur ekki nokkur minnsti vafi, enda eru það þeir, sem eiga að njóta hans. Ég skil það líka mætavel, að forustumenn í hópi sjómanna segi að þeim sé ekkert um það gefið að leggja á skatt af þessu tagi. Þeir vilja líka hafa allan fyrirvara á um það, að þessi skattur verði ekki til þess að gera launakjör þeirra verri í samanburði við aðrar vinnustéttir í landinu, en þau hafa a. m. k. verið. En auðvitað hefur öflugur fiskveiðasjóður, sem getur staðið að því að endurnýja fiskiskipaflotann og stórbæta fiskvinnsluna í landinu, líka hagsmunalega þýðingu fyrir sjómennina. Það fer ekkert milli mála, að nýju og dýrari skipin veita þeim líka bætt launakjör, betri aðbúð og meira öryggi, svo að þetta mál er ekki heldur óskylt þeim.

Ég skal ekki lengja umr. um málið að þessu sinni. Ég þakka n. fyrir fljóta afgreiðslu á málinu og vil vænta þess, að þrátt fyrir misjafnar skoðanir, sem hér hafa komið fram, verði ekki andstaða gegn því að gera þessa breytingu á fjármálum fiskveiðasjóðs.

Axel Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. tók það nú raunar fram, að nál. minni hl. væri það ítarlegt, að þar þyrfti ekki um að bæta, og skal ég því vera stuttorður varðandi það atriði. Ég vil aðeins víkja að því, sem hv. frsm. sagði, að það væri bezt að fara varlega í að spá um afkomu komandi tíma. Ég skal taka undir það, og þar sem talað er um vísitölu byggingarkostnaðar nú í 708 stigum, veit ég, að það er ekki fyllilega raunhæf tala. Ef einhver vill semja við byggingarverktaka í dag, veit ég, að það þýðir lítið að tala um þá tölu, heldur er hún að nálgast áttunda hundraðið. Og hvað verður næst? Ég get ekki tekið undir, að það er vafasamt að vera með spádóma, en mér sýnist þó augljóst, að sú stefna að binda lán fiskveiðasjóðs við vísitölu byggingarkostnaðar, sem er komin á skrið óðaverðbólgu, hlýtur að hafa sínar afleiðingar til lækkandi fiskverðs. Það er einnig aðfinnsluvert, að þarna hefur ekki verið haft það samráð við hlutaðeigandi aðila, svo sem vert væri.

Hæstv. sjútvrh. var bjartsýnn á horfurnar vegna hækkandi markaðsverðs. Það er gott, að við getum verið bjartsýnir hvað það snertir. Það heyrast einnig á stundum raddir um, að minnkandi afli sé áhyggjuefni fyrir okkur, ásamt öðrum áföllum, sem við höfum orðið fyrir. Þarna stangast kannske eitt á annars horn, ef farið væri að bera það saman, sem sagt er í þessum efnum. Ég gæti hins vegar tekið undir það, að það sé að einhverju leyti ámælisvert fyrir minni hl., að hægt sé að bera honum það á brýn, að hann beri það traust til ríkisstj. til að leysa málið, að hann leggi til að vísa málinu til hæstv. ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls, lét ég þess getið, að mér þætti nokkuð skorta á um upplýsingar varðandi fjárþörf fiskveiðasjóðs. Ég gerði ákveðnar fsp. um þetta efni til hæstv. sjútvrh., en hann svaraði þeim ekki. Hann vék að vísu nokkrum orðum að mér í sæti mínu og kvað upplýsingar mundu koma til n., sem fjallaði um málið. En ég verð að segja það, þegar málið kemur nú aftur til 2. umr., að mér þykir enn nokkuð á skorta um það, að málið sé fyllilega upplýst að þessu leyti.

Það er gert ráð fyrir í grg. frv., að sú tekjuaukning, sem það felur í sér, muni nema á ársgrundvelli um 360 millj. kr. Sagt er í nál. minni hl. sjútvn., að fjármagnsþörf sjóðsins sé yfir 1300 millj. kr. umfram eigin ráðstöfunarfé. Ég er ekki að rengja þessar tölur, þær gætu staðizt báðar. En mér þykir rétt að fá að heyra af munni hæstv. ráðh., hvað hann segir um það, sem ég spurði um við 1. umr. Ég vil leyfa mér að endurtaka það. Ég spurði um, hverjar væru áætlaðar útborganir sjóðsins á árinu 1973, bæði áætluð útlán og áætlaðar af-

borganir og vextir af skuldum sjóðsins á þessu ári. Ég spurði líka um innborgunarhliðina, hvað áætlað væri að kæmi inn í sjóðinn: í fyrsta lagi vextir af lánum og öðrum kröfum sjóðsins og í öðru lagi útflutningsgjöld, sem renna til sjóðsins samkv. gildandi l., auk þeirra tekna, sem sjóðurinn hefur af ríkisframlagi, 35 millj. kr.

Mér sýnist, að þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, sjáum við, hver munurinn er á áætluðum innborgunum og útborgunum, og þá sjáist ótvírætt, hver er áætluð fjármagnsþörf sjóðsins. Ég hef ekki fengið þessar upplýsingar enn og óska eftir því að fá þær.

Hæstv. ráðh. ræddi nú um, að það þyrfti að taka enn þá meira af erlendum lánum og innlendum lánum fyrir sjóðinn. Mér skildist, að það væri, þó að þetta frv. yrði samþ., en ef það yrði ekki samþ., mundi þurfa að taka enn þá meira af lánum. Nú þykir mér, að það sé nauðsynlegt að upplýsa, hvað þetta bil er mikið, sem kemur til greina að þurfi að brúa með lántöku, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki.

Í þessu sambandi þykir mér enn fremur rétt að spyrja um hin vísitölutryggðu lán, sem sjóðurinn hefur þegar tekið, að því er upplýst er að upphæð 125 millj. kr., og hæstv. ráðh. upplýsti hér í sinni ræðu, að líkur væru til, að sjóðurinn þyrfti að taka meira af. Mér finnst, að það þurfi að gefa nánari upplýsingar um þessi kjör, því að þótt sagt sé, að lán séu vísitölutryggð, segir það ekki allan sannleikann. Það er spurningin, hvort í lánakjörunum á að gæta allra áhrifanna af breytingu á byggingarvísitölunni eða kannske, eins og var í mörg ár varðandi íbúðalánin, að vísitölunnar gætti að helmingi, eða þá hvort vísitölubindingin er með þeim hætti, eins og ákveðið var á síðasta þingi um íbúðalánin, að sett var sérstakt hámark, sem áhrif vísitölubindingarinnar gætu náð. Ég tel, að það sé nauðsynlegt að fá upplýsingar um svo þýðingarmikil grundvallaratriði málsins sem þessi, og ég hef leyft mér að ítreka fsp. mínar og bæta að gefnu tilefni nokkrum við.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. — Ég er þeirrar skoðunar og við margir fleiri, sem fáumst nú við þann starfa að stunda sjávarútveginn, að hér sé ekki um neinn misskilning að ræða um túlkun á þessum gjöldum, annars vegar útflutningsgjöldunum og þeirri kvöð, sem þeim fylgir, og hins vegar framlaginu í verðjöfnunarsjóð. Það eru tvö ólík sjónarmið, sem við túlkum. Það er ekki byggt á neinum misskilningi, hvorki af hans hálfu né minni. Verðjöfnunarsjóðurinn starfar eftir sérstakri stjórn, og hún metur aðstæðunar við ákveðið viðmiðunarverð, sem hún setur, þegar verðhækkun kemur fram. Verðlagsráð sjávarútvegsins dregur frá ákveðin gjöld, sem eru staðreynd, þ. á m. útflutningsgjöld, og þetta nýja álag kemur inn í þá fúlgu. Það er dreginn frá vinnslukostnaður, rafmagn, akstur, hafnargjöld o. s. frv. Svo er liður, sem heitir áhætta og afföll o. fl. Um þá liði er slegizt í verðlagsráðinu fyrst og fremst. Einnig er oft slegizt um nýtingartölu á afla, t. d. loðnunýtingu o. fl. Þessi skilningur verður ekki túlkaður sem misskilningur, það má kannske segja, að hann gangi á víxl eftir því, hvorum megin við borðið við sitjum, en það er ekki túlkað sem misskilningur, heldur sem ákveðið sjónarmið, eins og lögin eru. Við, sem höfum það sjónarmið, sem ég er hér að reyna að túlka, teljum, að þessu eigi engan veginn að reyna að blanda saman. Það hefur verið gengið frá ákveðnu viðmiðunarverði, sem kallað er. Ef verðlag hækkar fram yfir það, fer ákveðinn hluti í verðjöfnunarsjóð. Ef við vildum breyta l. um verðjöfnunarsjóðinn og láta ákveðinn hundraðshluta af þeirri hækkun, sem þar kemur fram, renna í fiskveiðasjóð, er ég alveg sammála hæstv. ráðh. um, að það kæmi vel til greina. En þetta eru önnur vinnubrögð, annað sjónarmið. Það er ekki um misskilning að ræða, alls ekki frá minni hálfu og okkar, sem túlkum þetta þannig. Við teljum aðeins, að framkvæmd málsins eigi að vera með öðru móti. Sitt sýnist hvorum í þessu efni, og það verður kannske aldrei skorið úr því, hvor hefur rétt fyrir sér. En við erum mjög margir, sem viljum hafa þetta þannig, og ég tel, að næstum hver einasti sjómaður telji, að hlutirnir eigi að vera þannig. Og um þetta gamla viðmiðunarkerfi, að sjómenn fái sambærilegar launahækkanir og í landi, er hægt að tala, þegar verðhækkun á sér stað, en það gleyma þessu allir, þegar verðlækkun á sér stað. Sem betur fer hafa ýmsar sjávarafurðir hækkað núna, og því er nú hægt að gera sér vonir um nokkuð til skipta fyrir báða aðila. Fiskvinnslan fær sannarlega sinn skerf, og ætli hún hafi ekki fengið sinn skerf hressilega á loðnuvertíðinni? Það er kannske svolítið óskylt að fara að tala um verðlagningu á loðnu, en það er upplýst nú löngu á eftir, að þeir, sem frysta loðnu, hafa 12—18 kr. nettó út úr kg, en við, sem eigum bátana, fáum 3.50 brúttó handa okkur. Verðlagsráðið vinnur þannig, að það fastsetur verðið fram í tímann, en hefur það ekki hlaupandi. Það væri líka sjónarmið að hafa það hlaupandi, en það hefur ekki verið gert. Það má vel athuga það og breyta því. Verðlag á loðnu og lýsi hækkaði gífurlega, en þá hækkaði verðið til öflunarinnar, þ. e. a. s. útvegsmanna og skipshafna, en mun meira rann í verðjöfnunarsjóðinn, af því að það eru sérstök lög, sem gilda um hann. Það er sett ákveðin viðmiðunartala, og það, sem fram yfir hana fer, skiptist til helminga eftir ákveðnu kerfi. Ég vildi aðeins undirstrika það, að ég tel ekki rétt að tala um misskilning. Við höfum hér tvö ólík sjónarmið, og það má vel ræða það við mig, að við breytum til varðandi verðjöfnunarsjóðinn. En ég tel þó nauðsynlegt að hafa hann vegna þeirrar staðreyndar, að sveiflur koma alltaf fram, bæði til lands og sjávar, og það er nauðsynlegt og skynsamlegt að hafa eitthvað til að mæta lággengi, þegar það kemur fram í sjávarútvegi. Við vitum, að það kemur fyrr eða síðar, bæði varðandi verðlag og aflabrögð. En ég vil ekki blanda þessu saman.

Það er auðvitað augljóst mál, eins og hér hefur verið drepið á, einnig af síðasta ræðumanni, að þetta frv. leysir engan veginn hnútana. Fjármagnsþörfin fyrir þetta ár og næsta ár er mikið á annan milljarð, sem verður að brúa með lántöku. Og hæstv. ráðh. undirstrikaði, að það hefði verið skynsamlegt hjá fiskveiðasjóði að endurlána með sömu kjörum og hann tekur lánin. Þetta er rétt. En ef það fer að koma fram í vaxandi mæli, að hann taki lán á innlendum peningamarkaði, sem eru tryggð með vísitölu byggingarkostnaðar, og það er lánað út á skip, — en við, sem eigum skip, erum þannig höndlaðir af lánastofnunum, að þau eru engan veginn veðhæf, ekki nema með margföldum fasteignatryggingum á bak við, samt má setja vísitölu byggingarkostnaðar íbúða á skipin, — þá tel ég það óeðlilegt, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. hrósar sér af því að fella niður þetta ákvæði varðandi byggingar í landi. Sannarlega ætti það þó fremur að fylgja þeim, en eignum, sem hafa ákveðinn líftíma, eins og bátur hefur, allt að því 20 ár í mesta lagi, ef vel er við haldið. Þarna er um mjög undarlega stefnu að ræða, sem ég veit ekki, hverjir bera ábyrgð á. Ég ætla ekki, að það sé verk hæstv. ráðh., síður en svo. Ég held, að bankamennirnir í kerfinu hafi miklu fremur komið þessu í gegn og hann orðið að samþ. það. Ég held, að það sé ekki hans hugmynd. En það er eðlilegt og er bæði hjá fiskveiðasjóði og öðrum sjóðum, að þeir verða að lána með alveg sömu kjörum og þeir útvega sér fjármagn. Annað er óeðlilegt og mundi rýra þann höfuðstól, sem fiskveiðasjóður á. Hann er þegar mikill, hátt í tvo milljarða, og það má ekki ganga á hann með óeðlilegum lánakjörum, það er alveg rétt.

En vandamál sjóðsins í dag er engan veginn leyst með þessu frv. Þó að yrði dokað við í bili og við tækjum þá fyrir í heild þær sjóðmyndanir, sem útvegurinn og fiskvinnslan sameiginlega standa undir, og færum í gegnum það í rólegheitum, hvernig við gætum fært fjármagn þaðan yfir til fiskveiðasjóðs, tel ég enga höfuðsynd, hvorki fyrir hæstv. ráðh. né neina aðra, að standa að því, — alls ekki. Það getur vel komið til greina, að menn meti það þannig í dag, að næstu 2—3 árin, vegna hás verðlags, sem hefur vissulega blessunarlega hækkað verulega, megi verðjöfnunarsjóðurinn vel við því með breytingum á l. eða hlutfallsprósentu að sjá fiskveiðasjóði fyrir fjármagni, sem nemur nokkur hundruðum millj. kr. eða kannske 200 millj. Það væri þess virði að athuga málið á eðlilegan hátt. Það teljum við í minni hl.

Það er enn ein spurning, ef hæstv. ráðh. kemur upp og svarar mér og síðasta fyrirspyrjanda: Er ekki hugsanlegt að stokka upp þessi lánakjör, sem fiskveiðasjóður hefur lánað út á s.l. 15 árum, því að þau eru mjög misjöfn? Ég spyr í fávizku minni: Er það ekki hugsanlegt, því að bæði 1960 og svo núna síðar var það hreinni tilviljun háð, hvaða bátar fengju mjög góð lánakjör, t. d. með 4% og til lengri tíma en aðrir og einnig án gengisáhættu? Þá mátu spekingar fiskveiðasjóðs gengi íslenzku krónunnar það vel, að það væri ekki þörf á að gengistryggja lánin. Reynslan sýnir nú annað, og það liðu ekki nema tiltölulega fáir mánuðir, þar til þetta mat varð óraunhæft og varð að fella krónuna um helming. Ég segi hiklaust: Má ekki athuga þann möguleika, þótt það kosti lagabreytingu, að lánum fiskveiðasjóðs sé komið helzt í eina heild, á sama grundvelli, með sömu prósentu og til sama tíma? Er það óhugsandi? Það mundi tryggja fiskveiðasjóði auknar tekjur. Hitt vildi ég gjarnan fá tækifæri til að ræða í hópi útvegsmanna og fiskvinnslumanna, hvort ekki ætti að gefa verðjöfnunarsjóði möguleika á að lána, án þess að kvöðin komi einhliða á sjávarútveginn, þ. e. a. s. öflunina. Minn skilningur er nefnilega sá, að þegar við aukum útflutningsgjaldið, — og það er skilningur manna í mínum hópi og sjómanna líka, — lendi sú kvöð einhliða á öfluninni vegna þess, hvernig verðlagningin á sér stað. En hæstv. ráðh. undirstrikaði, að minna mundi fara í verðjöfnunarsjóð. Það getur vel verið, að það sé hægt að koma því þannig fyrir, en það fylgir því engin trygging og það getur ekki átt sér stað, þegar um verðlækkun á vörum er að ræða, því að við höldum gjaldinu og höfum þá engu til að skipta upp varðandi verðjöfnunarsjóð.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að svara því, sem til mín var beint, með örfáum orðum.

Hér hefur verið spurt um tekjur fiskveiðasjóðs og svo aftur lánaþörf. Ég hef ekki fyrir framan mig nákvæmar tölur yfir þetta, en þykist þó muna þær í öllum aðalatriðum. Gert er ráð fyrir því, að bein tekjuhlið hjá fiskveiðasjóði sé í kringum 580—584 millj. kr. og greiði hann allar sínar skuldir nákvæmlega upp, sé hreint ráðstöfunarfé 384 millj. kr. eða þar um bil. Síðan er gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður eigi kost á láni frá framkvæmdasjóði, samkv. þeirri grg., sem hér hefur verið lögð fram á Alþ., kringum 1150 millj. kr. Hér er um nokkru hærri upphæð að ræða, sem hann hefur yfir að ráða, en gert er ráð fyrir, að sjóðurinn lánaði út á árinu, en reiknað hefur verið með því, að það gæti verið í kringum 1600 millj. kr. En þó er þessi tekjuhlið aðeins of lítil, ef sjóðurinn ætlar að borga upp allar sínar skuldir, sem hann á jafnan einhverjar með yfirdrætti við Seðlabankann.

Þetta er í grófum atriðum tekjuhliðin annars vegar og útlánin hins vegar. Menn mega ekki blanda því saman. Það er auðvitað engin von til þess, að sjóður eins og fiskveiðasjóður hafi árlega tekjur sjálfur til þess að mæta öllum sínum útlánum. Slíkt væri auðvitað alveg ótrúlegt, ef um það væri að ræða. Hann verður því jafnan að starfa þannig, að hann tekur talsvert mikið af lánum og framlánar slík lán, eins og hann hefur gert um langan tíma, og til þess er auðvitað ætlazt áfram. Meginstefnan er sú, að beztu lánakjörin hafa jafnan verið til nýrra fiskiskipa, og það eru hin vernduðu réttindi í sjóðnum. Hins vegar fara lánveitingar hjá sjóðnum í ýmislegt annað, eins og til ýmiss konar framkvæmda í landi, fasteigna eða jafn-

vel lána, sem er á algeru mati hjá sjóðnum, hvað skuli láta í hverju sinni, eins og til viðgerða eða meiri háttar breytinga á skipum. Lánakjör í þessum efnum eru miklum mun lakari en til nýbygginga, og það er einmitt svo, að þeim lánum, sem tekin eru með jafnóhagstæðum kjörum og vísitölubundin lán eru, er frekar beitt við slík lán. Enn sem komið er hefur sjóðurinn ekki þurft að taka mikið af þeim lánum, miðað við sína heildarumsetningu.

Ég vil benda á það, að fiskveiðasjóður á orðið eigið fé, sem nemur yfir 1700 millj. kr., sem hann er auðvitað með í lánum. Hann hefur því átt sjálfur mjög stóran hluta af sínum heildarútlánum, iðulega um 50% og þar yfir. Þetta hlutfall fer skiljanlega alltaf lækkandi, eigið fé hans í útlánum, vegna þess að beinar nýjar tekjur hafa verið tiltölulega litlar, en útlánin farið ört vaxandi. Nú ég get ekki gefið hér frekari upplýsingar um það, með hvaða kjörum þessi vísitölubundnu lán eru, en þau eru lánuð út með sömu kjörum og Framkvæmdasjóður ríkisins lánar fiskveiðasjóði þessi lán.

Hv. 5. þm. Reykn., Jón Árm. Héðinsson, minntist hér á, hvort ekki væru tök á því að taka upp þau lán, sem nú eru í gangi hjá fiskveiðasjóði, og samræma lánskjörin á öllum þessum lánum. Það er staðreynd, að hinir ýmsu aðilar, sem hafa fengið lán hjá sjóðnum, hafa fengið þau með misjöfnum kjörum, af því að þau hafa verið veitt á misjöfnum tímum. Ég hygg, að það sé mjög erfitt að koma þessu við. Ekki vil ég segja, að þetta sé útilokað, en um það hefur nokkuð verið rætt og það verður sjálfsagt athugað enn betur, hvort nokkur tök eru á að fara í slíkt. Venjulega hefur það verið svo hjá okkur, að það hefur ekki þótt fært að rífa upp gömul lánakjör og breyta þeim lánakjörum, sem í gildi hafa verið, og allajafna hafa verið veitt undir allt öðrum kringumstæðum, og fara að breyta þeim til samræmis við það, sem síðar kann að verða. En þetta má athuga eins og annað.

ATKVGR.
Till. á þskj. 671 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 660). — 1. umr.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Við höfum hér 4 þdm. leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði. Höfum við í því efni haft samráð við hæstv. sjútvrh. og notið ráða hans um það, hvernig að slíkum frv.-flutningi skyldi staðið. Efni málsins er, eins og í grg. greinir, að afnema þau undanþáguákvæði, sem nú eru í l. og varða laxveiði í sjó.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv., en það er álit manna, að það skipti máli, eins og kunnugt er, fyrir fiskrækt í ám og vötnum, að bönnuð sé lax- og silungsveiði í sjó. Þetta er alþjóðlegt deilumál, eins og kunnugt er, og við Íslendingar höfum ávallt á erlendum vettvangi tekið þá afstöðu, að banna beri slíka veiði. Það hefur gildi fyrir lax- og silungsrækt hér á landi, hvernig aðrar þjóðir standa að þessum málum í sínum löndum. Sömuleiðis hefur það þýðingu, þótt undanþáguákvæði í l. nái aðeins til örfárra aðila í landinu, að afnema það, að því er snertir fiskrækt í ám og vötnum hér á landi. Þá er það og talið vera málstað okkar til framdráttar almennt í verndunarmálum fiskistofna að taka þessa afstöðu, og því er þetta frv. flutt. Þetta er að vísu á síðasta snúningi, en ég vonast til, að frv. geti fengið sem fljótvirkasta afgreiðslu, og legg til, herra forseti, að því verði vísað, — ég býst við, að það sé rökrétt að vísa því til landbn. eða sjútvn. Ég vil gera það að till. minni, að því verði vísað til sjútvn., en legg það á vald forseta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, frv. (þskj. 618, n. 657). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þessu er ætlað að veita ríkisstj. heimild til þess að staðfesta samning, sem gerður var m. a. af Íslands hálfu 29. des. 1972 í London og fjallar um varnir gegn mengun hafsins af völdum úrgangsefna og annarra efna af slíku tagi. N. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Fimmtudaginn 12. apríl, að loknum 91. fundi.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, frv. (þskj. 618). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 87. fundur.

Fimmtudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 674). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 480). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Launaskattur, frv. (þskj. 665). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 666). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 540 (sbr. 73)). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér fjölgun á dómurum í hæstarétti um einn, þannig að dómarar verði þar 6. Sú breyting gerir kleift að koma þar við deildaskiptingu og breyttum starfsháttum. Eru ákvæði um það í frv. Þetta frv. er flutt samkvæmt ósk hæstaréttar, samið af hæstarétti, aths., sem fylgja frv. eru samdar af hæstarétti. Ég hef engu þar við að bæta, en tek fram, að ég fellst á þau sjónarmið, sem þar eru sett fram.

Þetta frv. var með fyrri málum á Alþ. og hefur legið fyrir hv. Ed. í allan vetur. Þm. kvarta mjög um það, að síðustu dagarnir séu annasamir, en ég get ekki stillt mig um, þegar ég hef svona dæmi fyrir augum, að benda á, að stundum má rekja það til þm. sjálfra eða öllu heldur til starfa hjá þn., að störfin þjappast svo mjög saman á síðustu dögum þingsins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 611 (sbr. 355)). — 1. umr.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Mér finnst það satt að segja merkilegt, ef þetta frv. á að fara alveg umræðulaust héðan út úr hv. d. við 1. umr., því hér er í raun og veru ekki um neitt smámál að ræða. Efnislega er ég alveg samþykkur þessu frv., að nauðsynlegt sé að auka það fjármagn, sem iðnaðurinn fær til ráðstöfunar, einkanlega þegar haft er í huga, að hér er gert ráð fyrir, að meginhluti þessa fjármagns fari í endurskipulagningu og hagræðingu í iðnfyrirtækjum landsins. Á því er fyllsta nauðsyn. En það er fyrst og fremst eitt atriði, sem ég á svolítið erfitt með að skilja, og það er einfaldlega það, hversu með að skilja, og það er einfaldlega það, hvers vegna þurfi að stofna sérstakan iðnrekstrarsjóð. Iðnlánasjóður er til og er orðinn þýsna öflug stofnun. Mér hefði fundizt miklu einfaldara í öllum sniðum, að stofnuð væri deild við iðnlánasjóð, sem annaðist það sérstaka hlutverk, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hér er verið að búa til alveg nýjan sjóð, sem kemur til með að hafa að vísu talsvert fjármagn, en þó ekki svo mikið, að því er mér finnst, að það sé ástæða til að stofna alveg sérstakar skrifstofur, sérstaka stjórn, stofna til sérstaks kostnaðar, sem óhjákvæmilega fylgir því, að ný stofnun er sett upp. Ég held m. ö. o., að það sé til fyrir hæf stofnun, þar sem iðnlánasjóður er, til þess að annast það verkefni, sem iðnrekstrarsjóði er ætlað. Nú hefur að vísu smávægileg breyting verið gerð á frv. í hv. Ed. Ég vil ekki með þessum orðum á nokkurn hátt bregða fæti fyrir, að frv. verði samþ., heldur vil ég samþ. þetta eins og það er, ef þetta er ekki gert. En ég hefði viljað mælast til þess við þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, að athuga rækilega, hvaða rök liggja fyrir því, að ekki skuli vera notuð sú stofnun, sem til er, þ. e. iðnlánasjóðurinn, til að annast þessi verkefni, fremur en fara að setja upp nýja stofnun. Mér finnst þetta vera náskylt, sem hér er um að ræða. Iðnrekstrarsjóðurinn

er fyrst og fremst settur upp til þess að efla útflutningsiðnað og aðstoða fyrirtæki við hagræðingu. Þetta er hvort tveggja nauðsynlegt, en er vel hægt að gera innan þess ramma, sem iðnlánasjóður er. Ég vil meira að segja halda því fram, að þeir menn, sem eru í stjórn iðnlánasjóðs, eigi að þekkja fullt eins vel til iðnaðarins í landinu og þeir, sem kynnu að verða skipaðir í stjórn þessa nýja sjóðs. Ég vildi mælast til þess við hv. n., að þetta atriði yrði athugað mjög rækilega.

Efnislega er ég alveg sammála því og fagna því, að þetta aukna fjármagn, sem er að nokkru leyti frá þeim, sem hafa haft einhvern útflutning á iðnaðarvörum með höndum, skuli koma til þeirra þarfa, sem hér er ætlað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 552). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 552 er frv. til l. um breyt. á l. n. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að lagt er til, að tekin verði inn ný málsgr. í 69. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit, sem heimili viðurlög við því atferli að upplýsa ekki um afdrif vara, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda erlendis hafa farið um borð í viðkomandi far. Við hefur borið, að tollyfirvöld erlendis hafa gefið hérlendum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um mikið magn hátollavara, sem hafa farið um borð í ákveðin íslenzk kaupför. Þessi varningur hefur svo ekki fundizt né hefur á nokkurn hátt verið gerð grein fyrir því, hvað af honum hafi orðið. Talið er, að heimild til ákvörðunar viðurlaga í slíkum tilfellum sé vafasöm, en jafnaugljóst, að nauðsyn ber til að upplýsa mál af þessu tagi til hlítar. Ákvæði þessi mundu einkum koma að notum, þegar um meiri háttar vörumagn væri að ræða.

Hitt atriðið í þessu lagafrv. er svo það, að lagt er til að hækka þær sektir, sem tollyfirvöld hafa mátt ákveða án þess að senda mál til dómstóla, þannig að tvöfalda þær upphæðir, sem fyrir eru. Með þessu móti mundi afgreiðsla hjá tollyfirvöldum verða meiri og flýta afgreiðslu mála, sem oft vilja tefjast, þegar þau fara til dómstóla.

Hér er um nauðsynjamál að ræða, sem hv. Ed. var fljót að afgreiða, og ég treysti því, að hv. d. verði einnig fljót að afgreiða það, með tilliti til þess, hvað á þingtíma er liðið.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479). — 1. umr.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það er eðlilegt, að enginn kveðji sér hljóðs í þessu máli, því að ég hygg, að þingheimur sé allur sammála um að standa einhuga að afgreiðslu þessa máls, sem lýtur að atvinnuleysistryggingasjóði, enda hefur þetta mál farið greiðlega gegnum Ed. og hlotið þar fulla samstöðu flokkanna. Ég vil þó segja um þetta nokkur orð. Ástæðan er sú, að ég flutti sjálfur fyrir nokkrum vikum frv. til l. um breyt. á atvinnuleysistryggingum. Í þessu frv. mínu var meginatriðið að hækka atvinnuleysisbætur, og það er einnig megininntak þess stj.frv., sem er nú lagt fyrir Nd.

Það háttar þannig, að atvinnuleysisbætur hafa ekki hækkað í hlutfalli við laun verkamanna, heldur hafa aðeins hækkað sem nemur vísitölubreytingu. Hins vegar hafa iðgjöldin til sjóðsins hækkað stöðugt í hlutfalli við verkamannalaun, þannig að sjóðurinn hefur sífellt eflzt, í sama mund og megintilgangur hans, þ. e. a. s. að hækka bætur atvinnuleysistrygginga, hefur verið vanræktur. Það var þetta, sem vakti fyrir mér, þetta misrétti í sjóðnum, þegar ég kom með það frv., sem ég lagði hér fram. Ég hlýt því að fagna þessu stjfrv.

Það má að vissu leyti deila um upphæðir atvinnuleysisbótanna, það er vissulega matsatriði, en mér sýnist, að í báðum frv., bæði í stjfrv. og því frv., sem ég lagði fram, séu mjög sambærilegar tölur lagðar til grundvallar.

En það er annað, sem vakir fyrir mér, þegar ég tek hér til máls. Það eru vissulega í því frv., sem ég lagði fram, breytingar á þessum l., sem ekki eru sjáanlegar í stjfrv. Er þar fyrst og fremst að telja breytingar á stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, en þá stjórn skipa 7 menn, og er gert ráð fyrir, að stjórnin verði óbreytt, samkvæmt stjfrv. Samkvæmt gildandi l. eru 4 kosnir af Sþ. með hlutfallskosningu, 2 tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og 1 tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands. Í frv. því, sem ég hef lagt fram, er gerð sú breyting að auka hlutdeild vinnumarkaðarins í stjórn sjóðsins, þ. e. a. s. að Alþ. kjósi aðeins 2, en hins vegar kjósi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 1 og auk þess Vinnumálasamband samvinnufélaganna 1. Þetta eru hvort tveggja nýmæli, og hefði verið eðlilegt að taka tillit til þeirra breytinga, sem hér eru lagðar fram. Auk þess hygg ég, að það sé ástæðulaust að vanmeta þær hugmyndir, sem koma fram í mínu frv., varðandi 16. gr. 1., þar sem þeim mönnum, sem ganga atvinnulausir, eru veitt aukin réttindi gagnvart sjóðnum, og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma.

Þingheimi hlýtur að vera ljóst, að þessi endurskoðun á atvinnuleysistryggingunum hefur verið mjög brýn og það, sem kemur mér dálítið á óvart, er seinagangurinn í þessu máli. Ég missti þolinmæðina, og þess vegna kom ég sjálfur með frv. Það má lesa í grg. með frv., að félmrh. skipaði 19. febr. 1969 n. til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar. 4 ár hefur það tekið að standa að þessum réttlætismálum og breytingum. Svo segir í grg. frv.: „Frv. það,

sem hér liggur fyrir, var samið af n., sem félmrh. skipaði 19. febr. 1969." Mér finnst alltaf óviðkunnanlegt, þegar ekki er getið um, hvaða menn hafa unnið að málunum, því að það veitir alltaf töluverða innsýn í málin. Mér þætti því gott að fá að vita, ef það væri unnt, hverjir sömdu frv. og hvers vegna þetta réttlætismál hefur dregizt úr hömlu. Og svo er annað, sem er e.t.v. meginástæðan fyrir því, að ég kem hérna upp. Það er sú vinnuaðferð að leggja fram þetta frv. á síðustu dögum þingsins í Ed., þegar fyrir liggur annað frv. með sams konar breytingum að meginstofni til frá þm. í Nd. Hvernig verður þá vinnutilhögunin? Ed. hefur ekki á neinn hátt virt þær till., sem hafa verið lagðar fram hér í Nd. Mínar till. eru settar út á gaddinn. Síðan kemur þetta frv. hingað nokkrum dögum fyrir þingslit, og þá er sagt, að það sé ekki hægt að taka tillit til þeirra vegna tímaskorts. Ég verð nú að segja, að mér ofbjóða svona vinnubrögð, að það skuli ekki einu sinni vera hægt að standa þannig að þinglegum flutningi mála, að hægt sé að hafa hliðsjón af svipuðum till. um sama efni, sem þegar eru komnar fram í þinginu. Mig langar því að spyrja, hvernig á því standi, að þessi tilhögun hefur verið höfð um framgang málsins. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég mun ekki á neinn hátt bregða fæti fyrir málið, heldur styðja það af öllum mætti. Ég get samt ekki varizt öðru en að láta undrun mína í ljós yfir því, hvernig að þessum málum er staðið.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sagði hér um undirbúning þessa máls, vil ég aðeins upplýsa það, að sú n., sem rætt er um í grg. frv., að unnið hafi að undirbúningi þess, skilaði raunar störfum í tvennu lagi. Fyrst skilaði hún breytingum á l., sem lagðar voru fyrir Alþ., ef ég man rétt í lok ársins 1969, og síðan skilaði n. öðru áliti sínu. Hið fyrra var um þá kafla l., sem nm. voru að miklu leyti sammála um, að skjótrar breytingar þyrftu við, og var l. breytt samkv. því. Hins vegar var sá hlutinn, sem þessar breytingar byggjast á, nokkru vandasamari og menn voru ekki jafnsammála um, hvernig breyta skyldi l. að því leyti. Engu að síður skilaði n. till. sínum, ef ég man rétt, á árinu 1970 og þó frekar fyrri hluta árs en seinni. Álitinu var skilað til þáv. félmrh., hann hafði sett n. á laggirnar. Frv. að breytingum lá hjá fyrrv. stjórn frá þeim tíma, að n. skilaði sínu frv. Það er þess vegna ekki við núv. stjórn að sakast. Hún tók þetta mál til athugunar mjög fljótt. Hins vegar má segja, að sú athugun, sem hún lét fram fara, hafi dregizt fulllengi. Ætlunin var, að þetta frv. kæmi fljótlega fyrir það þing, sem nú er að ljúka, en því miður varð ekki af því. Ég vildi taka það fram, sem ég hef nú sagt um störf þessarar n. Það er rétt, að auðvitað eiga þm. rétt á að vita, hverjir það voru, sem störfuðu í þessari n. Formaður n. var Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, en aðrir nm. voru Björgvin Sigurðsson þáv. framkvstj. Vinnuveitendasambandsins, Magnús E. Guðjónsson framkvstj. sveitastjórnasambandsins og ég.

Varðandi frv. hv. 3. landsk. þm., sem hefur legið fyrir þessari hv. d. og er ekki mjög frábrugðið þessu frv. að öðru leyti en því, að hv. þm. Bjarni Guðnason hefur lagt til að breyta stjórninni allverulega. Vil ég aðeins taka það fram, að allt frá upphafi hefur æðimikið verið rætt og deilt um, hvernig stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skyldi vera. Það varð að samkomulagi milli aðilanna á vinnumarkaðinum og þáv. ríkisstj., að hún skyldi skipuð nokkurn veginn á þann hátt, sem hún er nú, og stjórnin hefur verið nær óbreytt að samsetningu til. Ein breyting var gerð á árinu 1958, en að öðru leyti hefur stjórnin verið óbreytt, þ.e.a.s. skipuð af Alþ. og aðilum vinnumarkaðarins. Ég gæti út af fyrir sig vel hugsað mér aðra samsetningu á þessari stjórn og var í upphafi með aðrar till. En það verður að segjast, að þetta byggist á samkomulagi milli höfuðaðila, og það er ekki óeðlilegt út af fyrir sig, að hlutur Alþ. sé sæmilegur í þessu efni, og aðilar vinnumarkaðarins hafa núna æðilengi ekki verið með neinar sérstakar till. um breytingar. Ef ætti nú að fara að rifa upp þetta viðkvæma atriði, þá er það nokkurn veginn ljóst, að það yrði til þess, að l. fengju ekki afgreiðslu á þessu þingi, svo vel þekki ég deilurnar um þetta atriði málsins. En það táknar hins vegar ekki, að þetta eigi endilega að vera óumbreytanlegt. En ég vara mjög við því, að á þessu stigi verði farið að fjalla um breytingar á stjórn sjóðsins. Það er svo flókið og viðkvæmt mál, að það mundi áreiðanlega koma í veg fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi, sem ég tel mjög nauðsynlega.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 8. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðssyni, fyrir þau orð, sem hann sagði hér og grg. fyrir þróun þessa máls. Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á eitt eða tvö atriði í sambandi við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins, að þetta er fyrst og fremst mál vinnumarkaðarins og á Norðurlöndum, sem við munum einkum hafa til hliðsjónar í sambandi við slíka löggjöf, koma þm. hvergi nærri. Þar sitja eingöngu aðilar vinnumarkaðarins í stjórn. Það er dálítið hjákátlegt, að fjórir skuli vera kosnir af Sþ. í stjórn þessa sjóðs, því að það er oft fremur flokksleg trygging. Miklu nær er að veita stórum aðilum vinnumarkaðarins hlutdeild í stjórn sjóðsins, eins og ég hef gert ráð fyrir með Farmanna- og fiskimannasambandinu og Vinnumálasambandi samvinnufél. Ég þykist vita, að hv. 8. þm. Reykv. fari með rétt mál, að þetta sé viðkvæmt og þessu verði trauðla breytt á svo skömmum tíma sem nú er eftir af þinginu.

Þá kem ég að því, sem olli mér töluverðri gremju, en það er hin þinglega meðferð málsins, sem ég fékk enga skýringu á og Eðvarð Sigurðsson getur að sjálfsögðu ekki skýrt á neinn hátt, geri ég ráð fyrir. Það er hið furðulega athæfi að senda þetta mál yfir í Ed. og girða þannig gersamlega fyrir það, að unnt sé að taka við afgreiðslu málsins nokkurt tillit til frv., sem fjallar um sama efni, þar sem eftir eru örfáir dagar þingsins. Það er þetta, sem ég fæ ekki skilið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 554 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Frv. miðar að því að setja skýrar reglur um, hvenær lífeyrisgreiðslur til ríkisstarfsmanna hefjast. Einnig á það að koma í veg fyrir, að starfsmenn, sem njóta óskertra launa, eftir að þeir hafa látið af stöðu sinni, geti jafnframt átt kröfu til lífeyris. Verður það að teljast óeðlilegt og getur haft misrétti í för með sér.

Í 1. gr. frv. eru settar skýrar reglur um, hvenær lífeyrisgreiðslur til starfsmanna hefjist, og enn fremur það ákvæði, að enginn geti tekið lífeyri, á meðan hann heldur óskertum launum.

Í sambandi við þetta frv. vil ég geta þess, að lög um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafa verið í endurskoðun á vegum fjmrn. og sérstaklega það ákvæði, að margir eru þannig settir, að þeir taka laun úr mörgum lífeyrissjóðum, og er ætlunin að setja um þetta ákveðnar reglur. Enn fremur er til í landi okkar, að menn haldi embættislaunum sínum, þótt þeir séu farnir úr embætti, eins og t. d. hæstaréttardómarar, en eigi jafnframt rétt á lífeyri. Þetta frv. var tekið út úr þessari endurskoðun vegna þess, að henni var ekki lokið, til þess að taka af öll tvímæli um, að ekki væri unnt hvort tveggja í senn að halda fullum launum og lífeyri, eftir að þegn léti af starfi.

Um þetta frv. varð fullt samkomulag í hv. Ed., og það gekk í gegnum d. með miklum hraða. Ég vona, að svo verði einnig í þessari hv. deild.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 668). — 1. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að segja nokkur orð um það, hvernig þetta frv. hefur borið að.

Á undanförnum tveimur þingum höfum við hv. 1. þm. Reykv. flutt frv. til l. um breyt. á l. um iðnlánasjóð, þar sem lagt er til, að framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækki frá því, sem var á sínum tíma, miðað við þær verðlagshækkanir, sem orðið hafa. Þessi frv., sem lögð voru í bæði skiptin fram, að mig minnir, áður en fjárlög voru samþ., hlutu ekki hljómgrunn hjá hæstv. ríkisstj. En nú, þegar búið er að afgreiða fjárl. fyrir árið 1973, kemur fram frv. um þetta efni og bindur ríkissjóði bagga, eftir að fjárlög eru afgreidd, eins og raunar mörg önnur frv., sem hér hafa séð dagsins ljós á síðustu dögum.

Hér er um að ræða hin furðulegustu vinnubrögð, raunar ekkert einsdæmi um þetta mál, það mun svo um fleiri. En mér hefur stundum fundizt það dálítið einkennilegt, að margir hv. stjórnarsinnar hafa oft haft á orði, að það sé miklu meira gert með stjórnarandstöðuna núna á Alþ. en áður, hún fái svo og svo mikið af málum fram. En málsmeðferð eins og þessi sýnir, hvaða hugur fylgir máli í því efni. Hér er sem sagt komið fram með frv., sem er algerlega hliðstætt okkar frv. Það er að vísu hærri fjárhæð í þessu frv., sem sýnir, að okkar frv. voru á sínum tíma ákaflega hógvær og sanngjörn og ekki um nein yfirboð að ræða í þeim frv. Og það á að keyra frv. í gegnum þingið á örfáum dögum, þó að frv. um sama efni frá okkur stjórnarandstæðingum sé búið að liggja fyrir hv. Alþ. tvö þing.

Ég verð að ljúka máli mínu með því að segja, að það er betra seint en aldrei, og að sjálfsögðu mun ég styðja þetta frv., en mér finnst þetta hin fráleitustu vinnubrögð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 581, n. 650). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Í nál. á þskj. 650 um þetta stóra, viðamikla og alvarlega mál segir, með leyfi forseta: „N. ræddi frv. á fundi sínum í dag" — þ. e. a. s. sama daginn og það barst n., í gærmorgun. — „Frv. var ekki sent til umsagnar neinna aðila" — þ. e. frv. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Þessar setningar segja kannske dálitla sögu, þó kannske ekki eins mikla og hægt væri að segja um afgreiðslu sumra annarra frv., sem kastað hefur verið inn á borð alþm. nú síðustu dagana, vegna þess að þetta frv. hefur fengið mjög nákvæma rannsókn. Það hefur verið unnið að því nokkuð lengi af sérlega skipaðri n. alþm., sem hafa kynnt frv. um land allt og síðan kynnt það fyrir þm. einstakra kjördæma. En ef þeir kynningarfundir hafa verið jafnlangir og ítarlegir og fundurinn með þm. Sunnl., legg ég nú ekki ýkjamikið upp úr þeim. Þetta mál er yfirgripsmeira en svo, að hægt sé að rannsaka það nákvæmlega eða koma með till. um breytingar, nema vanda vel undirbúning þess.

Í nál. segir enn fremur, að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég hef ekki enn átt þess kost, einfaldlega vegna timaskorts, að útbúa neinar brtt. í málinu, enda krefjast þær, eins og ég sagði áðan, talsverðs tíma til undirbúnings, en mun flytja brtt. En þótt maður liti ekki lengra en á 1. gr. frv. langar mig að varpa fram einni örlítilli spurningu til þeirra lögspekinga, sem kunna að vera hér inni og geta gefið okkur svör. Í 1. mgr. 1. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkv. ákvæðum l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.“ Nú þekki ég ekki þessi lög frá 1922, rúmlega hálfrar aldar gömul lög, en ég get ekki fundið neins staðar í frv., við þann yfirlestur, sem við höfum getað lagt í þetta, neitt um það, hvernig er með þá útlendinga, sem heita Belgíumenn og Færeyingar. Ég veit ekki betur en það hafi verið gerðir samningar við þá um, að þeir mættu veiða í þessari nýju fiskveiðilandhelgi, en ég finn hvergi neitt um það mál í frv. þannig að það kynni að rekast á.

Þetta var aðeins 1. mgr. En þær eru margar og miklu fleiri. Mér sýnist, þegar litið er til frv. í heild, að það séu þrátt fyrir mikla vinnu og gagnasöfnun frá mínu sjónarmiði á því allverulegir gallar. Það er sums staðar lagt mikið kapp á friðun, en annars staðar sýnist mér ekki gengið nógu langt í friðun. Það er t.d. aðeins eitt svæði, sem sérlega er verndað fyrir öllum veiðum frá 1. apríl til 1. júní og annað svæði á hrygningartímanum, Selvogsbanki, sem flestir þekkja nú. Þetta svæði fyrir Norðausturlandinu er sennilega friðað í þessum l. með það fyrir augum að koma í veg fyrir smáfiskadráp. Nú er ekki langt síðan fréttir bárust um það, að brezkir togarar væru að landa miklu magni af smáfiski í Bretlandi, sem þeir fengu ekki á þessu svæði, heldur á Hvalbakssvæðinu, sem er gamalþekkt smáfiskasvæði við Íslandsstrendur. Mér sýnist ekkert bannað þar nema strand á Hvalbaknum. Það er smáhringur utan um hann, sem ekki má toga á.

Einnig finnst mér í ýmsum verulegum atriðum vera þjarmað að íslenzkum togurum með þessu frv. og einnig við Suðausturlandið. Þar eru stærri togbátar en 105 rúmlestir reknir af hefðbundnum miðum sínum við suður- og suðaustur-ströndina út fyrir 6 mílur. Nú veit ég ekki, hversu vönduð kort þessi ágæta n. hafði undir höndum, en ef maður lítur á þessa breytingu, dettur manni helzt í hug, að þeir hafi látið sér nægja að nota vegakort Shell, en ekki fiskikort. Sannleikurinn er sá, að fyrir utan 6 mílurnar er ekki um ýkjamarga bletti að ræða frá Selskeri að Lundadrangi, þar sem dregin er lína í réttvísandi suður. Það var ekki mikið skoðað, hvernig á að beygja þarna fyrir hraunin og slíkt. Það eru ekki nema fáir blettir, sem eru fyrir utan þessar 6 mílur, sem hægt er að veiða á. Strax fyrir utan liðlega 4 mílur við Dyrhólaeyna er komið á kargahraun. Sömu sögu er að segja víðar, eins og Síðugrunninu. Í Skaftárdýpinu er hægt að kasta trolli langt út fyrir þessi mörk að vísu, en þar hefur aldrei verið neinn fisk að fá. Þar hefur aðallega fengizt örlitið af krabba, blálöngu og öðru þess konar, sem dugir sennilega skammt til að gera út skip af þessari stærð.

Ég skal viðurkenna, að það mundu fylgja því verulegir gallar, ef öllum skipum undir 350 rúmlestum, yrði leyft að veiða á þessu belti, því að reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að ásóknin á þessi mið hefur verið allt of mikil. Þess vegna er þetta sjónarmið sett fram. En ég hefði fremur kosið, að þarna hefði verið unnt að fara einhverja millileið.

Brtt. hafa sem sagt ekki verið fluttar við þetta frv. utan ein, frá Pétri Sigurðssyni, og felur í sér að mestu sömu efnisatriði og eru í 188. máli, sem er 13. mál á dagskránni í dag, þ.e.a.s. um að leyfa að veiða með botnvörpu og dragnót á ákveðnum hluta af Faxaflóa, sem er alfriðaður, til þess að afla neyzlufisks fyrir höfuðborgina, og þetta leyfi sé bundið við ákveðna bátastærð og bátafjölda.

Sjútvn. fékk frv. 10. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, til meðferðar um daginn og mælti eindregið gegn því, að frv. yrði samþ., nema Pétur Sigurðsson, sem lagði til, að það yrði samþ. óbreytt. Hið sama hlýtur einnig að gilda um þessa brtt. af n. hálfu, þar sem hér er efnislega um sama hlutinn að ræða. Þess vegna vildi ég geta þess hér.

Í sambandi við það mál mætti einnig nefna eitthvað af þeim röksemdum, sem þeir nm., sem leggja til, að þessi brtt. verði felld, báru fyrir sig, þ.e. þær umsagnir, sem þegar hafa borizt til sjútvn. um þetta efni og eru allar á eina lund, sem ég hef séð. Þar á meðal hef ég hér eina, sem ég vil leyfa mér að lesa nokkur atriði úr, með leyfi forseta. Niðurstaða ályktunar þeirrar, sem ég hef hér fyrir framan mig og er frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, er á þessa leið:

„Útvegsmannafélag Suðurnesja mótmælir harðlega því lagafrv., sem lagt hefur verið fram á Alþ. um, að heimilaðar verði veiðar með dragnót og botnvörpu í Faxaflóa.“

Grg., sem fylgir þessari niðurstöðu, dregur fram ýmis rök fyrir henni, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Fiskveiðar og fiskvinnsla eru það stór þáttur í afkomu þjóðar okkar, að nauðsynlegt er að hagnýta fiskimiðin öllum til heilla. En mjög áríðandi er, að fyllstu varúðar sé gætt og hættu gegn ofveiði sé bægt frá. Í því sambandi er rétt að benda á ugg sérfræðinga og fiskifræðinga eftir allítarlegar rannsóknir um síminnkandi fiskistofna í Norður-Atlantshafi vegna vaxandi sóknar á þessi mið.“

Svo segir enn fremur: „Enn fremur er það athyglisvert, hve stór hluti þorskveiðarinnar er ókynþroska fiskur, og segir það sína sögu. Eigi þarf um það að deila, að Faxaflói er einhver þýðingarmesta fiskuppeldisstöð okkar. Þar eru hrygningarstöðvar flestra okkar nytjafiska. Hann liggur að aðalhrygningarstöðvum við Suður- og suðvesturströnd landsins, og er því ungviðinu næst að leita þar skjóls, því að þar eru ákjósanlegustu skilyrði frá náttúrunnar hendi, ef friður er fyrir þessum stórtæku rányrkjuveiðarfærum.“

Síðan fylgja í þessari grg. fleiri röksemdir, m.a. er sagt frá því, að Faxaflói hafi verið friðaður 1952 og hafi komið í ljós, að friðunin hafi borið verulegan árangur.

Nú vitum við, að friðun Faxaflóa hefur nú ekki staðið nema tiltölulega stuttan tíma, og það er mitt álit og mér hefur heyrzt einnig hinna nm., sem mæltu með því, að þessi till. yrði felld, að það ætti að fá að reyna á það, hvers friðunin væri megnug. Í sambandi við þetta finnst mér samt ástæða til að geta þess, að í þessum umsögnum koma víða fram setn-

ingar, sem eru á sömu lund og ég sagði áðan, að það væri óskað eftir friði fyrir þessum stórtæku rányrkjuveiðarfærum. Það er eins og þessir menn og alltof margir haldi, að það séu engin veiðarfæri, sem drepi fisk og séu skaðleg ungfiskinum, nema troll og dragnót. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þetta sé mjög mikill misskilningur, sem alltof margir hafa sagt hver við annan og eru svo farnir að trúa því, að þetta séu hættuleg veiðarfæri. Það eru komnar ákaflega strangar reglur um möskvastærð á trollum, og mjög víða a. m. k. held ég, að trollin séu sízt skaðlegri en önnur veiðarfæri. Á ég þá sérstaklega við netin, svo að ekki sé minnzt á það furðufyrirbæri, að enn þá eða til skamms tíma a. m. k. hefur verið leyft að veiða með mjög smáriðnum nótum upp í fjöru, á sama tíma og bannað hefur verið að draga með trolli mjög langt frá landi.

Það væri vissulega ástæða til þess að fara mjög nákvæmlega í þetta frv. og ræða einstakar gr., en samkv. því, sem ég sagði hér í upphafi, hljóta menn að geta gert sér ljóst, að til þess hefur hreinlega ekki unnizt tími, og er það mjög leitt um svona mikilsvert mál. Ég get þó ekki gengið hér alveg fram hjá ýmsum fullyrðingum og ætla þá að leyfa mér að nefna aðeins eina, sem ég er alls ekki viss um, að fái staðizt, og þar vitna ég í kafla á bls. 10, merktan E, um Suðurland. Það vill svo til, að ég hef verið sjómaður í mörg ár og einmitt verið á togveiðum á þessu svæði, ég veit ekki í hvað mörg sumur, 10—15 sumur, og þykist vera farinn að þekkja þau allsæmilega. Segir í þessum kafla í frv., að það sé gert ráð fyrir aukinni friðun fiskistofna á svæðinu frá Selskeri að Lundadrangi. Svo segir: „enda finnst oft ungfiskur á þessu svæði í ríkum mæli.“ Ég er búinn að vera þarna, eins og ég sagði áðan, að veiðum í fjöldamörg ár og leyfi mér að fullyrða, að það sé mjög lítið um, að ungfiskur fáist þarna í troll. Hins vegar sannaðist í fyrrasumar, að allmikið magn af ungfiski barst á land frá togbátum, sem stunduðu veiðar einmitt á þessu svæði. Mér er mætavel kunnugt um, að þeir bátar, sem komu með mestan afla þaðan og voru með mestan smáfiskinn, fengu hann yfirleitt allir uppi í fjöru og ekki miðað við neina 3 mílna og þaðan af síður 6 mílna landhelgi. Þetta er einmitt eitt af þeim svæðum, sem sjómönnum þykja furðulegust í þessu efni, þar sem stór hluti bátaflotans hefur legið dag eftir dag í hópum á mjög takmörkuðum bletti, þ. e. a. s. á Víkinni, sem kölluð er, undan Portlandinu, og þar fæst yfirleitt aldrei annað en góður fiskur. Ef við hefðum hér einhvern hóp af togveiðiskipstjórum, væru þeir fljótir að taka undir þetta, því að það er einkennilegt, hversu stór fiskur er einmitt á þessu svæði. Hins vegar er oft hægt að fá, segja þeir mér, smáan fisk uppi á Kötlutanganum.

Sama er að segja um Ingólfshöfðasvæðið. Þar er yfirleitt ekki smáfiskur nema mjög takmarkaðan tíma, nema þá alveg uppi undir höfðanum.

Meiri hl. nm., utan Pétur Sigurðsson, hafa samþ. að mæla með því, að þetta frv. fái afgreiðslu og verði samþ., með áskilnaði um flutning brtt., enda nauðsynlegt, að frá því verði gengið.

Þar sem formaður fiskveiðilaganefndar gerði hér mjög ítarlega grein fyrir frv. við 1. umr. og mjög skammur tími hefur verið fyrir okkur að skoða þetta mál, mun ég ekki segja meira um það, nema að gefnu tilefni.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það nál., sem ég hef frá mér skilað, er enn í prentun og hefur ekki verið útbýtt, en ég hef fúslega fallizt á það við forseta, að málið verði tekið fyrir þrátt fyrir það. Sú brtt., sem ég flyt nú við 2. umr., hefur þegar verið fjölrituð og henni útbýtt.

Þegar hv. frsm. meiri hl. hóf mál sitt og reyndar meðan hann flutti það, hefði mátt ætla, að hann væri að mæla gegn þessu frv., en ekki með samþykkt þess. Það verður að teljast í hæsta máta undarleg ræða hjá frsm. meiri hl., sem mælir með samþykkt þessa frv. og er jafnframt formaður sjútvn. hv. d., að hann skuli leyfa sér að mæla með samþykkt frv. eftir að hafa lýst vinnubrögðum n. og þingsins að þessu frv., eins og hann hefur réttilega gert. Í sjálfu sér, ef við samþykkjum frv. óbreytt, er það alveg hárrétt hjá honum, að það er ekki hægt að sjá annað en að við séum um leið að setja lög, sem taka úr gildi þá milliríkjasamninga, sem nýbúið er að gera við Belga og Færeyinga. Auk þess verður það að teljast undarlegt, að mat þessa hv. þm., form. sjútvn., á þessu einstæða frv. sé, að það sé engu líkara en landhelgisnefndin svokallaða hafi notað vegakort Shell, þegar hún var að ákveða friðunarsvæðin. Hann bendir líka réttilega á, að friðunarkjaftæði sumra manna er auðvitað bara í nösunum á þeim. Það er mokað upp smáfiski upp við landsteina víðs vegar um landið, en hins vegar er Faxaflóinn tekinn út úr. Það er eins og það sé hvergi til ungfiskur eða smáfiskur annars staðar en í Faxaflóa. Þetta er auðvitað alrangt, eins og ég mun koma að síðar.

Hv. frsm. meiri hl. minntist nokkuð á þær umsagnir, sem hefðu borizt n., og sagði, að þær væru allar á eina lund. Þetta er líka rangt hjá hv. þm. Á fundi n., þegar málið var til umr., lágu fyrir þrjár umsagnir hjá okkur, og ein þeirra var efnislega meðmælt því frv., sem ég flyt og er 13. mál á dagskránni í dag. Borgarstjórn Reykjavíkur mælir efnislega með því frv. Það er líka rangt hjá honum að halda því fram, að sú brtt., sem ég flyt við þetta frv., sé efnislega hin sama og kom fram í frv. mínu. Þetta er rangt líka, þessi till. gengur miklu skemur en frv. Þessi till. heimilar ráðh. að veita aðeins 8 bátum leyfi til þess að veiða neyzlufisk fyrir þéttbýlissvæðið við Faxaflóa, og það svæði, sem þeim er ætlað að veiða á, ef ráðh. vill heimila þetta, er miklu minna en lagt var til í frv. eða eins og var áður samkv. lögum um veiðar með botnvörpu og dragnót í Faxaflóa sem féllu úr gildi með 1. frá því í apríl 1971.

Þegar þessu frv., sem fjallar um, eins og frsm. meiri hl. gat réttilega um, stærsta hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar, var dreift á

Alþ. á síðustu dögum þingsins, var orðið áliðið dags. Það var mikill meiri hl. hv. þm., sem þá sá þetta frv. í fyrsta sinn. En það kemur fram í frv. og er tviendurtekið í grg. þess, að n., sem samdi frv., hafi reynt að koma jafnt til móts við þarfir allra hagsmunahópa, hafandi jafnan í huga heildarhagsmuni landsmanna, einkum að vernda fiskstofna með nauðsynlegum friðunaraðgerðum.

Svo mörg voru þau orð. Þennan dag, s. l. mánudag, sem þessu frv. var útbýtt, voru hér stöðugir þingfundir allan daginn og með sáralítlum hléum. Málið var tekið fyrir á kvöldfundi, þegar sárafáir þm. voru viðstaddir, en afbrigði höfðu fengizt um málið í atkvgr. fyrr um daginn. Það kom í ljós í framsögurræðu formanns landhelgisnefndar og máli sjútvrh., að báðir vildu þeir félagar, að frv. yrði að umr. lokinni vísað aftur til áður nefndrar 5 manna n., fiskveiðilaganefndar, en ekki til þeirrar n. þingsins, sjútvn., sem skilyrðislaust á um mál þetta að fjalla. Virtist mér þá strax sem hér ætti að taka upp nýja siði á Alþ., sem væru sambærilegir við það, að frv. ríkisstj. væri ekki vísað til fastanefnda þingsins, heldur til ríkisstj. aftur, sem þá væntanlega mundi mæla með samþykkt þeirra, nema einstökum ráðh. hefði ekki verið kynnt efni þeirra, áður en þau voru lögð fram, sem manni virðist á nokkrum málum, sem hafa verið til umr. hér undanfarið, að hafi verið. Það kom fram gagnrýni á þessi vinnubrögð, og formaður landhelgisnefndar féllst á það að síðustu, að málinu yrði vísað til sjútvn. Hafa hv. þm. heyrt, hvernig að því var unnið þar, og er sú lýsing hárrétt, sem kom fram hjá formanni n., þótt það verði hins vegar að teljast í hæsta máta undarlegt, eftir að hann hefur lýst vinnubrögðum að málinu á þann veg, sem hann gerði, að hann skuli samt mæla með samþykkt þess.

Þegar frv. kom fram fullbúið frá þessari landhelgislaganefnd, þótti engum í n. nema mér ástæða til þess að leita umsagnar þeirra hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli. En þeir sögðu sem var, að að eigin mati hefði verið hlustað á alla, sem hefðu hagsmuna að gæta, og þeir hefðu tekið inn í frv. bæði vit og réttlætiskennd, sem þeir teldu, að þar ætti að vera. Nú stenzt þetta ekki alveg, enda koma nú mótmælin unnvörpum frá ýmsum hagsmunaaðilum. Við höfum í dag fengið aths. frá Fiskifélagi Íslands. Alþingi Íslendinga sýnir ekki Hafrannsóknastofnuninni, okkar vísindamönnum, sem að þessum málum vinna, þá virðingu að senda þeim málið til umsagnar. Eftir því sem ég fæ bezt heyrt, er vitnað rangt í fulltrúa ákveðinna hagsmunahópa, sem hafa talað við n., og á ég þar við togaraskipstjóra og fulltrúa togaraútgerðarinnar, sem halda öðru fram en a. m. k. sumir nm. hafa haldið fram við mig. En þegar þess er gætt, að gildandi lög falla ekki úr gildi fyrr en 1. júlí n. k. og þm. allir eru á launum allt árið, hefði ég talið, eins og ég benti á í n., að það væri óhætt að hittast aftur eftir páska og ræða málið, eftir að hafa sent þeim aðilum það til umsagnar, sem þyrftu að fá að skoða það nánar. En þessi till. mín fékk engan hljómgrunn. Ég tel rangt að þessu farið og ég tek þar hjartanlega undir orð frsm. og formanns sjútvn., sem benti réttilega á það varðandi þetta mál og mörg önnur, sem koma nú fyrir augu þm. í fyrsta sinn, að það væri ekki frambærilegt að haga vinnubrögðum svona í þessum málum. Þetta telst ekki lengur til þingræðis, heldur til æðis, hjá hæstv. ráðh.

Ég tók það fram við 1. umr. málsins, að ég teldi, að þau störf, sem fiskveiðilaganefnd hefði unnið, væru vandasöm, það verður að viðurkennast, og allir hljóta að viðurkenna það. Þau eru ekki aðeins vandmeðfarin vegna þeirrar þýðingar, sem málið sjálft hefur fyrir efnahag þjóðarinnar, heldur vegna þess, að þau hagsmunasjónarmið verða alltaf sterkust á metunum, sem ráða hjá einstökum byggðarlögum, einstaklingum og hópum, sem telja sínum hag bezt borgið með notkun ákveðinna veiðarfæra og nýtingu ákveðinna miða. Þar í blandast líka bæði venjur og hefðir, sem erfitt er að útskýra nema að undangenginni rannsókn, t. d. hvernig á því stendur, að sum veiðarfæri eru meira nýtt á einum veiðistað en öðrum. Ég hef heyrt suma telja, að skýringar á þessu væru einfaldar og þessu réði t. d. fólksfæð á einum stað, en ekki öðrum, gerð og stærð báta, samningar um kaup og kjör og vegalengd úr heimahöfn á fiskimið og kannske síðast, en ekki sízt sú staðreynd, að það eru mörg mið, sem eru gjöful á línu- og færafisk, þó að þar fáist ekki bein úr sjó í önnur veiðarfæri, og svo er þetta að sjálfsögðu öfugt. Þetta kom reyndar fram hjá frsm. meiri hl. áðan. En þetta er líka tímabundið. En maður hefði getað ætlað, að þegar fiskveiðilaganefnd skilar frá sér jafnviðamiklum till. og hér er verið að ræða um, reyni hún að gera almenningi, að ég tali ekki um okkur alþm., grein fyrir forsendum sínum, bæði fyrir því, sem leyfa á, og þeim boðum og bönnum, sem koma fram í þessu frv.

Þá þykir mér rétt að draga það fram líka, að að sjálfsögðu blandast inn í þetta mál yfirstandandi deila við okkar þýðingarmiklu viðskiptaþjóðir vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Ég verð að segja það, að ég dreg mjög í efa, að þessi lagasetning verði nokkurt hjálpræði í deilu okkar, nema síður sé. Ég geri ráð fyrir því, að við fáum nú harða gagnrýni og andstöðu erlendra þjóða við útfærslu okkar, er þær sjá svart á hvítu ætlun okkar um að hagnýta einir það hafsvæði, sem nær út að 50 mílna mörkunum. Ég hefði álitið, að það hefði verið betra að bíða með slík lagaákvæði, þangað til samningaumleitanir ríkisstj. við Breta og Vestur-Þjóðverja hafa annaðhvort náð höfn eða verið endanlega afskrifaðar.

Eitt af meginatriðum frv. er það, að togskipum, sérstaklega hinum stærri, sem eru flest frá örfáum byggðarlögum, en fjölmennum, er ætlað miklu minna athafnasvæði á grunnmiðum en áður og eru, ef þetta frv. verður samþ., sviptir mjög þýðingarmiklum miðum, sem þau hafa notað undanfarin ár. Forsendan fyrir þessari tillögugerð n. er sú, að athafnasvæði togskipa muni stóraukast ef og þegar tekst að friða það, eins og hv. formaður fiskveiðilaganefndar sagði við 1. umr. málsins. Nú liggur sú friðun ekki fyrir enn, og virðist mér þá, að um

nokkurt bráðlæti sé að ræða, þegar við höfum í huga, eins og ég sagði, að forsendan, sem er gefin fyrir þessari þýðingarmiklu ákvörðun, er alls ekki fyrir hendi. Sýnist mér, að þessi ástæða, auk annarrar, sem ég hef bent á, bendi til þess, að það eigi að fresta þessu máli, því að ég tel mjög hæpið, að togaraútgerð okkar þoli svona náðarhögg til viðbótar við fyrra tap á mjög þýðingarmiklum miðum, eins og var við útfærsluna 1958 og er ómótmælanlegt. Þá þykir mér það líka merkilegt, að n. virðist hunza með öllu ábendingar allra hagsmunaaðila á því svæði, sem telur um helming íbúa þjóðarinnar og er jafnframt ein stærsta verstöð landsins. Eigendur og skipstjórar hinna stærri togskipa eru sniðgengnir, útgerðarmenn hinna smærri vélbáta í Reykjavík og Keflavík eru sniðgengnir og álit borgarstjórnar í Reykjavík er virt að vettugi. Ég hefði satt að segja látið þetta afskiptalaust, ef jafnt hefði verið látið ganga yfir alla. En með þessu frv. á að mismuna þegnunum stórlega, og eins og ég tók fram við 1. umr., virðist n. telja, að friðunarsjónarmiðin eigi að ríkja á miðum hinna smærri Reykjavíkurbáta, en hagsmunasjónarmiðið fyrir önnur byggðarlög. Þá þarf ekki að hugsa um friðunarsjónarmiðin.

Það má benda á það, að þessi hv. n. virðist loka báðum augum, þegar á að drepa í dragnót og troll ýsuna, sem elst upp við Suðausturlandið og gengur vestur með landinu, eða þegar þessi sömu veiðarfæri drepa ungþorskinn, sem elst upp í kalda sjónum bæði norðanlands og austan. Þá kemur aftur að hinu sama, þá er allt í lagi með friðunarsjónarmiðin.

Þá hef ég áður bent á það, og rétt er að draga það fram enn einu sinni, að n. virðist líta á þann við notkun þessara veiðafæra í Faxaflóa sem trúaratriði. Hún tekur meira mark á blaðaskrifum gamalla útgerðarmanna, sem aldrei gátu gert út nema með tapi og gátu aldrei rekið sín frystihús skammlaust nema með afla dragnóta- og togveiðibáta, — hún tekur meira mark á blaðaskrifum slíkra manna en okkar vísindamanna. Og það má segja sem svo, að það sé oft og tíðum þannig með þessa hv. n., að hún taki meira mark á þeim mönnum, sem hafa mest vit á fiski með því að horfa á hann á eigin matardiski, en ekki eftir að hafa fengizt við að veiða hann. Það má líka taka það fram, að þessum sömu mönnum væri gott að hafa í huga, að það voru einmitt togveiðarfærin, sem komu íslenzku þjóðinni fyrst og fremst af því, sem einu sinni var kallað af einum af okkar vísindamönnum á þessu sviði steinaldarstig veiðimennskunnar, og inn í það, sem við búum við í dag, sem er nútímaleg og vísindaleg notkun bæði nýrra tækja og búnaðar á skipunum og veiðarfæra. Það er auðvitað orðinn mikill munur á þessum veiðarfærum í dag og var fyrir nokkrum árum, að ég tali ekki um áratugum.

Það vita auðvitað allir, og það situr sízt á mér að viðurkenna ekki þá staðreynd, sem hlýtur að blasa við öllum, að Faxaflóinn er þýðingarmikil uppeldisstöð. En það er ekki þar með sagt, að Faxaflóinn sé eldisstöð fyrir allt landið. Í því kemur fram mikill misskilningur, enda eru, eins og ég hef margoft tekið fram, bæði hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar okkar nytjafiska í kringum allt land, þótt í misjöfnum mæli sé. Það eru fyrst og fremst okkar vísindamenn, sem hafa viðurkennt það, að um áhrif sjálfra togveiðarfæranna á viðgang fiskstofnanna sé ekki mikið vitað. Þó er það vitað, sem ég vitnaði í fyrir ekki mörgum vikum hér á Alþ., að í Norðursjó og Eystrasalti, þar sem nær eingöngu eru notuð togveiðarfæri til veiða á ýmsum tegundum þorskfiska, hefur á undanförnum árum orðið vart við stærri árganga þorsks og ýsu en nokkru sinni fyrr og veiði á þessum fisktegundum þar hefur verið með afbrigðum góð. Líka er viðurkennt, að mikið magn af þorsk- og ýsuseiðum veiðist í þau smáriðnu síldartroll, sem eru einmitt svo mikið notuð á báðum þessum hafsvæðum.

Ég vil endurtaka enn einu sinni, að bann við notkun á þessum veiðarfærum getur ekki á nokkurn hátt verið ráðandi um það, hver styrkleiki þessara stofna er, t. d. um klak þeirra eða uppvöxt. En það kemur auðvitað fram, að ef eitt stórvirkt veiðarfæri er bannað, hlýtur að veiðast meira í önnur veiðarfæri, eins og línu. En það er að sjálfsögðu vegna þess að sóknin með öðrum veiðafærinu minnkar eða hverfur alveg. Heildarsókn og heildarafli er auðvitað meginatriðið, en ekki tegund veiðarfæra.

Svo kemur að því stóra máli, sem er eilíft bitbein hjá okkur. Það er um það, hvaða veiðarfæri eigi að meta mest, hvað sé hagkvæmast. Ég held, að það fáist ekkert svar við þeirri spurningu með því að telja slík veiðarfæri aðeins hættuleg á Faxaflóa, en ekki annars staðar í kringum landið. Það held ég, að sé alrangt.

Því hefur verið haldið nokkuð fram upp á síðkastið, að ýsustofninn við Faxaflóa hafi farið minnkandi á undanförnum árum, sérstaklega þegar bæði var leyft að veiða með trolli og dragnót. En öllum vísindamönnum ber saman um það, sem hafa rannsakað málið, að það hafi nú um langt árabil enginn sterkur ýsuárgangur komið fram. Það verður auðvitað alltaf að hafa í huga að reyna að fyrirbyggja, að það geti orðið um of mikla veiði að ræða, og það getur auðvitað verið á öll veiðarfæri. Og eins og ég hef margoft sagt, tel ég hættulegasta veiðarfærið skilyrðislaust vera netin á hrygningartíma og á hrygningarsvæðum. En þessari eilífu spurningu um hagkvæmni veiðarfæranna verður að sjálfsögðu ekki svarað með því að mismuna mönnum eftir því, hvar þeir eru búsettir, heldur með því að skipta veiðisvæðunum eftir veiðarfærum, eða hafa ákveðin svæði fyrir ákveðin veiðarfæri. Þannig að ekki þurfi að koma til árekstra þar og hver aðili, sem að þessu þarf að vinna og vill vinna, geti nýtt það veiðarfæri, sem hann telur hagkvæmast.

Auðvitað mætti fara út í einstakar gr. í frv. Hv. frsm. meiri hl. tók af mér það ómak að minnast á ákvæði 1. gr., sem hann telur jafnvel að komi í veg fyrir það, að samningarnir við Belgi og Færeyinga séu í gildi, eftir að frv. hefur verið samþ. En það er eitt atriði, sem mig langar til að fara um nokkrum orðum við þessa umr. Ég skal, herra forseti, stytta mál mitt eins og ég get, því að ég veit, að það

eru mörg fleiri mál, sem þurfa að koma fyrir og tími orðinn naumur. — Það eru stærðarmörk skipanna, sem koma fram í frv., og að sjálfsögðu eru þessi stærðarmörk fiskveiðilaganefndar algerlega út í bláinn. Það væri í sjálfu sér verðugt rannsóknarefni að kanna, hvort nm. hafi hallazt að þessum stæðarmörkum ekki aðeins vegna flota ákveðinna verstöðva, heldur kannske líka vegna ákveðinna skipa. Það væri full ástæða til þess að láta fara fram nokkra könnun á þessu atriði. Þá tel ég rétt að benda þessari hv. n. á, að það er hægt að mæla skip niður fyrir 350 brúttórúmlestir, þó að það sé, skv. eldri mælingu kannske 600—700 brúttórúmlestir. Og auk þess er stærðin á þeim sjálfum auðvitað ekkert mark um veiðimöguleika togveiðiskipa. Auðvitað hefur stærð nokkuð að segja og er þýðingarmikið atriði, það skal ég viðurkenna. En það eru kraftur vélarinnar og stærð veiðarfærisins, sem hafa kannske miklu meira að segja, ef bátur eða skip er það vel búið vélarafli, að það geti farið á góðum botni með stórt veiðarfæri yfir stærra svæði en hið stærra skip. Það má segja líka um 105 brúttórúmlesta markið, að það er líka algerlega út í hött. Það var mitt mat, þegar það var sett inn í l. á sínum tíma, að það mundi valda stórtjóni í þróun byggingar okkar fiskveiðiflota, og er enginn vafi, að svo er. Hefði þá verið betra að hlíta ráðum þeirra, sem betur þekktu til úr röðum sjómanna á þeim tíma, þegar verið var að ákveða þetta.

Mér hefur þótt það nokkuð merkilegt, að skv. frv. er hægt að færa þessi einu og sönnu mörk, sem í frv. er lagt til að gildi fyrir togveiðar, til með ráðherrabréfi, ef t. d. hafís hamlar veiðum á leyfðu svæði. En þótt þetta sé leyft, hefur ráðh. enga heimild til þess að leyfa takmarkaða veiði með takmörkuðum fjölda skipa í takmarkaðan tíma á neyzlufiski hér fyrir höfuðborðarsvæðið. Það er alveg forboðið.

Þá hef ég aths. að gera við 9. gr., en samkv. henni á ráðh. að ákveða með reglugerð eitt og annað, eins og þar er upp talið, og þ. á m. möskvastærð slíkra togveiðarfæra. Ég hefði talið, að þetta ætti að vera bundið lögum og það mundi kannske vekja verðuga eftirtekt erlendis. Ég held, að við Íslendingar höfum gengið hvað lengst í þessu efni og vakið eftirtekt, þ. á m. þeirra visindamanna, sem þessi mál rannsaka erlendis og fylgjast með.

Þá er ráðh. heimilt skv. 10. gr. að leyfa dragnótaveiði á tilteknum svæðum, nema Faxaflóa, í tiltekinn tíma, og eru dragnótalögin frá 1971 felld úr gildi, um leið og þessi lög taka gildi. Með þessari ákvörðun, ef frv. verður samþ., eru áhrif frá sveitarstjórnunum þurrkuð út. Þær hafa ekki neitt um það að segja lengur, hvorki til meðmæla né mótmæla, hvort þessar veiðar eigi að leyfast. Hins vegar ber ráðh. að leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar þar um. Þessi hv. n., fiskveiðilaganefndin, virðist í samræmi við hljóðan þessarar gr. hafa ofsatrú á viti og þekkingu hæstv. sjútvrh., bæði í veiði- og verndunarmálum okkar. Ég ætla ekki að draga í efa, að svo sé, og það er þess vegna, sem ég hef leyft mér að bera fram þessa brtt., sem hefur verið útbýtt og hefur verið lýst, á þskj. 684. Þar legg ég til, að við 2. gr., E-lið, Reykjanes- og Faxaflóasvæði, bætist, að þrátt fyrir ákvæði þessarar gr., sé ráðh. heimilt að veita 8 bátum, sem eru af takmarkaðri stærð, eða ekki stærri en 70 brúttórúmlestir, leyfi til þess að veiða neyzlufisk fyrir þéttbýlissvæðið við Faxaflóa um takmarkaðan tíma á hverju ári með þessum botnveiðarfærum og að þau megi veiða á þeim svæðum, sem var leyft að veiða á eftir eldri l., sem féllu niður við samþ. l. um bannið hér í Faxaflóa vorið 1971. Það er þá í hans hendi að meta þetta eins og annað, sem honum er falið að meta í sambandi við framkvæmd l., og hann mundi að sjálfsögðu leita til þeirra visindamanna, sem um þetta mál eiga að tjá sinn hug.

Herra forseti. Í ljósi þess, sem ég hef sagt hér, og þeirra raka, sem ég hef dregið fram, hefði ég talið, að það væri engin goðgá, þótt frv. væri frestað fram á haust, og það sent til umsagnar allra þeirra hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli og vilja gjarnan fá að tjá sig þar um. Gildandi lög falla ekki úr gildi fyrr en 1. júlí, og ef hæstv. ráðh. og aðrir teldu, — og ég er einn af þeim, — að það þyrfti að gera einhverja betrumbót á þeim l., má gera það á þessum tíma, sem eftir er af alþ., en taka málið fyrir aftur í haust, eftir að búið er að kanna það ítarlega, og samþ. það fyrir næstu áramót. Við þyrftum þá ekki annað en að framlengja l., sem falla úr gildi 1. júlí, til 31. des., því að það er ekkert, sem kallar á að samþ. þetta frv. nú. Auk þess er það þinginu til stórvansa að samþ. það í því formi, sem það er lagt fyrir hv. Alþ. að þessu sinni. Auk þess teldi ég ærna ástæðu til þess, að sjútvn. d. kæmi aftur saman til þess að skoða þær ábendingar, sem hafa komið fram frá Fiskifélagi Íslands.

Ég endurtek þá skoðun mína, sem ég lét koma fram í n. á þeim eina stutta fundi, sem þar var haldinn til að ræða málið, að það mundi a. m. k. ekki saka, þótt þm. kæmu saman eftir páska til þess að ganga frá þessu máli, sem ég hef löngum sagt, að sé þýðingarmesta mál íslenzku þjóðarinnar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið við 1. umr. um þetta mál, þegar það var tekið fyrir hér á kvöldfundi. En 1. flm. frv. gerði þá grein fyrir málinu, og má vera, að það, sem ég kann að segja hér, sé að nokkru leyti endurtekning á því. Þótt við hefðum í sumum tilfellum nokkuð misjafnar skoðanir á málinu, er þetta frv. í stærstu dráttum sameiginleg niðurstaða allra flm., sem að frv. standa.

Þegar fiskveiðilaganefnd tók til starfa á s. l. hausti, skildi ég það a. m. k. svo, og ég hygg, að allir nm. hafi tekið það svo, að við ættum að gera till. um frv. að l. um nýtingu fiskveiðilandhelgisvæðisins innan 50 mílnanna, eins og þá hafði verið ákveðið, að það skyldi vera, og gengið út frá því, að Íslendingar einir hefðu afnot af þessu hafsvæði í kringum landið út að 50 mílna mörkunum. Ef þannig er litið á málið, þá segir sig sjálft, að í fyrsta lagi geti

maður ætlað, að útfærslan, eins og hún hefur verið ákveðin, hefði stuðlað að aflaaukningu hér við land, í öðru lagi hefðu fiskstofnarnir fengið tækifæri til þess að aukast og í þriðja lagi væri komið í veg fyrir þá ofveiði, sem ég held að allir séu sammála um, að eigi sér stað á hafsvæðinu í kringum landið. Þó tel ég, að ein tegund skipa hefði fengið mjög bætta aðstöðu umfram aðrar, ef litið er þannig á, að fiskveiðimörkin séu fyrir Íslendinga eina, en það er togarafloti Íslendinga. Hann er nú og hefur alla tíð verið í mjög harðri samkeppni við erlend veiðiskip, sem ekki hafa einasta skipt tugum, heldur oft og tíðum hundruðum, og hafa stundað veiðar hér við land allt árið og þá að sjálfsögðu hverju sinni á þeim stöðum, þar sem fisks var helzt að vænta. Ég tel því ekki óeðlilegt, þótt með þetta fyrir augum hafi nokkuð verið gert að því að skerða aðstöðu togaranna á grunnmiðum, þar sem bátaflotanum er fyrst og fremst ætlað að veiða og ætlazt til, að hann byggi afkomu sína á þeim veiðum. Enda viðurkenni ég, að með þessu frv. er það nokkuð gert með hliðsjón af því, að aðstaða togaranna í framtíðinni verði mun sterkari en hún hefur verið áður, þar sem þeir einir eiga að nýta hafsvæðið á djúpmiðum allt út að 50 mílna mörkunum.

Þá vakti það fyrir nm. öllum og kom greinilega fram á fundi n., að það væri nauðsynlegt að gera allar reglur um botnvörpuveiðar einfaldari en þær hafa áður verið. Það geta að sjálfsögðu verið um það skiptar skoðanir, hvort þetta hafi tekizt eða hvort nægilega langt sé gengið í þeim efnum. En ég tel þó, að mjög mikil lagfæring til hins betra hafi átt sér stað með því frv., sem hér liggur fyrir, miðað við það, sem við áður þekktum, og miðað við þær reglur, sem áður hefur verið starfað eftir. Flest þeirra hólfa, sem voru sett inn fyrir 12 mílna mörkin á sínum tíma með l. frá 1969, hafa verið numin úr gildi að segja má að öllu leyti nema einu, þar sem um tímabundið hólf er að ræða á Breiðafirði. Þær reglur, sem nú eru, þar sem farið er inn fyrir 12 mílurnar, gilda yfirleitt alls staðar við landið allt árið, og er þetta að mínum dómi mjög til hagðarauka fyrir alla aðila og sérstaklega þá, sem eiga að halda uppi lögum og reglum í sambandi við fiskveiðarnar. Þetta gerir alla framkvæmd l. að mínum dómi mun einfaldari og var vissulega þörf á því, því að eins og samkomulagið var, sem náðist um lögin, þegar þau voru samþ. vorið 1969, voru þau að mörgu leyti mjög flókin, og í mörgum tilfellum var sú skerðing og takmarkanir og svæðaskipting, sem þá var lögleidd, gerð vegna samkomulags, til þess að málið fengist afgreitt hér í þinginu.

Friðunarsjónarmiðið var mjög ítarlega rætt bæði á fundum n. og þó sérstaklega á fundum hennar úti um land. Ég tel, að nm. hafi allir verið sammála um það, að Íslendingar yrðu að gera allróttækar friðunarráðstafanir. En það, sem kom í veg fyrir, að gerðar væru till. um bein lagaákvæði, hvar skyldi friða ungfisk og hrygningarsvæði, er sú afstaða fiskifræðinga, að þeir telja þetta mjög erfitt í framkvæmd. Þeir telja, að ungfiskur á miðunum fyrir Vestur-, Norður-, Austur- og Suð-austurlandi færi sig til eftir aðstæðum í hafinu og það sé þess vegna mjög erfitt að lögbinda viss svæði. Sömu skoðun hafa þeir í sambandi við hrygningarsvæðin. Ég hef alltaf verið mjög vantrúaður á og er enn, að þessi afstaða fiskifræðinga fái staðizt. Ég tel, að sjómenn, sem veiðar stunda hér við land og hafa margir stundað veiðar bæði á grunnmiðum og dýpri miðum í áratugi, hafi allt aðra reynslu í þessu efni og allt aðra sögu að segja.

Fyrr í vetur gerðum við hv. 10. þm. Reykv. tilraun til þess að fá breytt þeirri reglugerð, sem gefin var út 14. júlí s. l. um friðunarsvæði fyrir Norðausturlandi og hrygningarsvæði út af Selvogsbanka. Brtt. okkar í því sambandi var sú, að reglugerð frá 14. júlí 1972 um friðun við Norðausturland, sem aðeins gerir ráð fyrir friðun í 2 mán. á ári, 1. apríl til 1. júní, yrði breytt á þá leið, að það svæði yrði alfriðað fyrir botnvörpu, flotvörpu og dragnót í þrjú ár til reynslu. Þá gerðum við einnig till. um, breytingar á reglugerðinni, þar sem segir, að hrygningarsvæðið á Selvogsbanka skuli lokað frá 20. marz til 20. apríl aðeins fyrir botnvörpu og dragnótaveiðum, þannig að það yrði alfriðað og þá í nokkuð lengri tíma en reglugerðin gerir ráð fyrir. Ég harma það, að hv. Alþ. tók ekki undir þessar till. okkar og þær náðu ekki fram að ganga í þessari hv. d. En varðandi hrygningarsvæðið fyrir Suðvesturlandi eða á Selvogsbanka gat hæstv. sjútvrh. um það í yfirlýsingu, að hann mundi taka til athugunar, ef um það næðist samkomulag í hinum stærri verstöðvum á Suðvesturlandi, Reykjavík og Vestmannaeyjum, að alfriða þetta svæði. Ég tel það mjög vel farið, að hæstv. ráðh., eftir því sem ég bezt veit, breytti reglugerðinni þannig, að þetta svæði er þá alfriðað fyrir öllum veiðum, bæði netaveiðum og öðrum veiðum, í þennan tiltekna tíma, sem ég a. m. k. tel of stuttan.

Í 5. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er að finna mjög víðtæka heimild fyrir ráðh. til að beita friðunaraðgerðum, ef ráðherra og Hafrannsóknastofnun telur þörf á slíku. Getur það gilt bæði um veiðar á smáfiski og um hrygningarsvæði. Ég tel, að hæstv. núv. sjútvrh. hafi nokkuð breytt um skoðun, því að ég taldi mig þekkja skoðanir hans áður, þegar við vorum að vinna að undirbúningi lagafrv., sem samþ. var 1969, og þó að hann hafi að mínum dómi verið þá miklu ákveðnari um, að það væri nauðsynlegt að friða tiltekin svæði og þá í lengri tíma en reglugerð hans frá 14. júlí segir til um, þá féllst ég þó á það með tilliti til þeirrar afstöðu, sem fiskifræðingar hafa, að láta nægja ákvæði 5. gr. En þau ákvæði getur ráðh. vissulega notað mjög vel, ef hann er á þeirri skoðun, að nauðsyn sé á friðun. Því lét ég mér nægja þau ákvæði, sem þar eru, í stað þess að flytja sérstaka till. um ákveðin friðunarsvæði, sem yrðu lögbundin.

Ég geri mér því miður litlar vonir um, að núv. hæstv. ráðh. breyti um skoðun enn á ný og gerist róttækur í friðunarmálum. En ég treysti því, að þeir ráðh., sem við taka af núv. hæstv. sjútvrh. og fara með málefni sjávarútvegsins, hafi annan skilning á þessum málum

og setji mun róttækari reglur um friðun bæði á ungfiski og hrygningarsvæðum en nú eru í gildi og núv. hæstv. ráðh. hefur staðið að og undirritað með reglugerð frá 14. júlí s. l.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hinum ýmsu veiðisvæðum, sem tilgreind eru í frv. (**Forseti:** Ég vil spyrja ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Ég hafði gefið fyrirheit um að gera fundarhlé um fjögurleytið). Ég á, að ég held, allmikið eftir. — [Frh.]

Umr. frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 675, 186, 670, 691). — 3. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Í framsögu minni fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. við 2. umr. málsins gat ég þess, að n. mundi taka til skoðunar tvö atriði milli umræðna. Það hefur n. gert og raunar öllu betur þó. N. flytur sameiginlega brtt. á fjölrituðu þskj., nr. 691. Ég skal með örfáum orðum gera grein fyrir þessum brtt.

Um 1. liðinn er það að segja, að við enn nánari athugun þótti rétt að breyta orðalagi 1. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir eftir 2. umr., en það lýtur að 5. málsgr. 14. gr. l. frá 1971. Að samþykktri þessari breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, yrði nýnefnd málsgr. þannig: „Auk frádráttar samkvæmt 1.—4. málsgr. þessarar gr. skal frá beinum tekjum sjómanna að fiskveiðum á íslenzkum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður". Og áfram og í því liggur breytingin núna, að við þetta bætist: „Þessi ákvæði eiga einnig við hlutaráðna landmenn". Ég vænti, að þetta skýri sig sjálft, en vísa annars til ummæla minna um þetta efni við 2. umr. málsins í gær.

Þá er það 2. liðurinn í brtt. n. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir efni þess frv. um breyt á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, og fleiri fluttu fyrr á þingi og var til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. samhliða þessu máli. Með 2. brtt. fjh.- og viðskn. er gengið inn á sjónarmið flm., þótt það sé í örlítið öðru formi. Ég tel, að þetta þurfi ekki frekari skýringa við umfram það, sem ég greindi frá í gær, og læt útrætt um það.

Þá er það 3. brtt. Með henni er lagt til að hækka nokkuð sérstakan frádrátt hinna tekjulægri í hópi aldraðra.

Í 4. brtt. er kveðið á um það, að skattvísitalan nái til þessa sérstaka frádráttar á sama hátt og annarra fjárhæða, sem nefndar eru í 53. gr. l. Að þessum breytingum samþ. virðist við fljótlegan útreikning, sem að vísu er með fyrirvara, en var þó gerður fyrir n. á skattstofunni, að hjón eldri en 67 ára verði tekjuskattslaus við liðlega 390 þús. kr. tekjumark og einstaklingur verði tekjuskattslaus að tæplega 270 þús. kr. tekjumarki. Þessi fremur snöggsoðna athugun bendir til, að aldraðir greiði við álagningu í ár engan tekjuskatt af tekjum, sem jafngilda ellilífeyri hjá almannatryggingum, eins og hann er í grunn, og persónufrádrætti, eins og hann verður samkvæmt skattvísitölunni, og þó raunar liðlega það.

Ég held ég fjölyrði ekki frekar um þessar till. n. Hún stendur öll að þeim, eins og þskj. ber með sér. Ég hef áður lýst afstöðu meiri hl. fjh.- og viðskn. til brtt. frá Guðlaugi Gíslasyni o.fl., sem meiri hl. leggur til að verði felld.

Þá vil ég geta þess, að fjh.- og viðskn. hefur athugað brtt. hæstv. sjútvrh. á þskj. 670. Tilefni þeirrar till. er, að það hefur eitthvað tíðkazt nú í seinni tíð í sumum verstöðvum a. m. k., að afskrá skipshafnir, ef skip stöðvast í höfn, þótt ekki sé nema um skemmri tíma og þótt það sé í miðju úthaldi. Af þessu hefur það leitt, að sjómannafrádráttur samkv. 1. og 3. málsgr. 14. gr. tekjuskattslaganna frá 1971 skerðist. Till. er flutt til þess að koma í veg fyrir þá skerðingu, og getur fjh.- og viðskn. eftir atvikum mælt með till. Annars er það skoðun mín, og ég held mér sé óhætt að segja fleiri nm., að sá háttur á lögskráningu, sem hér um ræðir, sé í sjálfu sér óeðlilegur og taka þurfi það mál til sérstakrar athugunar.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu formanns fjh.- og viðskn., þessarar d., flytur n. sameiginlega brtt. á þskj. 691. Er hér um að ræða nokkrar hagsbætur til handa öldruðum og öryrkjum frá því, sem ákvæði brbl. gerðu ráð fyrir. Hér er um að ræða hækkun á hinum sérstaka frádrætti, sem þar er ákvarðaður, og auk þess er lagt til, að skattvísitalan verði látin ná til þessara upphæða eins og þeirra, sem skattalögin gera ráð fyrir.

Við 2. umr. þessa máls freistuðum við Sjálfstæðismenn þess að ná nokkru meiri hagsbótum til handa öldruðum og öryrkjum með því að leggja til, að ellilífeyrir og örorkubætur samkv. almannatryggingalögunum frá 1971 yrðu skattfrjálsar, en það náði ekki fram að ganga. Ég lýsti því þá yfir, að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. mundum freista þess að ná samstöðu í n. um hækkun á þeim frádráttarliðum, sem brbl. gera ráð fyrir, auk þess sem við mundum freista þess að fá lögfest, að þessar upphæðir skyldu háðar þeirri skattvísitölu, sem ákveðin er hverju sinni. N. flytur brtt. þar að lútandi, og teljum við, að með því hafi náðst þó nokkur árangur, en við töldum, að gera þyrfti betur í sambandi við þessi brbl.

Varðandi brtt. Guðlaugs Gíslasonar o. fl. mælum við fulltrúar Sjálfstfl., ég og hv. 2. þm. Vestf., með henni, svo og með þeirri brtt., sem hæstv. sjútvrh. flutti við 2. umr. og var dregin til baka til 3. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Till. sú, sem ég hef flutt á þskj. 670, miðar að því að tryggja, að sjómenn hafi þau skattfríðindi, sem þeim voru ætluð með l., þótt um vissa breytingu sé að ræða við framkvæmd á greiðslu slysatryggingariðgjalda sjómanna, eins og nú hefur orðið. Í 1. málsgr. 14. gr. l. er ákveðið, að frádráttur-

inn sé 800 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn. Þetta hefur verið túlkað þannig í framkvæmd, að telja skuli saman þær slysatryggingarvikur sjómanna, sem greitt er iðgjald af til tryggingannа, þ. e. a. s. eftir hæsta iðgjaldaskala. En nú hefur framkvæmdin orðið þannig víða við útgerð, að sjómenn eru afskráðir, þegar skipið kemur að landi, og eru ekki taldir formlega sem sjómenn, þó að þeir séu ráðnir hjá útgerðinni, í nokkra daga jafnvel í hverjum mánuði, og þá er annað slysatryggingargjald greitt af þeim þann tíma. Af þessum ástæðum verður það svo, þegar þessi háttur er hafður á um framkvæmdina, að viðmiðunartíminn verður miklu styttri en áður var og sjómennirnir ná ekki þeim tilskilda tíma, sem gerð er ráð fyrir í 1., til þess að njóta þeirra skattfríðinda, sem hér er um að ræða. Till. mín miðar að því að tryggja, að sjómennirnir tapi ekki þessum rétti frá því, sem áður var. Breytt er aðeins um orðalag, þannig að nú er sagt, að það skuli miða við greiðslu slysatryggingariðgjalda hjá útgerðinni, enda séu mennirnir ráðnir sem sjómenn til útgerðarinnar. Ég hef borið þetta orðalag undir ríkisskattstjóra, og hann telur, að það eigi að vera nægilega skýrt til þess að tryggja, að allan þann tíma, sem þessir sjómenn eru ráðnir hjá útgerðinni sem slíkir, eigi að leggja til grundvallar, þegar út frá því er gengið, hvort þeir eigi að njóta þess skattfrelsis, sem greinin annars gerir ráð fyrir.

Ég fagna því, að það er tekið undir þessa till. af öllum, og vænti ég þá, að þessi leiðréttning á framkvæmd l. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 670 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 186 felld með 13:10 atkv.
Brtt. 691,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 70. fundur.

Fimmtudaginn 12. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (EystJ): Umr. fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Auk þess fær Bjarni Guðnason, utan flokka, til umráða 15 mínútur. Umferðir verða tvær, 20 mínútur í þeirri fyrri, 10 mínútur í þeirri síðari eða 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., Alþfl., Alþb., SF og Framsfl. Bjarni Guðnason, 3. landsk. þm., talar síðastur í fyrri umferð.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson og í síðari umferð 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð 8. landsk. þm., Benedikt Gröndal, og í síðari umferð 2. landsk. þm., Pétur Pétursson. Fyrir Alþb. í fyrri umferð 4. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir, og 6. landsk. þm., Helgi F. Seljan, og í síðari umferð 5. þm. Sunnl., Garðar Sigurðsson, og 4. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds. Fyrir SF í fyrri umferð 7. landsk. þm., Karvel Pálmason, og í síðari umferð menntmrh. Magnús Torfi Ólafsson. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð utanrrh. Einar Ágústsson og í síðari umferð 1. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 2. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, og talar af hálfu Sjálfstfl.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í vetur strandaði erlent skip við suðurströndina. Samkv. blaðafrásögn skýrði skipstjóri strandið í sjóprófum. Hann hélt sig sigla vestur með suðurströndinni, þegar hann í raun var á austurleið. Þegar hann ætlaði að stýra suður til hafs, sigldi skipið til norðurs og í strand.

Þetta var harmsaga. En því miður fer ekki hjá því, að mönnum komi í hug í ljósi starfsferils ríkisstj., hvort ríkisstj. sé ekki í sporum skipstjórans, hvort ríkisstj. geri sér nokkra grein fyrir, hvar þjóðarfleyið er statt eða hvert það stefnir.

Í málefnasamningnum mikla og loforðalistanum langa er ýmsu heitið, en flest þveröfugt gert. Þar var því heitið að hafa sem nánast samstarf við samtök launafólks og atvinnurekenda um ráðstafanir í efnahagsmálum. Efndirnar eru þær, að forseti A. S. Í. hefur lýst því yfir, að ríkisstj. hafi a. m. k. 8 sinnum breytt eða reynt að breyta gildandi kjarasamningum. Heitið var að stefna að því, að gjöld, sem nú hvíla á framleiðsluatvinnuvegunum, verði lækkuð eða felld niður. Nú þessa dagana er verið að hækka gjöld af iðnaðarframleiðslu, sjávarafurðum og landbúnaðarvörum. Heitið var að efla áætlunargerð, en í framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973 gætir engrar heildarstefnu, hvorki í viðmiðun heildarframkvæmda né í forgangi framkvæmda, og skýrsla fjmrh. var sú stytzta og lítilfjörlegasta, sem lögð hefur verið fram síðan farið var að gefa slíkar skýrslur. Heitið var að auka sjálfsforræði byggðarlaga og hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök þeirra, en efndirnar eru þær, að ný tekjustofnalög, sem þrengja hag sveitarfélaga, eru sett án samráðs við samtök þeirra, verkefni tekin af sveitarfélögum, án þess að þau fái nokkur ný, og ráðh. beita sér gegn löggildingu landshlutasamtakanna. Heitið var að endurskoða allt bankakerfið og vinna að sameiningu banka og sjóða, en þótt mikið álit bankamálanefndar hafi nú legið fyrir í nær 3 mánuði, er ekkert gert nema fjölga sjóðum, eins og iðnrekstrarsjóði, sem auðvitað á að hafa sérstaka stjórn. Heitið var að lækka óhóflegan húsnæðiskostnað almennings, m. a. með lækkun byggingarkostnaðar, en efndirnar eru þær, að byggingarkostnaður mun hækka um 50% á tveggja ára valdatíma stjórnarinnar samkv. byggingarvísitölu eftir áætlun hagstofunnar. Heitið var: Ríkisstj. mun ekki beita gengislækkun gegn þeim vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum, en ríkisstj.

hefur samt þrisvar til gengisfellingar gripið. Af fleiru mætti taka.

Það fer ekki á milli mála, að núv. ríkisstj. tók við blómlegu búi í góðæri á miðju ári 1971. Aflabrögð voru góð, útflutningsverð hagstætt og fór enn hækkandi. Almenningur hafði notið góðs af þessu góðæri með verulegum kauphækkunum 1970, jafnframt því sem afkoma atvinnutækja var hagstæð. Aðhaldi hafði verið beitt í fjármálum og peningamálum og ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir, að kauphækkanir, sem samið hafði verið um, leiddu til áframhaldandi víxlhækkana kauplags og verðlags. Mestu máli skipti þó, að áframhald yrði á aðgát og aðhaldi og góðærið nýtt til þess að styrkja grundvöll efnahagslífsins og veita almenningi þá velmegun, sem efni stóðu til. En öllu aðhaldi var varpað fyrir róða og öllum tilraunum til að hafa stjórn á efnahagsþróuninni smám saman hætt með þeim afleiðingum, að fullkominn glundroði og stjórnleysi er ríkjandi og ríkisstj. treystir sér ekki til að móta eða framfylgja neinni stefnu. Ríkisstj. blandaði sér í kjarasamningana 1971 með lagasetningu um styttingu vinnutímans og hafði áhrif bæði í þá átt, að kostnaðarauki af samningunum varð meiri en ella hefði orðið og samningsfrelsi aðila skert þannig, að efni samninganna var jafnvel annað en aðilar hefðu kosið. Fyrirsjáanlegt var, að samningarnir mundu leiða til víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Því bar brýna nauðsyn til að draga sem mest úr peningaveltunni og eftirspurninni innanlands á sem flestum sviðum. Leitazt var við að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, en í stað þess hafa þau verið tvöfölduð á tveimur árum, og enn er verið að bæta við þau þessa síðustu daga þingsins með fjárveitingum utan fjárl., án þess að séð sé fyrir nýjum tekjum, með þeim afleiðingum, að aukið er á spennuna og vinnuafl dregið frá framleiðslunni. Þá átti auðvitað áfram að efla verðjöfnunarsjóð sjávarafurða til að draga úr spennunni innanlands sérstaklega, þar sem verðlag erlendis fór enn hækkandi, en þvert á móti var úr honum greitt í uppbótaskyni. Nauðsyn var að draga úr erlendum lántökum, en í stað þess voru þær auknar, einkum á vegum opinberra aðila. Hafa erlendar skuldir vaxið um 6½ milljarð kr. eða um 50% á tveim árum. Hlaut það enn að auka á vinnuaflsskort atvinnuveganna og auka greiðslubyrði af erlendum lánum í mesta góðæri, sem yfir landið hefur gengið. Þá átti auðvitað fremur að minnka opinberar lántökur innanlands, til þess að atvinnulífið yrði ekki fjárvana, en í stað þess jók ríkisvaldið slíkar lántökur og bauð allt að 20% ársvexti, eins og raun hefur orðið í verðtryggðum lánum, í samkeppni við framleiðsluna og einstaklinga.

Öll þessi þróun hefur aukið víxlhækkanir kauplags og verðlags, þannig að útflutningsatvinnuvegirnir stóðu ekki undir tilkostnaði, svo að grípa varð til gengislækkunar í des. s.l. samkv. ráði valkostanefndar. En valkostanefndin lagði áherzlu á, að hliðarráðstafanir væru nauðsynlegar: annars vegar samdráttur framkvæmda og hins vegar varnir gegn víxlhækkunum, en ríkisstj. hrósaði sér af, að engar slíkar ráðstafanir væru gerðar. Mátti þá sjá fyrir, að sú gengislækkun væri unnin fyrir gýg, enda opnuðust augu sjútvrh. Lúðvíks Jósepssonar fyrir þessum sannindum, þegar hann sagði nokkru síðar:

„Ég viðurkenni það, að þeir tímar geta verið, að það sé óhjákvæmilegt að fella gengið og gera tilfærslur í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni ekki, að gengisfelling sé almennt neitt lausnarorð og allra sízt á meðan þær stéttir í þjóðfélaginu, sem hafa mikil völd, eru ákveðnar að afnema áhrif tilfærslunnar tiltölulega fljótt á eftir. Slíkar gengislækkanir hafa raunar litið annað að segja en að færa okkur bara á nýtt útreikningsform".

Þótt sjútvrh. hafi með þessum orðum verið að vega að forseta A. S. Í., Birni Jónssyni, lýsa þau um leið vanmætti ráðh. sjálfs og ríkisstj. að takast á við vandann og boða raunar fjórðu gengifellinguna í tíð núv. ríkisstj.

Á valdatíma núv. stjórnar hefur verð sjávarafurða, eins og frosins fisks og saltfisks, hækkað um nær 50% í erlendum gjaldeyri og verð loðnuafurða um 100—200%. En þessar hækkanir hafa þó ekki nægt í verðbólguhítina, heldur hefur þurft sífellt að fella gengi ísl. kr., auk desembergengisfellingarinnar tvisvar vegna gengisfellingar dollarans. Ef við hefðum aðeins fylgt falli dollarans að því marki, að útflutningur okkar minnkaði ekki í krónutölu, þá væri gengisfellingin 18% minni en orðið er og verðhækkanir erlendra vara sömuleiðis tilsvarandi lægri. Sannleikurinn er sá, að við hefðum ekki þurft að fylgja dollaranum, ef nokkur stjórn hefði verið á efnahagsmálum, vegna hinnar hagstæðu verðlagsþróunar á erlendum mörkuðum.

Svo er „hrunadans" kostnaðarverðbólgunnar trylltur, að þrátt fyrir hækkandi útflutningsverð kann að reynast hæpið, að útflutningsatvinnuvegir okkar, einkum iðnaðurinn, standi undir 10% launakostnaðarhækkun 1. júní n. k., og launþegar eru engu bættari. Þeir fá að vísu fleiri, en verðminni krónur. Stefnubreyting verður að eiga sér stað.

1) Skera verður niður útgjöld ríkissj., en þau hafa aukizt í hlutfalli við þjóðarframleiðslu úr tæpum 20% 1970 í nálægt 30% 1973. Aflafé þjóðfél.borgaranna hefur verið skert og um leið valfrelsi þeirra og sjálfsákvörðunarréttur. Sjálfstfl. bauð stjórnarfl. að standa að a. m. k. 500 millj. kr. niðurskurði á fjárl. til að mæta Vestmannaeyjavandanum. En það hæsta, sem ríkisstj. gat hugsað sér, var 160 millj. kr. Vitaskuld verður nauðsynlegur niðurskurður ríkisútgjalda erfiður, en hann er óhjákvæmilegur.

2) Um leið og dregið er úr skattheimtu almennt, ber sérstaklega að hverfa frá beinum sköttum. Hjón með 377 þús. kr. tekjur eru ekki hátekjufólk, en eru þó komin upp í hæsta skattstiga, 56—57%. Örva ber tekjuöflun einstaklinga, ekki sízt þegar skortur er á vinnuafli, því að í því felst verðmætasköpun fyrir þjóðfélagið í heild. Beinir skattar til ríkisins þyngdust að mun í fyrra af völdum skattalagabreytingar núv. ríkisstj., ekki sízt á elli- og örorkulífeyrisþegum. Skattar munu enn hækka hlutfallslega í ár, því að hækkun tekna í krónutölu er hærri en skattvísitalan 128. M. a. er talið, að laun hinna lægst launuðu, eins og hafnarverkamanna, hafi í krónutölu hækkað um 38%. Í stað þess að vera kominn í hæsta skattstiga með 377 þús. kr. tekjur, væri nær, að 400 þús. kr. tekjur hjóna væru ekki

tekjuskattskyldar og í hæsta skattstiga væri fyrst komið, eftir að menn hefðu náð raunverulegum hátekjum, t. d. eitthvað á aðra millj. kr. Hætta ber greiðslu fjölskyldubóta með 1. barni, en fella þær að öðru leyti inn í skattkerfið sem persónufrádrætti og greiða þeim, sem hafa lægri tekjur en persónufrádrætti nemur, mismuninn.

3) Virða ber frjálsa kjarasamninga launþega og vinnuveitenda og leggja áherzlu á réttláta hlutdeild launþega í þjóðartekjum. Viðmiðun kaups við kaupgjaldsvísitölu hefur aldrei reynzt launþegum eins illa og í tíð núv. stjórnar, sem hefur fellt niður kaupgjaldsvísitölustig, frestað greiðslu þeirra og hagað niðurgreiðslum og verðhækkunum þannig, að launþegar fengju þær sem síðast uppi bornar í hækkuðu kaupi. Heilbrigðara væri að miða kaupbreytingar við vöxt þjóðartekna eða þjóðarframleiðslu til þess að koma í veg fyrir vítahring víxlhækkana.

4) Jafnvægi verður að nást á viðskiptajöfnuði við útlönd, á afkomu ríkissjóðs og í peningamálum. Gerbreyta verður núverandi verðlagskerfi. Til lengdar hafa verðlagsákvæði, boð og bönn ekki reynzt neytendum vörn gegn verðhækkunum. Þvert á móti draga þau úr samkeppni, koma í veg fyrir hagkvæm innkaup, valda vöruskorti, verri þjónustu og rýra valfrelsi neytenda í gæðamati. Ef jafnvægi er milli framboðs og eftirspurnar, er samkeppni trygging fyrir því, að neytandinn er stjórnandinn á markaðnum og seljendur verða að þóknast honum.

Þótt bæði þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla hafi vaxið hér á landi, hefur eyðsla, neyzla og fjármunamyndun aukizt enn meir. Mismuninn tökum við að láni erlendis. Slík lán auka á verðbólguvandann, og það kemur að skuldadögunum.

Verðbólguhugsunarhátturinn nær æ fastari tökum á almenningi og kemur fram í gífurlegum hækkunum á verði fasteigna, kaupum á bifreiðum, heimilistækjum og samvarandi minni sparnaði og aukinni eftirspurn eftir lánsfé. Af hálfu ríkisstj. er hins vegar ekki um neina stefnu að ræða til þess að mæta þessum viðhorfum, heldur er allt látið reka á reiðanum.

Þótt hart hafi verið deilt af hálfu okkar í stjórnarandstöðu í efnahagsmálum, þá hefur verið leitazt við að skapa sem mesta samstöðu í landhelgismálinu. Ríkisstj. sýnist að vísu láta sér í léttu rúmi liggja að efna það loforð í málefnasamningi að hafa samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á að fylgjast með allri framvindu málsins. Langt er milli funda í landhelgisnefnd og viðræðufundir með Bretum og Vestur-Þjóðverjum hafnir og þeim lokið án þess samráðs, sem lofað var.

Landhelgismálið hlýtur að vera okkur öllum Íslendingum tilfinningamál, en þrátt fyrir það eigum við að vera menn til þess á raunsæjan hátt að geta rökrætt okkar á milli, hvaða leiðir eru fljótvirkastar til þess að tryggja okkur yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið, ekki eingöngu 50 mílunum, heldur og landgrunninu öllu. Við eigum t. d. að geta borið saman bækur okkar, hvaða ályktanir beri að draga af aflaskýrslum Breta eftir útfærsluna. Þær sýna, að afli Breta á Íslandsmiðum s. l. ár hefur minnkað um 10% frá árinu áður, en síðustu 4 mánuðina eða eftir útfærsluna aðeins um 4%, meðan afli okkar skipa minnkaði um 6% sömu 4 mánuði, svo hlutfallslega hafa Bretar bætt hlut sinn frá 1. sept. s. l. til áramóta. Það fer ekki á milli mála, að slíkar tölur eru okkur vonbrigði. Við getum huggað okkur við, að ekki sé um langan tíma að ræða og veiðarnar muni minnka, þegar til lengdar láti. En þó er rétt að hafa kjark til að horfast í augu við staðreyndir, eins og þær eru á hverjum tíma og marka stefnu okkar samkv. því.

Við getum haldið óbreyttri stefnu og reynt að gæta landhelginnar með vörzlu og víraklippingu gæzluskipa okkar, eins og verið hefur. Ekki skal gert lítið úr frammistöðu Landhelgisgæzlunnar, miklu frekar vil ég þakka hana og dást að varðskipsmönnum okkar. Mér er hins vegar kunnugt um, að það kom fram í kvöldfréttum nú, að 18 íslenzkir skipstjórar fiskiskipa hafa sent ríkisstj. bréf og bent á, eins og þeir segja orðrétt, „að brezkir og þýzkir togarar hafa stundað veiðar sínar innan hinna nýju fiskveiðimarka á hverjum tíma, eins og þeim hefur bezt þótt henta hverju sinni, og hagað veiðiskap sínum eins og 50 mílna útfærslan hafi aldrei átt sér stað". Hvetja skipstjórarnir til, að öllum veiðiþjófum verði með róttækum aðgerðum stuggað út úr hinni nýju fiskveiðilögsögu Íslendinga. Minna má á í þessu sambandi, að frv. sjálfstæðismanna um eflingu landhelgisgæzlunnar, bæði á síðasta þingi og þessu, hafa ekki fengið hljómgrunn hjá stjórnarliðinu. Hætt er við, að Bretar auki sóknarþunga sinn og gæzluskip án tillits til kostnaðar, sem vafalaust hefur vaxið mikið vegna athafna landhelgisgæzlu okkar. Sá kostnaður er ekki greiddur af brezku togaraútgerðinni, heldur brezka ríkinu, en togaaútgerðin nýtur aftur góðs af hækkandi fiskverði. Því miður má því allt eins búast við því, að Bretar geti jafnvel haldið óviðunandi mikilli hlutdeild í fiskafla á Íslandsmiðum miðað við óbreytt ástand og þar á meðal reytt upp ókynþroska smáfiskinn.

Önnur leið er sú, að herða vörzlu fiskveiðilögsögunnar með þeim útbúnaði, sem við nú höfum yfir að ráða, sem vart verður gert með öðrum hætti en þeim, að landhelgisgæzlan reyni töku landhelgisbrjótanna. Ég treysti mér ekki að mæla með þeirri leið. Sem landkrabbi hef ég ekki næga þekkingu til þess. Mannslíf eru í veði, og þau eru það dýrmætasta, sem til er. Þeim vil ég ekki hætta umfram það, sem þegar er gert, og því síður fórna.

Þriðja leiðin er sú að leitazt við að ná samningum við Breta og Vestur-Þjóðverja eins og shlj. samþykkt Alþ. frá 15. febr. 1972 leggur áherzlu á. Atferli brezkra og þýzkra togara í íslenzkri landhelgi er vissulega forkastanleg og til þess fallin að spilla samningum. Afstaða okkar til samninga til stutts tíma hlýtur þó að fara eftir því, hvort við tryggjum okkur meiri raunveruleg yfirráð yfir fiskimiðunum umhverfis landið og stærri hlutdeild í afla af Íslandsmiðum en án slíkra samninga. Ávinningur af samningum er væntanlega sá, að þeir mundu taka nálega til landgrunnsins alls, allra svokallaðra Íslandsmiða, eða 75% stærra hafsvæðis en 50 mílurnar ná yfir.

Tvískinnungur innan ríkisstj. sýnist hafa verið í afstöðu til samningaumleitana, og fer illa á

því. Svo virðist þó, að meiri hreyfing hafi komizt á samningaviðræður, eftir að kunngert var, að einn ráðh. væri fylgjandi því, að við sæktum mál okkar og verðum fyrir alþjóðadómstólnum í Haag.

Líklegt er, að með þegjandi samkomulagi gerðu samhliða samningum yrði ákveðið, að aðilar ættu ekki í málarekstri, meðan samningur væri í gildi. Slíkt megum við þó engu verði kaupa í samningum.

Ég er fylgjandi, að við tökum til sóknar og varnar fyrir Haagdómstólnum. Með því höfum við ráð á framvindu mála og getum séð svo um, að efnisdómur gangi ekki fyrr en að lokinni fyrirhugaðri hafréttarráðstefnu, þar sem fullyrt er, að meiri hluti þjóða og jafnvel allt að ⅔ hlutar þeirra aðhyllist reglur um víðáttu fiskveiðilögsögu, sem rýmri séu en þær, sem við höfum enn beitt. Við töpum ekki málinu í Haag, nema við töpum málinu á hafréttarráðstefnunni. Enginn hefur talið það líklegt. Það er því að mínu áliti allt að vinna og engu að tapa að standa fyrir máli sínu.

Ég mun ekki víkja hér að utanríkis- og öryggismálum, með því að skýrslu um utanríkismál verður útbýtt hér á þingi á morgun og umr. fara fram um það á mánudaginn. En ég vil leggja áherzlu á það, að forsrh. og utanrrh. hafa gefið það loforð, að uppsagnarfrestir samkv. varnarsamningnum fari ekki að líða, fyrr en Alþ. hefur fjallað um uppsögn varnarsamningsins. Ég vil ekki efast um, að þessir ráðh. haldi loforð sín, þótt kommúnistar krefjist þess, að þeir gangi á bak orða sinna, eins og gert var í Þjóðviljanum í gær. Vitað er, að þingmeirihluti er ekki fyrir brottför varnarliðsins, eins og nú standa sakir.

Þingi er nú að ljúka. Ríkisstj. vill bersýnilega losna við þm., þ. á m. sína eigin stuðningsmenn, því að mistekizt hefur að marka stefnu til úrlausnar knýjandi vandamálum. Þjóðarfleyinu er stjórnað af skipstjórnarmönnum, sem vita ekki hvar þeir eru eða hvert þeir ætla. Þeir geta því allt eins siglt í austur, þótt meiri hl. þeirra vilji í vestur. Þeir vilja sjálfsagt stýra í suður frá strandi, en þeir geta allt eins siglt í norður og orðið fastir í sandi. Þjóðin öll er á þessu skipi. Landsmenn verða því að taka í taumana og skipta um skipstjórnarmenn hið fyrsta.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Oft er þras á þingum, var sagt í eina tíð, og það er vissulega sannmæli um Alþ. þessa dagana. Störfum á að ljúka fyrir páska samkv. ákvörðun ríkisstj., og nú keppast þm. við að afgreiða mál í n., d. og Sþ., á fundum árla morguns og fram á kvöld. Þetta ástand fyrir þinglok er ekki nýtt fyrirbrigði. Það vill fylgja okkur Íslendingum að fara rólega, en vilja síðan koma öllu í verk með hörðu áhlaupi. Og svona hefur Alþ. einnig verið. Þó mun langt síðan ástandið hefur verið eins slæmt og það er nú, því að ríkisstj. hefur flutt fjölda nýrra mála á síðustu stundu og sum þeirra stórmál, með kröfu um, að þau verði afgreidd sem lög á nokkrum dögum. Þar við bætist, að stjórnin, sem ætlaði að færa þjóðinni skipuleg vinnubrögð og áætlanagerð, getur sýnilega ekki einu sinni skipulagt sín eigin störf eða gert áætlun um, hvaða málum verði að ljúka á þinginu. Ráðh. keppa hver við annan um að troða sínum málum fram, og svo bítast þeir innbyrðis og togast á. Það var t. d. fróðlegt að sjá, þegar forsrh. þótti heilbr.- og trmrh. fara inn á sitt valdsvið fyrir nokkrum dögum, og Ólafur fékk stuðning sjálfstæðismanna til að veita Magnúsi ráðningu. En hvort það stöðvar tilraun til úrbóta í læknismálum dreifbýlisins, en ekki ennþá ljóst. Allt ber þetta vott um, að ríkisstj. hefur misst vald á stjórn landsins og þar ríkir alger upplausn, sérstaklega á sviði efnahags- og fjármála. Afgreiðsla stjórnarflokkanna á frv. hér á Alþ. ber greinilega vott kæruleysis, rétt eins og ráðh. búist ekki við að þurfa að framkvæma og bera ábyrgð á þeim málum, sem þeir nú samþykkja. Forsrh. vill því ljúka þinginu sem fyrst í þeirri von, að unnt verði að bræða stjórnina betur saman og búa hana undir þá gífurlegu erfiðleika, sem fram undan eru, ef hún á að lifa meira en eitt sumar enn.

Íslenzkt efnahagslíf hefur í áratugi þjáðst af hitasótt verðbólgunnar. Stundum hefur sóttin legið niðri, en svo koma köstin með ofsahita og óráði þess á milli. Núv. ríkisstj. hefur með ógætilegri stefnu kallað yfir þjóðina eitt versta hitakast verðbólgu, sem hún hefur fengið. Ekki þarf að færa þeim orðum frekar stað, því að allir landsmenn eru neytendur og fylgjast með þeim stórstígu hækkunum, sem orðið hafa og verða nálega á degi hverjum. Íslenzkir neytendur eru ýmsu vanir og hafa löngum verið seinþreyttir til vandræða. Það er til marks um, hve óðaverðbólga er mikil, að neytendur hafa nú risið upp og mótmæla skipulega. Stefnuskrá stjórnarinnar, sem jafnvel dyggustu stuðningsmenn hennar eru hættir að lesa kvölds og morgna, setti mjög hóflegt markmið hvað snertir verðbólgu. Ríkisstj. lofaði ekki að stöðva verðbólguna, heldur aðeins að halda henni í skefjum, svo að hún yrði ekki meiri en verðbólga í markaðslöndum okkar. Ekki hefur stjórninni þó tekizt að ná þessum árangri. Á árinu 1972 urðu kauplags- og verðlagsbreytingar um tvöfalt hærri hér á landi en í flestum markaðslöndum okkar og raunar tvöfalt hærri en hækkun útfl.verðlags. Af þessu má marka, að útflutningsatvinnuvegir okkar eru komnir í hinar mestu ógöngur, og hefur ekki dugað til að bjarga þeim, þótt gengið hafi verið lækkað þrisvar og ýmsar uppbætur greiddar að auki. Svo virðist sem verðbólga muni halda áfram að aukast fram eftir þessu ári, en óvíst er um frekari hækkanir á útflutningsvörum okkar. Er því fyrirsjáanlegt, að stórfelld vandræði eru fram undan á þessu sviði.

Eitt af sjúkdómseinkennum verðbólgunnar eru mikill skortur á fé til fjárfestingar og vandræðaástand hjá fjárfestingarsjóðum. Þegar svo mikil óvissa ríkir í efnahagsmálum, hafa landsmenn tilhneigingu til að auka til muna fjárfestingu, en minnka sparifé. Þar við bætist, að núv. ríkisstj. hefur ekki gert neina tilraun til að beita skynsamlegri áætlanagerð við framkvæmdir hins opinbera eða annarra aðila og raða verkefnum eftir nauðsyn, heldur er á öllum sviðum sótt á og knúin fram fjárfesting langt umfram það, sem fjármagn og vinnuafl hrekkur til. Þessi stefna

eða réttara sagt þetta stefnuleysi ýtir beinlínis undir verðbólguna og magnar hana.

Meðal þeirra mörgu frv., sem ríkisstj. hefur flutt undanfarna daga og eiga að sigla hraðbyri gegnum Alþ., eru nokkur um fjáröflun til fjárfestingarsjóða. Það er að vísu óhjákvæmilegt að afla fjár til sjóðanna og gera það á innlendum vettvangi. Engu að síður er athyglisvert, hvernig ríkisstj. ætlar að leysa þetta mál. Iðnlánasjóð vantar fé, og hann á að fá 35 millj. til viðbótar úr ríkissjóði. En hvar tekur ríkissjóður það fé? Fiskveiðasjóð vantar risaupphæðir vegna mikilla skipakaupa og endurbóta á frystihúsum. Það á að taka 1% af verðmæti útflutningsvöru og taka þannig um 150 millj. Það fé hlýtur að dragast fyrr eða síðar að verulegu leyti frá fiskverði til sjómanna og útvegsmanna. Síðan á að taka annað eins úr ríkissjóði, og hvar tekur ríkissjóður það fé? Stofnlánadeild landbúnaðarins vantar hundruð millj., sem bæði verða teknar af bændum sjálfum, úr ríkissjóði og þar að auki á að hækka verð á öllum landbúnaðarvörum um 10—15 millj. kr. til að leggja í sjóðinn. Ætla mætti, að landbrh. mundi fara gætilegar eftir viðbrögð neytenda við síðustu hækkunum landbúnaðarafurða og höggva ekki strax aftur í sama knérunn. En sama daginn og húsmæður í Reykjavík héldu mótmælafund var til umr. á Alþ. stjfrv. um enn eina hækkun þessara afurða, hækkun, sem ekki rennur beint til bændanna, heldur í lánasjóðinn. Ég hefði haldið, að nauðsynlegt væri að koma á friði og sátt milli neytenda og framleiðenda landbúnaðarafurða, ekkert er báðum aðilum nauðsynlegra. En ríkisstj. svarar kvörtunum neytenda með enn einni hækkun.

Það er sameiginlegt öllum þessum málum og raunar mörgum öðrum, að hrúgað er nýjum og nýjum böggum á ríkissjóð, en staða hans hefur ekki verið of góð í seinni tíð. Er því augljóst, að fjárl., sem hafa tvöfaldazt á tveimur árum, hljóta enn að hækka stórkostlega á næsta ári. Og hverjir skyldu greiða það fé, sem rennur í ríkissjóð? Er það ekki almenningur í landinu og þó aðallega hinir íslenzku meðalmenn, sem strita myrkra á milli og hafa miðlungs- eða sæmilegar tekjur. Þeir bera þunga byrðanna, hvað sem hver segir. Það má mikið vera, ef íslenzkir skattgreiðendur fara ekki að dæmi húsmæðra og rísa upp til að mótmæla stjórnleysi fjármálanna og sívaxandi álögum.

Enn eitt sjúkdómseinkenni á hitasótt verðbólgunnar eru sívaxandi lántökur erlendis, svo að einnig þar er nú komið í óefni. Framkvæmdaáætlun er skrá yfir ýmsa nauðsynlega fjárfestingu, sem ríkið verður að útvega fé til. Slík áætlun ætti að verða samferða fjárl. og afgreiðast við afgreiðslu þeirra fyrir jól, en er nú enn óafgreidd á Alþ. Virðist ríkisstj. hafa gefizt upp við að finna það fé, sem til þarf. Þegar hún hefur tínt til allt, sem hún getur, eru enn ófundnar um 800 millj. kr., og þá er gripið til þess að segja: Erlend lán, án þess að nokkuð sé um það vitað, hvort slík lán eru fáanleg. Þegar núv. ríkisstj. kom til valda, voru erlendar skuldir þjóðarinnar um 11,5 milljarðar kr., en um næstu áramót eru allar líkur á, að þessi upphæð verði nálægt 20 milljörðum. Þykir ýmsum þetta vera glæfraspil, þegar skuldir þjóðarinnar erlendis nema ½ millj. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Ef afli minnkar eða verðlag á fiski lækkar, eins og oft hefur gerzt áður, mun þessi skuldabyrði reynast þjóðinni þungbær, að ekki sé meira sagt. Þetta virðist vera skoðun Alþjóðabankans í Washington, sem mun hafa látið vita, að bankinn treysti sér ekki til að lána Íslendingum meira fé um sinn á eðlilegan hátt, skuld þeirra miðað við íbúafjölda sé orðin svo mikil.

Viðskiptajöfnuður segir okkur, hve miklar tekjur þjóðin hefur haft í erlendum gjaldeyri og hve mkilu hún hefur eytt í erlendum gjaldeyri. Á árunum 1969—1970 var viðskiptajöfnuður við útlönd hasgtæður um hundruð millj., en síðan núv. stjórn tók við valdataumum, hefur hann orðið óhagstæður um nokkur þús. millj. Þetta er enn eitt hættulegt einkenni um hitasótt verðbólgunnar, því að halli á viðskipum þjóðarinnar við umheiminn má ekki vera mörg ár í röð. Gjaldeyrissjóðurinn hefur að vísu ekki minnkað, enda fær hann í gjaldeyri öll erlendu lánin, sem tekin hafa verið, og koma þau þar í stað hallans, sem er á hinum raunverulegu viðskiptum okkar við umheiminn. Það er að vissu leyti blekking að halda gjaldeyrissjóði við á þann hátt.

Það er blessunarlega mikil atvinna í landinu, og fólk hefur miklar tekjur, en afkoma þjóðarbúsins í heild er í alvarlegri hættu vegna stjórnleysis núv. ráðamanna. Hættumerkin eru hraðvaxandi verðbólga, meiri fjárfesting en fé og mannafli standa undir, vaxandi erlendar skuldir og stöðugur halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Allir hugsandi Íslendingar sjá þessi hættumerki og vita, hvað þau þýða. Fram undan eru vaxandi erfiðleikar, sem geta leitt til stöðvunar atvinnugreina og atvinnuleysis á mjög skömmum tíma, ef ekki tekst að spyrna við fæti.

Hugsandi menn spyrja: Hvernig hefur það getað gerzt, að ríkisstj. hafi misst svo gersamlega stjórn efnahagsmálanna úr höndum sér og ástandið orðið svo alvarlegt, jafngott og útlitið var, þegar stjórnin kom til valda? Hvernig hefur það getað gerzt? Svarið er augljóst. Það er óeining stjórnarflokkanna, tortryggni þeirra hvers í annars garð og togstreitan þeirra á milli. Hversu fallega sem ráðh. og fylgismenn þeirra tala um gott samstarf og samheldna ríkisstj., er sannleikurinn augljós þeim, sem hafa tækifæri til að fylgjast með stjórnarstörfum viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, eins og hægt er að gera á Alþ. Meinsemd ríkisstj. er óeining, gagnkvæm tortryggni og innbyrðis valdabarátta.

Ég hef einbeitt mér að efnahagssviðinu og þeim alvarlegu erfiðleikum, sem þar blasa við, af því að það er skylda stjórnarandstöðu að gagnrýna og veita ríkisstj. aðhald. Hitt vil ég ekki draga dul á, að þrátt fyrir allt þetta hafa fjöldamörg góð framfaramál verið til meðferðar á Alþ., og hefur þá oft og tíðum verið lítið um ágreining. Við Alþfl.-menn höfum fylgt þeirri stefnu, sem við lýstum yfir við myndun stjórnarinnar, að styðja þau mál hennar, sem við teljum í anda jafnaðarstefnu og til framfara horfa. Hitt vil ég benda hlustendum á, að mörgum hinna góðu framfaramála, sem við höfum sameinazt um, er stofnað í hættu, ef stjórn efnahagsmála kemst ekki á réttan kjöl. Verðbólga, hallarekstur og vandræði ríkissjóðs geta eyðilagt þessi mál eða a.m.k. frestað þeim um ófyrirsjáanlega framtíð.

Ég vil að lokum fara nokkrum orðum um mál málanna um þessar mundir, en það er landhelgin. Ein hlið þessa máls er nú til afgreiðslu á Alþ. Það er frv. um hagnýtingu landhelginnar, um nýja fiskveiðistefnu fyrir Íslendinga. Þetta frv. hefði átt að undirbúa og gera að lögum, áður en við færðum út landhelgina, til þess að við gætum sýnt umheiminum, að okkur er alvara um friðunaraðgerðir innan 50 mílnanna. Það var og er nauðsynlegt, af því að hörðum áróðri er haldið uppi gegn okkur einmitt á þessu sviði og sagt er, að okkur sé ekki treystandi til að vernda fiskstofna, því að við séum allt of gráðugir veiðimenn til þess. Það var hlutverk og skylda sjútvrh. að undirbúa þetta mál og hafa forustu um lagasetningu, um leið og landhelgin var færð út. Því hlutverki brást Lúðvík Jósepsson algerlega og gerði ekkert í þessu máli fyrr en síðar, er hann skipaði n. alþm. til að fjalla um það. Þm. hafa unnið samvizkusamlega, að vísu nokkuð seint, en hafa þó samið allgott frv. Þegar það var tilbúið, brást sjútvrh. öðru sinni, er hann fékkst ekki til að flytja frv. sem stjfrv. Lúðvík vill ekki hætta á að brenna sig á hreppapólitík, og því urðu alþm. sjálfir að flytja frv.

Alþfl. fagnar þessu frv. og telur, að ekki megi skemmra ganga í friðunarátt, bæði vegna okkar sjálfra og framtíðar íslenzks sjávarútvegs og einnig vegna baráttustöðu okkar í landhelgismálinu. Það er að vísu óforsvaranlegt, að Alþ. hafi aðeins liðlega viku til að afgreiða slíkt stórmál, en samt sem áður mun Alþfl. veita því fullt brautargengi.

Í sjálfu landhelgismálinu hafa verið allmiklar deilur um það atriði, hvort Íslendingar eigi að senda málfærslumenn til dómstólsins í Haag eða ekki. Mál þetta er bæði mikilvægt og verður því flóknara og erfiðara, sem menn kynna sér dómstólinn og alla málavöxtu betur. Við megum ekki gleyma því, að afstaða okkar til dómstólsins vefst mjög fyrir þeim mönnum erlendis, sem styðja málstað Íslendinga, og Bretar hafa notað þetta mál meira en nokkuð annað í áróðri gegn okkur. Þetta hef ég nýlega haft tækifæri til að sannreyna sjálfur. Það er mjög eðlilegt, að skoðanir séu skiptar um þetta mál, og sakar ekki, þótt ólík viðhorf komi fram í umr. um það. En Alþfl. mun ekki taka þátt í neins konar aðgerðum, sem gætu leitt til þess, að afstaðan til dómstólsins í Haag yrði til að spilla þeirri þjóðareiningu, sem verið hefur um landhelgismálið, síðan Alþ. markaði stefnuna fyrir tæplega ári. Þá einingu viljum við Alþfl.-menn umfram allt varðveita, enda er hún höfuðstyrkur í þeirri erfiðu baráttu, sem háð er. Sameinaðir munum við Íslendingar vinna deiluna um 50 mílna fiskveiðilandhelgi okkar, og gangi hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna vel 1974 og 1975, gætum við öðlast enn meiri rétt, yfir landgrunninu öllu a. m. k. Við skulum vona, að svo fari.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Margt er enn ókunnugt varðandi samningagerð viðreisnarstjórnarinnar við Breta um landhelgismálið, en með þeim samningum seldi þáv. ríkisstj. erlendum dómstól í hendur allt vald í fiskveiðisögu okkar Íslendinga. Dómstóllinn hefur nú birt forsendur sínar varðandi lögsögu sína. Þar kemur ýmislegt í ljós, sem stangast algerlega á við ýmsar fullyrðingar forustumanna Sjálfstfl. um samningana og tilgang þeirra.

Hv. þm., Gunnar Thoroddsen, hefur haldið því fram, að fullur skilningur hafi ríkt milli aðila um það, að Bretar ættu að halda sig utan við 50 mílur, meðan Alþjóðadómstóllinn fjallaði um málið. Dómstóllinn sjálfur og Bretar hafa hins vegar aðra sögu að segja. Dómstóllinn skýrir svo frá: „Þann 2. des. 1960 fóru fulltrúar Breta í samninganefndinni fram á tryggingu fyrir því, að hugsanleg útfærsla Íslendinga mundi á engan hátt taka til brezkra veiðiskipa, meðan dómstóllinn fjallaði um málið". Þáv. utanrrh. Íslendinga er sagður hafa svarað því til, að þetta gæti orðið alerfiðasti þáttur málsins, að gefa Bretum tryggingu fyrir því, að engin útfærsla ætti sér stað, meðan beðið væri eftir dómsúrskurði. En daginn eftir, 3. des., er í till. frá íslenzku ríkisstj. komin klausa um 6 mánaða tilkynningarskyldu Íslendinga, að Bretum skuli tilkynnt með 6 mánaða fyrirvara, ef Íslendingar hugsi til hreyfings í landhelgismálinu. Dómstóllinn segir, að 6 mánaða fyrirvarinn, sem íslenzka ríkisstj. bauð, hafi því trúlega verið hugsaður í því skyni að gefa aðilum ráðrúm til að semja á þessu tímabili eða til að leggja málið fyrir dómstólinn í Haag og þar með einnig það atriði, hvort útfærslan ætti að ná til Breta, meðan dómstóllinn fjallaði um málið. M. ö. o., Bretar báðu um tryggingu fyrir því, að útfærslan næði ekki til þeirra, meðan dómurinn fjallaði um málið, og 6 mánaða tilkynningarskyldan var boðin fram af hálfu viðreisnarstjórnarinnar til að veita Bretum þessa tryggingu. Þau orð Bjarna Benediktssonar, sem stjórnarandstaðan vitnar oft í þessa dagana, styðja líka fullkomlega þennan skilning Breta og Alþjóðadómstólsins. Bjarni Benediktsson sagði: „Það, sem ákveðið er samkv. samkomulaginu, er hitt, að við tilkynnum Bretum og þar með öðrum þjóðum um okkar einhliða útfærslu, sem tekur gildi að þeim 6 mánuðum liðnum, ef ekki áður er búið að hnekkja henni með úrskurði Alþjóðadómstólsins".

Hér fer ekki milli mála, að Bjarni Benediktsson hefur gert ráð fyrir þeim möguleika, að Alþjóðadómstóllinn væri búinn að kveða upp úrskurð, áður en 6 mánuðir væru liðnir. Enda gerði dómstóllinn það einmitt um þetta atriði. Hann kvað upp úrskurð um rétt Breta til veiða innan íslenzkrar landhelgi, áður en 6 mánuðir voru liðnir frá tilkynningunni um útfærsluna. Þann dóm kvað hann upp í ágúst 1972, þegar hann ákvarðaði aflamagn Breta innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Forusta Sjálfstfl. fer því með staðleysur einar. Hvað þeim gengur til, vita þeir einir. Og ef þeir segja ósatt um þetta, segja þeir þá ekki ósatt um fleira? Og enn krefst forusta íhaldsins, að við göngum til móts við óskir Breta og sendum málflytjanda til Haag. Ekkert væri Bretum kærara. Brezki dómarinn í Alþjóðadómstólnum kvartar sáran undan því í sérstakri grg., að Íslendingar skuli ekki reka mál sitt í Haag, en þeir noti hins vegar hvert tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, bæði við dóminn og hjá Sameinuðu þjóðunum. Maður

gæti freistazt til að halda, segir þessi brezki dómari, að Íslendingar gerðu þetta til að geta notið nánast jafngóðrar aðstöðu og ef þeir hefðu raunverulega mætt fyrir dómnum, en jafnframt haldið þeim möguleika opnum, ef þörf krefur, að neita að viðurkenna lögmæti málsmeðferðar og dómsúrskurðar. Þessi brezki dómari við Alþjóðadómstólinn segir, að það sé enn tími fyrir Íslendinga að bæta úr þessu, og það er einlæg von hans, að við gerum það. Geir Hallgrímsson var áðan að koma þessari ósk brezka dómarans á framfæri hér og gera hana að sinni.

Forsendur dómstólsins í Haag er raunalestur, svo að ekki sé meira sagt. Þar kemur greinilega í ljós, hvernig viðreisnarstjórnin lét hrekja sig til baka með hvert einasta atriði, sem varðaði rétt íslenzku þjóðarinnar, unz ekkert var eftir. Íslenzka ríkisstj. var kramin í þessum samskiptum við Breta eins og lús undir nögl. Þar þurfti engar ljónsklær.

Sams konar þýlyndi ræður í afstöðu þessara manna til hersetu á Íslandi. Gagnrýnislaust gera þeir hagsmuni erlendra herforingja að sínum og reyna að telja þjóðinni trú um, að án erlends hers geti hún ekki lifað í landinu. Hvarvetna í vesturálfu eru nú birtar skýrslur og sagnfræðirit, sem afhjúpa þann blekkinga- og lygaáróður, sem talsmenn bandarískrar utanríkisstefnu hafa notað til að gera smáþjóðir sér háðar. Þessar uppljóstranir koma frá þeirra eigin mönnum, mönnum, sem með engu móti verða sakaðir um að vera hallir undir Rússa. En þessar upplýsingar koma ekki í Morgunblaðinu. Þar er enn alið á ótta og hatri milli þjóða. Stjórnarandstaðan treystir því, að ríkisstj. muni bregðast í herstöðvarmálinu, og reynir að læða að tortryggni, hvar sem hún getur því við komið. Víst er það furðulegt að leyfa sundlaugarbyggingu hjá herstöðinni einmitt núna. Það virðist nokkuð kaldhæðnislegt að leyfa mönnum að byggja sundlaug, sem þeir verða svo til samdægurs reknir upp úr. Og víst hefur dregizt úr hömlu að loka ameríska sjónvarpinu, það er engin ástæða til að láta mönnum haldast uppi lögbrot á íslenzkri grund, jafnvel þótt þeir séu á förum. En þótt stjórnarflokkana kunni að greina á um atriði sem þessi, þá eru þeir sammála um að efna loforð stjórnarsáttmálans að tryggja brottför hersins fyrir lok kjörtímabilsins. Það loforð er einn af hornsteinum stjórnarsamstarfsins, og Alþb. leggur ríka áherzlu á, að formlegar viðræður við Bandaríkjastjórn hefjist hið allra fyrsta.

Samtímis gerbreyttri utanríkisstefnu hefur átt sér stað stórfelld félagsleg uppbygging í stjórnartíð núv. ríkisstj. Stjórnin hét því að tryggja jafnrétti þegnanna og stjórna í anda félagshyggju. Stórmerkir lagabálkar hafa verið afgreiddir á þessu þingi til efnda á þessu loforði. Jafnlaunaráð, sem á að tryggja jafnrétti kynjana í atvinnulífinu, er orðið að lögum. Lögfest er líka hlutdeild ríkisins í byggingu elliheimila og í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Lögð hafa verið fram frv. til efnda á því loforði ríkisstj. að koma lyfjaverzluninni undir félagslega stjórn. Unnið er áfram að endurbótum tryggingaanna, þar sýna tölur bezt, hversu myndarlega hefur verið að staðið. Á fjárlögum 1971 í tíð viðreisnarstjórnar var veittur rúmur milljarður til tryggingamála. Ári síðar, á fysta ári núv. stjórnar, var þessi upphæð meira en tvöfölduð. Ef við færum upphæðirnar á fjárlögum 1972 og 1973 til verðgildis krónunnar 1971, þá er upphæðin 1972 tæpir 3 milljarðar og árið 1973 rúmir 3 milljarðar. Stjórnarandstaðan kvartar undan hækkandi fjárlögum, og víst hækka þau, en þau hækka meðfram af þessari ástæðu, að til þeirra, sem minnst mega sín, fer nú meira fé en nokkru sinni fyrr.

Sú stefna ríkisstj. að verja fé til félagslegra umbóta og aukinnar samneyzlu á sér áreiðanlega meiri hljómgrunn en sérhagsmunastefna hægri manna. Við skulum hafa það í huga, þegar stjórnin er gagnrýnd fyrir hækkandi fjárlög, að þá er jafnframt verið að gagnrýna þær stórfelldu félagslegu umbætur, sem nú eiga sér stað.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Góðir hlustendur. Um langt árabil, áður en núv. ríkisstj. komst til valda, var hér um að ræða verulegt atvinnuleysi. T. d. var tala atvinnulausra hátt á þriðja þúsund í janúar 1970, svo að dæmi sé nefnt. Þetta ástand átti alveg sérstaklega við um ýmis byggðarlög úti á landsbyggðinni, þar sem atvinnuleysi í stórum stíl var landlægt. Á þessu hefur nú orðið og er að verða alger breyting. Nú er ástandið þannig, að aldrei hafa verið færri á atvinnuleysisskrá, frá því að skráning hófst. Í stað atvinnuleysis vantar nú víðast hvar starfsfólk í ríkum mæli.

Það er rétt, að menn geri sér ljóst hvað hefur skipt svo sköpum. Stefna ríkisstj. í atvinnumálum hefur alger úrslitaáhrif. Stærra og öflugra átak hefur verið gert í atvinnumálum okkar en nokkru sinni alveg sérstaklega í þeim byggðarlögum, þar sem áður ríkti lakast ástand. Þau byggðarlög hafa nú verið og eru að eignast atvinnutæki, stórvirkari en þau hafa áður átt. Einmitt þessa dagana eru sum þeirra að fagna komu þessara glæsilegu atvinnutækja. Hér á ég að sjálfsögðu við þau stórfelldu skuttogarakaup, sem gerð hafa verið af stórhug og framsýni. Ég nefni það, að á Austurlandi verða gerðir út á næstunni 8 skuttogarar í eigu jafnmargra byggðarlaga, á Norðurlandi 12 skuttogarar í eigu 7 byggðarlaga og á Vestfjörðum 6 skuttogarar í eigu 4 byggðarlaga. Þessi atvinnutæki eru beinlinis keypt með það fyrir augum að tryggja atvinnu árið um kring einmitt á þeim stöðum, sem fólk hefur flúið frá áður sakir ónógrar atvinnu. Það er fyllilega rétt að undirstrika það einnig, að til sumra þessara byggðarlaga hefur því aðeins verið kleift að kaupa þessi skip, að heimaaðilar hafa við kaupin notið verulegs aukastuðnings frá byggðasjóði, en eitt fyrsta verk ríkisstj. var að koma á þeim sjóði í stað atvinnujöfnunarsjóðsins. Og haldi menn, að hér hafi aðeins verið um nafnbreytingu að ræða, eru um viðhorf ríkisvaldsins til þessara mála skýrar tölur, er sýna mismuninn nú og undir viðreisn. Ríkissjóður lagði atvinnujöfnunarsjóði beint til 15 millj. kr. síðasta ár viðreisnar, til byggðasjóðs fara á þessa árs fjárlögum 100 millj. kr. beint úr ríkissjóði. Tölurnar tala sínu máli.

En skuttogararnir eru aðeins önnur hlið þessa máls. Samhliða þessum kaupum er verið að gera stórátak í frystihúsabyggingum víðs vegar um land, svo að frystihúsin séu fær um að taka við hinum auknu verkefnum. Ég nefni sem dæmi, að á Austurlandi hefur verið ákveðin nýbygging fjögurra frystihúsa, og svipaða sögu er að segja víða frá Norðurlandi. Auk þess er um að ræða stórframkvæmdir víða um land í endurnýjun og fullkomnun frystihúsanna. Öll þessi nýju verkefni kosta eðlilega mikið fjármagn, en núv. stjórnvöld hafa þá trú á okkar innlendu atvinnuvegum, að þau trúa því fullkomlega, að það fjármagn skili sér margfallt til baka í aukinni verðmætasköpun, aukinni atvinnu fólks í órofa tengslum við endanlegan sigur okkar í landhelgismálinu.

Það dylst engum, að hér er um hreina byltingu í atvinnumálum landsbyggðarinnar að ræða. Hér er verið að leggja grunn að því margumtalaða byggðajafnvægi í reynd, í verki. Í kjölfar þessa hafa svo fylgt stórkostlega auknar framkvæmdir í hafnarmálum hinna ýmsu staða landsbyggðarinnar, uppbyggingin þar hlýtur að haldast í hendur við aukningu atvinnutækja og bætta vinnslumöguleika. Ný hafnalög munu hér einnig valda gerbreyttri aðstöðu sveitarfélaga og tryggja fjárhagslegan grundvöll framkvæmdanna enn betur en verið hefur.

Framkvæmdir í vegamálum landsbyggðarinnar hafa aldrei verið meiri en nú, og til viðbótar við veigamikil verkefni á Austurlandi, Norðurlandi og á Vestfjörðum er svo stórframkvæmdin við hringveginn. Séu framkvæmdir í vegamálum í heild athugaðar, kemur það einnig áberandi í ljós, að nú er einmitt meginþunginn í vegaframkvæmdum úti á landsbyggðinni, þveröfugt við það, sem oft hefur verið. Einnig hér hafa orðið ánægjuleg straumhvörf.

Á næsta ári á rafvæðingu sveitanna að ljúka samkvæmt þeirri þriggja ára áætlun, er ríkisstj. setti í upphafi valdaferils síns. Sú áætlun verður látin standast, og þar með verður einu mesta hagsmunamáli sveitanna komið í örugga höfn.

Þessa dagana er verið að fjalla um eitt stærsta og þýðingarmesta hagsmunamál okkar úti á landsbyggðinni, heilbrigðisþjónustuna. Við það frv. eru miklar vonir margra bundnar. Það skal vonað, að með því skipulagða kerfi heilbrigðisþjónustu, sem upp á að koma, megi takast sem allra fyrst að leysa þann örðuga þátt í lífsbaráttu fólks úti í hinum dreifðu byggðum, sem falizt hefur í öryggisleysi læknaskortsins. Til framkvæmda á þessu sviði hefur á stjórnarárum núv. ríkisstj. verið varið stórkostlega auknu fjármagni. Til framkvæmda í heilbrigðismálum utan Reykjavíkur var varið 56 millj. árið 1971, á þessu ári er upphæðin 135 millj. Hvað sem öllum verðhækkunum líður, er hér um hreina byltingu að ræða.

Þess er sannarlega rétt að minnast, þegar stjórnarandstaðan er að ærast út af aukningu ríkisútgjaldanna, að þá eru þessir sömu herrar að mæla á móti þessum auknu framlögum til hafna, til vega, til heilsugæzlustöðva, að ekki sé nú talað um hina gífurlegu stökkbreytingu, sem orðið hefur í framlögum til tryggingamála og ýmislegra félagslegra umbóta. Hér hefur sannarlega verið brotið blað. Í stað áratuga orðræðna um byggðastefnu og byggðajafnvægi er nú af stórhug verið að framkvæma byggðastefnu, koma á byggðajafnvægi. Að þessu lýtur einnig sú stefna ríkisstj. að freista þess að flytja sem mest af starfsemi ríkisins út á landsbyggðina, stuðla að stóraukinni valddreifingu í ríkiskerfinu, en um það munu væntanlega lagðar ítarlegar till. fyrir næsta þing.

Byggðastefna í verki er fólki ólíkt dýrmætari en fjálglegar orðræður um þessi efni. Öll stór orð og hávaði stjórnarandstöðunnar fær ekki haggað þessari staðreynd. Það er því rík ástæða til þess fyrir landsbyggðarfólk til sjávar og sveita að slá skjaldborg um þessa ríkisstj., því að stjórnarandstaðan er sannarlega hávaðasöm og sparar ekki stór orð um hrun og auðn. Menn hafa í kvöld fengið að kynnast nokkrum tilbrigðum í þeirri strandsinfóníu.

En stjórnarandstöðunni er sannarlega nokkur vorkunn, henni er af eðlilegum ástæðum dimmt fyrir augum. Þrátt fyrir ýmiss konar gagnrýni almennings, sem reyndar er hverri ríkisstj. holl og nauðsynleg, er ein staðreynd ofar öðrum. Hún er svo sannarlega ljós þeim, sem nú una utan garðs. Það er ekki óskað eftir því, að þeir taki við stjórnartaumunum. Svo mikill er máttur mannlegrar gleymsku ekki, að íslenzk alþýða hafi ekki rækilega í minni athafnir þeirra og afglöp, af þeim fékk hún dýrkeyptari reynslu en svo, að hún vilji kalla slík örlög yfir sig á ný. Fólkið í landinu vill, að þessi ríkisstj. haldi áfram forustu í landhelgismálinu og leiði það til fulls sigurs. Það styður heilshugar þá innlendu atvinnuuppbyggingu, sem hvarvetna sér glæsileg merki. Ríkisstj. er sannarlega treyst til þess að halda áfram þeim stórfelldu verkefnum í félagslegum efnum, sem við er fengizt. Allt launafólk treystir því einnig, að þessi ríkisstj. tryggi því áfram þann aukna kaupmátt launa, sem er staðreynd í dag. Þessari ríkisstj. er einnig treyst til þess, ekki hvað sízt af æskunni í landinu, að hún losi okkur við óþrifin á Miðnesheiði. Til varðstöðu um þessi mál er Alþb. treyst fyrst og fremst af eðlilegum ástæðum sem róttækasta og framsæknasta aflinu innan stjórnarinnar. Já, stjórnarandstöðunni er því vorkunn að heyra í eyrum sér bergmála rödd fólksins í landinu, er það jafnhliða þessu hefur uppi þá heitstrengingu dýrasta: Aldrei aftur viðreisnarstjórn! — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Vertíðarlok eru fyrir dyrum hér á Alþ. Við slík tímamót er vissulega ástæða til að staldra við, horfa um öxl og kanna, hvað gerzt hefur á liðnum vikum og mánuðum.

Fyrir röskum mánuði var útvarpað héðan frá hv. Alþ, umr. um þáltill. sjálfstæðismanna um vantraust á ríkisstj. Ég held, að vart hafi í annan tíma nokkur stjórnarandstaða staðið verr að vígi um flutning slíkrar till. Þessi tillöguflutningur þeirra sjálfstæðismanna er að mínu mati allrar athygli verður, ekki vegna þess, að þeir skyldu manna sig upp í slíkt, heldur vegna hins, að í þeim málatilbúnaði voru stjórnarandstæðingar sundraðir. Alþfl. fékkst nefnilega ekki til þess að standa að flutningi vantrauststill. með

Sjálfstfl. Það eitt sýnir, að hv. 7. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, og hans liði er ekki alls varnað. Hver var svo málflutningur stjórnarandstöðunnar í þessum umr.? Sjálfsagt hefur enginn búizt við því, að hún blessaði hæstv. ríkisstj. í bak og fyrir, enda kom annað á daginn. Ég minnist ekki neins, ekki eins einasta verks, sem þeir töldu ríkisstj. hafa vel unnið. Þetta heyrðuð þið, hlustendur góðir, endurtekið í kvöld af varaformanni Sjálfstfl. Ég spyr ykkur hv. tilheyrendur. Er slíkur málflutningur á borð berandi fyrir nokkurn viti borinn mann? Ég tel hann móðgun við þá, sem á hlýða, nema því aðeins að þessir aðilar ætlist ekki til þess, að mark sé á þeim tekið.

Þegar sjálfstæðismönnum var ljóst, að upphlaup þeirra með flutningi vantrauststill. hafði mistekizt, töldu þeir nauðsyn bera til annarra ráðstafana, og fyrir valinu varð allsherjar fundarboðun í flestum eða öllum kjördæmum landsins undir kjörorðinu: „Höldum vörð um þjóðarheill". Ekki er mér gerla kunnugt um eftirtekjur þessarar fyrirhuguðu þjóðarvakningar, en þar sem ég þekki til, voru undirtektir hinar dræmustu. Varla kemur á óvart, þó að undirtektir almennings undir málflutning þeirra stjórnarandstæðinga séu dræmar. Ferill þeirra í viðreisnarstjórn í 12 ár er mönnum ekki gleymdur.

Eitt af árásarefnum stjórnarandstæðinga á ríkisstj. er, að hún skyldi beita gengislækkun til lausnar þeim efnahagsvanda, sem við blasti í efnahagsmálum á síðasta hausti. Vandlæting þeirra manna, sem framkvæmt hafa mestu gengisfellingar, sem gerðar hafa verið hér á landi, út af gengisfellingu, sem nemur 10,7%, hlýtur að stafa af því, að hún sé á einhvern hátt á annan veg en þær gengisfellingar, sem þeir sjálfir stóðu að. Það er einmitt staðreynd, að meginmunur er á síðustu gengisfellingu og þeim, sem þeir félagar Jóhann og Gylfi stóðu að. Þetta undirstrikaði líka varaformaður Sjálfstfl. hér áðan. Nú héldu launþegar fullum vísitöluuppbótum á laun, en í tíð viðreisnar var það viðtekin venja, að gengisfellingu fylgdi afnám vísitölubóta. Andstaða þeirra sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksmanna við gengisfellinguna í des. s. l. hlýtur að byggjast á þessum mun.

Stjórnarandstaðan og málgögn hennar hafa gert sér mikinn mat úr því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. og ég höfum verið ósammála ríkisstj. um ráðstafanir vegna jarðeldanna á Heimaey, svo og vegna frv. ríkisstj. um að breyta greiðslu verðlagsuppbóta á laun, þ. e. hins margumtalaða vísitölufrv. Ekki undrar mig, þó að það þyki tíðindum sæta í þeim herbúðum, að einstakir þm. lúti ekki í einu og öllu forskriftum forustunnar, burt séð frá þeirra eigin sannfæringu. Kjarni málsins er einmitt sá, hvort einstakir þm. eigi að hlíta ákvörðunum að ofan í hverju sem er. Brýtur það ekki í bága við þann eið, sem þm. gangast undir? Á því tel ég ekki nokkurn vafa. En það er rétt, að við Björn Jónsson vildum fara aðrar leiðir en hæstv. ríkisstj. til lausnar þess vanda, sem náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum valda. Við töldum eðlilegast, að landsmönnum væri gert að greiða það, sem þyrfti, án þess að brugðið væri gildandi kjarasamningum. Á þetta var fallizt, og ég tel, að afgreiðsla Alþ. á þessu máli, sem gerð var ágreiningslaust, hafi verið því til sóma.

Um vísitölumálið er það að segja, að efni þess frv. er það að nema brott úr kaupgjaldsvísitölu nokkur stig, sem verðhækkunum valda. Hér er efnislega um að ræða sama mál og rætt var hér á Alþ. haustið 1970. Þá stóðu núv. stjórnarandstöðuflokkar að vísitöluskerðingu á útborguð laun. Núv. stjórnarflokkar, sem þá voru í stjórnarandstöðu, börðust réttilega á móti því. Nú hafa orðið hlutverkaskipti. Það, sem núv. stjórnarandstaða taldi sjálfsagt 1970, telja þeir nú óverjandi og kalla öllum illum nöfnum. Hitt kemur mönnum kannske meira á óvart, að sumir þeirra, sem börðust gegn vísitöluskerðingu árið 1970, skuli nú telja hana réttlætanlega. Er furða, þó að mönnum þyki slík vinnubrögð tíðindum sæta? Ég er viss um, að þið, hlustendur góðir, ætlizt til annarra vinnubragða en þeirra, sem hér hefur verið lýst. Núv. forseti Alþýðusambands Íslands var einn þeirra, sem barðist gegn þessum vinnubrögðum haustið 1970, og verkalýðshreyfingin í heild snerist gegn málinu þá eins og ávallt. Það sama gerðist nú. Verkalýðshreyfingin hefur barizt og mun berjast gegn því, að stjórnvöld breyti gildandi kjarasamningum með lagaboði. Með því er vegið að samningsréttinum, sem er einn af hyrningarsteinum verkalýðshreyfingarinnar. En þetta gerði viðreisnarstjórnin undir forustu þeirra Jóhanns og Gylfa og ekki bara einu sinni, heldur oftar. Nú telja þessir stjórnmálaspekúlantar sig þess umkomna að deila á þessi sömu vinnubrögð. Fullyrðingar þessara manna um þetta mál falla dauðar og ómerkar, nema jafnframt fylgi syndakvittun þeirra vegna slæmrar fortíðar.

Telji stjórnvöld þess þörf að skerða laun, þá þarf það að gerast með öðrum hætti. Þá þarf að byrja ofan frá og minnka fyrst hjá þeim, sem hæstu launin hafa, og koma í veg fyrir spillingu í kerfinu, álíka þeirri, sem ríkir varðandi hæstaréttardómara, þar sem sú regla gildir, að þeir hafa í laun á þriðja hundrað þúsund á mánuði, eftir að þeir hætta störfum. Þótt þetta eina dæmi sé nefnt, mætti nefna mörg fleiri. Gegn þessu og öðru álíka ber að snúast fyrst, áður en farið er að tala um að skerða laun hinna lægst launuðu. Vissulega þarf að endurskoða vísitölukerfið. En slíka endurskoðun á að framkvæma í tengslum við gerð almennra kjarasamninga, fyrir því er verkalýðshreyfingin opin. Þá þarf einnig að lagfæra hið sjálfvirka kerfi, sem er þess valdandi, að þeir, sem hæstu launin hafa, fá margfaldar uppbætur á við þá lægst launuðu.

Sumir stjórnmálamenn virðast þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé, að verkalýðshreyfingin taki mismunandi afstöðu til mála eftir því hverjir sitja í stjórn landsins. Ég tel það fyrst og fremst ógreiða við stjórnvöld, ef verkalýðshreyfingin fer að reyna að gera þeim einhvern ímyndaðan greiða með því að hvika frá stefnu sinni í grundvallarmálum. Verkalýðshreyfingunni ber að marka sína stefnu og halda henni fram gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Telji hreyfingin, að stefna stjórnvalda leiði til ófarnaðar, ber henni fyrst og fremst að reyna að beina viðkomandi stjórnvöldum inn á réttar brautir.

Verkalýðshreyfingunni ber að viðurkenna þau verk hverrar ríkisstj., sem eru til hagsbóta fyrir félagsmenn hreyfingarinnar. En á sama hátt hlýtur hún að berjast gegn sérhverjum áformum ríkisvaldsins, sem beint er gegn sömu hagsmunum.

Það er vissulega fagnaðarefni fyrir launþega, þegar að völdum sezt ríkisstj., sem hefur að yfirlýstri stefnu að starfa fyrst og fremst með hagsmuni þeirra fyrir augum. En engin ríkisstj. verður betri eða verri en hennar verk eru, hvað sem allri stefnu líður. Vissulega hefur margt áunnizt í tíð núv. ríkisstj., sem ástæða er fyrir verkalýðshreyfinguna að fagna. Kaupmáttur hefur farið vaxandi og er ekki ástæða til annars en að ætla, að allir möguleikar séu á því, að hann geti enn aukizt á næstu missirum. Aflabrögð á loðnuvertíð og verð á sjávarafurðum eru með þeim hætti, að tilefni gefast til slíkrar ályktunar. Til þess að sýna, hver búbót þjóðarbúinu er að hinum mikla loðnuafla á yfirstaðinni vertíð samfara mjög háu útflutningsverðmæti loðnuafurða, nægir að nefna, að verðmætaaukning loðnuafurða frá fyrra ári svarar til tvöfalds verðmætis útfluttra sjávarafurða frá Vestmannaeyjum á s.l. ári. Verðlag á sjávarafurðum hefur einnig stigið mjög á síðustu mánuðum. Síðasta dæmið eru nýgerðir samningar um sölu á saltfiski, þar sem verðlagshækkun er allt að 35%. Umtalsverð hækkun hefur einnig átt sér stað á frystum fiski. Það virðist því fullkomlega ástæðulaust að missa kjarkinn að því er varðar varðveizlu kaupmáttar á næstu mánuðum og full ástæða til bjartsýni um hag alls almennings og þjóðarinnar í heild á næstu missirum.

Á þingi því, sem nú er að ljúka, hafa vissulega mörg merkileg mál verið lögð fram. Ég nefni hér nokkur dæmi um mál, sem hafa verið afgreidd sem lög frá Alþ. eða ætla má að verði afgreidd á þinginu. Ég nefni fyrst orkuver á Vestfjörðum. Samkv. því er heimiluð frekari stækkun Mjólkárvirkjunar, sem var orðin mjög brýn, og verða raforkumál Vestfjarða þar með leyst um sinn. Ég nefni lög um dvalarheimili aldraðra. Þar er viðurkennd þátttaka ríkisins í stofnun og rekstri dvalarheimila fyrir aldraða. Má vænta, að samþykkt þess verði til að ýta undir það, að sveitarfélög byggi dvalarheimili, en þörf fyrir þau er víða brýn. Ég nefni hafnalög. Frv. til nýrra hafnalaga hefur verið afgreitt, en samkvæmt því er þátttaka ríkisins í byggingu hafna stórlega aukin. Er þess að vænta, að með samþykkt þess frv. dragi úr því ófremdarástandi, sem verið hefur í hafnamálum víða um land. Ég nefni heildarlöggjöf um heilbrigðismál, þar sem m.a. er nýskipan læknishérað, ákvörðun um heilsugæzlustöðvar og ákveðið, að ríkisframlag til byggingar þeirra og sjúkrahúsa verði 85% af kostnaði. Bindur landsbyggðarfólk miklar vonir við, að þetta frv. komi til með að breyta ástandi heilbrigðisþjónustu mjög til betri vegar, og er ekki vanþörf á. Löggjöf um fjölbrautskóla er stórt skref í þá átt að tengja betur en verið hefur skóla og atvinnulíf, og er það liður í heildarendurskoðun fræðslukerfisins. Að síðustu vil ég svo nefna frv. um húsnæðismál, sem væntanlega kemur til með að breyta ófremdarástandi í húsnæðismálum í hinum dreifðu byggðum landsins. Frv. gerir ráð fyrir hækkun lána húsnæðismálastjórnar úr 600 í 800 þús. kr., og í frv. felst einnig sú breyting að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nemi 80% af byggingarkostnaði. Hér er um að ræða útvíkkun á hinu svokallaða Breiðholtskerfi, sem ætlað er að nái nú til þeirra sveitarfélaga, sem ekki byggðu íbúðir samkvæmt því kerfi. Á næstu fimm árum verði veitt lán til byggingar 1000 íbúða, en það svarar til þess, að hvert bæjarfélag geti byggt eina íbúð á hverja 8 íbúa, eða að sveitarfélag með 1000 íbúa geti byggt 12½ íbúð á þessum kjörum.

Þegar Breiðholtsframkvæmdirnar voru ákveðnar árið 1965, var það hreint hnefahögg framan í íbúa landsbyggðarinnar, þar sem samkvæmt því voru höfuðborgarbúum veitt sérstök hlunnindi í lánum fram yfir aðra landsmenn. Á tíma viðreisnarstjórnar var einnig gerð önnur breyting í sömu átt. Þar er átt við breytingu á lögum um verkamannabústaði, sem gerði það að verkum, að í reynd gátu hin fámennari sveitarfélög aðeins byggt ½ til 1½ íbúð á ári og framlög þeirra vegna byggingar verkamannabústaða voru stórhækkuð frá því, sem áður var. M.ö.o. sú stefna, sem viðreisnarstjórnin innleiddi í húsnæðismálum, var sérstakt kerfi fyrir Reykjavík með hagstæðum lánum, en mun lakari kjör fyrir aðra landsmenn, auk þess sem þeim var gert erfiðara um vik með byggingu verkamannabústaða.

Með áðurnefndu frv. ríkisstj., sem verður vonandi samþ. á þessu þingi, er stigið stórt skref í jafnréttisátt í húsnæðismálum milli landsmanna. En rétt er að benda á, að meira þarf til, ef tryggja á búsetu um landið. Það þarf að snúa byggðaþróuninni við. Ég skora á ykkur, hlustendur góðir, alls staðar á landsbyggðinni að þrýsta svo á stjórnvöld, að þeim verði fullljóst, að alvara er á ferðum. Vissulega hefur rofað til, en miklum mun meira þarf að gerast til þess að fullbjart verði.

Herra forseti. Ég hef hér í stuttu máli drepið á aðeins nokkuð af því, sem verið hefur að gerast hér á Alþ. Að sjálfsögðu er miklu fleira, sem ástæða væri til að nefna, en tími minn leyfir það ekki.

Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. áheyrendur. Nú er rúmlega hálft ár liðið síðan við færðum út fiskveiðilögsöguna í 50 mílur. Flestar þjóðir hafa í reynd viðurkennt útfærsluna, ýmist með því að halda skipum sínum utan markanna eða með því að gera við okkur sérstaka fiskveiðisamninga, er heimila þeim veiðar innan landhelginnar samkv. íslenzkum leyfum hverju sinni. Aðeins tvær þjóðir, Bretar og Vestur-Þjóðverjar, hafa haldið uppi ólöglegum fiskveiðum á Íslandsmiðum. Enda þótt við Íslendingar viðurkennum engan sérstakan rétt einmitt þessara þjóða öðrum fremur til fiskveiða hér við land, ályktaði Alþ. þó hinn 15. febr. í fyrra, að áfram skyldi haldið þeim til-

raunum til samninga, sem þá höfðu staðið yfir nokkra hríð við þessar þjóðir um bráðabirgðasamkomulag. Ástæðan til þessa er óefað sú, að mikill fjöldi Íslendinga skilur þá aðstöðu, sem fiskimennirnir í hafnarbæjum Englands, Skotlands og Vestur-Þýzkalands komast í, þegar hluti af fiskimiðum, er þeir hafa stundað, lokast snögglega, og vill, að þessu fólki sé gefinn aðlögunartími. Það er hins vegar misskilningur þessara manna, að þeir geti með endurteknum landhelgisbrotum skapað sér samningsaðstöðu gagnvart okkur. Rétta leið þeirra hefði verið sú, sem Færeyingar og Belgar fóru, að halda skipum sínum fyrir utan landhelgina, meðan samningaviðræður fóru fram um bráðabirgðalausn. En þrátt fyrir þessa framkomu hefur ríkisstj. þó haldið öllum samkomulagsdyrum opnum og gert ríkisstj. Vestur-Þýzkalands og Bretlands tilboð um bráðabirgðalausn, sem enn stendur.

Nýlega er lokið embættismannaviðræðum hér í Reykjavík um þessi mál og ráðherraviðræður standa fyrir dyrum. Það er einlæg von mín, að samkomulag geti náðst, samkomulag, sem sé sæmandi og hagstætt fyrir Ísland á allan hátt og gefi jafnframt þessum þjóðum tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum. Af okkar hálfu hefur verið miðað við 2ja ára tímabil, og verður að vona, að innan þess tíma hafi þær breytingar orðið á skipan landhelgismálanna í heiminum, að sjónarmið okkar um frjálsari tilhögun en hingað til hefur gilt hljóti brautargengi. Er þar einkum horft til hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Við Íslendingar bindum miklar vonir við þessa ráðstefnu, og jafnframt sjáum við þess vaxandi dæmi, að einstakar þjóðir taka sér fiskveiðilögsögu einhliða út frá þeim kringumstæðum, er gilda á hverjum stað. Við höfum því ríka ástæðu til þess að vona, að niðurstaða ráðstefnunnar verði okkur í hag, og nefni ég bara t. d. um þróunina síðustu ályktun utanrrh.-fundar Norðurlanda um daginn, en þar var þeirri eindregnu ósk lýst, að Ísland og önnur strandríki fengju vilja sínum framgengt, að því er fiskveiðilögsögu varðar.

Þungamiðja þessa máls fyrir okkur liggur í samstöðu þjóðarinnar, sem allir góðir Íslendingar vona að geti haldizt, svo sem verið hefur, og endist okkur alla leið til sigurs, og í þessu efni tek ég mjög undir orð Benedikts Gröndals hér áðan.

Um málaferlin fyrir Haag-dómstólnum vil ég á þessari stundu aðeins segja, að íslenzka ríkisstjórnin hefur fylgt þeirri stefnu í samræmi við ákvörðun Alþ., að samningarnir frá 1961 eigi ekki lengur við og séu því ekki skuldbindandi fyrir Ísland. Samkv. þessum skilningi höfum við neitað að mæta fyrir dómstólnum, bæði þegar hann fjallaði um bráðabirgðaúrskurð og eins um eigin lögsögu.

Þriðja atriði málaferlanna er eftir, sjálf efnismeðferðin. Það er skoðun mín, að við eigum enn að undirstrika það, að við getum ekki fallizt á dómsvald erlends dómstóls í lífshagsmunamáli okkar, með því að mæta ekki heldur við þann kafla málaferlanna. Um þetta eru nokkuð skiptar skoðanir. En við verðum með hliðsjón af hinni mikilvægu samstöðu þjóðarinnar að reyna að skoða einnig þetta mál rólega og yfirvegað og gera það, sem að beztu manna yfirsýn þjónar raunverulega hagsmunum Íslands á tryggilegastan hátt.

Annar þáttur þeirra mála, sem ég hef fengizt við að undanförnu, eru hin svonefndu varnarmál. Það skal játað, að í þeim hefur ekki svo mikið gerzt sem vert væri. Koma þar fyrst og fremst til störf og annir vegna landhelgismálsins, er frá upphafi hefur haft algeran forgangsrétt hjá ríkisstj. og þá utanrrn. alveg sérstaklega. Nokkuð hefur þó verið að málinu unnið, og skal ég nefna það helzta. Allítarleg könnun hefur farið fram á efnahagslegum áhrifum þess fyrir okkur, að varnarliðið færi brott af landinu. Þessi könnun hefur verið gerð tvívegis með árs millibili. Þá hefur álits NATO verið leitað um mikilvægi herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli fyrr varnir Atlantshafsbandalagsins, og hefur svar ráðsins borizt og verið kynnt utanrmn. Alþ. Allmiklar tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá umsögn hlutlauss aðila um þýðingu Keflavíkurstöðvarinnar, en á því eru mikil vandkvæði, þar eð hlutlausir aðilar eru mjög ófúsir til að taka slíkt verk að sér. Þó hefur sænskur sérfræðingur gert á máli þessu nokkrar athuganir, og hafa niðurstöður hans legið fyrir nú um hríð. Þá fór ég ásamt embættismönnum utanrrn. í ferð til Washington í janúarmánuði s. l. og ræddi um varnarmálin við utanrrh. Bandaríkjanna og fulltrúa frá hermálaráðuneytinu, og hefur skýrsla mín um þá för einnig verið afhent ríkisstj. og utanrmn. Alþingis.

Næsta skref í þessum málum verður að taka ákvörðun um það, hvenær endurskoðun varnarsamningsins skuli hefjast, og vænti ég þess, að það geti orðið bráðlega. Hvað sem skoðanamun líður um það, til hvers sú endurskoðun eigi að leiða, virðist svo sem allflestir séu sammála um, að hún skuli fara fram, enda fullkomlega eðlilegt, að 20 ára gamall samningur, sem gerður var við gjörólíkar aðstæður því, sem nú er, þurfi endurskoðunar við.

Samningurinn við Efnahagsbandalag Evrópu hefur verið fullgiltur, og koma ákvæði hans um iðnaðarvöru því til framkvæmda, en vegna fyrirvara bandalagsins um það, að tollaundanþágur fyrir fiskafurðir okkar verði háðar því, sem þeir kalla viðunandi lausn á landhelgismálinu, frestast þau ákvæði enn um skeið. Það er auðvitað mikils virði fyrir okkur að njóta tollfríðinda bandalagsins gagnvart helztu útflutningsafurðum okkar, og er það því viðbótarástæða við það, sem ég áðan sagði um það, að takast mætti að komast að hagstæðum samningum um landhelgismálið.

Um utanríkismálin að öðru leyti ætla ég ekki að ræða í þessum stutta tíma hér í kvöld, enda mun ég alveg á næstunni flytja Alþ. skýrslu um þau mál í samræmi við ákvæði þar um í málefnasamningi ríkisstj.

Ýmsum mönnum hér á hv. Alþ. gerist nú mjög tíðrætt um hið einstæða góðæri, er Íslendingar búi við um þessar mundir, eins og t. d. hv. þm. Geir Hallgrímssyni hér áðan. Það er auðvitað bæði rétt og satt, að verðlag á ýmsum útflutningsafurðum okkar er hátt og loðnuaflinn er meiri en nokkru sinni fyrr. En að fleiru

þarf að hyggja. Aflabrögð á vetrarvertíð hafa t.d. verið léleg, um 25% minni en í fyrra. Og skyldi það ekki einhvern tíma hafa hlotið að teljast til meiri háttar áfalla, að stærsta verstöð landsins, þar sem milli 5. og 6. hluti allrar útflutningsframleiðslu landsins var unninn, hefur í einu vetfangi verið gerð óvirk og algerlega kippt úr sambandi? Og skyldi það ekki einhvern tíma hafa þótt auka byrðarnar og það verulega að þurfa að leggja á þjóðina nýja skatta, sem nema hvorki meira né minna en 2000 millj. kr. á einu ári, vegna þessa áfalls? Menn verða að hafa þetta í huga, þegar þeir eru að draga upp mynd af efnahagsástandinu og bera saman við það, sem áður var, annars verður myndin skrumskæld. Dýrtíðaraukningin er mikil hér og öllum áhyggjuefni og þá okkur í ríkisstj. ekki síður en öðrum. En gleymum því samt ekki, að hluti hennar er til kominn vegna þeirra sérstöku ástæðna, sem ég var að nefna.

Þá hefur gengisfelling dollarans verið okkur þung í skauti, eins og eðlilegt er, þegar þess er gætt annars vegar, að meginhluti útflutningstekna okkar er greiddur í þeim gjaldeyri, en þorri innflutningsins keyptur fyrir þann gjaldeyri, er stórlega hefur hækkað í verði. Einnig á þennan hátt vex dýrtíðin og aðstaða útflutningsframleiðslunnar versnar, án þess að við fáum þar nokkra rönd við reist. Þá er það á allra vitorði, að dýrtíð í helztu viðskiptalöndum okkar hefur vaxið óðfluga undanfarin ár, og langar mig því til staðfestingar að nefna hér örlítið dæmi. Ég var á ferð í Noregi um daginn og þá sagði mér kunningi minn þar sögu, sem hann taldi táknræna fyrir þróunina í því landi. Hann sagði, að fyrir þremur og hálfu ári hefðu póstburðargjöld verið fyrir einfalt bréf 60 aurar norskir, nú væru þau komin upp í eina krónu. Þannig hefur þessi opinbera þjónusta í Noregi hækkað um hvorki meira né minna en 67% á rúmum þremur árum. Og sá, sem sagði mér, taldi, að hliðstæðar hefðu hækkanirnar verið einnig á öðrum sviðum. Þessarar dýrtíðarauknningar í viðskiptalöndum okkar gætir auðvitað einnig hér á landi. Við verðum að mæta henni án þess að fá á nokkurn hátt við hana ráðið.

En hvað sem þessu líður, er það þó staðreynd, því miður, að dýrtíðin er of mikil hér, síðastur manna skal ég neita því, og við henni verður að snúast með öllum tiltækum ráðum. Ríkisstj. hefur hamlað gegn verðhækkunum, eins og kostur hefur verið, en allir vita, að þegar hún tók við, voru faldar margs konar hækkanir í kerfinu vegna verðstöðvunar viðreisnarstjórnarinnar, sem hlutu að brjótast fram, þegar þeirri verðstöðvun var aflétt. Kauphækkanir opinberra starfsmanna voru umsamdar og hlutu að leiða til hækkunar annarra launa, eins og líka kom á daginn í samningunum 1971, og einnig það hlaut að leiða til hækkunar á vöruverði. Það er því ljóst, að leita verður nýrra ráða til að hamla gegn verðbólgunni, og að mínu mati er helzta leiðin til þess sú að hafa samráð við atvinnustéttirnar í landinu og freista þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu í vísitölumálunum, því að með þau mál öll í þeim rígbundnu skorðum, sem nú eru, verður fátt til varnar. Verðlagsuppbót á laun er öryggisventill launþegans, og honum þýðir ekki að fórna. Fyrrv. ríkisstj. reyndi að kippa víxlverkunum kaupgjalds og verðlags úr sambandi 1963. Sú tilraun mistókst, og dýrtíðaraukning varð sjaldan eða aldrei meiri en einmitt það ár. En núgildandi vísitölureikningur stendur á gömlum merg og e.t.v. er hann úreltur orðinn. Vonir standa til, að með samvinnu við launastéttirnar geti tekizt að finna eðlilegri grundvöll. Að þessu verður að vinna og nota tímann vel.

En hvað þá um kjör manna og afkomu um þessar mundir? Er ástandið slæmt í þeim efnum? Þessu getur hver bezt svarað fyrir sjálfan sig. Viljið þið ekki, hlustendur góðir, gera úttekt á þessu? Líður ykkur efnahagslega illa? Getið þið ekki fengið nóg að vinna? Er kaupið lágt? Er kaupmáttur launanna lítill? Er skortur á nauðsynjavörum? Þessu svarar auðvitað hver fyrir sig, og að sjálfsögðu eru kjörin eitthvað misjöfn. En þegar á heildina er litið, blasa nokkrar staðreyndir við. Ég nefni þær helztu:

Útreikningar hagrannsóknanefndar Framkvæmdastofnunarinnar sýna, að einkaneyzla á mann nam árið 1972 um 202 þús. kr. og hefur aldrei verið hærri. Fyrra hámark einkaneyzlu var árið 1967 og var þá 168 þús. kr., reiknað á sama verðlagi. Þessi hækkun nemur 20%. Að þessu leyti erum við sambærilegir við flestar þjóðir í Vestur-Evrópu og margfalt hærri en meiri hluti þjóða heims.

Þá er það atvinnuöryggið. Staðreyndin, sem við okkur blasir, er sú, að það hefur aldrei verið meira að gera hér á landi en einmitt nú. Að vísu verður staðbundið atvinnuleysi hér alltaf við lýði og seint með öllu útilokað, en yfirleitt er ástandið þannig, að hér vantar alls staðar fólk, og eitt helzta vandamálið í útvegi og iðnaði í dag er einmitt vinnuaflsskorturinn. Og vinnustöðvanir hafa verið með minna móti, þótt verkfallið á togaraflotanum bregði þar nokkrum skugga á.

Og kaupmáttur launanna, hvað er að segja um hann? Það kom fram í skýrslu, sem flutt var á þingi Alþýðusambands Íslands í nóv. s.l., að kaupmáttur launa verkafólks fyrir hverja greidda vinnustund í almennri vinnu í Reykjavík hafði hækkað í valdatíð núv. ríkisstj. um 28% á 1½ ári og farið úr 107,2 stigum á öðrum ársfjórðungi 1971 upp í 137,6 stig á fjórða ársfjórðungi 1972. Í báðum tilvikunum var miðað við grunntöluna 100 á fyrsta ársfjórðungi 1968 og vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta segir alveg afdráttarlausa sögu um þær breytingar, sem orðið hafa á kaupmætti launanna að undanförnu. Og ekki þarf heldur lengi að ganga um götur Reykjavíkur til þess að sannfæra sig um það, að vöruskortur er hér enginn. Allar búðir eru sneisafullar af varningi. Þrátt fyrir þetta batnaði gjaldeyrisstaða þjóðarinnar um 700 millj. kr. á s.l. ári og vörukaupalán hækkuðu aðeins um 97 millj. kr., sem er miklu minna en undanfarin ár.

Fjármál ríkisins eru jafnan mjög til umr., og s.l. ár spáði stjórnarandstaðan þar verulegum greiðsluhalla og taldi útlitið svart. Benedikt Gröndal var áðan að gefa í skyn, að staða ríkissjóðs væri mjög bágborin. Nú liggja staðreyndir fyrir. Ríkisreikningurinn 1972 hefur verið lagð-

ur fram, og er hann fyrr á ferðinni en nokkru sinni fyrr. Reikningurinn sýnir, að nettógreiðsluafgangur er 689,6 millj. kr., og ef ekki hefðu komið til framlög til vegamála, landhelgisgæzlu og þess háttar, sem ákveðið var af Alþ. utan fjárlaga með sérstökum lögum, en fært á rekstrarreikning ríkissjóðs, hefði rekstrarjöfnuðurinn orðið enn hagstæðari eða sem numið hefði 984,8 millj. kr. Þetta segja staðreyndirnar um hag ríkissjóðs við s. l. áramót.

Ef við lítum á stöðu þjóðarinnar með sanngirni, eigum við Íslendingar því að geta horft björtum augum til framtíðarinnar. Alls staðar blasir uppbyggingin við. Við erum að stækka landhelgina. Við erum að eignast góðan húsakost fyrir alla þjóðina, fyrir 50 árum áttum við varla nokkurt hús. Við erum að eignast togara og fiskiskip í áður óþekktum mæli. Við erum að eignast öflugan útflutningsiðnað og eigum þegar verksmiðjur í öðrum löndum. Við erum að umbylta hraðfrystiiðnaðinum. Sveitirnar eru ræktaðar, uppbyggðar og óþekkjanlegar, frá því að ég var ungur maður. Við erum að eignast tröllaukin raforkuver, sem eru undirstaða stóriðju. Skólakerfi okkar er meðal þess, sem bezt þekkist annars staðar, heilbrigðisþjónustan einnig. Tryggingamál aldraðra eru að komast í heilbrigt horf. Og við erum að eignast hringveg um landið okkar, sem er forsenda eðlilegrar landnýtingar, svo að vitnað sé til orða annars manns.

Já, alls staðar blasir uppbyggingin við, eins og ég áðan sagði, og stórfelldari en nokkru sinni fyrr. Við skulum halda sókninni áfram, Íslendingar, og skapa á þann hátt niðjum okkar bjarta framtíð í þessu blessaða landi.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Að þessu sinni mun ég gera að umtalsefni orð og athafnir stjórnmálamanna og vanda og verkefni vinstri hreyfingar í landinu.

Þegar hin heimatilbúna gengisfelling um 10,7% var kunngjörð í des. s. l., létu stjórnmálaforingjar í ljós álit sitt á henni. Forsvarsmenn núv. ríkisstj. voru þeirrar skoðunar, að gengisfellingin væri góð, en gengisfellingar viðreisnarstjórnarinnar hefðu verið vondar. Aftur á móti töldu málsvarar stjórnarandstöðunnar, að þessi gengisfelling í des. væri vond, en gengisfellingarnar á tímum viðreisnar hefðu verið góðar.

Þessi viðtöl í sjónvarpinu mega heita spegilmynd af íslenzkum stjórnmálaumr., þar sem hlutirnir eru annaðhvort málaðir svörtum eða hvítum litum. Millilitir eru vart til. Málflutningur af þessu tagi hentar án efa þeim mönnum, sem trúa á ákveðna stjórnmálaflokka, en hlýtur að vera fráhrindandi fyrir hugsandi og leitandi menn, sem vilja eftir megni reyna að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir málefnum hverju sinni.

En samfara þessu láta stjórnmálamenn sig oft og tíðum litlu varða stefnuskrá, markmið og kosningaloforð. Því skal sízt neita, að þegar menn vinna saman, verða þeir oft að hnika til skoðunum sínum til samkomulags. En það eru til, hljóta að vera til og eiga að vera til viss háleit baráttumál, sem ekki er leyfilegt að verzla með. Ef ekkert mál er lengur heilagt stjórnmálaflokki, á hann ekki lengur neinn tilverurétt. Og þetta á líka við stjórnmálamanninn sem einstakling. Þá er ekki lengur um að ræða þjóðmálabaráttu til farsældar fyrir land og lýð, heldur persónulega hagsmunabaráttu til að reyna að tryggja sér aðstöðu og forréttindi. Og því miður er helzti veikleiki vinstri hreyfingarinnar, að um þessar mundir eru meðal hennar liðsoddar, sem skeyta lítið um fyrirheitin. Þeir heita á vinstri menn að sameinast, en kljúfa hvern flokkinn á fætur öðrum. Þeir heita að gripa ekki til gengisfellinga, en krefjast síðan gengisfellingar. Þeir heita að rjúfa hið staðnaða flokkakerfi, en kappkosta nú að koma því í fyrri skorður. Þeir heita að útrýma flokksræði, en beita því á svo skefjalausan hátt, að þeir hafa kallað yfir sig lögbann. Þeir heita á þjóðina að standa saman í fiskveiðideilunni, þar sem útfærsla lögsögunnar sé mál Íslendinga einna, en rjúfa síðan einingu þjóðarinnar í málinu.

Vandi vinstri hreyfingarinnar er vissulega mikill og ekki nema von, að sitthvað fari úrskeiðis. Það hlýtur að vera skýlaus krafa, að íslenzkir stjórnmálamenn reyni að tala um hlutina eins og þeir eru í reynd og standi við þau fögru fyrirheit, sem þeir gáfu, þegar þeir voru að biðla til kjósenda um stuðning til setu á Alþ.

Af þessu er ljóst, hvers vegna ég tala ekki um núv. ríkisstj. sem algóða eða alvonda, eins og öðrum þm. er nokkuð tamt, en leitast við í þess stað að ljá liðsinni því, sem vel er gert, en gagnrýna það, sem miður fer. Í umr. hér á Alþ. fyrir röskum mánuði um vantraust á ríkisstj. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til hennar. Sú afstaða hefur ekki breytzt. Þar lét ég m. a. svo um mælt, að með hinum háu fjárl. og gengisfellingunni í des. s. l. hefði ríkisstj. sjálf stuðlað að nokkru leyti að þeirri háskalegu verðlagsþróun, sem nú á sér stað í landinu. Að sönnu er vandkvæðum bundið að hafa hemil á verðbólgunni, en skylt er að reyna það eftir mætti. Koma þá upp í hugann tvö atriði: að fara ekki of geyst í framkvæmdir og beita sparnaði og aðhaldi í ríkisbúskapnum.

Niðurstöðutölur núgildandi fjárl. eru 22 milljarðar kr. Menn voru á því, að hér væri stefnt í ógöngur, og var því ríkisstj. veitt heimild til að lækka fjárl. um 15% til að draga úr þenslunni. En nú brá svo við, að Alþ. samþ. framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973, og þar er gert ráð fyrir framkvæmdum, er kosta um 13—14 hundruð millj. kr. Við afgreiðslu málsins sat ég hjá og gerði eftirfarandi grein fyrir atkvæði mínu: „Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti þessum framkvæmdum, sem hér eru ráðgerðar, síður en svo. Samt virðist mér framkvæmdaáætlun þessi vera í mótsögn við þá stefnu að lækka útgjöld fjárl. um 15%, enda liggur ekki fyrir neitt heildaryfirlit yfir stöðu fjárfestingarsjóða, hvorki fyrir útlánafyrirætlunum þeirra né fjáröflun. Mikil atvinna er í landinu og jafnvel skortur á vinnuafli. Því væri ástæða til að koma á nokkru jafnvægi á vinnumarkaðinum með því að efna ekki til verulegra framkvæmda, eins og sakir standa, og þannig

óbeint hamla á móti vaxandi verðbólgu og þenslu í þjóðfélaginu".

Mikill vinnuaflsskortur hefur verið í landinu, einkum við sjávarsíðuna. Hætt er við, að þessar miklu fjárfestingarframkvæmdir laði til sín vinnuafl úr framleiðslugreinum, og hvernig förum við að því að manna fiskiskip okkar, ef sjómenn streyma í land? Hér þarf bersýnilega að gera tvennt: að búa svo vel að sjómönnum, að þeir uni við störf sín, og stofna ekki til of mikilla framkvæmda, þegar hörgull er á vinnuafli.

Fleiri þjóðir en við eiga við sjúkdómseinkenni verðbólgunnar að stríða, svo sem Danir. Hvernig fara þeir að? Nýlega samþykkti danska þingið að skera niður ríkisútgjöld á næstu tveim árum og fresta um skeið gildistöku kostnaðarsamra laga og spara þannig rúmar 4000 millj. danskra kr. Þessi sparnaður kemur niður á framkvæmdum og félagsmálum engu síður en öðrum málaflokkum. Og ég vil minna á, að að þessum niðurskurði stóðu jafnaðarmenn og sósíliski þjóðarflokkurinn, þ.e. vinstri menn. Þetta hljóta að vera ákaflega óvinsælar ráðstafanir, en þær sýna, að Danir vilja leggja flest í sölurnar til að vernda verðgildi dönsku krónunnar og forðast gengisfellingu.

Það er sannarlega kominn tími til fyrir Íslendinga að læra af reynslu annarra þjóða og af eigin reynslu í þessum efnum. Sparnaður, ráðdeildarsemi, aðhald, áætlunarbúskapur á að koma í staðinn fyrir árvissar gengisfellingar. Það þarf að breyta um stefnu í efnahagsmálum. Úr því að hér er minnzt á sparnað, kemur í hugann hin mikla yfirbygging í ríkisbákninu. Nýlega var gerð úttekt hjá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem leitt var í ljós, að miklu var áfátt í daglegum rekstri stofnunarinnar og þjónustu við almenning. Úttektir af þessu tagi ætti að gera við öll ríkisfyrirtæki, stofnanir og rn. alltaf öðru hverju og fylgja þeim eftir. Einnig þarf að gera ýmsa aðra þarfa hluti, taka fyrir, að ráðh. láti að heita má gefa sér lúxusbíla, taka fyrir, að forstöðumenn ríkisstofnana geti fengið stórlán til 10 ára á 5% vöxtum til þess að kaupa sér einkabíla, taka fyrir, að fastir starfsmenn ríkisins taki 100 þús. kr. á ári fyrir setu í nefndum og ráðum, sem þeir vinna að mestu eða öllu leyti í vinnutímanum.

Allir stjórnmálaflokkarnir tala um að draga úr og lagfæra þessa miklu yfirbyggingu, sem er að sliga þjóðfélagið. Af hverju er ekkert gert? Af því að allir flokkar eiga þátt í þessu. Hér kemur til hin rómaða samábyrgð, en henni fylgir getuleysi og viljaleysi til úrbóta. Bankakerfið er skýrt dæmi um samábyrgðina. Flokkarnir hafa skipt bankakerfinu á milli sín og eiga sína bankastjóra. Núv. bankamrh. Lúðvík Jósepsson hefur lýst því tvisvar yfir á Alþ., að lagt yrði fram á yfirstandandi þingi frv. um endurskoðun bankakerfisins. En auðvitað hefur ekkert orðið úr því. Bankakerfið er undirstaðan að tryggingakerfi flokkanna, og við því vilja þeir að sjálfsögðu ekki hrófla, svo að nokkru nemi.

Heildarskoðun skattal. fer nú fram, og er sýnt, að verulegra úrbóta er þörf. Má nefna m.a. þessi atriði:

1) Dagvinnutekjur verkamanna verði ekki skattlagðar.

2) Persónufrádráttur verði hækkaður og sé miðaður við raunverulegan framfærslukostnað.

3) Skattþrepin séu breikkuð, þannig að fólk með miðlungstekjur og jafnvel þurftartekjur lendi ekki í hæsta skattstiga.

4) Stefnt sé að því að skattleggja eyðsluna, draga úr beinum sköttum, en afla fremur tekna með óbeinum sköttum.

5) Tryggja verður miklu betur en nú er gert réttláta byrði, þannig að menn geti ekki smeygt sér undan því að greiða eðlileg gjöld til hins opinbera miðað við tekjur. Frádráttarliðir frá tekjuskatti, svo sem risna og einkabílar hjá fyrirtækjum, verði óheimilir.

6) Taka þarf upp staðgreiðslukerfi skatta.

Það má ekki spenna bogann svo hátt með framkvæmdum, hversu æskilegar sem þær kunna að vera, að launafólki verði skattabyrðin áþján.

Nú er verið að koma upp landshlutasamtökum, sem miðast við kjördæmi landsins og eiga að vera stjórnunareiningar. Ég fagna þessu mjög. Ég tel brýnt úrlausnarefni í íslenzkum stjórnmálum að veita fólki á landsbyggðinni meiri aðild að ákvörðun eigin mála, meira sjálfsforræði svo sem í fræðslumálum, atvinnumálum, heilbrigðismálum og fjármálum. Valdið til fólksins, dreifing valdsins. En samtímis má ekki binda fólkið í þéttbýlinu við mölina. Það verður að hafa aðgang að náttúru landsins og gæðum þess. Það er af hinu illa að ala á úlfúð milli dreifbýlis og þéttbýlis, því að ef grannt er skoðað, fara hagsmunir þeirra saman, og þannig ber að standa að þessum málum.

Vinstri hreyfingin í landinu virðist ekki hafa neitt bolmagn til þess að gera neinar verulegar breytingar á efnahagskerfinu, svo sem að setja vátryggingar og olíudreifingu undir félagslega stjórn né heldur að knýja fram hagkvæmari dreifingu og rekstur fiskvinnslustöðva. Ein megin ástæðan er sú, að verkalýðshreyfingin er ekki lengur róttækt umbótaafl, heldur kyrrstöðuafl. Kosningar til stjórna verkalýðsfélaga og ASÍ verða æ fátíðari, og er sjálf stjórn ASÍ spegilmynd af ástandinu.

Tryggingakerfi flokkanna tröllríður nú verkalýðshreyfingunni, og þar má engu hagga, líkt og í bankakerfinu. Meðan svo er, standa málin þannig í íslenzkum stjórnmálum, að erfitt er að tala um hægri og vinstri stefnu. Það má segja með nokkrum ýkjum, að við stjórnarskipti sé fremur skipt um menn en að um stefnubreytingu sé að ræða. Staðreyndin er sú, að núv. stjórnmálaflokkar, sem samkvæmt eðli og uppruna voru stofnaðir til að vera hreyfiafl framfara og umbóta, hafa ánetjast um of af sjálfu valdakerfinu, tryggingakerfi kyrrstöðunnar, að þeir eru naumast þeim vanda vaxnir að standa að meiriháttar þjóðfélagsbreytingum, þótt þeir fegnir vildu.

Hið íslenzka flokkakerfi er því ekki í samræmi við kröfur tímans. Það ríður á að stokka það upp, þannig að einlægt félagshyggjufólk úr öllum flokkum nái að standa saman í einni fylkingu til að vinna að baráttumálum sínum.

Hér á eftir vil ég telja upp 10 verkefni félagshyggjumanna:

1) Að breyta efnahagskerfinu þannig, að komizt verði hjá árvissum gengisfellingum.

2) Að draga úr miðstjórnarvaldi og auka sjálfstjórn landsbyggðarinnar.

3) Að taka til rækilegrar athugunar yfirbyggingu ríkisbáknsins í því skyni að koma á meiri sparnaði og hagkvæmni í rekstri.

4) Að stuðla að því, að verkalýðshreyfingin verði virkur þátttakandi í þjóðfélagsbaráttunni.

5) Að rjúfa staðnað flokkakerfi, til þess að unnt verði að leysa verkefnin, sem við blasa, á félagslegan hátt.

6) Létta skattabyrði á lágtekju- og miðlungstekjufólki.

7) Að endurskoða bankakerfið.

8) Að semja neytendalöggjöf, er næði ekki aðeins yfir vörur og þjónustu, heldur og húsnæði.

9)Að stuðla að því, að varnarliðið hverf úr landi.

10) Að tryggja jafnrétti þegnanna á öllum sviðum.

Að þessum baráttumálum munum við í Samtökum frjálslyndra í Reykjavík vinna ótrauðir og mundum fagna því, að menn hvaðanæva af landinu gengju til samstarfs við okkur.

Að lokum þetta: Allir hljóta að vona, að jarðeldunum í Heimaey taki nú að linna. Og lofsverður er dugnaður og bjartsýni þeirra manna, er berjast fyrir því öllum stundum, að Vestmannaeyjar verði áfram einn helzti útgerðar- og athafnabær landsins.

Megum við vissulega taka þessa menn til fyrirmyndar og vera bjartsýnir um framtíðina, a. m. k. á meðan íslenzkar sjávarafurðir stíga stöðugt í verði á erlendum mörkuðum og útflutningsverðmætin aukast ár frá ári. Vissulega eigum við Íslendingar í nokkrum vanda, þar sem við heyjum nú stranga baráttu við Breta og Vestur-Þjóðverja um viðurkenningu 50 mílna fiskveiðilögsögu. Í þessu efni þurfum við að taka á öllu okkar, ef vel á að farnast.

Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram, að sú stefna, sem mörkuð var í landhelgismálinu á Alþ. 15. febr. 1972 og ríkisstj. hefur fylgt, hafi ekki lengur þingmeirihl. að baki. Ég skora hér með á stjórnarandstöðuna að ganga úr skugga um það hér á Alþ. með flutningi till. um það efni. Að mínu viti ber ríkisstj. að slíta ekki þingi, fyrr en úrslit liggja fyrir í þessu máli. Ef svo reynist, að þingmeirihl. gangi í berhögg við hina einróma mótuðu stefnu, ber að rjúfa þing og láta þjóðina skera úr þessu með nýjum þingkosningum. Allur tvískinnungur og undansláttur slævir baráttuþrek þjóðarinnar í þessu lífshagsmunamáli hennar. En einungis órofa samstaða um markaða stefnu getur tryggt henni fullan sigur.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Talsmenn núv. stjórnarflokka sögðu fyrir síðustu kosningar, að viðreisnarstjórnin réði ekki við verðbólguna, fjárl. hækkuðu ár frá ári, stjórnkerfið væri þanið út, vinnufriður væri ótryggur, gengisfelling væri árás á launþega í landinu, allt skipulag vantaði við opinberar framkvæmdir, nauðsyn bæri til að koma á heildarstjórn á lánasjóðum og hafa hemil á allri fjárfestingu. Þeir voru of margir, sem lögðu trúnað á málflutning þessara flokka á kosningadaginn, því fór sem fór.

Núv. stjórn var mynduð að afloknum kosningum og hefur nú í sumar setið að völdum í 2 ár. Það er þess virði að gera örstutta grein fyrir, hvernig til hefur tekizt um þau atriði, sem fyrri ríkisstj. var framar öðru skömmuð fyrir af þeim, sem nú sitja í ráðherrastólum.

Verðbólgan hefur aldrei verið meiri en nú, eins og allir finna, sem vörur kaupa, og fram undan eru stórstígar hækkanir. Fjárl. hafa tvöfaldast á þessum tveimur árum. Stjórnkerfið er þanið út, og fjölgaði fastráðnum ríkisstarfsmönnum um 585 frá júlímánuði 1971 til nóvembermánaðar 1972. Vinnufriður hefur verið ótryggur. Hvert stórverkfallið af öðru hefur dunið yfir, og nægir að minna á verkfallið á kaupskipaflotanum og nýafstaðið verkfall á togaraflotanum, sem stóð í tvo mánuði. Er það eitt lengsta verkfall á síðustu árum.

Í málefnasamningi núv. ríkisstj. segir, að ríkisstj. muni ekki beita gengislækkunum til lausnar efnahagsvanda, og talsmenn stjórnarflokkanna hafa margoft endurtekið og krossað sig bak og fyrir, að slíkt gerræði mundi aldrei henda þessa stjórn. Gengi krónunnar breytti stjórnin þó í des. s. l., en á þessum skamma valdaferli hennar hafa orðið þrjár gengisfellingar, þar af ein alíslenzk, eins og hæstv. viðskiptarh. komst svo heppilega að orði.

Komið var á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem á að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum og gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir. Framkvæmdaráð þessarar stofnunar var sett undir stjórn þriggja pólitískra kommisara, og var fyrirmynd þess sótt í tæplega 40 ára gamalt haftakerfi gömlu Framsóknar. Með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er henni gert að taka við starfsemi þriggja stofnana: Efnahagsstofnunarinnar, framkvæmdasjóðs og atvinnujöfnunarsjóðs. Talsmenn ríkisstj. töldu, að mikið hagræði væri að því að færa þessar stofnanir saman undir eina og sömu stjórn, jafnframt því að það mundi vera um sparnað í rekstri að ræða. Nú hefur þessi stofnun starfað í eitt ár, og það hefur sýnt sig, að kostnaðurinn við þessa starfsemi hefur vaxið á þessu eina ári um tæplega 60%. En þá spyrja menn: Hafa þá ekki verkefnin verið tekin öðrum tökum, hefur ekki orðið stórsparnaður að því, að þessi stofnun sjái um heildarfjárfestingu og allt skipulag? Ég hygg, að það geti enginn haldið því fram, þrátt fyrir alla þessa skipulagstillburði. Það væri fróðlegt að fá álit ræðumanna stj.flokkanna á því, hvort þeir telji, að heildarstjórn efnahagsmálanna sé með betri hætti en áður var, og þá jafnframt, á hvern hátt sú stjórn er betri, ef þeir telja svo.

Það er undarleg árátta kommúnista að reyna að blása á glóðir óánægju í mesta hagsmunamáli þjóðarinnar, landhelgismálinu, eins og Svava Jakobsdóttir gerði hér áðan með því að sletta því fram, að Geir Hallgrímsson væri að ganga erinda Breta í landhelgismálinu. Það er smekklega gert af þessum þm. að bera íslenzkum alþm. það á brýn, að hann gangi erinda þjóðar, sem

svo freklega gengur á okkar rétt í þessu stórmáli.

Karvel Pálmason, sem talaði hér áðan fyrir Samtök frjálslyndra, sem flestir eru nú farnir að nefna „Mistökin", og Bjarni Guðnason hefur lýst skemmtilega, sagði, að Alþfl. hefði ekki fengizt til að flytja vantrauststill. En hann gat þess ekki, að allir þm. Alþfl. greiddu atkv. með till., en það var kjarni málsins. Sami þm. minntist á vísitölufrv., sem ríkisstj. lagði fram, og meðal flm. þess voru Hannibal Valdimarsson og Magnús T. Ólafsson. Hann talaði einnig um skoðanaskipti í sambandi við þetta mál og reyndi að bera stjórnarandstöðunni á brýn skoðanaskipti í málinu. Hvaða skoðanaskiptum hefur stjórnarandstaðan tekið í þessu máli. Þessu máli var vísað til fjh.- og viðskn., sem þessi hv. þm. á sæti í. Þar hefur málið ekki verið tekið fyrir enn þá. Ef um einhver skoðanaskipti er að ræða í þessu máli, þá hlýtur þm. fyrst og fremst að hafa átt við Hannibal Valdimarsson, sem hefur verið andstæðingur alls fitls við vísitöluna þangað til nú. Ég held, að gamli maðurinn geti sagt: „Nú, og þú líka, barnið mitt Brútus."

Karvel Pálmason lýsti mikilli ánægju með húsnæðisfrv., sem verið hefur hér fyrir Alþ., en hann gat þess ekki, að miðað við þarfir og gildandi lög í þessu máli vantar 700 millj. kr. Ég ætla að segja honum og öðrum það, að fólk byggir ekki íbúðarhús með lögum einum saman, það þarf að afla fjár til þeirra.

Frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna fer það ekki á milli mála, að það ríkir algert stjórnleysi í efnahagsmálum. Það er sama, hvar borið er niður, stjórnleysið og eyðslan tröllríður öllu kerfinu. Skuldir þjóðarinnar við útlönd í formi fastra lána voru um 17000 millj. kr. um síðustu áramót, og mun láta nærri að hlutfall þeirrar skuldar af heildartekjum af útfluttum vörum og þjónustu sé um 65%. Hlutfall árlegra greiðslna, afborgana og vaxta er nú um 12%. Skuldaauknningin við útlönd síðustu 2 ár er um 6500 millj. kr. Á þessu ári er stefnt í sömu átt. Fyrirhugaðar eru stórfelldar lántökur erlendis með líku sniði og verið hafa síðustu 2 árin. Ef við lítum á fjárfestingarlánasjóðina, þá er staða þeirra þannig, að 60% af því fé, sem þeir höfðu til ráðstöfunar á s.l. ári, var aflað með lántökum, þar af voru 16% erlend lán, 23% voru óafturkallanleg framlög til sjóðanna, en eigið fé þeirra var aðeins 17%.

Hæstv. utanríkisráðherra, Einar Ágústsson, beindi máli sínu til áheyrenda og spurði, hvort allir hefðu ekki nóg að vinna og nóg að borða. En hann spurði ekki um það, hvort þjóðin hefði ekki áhyggjur af skefjalausri skuldasöfnun við útlönd. Einar sagði enn fremur, að við værum að eignast raforkuver, vegi, íbúðarhús og betri hús og uppbyggingu í sveitum landsins. Heldur blessaður ráðh., að ekkert af þessu hafi gerzt, fyrr en hann og hans félagar settust í ráðh.stóla á Ísl.?

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, lagði hún mikið kapp á að stuðla að auknum lánum til framkvæmda, jafnframt því að hún gaf fyrirheit um, að vextir af stofnlánum yrðu lækkaðir. Hún lét ekki sitja við orðin tóm í þessum efnum. Sjútvrh. ákvað að lækka vexti af almennum lánum fiskveiðasjóðs úr 6½% í 5½%, jafnframt því sem hann ákvað, að lánstíminn yrði lengdur úr 15 árum upp í 20 ár. Þeir, sem áttu að njóta þessara góðu kjara, fögnuðu því mjög innilega. En ríkisstj. gleymdi að gera sér grein fyrir því, að eigið ráðstöfunarfé fiskveiðasjóðs er ekki nema lítill hluti af því heildarfjármagni, sem sjóðurinn þarf til þess að gegna hlutverki sínu. Af lánum, sem sjóðurinn þarf að taka erlendis, eru vextir 8—8½% og vaxtakjör af innlendum lánum eru allt upp í 9—9½%. Sjá því allir, að með þessari útlánastefnu rýrnaði ráðstöfunarfé sjóðsins gífurlega. Þessi ráðstöfun og jafnframt stóraukning á skipakaupum gerði það að verkum, að sjóðurinn þurfti á vaxandi fjáröflun að halda, og mun láta nærri, að hann þurfi yfir 1300 millj. kr. á þessu ári umfram eigið ráðstöfunarfé. Nú er svo komið, að ríkisstj. þvingar þennan stofnlánasjóð til að taka spariskírteinalán upp á 124 millj. kr. á þessu ári. Þetta gerir það að verkum, að sjóðurinn hefur sett þau ákvæði, að lán, sem hann veitir og eru yfir 500 þús. kr., til skipabygginga eða fiskvinnslustöðva eru háð því skilyrði, að 10% af lánsupphæðinni eru lánuð með sömu skilmálum og spariskírteinalán, en þau eru til 12 ára með 6¼% ársvöxtum og 1% lántökugjaldi. Endurgreiðsla þeirra er háð byggingarvísitölunni, sem var í upphafi valdaferils þessarar ríkisstj. 535 stig, en var komin 1. marz s.l. í 708 stig, og talið er, að byggingarvísitalan verði komin 1. júlí n.k. í um 800 stig. Þeir, sem láta byggja skip innanlands, eru skyldaðir til að taka 75% af kaupverði tækja, sem keypt eru erlendis frá, að láni í erlendum gjaldeyri. Þeir, sem byggja skip erlendis, þurfa að taka erlend lán til 8 ára með 7—7½% ársvöxtum. Vaxtalækkun og bætt lánskjör, sem núv. sjútvrh. beitti sér fyrir, eru því horfin með öllu, en eftir standa miklu lakari lánskjör en voru, áður en þessi ríkisstj. tók við.

Fyrrv. ríkisstj. ákvað fyrir nokkrum árum að lána 10% lán vegna skipasmíða innanlands umfram 75% lán fiskveiðasjóðs og 5% sjálfvirkt lán byggðasjóðs, þannig að stofnlán urðu 90% af byggingarverðmæti skipa. Rétt fyrir síðustu kosningar ákvað ríkisstj. að lækka lán þessi um 5%, vegna þess að skipabyggingar stóðu það vel og ekki þurfti í bili að örva þær. Þegar núv. stjórn tók við, hækkaði hún þessi lán strax aftur í samtals 90%, en nú fyrir áramótin ákvað ríkisstj. að fella þessi 10% lán alveg niður, og sjálfvirk lán byggðasjóðs voru einnig felld niður nema til skipa á tilteknum svæðum á landinu, og hafa því almenn lán til skipabygginga lækkað úr 90% í 75%. Ætli það hefði ekki verið betra fyrir ríkisstj. að fara örlítið rólegar í þessu eins og svo mörgu öðru í byrjun valdatímabilsins?

Þegar frv. ríkisstj. um tekju- og eignarskatt var lagt fram á Alþ., leyfðu sumir ráðh. sér að halda því fram, að hér væri um stórfellda skattalækkun að ræða hjá almenningi, en hins vegar væri því ekki að leyna, að breiðu bökin yrðu að axla þyngri skattabyrði en áður. Við sjálfstæðismenn bentum þessum herrum á, að hér væri um stórhækkun skatta að ræða hjá öllum almenningi, og vöruðum ríkisstj. við að fella niður þann sérstaka frádrátt, sem fyrri ríkisstj. lét lögleiða vegna aldraðs fólks. Enn fremur mótmæltum við því að skerða hlunnindi fiski-

manna með álagningu skatts og útsvars, eins og ríkisstj. lagði til að gera. Sama var að segja um hlunnindi sjómanna á kaupskipaflotanum, en þau voru stórlega skert með þessum lögum. Niðurfelling vaxtafrádráttar frá tekjum við álagningu útsvars var hnefahögg framan í efnalítið fólk, sem er að koma sér upp eigin húsnæði. Þessum mótmælum var ekki sinnt. En þegar skattaálagningu var lokið, kom í ljós að álagður tekju- og eignarskattur nam 4449 millj. kr., en á árinu 1971, síðasta ári viðreisnarstjórnar, voru þessir skattar 1525 millj. kr., þeir næstum því þrefölduðust á fyrsta stjórnarári þessarar ríkisstj. Almenn reiðialda reis hjá öllum landsmönnum og ríkisstj. sá sig tilneydda að rétta að litlu leyti það ranglæti, sem aldraðir voru beittir með þessum lögum. Sjálfstfl. telur, að skattlagningu til ríkis og sveitarfélaga eigi að haga á þann veg, að hún örvi einstaklinginn til framtaks og sparnaðar og búið sé að atvinnurekstrinum þannig, að áhugi almennings fari vaxandi fyrir því að vera beinn aðili að atvinnufyrirtækjunum. Til þess að gera þennan ásetning að veruleika, ber fyrst og fremst að skattleggja eyðsluna og gæta hófs í skattlagningu sparnaðar. Í samræmi við þetta þarf að halda áfram þeirri viðleitni að draga úr beinum sköttum og stefna þar að ákveðnu marki á tilteknu árabili.

Við afgreiðslu síðustu fjárl. var haldið utan fjárl. útgjaldaliðum, sem námu tæpum 500 millj. kr., til þess að koma í veg fyrir, að fjárl. væru afgreidd með greiðsluhalla. Til þess að mæta þessum halla gáfu stuðningsflokkar ríkisstj. henni heimild til að lækka rekstrarútgjöld og framlög til verklegra framkvæmda á fjárl. um 15% að meðaltali, en ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni nota sér þessa heimild. Þetta er eitthvað annað en sá fagurgali, sem Helgi F. Seljan var að lýsa hér áðan af barnslegri einfeldni sinni. Þrátt fyrir þá erfiðu stöðu, sem nú er á ríkisfjármálum, rignir yfir Alþ. frv. ríkisstj. síðustu daga þingsins eins og skæðadrífu, og er þingmönnum stjórnarliðsins skipað að afgreiða þau, þótt mörg þessara frv. kosti milljónatugi á þessu ári og hafi þau áhrif á fjárl. næsta árs, að útgjöld munu aukast um mörg hundruð millj. kr., án þess að eitt orð fylgi, á hvern hátt ríkisstj. ætlar að afla tekna á þessu ári til þess að standa undir þessum ósköpum, hvað þá heldur að hugsa fyrir fjáröflun á næsta ári, en í þess stað er lagt kapp á að losna við Alþ. fyrir páska.

Mér þykir rétt að geta hér þriggja mála, sem lögð hafa verið fram síðustu daga af ríkisstj., en það er frv. um breyt. á lögum um fiskveiðasjóð, sem gerir ráð fyrir, að lagt verði á útveginn 1% útflutningsgjald á fob-verð útfluttra sjávarfurða, en talið er, að þessi skattur muni nema 160 millj. kr. á ársgrundvelli, og jafngildir þetta 2% lækkun fiskverðs. Jafnframt er ákveðið, að ríkissjóður greiði til fiskveiðasjóðs jafnháa upphæð árlega, þannig að skattur á sjávarútveginn og almenning í þessu eina frv. kemur til með að nema 320 millj. kr. Það vekur athygli, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki látið svo lítið að ræða þessi mál við samtök útvegsins eða samtök sjómanna, áður en hann leggur frv. fram hér á Alþ.

Þá hefur verið lagt fram frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum, og gerir það ráð fyrir auknum tekjum, sem sannarlega veitir ekki af, þegar tillit er tekið til óska til lána úr sjóðnum. Með þessu frv. er lagt til, að gjöld á söluverð landbúnaðarvara hækki úr 0,75% í 1% og það gjald eigi að gilda til ársins 1980. Þessi skattur á að gefa á ársgrundvelli 94 millj. kr. Þessa skattlagningu kölluðu framsóknarmenn á sínum tíma bændaskattinn og virtust þá lítt hrifnir af. Framlög úr ríkissjóði eiga að vera jafnhá eða 94 millj. kr., en auk þess er fastaframlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar hækkað um 21 millj. kr., þannig að ný framlög ríkissjóðs samkv. frv. nema 115 millj. kr. á ári.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að leggja Landnám ríkisins niður frá næstu áramótum, án þess að jafnframt sé ákveðið, hvernig starfsemi og verkefnum þess verði komið fyrir. Landnámið hefur mörg og mikilvæg verkefni til meðferðar og hefur unnið mikið starf á undanförnum árum. Meðal verkefna þess er svonefnd Inndjúpsáætlun, og ég vil spyrja: Hvaða stofnun á að taka við af Landnáminu?

Þá hefur verið lagt fram frv. um breyt. á lögum um iðnlánasjóð, þar sem gjöld, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins, er hækkuð úr 0,4% í 0,5% og framlag ríkissjóðs hækkað úr 15 millj. kr. í 50 millj. kr., og á þetta framlag að gilda í fyrsta sinn fyrir þetta ár.

Þessi frv. og mörg önnur eru góðra gjalda verð, en það þarf einnig að hugsa fyrir leið til að afla tekna á móti til þess að standa undir þessum útgjöldum öllum, en um það liggur ekkert fyrir, eins og áður hefur verið sagt.

Meðal frv. og þáltill., sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á þessu þingi, vil ég sérstaklega nefna eitt mál, en það er þáltill. um skipulag byggðamála og auknar ráðstafanir til hagkvæmrar byggðaþróunar, sem flutt er af 9 þm. Sjálfstfl. undir forustu Lárusar Jónssonar, en í þeirri till. er mörkuð stefna um auknar ráðstafanir til þess að vinna gegn óeðlilegri röskun byggðar í landinu.

Tíma mínum er nú lokið. Það liggur ljóst fyrir, að efnahagsstefna þessarar ríkisstj. hefur beðið algert skipbrot. Samstaða innan stjórnarinnar um lausn vandamála fyrirfinnst ekki. Hversu lengi ríkisstj. lafir, ætla ég ekki að spá, en eftir því sem hún lafir lengur, verður meira og erfiðara verk að byggja upp úr þeim fjármálarústum, sem hún kemur til með að skilja eftir sig. Við skulum þó gera okkur grein fyrir því, að ríkisstj. á eitt mál sameiginlegt, en það er hræðslan við kjósendur. Hversu lengi það heldur henni á floti, skal ósagt látið. — Góða nótt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 6. landsk. þm., Helgi F. Seljan, var áðan að þakka núv. sjútvrh. uppbyggingu togaraflotans. Auðvitað veit þessi þm. eins vel og öll þjóðin, að samningar voru gerðir í tíð fyrrv. stjórnar um byggingu 12 skuttogara og grundvöllur hafði verið skapaður fyrir rekstur togaranna. Þetta vil ég minna þm. á.

Þegar litið er yfir aðgerðir og árangur ríkisstj. í þau tæp tvö ár, sem hún hefur verið við völd, blasir þessi mynd við íslenzkri þjóð: Verðbólga hefur aldrei verið geigvænlegri en nú og er hvergi meiri í nálægum löndum, allt verðlag hækkar frá degi til dags, fjárl. hafa tvöfaldast á tveimur árum og vel það, bankar og lánastofnanir eru þurrausin og miklu meira en það, erlendar lántökur hafa margfaldast svo alvarlega, að hætta er á, að lánstraust þjóðarinnar þverri, framkvæmdaáætlanir eru gerðar, án þess að séð sé fyrir tekjum til framkvæmdanna, alls konar skattar og skattlagning eru að sliga fólkið í landinu, langt umfram það, sem nokkurn tíma hefur þekkst áður. Sjálfsagt segir einhver: Ekki er nú lýsingin fögur, og hún er það ekki heldur. En ég held, að hver einasti maður finni, að hér er ekkert ofsagt. Þetta er það, sem hefur skeð í íslenzkum efnahagsmálum á tæpum tveimur árum.

En það má líka minna á aðra hlið þessa máls. Skömmu eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, var gefin út bók, sem formlega hét Málefnasamningur ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Hún hefur í daglegu tali verið kölluð Ólafskver. Hvert einasta atriði, sem ég hef nefnt hér á undan, er einmitt líka nefnt í Ólafskveri, en það er bara alltaf sagt, að ríkisstj. ætli sér að vinna að lausn þessara mála. Hún hefur þvert á móti gert þessi vandamál svo erfið, að þau verða allt að því óviðráðanleg fyrir þá, sem næst taka við völdum í landinu. Okkur þm. var snemma ráðlagt af forsrh. að lesa þetta kver bæði kvölds og morgna og um miðjan dag. Ég skal játa, að þetta hefur farizt fyrir hjá mér upp á síðkastið. En nú vil ég ráðleggja áheyrendum mínum að lesa þetta kver að nýju og reyna að finna einhver atriði, sem staðið hefur verið við í samræmi við þennan boðskap, sem var gefinn út í byrjun stjórnartíðar núv. ríkisstjórnar. Þetta er sú ríkisstj., sem hefur viljað kalla sig vinstri stjórn eða stjórn hinna vinnandi stétta. Ég efast um, að snillingar í tilbúningi öfugmæla á fyrri öldum hafi getað fundið út jafn tvímælalaus öfugmæli og hér hafa komið á daginn. Við allt þetta bætist svo, að ríkisstj. er ósammála innbyrðis í veigamiklum málaflokkum, svo að ekki sé talað um þingmannaliðið, sem stendur að baki henni. Það finnst varla mál, þar sem svonefndir stuðningsmenn ríkisstj. eru að öllu leyti sammála. Mér finnst það hljóta að vera krafa þjóðarinnar, að það sé samstilltur meiri hl. þm., sem standi að baki þeirri ríkisstj., sem er við völd hverju sinni.

En nú ætla ég að láta útrætt um ólán og ólánsathafnir ríkisstj., ég mun hins vegar segja hv. hlustendum frá nokkrum þeirra þingmála, sem við þm. Alþfl. höfum flutt á yfirstandandi vetri.

Þegar sleppt er dægurmálum, þá finnst mér, að þm. eins og aðrir landsmenn séu skyldugir til þess að hugsa til framtíðarinnar. Það er áreiðanlega ekki erfiðast að stjórna þjóðfélaginu frá degi til dags með skuldasöfnun og tilheyrandi, en allir hugsandi menn hljóta að sjá og viðurkenna, að það sé eðlilegt og rétt, að vinnubrögð á Alþ. séu umfram annað miðuð við það þjóðfélag, sem verður á Íslandi eftir 20—30 ár. Það er því að mínu mati skylda þm. að gera sér grein fyrir því, hvaða ráðstafanir þarf að gera í tilteknum málum, til þess að sú kynslóð, sem næst tekur við, taki ekki bara við skuldaböggum og niðurbrotnu efnahagskerfi, heldur sé fyrir því hugsað, að fólki á Íslandi næstu áratugi geti liðið eins vel og helzt betur en okkur hefur liðið á undanförnum áratugum.

Við þm. Alþfl. að frumkvæði Braga Sigurjónssonar á Akureyri höfum enn á ný flutt till. um það, að ríkisstj. láti sérfróða menn semja frv. um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar vinnslu verðmæta úr jörðu. Við lítum svo á, að allt þetta hljóti í framtíðinni að verða sameign allrar þjóðarinnar.

Meginefni og tilgangur þessarar till. er að fá það sett í lög að undangenginni vandlegri athugun að koma í veg fyrir, að einstakir peningamenn eða braskarar geti komizt yfir svo og svo stór landssvæði, hvort sem er í byggð eða óbyggð. Við teljum, að óbyggt land eigi í reynd að vera eign allrar þjóðarinnar. Við teljum óeðlilegt og óréttlátt, að peningamenn geti eignazt fallvötn og aðgang að fallvötnum, sem eru mikils virði. Við erum enn fremur á móti því, að þótt svo hafi viljað til, að tiltekin fallvötn renni fram hjá eða í gegnum landareignir einstaklings, þá sé það sjálfgefið, að hann geti rakað saman millj. kr., t. d. vegna virkjana í almenningsþágu. Út yfir tekur þó, þegar braskarar láta jarðirnar fara í eyði, en hirða gróðann. Þá viljum við einnig að jarðvarmi, sem dylst langt niðri í jarðskorpunni, þannig að ekki gæti orðið um vinnslu þeirrar orku að ræða nema fyrir atbeina hins opinbera, sé alþjóðareign. Hitt vil ég taka fram gagnvart bændum, að gert er ráð fyrir því í okkar till., að þeir eigi sínar jarðir þangað til þeir vilja selja þær til annars en búskapar, en að öðrum kosti hafi ríkisforkaupsrétt, en ekki einhverjir braskarar. Ísland er stórt land og hér býr fátt fólk. Við Alþfl.-menn teljum, að það sé stórhættulegt ef einstaklingar komast yfir stór landssvæði eða stór verðmæti í sambandi við eignaraðild að landinu sjálfu, svo að ekki sé talað um, ef útlendingar skyldu vera á bak við einhverja þessara manna. Má þá enn fremur benda á, að þessi mál verða erfiðari og erfiðari viðfangs, eftir því sem tímar líða. Þetta er eitt af þeim málum, sem verður að leysa á næstu áratugum, því að þjóðin hlýtur að viðurkenna, að í þessum efnum á að ríkja jafnrétti þegnanna, en ekki braskarasjónarmið.

Íslenzkt land er eign allra Íslendinga. Ég vil ekki ganga á eignarrétt einstaklinganna, en ég vil segja hitt ákveðið, að þegar farið er að misnota þennan eignarrétt, þá á ríkisvaldið að taka í taumana og fyrirbyggja slíka misnotkun. Og hér er fyrsta dæmið um það, sem ég skil ekki, að svokölluð vinstri stjórn skuli ekki geta fallizt á, að þetta mál sé athugað af sérfróðum mönnum, eins og við höfum lagt til. Athugun ætti ekki að þurfa að kosta mikið, það yrði hvort eð er ákvörðun Alþ. á sínum tíma, hvort rétt sé að taka alvarlega á þessum málum. En svokölluð vinstri stjórn treystir sér ekki einu sinni til að láta athuga málið. Við hvað er ríkisstj. hrædd?

Mig langar í annan stað að minnast á till.,

sem við þm. Alþfl. höfum flutt um atvinnulýðræði. Það er nú að verða almennara í nálægum löndum, að verkamenn í fyrirtækjum fái tiltekna aðild að stjórn fyrirtækja. Í Danmörku hefur þessi þróun orðið sérstaklega athyglisverð, þar hafa komið fram till. um, að verkafólk fyrirtækja fái tiltekinn eignarrétt í atvinnufyrirtækjunum eftir ákveðnum reglum, sem í reynd þýðir sparnað verkafólksins. Ef íslenzka þjóðin þarf einhvers við nú á dögum, þá er það svo sannarlega sparnaður hjá almenningi. Við Alþfl.-menn teljum, að hér sé um meiri háttar mál að ræða fyrir uppbyggingu og stjórn atvinnufyrirtækja á næstu áratugum. Till. gerir ráð fyrir að fela ríkisstj. að skipa n. til að semja frv. til laga um atvinnulýðræði, þar sem launþegum yrðu tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Það er næsta ótrúlegt, að þm. stjórnarflokkanna og Sjálfstfl. skuli ekki þora að láta samþ. þessa till., heldur vísa henni til ríkisstj., sem þýðir auðvitað í raun, að ekkert verður gert. Af hverju má ekki athuga þetta mál? Hvaða skaða mundi það valda? Hvar er nú áhugi Alþb.-manna og SF á velferð vinnandi fólks.

Þá vil ég minnast á eitt mál, sem hefur verið mikið áhugamál Alþb. síðustu 10—12 árin, en það er þjóðnýting olíuverzlunar á Íslandi. Alþfl. hefur í marga áratugi verið þess sinnis, að innflutning og sölu á olíuvörum í landinu eigi að þjóðnýta, m.a. vegna þess, að mest af þeim olíuvörum, sem til landsins koma, eru í reynd flutt inn af ríkinu. Þegar Alþfl. var í stjórn, fékk hann þessu ekki ráðið, en nú er komin vinstri stjórn í landinu, og í sjálfu Ólafskveri segir, að taka skuli skipulag olíusölunnar til endurskoðunar. Við þm. Alþfl. höfum flutt till. um, að kjósa skuli 7 manna n. til að gera till. um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra í landinu í því skyni að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara. Hér er aðeins um að ræða till. um að gera athugun á þessum málum. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa náttúrlega haldið því fram, að hér væri um þjóðnýtingu að ræða. En þessi till. gerir alls ekki ráð fyrir neinni þjóðnýtingu, heldur aðeins athugun á þessum málum í heild. Nú skyldi maður halda, að þegar vinstri stjórn er við völd í landinu, hlyti hún að vera því sammála, að slík athugun yrði gerð, og alveg sérstaklega má minna á það, að þm. Alþb. allir með tölu hafa lagt á það þunga áherzlu síðustu 12 ár, að þjóðnýting olíuverzlunar kæmist í framkvæmd, auk þess sem segir í Ólafskveri. Talsmenn hins frjálsa framtaks segja, að dreifingarkerfið geti ekki verið betra en það er nú. Ekki skal ég um það dæma, hins vegar þykist ég hafa rétt til þess að efast um, að svo sé. Þessi till. kom til afgreiðslu í atvmn. Sþ. fyrir nokkrum dögum. Ég satt að segja hélt, að annað hvort mundi ske, að talsmenn hins frjálsa framtaks vildu samþ. till. til þess að fá það staðfest, að þeirra skoðun væri rétt, eða þá hitt, að talsmenn stjórnarflokkanna vildu ganga úr skugga um, að þeirra skoðun, sem þeir sögðu í Ólafskveri, að þeir ætluðu að framkvæma, væri rétt, — og hefði þá farið saman við okkar skoðun, — en hvorugt skeði. Í atvmn. urðu fulltrúar stjórnarflokkanna og Sjálfstfl. sammála um að vísa þessu máli til ríkisstj. Málið snýst aðeins um það, á hvern hátt íslenzk þjóð geti hagað innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara á Íslandi, þannig að það verði sem hagkvæmast fyrir þjóðina. Allir vita, að víða á landinu er þrefalt olíudreifingarkerfi, og það vita líka allir, að sama verð er á olíu, frá hvaða olíufélagi sem keypt er. Finnst mér það sérstaklega átakanlegt og hörmulegur atburður, þegar sjálfur formaður Alþb., Ragnar Arnalds, skrifar undir nál. meiri hl. atvmn. með sjálfstæðismönnum og öllum öðrum fulltrúum úr stjórnarflokkunum um það, að ekki megi samþ. svona till., heldur skuli vísa henni til ríkisstj. SF eltu svo auðvitað í þessu máli eins og í mörgum öðrum. Ég verð að segja, að það hefur ekki legið mikið á bak við áskoranir Alþb.-manna um 12 ára skeið, er þeir heimtuðu, að olíuverzlunin yrði öll þjóðnýtt, þegar þeir neita að láta fara fram athugun á því, með hvaða hætti landsmenn geti fengið olíuvörur með sem hagkvæmustum hætti. Er aldrei hægt að taka mark á þessum mönnum, sama hvaða málefni er um að ræða?

Ég hef aðeins nefnt hér örfá af þeim málum, sem Alþfl. hefur viljað berjast fyrir sérstaklega. Auðvitað fáum við engin mál samþ., oftast vegna þess, að bæði stjórnarflokkarnir allir og Sjálfstfl. eru á móti þeim. Ríkisstj. hlýtur þó að viðurkenna, að við höfum staðið með ýmsum málum, sem hún hefur lagt fram. Við höfum samþ. þau mál ríkisstj., sem okkur hefur þótt vera til bóta fyrir íslenzkt þjóðfélag, en barizt gegn hinum, — sem því miður eru fleiri, — sem við teljum að sé óráð að framkvæma. Það veit enginn í dag, hvað langt verður til næstu kosninga, kannske hanga þeir saman til 1975. En ég þori að segja það, að ef þróunin í efnahagsmálum verður með svipuðum hætti og hún hefur verið síðustu tæp tvö ár, þá er ég a.m.k. óhræddur við að ganga til kosninga fyrir Alþfl. Flokkurinn gengur ótrauður til næstu orrustu, hvort sem hún verður fyrr eða síðar. Hann mun nú eins og alltaf áður treysta á dómgreind fólksins í landinu og láta málefnin ráða hverju sinni. Við munum halda áfram að berjast fyrir stefnu jafnaðarmanna á Íslandi.

Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ég hlýddi á ræðu Geirs Hallgrímssonar fyrr í kvöld, datt mér í hug sagan um dr. Jekyll og mr. Hyde, sem flestir kannast við. Þegar ég las þessa óhugnanlegu sögu sem strákur, datt mér ekki í hug, að ég ætti eftir að sjá viðlíka myndbreytingar á nokkrum manni í daglegum raunveruleika, þótt breytingarhvatinn væri annar. Samt hefur það nú gerzt, þótt með öðrum hætti sé. Þegar alþm. Geir Hallgrímsson gengur hér í ræðustól, berst um á hæl og hnakka gegn verðbólgu og dýrtíð, ausandi skömmum yfir ríkisstj. fyrir svívirðilegar hækkanir, er hann allur annar maður en hann var, áður en hann steig inn fyrir þröskuldinn á þessu húsi. Fyrir utan þröskuldinn var hann og hefur verið stóreignamaðurinn, innflytjandinn, borgarstjórinn og viðreisnarpostulinn Geir. Utan þessa húss

hneykslast hann sem mest hann má yfir því að fá ekki fram komið hvers kyns hækkunum. Sem dæmi má nefna, að í fyrra krafðist hann sem borgarstjóri, að Hitaveita Reykjavíkur fengi að hækka um 13%, en fékk ekki nema 5%. Nú í ár er krafan 30%, en leyfð hækkun aðeins 10%. Sömu sögu er að segja um Rafmagnsveituna. Sem heildsali krafðist Geir ásamt kollegum sínum 21% hækkunar álagningar í fyrra og 36% hækkunar í ár. Í hvorugt skiptið leyfði ríkisstj. hækkun og mun enga veita. Smásalar margir, skjólstæðingar Geirs, fara nú fram á 22,5% hækkun, en verðhækkanastjórnin, sem hann kallar svo, leyfir enga. Það er ótrúlegt, en samt satt, að þarna skuli geta verið um sama manninn að ræða. Hlálegast er þó, þegar báðir helmingarnir skrifa sama daginn í Moggann, á annarri síðunni er hamast gegn hækkunum, en á hinni barizt miskunnarlaust fyrir hækkunum.

Það er í meira lagi óskammfeilið, þegar Geir og hans nótar býsnast yfir gengisfellingum og verðbólgu þessa stjórnartíma, þegar höfð er í huga sorgarsaga viðreisnar í þessum efnum, þegar gengið var fellt stórlega 4 sinnum og erlendur gjaldeyrir hækkaði meira en 100% á rúmu ári með tilheyrandi ofsaverðbólgu, kjaraskerðingu, atvinnuleysi og landflótta. Svo falla þessir herrar í stafi af forundran, þegar gengið er lækkað um 10% og krónan látin fylgja dollar, sem notaður er í flestum viðskiptum okkar við útlönd. Það var sú tíð, að við fengum hátt skráðan dollar fyrir vörur okkar í Bandaríkjunum og keyptum í Evrópu lágt skráðan gjaldeyri til vörukaupa, en nú hefur dæmið snúizt algerlega við í þessum efnum. Á þetta er ekki minnzt, aðeins hneykslazt. Vei yður, þér farísear, þér hræsnarar.

Geir Hallgrímsson hefði ekki átt að minnast á Vestmannaeyjamálið hér áðan. Það mál hefur einungis verið honum og fylgifiskum hans, krötum, tilefni til pólitísks loddaraleiks. Fyrir mér eru hamfarirnar hins vegar hið hræðilegasta mál og skömm þeirra mikil, sem unnu að því að skera niður tekjur Viðlagasjóðs.

Á viðreisnartímanum jókst verðbólgan um 10% á hverju ári, á sama tíma og verðhækkanir voru aðeins um 3% í viðskiptalöndum okkar, en nú er árleg verðbólga í sömu löndum frá 8—11%, svo að hér er sýnlega við allt annan og meiri vanda að etja. Vissulega er nú við alvarlegan verðbólguvanda að glíma, en vandlætingarmenn skyldu líta í eigin barm og minnast þess, hver frammistaða þeirra var og hvern hlut þeir og taglhnýtingar þeirra eiga í vandanum, áður en þeir hefja næsta hneykslunarsöng. Með málflutningi af þessu tagi hefur virðing Alþ. farið hrakandi og ekki að undra.

Menn eygðu von til þess, að breyting yrði á þessu viðhorfi, þegar allir alþm., 60 að tölu, greiddu atkv. 15. febr. í fyrra með útfærslu landhelginnar í 50 mílur og lýstu jafnframt yfir, að ólánssamningurinn frá 1961 ætti ekki lengur við, enda var honum formlega sagt upp skömmu síðar. Þar var um að ræða einingu þjóðar og þings. En Adam var ekki lengi í Paradís. Formennskukandidatinn Gunnar Thoroddsen, sem í fyrra lét sér ekki nægja 50 mílurnar, heldur krafðist alls landgrunnsins umsvifalaust, gerði sig að viðundri í augum þings og þjóðar með því að fara fram á það opinberlega, að við tækjum þátt í málarekstri Haagdómstólsins, sem byggir áframhaldandi málsmeðferð á því einu, að samningurinn frá 1961 sé enn í fullu gildi, — samningurinn, sem öll þjóðin og fulltrúar hennar höfðu lýst ógildan og burt fallinn. Við álitum og álítum enn, að dómstóllinn hafi engan rétt til að fjalla um málið þvert ofan í mótmæli okkar Íslendinga, enda væri það einsdæmi. Með þessu framferði Gunnars er eining Alþ. rofin og traðkað á þeirri þjóðareiningu og órofa samstöðu, sem ein getur tryggt sigur í málinu.

Það er vitað, að 30 aðrar þjóðir hafa fært landhelgi sína út einhliða eins og við, og þær þjóðir vildu sízt, að við legðum málið undir dóminn. Það er öllum kunnugt, að við erum þeir einu, sem kærðir hafa verið fyrir dómstólnum. Það er staðreynd, að það er einungis gert vegna samningsins frá 1961. Það er fullvíst, að dómstóllinn hefur engar alþjóðareglur til að dæma eftir, og það hlýtur Gunnar að gera sér ljóst, að tökum við þátt í málarekstri og dómstóllinn dæmi á móti okkur í málinu. Þjóðin veit, að þarna er á ferðinni spurningin um það, hvort ráða eigi okkar landhelgismálum á Íslandi eða í Hollandi. Þeirri spurningu svarar þjóðin öll á einn veg: Við eigum að ráða málum okkar sjálfir, en fela ekki útlendingum forsjá vora í þessu lífshagsmunamáli. Fjöregg þjóðarinnar skal varðveitt heima á Fróni, en ekki verða leiksoppur misviturra pólitískra dómara ytra.

Nú hefur komið afar skýrt í ljós, að fiskistofnar okkar eru þegar undirorpnir freklegri ofveiði, og vaknar við það sú alvarlega spurning, hvort við höfum nokkur efni á að semja við Breta og Þýzkara um veiðar innan landhelginnar. Neikvæðu svari við þeirri spurningu hlýtur stöðugt að vaxa fiskur um hrygg vegna ósvífinna hótana um valdbeitingu og viðskiptahöft og vegna síaukinna tilrauna veiðiþjófanna til að sigla niður íslenzk skip, sem að mínum dómi á að svara með strangri nótu þess efnis, að ef skip gerir tilraun til ásiglingar og manndrápa, verði því umsvifalaust sent fast skot, sem tryggi það, að sama skip sigli ekki framar vísvitandi á varðskip eða veiðiskip okkar og stofni mannslífum í hættu. Gera menn sér ekki ljóst, að vísvitandi ásigling er alvarlegasta brot, sem hægt er að fremja á sjó? Slíkum glæpum er okkur skylt að svara á viðeigandi hátt. Vanti gæzluna skip, þarf umsvifalaust að leigja sterk og gangmikil gæzluskip og beita síðan gæzluflotanum á þann hátt, sem skipstjórar kröfðust að gert yrði og skýrt var frá nú í kvöldfréttum útvarpsins.

Hættan í þessu máli liggur í því, að andi samningsgerðarmanna frá 1961 nái völdum, áður en málið er komið í höfn. Sporin hræða. Sjávaraflinn er undirstaða þjóðarbúskaparins og forsenda nútímalífs í landinu. Þessa undirstöðu er okkur skylt að styrkja og vernda gegn sjóræningjum og ofbeldisseggjum með öllum tiltækum ráðum, illum eða góðum. En það er fyrst og fremst heilög skylda okkar við þjóðina og komandi kynslóðir að halda fast og undandráttarlaust við markaða stefnu Alþ. og ein-

dreginn vilja þjóðarinnar. Stöndum á réttinum og hneigjum okkur ekki fyrir hátigninni. Svik í þessu máli eru föðurlandssvik. — Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fáum getur dulizt, að það, sem framar öðru einkennir þessar stjórnmálaumr., er tómahljóðið í talsmönnum stjórnarandstöðunnar. Það er ekki það, að þeir rembist ekki við að halda uppi einhverri gagnrýni, enda er þeim öllum ljóst, að það er þeirra skylda og þeir verða þó að vinna fyrir kaupi sínu. En viðleitnin er harla máttvana og kvartansönglandinn innantómur og þreytulegur, líkt og í skapvondu barni, sem búið er að vola lengi og man ekki meira, út af hverju það byrjaði. Eða hvað annað er unnt að segja um þennan endalausa síbyljusöng, að allt sé í kaldakoli í efnahagsmálum þjóðarinnar?

Benedikt Gröndal talaði hér áðan um upplausn á sviði efnahags- og fjármála, Geir Hallgrímsson um fullkominn glundroða og stjórnleysi. Við höfum víst heyrt þennan söng áður. Frá því að ríkisstj. tók við fyrir tæpum tveimur árum, hefur látlaust dunið þessi áróður, að allt sé að fara úr böndunum í fjármálum þjóðarinnar, nánast ekkert fram undan nema þverhnípt hengiflugið. Getur verið, að til sé í landinu einhver svo saklaus íhaldsmaður, að hann sé enn tilbúinn að gleypa við endalausum hrakspám stjórnarandstöðunnar? Ef lýsingar stjórnarandstæðinga í fyrravetur um stjórn efnahagsmálanna væru eitthvað nærri staðreyndum málsins, væri nú þegar skollin hin versta kreppa yfir þjóðina. En hver er reyndin? Frá því að ríkisstj. kom til valda, hefur atvinnulíf og framleiðsla einmitt gengið með afbrigðum vel. Atvinnuleysi hefur jafnt og þétt farið minnkandi, þar til nú er svo komið, að mjög víða er sár skortur á vinnuafli. Tekjur manna hafa mjög farið vaxandi, ekki aðeins að krónutölu, heldur einnig verulega að kaupmætti, og framkvæmdir ríkisins hafa aldrei verið stórfelldari á nærfellt öllum sviðum. Hvar er þá þessi kreppa, sem stöðugt er reynt að hræða fólkið með? Er kannske skýringin sú, að þjóðin sé að éta sig út á gaddinn? Er ekki verið að tæma alla sjóði, eins og aftur og aftur hefur verið klifað á? Morgunblaðið er löngu búið að tæma verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og skella skömminni á Lúðvík Jósepsson. Geir Hallgrímsson endurtók þessa fullyrðingu hér áðan. Þó er það óvefengjanleg staðreynd, að sjóðurinn er nú talsvert meira en tvöfalt stærri en hann var, þegar stjórnin tók við, hefur vaxið úr 479 millj. í 1129 millj., í báðum tilvikum miðað við gamla gengið. Gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar hefur einnig vaxið jafnt og þétt og er nú um 4800 millj. miðað við gamla gengið. Geir Hallgrímsson býsnaðist yfir því hér áðan, að fjárl. hefðu hækkað mikið, þó að allir viti, að stjórnarandstaðan hefur ýmist verið samþykk þessum hækkunum eða sjálf haft frumkvæði að þeim. Stærsti útgjaldaliður ríkisins eru launagreiðslur, en í framhaldi af samningum opinberra starfsmanna fyrir tveimur árum hafa laun þeirra hækkað um 67%. Hver þarf þá að undrast, að fjárl. hækki líka verulega?

Matthías Bjarnason fullyrti hér áðan, að lánsfé til innlendra skipabygginga hefðu verið lækkuð úr 90% í 75%. Þetta er alrangt og stafar af misskilningi Matthíasar, ég trúi a. m. k. ekki, að hann viti ekki betur. Lánin eru og verða 85—90% eftir aðstæðum.

Gagnrýni stjórnarandstöðunnar er öll með þessu marki brennd. Þetta er innantómur áróður þreyttra manna, sem ekkert nýtt hafa fram að færa. Málefnafátækt stjórnarandstöðunnar hefur tekið á sig hinar kynlegustu myndir síðustu mánuði. Nú er allt í einu farið að hamra á því dag eftir dag, að við eigum að senda málflutningsmann til Alþjóðadómstólsins í Haag. Garðar Sigurðsson var rétt í þessu að gera þessu máli ágæt skil hér á undan mér, og ég þarf ekki að endurtaka það, sem hann sagði, enda er svo augljóst sem verða má, að auðir stólar í Haag segja almenningi í öðrum löndum nákvæmlega það, sem segja þarf af okkar hálfu, að við viljum ekki á nokkurn hátt vera aðilar að þessum málarekstri og við ætlum ekki að lúta niðurstöðum dómsins.

En það er ein spurning, sem mig langar til að varpa hér fram: Ef stjórnarandstöðunni er þetta svo mikið kappsmál, sem hún vill vera láta, hvers vegna hefur hún þá ekki flutt þáltill. um að senda mann til Haag? Í einar 4 vikur hafa blöð stjórnarandstöðunnar básúnað áhuga sinn á því að senda út mann og fullyrt með miklu brauki og bramli, að þingmeirihluti væri fyrir því, en hér á Alþ. hefur nákvæmlega ekkert gerzt, og stjórnarandstaðan hefur ekki sýnt minnstu viðleitni til þess að koma vilja sínum fram. Héðan af kemur till. ekki fram, enda væri það fráleit sýndarmennska að koma með þess háttar till., þegar þingstörfum er nánast lokið. En hver er skýringin á því, að till. hefur ekki komið fram? Þegar allt kemur til alls, vilja forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl. ekki, að málflytjandi sé sendur til Haag. Þeir bera einir alla ábyrgð á samningunum frá 1961, sem málareksturinn fyrir Alþjóðadómstólnum byggist á. Þeir óttast nú ekkert meir en að afglöp þeirra frá 1961 verði sérhverjum landsmanni endanlega ljós, ef svo fer, að hinn íhaldssami dómstóll verður okkur óhagstæður. Þess vegna vilja þeir geta borið því við, að málið hafi tapazt, vegna þess að málflytjandi hafi ekki verið sendur. Þeir vita að vísu eins og allir aðrir, að dómstóllinn hefur öll gögn í höndum til þess að dæma málið okkur í hag, ef hann vill, þó að enginn mæti af okkar hálfu, en þeir vilja gjarnan hafa einhverja viðbáru til málamynda, þess vegna segja þeir fátt á Alþ., en hrópa þeim mun hærra í blöðum. Þetta eru heilindi stjórnarandstöðunnar í mesta lífshagsmunamáli þjóðarinnar, að vekja upp hörkudeilur um þetta viðkvæma mál og meina þó í rauninni ekkert með því. En hvers er ekki að vænta af mönnum, sem sögðu það við útvarpsumr. á Alþ. í apríl 1971, að einhliða útfærsla landhelginnar væri siðleysi og það væri ævintýramennska að gera einmitt það í landhelgismálinu, sem gert hefur verið seinasta árið á grundvelli einróma samþykktar Alþingis?

Í áramótagrein, sem Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþfl., ritaði í Alþýðublaðið fyrir síð-

ustu kosningar, komst hann að þeirri niðurstöðu, að stjórnarmyndun að kosningum loknum væri óhugsandi án þátttöku Sjálfstfl., valið stæði aðeins um tvennt, annaðhvort yrði það stjórn Sjálfstfl. með Framsfl. eða Alþfl., víðar náði útsýn hans ekki. En reyndin varð þó önnur. Landsmenn höfðu fengið sig fullsadda af íhaldssömu stjórnarfari, sem leiddi til atvinnuleysis og fólksflótta af landi brott meira en verið hafði um áratuga skeið, og meiri hl. þjóðarinnar valdi nýja forustu. Allt í einu eru snögg umskipti orðin, Sjálfstfl. stendur ekki lengur við stjórnvölin með Gylfa Þ. Gíslason sem hjálparkokk, og það kemst skriður á mörg mál, sem lengi hafa legið óhreyfð. Skyndilega er farið að framkvæma það, sem vanrækt hefur verið um áratugaskeið. Nýr togarafloti er keyptur til landsins, máttur atvinnulífsins er stóraukinn, lífskjör launamanna batna um 20—25% og tryggingagreiðslur til aldraðra og öryrkja, sem verið hafa undir forsjá Alþfl. í 15 ár samfleytt, eru því sem næst tvöfaldaðar, um leið og Alþfl. hverfur úr ríkisstj., en eftir stendur Gylfi Þ. Gíslason með sína menn og hefur misst af strætisvagninum.

Hvað sem líður afstöðu manna til núv. ríkisstj., þá er hitt víst, að ekki eru þeir margir, sem bíða með öndina í hálsinum eftir því, að þrautreyndir verðbólguriddarar eins og Jóhann Hafstein og Gylfi Þ. Gíslason taki höndum saman í nýrri stjórn, svo fljótir eru menn ekki að gleyma.

Við Alþb.-menn erum ekki sammála öllu því, sem núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, en við teljum, að ríkisstj. hafi tvímælalaust áorkað mjög miklu á fjöldamörgum sviðum. Fram undan eru stórfelld verkefni: að tryggja áframhaldandi sókn í landhelgismálinu, að taka endanlegar ákvarðanir um brottför hersins, að ýta á eftir þeim stórfelldu áætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins, sem nú eru á döfinni, og að vinna að breytingum og einföldun kerfisins, m. a. sameiningu og niðurskurð í banka- og milliliðakerfinu.

Alþfl. flytur nú í gríð og erg till. um að athuga ýmislegt, sem miður hefur farið í 15 ára stjórnartíð flokksins, m. a. að athuga oliuverzlunina í landinu, eins og Pétur Pétursson nefndi hér rétt áðan. En í þessum till. er engin stefna mörkuð, og það er að sjálfsögðu ástæðan til þess, að á þeim tekur enginn mark. Það þarf að móta stefnu, sem raunverulega miðar að því að draga úr yfirbyggingu þjóðfélagsins. Það er verið að gera það, bæði hvað snertir bankana, tryggingafélögin, oliuverzlunina og lyfjaverzlunina. Þetta vanrækti hins vegar Alþfl., þegar hann var í stjórn, og hreyfði ekki litla fingur í þá átt að hreinsa til í kerfinu. Þess vegna tekur nú enginn mark á till. flokksins um rannsókn og athugun, án þess að nokkur stefna sé mörkuð. Við Alþb.-menn vitum, að þessi örlagaríku mál, sem nú er unnið að, eiga víðtækum stuðningi að fagna meðal landsmanna, en jafnframt erum við reiðubúnir hvenær sem er, þegar þess gerist þörf, að leggja stefnu okkar og störf undir dóm þjóðarinnar.

Ég þakka áheyrnina.

Menntmrh. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Hlustendur góðir. Nú líður að lokum annars þinghalds hér á Alþ. á ferli núv. ríkisstj., og brátt er kjörtímabilið hálfnað. Ástæða er því til að skyggjast um af miðmundahæð, ef svo mætti að orði komast, líta jöfnum höndum yfir farinn veg og leitast við að gera sér grein fyrir, hvað næst er fram undan. Til að átta sig á, hversu reitt hefur af til þessa og hvers helzt er að vænta, er síður en svo einhlítt að rifja upp lagasetningu í tilteknum málum og einstakar stjórnarathafnir. Allt orkar tvímælis, þá gert er, hljóðar orðskviður, sem oft hefur heyrzt í þessum sölum, hins vegar er dómur reynslunnar sá úrskurður, sem ekki verður áfrýjað.

Allar hagtölur bera því vott, að afkoma er nú betri í landinu, þegar á heildina er litið, en dæmi eru til. Reyndar þarf ekki hagskýrslur til að sanna þetta, hver maður veit, að atvinnuvegir eru reknir af svo miklu kappi, að tilfinnanlegur skortur er á vinnuafli. Útflutningsverðlag er hagstæðara en lengi hefur þekkzt, og fjölbreytni útflutnings vex hröðum skrefum. Þrátt fyrir mikla einkaneyzlu og stórfelldar framkvæmdir, bæði á vegum einkaaðila og hins opinbera, hefur tekizt að halda svo á málum, að gjaldeyrisforði við síðustu áramót var ríflegri en nokkru sinni fyrr. Um það má að sjálfsögðu deila endalaust og er líka óspart gert, að hve miklu leyti megi þakka það, sem gengið hefur landsmönnum og ríkisbúskap í haginn, athöfnum stjórnarinnar, sem með völd fer, og hversu drjúgur sé í því efni hlutur atvika og aðstæðna, sem borið hefur að höndum og íslenzkir valdhafar hafa alls ekki eða þá að takmörkuðu leyti tök á. Um hitt getur engum blandazt hugur, að ekkert tilefni er til annars eins svartagallsrauss og hér hefur mátt heyra af völdum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Péturs Péturssonar. Samkv. þeirra málflutningi er allt í stakasta óefni á Íslandi. Ég vona, að hlustendur lái mér ekki, þó að ég veigri mér við að svara í sama tón málflutningi þessara talsmanna stjórnarandstöðunnar. Kjósendur hljóta að ætlast til annars af alþm. en að þeir leggi mesta áherzlu á að þylja talnarunur svo ótt og titt, að ekkert eyra fær numið að gagni, engu líkara en galdranorn væri að tauta töfraþulu fyrir munni sér.

Matið, sem lagt er á líðandi stund, er gjarnan æði vilhallt, og ég leiði hjá mér að fara út í þá sálma. Ástæða er þó til að benda á nokkur atriði, sem eru svo augljós, að ekki ætti að þurfa um að deila. Þá er það fyrst til að taka, *að líta má langt aftur til* að koma auga á annað tveggja ára tímabil, þegar vinnufriður hefur haldizt jafngóður og undanfarin tvö ár. Sér í lagi er andstæðan áberandi, þegar litið er til áratugsins eftir 1960. Ekki ætti að vera þörf á að útlista, hverja þýðingu það hefur fyrir afkomu þjóðarbús og kjör almennings, þegar framleiðslustarfsemin gengur með eðlilegum hætti án teljandi skrykkja og stöðvana. Togaradeilan í vetur er hrein undantekning, og á hún í rauninni rót sína að rekja til þess, að á liðnum árum var endurnýjun togaraflotans vanrækt, unz í óefni var komið, svo að togara-

útgerðin telur sér um megn að sjá starfsmönnum sínum fyrir sambærilegum kjörum við aðra starfshópa, sem hliðstæð störf vinna á fiskiflotanum. Góður vinnufriður á tvímælalaust rót sín að rekja til kjarasamninganna, sem gerðir voru síðla árs 1971 og núv. ríkisstj. veitti sinn atbeina til að tækjust. Síðastur manna skal ég neita því, að við þá samningsgerð og við lagasetningu um kjaramál, sem henni fylgdi, var teflt á tæpt vað og eftirköst hafa ekki einvörðungu reynzt hagstæð. En ekki verður lengur vefengt með neinum rökum, að hlutur ríkisvaldsins að þeim málalokum stuðlaði að því, að alla tíð síðan hafa framleiðsluöfl þjóðarinnar verið nýtt með bezta móti og skilað afrakstri í samræmi við það.

Ríkjandi velmegun er þeim mun ánægjulegri sem lífskjör fólks hafa verið jöfnuð verulega. Misskiptingu lífsgæða hefur verið hnekkt með tvennu móti. Annars vegar hafa bætur almannatrygginga til þeirra, sem mesta hafa þörf fyrir lífeyri af sameiginlegum sjóði landsmanna, verið stórauknar og séð um, að þær fylgist með verðlagi nauðsynja. Hins vegar hafa nefskattar, sem voru þung byrði á hinum tekjulausu eða tekjulágu, verið afnumdir, en skattgjöld aftur á móti þyngd á þeim, sem búa við rúmar tekjur. Fjarri sé mér að halda því fram, að í þessu efni hafi réttlætinu verið fullnægt, en því verður ekki á móti mælt, að verulega hefur miðað í jafnaðarátt, og um það hefur ríkisstj. haft forustu og frumkvæði.

Markaðshagkerfið, sem við Íslendingar búum við, er undirorpið hagsveiflum, þensla og samdráttur eiga sér stað á víxl. Við slíkar aðstæður er stjórnlist þjóðmála í því fólgin að beita stjórntækjum, sem til umráða eru, til að jafna sveiflurnar eins og tök eru á. Ekki þarf orðum að því að eyða, að nú ríkir þensla í íslenzku hagkerfi, og er reyndar sömu sögu að segja um allan heimsmarkaðinn umhverfis okkur. Vissulega er það hlutverk sérhverrar ríkisstj. að gera ráðstafanir til að afstýra háskalegri ofþenslu, þegar aðstæður krefjast. En mikill misskilningur er, að það verði gert á einfaldan og sársaukalausan hátt með því að skera niður ríkisútgjöld og draga um leið úr fjáröflun til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Fjármunir, sem fara til einkaneyzlu eða einkafjárfestingar, hafa sízt minni þensluáhrif en sé þeim varið til sameiginlegra þarfa. Þar á ofan væri safnað vandamálum fyrir framtíðina, ef verkefni hins opinbera væru vanrækt að marki, samtímis því sem einstaklingar og fyrirtæki kepptust við að fullnægja sínum þörfum. Hömlur við ofþenslu hljóta eðli málsins samkv. að koma við einkaaðila ekki síður en ríki og sveitarfélög. Engum er greiði gerðum með því að reyna að telja fólki trú um, að vandamál ofþenslu verði leyst sársaukalaust, án þess að lausnin komi tilfinnanlega við nokkurn aðila nema hið ópersónulega ríki.

Hvað okkur Íslendinga varðar bætast sveiflur af völdum náttúruafla við hagsveiflurnar frá umheiminum. Hversu mjög sem við kostum okkur til að auka fjölbreytni atvinnuveganna, verðum við seint óháðir gæftum og fiskigengd. Undanfarinn vetur höfum við staðið í harði baráttu til að fá viðurkenndan forgangsrétt okkar til lífsbjargarinnar úr sjónum við strendur landsins. Góðu heilli hefur okkur tekizt að vera rétt okkar eftir föngum, án þess að til voveiflegra tíðinda dregi. Aldrei verður landhelgisgæzlunni og þá fyrst og fremst áhöfnum varðskipanna fullþakkað, hversu vel hún hefur gengið fram við hinar erfiðustu aðstæður. Varðskipsmenn hafa á liðnum vetri ritað glæsilegan kafla í sögu íslenzkrar sjómennsku. Við höfum haldið á okkar málstað af festu, og ég fyrir mitt leyti tel tvímælalaust, að andstæðingar okkar séu nú tilleiðanlegri til að líta á málin af skynsemi en þeir voru á haustnóttum, þótt enn beri mikið á milli.

Við Íslendingar eigum að staðaldri í höggi við höfuðskepnurnar, vind og sæ, en þar á ofan megum við búast við búsifjum af völdum eldsins í iðrum jarðar. Á liðnum vetri dundu ósköp, sem enga hliðstæðu eiga sér í allri eldfjallasögu Íslands, yfir eitt blómlegasta byggðarlag landsins. Jarðeldurinn, sem hrakti Vestmanneyinga frá heimkynnum sínum að nætur-þeli, var mest áfall fyrir þúsundirnar, sem flosnuðu upp frá heimilum sínum í einni svipan, en þar að auki voru náttúruhamfarirnar og eru enn mikil þolraun fyrir íslenzkt þjóðfélag. Svo er fyrir að þakka, að við höfum hingað til borið gæfu og haft manndóm til að standast þá þætti prófsins, sem mest ríður á. Brottflutningurinn frá Vestmannaeyjum var afreksverk og óhjákvæmilegur þá stund, sem enginn vissi, nema gereyðing Heimaeyjar væri á næsta leiti. Frammistaða þeirra einstaklinga og stofnana, sem á einni dagstund útveguðu fertugasta hluta þjóðarinnar athvarf til bráðabirgða a. m. k., ber því órækan vott, að þegar á reynir, hefur þorri landsmanna engu síður hjartarúm en húsrúm. Og ég er ekki í vafa um, að þegar frá líður þykir mikið koma til hetjusögunnar, sem gerzt hefur í Heimaey síðustu mánuði og er enn að gerast. Þar hafa menn í fyrsta skipti í sögunni snúizt til baráttu gegn mögnuðum jarðeldi og auðnazt, þrátt fyrir reynsluleysi og ófullkominn tækjabúnað lengi vel, að vinna hvern varnarsigurinn af öðrum, hemja ófreskju, sem enginn vissi fyrr, að mannlegur máttur mætti buga. Að vísu sér ekki enn fyrir enda eldsumbrotanna, en fari sem nú horfir, virðast allar líkur á, að meginhluta Vestmannaeyjakaupstaðar og höfninni, sem tilvera hans veltur á, sé borgið. Enginn skyldi fagna unnum sigri í ótíma, en engin ástæða er heldur að dyljast þess, að upp á síðkastið hafa horfur vænkazt dag frá degi.

Víst er það þungt áfall fyrir íslenzka þjóðarbúið, að Vestmannaeyjar hverfa um stund úr athafnakerfi landsmanna. Og þrátt fyrir skjóta aðstoð víðs vegar að, þar sem þó tekur yfir drengskapur bræðraþjóðanna á Norðurlöndum, munu eftirköstin segja lengi til sín í þjóðarbúskapnum, auka hvern þann vanda, sem fyrir var, en slíkt er stundarfyrirbæri. Hitt er aftur á móti ávinningur, sem aldrei verður frá þjóðinni tekinn, að mannbjörg og skyndihjálp fóru frábærlega úr hendi, og ég tala nú ekki um, ef þær vonir rætast, að íslenzkt hugvit og harðfengi íslenzkra manna auðnist það, sem aldrei

hefur áður verið reynt á nokkru byggðu bóli, að hemja rennandi hraun og setja hervirkjum geisandi jarðelds skorður.

En þannig hefur ætíð verið. Tilvera íslenzkrar þjóðar veltur á því, að við göngum að því sem hverju öðru verkefni, sem í augum annarra og fjölmennari þjóða væri talið gersamlega um megn svo fámennu samfélagi. Það er t.a.m. lyginni líkast, hversu íslenzkum fyrirtækjum hefur tekizt að ryðja sér til rúms á flugleiðum á Atlantshafi norðanverðu í grimmustu samkeppni, sem þekkist í samgöngum nútímans. Hér skal ekki rakið, hvaða atvik lágu til þess, að tvö íslenzk félög tóku upp flug milli landa, en um skeið hefur verið ljóst, að framtíðarhagur íslenzkra flugmála krefst þess, að kraftarnir séu sameinaðir. Vegna þess, sem á undan var gengið, voru margir næsta vantrúaðir á, að tök væru á að koma til leiðar nauðsynlegu samstarfi eða samruna flugfélaganna, en í gær voru kunngerð þau fagnaðartíðindi, að stefnuákvörðun um sameiningu hefði verið tekin og tímamörk sett. Ég er viss um, að sérhver Íslendingur kominn til vits og ára er þakklátur þeim mönnum, sem fjallað hafa um sameiningu flugfélaganna, bæði forustumönnum þeirra beggja og n., sem hafði milligöngu í löngum og ströngum samningaumleitunum.

En menn skyldu ekki láta sér sjást yfir, að til grundvallar þessari niðurstöðu liggur stjórnarákvörðun, sem fól samgrh. og fjmrh. að hrinda sameiningarviðræðum af stað. Löggjafarstarfið hér á Alþ. er ekki nema einn þáttur stjórnmálastarfsins, ákvarðanir teknar í ríkisstj. og rn. geta ekki síður verið afdrifarikar en lagasetning.

Jafnrétti og aukinn jöfnuður meðal allra þegna þjóðfélagsins er grunntónninn í stefnumörkun núv. ríkisstj. Árangurinn af störfum hennar veltur á því, hvernig henni auðnast að starfa eftir þessu kjörorði, hvort sem í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki, starfsstéttir eða hagsmunahópar. Landsmenn þurfa að geta treyst því, að þeir séu ekki aðeins jafnir fyrir lögunum, heldur engu síður gagnvart stjórnvöldum.

Þökk þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við stjórnarskiptin í júlí 1971 varð líklega meiri og róttækari breyting á íslenzku stjórnarfari heldur en oftast áður við slík tækifæri. Á tímum viðreisnarstjórnarinnar vakti aðgerðaleysið í landhelgismálinu furðu manna. Við stjórnarskiptin var þessu strax snúið við. Þegar var hafin kynning á málstað okkar með þeim krafti og dugnaði, að allra athygli vakti. Nauðungarsamningnum við Breta frá 1961 var sagt upp, og fiskveiðilögsagan færð út eins fljótt og unnt var. Þessum aðgerðum hefur síðan verið fylgt eftir með þeirri festu, en þó ráðdeild, að flestum mun vera orðið ljóst, að sigur er fram undan í þessari deilu, ef okkur auðnast að standa saman.

Í þessu mikilvægasta máli íslenzku þjóðarinnar hefur hæstv. núv. ríkisstj. lagt áherzlu á sem ríkasta samstöðu. Fyrir milligöngu ríkisstj. fékkst fylgi allra alþm. 15. febr. 1972 við þál. þá, sem er grundvöllurinn að aðgerðum ríkisstj. í landhelgismálinu, m. a. þeirri ákvörðun að viðurkenna ekki lögsögu dómstólsins í Haag og senda því ekki málsvara þangað. Á slíka samstöðu hefur verið lögð áherzla í öllum málum, sem fiskveiðilögsöguna varða. Þetta tókst m. a. í frv. til l. um botnvörpuveiðar innan fiskveiðilögsögunnar nýju, sem nú liggur fyrir Alþ. Það er ekki lítilsvirði í svo viðkvæmu máli, að það náðist samstaða þm. úr öllum stjórnmálaflokkum. Fátt hefur hins vegar vakið meiri athygli alþjóðar nú upp á síðkastið, en viðleitni sjálfstæðismanna til þess að skapa ágreining og óeiningu í landhelgismálinu. Þar hefur Gunnar Thoroddsen verið í fararbroddi og hlotið að launum loforð um formennsku í þingflokki þeirra sjálfstæðismanna. Auðheyrt var hins vegar hér áðan, að Geir Hallgrímsson vildi ekki vera Gunnari minni maður. Stöndum saman, sagði Geir, — það vantar ekki, — en sendum mann til Haag. Ég get tekið undir það, sem Bjarni Guðnason sagði: „Boðuð er samstaða en unnið að sundrung".

Staðreyndin er sú, að yfir 30 þjóðir hafa fært fiskveiðilögsögu sína út fyrir 12 sjómílur. Ekki einni einustu af þessum þjóðum hefur dottið í hug að vísa slíku máli til dómstólsins í Haag. Og nú eigum við Íslendingar að fara að gerast tilraunadýr að þessu leyti með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, ekki aðeins fyrir okkur sjálfa, heldur í raun og veru fyrir allar þessar þjóðir, sem við leggjum áherzlu á að eiga samstöðu með. Við skulum vona, að sú viðleitni beri ekki þann árangur, sem að er stefnt hjá þeim sjálfstæðismönnum, að skapa sundrung í þessu mikilvæga máli, enda mun flestum ljóst, að hér er aðeins um aumkunarverða tilraun að ræða til þess að breiða yfir herfileg mistök fyrrv. ríkisstj. með gerð landhelgissamningsins frá 1961, sem við Íslendingar súpum svo illilega seyðið af nú í meðferð Alþjóðadómstólsins í Haag í málinu. Það mun ekki ofsagt, að áframhaldandi festa og samstaða eru meginforsendur þess, að alger sigur megi vinnast.

Á öðrum sviðum hafa ekki síður orðið breytingar við stjórnarskiptin. Í hinu stöðuga stríði við verðbólguna kunni viðreisnarstjórnin ekki önnur ráð en að takmarka fyrst og fremst hlut launþega og framboð á atvinnu. Það eru gömlu íhaldsráðin. Núv. ríkisstj. varpaði slíkum leiðum fyrir borð. Þessi ríkisstj. telur kaupmátt launa, atvinnuöryggi og lífskjör almennings mikilvægustu forsendur skynsamlegrar stefnu í efnahagsmálum, því að til hvers er unnið, ef slíkt er ekki tryggt í lengstu lög? Og málið er í rauninni afar einfalt. Það er staðreynd, sem ekki verður hrakin, að atvinnuöryggi hefur aldrei verið meira né lífskjörin betri en nú í okkar ágæta landi. Vanmáttug viðleitni sjálfstæðismanna til þess að mála skrattann á vegginn í efnahagsmálum fær ekki breytt þessum staðreyndum, jafnvel þótt Matthías Bjarnason og Geir Hallgrímsson rembist eins og rjúpan við staurinn frammi fyrir alþjóð, eins og þeir hafa gert hér í kvöld.

Á sviði atvinnuveganna er sömu sögu að segja. Þar eru stórtæk áform í undirbúningi, ef ekki þegar í framkvæmd. Landbúnaðarlöggjöfin hefur t. d. verið endurskoðuð að mestu leyti og færð til nútímahorfs. Ný jarðræktarlög voru samþ. í fyrra. Er þar að finna mörg merk nýmæli. Einnig voru samþ. breyt. á lögum um innflutning búfjár, og er þar með grundvöllur lagður að nýrri landbúnaðargrein, holdanautarækt, sem væntanlega má mikils af. Á þessu þingi hafa verið samþ. ný búfjárræktarlög, og lög um stofnlánadeild landbúnaðarins eru til meðferðar. Er þar gert ráð fyrir ýmsum nýmælum, m. a. aðild fulltrúa bænda að stjórn sjóðsins og bættri eiginfjárstöðu sjóðsins, fyrst og fremst með auknu framlagi ríkissjóðs. Önnur frv., eins og t. d. jarða- og ábúðarlög, hafa verið rædd á búnaðarþingi og sýnd á Alþ., og má vænta þess, að þau verði að lögum á næsta þingi. Ég harma, að frv. að nýjum framleiðsluráðslögum hefur ekki náð fram að ganga, en það er von mín, að svo verði. Staðreyndin er sú, að á sviði landbúnaðarins hefur verið mjög mikið unnið og er hagur bænda óvenjugóður og bjartsýni ríkjandi.

Ég mun nú snúa mér fyrst og fremst að málaflokkum, sem varla heyrðust nefndir á tíma viðreisnarstjórnarinnar og lítið sem ekkert í þessum umr.: skipulagshyggju og byggðajafnvægi. Ríkisstj. boðaði skipulögð vinnubrögð við framkvæmdir í stað þess handahófs, sem áður ríkti. Sérstök stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, var sett á fót til þess að annast áætlanagerð og tryggja heildaryfirsýn með ráðstöfun opinbers fjármagns til framkvæmda. Þar er nú verið að ljúka við ýmsar mikilvægar áætlanir. Sem dæmi má nefna áætlun um stórfellda endurnýjun hraðfrystihúsanna, sem þegar er unnið eftir, byggðaáætlun fyrir Skagaströnd, sem lokið er við, en stjórn stofnunarinnar hefur ákveðið að ná skuli til Húnaflóasvæðisins alls, þar með talin öll Strandasýsla. Samtals er unnið að yfir 40 áætlunum af ýmsum gerðum og á ýmsum sviðum. Ég viðurkenni, að þetta verk mætti ganga hraðar, en staðreyndin er sú, að verkið er margslungið og að mjög mörgu þarf að gá. Áætlanir þessar munu smám saman sjá dagsins ljós og skapa öruggan grundvöll fyrir skipulegri framkvæmdir og ráðstöfun opinbers fjármagns en áður tíðkaðist.

Núv. ríkisstj. lagði þegar grundvöll að öflugu átaki á sviði byggðamála. Viðreisnarmönnum þótti það mikil rausn að leggja 15 millj. úr ríkissjóði í atvinnujöfnunarsjóð á sínum tíma. Sú fjárveiting var þegar af núv. ríkisstj. aukin í 100 millj. kr. á ári og lánsheimildir veittar. Hefur þannig stórlega aukizt það fjármagn, sem byggðasjóður hefur til ráðstöfunar. Fjármagn til atvinnuuppbyggingar í dreifbýlinu hefur jafnframt verið aukið eftir ýmsum öðrum leiðum. Má benda á mikla aukningu fjármagns til stofnlánadeildar landbúnaðarins og fiskveiðasjóðs og fjármagn á fjárlögum og framkvæmdaáætlun ríkissjóðs, sem ég mun ræða nokkru nánar síðar. En jafnvægi í byggð landsins næst aldrei með því einu að stórauka fjármagn til framkvæmda í dreifbýlinu. Þetta hefur framsóknarmönnum lengi verið ljóst. Því hafa þm. flokksins hvað eftir annað lagt fram á Alþ. frv. um samræmdar framkvæmdir á þessum sviðum. Á viðreisnartímanum töluðu þeir hins vegar fyrir daufum eyrum, enda hefði þá vægast sagt framkvæmdahraði í þessum efnum mátt vera meiri, eins og Matthías Bjarnason benti réttilega á í umr. á Alþ. nú nýlega.

Það þing, sem nú situr, hefur hins vegar verið sérstaklega athafnasamt á þessu sviði. Ég vil fyrst nefna stjórnarfrv., sem öll stefna að því að jafna metin á milli dreifbýlis og þéttbýlis á einn máta eða annan.

Ný hafnalög gera ráð fyrir stóraukinni hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði hafna. Hafnamálasamband sveitarfélaga fær hlutdeild í áætlanagerð.

Ný heildarlöggjöf heilbrigðisþjónustu verður væntanlega samþ. á næstu dögum. Er þar gert ráð fyrir nýskipan læknishéraða, ákvörðun um heilsuverndarstöðvar, 85% ríkisframlagi til byggingar heilsugæzlustöðva og sjúkrahúsa, svo að eitthvað sé nefnt. Frv. þessu er að vísu að mínu viti ábótavant um ýmislegt, en vafalaust tel ég þó, að um mikilvægar endurbætur sé að ræða, fyrir dreifbýlið sérstaklega.

Ég treysti því, að frv. til laga um byggingu 1000 leiguíbúða á næstu 5 árum á vegum sveitarfélaga nái fram að ganga. Það frv. má rekja til þáltill., sem við fluttum nokkrir þm. á síðasta þingi um athugun á þörf fyrir leiguíbúðir í dreifbýlinu og um ráðstafanir til að bæta úr þeirri þörf. Athugun leiddi í ljós, að þörfin er sízt minni en við töldum. Er gert ráð fyrir því að lána 80% af byggingarkostnaði afborgunarlaust fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum. — Það er að sjálfsögðu rétt, sem hér hefur komið fram, að tryggja verður fjármagn til slíkra framkvæmda, en lögin eru til alls fyrst. og ég er sannfærður um, að ekki mun standa á fjármagni. — Ég vil einnig vekja athygli á því, að nú rennur rúmlega ⅛ af því fjármagni, sem Húsnæðismálastofnunin hefur til ráðstöfunar, þ. e. a. s. 412 millj. kr. í Breiðholtsframkvæmdir einar, og er þeim brátt lokið. Það er ekki nóg að stuðla að aukinni atvinnu og atvinnuöryggi. Íbúðir verða að vera fyrir hendi fyrir það fólk, sem vill setjast að á slíkum stöðum. Húsnæðismál dreifbýlisins eru að mínu viti einn versti þrándur í götu eðlilegrar byggðaþróunar. Með þessu frv. er stigið mikilvægt spor í rétta átt.

Að rafvæðingu dreifbýlisins er unnið með endurnýjuðum krafti eftir lognmollu viðreisnarstjórnarinnar á þessu sviði samkv. 3 ára áætlun, eins og kunnugt er. Við þá áætlun mun verða staðið. Þetta kemur greinilega fram í framkvæmdaáætlun ríkissjóðs, sem nú liggur fyrir Alþ. Fjárveiting til rafvæðingar dreifbýlisins hefur verið aukin í meðferð þingsins um 40 millj. kr., til þess að standa megi við gerða áætlun að öllu leyti. Jafnframt hefur verð gerð breyting á orkulögum á þessu þingi, þar sem gert er ráð fyrir því, að lána megi allan kostnað vegna mótorrafstöðva, að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu, þar sem ekki verður kostur á orku frá samveitum. Einnig var í meðferð Alþingis ákveðið að heimila aukin lán til vatnsaflsstöðva úr ⅔ af kostnaði í ¾.

Þá vil ég nefna undirbúningsfyrirtæki vegna

þörungavinnslu að Reykhólum. Á vegum þess fyrirtækis er nú verið að ljúka endurskoðun áætlana, og bendir allt til þess, að þær standist og munu þá framkvæmdir hefjast á þessu vori og framleiðsla á næsta ári. Austur-Barðastrandarsýsla hefur verið með einna lægstar meðaltekjur á öllu landinu. Það mun gerbreytast með þessari framkvæmd.

Á þessu þingi hafa alþm. sjálfir einnig verið athafnasamir í byggðamálum, m.a. hafa sjálfstæðismenn lagt á það rík aáherzlu að reka af sér slyðruorðið. Æði oft hafa þó þessar tilraunir verið heldur broslegar. T.d. má nefna, að nýlega lagði ég fram ásamt Tómasi Árnasyni frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að standa að „Breiðholts"-framkvæmdum í dreifbýlinu, svipuðum þeim, er Reykjavík hefur notið á síðustu árum. Það skal viðurkennt, að frv. þetta kom fram seint. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, fyrr en ég fór að skoða húsnæðsmálalögin ítarlega, að viðreisnarstjórnin hafði árið 1970 gert sér lítið fyrir og fellt slíka heimild fyrr aðra landshluta en Reykjavík úr lögum. Kom þar fram viðhorf þeirrar stjórnar og þeirra, sem þá réðu, til dreifbýlisins. En viti menn, nálægt því tveimur vikum eftir að við lögðum fram frv. okkar, birtist frv. um sama efni, og það er frá engum öðrum en Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, sem hefði þó átt að vera ljósar aðgerðir viðreisnarstjórnarinnar, auk þess var hann í stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar lengi vel.

Matthías Bjarnason hældi sér hér áðan af þáltill. þeirra sjálfstæðismanna í byggðamálum. Staðreyndin er sú, að ég flutti fyrir nokkru þáltill. ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni um mörkun almennar stefnu í byggðamálum. Um það bil tveimur vikum seinna birtist þáltill. frá 9 sjálfstæðismönnum um sama efni. Till. okkar hefur fengið afgreiðslu frá n. og verður væntanlega afgreidd á þessu þingi. Er gert ráð fyrir því að taka verulegt tillit til viðleitni þeirra sjálfstæðismanna, enda sjálfsagt að fagna breyttu hugarfari og stuðla að sem mestri samstöðu í þessu mikilvæga máli. Enn sannast málsháttur inn: „Oft vaknar við beiskan drykk". Stjórnarandstaðan hefur reynzt sjálfstæðismönnum sem beiskur drykkur, en í afstöðu sinni til byggðamála hafa þeir sannarlega haft gott af honum, enda mun skynsamlegast af þjóðinni að halda þeim í stjórnarandstöðu sem lengst. Ég vænti mikils af því starfi, sem unnið verður á næstunni samkv. umræddri þáltill. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að á næsta þingi verði unnt að afgreiða ýmis lög, sem marka munu nýja stefnu í byggðamálum, ekki aðeins í þágu dreifbýlisins, heldur landsins alls, því að jafnvægi og heilbrigð þróun í byggð okkar lands er eitt af mikilvægustu málum allra Íslendinga.

Störf þessarar ríkisstj. einkennast ekki sízt af stórhug í framkvæmdum. Svo hefur verið um allar þær ríkisstj., sem Framsfl. hefur veitt forstöðu. Það er nánast ótrúlegt t.d., hve mikið tókst að framkvæma á erfiðleikaárunum fyrir stríð. Nú blasir þörfin alls staðar við eftir 12 ára íhaldsstjórn. Ég hef áður nefnt sveitarafvæðingu. Aðrar framkvæmdir í raforkumálum eru einnig miklar á framkvæmdaáætlun. Er t.d. gert ráð fyrir fjármögnun samkv. áætlun um 47 millj. kr. til Lagarfossvirkjunar, um 96 millj. kr. til Mjólkár og 80 millj. kr. til Laxárvirkjunar. Einnig má nefna 4 millj. kr. til Blævardalsárvirkjunar. Þarna er einnig gert ráð fyrir 200 millj. kr. í Skeiðarársandsveg og 25 millj. kr. í Djúpveg, 42 millj. kr. í hafnir og flugvelli samkv. Norðurlandsáætlun, en 150 millj. kr. er ráðstafað til vegaframkvæmda á Norðurlandi, eins og heitið var, fyrst og fremst með eflingu vegasjóðs á fjárlögum. Aðeins vinnst tími til þess, að nefna þannig örfá dæmi um stórhug í framkvæmdaáætlun, sem mun leggja grundvöllinn að bættum lífskjörum um land allt.

Góðir hlustendur. Störf núv. ríkisstj. einkennast af stórhug. Þau einkennast af festu og sigurvissu í landhelgismálinu, af réttlátari tekjuskiptingu, af atvinnuöryggi og bættum lífskjörum í efnahagsmálum, af róttækum umbótum á öllum sviðum atvinnumála, af viðurkenningu á mikilvægi byggðajafnvægis og skipulagshyggju og af framsókn á öllum sviðum opinberra framkvæmda. Þetta er æðiólíkt íhaldsstefnu viðreisnarstjórnarinnar. En við, sem styðjum þessa ríkisstj. leggjum áherzlu á fleiri og jafnvel enn mikilvægari grundvallarbreytingar. Við viljum gegna skyldum okkar við landið þannig, að við skilum afkomendum okkar betra landi en við tókum við, og við viljum setja markið hátt og stefna að auknum lífsgæðum í víðtækari merkingu öllum til handa, en ekki aðeins að bættum lífskjörum í þröngri merkingu. Það var með þetta í huga, sem fjármagn til náttúruverndar var margfaldað á fjárl. þessa árs. Þá kom íhaldsandinn einna gleggst fram, er málsvari sjálfstæðismanna, Matthías Bjarnason, sem hér talaði áðan, hneikslaðist sem mest á þeirri fjárveitingu í umr. um fjárl. fyrir áramótin.

Ávallt hefur verið ljóst, að stórhuga framfarastefna getur verið erfið í framkvæmd. T.d. getur verið erfitt að nú jafnvægi í efnahagsmálum með auknum kaupmætti og atvinnuöryggi og mikilli samneyzlu, enda skal það viðurkennt, að ekki hefur tekizt að ná þeim tökum á dýrtíðinni, sem að er stefnt.

Ég vil taka það fram, að ég var ekki hlynntur gengisfellingunni fyrir áramótin. Hins vegar viðurkenni ég, að það var lítill munur á þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem þá komu til greina. Hið mikilvæga er, að samstaða náist á n.k. hausti um róttækar aðgerðir í dýrtíðar- og efnahagsmálum. Flestum mun nú vera orðið ljóst, að ekki verður komizt hjá því, að gera verulegar breytingar á vísitölugrundvellinum. Hinn mikli hraði, sem vísitalan veitir dýrtíðarskrúfunni, er sízt af öllu launþegum til góðs. Slíkt leiðir aðeins til gengisfellinga þriðja eða fjórða hvert ár, ef ekki oftar. Þetta er eitt stærsta viðfangsefnið á næsta leiti. Að því mun verða unnið í fullu samráði við launþega í landinu, og það er sannfæring mín, að sú samstaða mun nást, sem nauðsynleg er, því að hver vill fórna núv. framfarastjórn, stjórn vaxandi kaupmáttar og atvinnuöryggis og batnandi lífskjara og lífsgæða, fyrir nýtt viðreisnartímabil? Hver vill uppgjöf í landhelgismálinu? — Góða nótt.

Sameinað þing, 71. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 592). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lífeyrissjóður allra landsmanna, þáltill. (þskj. 265, n. 494). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 494 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 46 shlj. atkv.

Veggjald af hraðbrautum, þáltill. (þskj. 97, n. 559 og 562). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 559 samþ. með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AuA, ÁÞ, BGuðn, BFB, BP, EÓS, EggÞ, EBS, FÞ, GS, GeirG, GH, GilsG, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁH, JSk, JónasÁ, JSÞ, MÁM, AJ, ÓE, PP, PS, RH, SteinG.
nei: ÁB, BGuðbj, BJ, EÁ, JJ, HES, HV, HFS, IG, KP, LárJ, LJós, MJ, MÓ, MB, ÓlJ, PÞ, PJ, RA, SV, StH, SvJ, SvH, VH, ÞK, EystJ.
4 þm. (BGr, JónÁ, StefG, ÞÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svo fellda grein fyrir atkv.:

Björn Pálsson: Herra forseti. Við 1. umr. gat ég þess, að ég áliti óviturlegt að vera að tefja umferð með því að taka þessar krónur af mönnum, þegar þeir fara um hraðbrautirnar. Menn komast í illt skap út af því. Og ég álít, að þessi óánægja með veggjaldið sé meira af því en að menn sjái eftir krónunum. Ég lagði þá til, að benzinið yrði selt hærra verði á svæðunum, þar sem þessar hraðbrautir eru, og hærri þungaskatt af bílum, sem nota aðallega þessar hraðbrautir. Það mundi spara tíma og gera innheimtuna einfaldari og vinsælli hjá vegfarendum. Þess vegna segi ég já við dagskránni.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég lít svo á, að í þessari rökstuddu dagskrá felist, ef hún verður samþ., að taka beri málið upp við endurskoðun á vegáætlun á næsta ári. En þar sem ég tel hins vegar nauðsyn til að ná í tekjurnar strax vegna aukinna verkefna, segi ég nei við till.

Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, þáltill. (þskj. 620). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að gerast aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að gerast fyrir hönd Íslands aðili að samningi um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem gerður var í Haag hinn 16. des. 1970, og samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem gerður var í Montreal hinn 23. sept. 1971".

Ofbeldi og hótanir um afbeldi, sem beint er gegn stjórnendum loftfara, hefur á síðustu árum ógnað öryggi flugsamgangna. Alþjóðleg samvinna um ráðstafanir til að hamla gegn þessu vandamáli hefur borið þann árangur, að gerðir hafa verið 3 alþjóðasamningar um þetta efni. Hinn 14. sept. 1963 var gerður í Tokyó samningur um refsiverða hegðun og tilgreinda aðra hegðun í loftförum, hinn 16. des. 1970 var gerður í Haag samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, og hinn 23. sept. 1971 var gerður samningur í Montreal um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna. Ísland gerðist aðili að Tokyósamningnum árið 1970, og tók hann gildi hér á landi hinn 14. júní 1970, sbr. auglýsingu nr. 11 1970 í C-deild Stjórnartíðinda.

Til að Ísland geti orðið aðili að hinum tveimur samningunum, sem gerðir voru í Haag og Montreal, er nauðsynlegt að breyta ákvæðum íslenzkra hegningarlaga. Fyrir Alþ. hefur legið frv. til l. um breyt. á almennum hegningarl., n. 19 12. febr. 1940, og hygg ég, að það sé nú orðið að lögum. Í aths. við lagafrv., sem hegningarlaganefnd hefur samið, er gerð ítarleg grein fyrir samningum þessum, og eru þeir báðir birtir sem fskj. með frv. Telja verður æskilegt, að Ísland gerist aðili að umræddum samningi, og er því hér með leitað heimildar Alþ.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. utanrmn. og síðari umr.

ATKVGR.
Till. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og til utanrmn. með 45 shlj. atkv.

Almenn stefna í byggðamálum, þáltill. (þskj. 294, n. 560). — Síðari umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur athugað þessa þáltill. Það kom strax í ljós á nefnarfundi, að menn voru nokkurn veginn einhuga um höfuðatriði þessarar till.

Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála, að byggðamálin eru í flokki hinna brýnustu og þýðingarmestu verkefna á sviði þjóðmála okkar. Er því meira en tímabært, að sem fyrst verði tekin skýr og almenn byggðastefna og henni síðan fylgt eftir af fullri alvöru og festu.

Um það, hvernig byggðamálunum hefur verið sinnt fram að þessu, skal ég ekki vera margorður. Það hefur oft verið rætt áður. Eins og nú háttar tíma og störfum Alþingis, sýnist varla neinum tilgangi þjóna, að ég hafi um þetta mörg orð. Síðast í gærkvöld fengum við svolítla undirvísun í þessu efni, og ég læt það a.m.k. duga að sinni.

Meðan n. hafði þessa till. til meðferðar var lögð fram á þinginu ályktunartill. um skipulag

byggðamála. Er sú till. á þskj. 383 og flutt af 9 þm. Sjálfstfl. Þó að þessari till. hafi ekki enn verið vísað til allshn., þegar hún var að starfi um þá till., sem hér er til umr., var hún eigi að síður tekin einnig til íhugunar, enda er þar um svipað efni að ræða. Í þessari till. sjálfstæðismanna er drepið á mörg atriði, sem skylt er að veita athygli.

Allshn. telur, að höfuðáherzlu beri að leggja á, að efld verði sem allra víðtækust samstaða um skipulögð vinnubrögð í því starfi, sem framundan er, þegar marka skal ákveðna byggðastefnu, og síðan að koma henni til framkvæmda, eftir því sem við á á hverjum tíma. Allt, sem leiða kann til einingar í þessu stórmáli þjóðarinnar, er af hinu góða. Allshn. hefur með hliðsjón af nefndri till. á þskj. 383, þ. e. a. s. till. sjálfstæðismanna, þótt rétt að víkja við í fáum atriðum þáltill. þeirri, sem hér er til umr. Leggur allshn. einróma til, að þáltill., eins og n. hefur gengið frá henni og flutt á þskj. 560, verði samþ. af hinu háa Alþ.

ATKVGR.

Brtt. 560,1 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 560,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun frá Alþingi (þskj. 720).

Ný höfn á suðurströnd landsins, þáltill. (þskj. 493, n. 655). — Síðari umr.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar og rætt hana, og fékk hún á sinn fund vita- og hafnamálastjóra og ræddi málið við hann. Veitti hann n. ýmsar upplýsingar um aðstæður á Suðurlandi til hugsanlegrar hafnargerðar. Með hliðsjón af þeim atburðum, sem gerzt hafa í Vestmannaeyjum, voru allir nm. sammála um, að sú athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, fari fram sem fyrst og engin staður, þar sem líklegt er að byggja megi höfn, verði eftir skilinn við þá athugun, hvorki þar sem telst höfn nú né þar sem engin höfn er, en talið væri að mætti gera slíkt mannvirki, er komið gæti að fullum notum.

Þáltill. gerir ráð fyrir, að skipaðir verði 6 menn, tilnefndir af þar tilgreindum aðilum, til þess að framkvæma athugunina, en fjvn. vill fjölga þeim um einn, þannig að nm. verði 7. Þykir n. eðlilegast að samtök sveitarfélaga á Suðurlandi tilnefni sjöunda nm. Gerir n. um þetta brtt. í nál. sínu, sem er prentað á þskj. 655, og væntir þess, að hv. alþm. geti fallizt á þáltill. með þessari breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál nú, því að hvort tveggja er, að í grg. með þáltill. og í framsögurræðu hv. 1. flm., þegar hann mælti fyrir þessu nauðsynlega þingmáli, komu fram þau rök og upplýsingar, sem ég tel að hafi verið fullnægjandi.

Ég læt þess vegna máli mínu lokið og vona, að till. með þeirri breytingu, sem fjvn. leggur til, fái jákvæða og fljóta afgreiðslu.

ATKVGR.

Brtt. 655 samþ. með 46 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 721).

Varnargarður vegna Kötluhlaupa, þáltill. (þskj. 574). — Fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Við allir þm. Suðurl. höfum leyft okkur að flytja hér till. til þál., um varnargarð vegna Kötluhlaupa, og er till. prentuð á þskj. 574 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera á þessu ári áætlun um gerð og kostnað við byggingu varnargarðs til að verja þorpið Vík í Mýrdal fyrir Kötluhlaupum. Þegar er slíkar áætlanir liggja fyrir, skal ríkisstj. heimilt, í samráði við fjvn., að láta hefja framkvæmdir, sem kostaðar verði að 7/8 hlutum af ríkissjóði."

Eins og segir í grg. með þáltill., er hún flutt að beiðni hreppsnefndarinnar í Hvammshreppi, og ritaði oddviti hreppsnefndarinnar þm. Suðurl. bréf, þar sem hann óskaði eftir því, að þessi þáltill. yrði flutt í því formi, sem við höfum gert.

Það er öllum kunnugt, að þegar gos verða í Mýrdalsjökli, í gígnum Kötlu, koma mikil hlaup úr jöklinum og steypast niður yfir Mýrdalssand, breiða þar úr sér, flytja til mikinn jarðveg og ryðja öllu á brott, sem fyrir verður. Um leið og þessi hlaup lenda í hafinu, myndast mikil flóðbylgja, sem gengur á land vestur með ströndinni og er mest og hæst næst hlaupinu. Þessir atburðir hafa oft gerzt, og eru til um þá heimildir, sem skýra ljóslega frá því, hvað skeður í þessum tilfellum.

Á ströndinni austan undir Reynisfjalli stendur þorpið Vík í Mýrdal. Það er lítið þorp, íbúar eru þar um 380 að tölu, og er fjárhagslega veikt. Það er að vísu í sveitarfélagi með hinum forna Hvammshreppi, en það sveitarfélag verður að teljast mjög veikt fjárhagslega. Á árinu 1964, ætla ég að það hafi verið, sem fyrst var hafizt handa um varnaraðgerðir af því tagi, sem ég hef hér verið að lýsa. Ragnar Jónsson hafði flutt hér á Alþ. þáltill. um, að byggður yrði varnargarður frá Víkurklettum að Höfðabrekkujökli. Höfðabrekkujökull er mikill framburður af jökulhlaupum, sem myndazt hefur þarna á sandinum, og er þar allveruleg hæð, sem er örugg vörn, en skarð á milli. Alþ. samþ. þessa þáltill., og varnargarður var síðan gerður þarna á árinu 1964. Það hefur ekki reynt neitt á þennan garð, en talin er mikil þörf á því, að hann verði styrktur enn frekar og að síðan yrði byggður annar miklu meiri garður og traustari vestar á sandinum, austan við þorpið Vík, til sjávar og jafnvel með sjávarströndinni. Það hafa verið fengnir til rannsókna og ráðuneytis um þetta mál ýmsir sérfræðingar, þ. á m. þeir Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur, Jón Jónsson jarðfræðingur og þar að auki verkfræðingur, Þorbjörn Karlsson að nafni, til þess að gera áætlanir um þetta mannvirki. Umsagnir og skýrslur þessara sérfræðinga eru prentaðar með þáltil. á þskj. 574, til þess að hv. alþm. geti kynnt sér þær. Af þeim má verða ljóst, hversu þýðingarmikið mannvirki er

um að ræða fyrir þetta byggðarlag því til varnar, ef svo illa færi, að jökulhlaup bærist frá Kötlugosi og flóðalda kæmi á sama tíma af sjó, sem gera má ráð fyrir.

Nú veit að vísu enginn um það, hvort Katla gýs, en hún hefur haft samkv. heimildum eins konar fastan meðgöngutíma á liðnum öldum. Hún hefur gosið, að ég hygg, oftast nær með 30—50 ára millibili, og nú eru liðin 54 ár, því að það var 1918 sem stórgos varð í Kötlu. Að vísu varð árið 1955, að mig minnir, nokkurt hlaup úr jöklinum, en það olli ekki neinu tjóni í Vík þá og var það lítið, að ekki varð vart við eldsumbrot, en sennilega hafa þau þá átt sér stað í jöklinum eða undir honum. Íbúar á þessu svæði, sérstaklega íbúarnir í Vík, þessir 380 íbúar, óttast mjög um byggðarlag sitt, ef slíkir atburðir kæmu fyrir sem ég hef hér verið að lýsa. Það er búið að byggja allmikið af húsum niðri á sléttlendinu undir brekkunum þar, og í ráði er að reisa þar iðnaðarhúsnæði og hótelbyggingu, sem gert er ráð fyrir að byrjað verði á þegar í sumar. Hins vegar hefur verið stöðvað að byggja íbúðarhús á svæðinu, fyrr en slíkar varnaraðgerðir eru komnar til framkvæmda, sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég má nú ekki, og vil ekki vera að eyða lengri tíma frá hinu háa Alþ. til þess að gera frekari grein fyrir þessu máli en ég hef þegar gert. Ég vona, að mönnum hafi orðið ljóst af þessum orðum mínum, hvað þarna er í húfi, og vil þá ljúka máli mínu með því að óska eftir, að það verði samþ., að fjvn. fái þessa till. til athugunar og henni vísað til síðari umr. Ég held, að það hafi verið ákveðnar tvær umr., og fjvn. fái þá till. til athugunar milli umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Efri deild, 93. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 674). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd., hlaut þar afgreiðslu fyrir skömmu. Í frv. er ráð fyrir því gert, að þau lagaákvæði, sem gilda eigi um byggingarsamvinnufélög, skuli verða sérstakur kafli í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, við hliðina á köflunum um byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði, og gildandi lagaákvæði um húsnæðismál verði þannig sameinuð í einum lagabálki. Frv. er samið af n., sem félmrn. skipaði á s.l. ári, og voru í þeirri nefnd m.a. fulltrúar fyrir byggingarsamvinnufélögin, menn kunnugir þeirri starfsemi.

Starfsemi byggingarsamvinnufélaganna hefur dregizt heldur saman á undanförnum árum og sum ákvæði gildandi l. orðið óvirk og lítið orðið um það, að þau önnuðust aðra þætti byggingarmálanna en útvega ríkisábyrgðir fyrir byggingarsamvinnufélögin. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að þessi þáttur byggingarsamvinnufélaganna falli niður og verði ekki á þeirra vegum, heldur taki veðdeild Landsbankans að sér að útvega ríkisábyrgðir fyrir byggingarsamvinnufélög. Ég tel það óþarfa vafstur fyrir byggingarsamvinnufélögin sjálf að fást við það mál, en eðlilegt, að veðdeild Landsbankans annist þann þátt.

Að öðru leyti skal ég skýra frá því, að ég tel eftirfarandi atriði vera helztu breytingarnar frá gildandi löggjöf um starfsemi byggingarsamvinnufélaga. Það eru í fyrsta lagi í þessu frv. skýrari ákvæði um tilgang og afmörkun verksviðs byggingarsamvinnufélaganna. Í öðru lagi er kveðið nánar en áður á um réttindi og skyldur félagsmanna gagnvart byggingarsamvinnufélagi og í því efni stuðst við reglur og ábendingar forsvarsmanna byggingarsamvinnufélaga og annarra, sem n., sem frv. samdi, ræddi við. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að stofnsjóðsinnistæður verði ávaxtaðar í byggingarsjóði ríkisins, njóti þar vísitölutryggingar og veiti með tilteknum skilyrðum rétt til viðbótarlána úr sjóðnum. Í fjórða lagi er felld niður samábyrgð félagsmanna í sambandi við veðlán. Í þess stað er gert ráð fyrir, að hver félagsmaður sé ábyrgur fyrir sínum hluta af láni. Í fimmta lagi er stórlega dregið úr þeim kvöðum, sem á íbúðum félagsmanna hvíla í sambandi við sölu og leigu. Í sjötta lagi er gert ráð fyrir sérstöku varasjóðstillagi til eflingar fjárhag og starfsemi félaganna. Í sjöunda lagi er lagt til í frv., að ákvæðið um hluta ríkisábyrgðasjóðs sé fellt niður. Það var í frv. upphaflega, en það var ein af breytingunum, sem gerð var í Nd. Í áttunda lagi er svo kveðið á um skyldur Húsnæðismálastofnunar ríkisins til að veita byggingarsamvinnufélögum aðstoð í þeirra starfi og hafa eftirlit með starfsemi þeirra.

Þetta held ég, að séu meginefnisatriðin, sem í frv. felast, og tel ég, að þau séu öll mjög eðlileg og líkleg til þess að greiða fyrir starfsemi þeirra með eðlilegum hætti.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til, herra forseti, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 480). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur oft verið að því innt hér á Alþ. og till. verið uppi um það, að opnaðar væru leiðir frekar en er í húsnæðismálalöggjöfinni til að greiða fyrir sveitarfélögum um byggingu leiguhúsnæðis. Það er meginefni þessa frv. að bæta aðstöðu sveitarfélaga til þess að standa fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis til leigu.

Aðalefnið er, að heimilað verði að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og megi lánin nema allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi þá hlutaðeigandi sveitarfélag

ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 frá 22. des. 1965 og íbúar sveitarfélagsins ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Það eru því öll önnur sveitarfélög á landinu, sem öðlast rétt samkv. þessu frv., en Reykjavík og nágrenni, sem notið hefur lagaákvæðanna um byggingar þær, sem framkvæmdar hafa verið í Breiðholti.

Þessi lán skulu vera veitt til 33 ára og vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en eiga síðan að endurgreiðast á 30 árum. Þetta eru nákvæmlega sams konar kjör og gilda um lánveitingar vegna Breiðholtsframkvæmdanna, og má líta á þetta mál sem jafnréttismál landsbyggðarinnar, miðað við þá aðstöðu, sem Reykjavík og Reykjavíkursvæðið hafa notið á undanförnum árum í sambandi við byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti. Að öðru leyti skulu lánskjörin vera hin sömu og hjá byggingarsjóði ríkisins. Þetta frv. er þó þeim takmörkunum háð, að hér er heimilað, að þessi lánskjör nái til allt að 1000 íbúða, og byggingartiminn, sem reiknað er með innan ramma frv. næstu 5 ár. Reglugerðarákvæði skulu svo sett um nánari útfærslu þessa.

Þetta er meginefni frv., en einnig er ákvæði um það, að fastar lánsupphæðir skulu hækka úr 600 þús. í 800 þús., en nema þó aldrei meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar. Ég býst við, að menn geri sér það ljóst, að hér er um mjög ríflegar auknar fjárveitingar að ræða til fyrirgreiðslu þess, að byggt verði íbúðarhúsnæði til leigu á vegum sveitarfélaga, þar sem slíkt húsnæði er talið vanta. Væri um íbúð að ræða, sem kostaði 2 millj. kr., yrði þarna veitt lánsfé samkv. frv., sem næmi tvöfaldri lánsupphæðinni 800 þús., þ. e. a. s. 1600 þús. kr. Þannig er mjög auðveldað að komast af stað með húsnæðið, en ætlunin er, að sveitarfélagið leigi síðan húsnæðið ágóðalaust, en væri að sjálfsögðu, þegar menn hefðu ákveðið sig um það að verða kaupendur að slíkum íbúðum, að mínu áliti heimilt að selja slíkt leiguhúsnæði íbúum sveitarfélagsins. Þetta er til þess að bæta úr því, að hægt sé að fara af stað í sveitarfélagi með byggingu íbúðarhúsnæðis, þó að einstaklingar hafi ekki gefið sig fram til þess að ákveða sig sem kaupendur að íbúð þegar í stað.

Önnur efnisatriði eru ekki í þessu frv. Þau eru þessi tvö, sem sé hækkun á lánsupphæð úr 600 þús. upp í 800 þús. og heimild fyrir sveitarfélög að njóta lánskjara samkv. 1. gr. frv. til þess að koma upp íbúðarhúsnæði til leigu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta mál þegar við 1. umr.

Eins og hæstv. félmrh. lýsti, varðar þetta frv. tvö atriði. Í 1. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að hin almennu íbúðarlán byggingarsjóðs ríkisins verði 800 þús. kr. á íbúð og hækki um 200 þús. úr 600 þús. kr. Ég hef fyrr á þessu þingi borið fram þáltill. um, að þessi upphæð verði hækkuð úr 600 þús. kr. í 900 þús. kr., en samkv. gildandi l. hefur húsnæðismálastjórn heimild til slíkrar hækkunar með samþykki félmrh. Þessi þáltill. var borin fram í des. s. l. og hafði þau góðu áhrif, að rétt stjórnvöld fóru að rumska og hækkuðu upphæðina úr 600 þús. kr. í 800 þús. kr., eins og hér er lagt til til staðfestingar. Ég hef bent á áður í sambandi við þessa umgetnu þáltill. mína, að hér sé ekki nóg að gert, vegna þess að raungildi íbúðarlánanna minnki, þ. e. a. s. íbúðarlánin séu eftir þessa hækkun ekki eins mikill hluti af byggingarkostnaði íbúðar og var, þegar 600 þús. kr. voru ákveðnar í maí 1970. Og ég hef haldið því fram, að það ætti að vera hægt að hækka þetta hámark íbúðarlánanna til samræmis við byggingarkostnað án þess að efla tekjustofna byggingarsjóðsins, vegna þess að um leið og byggingarkostnaðurinn hækkar, hækka þær fjárhæðir, sem gildandi tekjustofnar veita byggingarsjóði ríkisins. Ég á þar við launaskattinn og skyldusparnaðarféð. Hæstv. félmrh. hefði því átt að gegna þeirri frumskyldu sinni í fyrsta lagi að gera ráðstafanir til þess, að lánin hækkuðu í samræmi við hækkun byggingarvísitölunnar, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Og fyrst hann hefur látið það farast fyrir, hefði hann átt að sjá sóma sinn í að gera þá bragarbót að leggja það til nú í þessu frv. En hvorugt gerir hæstv. ráðh. Ég geri ráð fyrir því, að hann muni standa hér upp á eftir og segja, að það sé ekki til fjármagn til slíkra ráðstafana, því að ekki skorti hann viljann.

En víkjum þá að spurningunni um fjármagnið. Hæstv. ráðh. var ekki lengi búinn að vera í sinni núverandi stöðu sem æðsti maður húsnæðismálanna, þegar hann fór að lofa því, að hann mundi beita sér fyrir eflingu tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins. Hann marglýsti þessu yfir á síðasta Alþ. og sérstaklega á síðustu dögum þingsins, þegar hann kom þá, eins og nú, í þessa hv. d. og ætlaðist til þess, að d. afgreiddi svo veigamikil mál sem húsnæðismálin í einu hendingskasti. Það eru einhver álög á þessum hæstv. ráðh. að koma með hin þýðingarmestu mál í hans málaflokki undir slíkum kringumstæðum. Ég skal ekkert segja, hvað veldur, en það er ástæða til að mótmæla slíkum vinnubrögðum.

En hvað um fjármagnsmöguleika byggingarsjóðs ríkisins? Á síðasta Alþ. lýsti hæstv. félmrh. því yfir, að það væri stórkostleg vá fyrir dyrum í þessum efnum, það vantaði hvorki meira né minna en 500 millj. kr. í byggingarsjóð ríkisins á árinu 1972, til þess að hann gæti staðið við eðlilegar skuldbindingar. Og hæstv. ráðh. átti ekki nægilega stór orð til þess að áfellast viðskilnað viðreisnarstjórnarinnar í þessum efnum. Það mátti til sanns vegar færa, að það væri ekki góður viðskilnaður, ef svo var gengið frá tekjustofnum byggingarsjóðs ríkisins, að slíkar upphæðir vantaði. En á þessu hamraði hæstv. félmrh. og gaf auðvitað loforð á báðar hendur um, að úr þessu yrði bætt. Þetta var á síðasta þingi. Á núv. þingi snýr hæstv. ráðh. algerlega við blaðinu og flytur mikla ræðu um það í Sþ. í febr. s. l., hve vel hann hafi staðið sig í húsnæðismálunum, það hafi verið hægt að fullnægja á árinu 1972 öllum eðlilegum umsóknum á eðlilegum tímum um lán úr byggingarsjóði ríkisins. Og auðvitað vildi hæstv. ráðh., að honum væri þakkað fyrir þetta. En hann gleymdi auðvitað að geta þess eða hugsaði kannske ekkert út í, að það, sem hafði raunverulega verið afrekað á árinu 1972 í þessum efnum, var gert að óbreyttri lög-

gjöf hvað snertir tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins, þannig að allt, sem hann hafði sagt á fyrra þingi um viðskilnað viðreisnarstjórnar í þessum efnum, reyndist fleipur eitt, því að staðreyndirnar töluðu sínu máli. Hæstv. ráðh. skýrði frá því á þessu þingi, að með óbreyttum tekjustofnum hefði verið hægt að gegna eðlilegri útlánaskyldu byggingarsjóðs ríkisins.

Nú finnst mér, þó að ekki væri nema með tilliti til þessa, sem ég hef nú greint frá, að hæstv. ráðh. beri nokkur skylda að gera hv. d. nokkra grein fyrir því, hvernig þessi mál standa nú, og geri grein fyrir því, hvers vegna hann leggur til, að raungildi íbúðarlánanna víki frá því, sem var 1970, þrátt fyrir það að augljóst er, að um leið og byggingarvísitalan hækkar, dýrtíðin vex, afla aðaltekjustofnar byggingarsjóðsins hærri fjárhæða til ráðstöfunar. Mér finnst, að hæstv. ráðh. geti ekki komizt hjá því að gera nokkra grein fyrir þessu máli.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði að segja aðeins nokkur orð hér við 1. umr. Ég læt því þetta nægja um þetta atriði. En ég get ekki látið vera að víkja einnig nokkrum orðum að efni 2. mgr. 1. gr. þessa frv. Það er, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, um það, að sveitarfélög verði aðstoðuð við byggingu leiguíbúða, það verði gert með því að veita þeim í því skyni 80% lán miðað við byggingarkostnað og lánin verði til 33 ára og afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðist síðan á 30 árum, þ. e. a. s. hér gilda sams konar kjör og um byggingar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholtinu.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að oft hefði verið talað um að greiða fyrir sveitarfélögum um byggingu leiguíbúða. Þetta er rétt. Það hefur oft verið rætt um þetta, og m. a. á Alþ., og hæstv. ráðh. sagði, að í málefnasamningi ríkisstj. væri gert ráð fyrir aðgerðum í þessu efni. En hæstv. ráðh. gleymdi að geta þess, að á síðast Alþ. var samþ. þáltill. þess efnis, að ríkisstj. legði fyrir Alþ. frv. til l. um útvegun fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir. Þetta samþykkti síðasta Alþ. Það var engin tilviljun, að þetta átti ekki einungis við sveitarfélögin, heldur alla aðra aðila, sem höfðu áhuga, vilja eða getu til þess að byggja leiguíbúðir. Það fór fram sérstök atkvgr. í Sþ. um, hvort það væri vilji Alþ., að fyrirhugaðar ráðstafanir væru einungis bundnar við sveitarfélög eða við alla byggingaraðila. Við hv. 1. landsk. þm. bárum fram brtt. við þáltill. um þetta efni, þar eð till. gerði upphaflega ekki ráð fyrir þessu. En það kom fram skýr vilji Alþ. í þessu efni. Það var ekki óeðlilegt, vegna þess að svo sjálfsagt sem það er að aðstoða sveitarfélög í þessu efni, kann að vera, að sveitarfélögunum komi enn betur, að það sé möguleiki fyrir aðra aðila að vinna þetta sama verk. Í sjálfu sér er það ekkert kappsmál fyrir sveitarfélögin sjálf að standa í slíkum framkvæmdum og taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar í þessu efni fram yfir það, sem sveitarfélögin þurfa að standa undir. Þess vegna kann það að vera hjarnargreiði við sveitarfélögin að hafa ekki opinn möguleika til þess, að allir aðilar geti notið þessarar aðstoðar, sem hér er lagt til, að verði veitt.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Er það kannske svo, að honum hafi sézt yfir yfirlýstan vilja Alþ., eins og hann kom fram á síðasta þingi, og þess vegna láðst að bera fram frv. sitt eins og Alþ. lagði fyrir, hvað þetta varðar? Eða er það af ásettu ráði, sem hæstv. ráðh. leyfir sér að hunza svo ákveðinn vilja hv. Alþ., eins og hann kom fram á síðasta þingi? Hvað liggur þá til grundvallar flutningi þessa frv., ef það er svo úr garði gert, að það kann að vera, að það geti verið hjarnargreiði við sveitarfélögin undir vissum kringumstæðum? Hverjum er þá hæstv. félmrh. að þjóna í þessu efni? Mér finnst rétt að spyrja þessara spurninga þegar við 1. umr. En þá kemst ég ekki hjá því að spyrja annarar spurningar vegna þessa þáttar frv.: Hefur hæstv. félmrh. fyrirætlanir uppi um að efla tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins til þess að mæta hinum auknu þörfum, sem hljóta að fylgja því að samþykkja þessa sérstöku fyrirgreiðslu vegna leiguíbúða? Ef hæstv. ráðh. hefur fyrirætlanir uppi um þetta, hverjar eru þær fyrirætlanir? Ég vil ekki trúa öðru en hann hafi einhverjar fyrirætlanir. Ég vil ekki ganga út frá því, að þetta eigi einungis að vera sýndarfrv., sem í framkvæmd þýði það, að þetta hafi litla sem enga þýðingu fyrir sveitarfélögin í landinu, eða þá að fjármagn í þessu skyni verði tekið af því, sem fyrir er og gangi út yfir aðrar þarfir, sem byggingarsjóðurinn þarf að sinna, finnst mér, að ekki megi minna vera en að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um svo veigamikil atriði sem þessi, sem ég hef núna spurt um. Og ég hef spurt um það nú þegar við 1. umr., til þess að n. sú, sem tekur málið til meðferðar, geti athugað það m. a. í ljósi þeirra upplýsinga, sem hæstv. ráðh. ætti að gefa um þau efni, sem ég hef nú spurt um.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nú svo áliðið þings, að af þeirri ástæðu ásamt öðrum er ég alveg ófáanlegur til þess að eyða tíma í að munnhöggvast við þennan hv. þm. Hann hefur búið sér til „kepphest", sem heitir húsnæðismál, og á þeim „kepphesti" verður hann að fá að ríða óáreittur af mér. Þar með læt ég útrætt um hans löngu ræðu, sem hann lofaði þó, að skyldi verða stutt.

Það er rétt, að ég legg til í þessu frv., að lögfest verði 800 þús. kr. lánsupphæð til íbúðar sem almenn regla í húsnæðismálalöggjöfinni, en fram til síðustu áramóta var upphæðin 600 þús. Hæstv. þm. segir, að hann muni leggja til, að þetta verði 900 þús., rökstutt með því, að það sé til nóg fé í byggingarsjóði ríkisins til að standa undir slíkum lánveitingum, því að ýmsir tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins fari hækkandi með vaxandi dýrtíð og hækkuðum launagreiðslum í landinu, t. d. launaskatti. Þetta er rétt. En það er líka aukin byggingarþörf í landinu og fleiri, sem byggja, en áður. Byggingarmálin voru í mikilli lægð 2—3 s. l. ár, bæði að því er snertir almenna byggingarlánakerfið, þar voru tiltölulega færri íbúðir byggðar á þeim árum en eðlilegt var, en sú tala jókst mjög á

s.l. ári, og einnig lágu byggingar verkamannabústaða alveg niðri nokkur undanfarin ár. Nú er að lifna yfir þeirri byggingarstarfsemi á ný og verður byggt á 19 stöðum a.m.k. á þessu ári. Ég efast því um, að það sé fyllilega rétt hjá honum, að byggingarsjóðurinn standi undir 900 þús. kr. lánsfjárhæð til einstaklings sem íbúðarkaupanda. En ef mark er á því takandi hjá hv. þm., ætti hann ekki að hafa verulegar fjárhagsáhyggjur af sjóðnum, þó að eitthvað færi til byggingar leiguíbúðarhúsnæðis, því að það ætti að vera einhver afgangur handa þeim þætti. Ég geri því ekki skóna, að þó að þetta frv. verði samþ., verði a.m.k. á árinu 1973 um mjög mikil viðbótarútgjöld að ræða, því að einhverju leyti kemur bygging leiguíbúðarhúsnæðisins í stað annarra byggingarþátta, sem annars væru framkvæmdir. Ég hef að vísu gert mér grein fyrir því, að það muni geta komizt af stað einhverjar byggingar samkv. þessum lögum, ef samþ. verða nú, en varla verður það svo, að það verði af fullum krafti. Það þarf nokkurn tíma til að undirbúa tæknilega slíkar byggingar, og við skulum segja, að þó að það tæki ekki nema 2—3 mánuði, er komið fram á síðsumar, og byggingartíma úti um landið lýkur í sept.-okt. Ég held því, að á þessu ári verði ekki um stórupphæðir að ræða, sem leggist á byggingarsjóðinn að auki vegna þessa frv. En væri um meðaltalið að ræða, væru það 200 íbúðir, sem gæti komið til greina, að byggðar yrðu að meðaltali. Ég geri ráð fyrir, að sú tala yrði mun lægri á þessu ári, en þá aftur yfir 200 íbúðir á hverju hinna fjögurra áranna, en gert er ráð fyrir, að heimilt sé að byggja alls 1000 íbúðir.

Ég er fús til að játa, að það væri vafalaust æskilegt að geta haft lánsupphæðir til þeirra, sem byggja, 900 þús. kr., jafnvel milljón. En þó er það nú svo, að þá kemur að öðrum takmörkunum, og það er það, undir hve háum lánum byggjendurnir geta risið. Það fer að verða erfitt fyrir marga, þegar komið er yfir 800 þús. kr. lán, að rísa undir þeirri lánsupphæð, hvað þá hærri. En svo kemur það líka til, að nú hafa opnazt nokkuð almennt aðrar leiðir til lána fyrir húsbyggjendur, þ.e. fyrir alla þá, sem eru í lífeyrissjóðum, ef þeir fá þar lán í viðbót við það, sem þeir fá úr byggingakerfinu. Þannig er hlutur byggjenda ekki jafnrýr og hann var, meðan allir urðu eingöngu að binda sig við þá upphæð, sem úr veðlánakerfinu fékkst. Mín till. er sem sé sú, að þessi upphæð verði nú ákveðin 800 þús. kr. Hins vegar er í frv. ákvæði um það, að lögfestu upphæðinni megi breyta árlega héðan í frá, samkv. þessu frv., en hefur ekki verið hagganlegt nema á tveggja ára fresti. Það gerir það að verkum, að það geta orðið örari breytingar á þessari ákveðnu upphæð. Hún væri í þessu tilfelli ekki ákveðin nema bara fyrir yfirstandandi ár.

Það er svo talað um, að það sé æskilegt, að heimildin til þess að standa fyrir byggingu leiguíbúðarhúsnæðis verði ekki bundin eingöngu við sveitarfélögin. Ég held fast við það, að það eigi eingöngu að fela þetta sveitarfélögum að þessu sinni. Hér er um að ræða, eins og ég áðan sagði, að leggja fram lánsfé til íbúðar, kannske að upphæð 1,6 millj. kr. Það er mikið fé, og það á sannarlega ekki að fara í hendur þeirra, sem byggja íbúðir til þess að braska með þær. Það á ekki að fara til neinna þeirra, sem byggja eingöngu íbúðir og húsnæði í ágóðaskyni fyrir sjálfan sig. Ég treysti því, að sveitarfélögin séu sá rétti aðili til að standa fyrir byggingu íbúðarhúsnæðis, sem ekki eigi að fara í brask, en eigi að leigjast fyrst í stað á réttri leigu, sem skilar ekki neinum ágóða, og síðan, þegar leigjendur hafa ákveðið sig um kaup, sé þetta selt ágóðalaust. Hvaða líkur eru til þess, að menn, sem byggja íbúðir með það fyrir augum að hagnast á því, standi í því að byggja leiguhúsnæði, sem á að leigjast út eða seljast ágóðalaust? Ég sé ekki nokkra minnstu ástæðu til þess. En ef þeim væri heimilað að fara inn í þetta, væri sem sé boðið upp á það, að meira eða minna af þessu húsnæði færi í brask, og það er ekki ætlun mín. Ég tel því, að frv. væri stórspillt með því, ef farið væri inn á þá braut að heimila einnig að veita framkvæmdalán einstaklingum, sem bara byggja til þess að selja eða leigja út húsnæði. Það þarf að vera opinber aðili, sem er ábyrgur fyrir því, að þessi framkvæmd nái tilgangi sínum.

Hins vegar vil ég taka það fram, að ef sveitarfélag eða sveitarstjórn á þess kost, að einhver félagslegur aðili eða t.d. atvinnurekandi vilji útvega leiguhúsnæði fyrir sitt fólk, hygg ég, að þá sé hægurinn hjá að gera samkomulag við sveitarstjórnina um það, að sá aðili, sem ætlað er, að verði þjónað með þessu, legði fram þau 20%, sem leggja þarf fram, eða gerði leigusamning við sveitarfélagið og endurleigði síðan sínu fólki íbúðirnar. Ég held, að þetta geti komið öllum að gagni, sem þörf hafa fyrir svona úrlausn á húsnæðisvandamálunum, en sjálf framkvæmdin á löggjöfinni eigi ekki að vera í margra höndum, heldur eingöngu sveitarstjórnanna. Ég legg því áherzlu á það, að hvorki verði farið að bera fram og samþykkja hér brtt. við frv., sem gætu stofnað því í þá hættu, að það næði ekki fram að ganga. Ég trúi því ekki, að fyrir hv. þm. vaki það að bregða fæti fyrir þetta frv., og af þeirri ástæðu einni ætti hann að minni hyggju að taka sína fyrirhuguðu brtt. til baka. Í öðru lagi tel ég, að þær brtt., sem hann hefur hér nefnt, mundu spilla frv. og bjóða þeirri hættu heim, að þetta leiguhúsnæði, sem þá yrði byggt, yrði að einhverju leyti látið út í braskið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég lagði nokkrar spruningar fyrir hæstv. félmrh. hér áðan (**Félmrh.:** Þeim var svarað óbeint) — afmarkaðar og skýrar spurningar. Hæstv. ráðh. hafði slæma samvizku, því að hann kallar fram í, að þeim hafi verið svarað, en hann sagði óbeint. Þeim var ekki svarað. Hæstv. ráðh. taldi ástæðu til þess að hefja sína ræðu með skætingi í minn garð fyrir að hafa borið fram þessar fsp. Afsökunin, sem hann taldi, að væri fyrir því að svara ekki því, sem um var spurt, var, að hann væri ófáanlegur að munnhöggvast við mig um þessi mál. Hann fór svo einhverjum lítilsvirðandi orðum um það, að ég hefði áhuga á húsnæðismálunum. Þetta er það, sem hæstv. félmrh. segir, þegar gerð er tilraun til þess að

fá hann til að komast að kjarna málanna með því að svara einföldum og sjálfsögðum spurningum. Ekki hefði átt að þurfa að spyrja ráðh. um þetta, sem leggur fram það frv., sem hér er um að ræða. Hæstv. ráðh. hefði átt að sjá sóma sinn í því að skýra óbeðinn frá þeim hlutum, sem varða grundvöll þessa frv. og hvernig framkvæmdin getur orðið.

Ég hef í raun og veru ekki miklu að svara hæstv. ráðh., þegar hann í raun og veru segir ekkert, sem hönd er á festandi, víkur að nokkrum atriðum í óðagoti og af handahófi, svo að maður segi ekki á handahlaupum.

Hæstv. ráðh. sagði, að nú væri að lifna yfir byggingarsjóði verkamanna. Það er alveg rétt. Er það vegna hans tilverknaðar? Lög um byggingarsjóð verkamanna voru endurskoðuð og þeim var gerbreytt árið 1970. Síðan hæstv. ráðh. tók við stjórn húsnæðismálanna, hefur ekkert verið gert í þessum málum. Löggjöfin hefur verið framkvæmd, og svo virðist sem þessi löggjöf og þær miklu breytingar, sem gerðar voru 1970, ætli að reynast vel.

Varðandi möguleikana á að standa undir skuldbindingum, sem gert er ráð fyrir með aðstoð þeirri, sem felst í 2. mgr. 1. gr. frv., lét hæstv. ráðh. í það skína, að það væri ekki mikið að óttast í því efni, vegna þess að það tæki langan tíma að undirbúa þessi mál. Manni skildist, að það kæmi ekki til fjárútláta af þessum sökum fyrr en eftir marga mánuði eða á næsta ári. Kann að vera, að þetta séu rök í augum hæstv. ráðh., sérstaklega ef hann gengur út frá því, að það muni aldrei koma til þess, að hann beri ábyrgð á framkvæmd þessara mála á næsta ári. En það er nokkuð ábyrgðarlaust að segja þessi orð hér og ætlast til þess, að menn taki þau alvarlega sem rök í þessu máli.

Þá var önnur rúsínan í pylsuendanum hjá hæstv. ráðh. Hann sagði, að það væru takmörk fyrir því, undir hve hárri upphæð lántakendur gætu staðið. Jú, auðvitað eru alltaf takmörk fyrir því. En eru það rök í þessu máli, að það sé hyggilegt að lækka raungildi hinna almennu íbúðalána vegna þess, að þá standi lántakendur undir minni skulbindingum? Ég hef aldrei heyrt teflt fram slíkum rökum í þessum málum, — aldrei. Ég hef aldrei heyrt það, hvorki í hv. Alþ. né á mannfundum. Ég hef alltaf heyrt, að menn legðu áherzlu á það, hvar í flokki sem þeir standa, að við þyrftum að hækka íbúðalánin, þar væri ekki nærri nógu mikið að gert. Minnumst þess, að íbúðalánin voru 1970 um 40% af byggingarkostnaði miðað við meðalíbúð, en þau fara núna, miðað við sömu útreikninga, niður undir 30%. Svo ætlast hæstv. ráðh. til þess, að þessi hv. d. taki það alvarlega, að þetta sé bara af hinu góða að því leyti, að það séu minni byrðar, sem lántakandi standi undir, þar sem það séu takmörk fyrir því, hvað lántakandi geti staðið undir miklu. En þessum hæstv. ráðh. kemur ekki til hugar að benda á, a. m. k. sem fjarlægt markmið, ef hann treystir sér ekki sjálfur til þess að gera neitt í því efni, að bæta þarf lánskjörin, lengja lánstímann, lækka vextina. Það er eins með þessi atriði og lánsupphæðina, að ég hef engan heyrt, sem neitar því, að það sé ekki þörf á því að vinna að því að bæta lánskjörin að þessu leyti, lengja lánstímann, lækka vextina. Það er leiðin til þess að þjóna lántakendum, en ekki að lækka lán þeirra. Svo sjálfsögð grundvallaratriði sem þessi ætti hæstv. ráðh. að sjá sóma sinn í að skilja og viðurkenna.

Hæstv. ráðh. hélt sér við það, að það væri rétt, að fyrirgreiðsla varðandi leiguíbúðir ætti einungis að varða sveitarfélögin. Hann er ákveðinn í því. Hann er ákveðinn að virða að vettugi vilja hv. Alþ., eins og hann kom fram í þáltill. á síðasta þingi og honum bar að vinna eftir. Rökin eru þau, að það sé svo hættulegt að veita slíka aðstoð öðrum aðilum, vegna þess að það séu braskarar, sem væntanlega selja íbúðirnar eða hagnazt á leigu. Er þetta ekki nokkuð langsótt, hæstv. ráðh.? Er þá ekki rétt að útfæra þessa hugsun alveg til enda og hætta að lána einstaklingum íbúðalán, vegna þess að þeir gætu braskað með íbúðirnar. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að vera sjálfum sér samkvæmur í þessu efni.

Þá kom hæstv. ráðh. að lokum biðjandi, biðjandi um það, að ekki verði nú lagðar fram brtt., að sjálfsögðu dauðhræddur um, að þær yrðu samþ., því að ekki veitir af að reyna að betrumbæta þetta verk hæstv. ráðh. Hvers vegna hræddur, og hvað er hann að segja? Það er þá verið að stofna málinu í voða, segir hann. Ég fer að halda, að hæstv. ráðh. komi með þessi þýðingarmiklu mál alltaf á síðustu dögum þingsins til þessarar hv. d. til þess að geta borið fyrir sig annan eins málflutning og þennan og komið fram biðjandi um það, að ekki verði nú hreyft við neinu, sem hann komi með, því að þá sé málinu stefnt í hættu. Og í hvaða hættu er þá málinu stefnt? Ekki í neina hættu varðandi upphæð hinna almennu íbúðarlána, því að það er, eins og ég sagði, staðfesting á ákvörðun, sem búið er að taka og þarf ekki að breyta lögum til. Þetta er því sýndarmennska. En hitt atriðið, ef ætti að taka eitthvert mark á rökum hæstv. ráðh., á ekki að koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári, og þá sé ég ekki, að miklu sé hætt. Ég held, að þessi hv. d. ætti einmitt, þó að tími sé naumur, að taka málið til gaumgæfilegrar athugunar og freista þess að koma einhverri mynd á þessa ómynd, sem hæstv. ráðh. leggur hér fram. Þess vegna held ég, að hæstv. ráðh. eigi ekki að gera sér neinar gyllivonir um, að það verði ekki lagðar fram brtt. við þetta frv. En þegar að því og 2. umr. kemur, er tækifæri til þess að ræða málið nánar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 665). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 665 er frv. til l. til breyt. á l. nr. 14 frá 21. marz 1965, um launaskatt, sbr. l. nr. 104 31. des. 1972. Efni þessa frv. er það að undanskilja, auk þess sem áður var undanskilið launaskatti, tekjur sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða. Þegar samið var um fiskverð

fyrir síðustu áramót, var það einn þáttur í því samkomulagi, að útgerðarmenn greiddu ekki þennan launaskatt beint, heldur væri hann greiddur í verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þetta varð á sínum tíma til þess að skapa lausn þess máls fyrir s.l. áramót, svo að útgerð gat hafizt strax upp úr áramótunum, eins og æskilegt var og allir óskuðu eftir. Efni þessa máls skýrir sig raunar sjálft, og ég sé því ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð. Það fékk góða afgreiðslu í hv. Nd. og ég treysti því, að það fái sömu meðferð hér og geti farið með hraða í gegnum þessa hv. deild.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 666). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 702). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 702 er frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Að stofni til er þetta frv. flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út á s.l. sumri um hækkun á frádrætti fyrir aldraða, sem þá var gerð. Í hv. Nd. var frv. svo að till. fjmrn. og einnig hv. fjh.- og viðskn. breytt nokkuð frá því, sem upphaflega var og sérstaklega bætt þar við. Í fyrsta lagi voru ákvæðin í sambandi við undanþágu sjómanna, sem þeir hafa samkv. lögum, gerð skýrari. Í öðru lagi var ákvæði um skattskyldar eignir, en þar er talið bæði lausafé og fasteignir, líka gert skýrara. Þá var og í þriðja lagi nokkuð aukið við þann frádrátt, sem aldraðir höfðu samkv. brbl., og sett inn það ákvæði, að það skyldi háð verðlagi eða skattvísitölu. Umfangsmestu breytingarnar, sem gerðar voru, eru þær, að gera skýrari og ákveðnari ýmis viðurlög og að skatteftirlitið hafi greiðari aðgang að því, sem skoða þarf, til þess að upplýsa skattsvik, ef um þau er að ræða, og þá jafnframt að skilgreina betur en var fyrir í l. sönnunarskyldu framteljenda. Í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir því, að rýmka heimild fjmrh. í sambandi við fyrirframgreiðslu til þess að nálgast staðgreiðslukerfið eins og frekast er unnt, án þess að taka þá áhættu, sem í ljós hefur komið í sambandi við það, t.d. á öðrum Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, þar sem framkvæmdin hefur reynzt mjög erfið. Þá er og tekin upp 52. gr. l. og hún gerð skýrari og augljósari, en þar er um að ræða þær undanþágur, sem skattþegn getur fengið vegna ýmissa óhappa, sem hann kann að verða fyrir, eins og veikinda, slysa og annarra hluta, sem nauðsyn ber til, að séu skýr í skattalögum.

Um þetta frv. varð samstaða í hv. Nd. og það var afgreitt út úr d. með shlj. atkv., enda höfðu þeir, sem í fjh.- og viðskn. unnu, reynt að samræma sín sjónarmið eins og tök voru á.

Ég treysti því, að í þessari hv. d. verði það einnig svo, því að nauðsyn ber til að afgreiða þetta mál nú, og legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 556, n. 703, 704 og 706, 705). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta, en varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins, þannig að það koma fram, eins og hv. þm. hafa séð, 3 nál. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu við 6. gr. frv., að þar verði fellt niður eitt ákvæði, sem hljóðar þannig:

„Eigi er heimilt að lána til framkvæmda, þó að á lögbýlum sé, ef þau eða framkvæmdirnar eru ekki notaðar til landbúnaðarframleiðslu."

Sumum fannst vera fulllangt gengið, vegna þess að það eru margir menn, sem eru starfandi í sveitum og hafa yfir að ráða lögbýli, þótt þeir búi ekki, og eigi ekki aðgang að öðrum lánastofnunum. Okkur þótti því rétt að fella þetta niður. Að öðru leyti leggjum við til, að frv. verði samþ. eins og það var lagt fyrir hv. Alþ.

Ég ætla ekki að ræða frv. sérstaklega. Hæstv. landbrh. hafði framsögu fyrir þessu máli fyrir stuttu og gerði þá ítarlega grein fyrir málinu og vísa ég til þeirra röksemda, sem þar komu fram.

Frsm. 1. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur verið lýst, náði landbn. ekki samstöðu um frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. 1. minni hl. n., við tveir þm. Sjálfstfl., hefur ekki getað fallizt á það í því formi, sem það er, og við höfum ekki náð fram því, sem við óskuðum eftir, þegar málið var

til umr. í n. Ef ég ætti að skilgreina í sem fæstum orðum, hvað við höfum fyrst og fremst við þetta frv. að athuga, er það það, að þessu frv. er ætlað að koma að nokkru leyti í staðinn fyrir eldri lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. En eins og tekið er fram í nál. okkar í 1. minni hl., þá er fjarri því, að þetta frv. spanni yfir allt það verksvið, sem fyrri lög gera. Í aths. með þessu frv. er þess getið, að ákveðið hafi verið að leggja fram um leið frv. að lögum og lagabálkum, sem ættu að ná til þeirra hluta og verkefna, sem aðrir kaflar l. um stofnlánadeild og landnám ná til. Það var okkar skoðun, og ég hygg, að mönnum þyki hún ekki óeðlileg, að það sé óaðgengilegt og raunar óafsakanlegt að ákveða að fella úr gildi um næstu áramót lög, sem eru mikilvæg fyrir heilan atvinnuveg, án þess að koma með á sama tíma neina rökstudda hugmynd um, hvað á að koma í staðinn.

Eins og ég hef tekið fram, er ráð fyrir því gert í 30. gr. þessa frv., að I. kafli þessara l. öðlist gildi 1. júlí 1973, önnur ákvæði l. öðlist gildi 1. jan. 1974 og frá 1. jan. 1974 falli úr gildi lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, en það eru þau lög, sem ég gerði að umræðuefni áðan og taka yfir landbúnað, Landnám ríkisins o.fl. Af þessu má sjá, að það er ekki nema nokkur hluti þessa frv., sem liggur á að lögfesta. Ef maður les frv. yfir með nokkurri athygli og ber það saman við eldri lög, er í raun og veru ekki nema eitt lítið atriði í því, sem nokkur veruleg breyting er á frá eldri l., en það er fjáröflunargreinin, 4. gr., sem gerir ráð fyrir auknu fjármagni til stofnlánadeildarinnar. Það varð því okkar niðurstaða að leggja til, að þessi 4. gr. yrði lögfest og felld inn í gildandi lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, og teljum við, að með því sé náð því höfuðviðfangsefni, sem við er glímt í þessu frv. Það er svo margt, sem okkur sýnist, að sé í mikilli óvissu, þegar við höfum ekki getað kynnt okkur nægjanlega þau frv., sem eiga að koma í stað síðari hluta laganna um stofnlánaleild landbúnaðarins. M.a. er það, að það er alveg óruggglega á næsta leyti að efla til muna skipulagningu í strjálbýli út um allt land og eftir gildandi l. hefur Landnámi ríkisins verið fengið það verkefni. Það er mjög eðlilegt, að skipulagningu á landinu verði skipt að því leyti til, að skipulagi ríkisins verði falið að skipuleggja í þéttbýli, en annarri stofnun, t.d. Landnáminu, skipulagningu á öðru landi.

Ég vil minna á það, að að þessu hefur verið unnið hjá Landnáminu bæði fyrr og síðar. Má sérstaklega benda á, að nú síðast hefur verið unnið að því að gera svokallaða Inndjúpsáætlun, sem er hugsað til þess, að efla byggð við Ísafjarðardjúp, bæði til þess, að byggð grisjaðist þar ekki meira en orðið er og hún yrði um leið fær um að þjóna þéttbýlinu á Ísafirði og víðar, svo sem framast má verða og landkostir geta leyft. Það er m.a. verkefni af þessu tagi, sem ég tel mikilvægt að verði unnin af einhverri opinberri stofnun í landinu, og fyrst þessi störf hafa verið unnin af Landnámi ríkisins á undanförnum árum, þykir mér eðlilegt, að því yrði haldið áfram, ellegar maður fengi að sjá, með hverjum hætti þetta yrði fengið annarri stofnun.

Ég nefni þetta sem dæmi um verkefni Landnámsins. Að sjálfsögðu er fleira, sem vert væri að minnast á, en ég ætla að spara mér það að þessu sinni. En ég vil leggja á það ríka áherzlu, að ég tel hlutverk Landnámsins hafa verið hið mikilvægasta og ég get ekki staðið að því að ákveða að fella það niður, á meðan ég sé ekki, hvað á við að taka.

Þegar við vorum að ræða þessi mál í landbn. og við í 1. minni hl. vorum að ganga frá okkar nál., höfðu enn ekki verið lögð fram fyrir alþm. þau frv., sem eiga að leysa þessi verkefni, sem Landnámið hefur haft. Þau hafa að vísu verið lögð á borð okkar síðan hér í Alþ., en af eðlilegum ástæðum er ekki nokkur tími til að kynna sér þau sem skyldi. Það má því segja, að það sé sama og þm. viti ekki, hvað í þeim stendur, þó að þeir hafi séð, hvað frv. heita, og lauslega kynnt sér meginefni þeirra, en annað er það ekki. Fyrst og fremst eru það frv. til jarðalaga og frv. um heykögglaverksmiðjur ríkisins, sem mér virðist að eigi að leysa verkefni Landnámsins, en get ekki áttað mig á enn, hvernig með það verður farið. Ég geri ráð fyrir, að það verði umdeilt, hvernig ætlað er að skipa þeim málum. Sum af verkefnum Landnámsins, og æðimörg þeirra, virðast mér eiga að fara inn í landbrn. sjálft, en önnur virðist eiga að setja undir aðra opinbera stofnun. Landnám ríkisins verður sem sagt lagt niður, en önnur opinber stofnun stofnuð, sem er þá stjórn Heykögglaverksmiðja ríkisins. Til þess að geta metið þetta til nokkurrar hlítar þarf að kynna sér þessi frv. miklu betur. Ég vil því halda því fram núna, eins og ég gerði, þegar við vorum að ræða þessi mál í landbn., að það sé alls ófært að fella úr gildi kaflann um Landnám ríkisins, þegar málum er ekki lengra komið en svona. Það rekur engin nauður til þess að haga vinnu á þann hátt, allra sízt þegar Alþ. er svo störfum hlaðið sem það er þessa síðustu daga.

En af maður lítur á ákvæði þess frv., sem hér er til umræðu, sem er frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins, kemur það í ljós, að þar er ekki ýkjamargt um nýmæli og tiltölulega fátt, — ég segi tiltölulega fátt um ágreiningsatriði. Það eru nokkur atriði, sem ég tel að þurfi að laga, ef meiningin væri að lögfesta þau, og ég mun koma örlítið að því síðar. En áður en ég vík að því, vil ég geta þess, að það hefur verið rík venja hjá Alþ., þegar um hefur verið að ræða lagabálka, sem legið hafa fyrir þinginu og varðað hafa atvinnuvegina, að senda þá til umsagnar þeirra aðila, sem þeirra eiga að njóta og þeir varða sérstaklega. Og þegar það hefur fallið niður, hefur það venjulega verið gagnrýnt af stjórnarandstöðu og ekki þótt vænlegt að haga málum á þann hátt. Þegar þetta frv. var rætt á landbn.-fundi, spurðist ég fyrir um það, hvort frv. hefði t.d. verið borið undir Stéttarsamband bænda, legið fyrir Búnaðarþingi eða sýnt stjórn Búnaðarfélags Íslands. Ég fékk þau svör, að þetta hefði ekki verið gert, tími væri naumur til stefnu og þess því ekki að vænta, að umsagnir gætu borizt á svo skömmum tíma. En til þess að koma nokkuð til móts við þessar óskir mínar um athugun af hálfu þessara aðila, var kallaður á fund til okkar formaður Stéttarsam-

bands bænda. Svo vel vill til, að formaður Búnaðarfélags Íslands er form. landbn., og voru því hæg heimatök að hafa tal af honum um þessi efni á fundinum sjálfum.

Ég hefði getað ætlað, að þegar framsóknarmenn höfðu tækifæri til að gera athugun, endurskoðun og umbreytingu á stofnlánadeildarl., sem upphaflega var stofnað til 1962, hefðu þeir e. t. v. troðið einhverjar nýjar brautir eða ekki endilega fylgt sama slóðanum og þá var gert. Flestir þeir, sem komnir eru til vits og ára, kannast við það, að þegar lögin um stofnlánadeild voru hér til umr. á þingi 1962, mættu þau nokkuð snarpri andstöðu af hendi þáv. stjórnarandstöðu, sem Framsfl. var í á þeim tíma.

Ég hef til þess að glöggva mig á þeim hlutum og þeirri afstöðu aðeins litið yfir nál. minni hl. landbn. í Ed., þegar stofnlánadeildarlögin voru hér til umr., og ég tek eftir því, að það eru þar 5 atriði sérstaklega, sem varða stofnlánadeildina sjálfa, sem nm. höfðu áhuga fyrir að fá breytt. Minni hl. n. segir: „Við leggjum til, að miklar breytingar verði gerðar á frv. og það fært í þetta horf: 1) Að stofnlánadeild veiti ekki lán framvegis með gengisákvæði". Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem framsóknarmenn telja sig vera umbjóðendur fyrir nú, hefðu vænzt þess, að þeir hefðu reynt að standa við þetta, en því fer fjarri. Í þessu frv. er blátt áfram tekið fram, að stofnlánadeild landbúnaðarins sé eigi heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákv. Í annan stað var það ein af þeim breytingum, sem nm. óskuðu eftir að gerð yrði á frv. að felld yrðu niður úr því ákvæði um sérstakan skatt á bændastéttina og enn fremur ákvæði um sérstakt álag á útsöluverð landbúnaðarafurða, en stuðningur ríkissjóðs við stofnlánadeildina aukinn frá því, sem lagt var til í frv. Þessi breyting, sem nm. óskuðu eftir að gerð yrði á frv. er ekki tekin til gerina að þessu sinni, heldur eru bæði þessi ákvæði áfram í frv. og gert ráð fyrir að hækka annan liðinn, en halda hinum í horfinu lengur en ætlazt er til í gildandi lögum. Í þriðja lagi lögðu þeir áherzlu á, að upphæð lána til íbúðarhúsa í sveitum mætti nema allt að 75% af kostnaðarverði þeirra. Ekki er farið að ráðum þessum í því frv., sem hér er til umr., því að í þeirri gr., sem fjallar um lánsupphæðir, eru þessi orð: „Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstaklega stendur á, að veita hærri lán eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstöku landssvæði." Það er ekki heldur farið eftir till. nm. í þessu efni. Þá er í fjórða lagi lögð á það áherzla, að viðreisnarvextirnir af stofnlánum til landbúnaðar verði lækkaðir og vextir lögbundnir 3½% af lánum til íbúðarhúsa og 4% af öðrum lánum stofnlánadeildar. Ekki er heldur farið eftir þessum ráðleggingum hv. nm., heldur eru ákvæði gildandi laga tekin upp, ég held alveg orðrétt. Það er á valdi stjórnar Seðlabanka Íslands, ríkisstj. og stjórnar stofnlánadeildarinnar, hver vaxtakjör verða við deildina, aðeins tekið fram, að lán til byggingar íbúðarhúsa skuli vera a. m. k. hálfu prósenti lægri en af almennum lánum deildarinnar. Í fimmta lagi er gerð til þess krafa, að aukið verði að miklum mun fé veðdeildar Búnaðarbankans frá því sem lagt er til í frv., og má segja, að einnig sé um það rætt, að ríkið eigi að leggja fram miklu meira fé en gert er ráð fyrir í því frv., sem rætt var 1962. Það má segja, að slíkar frómar óskir séu skiljanlegar og venjulegar, og því mátti ætla, að við þeim yrði orðið þegar þessi lög voru endurskoðuð. Sannarlega er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin fái til ráðstöfunar miklu meira fé en hún hefur í ár, þó sýnist mér, þegar ég ber saman eigið ráðstöfunarfé stofnlánadeildarinnar á nokkrum árum, að þetta komi út: Árið 1968 er eigið ráðstöfunarfé stofnlánadeildarinnar 45,2% af útlánum deildarinnar. Ef ég tek svo 1970, þá er eigið fé deildarinnar 45% af útlánum. Ef við lítum svo á árið 1973 og miðum við þá fjáröflun, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og miðum þar við ársgrundvöll, þá sýnist mér, að eftir þá fjáröflun muni stofnlánadeildin hafa til ráðstöfunar af eigin fé um 45% af áætlaðri útlánaþörf á árinu 1973, þó skilst mér, að á þessum árum, frá 1968 til 1973, hafi eigið fé stofnlánadeildarinnar vaxið úr um 60 millj. upp í um 280 millj., ef miðað er við ársgrundvöll. Það má segja, að í raun og veru hafi ríkissjóður ekki með þessu frv. stóreflt stofnlánadeildina fjárhagslega, vegna þess að byggingarkostnaðurinn hefur hækkað svo geipilega og þá sérstaklega núna á síðustu árum, að þessar hækkanir, sem gerðar eru, gera ekki nema rétt að hamla við þeirri verðþenslu, sem orðið hefur á þessum tíma. Og það er ekki undravert, þegar maður lítur til þess, að á miðju ári 1971, mun byggingarvísitalan hafa verið eitthvað um 535 stig, en mun sennilega á miðju árinu 1973 verða komin upp undir eða alveg í 800 stig.

Þetta sannar okkur aðeins, að það er ekki alltaf hægt að fara eftir óskalistanum, sem settur er fram, og það er því vænlegast fyrir framsóknarmenn að hafa færri orð um þetta efni í upphafi. Þetta sannar okkur líka, að sú fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, er sízt meiri en þörf er á. Þess vegna höfum við lagt til, 1. minni hl. landbn., að þessi tekjuöflunaráform verði samþ., eins og fram kemur á okkar nál.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv., sem hér er til umr. Það hefði verið ánægjulegt að geta í góðu tómi tekið til endurskoðunar á ný þau ákvæði, sem mestu varða fyrir landbúnaðinn í heild, sem eru lána- og skipulagsmálin, en eins og allir vita, gefst ekkert tóm til slíkra hluta. Við höfum ekki enn þá í höndum það sem við þurfum til þess að geta gert okkur fyllilega grein fyrir því, hvað er verið að leggja til í þeim efnum og hvað ekki. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í upphafi máls míns, að það er ekki ætlun okkar, sem stöndum að 1. minni hl. landbn., að tefja á neinn hátt framgang þessa máls. Við viljum aðeins, að það verði gengið þannig frá þessum málum, að við þurfum ekki að fara að leiðrétta mistök, þegar kemur fram að áramótum. Við viljum, að það sé farið hægara í sakirnar en hér er gert ráð fyrir. Við viljum ekki fara að nema úr gildi þau lög, sem okkur hafa reynzt vera góð og gagnleg fyrir land-

búnaðinn, án þess að vita, hvað við tekur um næstu áramót. Á þeirri skoðun okkar er byggð till. okkar á þskj. 705, þar sem við leggjum til, að 4. gr. þessa frv. verði samþ. og hún felld inn í lög um stofnlánadeild landbúnaðarins og aðrir hlutir ekki hreyfðir að þessu sinni. Það virðist vera óþarft, því að aðrar breytingar á stofnlánadeildarlögunum sjálfum eru mjög veigalitlar, eins og ég tók fram áðan, en þetta er aðalatriðið. Ég tel mig hafa lýst fjárhagsástandi stofnlánadeildarinnar á þann veg, að það sé brýn þörf að rétta við fjárhag hennar, a.m.k. að þessu leyti, sem hér er lagt til, og þess vegna viljum við stuðla að því, að það verði hægt.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það hefur nú komið fram í tveimur ræðum, sem hér hafa verið haldnar á undan mér, varðandi afgreiðslu þessa frv., að ekki varð samstaða í landbn. við afgreiðslu málsins, og hafa frsm. skýrt viðhorf hvor frá sínum bæjardyrum. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. 1. minni hl. vill þó ljá því lið, þótt hann hafi ýmislegt við málið að athuga, að tryggja nokkra tekjuöflun strax til hjálpar, eins og frv. gerir ráð fyrir, a.m.k. í megindráttum. Ég hef ekki gert nákvæman samanburð á því, því að þskj. koma svo ört inn á borðin núna, að manni endist raunverulega ekki tími til að lesa þau, og því síður að gera samanburð á þeim né nákvæma talnaathugun. Ég segi hins vegar í nál. mínu, sem er á þskj. 706, að réttast væri að vísa málinu enn til nánari athugunar, og mun ég nú færa nokkur orð að því, hvers vegna ég legg það til.

Það segir í aths. við frv., á bls. 6, með leyfi forseta: „Með bréfi, dags. 29. sept. 1972, skipaði landbrh. nefnd 9 manna til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. apríl 1971, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og önnur skyld lagaákvæði, eftir því sem n. teldi við þurfa.“ Í þetta voru valdir 9 menn, sjálfsagt ágætismenn að öllu leyti, en þeir hafa hvergi nærri lokið störfum, það er augljóst mál. Hér er um mjög viðamikið verk að ræða, og við sjáum hér ákveðinn áfanga liggja fyrir okkur, sem er kannske ágætur út af fyrir sig. En þetta er svo stórt mál, að við hinir förum fram á, að málið sé lagt fyrir í heild, ef þess er nokkur kostur, eða að við fáum a.m.k. betri grg. um hvað vakir fyrir mönnum í þessu efni við þessa endurskoðun.

Ég held, að við séum allir á því, að það sé sjálfsagt og eðlilegt að taka mál landbúnaðarins við og við til endurskoðunar, alveg eins og málefni annarra atvinnugreina eru tekin til rækilegrar endurskoðunar. Það út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt. En jafnframt væri eðlilegt, að þá væri þingflokkum gefinn kostur á að tilnefna menn í slíka endurskoðun, þannig að við þyrftum ekki, þegar málið væri til meðferðar á Alþ., að tefja framgang málsins með sífelldum fyrirspurnum um upplýsingar og þar fram eftir götunum. Það kastar alveg tólfunum, þegar svona mikil mál eru svo lögð fram alveg síðustu daga þingsins og á engan hátt er hægt að fara vel í gegnum þau, þó að form. n. vilji á allan hátt hjálpa okkur til þess, að fá heildaryfirsýn yfir málin. Það er ekki nokkur leið, fyrst svona hefur tekizt til. Ég veit ekki hvað veldur. Ég reikna ekki með, að hæstv. landbrh. sé ánægður með þetta, en e.t.v. hefur vafizt fyrir n. að skila svona viðamiklum frv. eins og nú hafa komið hér fram, sérstaklega frv. um stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum og frv. til jarðalaga. Þetta eru geysimikil mál, og skiptir mjög miklu máli eins og hér hefur verið drepið á, að vel sé til vandað og ekki eigi sér stað hroðvirknisleg mistök, sem þarf að byrja að leiðrétta strax á komandi þingi. Ég tel því enga goðgá að leggja til, að málið sé athugað nánar og fulltrúum þingflokka gefinn kostur á að kynna sér það í sumar, svo að ég tali nú ekki um að leita umsagnar eishverra aðila um málið, sem við höfum enga möguleika á í n. að gera. Þrátt fyrir það að form. n. skipaði virðulegan sess innan bændasamtakanna og við fengjum ákveðna fulltrúa á fund okkar, eru svona mál auðvitað svo stór, að 2—3klst. fundi verða þau engan veginn krufin til mergjar. Það er alveg óhugsandi.

Auðvitað þarf sjóður landbúnaðarins á vissri tekjuöflun að halda eins og aðrir sjóðir, sem lána út í atvinnulífið. Og hér er gert ráð fyrir því að auka tekjustofna deildarinnar, m.a. með hækkuðu álagi á landbúnaðarvörur, sem neytendum er ætlað að greiða. Mætti segja, að þar væri nokkuð drjarflega stefnt, eins og stemmning er varðandi verðlag á landbúnaðarvörum á þéttbýlissvæðunum í dag. Nú það er mál hæstv. ríkisstj., hvort hún blæs á þau mótmæli, sem húsmæður hafa haft uppi varðandi verðlagsþróun landbúnaðarafurða. Ekki get ég lagt henni neinar lífsreglur í því efni. En vel hefði mátt hlusta á þau í rólegheitum.

Um einstakar gr. frv. ætla ég ekki að fjalla. Ég vil þó vekja athygli á því, að það er nýtt, sem er tekið upp í 2. gr. frv., en þar á bankaráðið að fara að fjalla með sérstökum hætti um lánamálin og vera úthlutunaraðili. Á þeim fundum, þegar bankaráðið fjallar um þessi mál, segir, að fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands skuli taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn. Í fyrsta sinn gildir sú tilnefning til 31. des. 1976. Hér er alveg nýtt hlutverk á ferðinni, og það þarf að breyta bankalögunum í þessu sambandi. Ég er ekki viss um, að hér sé stefnt inn á rétta braut. Ég held, að bankaráðsmenn séu ekki kjörnir þannig og hafi ekki það starfssvið heldur, að þeir eigi að fjalla um þessi mál eins og þessi gr. gerir ráð fyrir. A.m.k. hef ég ekki fengið viðhlítandi skýringu á því, og það kom ekki heldur fram í n. nein viðhlítandi skýring á því, af hverju þetta er gert, og stefnt inn á þessa braut. Þetta er alveg nýtt og frá mínu sjónarmiði mjög hæpið. Ég tel, að stofnlánadeildin eigi að vera óháð, jafnvel þó að það segi í einni gr. hér, 20. gr. frv.: „Sofnunin ber heitið byggðastofnun landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.“ Það má deila um það, hvort hún eigi að vera beint á vegum bankans. Hún hefur víst verið það, en hún á þá a.m.k. að vera alveg óháð og sjálfstæð deild hjá bankanum og með sína eðlilegu stjórn. Það er mín

skoðun í þessu efni. Og í 19. gr. segir, að það eigi að úthluta styrk á íbúðarhús. Það má gera með ýmsu móti. Það á að leita umsagnar viðkomandi byggðarlags, áður en þetta er gert, og síðan eiga bankaráðsmenn að fara að úthluta 100, 150, 200, 250 styrkjum á ári, og verður þá þeirra hlutverk orðið skömmtunarstjóralegt mjög. Ég tel þetta óeðlilegt, ég get ekki að því gert.

Hitt er enn ekki ljóst, hvernig á að breyta til með Landnám ríkisins. En sjálfsagt skýrist það síðar meir, þegar önnur frv. koma fram og það liggur fyrir í heild, hvað ætlazt er fyrir. Ég hef lítillega hlaupið í gegnum frv. til jarðalaga. Ef ég skil það rétt, stendur til að stofna þar nýjar n. úti um allt land og láta þær hafa aukið starfssvið með aðild að skrifsofu. Þetta tel ég einnig geta verið varhugavert. En það er annað frv., sem fjallar um það, og skal ég ekki fara út í það á þessu stigi.

En sem sagt, vegna þess að hér er um mjög veigamikið og þýðingarmikið mál að ræða og landbúnaðurinn er mál allrar þjóðarinnar, er eðlilegt, að þingflokkarnir, sem eiga að fjalla um málið, fái meira svigrúm en 2—3 klst. til þess að athuga málið í n. og næstum engan mögu leika til þess að lesa frv. og bera þau saman við gildandi lög á síðustu klst. þingsins, þegar frv. berast svo ört inn sem raun ber vitni og atvik liggja fyrir í dag. Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 706, herra forseti, að leggja til, að málinu í heild sé vísað til ríkisstj. aftur í trausti þess, að það fái gaumgæfilega athugun og fulltrúum allra þingflokkanna sé gefinn kostur á að kynna sér nánar þessi viðamiklu mál, sem endurskipulagning landbúnaðarins er, til hagsældar og hagsbóta fyrir þá, er af landbúnaði lifa, og einnir fyrir neytendur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að bregðast því ekki, að forsetinn þurfi ekki að syndga mikið upp á náðina, og vil líka gjarnan að umræðunni ljúki.

Ég vil segja varðandi það, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykn., Jóns Árm. Héðinssonar, um aðild nefndarsamtakanna að stjórn þessarar deildar, að hún er miðuð við það, að d. hafi stefnumótandi ákvarðanir. Eitt af því, sem hefur verið mjög í umræðum, ekki sízt hjá hans flokki og fleirum, er, að stefnumótun í landbúnaði þyrfti að verða skýrari en verið hefur. Öllum er ljóst, að hvergi getur stefnumótunin verið ákveðnari en einmitt í sambandi við lánveitingarnar. Af þessum ástæðum er talið eðlilegt, að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélagið hafi áhrif, þegar mörkuð er stefna í lánamálum landbúnaðarins. Það er megingrundvöllur, að þarna geti stefnumótun átt sér stað. Hún á sér raunverulega alltaf stað og þarf að verða ákveðnari en verið hefur, og þess vegna er þetta ákvæði komið inn.

Ég skal svo, til þess að fara ekki að tefja hér tímann, segja út af því, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að það er rétt frá hans hendi, að síðari hluti frv., er snýr að Landnáminu, er ekki eins afgerandi og fyrri hlutinn. En ég vil leggja áherzlu á það, að I. kafli frv. er ein heild og þess vegna gæti ekki komið til greina till. hans og hv. 2. þm. Vesturl. á þskj. 705, því að þær féllu ekki inn í þá stefnumótun, sem gerð er með þessu frv. I. kafli frv. er algerlega ein heild. Um síðari kaflana má segja það, að þeir hafa öðru hlutverki að gegna.

Um Landnámið vil ég aðeins segja það, að ég get tekið undir með hv. 6. þm. Sunnl. að það hefur haft veigamiklu hlutverki að gegna. En eins og nú er komið málum, tel ég, að betur sé fyrir þeim málum séð með því að þeir aðilar, sem fara með meginþætti búnaðarmálanna hér á landi, sem eru Búnaðarfélag Íslands, Búnaðarbankinn og jarðeignadeild ríkisins, sem hefur umfangsmikil mál í sambandi við jarðeignir ríkisins, fari með þau mál að öllu leyti. Þessir þættir skýrast í þeim málum, sem nú hafa verið lögð hér fram, bæði jarðamálið og heykögglaverksmiðjurnar, sem var nýr þáttur og falinn Landnáminu á því stigi, sem hugsað var í upphafi. Af þeim ástæðum tel ég, að það séu eðlileg vinnubrögð í ríkiskerfinu að sameina eins og auðið er skyld verkefni hjá þeim stofnunum, sem fyrir eru, og reyna þannig að draga úr kostnaði við þá þætti, sem ríkið hefur með að gera. Ég skal svo aðeins undirstrika það, að brýna nauðsyn ber til að auka fjármagn stofnlánadeildarinnar og að auka eins og stefnt er að nú, eigið fjármagn stofnlánadeilda atvinnuveganna yfirleitt. Við tryggjum ekki eðlilega afkomu atvinnuveganna, nema það sé gert. Þess vegna eru þau frv. flutt, sem hér hafa verið til meðferðar í hv. d. í sambandi við fiskveiðasjóð og iðnaðinn, og þetta er þriðji þátturinn, sem gengur í sömu átt. Ekkert er okkur jafnnauðsynlegt og að tryggja fjárhagslega undirstöðu atvinnuveganna. — Svo skal ég ekki orðlengja þetta meira.

ATKVGR.
Brtt. 706 felld með 11:1 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 703 samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
7.—30. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: EÁ, GeirG, HFS, MÓ, PÞ, StH, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ.
JÁH, AJ, SteinG, ÞK, AuA, EggÞ greiddu ekki atkv.
4 þm. (GH, JónÁ, MJ, RA) fjarstaddir.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 88. fundur.

Föstudaginn 13. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sala Grenivíkur, Svæðis og Höfðabrekku og hluta af landi Borgar, frv. (þskj. 699). — Ein umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv.. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 hlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 722).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed. Meginefni frv. er það, að lagt er til að auka allverulega við tekjur fiskveiðasjóðs á tilteknu tímabili, eða nánar tiltekið á framleiðslutímabilinu frá 1. júlí á þessu ári til 31. des. á árinu 1975. Gert er ráð fyrir því, að lagt verði sérstakt 1% útflutningsgjald á verðmæti útfluttra sjávarafurða, sem framleiddar eru á þessu tímabili og jafnframt, að ríkissjóður greiði til fiskveiðasjóðs jafnháa fjárhæð á móti á þessu sama tímabili. Er áætlað, að þessi tekjustofn gefi fiskveiðasjóði á ársgrundvelli í kringum 150—160 millj. kr. af útflutningsgjaldinu og yrði þá tekjuauki hans tvöföld sú upphæð, þar sem ríkissjóður legði fram jafnhátt framlag á móti. Á þessu ári yrði auðvitað um allmiklu lægri fjárhæð að ræða, þar sem útflutningsgjaldið reiknast aðeins af þeirri framleiðslu, sem til fellur frá 1. júlí og til áramóta. Framlag ríkissjóðs á þessu ári mundi koma til greiðslu til sjóðsins að langmestu leyti á næsta ári, þó að það væri út á framleiðslu þessa árs, þar sem innheimtan á gjaldinu fer fram með þeim hætti.

Ástæðurnar fyrir því, að farið er fram á þennan tekjuauka til fiskveiðasjóðs, eru í aðalatriðum þær, að verkefni fiskveiðasjóðs hafa farið mjög vaxandi. Lán hans í sambandi við endurnýjun skipaflotans hafa aukizt til mikilla muna, og auk þess koma stórhækkandi lán til fiskvinnslustöðva, alveg sérstaklega til frystihúsanna í landinu, þar sem nú stendur fyrir dyrum að byggja upp að nýju nokkur frystihús og endurnýja svo að segja öll húsin að talsverðu leyti. Þessi stóru verkefni hvíla að sjálfsögðu þungt á fiskveiðasjóði. Þá er einnig þess að geta, að það hvílir einnig mjög þungt á fiskveiðasjóði, að nú er farið að smíða miklum mun meira af skipum í landinu en áður var, en það eru einmitt þessar innlendu skipasmíðar, sem kalla á stóraukin lán úr fiskveiðasjóði. Sá háttur hefur verið hafður á í sambandi við öll hin stærri fiskiskip um langan tíma, að þau hafa mestmegnis verið keypt erlendis frá og hafa þá fylgt skipunum allveruleg erlend lán, sem fiskveiðasjóður hefur að vísu þurft að taka við og lengja, en það hefur verið sjóðnum miklu léttbærara en að lána beinlínis til innanlandssmíðarinnar.

Í stórum dráttum er fjárhag fiskveiðasjóðs þannig háttað, að áætlun hefur verið gerð um það, að á þessu ári þyrfti sjóðurinn að geta lánað í kringum 1730 millj. kr. Sú fjárhæð skiptist í aðalatriðum þannig, að gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn láni til skipakaupa erlendis um 265 millj. kr., til endurbygginga innanlands og tækjukaupa um 230 millj. kr., til vinnslustöðva, aðallega frystihúsa, í kringum 500 millj. kr. og til innlendrar skipasmíði 700 millj. kr., og eru þá þegar taldar um 1700 millj. kr. Það hefur verið gengið út frá því, að sjóðurinn gæti a. m. k. lánað á árinu í kringum 1600 millj. kr., eða sem sagt nokkru lægri fjárhæð en þessi áætlun gerir ráð fyrir. Þá er talið, að fiskveiðasjóður hafi sjálfur yfir að ráða um 580 millj. kr. og þó ekki nema um 380 millj. kr., ef hann greiðir að fullu skuldir sínar, yfirdráttarskuldir, sem sjóðurinn á við Seðlabankann. En jafnvel þótt hann greiddi þær ekki að fullu, er augljóst, að sjóðinn vantar eitthvað yfir 1000 millj. kr. að láni, til þess að hann geti á þessu ári staðið við jafnmikil útlán og hér er gert ráð fyrir. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að Framkvæmdasjóður Íslands lánaði Fiskveiðasjóði Íslands á þessu ári þessa fjárhæð og þannig væri starfsemi sjóðsins tryggð á árinu. Það er hins vegar svo, að þó að fiskveiðasjóður sé út af fyrir sig öflugur sjóður, einn af öflugustu lánasjóðum í landinu, — það er talið, að hann eigi rúmlega 1700 millj. kr. í eigin fé í útlánum, fer eigið fé sjóðsins sífellt lækkandi hlutfallslega af heildarútlánum sjóðsins, bæði vegna þess, að sjóðurinn hefur tiltölulega litla tekjustofna, eins og nú er komið, og eins vegna hins, að útlánin aukast svo mikið frá því, sem áður var. Það er því brýn þörf á því að auka við tekjur sjóðsins og að því stefnir það frv., sem hér liggur fyrir. Til þess að fiskveiðasjóður geti veitt útvegsmönnum jafnhagstæð lán og hann hefur sett sér að gera, verður sjóðurinn í sjálfu sér að hafa allmiklar tekjur, ef ekki á að ganga á meginstofninn í fjármunum sjóðsins.

Það er enginn vafi á því, að fiskveiðasjóður gæti komizt af, án þess að þessara nýju tekna væri aflað, en þá kæmi það aðeins fram í því, að sjóðurinn þyrfti að taka enn þá meira af erlendum lánum og framlána þau til þeirra, sem eru að kaupa ný skip, eða þeirra, sem eru að byggja nýjar fiskvinnslustöðvar eða endurnýja fiskvinnslustöðvar. Erlendum lánum fylgir að sjálfsögðu gengisáhætta, því að fiskveiðasjóður hefur veitt sín lán þannig um langan tíma, að hann hefur yfirleitt endurlánað með sams konar lánakjörum og hann hefur þurft að taka lán sín með.

Annan kost á fiskveiðasjóður einnig, en það er að taka eitthvað af innlendum lánum og framlána þau, en þá eru þau yfirleitt vísitölubundin, og mundi hvíla þungt á lántakendum að taka mikið af slíkum lánum.

Það er rétt, að það gjald, sem hér er gengið út frá að leggja á, mundi verða bein skattlagning á útgerðina í landinu, jafnt fiskiskiparekstrinn sem fiskvinnsluna í landinu, og einnig á sjómenn. En þó eru allar líkur til þess, að þetta mundi ekki hvíla á þessum aðilum í beinu formi, eins og nú er háttað, vegna þess að verð á útflutningsafurðum sjávarútvegsins hefur hækkað mikið að undanförnu. Að óbreyttum öllum reglum, mundi verulegur hluti af hinu hækkaða útflutningsverði renna í verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og þannig ekki koma fram í hækkuðu fiskverði eða auknum launakjörum sjómanna. Hér er því að talsverðu leyti um það að ræða, að greiðslur til verðjöfnunarsjóðs yrðu nokkru minni en ella, en hins vegar greiðslurnar til fiskveiðasjóðs meiri.

Það leikur enginn vafi á því, að öflugur fiskveiðasjóður, sem getur gert kleift að endurnýja fiskiskipaflotann, hefur mikið gildi einnig fyrir afkomu sjómanna. Það er enginn vafi á því, að

ný skip, oft og tíðum stærri skip og betur útbúin, veita sjómönnum meiri tekjumöguleika og aukið öryggi frá því, sem áður var. Því er það, að þessi mál snerta hagsmuni sjómannanna einnig á óbeinan hátt. Hitt gefur svo einnig auga leið, að hér er um beint hagsmunamál útgerðarinnar í landinu að ræða í sambandi við lánveitingar fiskveiðasjóðs.

Það hafa komið fram í sambandi við þetta frv. athugasemdir við það frá samtökum sjómanna og samtökum útgerðarmanna. Þær athugasemdir eru ofurskiljanlegar. Þessir aðilar vilja hafa allan fyrirvara á um það, að þeir haldi sínu launahlutfalli á við aðra og afkomu, þannig, að hún verði að teljast eðlileg. En ég hygg, að þessir aðilar hafi þegar gert sér grein fyrir því, að hér er einnig um mikið nauðsynjamál fyrir þá að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja hér frekar við 1. umr. málsins, um fram það, sem ég hef þegar gert. Það er þörf á því, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og þinglok nálgast. Ég vil því fara fram á það við hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess, svo að það geti náð fullnaðar afgreiðslu á þinginu.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. til fyrirgreiðslu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get ekki varizt því að brosa með sjálfum mér, þegar ég heyri hæstv. sjútvrh. taka upp í sig sömu rök og notuð voru hér fyrir nokkrum árum, á svokölluðum viðreisnarstjórnarárum, þegar báv. hæstv. ráðh. okkar voru að ræða um ýmsa skattlagningu, sem þurfti að leggja á útveginn í heild, til þess m. a. að stuðla að endurbyggingu fiskveiðaflotans þá, sem hann að sjálfsögðu býr enn þá við. Ég minnist þess, að það, sem hann heldur fram nú, að með öflugum fiskveiðasjóði og nýjum skipum muni tekjumöguleikar sjómanna auðvitað eflast, þótti honum fáránlegt þá og að verið væri að leggja gjöld á fiskimenn til þess að stuðla að nýjum skipum. Þetta þótti honum fáránlegt þá. Hins vegar verð ég að viðurkenna það með hæstv. ráðh., að þetta er auðvitað alveg rétt. Ný skip, ný tæki og betri búnaður skapar auðvitað bæði útgerðarmönnum og sjómönnum betri möguleika til þess að afla meir og betur, þannig að ég a. m. k. held mér við þau rök, sem ég fylgdi þá. En það er ánægjulegt að heyra, að hæstv. sjútvrh. hefur náð þeim þroska á þessum stutta tíma, að hann er farinn að viðurkenna þetta.

En það er nokkuð eftirtektarvert, að það eru ekki nema örfáir dagar síðan við vorum að samþykkja hér ný lög á hv. Alþ., þess efnis, samkv. loforði ráðh. og ríkisstj. í sambandi við fiskverðssamninga í vetur, að afnema launaskatt af fiskimönnum. Og m. a. vegna þess, að sá skattur var afnuminn, tókst að hækka fiskverð til sjómanna það mikið, að þeir gátu vel við unað og samningar tekizt. Aðeins nokkrum vikum síðar er lagður hér á nýr skattur, sem virðist ósköp sakleysislegur, en er samt 1% útflutningsgjald. Það er vitað, að þessi skattur mun hafa bein áhrif á fiskverð til sjómanna við næstu fiskverðsákvörðun. Miðað við það útflutningsverð, sem er í dag, mundi þessi nýi skattur hafa mikil áhrif á verðið til sjómanna, skiptaverðið. Mundi hann kannske þýða það, að fiskverð til þeirra ætti að lækka um 2—3%, getur það verið? En þetta er auðvitað spurning, sem okkur hefur ekki tekizt að fá svarað enn þá. Ég vænti þess, að okkur í sjútvn. gefist tími til þess að kanna bæði svör við þessu og öðrum spurningum, en vera má, að hæstv. ráðh. geti nokkuð flýtt fyrir með því að svara þessu strax, þannig að svörin liggi fyrir n., þegar hún tekur til starfa.

Okkur þm. er ekki kunnugt um það, að ríkissjóður hafi haft neitt fé í geymslu hjá sér, sem hægt væri að grípa til, a. m. k. lá þetta ekki fyrir á þeim tíma, sem við vorum að ræða hér um hamfarirnar í Vestmannaeyjum og ráðstafanir til þess að mæta þeim. Þá lá ekkert fyrir um það, að ríkissjóður Íslands ætti 100 millj. kr., sem nú allt í einu virðast vera til staðar í sambandi við þau mörgu frv., sem verið er að samþykkja eða á að samþykkja, um ný, stór framlög úr ríkissjóði. Á ársgrundvelli á ríkissjóður að koma með 150—160 millj. kr. á móti þessum skatti. Gott er, ef svo er. En hvaða breyting hefur orðið? Hvað veldur því, að ríkissjóður er svo miklu betur settur nú en þá, þegar það var helzt ekki hægt að koma með krónu úr ríkissjóði, aðeins fyrir nokkrum vikum? Okkur var talin trú um það þá, að ríkissjóður væri á slíkri heljarþröm, að þar væri ekkert fé að hafa og það þyrfti að leggja tveggja milljarða kr. nýja skatta á þjóðina til þess að mæta þessum hörmungum, vegna þess að ekkert væri til í ríkissjóði. Vera má, að átt hefði að fara örlítið hægar í veizluhöldin hér á fyrstu mánuðum ríkisstj., þegar gengið var á þá sjóði, sem voru þrýstnir og bústnir, eftir að hv. þm. Magnús Jónsson vék frá því að gæta þeirra. En það var því miður ekki gert.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að af þessum um 1700 millj. kr., sem fiskveiðasjóður þarf að hafa til ráðstöfunar á þessu ári, eiga um 500 millj. kr. að fara til fiskvinnslustöðva, ef ég hef tekið rétt eftir, og til skipasmíðastöðva innanlands fast að því sama upphæð, eða 300 millj. kr. (**Gripið fram í:** Um 700 millj. kr.) Um 700 millj. Þá sjáum við, að þetta útflutningsgjald, sem m. a. mun koma fram á fiskverði til útgerðarmanna og sjómanna, á fyrst og fremst að fara til þess að endurnýja fiskvinnsluna í landinu og stuðla að innlendri skipasmíði. Ég álít, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, ætti að taka það mjög til athugunar, hvort ætti ekki að setja inn í þessi lög eða þá önnur, þar sem það á við, að þessi nýi skattur eigi ekki að hafa áhrif á fiskverðákvörðun verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar það kemur til ákvörðunar á næstunni, því að þarna er í sjálfu sér verið að stuðla að allt öðrum atvinnuvegi fyrst og fremst, með þessum nýja skatti, en sjálfri útgerðinni í landinu. Ég vil beina því til, — nei, það er ekki hægt að beina því til formanns n., enda er hann svo sjaldan í þessari d., — en til allra annarra, sem í n. eru, að þeir athuguðu, hvort ekki væri hægt að gera þetta. Auk þess vitum við, að það verður ekki staðið á móti því að reyna að flýta

fyrir, að málið verði afgreitt. Hins vegar verður það að segjast, að það er náttúrlega, — og það veit ég, að hæstv. ráðh. viðurkennir sjálfur, því að það er ekki svo sjaldan, sem hann hefur gagnrýnt slík vinnubrögð, a. m. k. hjá fyrrv. ríkissj., — það er fyrir neðan allar hellur að vera að demba yfir okkur hverju skattafrv. á fætur öðru á síðustu dögum þingsins, auk þess, sem önnur stórmál eru í farvatninu líka, og ætlast til, að við samþ. þau.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég skal fúslega viðurkenna, að þetta frv. er óeðlilega seint á ferðinni. Ég hefði gjarnan fyrir mitt leyti viljað hafa það miklu fyrr á ferðinni. Það er ljótur siður að þurfa að vera með stórmál alveg á síðustu dögum þingsins, og ég undansel mig ekkert þeirri sök. En sem betur fer er þetta mál, sem hér liggur fyrir, tiltölulega einfalt. Hér er um hreint ákvörðunaratriði að ræða um það hvort eigi að leggja á tiltekið gjald og ríkissjóður að borga þar ákveðna fjárhæð á móti. Lög um fiskveiðasjóð voru á sínum tíma þannig uppbyggð, að megintekjustofn hans var ákveðinn hluti af útflutningsgjaldi og ríkissjóður átti að borga jafnhátt framlag á móti. En frá því var horfið, því miður, og ríkisframlagið var lækkað. Það er ekki rétt, að ég hafi verið sérstaklega andvígur því að afla fiskveiðasjóði tekna á undanförnum árum. Ef hv. þm. 10. þm. Reykv. vildi fara hér í þskj. og kanna það, mundi hann þvert á móti finna nokkrar till. frá mér á síðari árum um að auka framlag til fiskveiðasjóðs úr ríkissjóði, þannig að það haldist rétt hlutfall, það sé jafnmikið og útflutningsgjaldið.

En það er alveg rétt, að hér er um það að ræða að leggja á ríkissjóð allverulegan bagga, þar sem er um þetta hátt gjald að ræða, það er orðið 1%. En það á aðeins að standa í stuttan tíma, eða í 2½ ár, vegna sérstakra átaka, sem hér er um að ræða. En þær álögur, sem lagðar verða á ríkissjóð samkv. þessu frv. á yfirstandandi ári eru ekki mjög miklar, einhverjar verða þær þó, því að hér er aðeins um að ræða þá framleiðslu sjávarafurða, sem verður til eftir 1. júlí, og að miklum meiri hluta ekki komin í greiðslu né búið að borga af henni útflutningsgjöld fyrr en eftir áramót. En eitthvað af þeirri framleiðslu verður þó flutt út og borgað fyrir áramót og mótframlag ríkissjóðs því fallið í gjalddaga. En hér er ekki um stóra fjárhæð að ræða, því að það er reiknað með því, að útflutningsgjald á síðari hluta ársins geti numið í kringum 50—55 millj. kr., og væri hugsanlegt, að kannske 15—20 millj. kr. af þessu væri raunverulega gjaldfallið á þessu ári.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. og ég þóttist líka hafa undirstrikað í mínum fáu framsöguorðum, að þessi skattur gerir í raun og veru ráð fyrir minni möguleikum til hækkunar á fiskverði til bæði útgerðarmanna og sjómanna en annars væri út af fyrir sig mögulegt. Ég býst við því, að 1% útflutningsgjald muni raunverulega nema 1½—2% lækkun á fiskverði, nokkuð mismunandi eftir tegundum. En ég legg fram þetta frv. í fullu trausti þess, að eftir sem áður verði hægt að tryggja það, að hækkun á fiskverði verði, t. d. 1. júní n. k., svo rífleg, að sjómenn fái fyllilega jafnmikla launahækkun og aðrir launþegar í landinu fá eða hafa fengið, frá því að laun sjómanna voru síðast ákveðin.

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að útflutningsverðhækkunin veitir okkur þennan möguleika, því að þannig er sem sagt nú orðið staðið að ákvörðun á fiskverði, að í meginatriðum er miðað við það, að sjómenn fái sambærilega launahækkun og aðrir og að útgerðin fái viðunandi rekstrargrundvöll. Það er það, sem gengið er út frá, að ætti að takast í þessu tilfelli.

Ég vil svo þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir undirtektir hans hér. Hann er í aðalatriðum samþykkur því, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að styrkja fiskveiðasjóð, og það kemur öllum þeim, sem starfa við sjávarútveg, að gagni. En ég er honum líka sammála um það, að slíkt verður að gera, þegar farið er inn á slíka skattlagningabraut, sem hér er farið inn á, með þeim fyrirvara, að það verði ekki til þess, að laun sjómanna geti ekki haldið fyllilega í við laun annarra stétta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, frv. (þskj. 618). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 601 n. 687). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. N. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304 n. 696). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og sjá má á þskj. 696, hefur sjútvn. hv. d. rætt þetta mál, og var n. á einu máli um að mæla með því, að frv. yrði samþ., þó með því skilyrði að menn áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu væri að bera í bakkafullan lækinn að leiðrétta allan misskilning hv. formanns sjútvn. Nd., en ég var alls ekki viðstaddur neina ákvörðun um þetta mál á fundinum. Ég var kominn hér í umr. í þinginu, þegar tekin var lokaákvörðun um það, og hafði aldrei tækifæri til þess að taka til máls í n., þegar byrjað var að ræða það á stuttum fundi hér stutt frá þingdeild. Þó að ég gæti efnislega fallizt á niðurstöðu meiri hl. n. hef ég ekki skrifað undir þetta nál. og er ekki með í því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 581 n. 241 og 685, 684). — Frh. 2. umr.

Guðlaugur Gíslason [frh.]: Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu í gær, þegar umr. var frestað, *að ég hafði í stórum dráttum gert* grein fyrir forsendum fyrir því lagafrv., sem hér liggur fyrir. Þær voru í megindráttum þær, að allar till. um breyt. á veiðiheimildum og veiðibönnum á hinum ýmsu svæðum eru byggðar á því, að Íslendingar einir munu í framtíðinni nota fiskimiðin í kringum landið allt út að 50 mílna mörkunum. Til þess að tefja ekki tímann um of skal ég ekki fara nánar út í þessi atriði, en snúa mér að því, sem ég var kominn að í gær, en það er að ræða í stórum dráttum aðstöðu hinna ýmsu svæða í kringum landið.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að aðstaða til veiða á hinum ýmsu hafsvæðum við landið er mjög misjöfn. Eitt veiðarfæri getur hentað á þessum stað, en ekki á öðrum, þannig að veiðarnar verða mjög misbreytilegar eftir því, hvar þær eru stundaðar. Má t. d. nefna, að fyrir Vestfjörðum og miklum hluta Norðurlands hefur um langan tíma svo háttað til, að veiðar eru þar helzt stundaðar með línu og handfærum, a. m. k. á grunnslóðum og að nokkru leyti hvað varðar Vestfirðina einnig á djúpslóðum. Togveiðar smærri skipa hafa þar verið mun minna stundaðar. Þetta var fiskveiðilaganefndinni að sjálfsögðu enn betur ljóst en áður, þó að hún teldi sig vita nokkuð um alla þessa aðstöðu, á hinum ýmsu fundum, sem haldnir voru, bæði fyrir Norðurland og einnig víðar um landið. Það kom greinilega fram á fundunum, sem haldnir voru á Norðurlandi, að þar réðu sjónarmið hinna smærri skipa, þau voru þar mest áberandi. Sjónarmið togbáta kom þar mjög lítið við sögu. Aftur kom sjónarmið hinna stærri togara fram á þessum fundum. Ég hygg, að ríkjandi sjónarmið hjá þeim aðilum, sem rætt var við, og þeim sem mættu á fundunum hafi verið það að færa heimildarmörkin til togveiða lengra út, en gildandi lög segja til um. Þessi skoðun virtist einnig ríkjandi hjá þm. bæði í Norðurl. v. og einnig í Norðurl. e. Ég var lengi vel með nokkra sérstöðu í n. og vildi ekki binda mig þeim till., sem fram komu um, að heimildarmörk fyrir togveiðar skyldu verða ákveðin 9 mílur frá grunnlínupunktum. Ég taldi þetta of langt gengið, því að ég hygg, að það eigi eftir að sýna sig síðar meir á þessu landssvæði. Mun það reynast svo, að ef á að halda atvinnu hjá því fólki, sem við fiskiðnað vinnur nokkuð jafnri allt árið, þurfi einnig að koma til bátar af millistærð milli togskipa og stærri báta og hinna smæstu báta, sem mest er um á þessu landssvæði. Ég hefði því viljað láta heimildamörkin fyrir hin smæstu skip til togveiða vera mun nær landi og hefði mjög getað fellt mig við, að nákvæmlega sömu mörk giltu á þessu landssvæði og samkomulag varð um í n. að giltu fyrir suðurströndinni.

Þm. Norðurl. e. barst í gær símskeyti frá þremur aðilum á Norðurlandi, þar sem þeir setja fram þá kröfu, að svo verði að staðið, að reglur um veiðar til togveiði verði hinar sömu fyrir Norðurlandi og eru fyrir Suðurlandi. Eins og ég sagði, gæti ég persónulega mjög vel fellt mig við þetta, en þetta fékk því miður að mínum dómi, engan hljómgrunn hjá fiskveiðilagan. og enn minni hljómgrunn hjá þm. þessara kjördæma. Mér kæmi það ekkert á óvart, að í kjölfar þess símskeytis, sem þm. Norðurl. barst í gær um þetta atriði, þar sem krafizt er sama réttar til togveiða og fyrir Suðurlandi, fylgdu mjög hörð mótmæli frá eigendum hinna smærri báta um að færa veiðimörkin fyrir togveiðarnar ekki einasta út í 9 mílur, heldur enn utar. En þetta er aðeins spegilmynd af því, hvað skoðanir manna á hinum ýmsu stöðum eru ólíkar. Þær eru ekki aðeins ólíkar innan landsfjórðunga, þær eru misjafnar, að segja má, í hverju einasta byggðarlagi, þar sem útgerð á sér stað. Þetta er það vandamál, sem alltaf hefur víða verið við að etja, þegar einhverjar breytingar hefur þurft að gera á l. um bann gegn togveiðum.

Ég skal fara fljótt yfir sögu, því að þau kort, sem frv. fylgja, eru mjög glögg, og eins og ég sagði í gær, hafa allar reglur um þetta verið gerðar mun einfaldari en áður var. Tel ég það til mikilla bóta bæði fyrir þá, sem fiskveiðar stunda, og ekki sízt fyrir þá, sem eiga að hafa löggæzlu í hendi í sambandi við fiskveiðarnar.

Þegar kemur að Suðurlandi, gilda þar, eins og greinilega kemur fram bæði í frv. sjálfu, grg. þess og einnig á því korti, sem frv. fylgir, nokkuð aðrar reglur, en annars staðar við landið. Menn hafa eðlilega staldrað við þetta og telja kannske, að Sunnlendingar séu þarna að skapa sjálfum sér óeðlilegan rétt. En svo er sannar-

lega ekki. Það vill svo til, að á þessu svæði, frá Hornafirði og að Reykjanesi, að meðtalinni þá Grindavík og Sandgerði, eru samtals samkv. skýrslu Siglingamálastofnunar ríkisins 205 bátar af stærðinni upp að 350 lestum. Þar af eru 167 bátar, sem eru undir 105 smálestum. Allur þessi fjöldi báta er utan vetrarvertíðar gerður út nær eingöngu, vil ég segja, á togveiðar, annaðhvort með fiskitrolli, sem kallað er, eða með humartrolli. Á þessu landssvæði er því miður ekki fyrir hendi sú aðstaða að veiða á línu eða handfæri. Ég hygg, að engum einasta útgerðarmanni detti í hug að reyna að gera út á línu á þessu svæði utan vetrarvertíðar. Allir mundu telja það gersamlega tilgangslaust, og sú útgerð mundi aldrei fá staðizt nema örskamman tíma. Það er því eðlilegt, að sú aðstaða, sem fyrir hendi er, svo gjörólík sem hún er annars staðar, t. d. fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi og kannske Austurlandi að nokkru leyti líka, sé nýtt á þann hátt, sem allir aðilar eru sammála um, að sé einasti möguleikinn, en það er með botnvörpuveiðarfærum af þeim gerðum, sem ég nefndi áðan. Þetta er grundvöllurinn fyrir því, að reglur á þessu landssvæði verða að vera nokkuð á annan veg en annars staðar, ef atvinnulíf á að haldast uppi með eðlilegum hætti á þeim stöðum, sem fiskveiðar eru stundaðar á suðurströndinni.

Ég held, að það leiki enginn vafi á því, að ef þessar reglur yrðu þrengdar fyrir hina smærri báta, sem eru undirstaðan undir því, *að atvinnulíf haldist með eðlilegum hætti á* þessum stöðum, — þrengdar frá því, sem þarna er um að ræða, yrði um algeran fólksflótta að ræða úr hinum ýmsu verstöðvum, allt frá Hornaf. og til sjávarþorpanna á Reykjanesi. Það er því ekki nema mjög eðlilegt, að þm. úr þeim kjördæmum, sem þarna *eiga* að gæta hagsmuna íbúa sinna, vilji skapa þá aðstöðu, sem með þarf, til þess að það fólk, sem byggir afkomu sína á fiskveiðum, geti með eðllegum hætti lifað þar sómasamlegu lífi. Það er annað, sem ekki er almennt tekið með í reikninginn, þegar menn eru að tala um sérstöðu Sunnlendinga í sambandi við fiskveiðarnar, en það er, að við erum ekki eingöngu að opna þetta fyrir báta af suðurströndinni. Við erum að opna þessi mið, meira en annars staðar, fyrir öllum bátum, hvaðan sem er af landinu. Þetta hefur vissulega verið notað af bátum, bæði að norðan og austan og héðan úr Faxaflóa, á undanförnum árum. Ég hygg, að ef það mál væri skoðað ofan í kjölinn, kæmi kannske í ljós, að það væru ekki færri bátar utan verstöðvanna á suðurströndinni en annars staðar frá, sem hefðu notað þetta veiðisvæði yfir sumartímann á undanförnum árum.

Það er a. m. k. óhætt að segja, að það sé ekki óeðlilegt, að um þetta mál séu mjög skiptar skoðanir. Þarna er um misjöfn hagsmunasjónarmið að ræða eftir aðstöðunni í hverju sjávarplássi og einnig eftir aðstöðu hvers einstaklings innan hvers sjávarpláss. N. varð auðvitað að finna einhverjar reglur til þess að fara eftir, þegar kemur að því, að við förum einir að nýta fiskveiðisvæðin innan 50 mílna markanna. Ég geri mér grein fyrir því, að flestallir eru óánægðir að einhverju leyti, en hygg, að n. hafi komizt nálægt því að gera flesta sem minnst óánægða með þeim reglum, sem hún leggur til að lögfestar verði. Það er kannske áberandi og ekki óeðlilegt, að menn staldri við það, að í 10. gr. frv. er að finna mjög víðtækar heimildir til handa ráðh. og rn. að veita undanþágu og skipuleggja hinar ýmsu veiðiaðferðir. Það má segja, að öll ákvæði þessarar greinar séu raunverulega í framkvæmd og hafi verið það á undanförnum árum, nema það, sem heyrir undir tölulið 1 varðandi dragnótaveiðarnar. Dragnótaveiðar voru áður stundaðar samkvæmt sérstökum lögum og voru háðar mjög ströngum skilyrðum. Hendur ráðh. voru yfirleitt mjög bundnar með að veita leyfi. Það þurfti ekki einasta leyfi rn. eða þeirra stofnana, sem heyrðu undir rn., heldur þurfti einnig leyfi sveitarstjórnarmanna, til þess að veiðar yrðu leyfðar á hinum ýmsu stöðum við landið.

Ég hygg, að allir séu sammála um það, sem þetta mál þekkja frá fyrri tíma, að það ákvæði, að sveitarstjórnir ættu að segja til um það, hvort þær vildu leyfa, að dragnótaveiðar yrðu stundaðar frá sínu byggðarlagi eða á miðunum við sitt byggðarlag, hafi verið mjög óeðlilegt. Ég held, að flestir þm., sem að l. stóðu á sínum tíma, hefðu gjarnan viljað vera lausir við að þurfa að samþ. þetta. En aðstaðan var þá þannig í þinginu, að l. hefðu ekki náð fram að ganga, nema þetta ákvæði hefði verið tekið inn.

Nú vill svo til, *að einmitt í 1. og 2. gr.* þessara laga er fjallað einvörðungu, að heita má, um heimild til handa ráðh. að veita leyfi til dragnótaveiða. Ég tel því ekki óeðlilegt, að lög þessi verði numin úr gildi, ef lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþ. Að mínum *dómi verður þar engin breyting á* önnur en sú, að í stað samþykktar sveitarstjórna viðs vegar um landið þarf nú till. frá Hafrannsóknastofnuninni. Ég tel það eðlilegra og að mörgu leyti til bóta frá þeim l., sem um þessar reglur hafa gilt fram að þessu.

Það hafa ýmsir staldrað við það, að þeir teldu, að ekki kæmi nægilega í ljós, ef frv. verður samþ., vilji Alþ. um auknar friðunarráðstafanir. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni í sambandi við þetta mál í gær og vil ekki tefja tímann með því að bæta neinu þar við. Ef sá ráðh., sem með þessi mál fer hverju sinni, er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að auka friðun hvort heldur er friðun ungfisks, hrygningarsvæða eða í sambandi við önnur veiðarfæri, hefur hann til þess mjög víðtækar heimildir. Ég tel það vera alveg sjálfsagt og grundvallaratriði, að á hverjum tíma verði séð um það, að sjútvrh. og þær stofnanir, sem undir hann heyra, geti tryggt það, að ekki sé um óeðlilega ofveiði að ræða.

Sektarákvæði, sem er að finna í þessu frv., hafa að eðlilegum hætti verið hækkuð verulega. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja að *mínum dómi. Verðlag hefur allt mjög breytzt* í landinu. Fiskverð hefur hækkað núna á undanförnum árum verulega, og það er því eðlilegt, að sektarákvæði við brot á lögum um fiskveiðar hækki einnig.

Ég vil minna á það hér, að meðan hin eldri lög voru í gildi, þar sem bann við botnvörpuveiðum hinna smærri báta var svo algert, að bátar af hinni smærri gerð gátu raunverulega ekki stundað fiskveiðar á löglegan hátt, voru lögin um botnvörpuveiðar mjög mikið brotin. Maður varð greinilega var við það, að almenningsálitið taldi raunverulega, að brot á landhelgisl., eins og þau voru þá í gildi, væru ekkert óeðlileg og það lægi beint við, ef sjómenn ættu að halda mannsæmandi tekjum og fólk að hafa atvinnu af fiskveiðum, landverkafólk að sjálfsögðu ekki síður en sjómenn, annaðhvort að leggja þessar veiðar niður, sem hefði þýtt mjög mikinn samdrátt í allri atvinnu í landi, eða þá hreinlega að brjóta lögin, eins og því miður var gert í allt of stórum stíl, á þeim tíma.

Ég hafði vænzt þess, að eftir að öll þessi ákvæði voru mjög mikið rýmkuð með lögum frá 1969, hefðu brot á þeim að mestu horfið úr sögunni. Ég varð einnig mjög greinilega var við það, að almenningsálitið snerist alveg við, eftir að þau lög voru sett. Allir, sem fylgdust með þessum málum, töldu, að það væri búið að rýmka það mikið togveiðiheimildir, bæði handa stærri og smærri skipum, að það væri alveg óþarfi og óverjandi, að menn héldu sig ekki innan ramma þeirra laga. Sem betur fer hafa brot mjög mikið minnkað á þessum tíma, frá 1969, en þau hafa að mínum dómi verið allt of tíð og allt of mörg. Ég skal ekkert um það segja, hverjum þar er um að kenna, en ég tel, að það verði og eigi að halda uppi mjög strangri gæzlu, að gildandi lög og ekki síður þau lög, sem taka gildi, ef þetta frv. verður samþ., verði ekki brotin. Ég tel, að það sé búið að skapa mönnum með þessum lögum þá aðstöðu, að hver og einn eigi að geta stundað fiskveiðar með botnvörpu með eðlilegum árangri, þó að hann haldi sig innan ramma laganna. En því miður er það sorgarsaga, sem allir kannast við, sem nokkuð þekkja til þessara mála, að á hverjum veiðistað eru kannske einn eða fleiri menn, sem vilja ekki hlíta þessu, freistast til þess að brjóta lögin og í kjölfar þess fylgir, að aðrir fljóta með. Þetta er óneitanlega freistandi fyrir menn, því að það hefur sýnt sig, segja a.m.k. þeir, sem þekkja mjög vel til við suðurströndina, að það er hægt að fá meiri fisk innan þriggja mílna markanna en utan þeirra. Þetta freistar sjómannanna. En ég tel, að það verði að halda uppi strangri gæzlu á því, að farið sé eftir l. og þetta hverfi alveg úr sögunni.

Ég hef orðið mjög greinilega var við það, að togaraeigendur eru nokkuð uggandi um sinn hag og telja, að gengið sé mjög á þeirra rétt. Þetta er ekkert óeðlilegt, því að eins og ég sagði í upphafi, eru lögin við það miðuð, að aðstaða íslenzku togaranna breytist á þann veg, að þeir geti án samkeppni frá erlendum aðilum stundað þau fiskimið, sem togarar hafa stundað áður hér við land á dýpri slóðum. Það voru vissulega uppi raddir, bæði í n. og utan n., sem við urðum greinilega varir við, um að skerða rétt togaranna á vissum stöðum við landið og það á stórum landssvæðum mun meira en frv. gerir ráð fyrir. En samkomulag varð um að ganga þó hvergi lengra en að 12 mílunum, þannig að togarar yrðu hvergi settir út fyrir 12 mílurnar, en aftur veitt nokkur aðstaða á einstaka stöðum, sem þeir hafa sótzt eftir, inn að 9 mílna belti frá grunnlínupunktum.

Hér hefur komið fram ein brtt. við frv. frá hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, þar sem hann leggur til, að ráðh. verði heimilað að veita tiltekinni tölu báta um takmarkaðan tíma leyfi til veiða með botnvörpu og dragnót í Faxaflóa. Er þetta byggt á þeim rökum, sem hann hefur fært fram fyrir sínu máli, að það sé óeðlilegt, að þeir, sem búa hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, þurfi að sækja neyslufisk sinn til annarra byggðarlaga, en geti ekki rekið útgerð í því skyni, að bæjarbúum verði séð fyrir neyzlufiski frá því hafsvæði, sem næst liggur, það er Faxaflóanum, sem allir vita, að er nokkuð gjöfult veiðisvæði. Í sambandi við þetta mál, sem er búið að vera mikið og langt deilumál hér í þinginu, var hér flutt till. um lokun eða friðun Faxaflóa þing eftir þing og náði aldrei samþykki á Alþ. Ég minnist þess, að bæði ég og aðrir í sjútvn. treystum okkur ekki til að verða við tilmælum flm. um að stíga það skref, eins og það lá þá fyrir. Það voru eðlilega mjög sterk andmæli gegn þessu, bæði frá útgerðarmönnum í Reykjavík og kannske hér á næstu grösum. En svo gerist það einkennilega 1971, að útvegsmannafélagið í Reykjavík mælir með friðun Faxaflóa. Ég skal viðurkenna, að þegar það lá fyrir, að þeir, sem áttu fyrst og fremst að stunda þessi mið, töldu nauðsyn á að friða svæðið, varð það til þess, að ég og ég hygg fleiri í sjútvn. mæltum með frv. og það varð að lögum með þeim ákvæðum, sem þar segir, að veiðar með dragnót og botnvörpu eru þar algerlega bannaðar.

Ég tel eftir ástæðum, að það sé ekki óeðlilegt að verða við þeirri brtt., sem hv. 10. þm. Reykv. leggur hér til, að 8 bátum af takmarkaðri stærð verði veitt leyfi til veiða á þessu svæði takmarkaðan tíma og í því skyni að afla Reykvíkingum neyzlufisks. Ég geri því ráð fyrir, að ég í samræmi við þetta muni greiða atkv. með þeirri till., sem hér er fram borin á þskj. 648.

Ég vildi mjög gjarnan segja margt fleira um þessi mál, því að mikið er búið að ganga á í sambandi við störf n. Við höfum fengið mjög margar ábendingar, bæði munnlegar og skriflegar, og ég hygg, að okkur séu orðin sæmilega ljós hin ýmsu sjónarmið. Þó að þau stangist víðast á, höfum við reynt að gera okkur grein fyrir, hvað skynsamlegast væri að gera í sambandi við lausn á málinu. En mér er ljóst, að við höfum hér takmarkaðan tíma, og ég hef áhuga eins og allir fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þingslit, og skal því ekki tefja málið að þessu sinni frekar með lengri ræðu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt, að það frv., sem hér er til umr., fjalli um viðamikil, viðkvæm og flókin mál. Ég efast ekki um það, að svonefnd fiskveiðilaganefnd, sem samið hefur þetta frv., hafi lagt

sig verulega fram um að vinna starf sitt vel. Á hinn bóginn er alveg ljóst, að frv. er enn aðeins hálfunnið, ef svo mætti segja. Á því eru margir og augljósir agnúar, sem ég er viss um, að hv. nm. hefðu orðið sammála um að sníða af frv., ef betra tóm hefði gefizt til að athuga það. Sem dæmi um þessa agnúa mætti nefna, að ég held, að hvergi sé á það minnzt í frv., að ráðh. sé heimilt að leyfa spærlingsveiðar innan við 12 mílurnar, nema í tilraunaskyni, eftir því sem ég fæ bezt séð. Hér er þó um að ræða fisktegund, sem gæti orðið mjög hagkvæmt að nýta, sér í lagi vegna þess, að afkastamikil atvinnutæki eru fyrir hendi í landi, sem eru illa nýtt eftir síldarbrestinn, eins og menn vita, En þessi atvinnutæki gætu hæglega unnið þennan fisk.

Þá er eitt atriði við þetta frv., sem mér kemur spánskt fyrir, en það er hvergi minnzt á það í frv. að efla landhelgisgæzluna, til þess að hægt sé að koma við meira eftirliti með þeim veiðum, sem fjallað er um í þessu frv., og þeim reglum, sem settar eru um þessar veiðar. Þetta finnst mér óeðlilegt, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að það eigi fyrst og fremst að efla landhelgisgæzluna, koma þar á fót sérstakri deild. Hún gæti unnið í tengslum við aðra aðila, t. d. ferskfiskeftirlitið og vísindastofnanir sjávarútvegsins. Ef slíku virku eftirliti væri komið á fót og það eflt mjög, væri í lófa lagið fyrir ráðh. að stöðva smáfiskadráp, ef það þykir keyra úr hófi á einhverjum svæðum landsins. En í stað þess, að það sé gert með þessum hætti, er í frv. ákveðið, hvaða svæði séu mestu ungfiskssvæðin og hver ekki. Þetta held ég, að sé alveg út í hött og í rauninni alveg grátbroslegt að ætla sér að kveða á um það hér á hinu háa Alþ., að ungfiskur skuli eiga eins konar lögheimili á ákveðnum svæðum á landgrunninu á ákveðnum tímum. Það er staðreynd, að það fer fyrst og fremst eftir straumum og hitastigi sjávar, hvar ungfiskurinn heldur sig á hverjum tíma. Þetta vitum við allir, sem höfum einhvern snefil af þekkingu á sjávarútvegi, og hér kemur alveg heim sú þekking, sem fiskifræðingar hafa á fiskigöngum. Ég held því, að það væri miklu æskilegra, að meginstefnan í þessu efni væri að efla mjög eftirlit með veiðunum og takmarka sóknina, eftir því sem með þarf á hverjum tíma. Og svo er eitt t. d., það er hvergi vikið að því í þessu frv. að takmarka sóknina, t. d. miðað við einhvern ákveðinn bátafjölda, heimabáta frá einhverjum ákveðnum byggðarlögum eða slíkt. Hv. þm. Guðlaugur Gíslason var hér að tala um þessa hluti, þ. e. a. s. hann var að tala um, að það þyrfti að hafa hliðsjón af því, hvernig útgerðarþættirnir væru í hverjum landshluta, og þetta er alveg rétt. En það er spurning, hvort eigi ekki að fara einhverjar slíkar leiðir til þess að takmarka sóknina á mið þessara báta og friða þá heldur meiri svæði en gert er núna. Allt eru þetta mál, sem ég held, að hefðu þurft að koma til miklu rækilegri skoðunar.

Það er nú svo, að það eru miklu fleiri en ég, sem hafa þessa meginskoðun um það, að þetta frv. sé of einhliða, það sé slegið allt of miklu föstu og það sé betra að hafa aðra skipan á þessum málum. Ég er með hér í höndum bréf frá Fiskifélagi Íslands, þar sem þessum skoðunum er mjög haldið á lofti. Ég vil lesa hér hluta úr þessu bréfi fyrir hv. þm. Þótt þeir hafi allir fengið það, er ekki víst, að þeir hafi kynnt sér efni þess nema að litlu leyti, en bréfið er svo hljóðandi:

„Eitt megineinkenni þessa frv. er, að reynt er að koma á mjög fastmótaðri skipan togveiða. Ákveðnar eru stærðir skipa, sem nánast jafngildir lögfestingu á skipastærðum. Ákveðin eru svæði og ákveðin eru tímabil, sem veiðar má stunda á. Telja verður þetta óhyggilegt, ef hliðsjón er höfð af þeim óstöðugleika, sem einkennir sjávarútveginn. Breyttar fiskigöngur og fiskigengd geta valdið því, að nauðsynlegt getur verið að gera skjótar ráðstafanir, eigi ekki að tapast verulegur afli. Má á það benda, að t. d. mundi verulegur hluti kolaaflans við Vestfirði tapast og væntanlega verður ekki af spærlingsveiðum fram til 1976, verði lögin samþykkt í óbreyttu formi. Í till. sínum til fiskveiðilaganefndar lagði Fiskifélagið áherzlu á sveigjanleika, þannig að lögin væru rammalög, sem gæfu sjútvrn. vald til þess að ákveða um veiðisvæði, skipastærðir og annað, er máli skiptir, í ljósi þeirra aðstæðna, sem ríkjandi verða á hverjum tíma. Fiskifélagið er enn á þeirri skoðun og telur, að það sé illa farið, ef löggjöf kemur í veg fyrir, að nýting nýrra auðlinda og frekari nýting vannýttra stofna verði möguleg".

Ég vil bæta hér inn í þetta bréf, að mér sýnist, af minni fátæklegu þekkingu á staðháttum við Norðurland, að ef þetta frv. verður að lögum, verði sum mið fyrir Norðurlandi alls ekki nýtt, en þau eru nýtt með togveiðum. Það er alveg eins og hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði, að bátaflotinn er þannig samsettur á Norðurlandi, að það er mikið um litla báta, sem stunda net- og línuveiðar, en síðan er ekki mikið um miðlungsbáta og þeir stunda þá yfirleitt ekki þær veiðar, heldur togveiðar. Ef þessi togveiðifloti fer yfir þau mörk, sem er lagt til í frv., verða sum mið á Norðurlandi, sýnist mér, ekki nýtt með öðrum veiðarfærum, a. m. k. ekki eins og bátaflotinn er samansettur í dag. — Þá segir Fiskifélagið auk þess um þetta frv.:

„Annað einkenni þessa frv., sem Fiskifélaginu þykir ástæða til þess að gera aths. við, er það hlutverk, sem frv. ætlar Hafrannsóknastofnuninni. Í fyrsta lagi er henni ætlað allt eftirlit með því, að ákvæðum l. sé framfylgt. Með þessu er verið að gera stofnunina að lögreglu. Telur Fiskifélagið þetta vanhugsað og bendir á samþykkt fiskiþings frá 1972, þar sem lagt er til, að sérdeild hjá Landhelgisgæzlunni annist nauðsynlegt eftirlit með framfylgd ákvæðanna um fiskveiðar. Auk þess má benda á aðra aðila, svo sem Fiskmat ríkisins, sem er í mun nánari tengslum við veiðarnar og hefur mun betri aðstöðu til að sinna ákveðnum þáttum eftirlitsins en Hafrannsóknastofnunin. Telja verður afar óæskilegt, að tími háskólamenntaðra sérfræðinga fari í einföld eftirlitsstörf, sem reyndir sjómenn væru jafnvel betur hæfir til þess að sinna.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir mjög aukinni tillögugerð Hafrannsóknastofnunarinnar. Í sjálfu

sér er ekkert óæskilegt að fá fram vísindalega grundvallaðar till. En allur tillöguréttur útvegsins er borinn fyrir borð, ef undan er skilinn takmarkaður réttur til að óska eftir lokun svæða fyrir línu- og netaveiðar".

Það er ýmislegt fleira í þessu bréfi, en niðurstaðan í þessum þætti bréfsins er svo hljóðandi:

„Að öllu athuguðu virðist frv. færa Hafrannsóknastofnuninni meiri verkefni en hún fær við ráðið, eigi hún að sinna meginhlutverki sínu, sem eru vísindalegar rannsóknir, sem skyldi, og þar liggja fyrir ótal óleyst verkefni".

Ég vil aðeins í sambandi við þetta ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég held, að hér sé komið að máli, sem er ákaflega veigamikið. Það er það, að í stað þess að hugsa sér, að Hafrannsóknastofnunin verði þarna lögregla, verði landhelgisgæzlan efld. Sérstakri deild landhelgisgæzlunnar verði falið að fylgjast mjög vel með veiðum, hagnýtingu landhelginnar, eftir lögum, sem um það verða gerð, jafnvel þó að þetta frv. verði ekki að lögum, sem ég vona, að verði ekki, ekki óbreytt a. m. k. þannig verði þá um hnútana búið, að gæzlan geti gert réttum aðilum viðvart, sé um brot að ræða á ákvæðum laganna, t. d. á ákvæðum laganna um smáfiskadráp eða eitthvað því um líkt. Á þann hátt verði reynt að koma upp virku, en öflugu kerfi, sem hagnýti landhelgina á hagkvæman hátt, en ekki eins bundnu og lagt er til í þessu frv. — Þá segir í bréfi Fiskifélagsins einnig:

„Í sambandi við 4. gr. ber að árétta þá hættu, sem skapazt getur við það að ákveða stærðarmörk skipa, eins og þar er um fjallað, með lögum. Benda má á ákveðnar till. frá samtökum útvegsmanna og sjómanna á svæðinu frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur og stjórnar Fiskifélagsins um stærðarmörk togveiðiskipa, sem heimild fengju til þess að veiða á sérstökum svæðum á vetrarvertíð".

Ég vil í sambandi við þetta taka mjög undir þau orð, sem hér hafa fallið um þetta efni frá hv. 10. þm. Reykv., því að ég held, að þessi lögfesting á stærðarmörkum skipa sé afar hæpin. Við höfum raunar þegar reynslu af þessu, því að við höfum eignazt ótölulegan fjölda báta 105 tonna, síðan sú regla var sett í lög, að þeir mættu veiða á sérstökum svæðum á grunnu vatni. Og það hefur komið í ljós, að þessir bátar eru ekki heppilegir sem vertíðarbátar. T. d. hefur Einar Sigurðsson útgerðarmaður hætt að láta smíða þannig báta fyrir sig, en lætur smíða 150 tonna báta. Þessir 150 tonna bátar eru bæði hagkvæmari sem vertíðarbátar og eins eru þeir öruggari fyrir sjómenn, en þeir eru með ákaflega svipaðan vélarafl og 105 tonna bátar og ákaflega svipaðan veiðarfæraútbúnað. Þessi mörk, 105 tonn, virðast því vera hreinlega út í loftið og til þess fallin, að það verði smíðaðir óhagkvæmir bátar. Þegar togurum verður stuggað út fyrir 12 mílur að mestu leyti, — eftir þessu frv. á víst að gera það, — mundi að mínu viti aukast mjög eftirspurn eftir 349 tonna skuttogurum. Þeir skuttogarar yrðu áreiðanlega eins opnir og hægt væri, til þess að hægt væri að mæla þá sem mest niður, og með því væri öryggi og vinnuaðstöðu sjómanna kastað fyrir róða. Ég held því, að þessi lögfesting á stærðarmörkum skipa sé afar hæpin, svo að ekki sé meira sagt, og ég held, að menn ættu að athuga betur afleiðingarnar af þessu, áður en það verður samþykkt. Ég vil benda á reynslu Norðmanna í sambandi við þetta, en þar eru stærðarmörk, illu heilli, líka lögfest, og þar er ótölulegur aragrúi af 299 tonna togurum. Menn geta kannske getið sér til, vegna hvers það er, en það er vegna þess, að þar er stærðin afmörkuð við 300 tonn.

Ég ætlaði svo, herra forseti, að koma hér sérstaklega að *málum okkar Norðlendinga* út af þessu frv. Við höfum fengið send hér inn á hv. Alþ. mótmæli frá ýmsum aðilum í sambandi við þetta. Við höfum fengið mótmæli frá útgerðarmönnum togveiðiskipa á Norðurlandi og skipstjórum. Þau eru efnislega þannig, að þeir benda á það ósamræmi, sem fram kemur í veiðum botnvörpuskipa norðanlands og sunnan, þar sem veiðar eru leyfðar sunnanlands á allt að þriggja mílna belti, — það má bæta því við, að það er frá fjöruborði, en ekki frá grunnlínupunktum, eins og fyrir norðan, — en norðanlands hvergi nær en að 9 mílna belti. Margar aðstæður styðja að því, að það sé með öllu óviðunandi, að þessu frv. verði flaustrað í gegnum þingi að þessu sinni, segja þessir aðilar.

Mér var líka að berast skeyti frá bæjarráði á Akureyri. Þar var gerð svo hljóðandi ályktun í gær:

„Bæjarráð Akureyrar telur varhugavert að afgreiða á yfirstandandi þingi frv. til l. um veiðar með botnvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Frv. þetta er nýlega fram komið, og bendir margt til þess, að þetta þurfi mun meiri athugunar við en ráðrúm er til nú".

Mér er ekki grunlaust um, að það séu fleiri erindi sem þessi, sem liggja fyrir hv. þm. Það gefur auðvitað auga leið, að á þeim fáu dögum þingsins, sem eftir eru, úr því að hæstv. ríkisstj. vill láta senda okkur heim fyrir páska, gefst ekki kostur á að endurskoða þetta mál, svo sem vert væri. En það er alveg ljóst, að á því eru margir agnúar, sem þyrfti að kanna miklu betur.

Ég vil taka það fram að lokum í sambandi við þetta mál, að ég mundi að mörgu leyti geta sætt mig við þetta frv., eins og frá því er gengið fyrir Norðurland, þ. e. a. s. þær friðunaraðgerðir, sem þar eru gerðar, svo fremi að um hliðstæðar aðgerðir væri að ræða á öðrum svæðum í kringum landið. En það er því miður langur vegur frá því. Og eins og ég sagði áðan, er eiginlega eins og menn vilji með þessu frv. kveða á um það, að ungfiskurinn eigi lögheimili á Norðurlandi eða við Norðurl. e., sem er algerlega út í bláinn, eins og ég sagði áðan, en ákvæðum um veiðar í kringum Hvalbak, þar sem er mjög mikið ungfiski, og fyrir Austurlandi er haldið óbreyttum. Fyrir Austurlandi eru miklu minni friðunarráðstafanir ákveðnar en við Norðurland, jafnvel þótt vitað sé, að ungfiski sé þar ekki síður en við Norðurland, a. m. k. við sumar aðstæður, þ. e. a. s. þegar svo háttar til með strauma og sjávarhita.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt um þetta veigamikla mál, en ég vil beina því til þeirra aðila, sem að þessu máli vinna, að þeir skoði það gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að líta betur á málið, endurskoða þetta frv. í heild og halda áfram þeirri ágætu vinnu, sem í þetta hefur verið lögð. Það hefur verið lögð í þetta mikil vinna. Mér segir svo hugur um, að ef þetta frv. verður samþ. núna, og fólk fær alls ekki að segja hug sinn um það, verði algert uppreisnarástand í landinu í sjávarplássunum, ef þessu verði flaustrað af, án þess að við fólk verði a. m. k. talað. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þótt núgildandi lög um bann við veiðum með botnvörpu og flotvörpu hafi gildistíma til 1. júlí, er mjög auðvelt að framlengja þau lög, t. d. til áramóta, annaðhvort með því að láta þau ganga greiðlega í gegnum hið háa Alþ. á síðustu dögum þess eða þá með brbl. Þetta er mjög auðvelt að gera, og því ber enga brýna nauðsyn til að samþykkja þetta frv. eins og er. Ég vil því enn einu sinni beina því til þeirra aðila, sem um þetta mál hafa fjallað, bæði fiskveiðilaganefndarinnar, hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj., að þetta frv. verði skoðað betur og það lagt fyrir á haustþinginu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki verða mjög langorður, en ég hefði óskað eftir því, að hæstv. sjútvrh. hefði verið við, þegar ég tala, ef þess væri kostur.

Um þetta frv. er það almennt að segja, að það fjallar um skipulag á botnvörpu- og dragnótaveiðum í landhelginni, og það er margt gott um þetta frv. að segja. M. a. er friðunarsjónarmið meginforsenda fiskveiðilaganefndarinnar, sem hefur unnið að þessu frv., og ég vil taka undir þetta friðunarsjónarmið n. Ég tel, að bæði ástand þorskstofnsins og svo líka barátta okkar í landhelgismálinu krefjist þessa. Íslenzki þorskstofninn er nú talinn fullnýttur, ef ekki ofveiddur, og alþjóðanefnd fiskifræðinga hefur lagt til, að sókn á þorskstofna í norðurhöfum verði minnkuð um helming. Þetta er staðreynd, sem við getum ekki horft fram hjá. Ég nefni líka sem ástæðu baráttu okkar í landhelgismálinu. Ég tel, að við verðum að hafa friðunarsjónarmiðið ríkt í huga einmitt þess vegna. Það er undirstrikun á þeirri röksemd okkar fyrir útfærslunni, að friðun fiskimiða sé nauðsynjamál, sem bezt sé komið í höndum strandríkjanna sjálfra. En hvað er þá átt við með friðun? Með friðun er m. a. átt við verndun ungfisksins. Það er átt við það að koma í veg fyrir ofveiði smáfisks, sem er að alast upp og enn er ekki orðinn kynþroska. Við vitum, að seiðadráp og ungfiskadráp í stórum stíl er ægilegt athæfi og stór blettur á þeim, sem standa að nauðsynjalausu, og vísvitandi, fyrir slíku. Ég veit, að fiskveiðilaganefndin hefur viljað gera sitt til þess að koma í veg fyrir, að slíkt gerðist.

Í frv. er gert ráð fyrir því að haga skiptingu milli veiðiskipa í stórum dráttum þannig, að togveiðarnar verði stundaðar á hinum ytri miðum, en smærri bátarnir veiði aftur á innmiðunum. Ég held fyrir mitt leyti, að hér sé stefnt í rétta átt. Það er eðlilegt að ætla bátaflotanum og þá landróðrabátunum veiðisvæði nær landinu. Togararnir eru öflug skip og auðvelt að sækja á þeim langt til hafs, enda eru það útileguskip, og þeir eru gerðir til þess að sækja á hin dýpri mið, þannig að ef við alþm. eigum að hafa einhver afskipti af þessum málum, hljótum við að hafa þetta meginsjónarmið í huga, eins og fiskveiðilaganefndin hefur gert. Ég er þannig sammála þessari meginhugsun, sem liggur á bak við starf nefndarinnar.

Hér hefur í þessum umr. borið á góma heimildir til togveiða fyrir Norðurlandi alveg sérstaklega, og kom það fram í máli þess hv. þm., sem talaði hér á undan mér. Mig langar til þess að víkja aðeins örfáum orðum að þessu atriði.

Eins og frv. er nú úr garði gert, er gert ráð fyrir miklum breytingum hvað snertir togveiðar á Norðurlandsmiðum, miðað við gildandi reglur. Gildandi reglur leyfa togveiði miðað við 8, 6 og jafnvel 4 mílur eftir stærð skipa og árstímum. Frv. gerir ráð fyrir því, að stóru togararnir fiski ekki innan við 12 mílna línu og minni togskipin ekki innan við 9 mílur. Hér er því um að ræða mjög stóra breytingu frá því, sem gildandi reglur gera ráð fyrir. Og spurningin er sú, hvort það sé réttlætanlegt að minnka svona mikið það svæði, sem togararnir hafa möguleika á að veiða á, miðað við það, sem nú gildir. Ég vil svara því á þann veg, að það sé réttlætanlegt og nauðsynlegt að setja skynsamlegar hömlur á togveiði fyrir Norðurlandi og skipta veiðisvæðum eðlilega milli togara og smærri báta. Ég er því í „prinsipinu" sammála fiskveiðilaganefndinni. Það er réttlætanlegt, að togararnir fiski á hinum ytri miðum, þegar nauðsynlegt er að skipta veiðisvæðum, og gæta friðunarsjónarmiða við þá skiptingu. Við getum ekki horft fram hjá því, hvert eðli hinna norðlenzku fiskimiða er. Það er afar mikið magn af smáfiski, sem þar veiðist, og hann veiðist þar í öll veiðarfæri meira og minna. Eftir samsetningu aflans að dæma vitum við það, að smáfiskurinn er mjög stór hluti aflans, alveg án tillits til þess, með hvaða veiðarfæri er veitt. Ég held, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að norðlenzku fiskimiðin eru uppeldisstöð fiska, þó að svo kunni að vera, að smáfiskurinn hafi þar ekki beinlínis lögheimili, svo að notað sé orðalag þess hv. þm., sem hér var að tala áðan. Ég held, að menn verði að gera sér fulla grein fyrir þessu, en jafnframt því, að það er ekki í botnvörpuna eina, sem ungfiskur veiðist, heldur veiðist hann líka í önnur veiðarfæri. En hitt hljótum við að viðurkenna, að veiðarfæri eru mismunandi stórtæk og botnvarpan er stórvirkt veiðarfæri og gerir af þeim sökum meiri usla en önnur, ef um slíkt er að ræða. Og ég held, að við getum ekki heldur lokað augunum fyrir því, að smáfiskadráp togara á Norðurlandsmiðum á við ýmis rök að styðjast. Það eru mýmörg dæmi um það og margir vitnisburðir. Þess vegna er brýnt að fara með gát á Norðurlandsmiðum og hafa alla varúð uppi þar.

Ég minntist á það hér áðan, að togveiðiheimildir fyrir Norðurlandi verða mjög skertar,

ef þetta frv. verður að lögum. Það er verið að ýta togurunum utar en var, og togaraútgerðarmenn og skipstjórar hafa lýst óánægju sinni með þetta, eftir að frv. kom fram. Og hvað sem mönnum annars kann að finnast um fyrirkomulag togveiðanna yfirleitt, getum við ekki komizt hjá því að hlusta á rök togaramanna eins og annarra manna. Mér er til efs, að við höfum haft næga þolinmæði til þess að hlusta á raddir togaramanna í þessu mikilvæga máli, og slík óþolinmæði sem óneitanlega hefur verið sýnd að nokkru er ekki afsakanleg.

Það hefur mjög komið fram í þessu máli, að það þurfi að hraða málinu, og það er sjálfsagt og eðlilegt, að það þurfi að hraða því að mörgu leyti. En ég vil segja það sem mína skoðun, að ég sé enga ástæðu til þess að hafa ofhraða á þessu máli. Ég hef látið það álit í ljós áður og komið því á framfæri við fiskveiðilaganefndina, að það sé óþarfi að hafa á þessu ofhraða. Ég taldi í viðtölum við n., að það væri nægilegt, að hin nýju lög tækju gildi 1. jan. n. k. Og þetta vil ég endurtaka hér. Ég held, að það væri rétt og sanngjörn málsmeðferð að gefa tækifæri til umr. um þetta mál í sumar. Ég held, að það verði affarasælast að haga málsmeðferð með þeim hætti að hafa ekki þann mikla hraða á þessu, sem nú er gert ráð fyrir. Ég vil taka fram, að hér er um ábendingu um málsmeðferð að ræða af minni hálfu, en alls ekki um það að ræða, að ég sé að leggja til neinar stórfelldar breytingar á þessu frv. eða þeim reglum, sem fiskveiðilaganefndin hefur hér lagt fram. En ég held, að það væri til bóta, ef sá hraði, sem fyrirhugaður er, yrði ekki eins mikill og gert hefur verið ráð fyrir og hér hefur komið fram, að þurfa þætti. Það er mín meginábending sem sagt, að það verði farið með meiri gát í afgreiðslu þessa máls og okkur vinnist tími til þess að vísa því meira til umsagnar ýmissa aðila og fáum tækifæri til þess að ræða þetta í sumar. Þetta mál gæti þá komið fyrir haustþingið, þannig að þessar reglur geti komið til framkvæmda 1. jan. á næsta ári.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Eysteinn Jónsson): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. apríl 1973.

Steingrímur Hermannsson, 1. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi, og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Björn Jónsson, forseti Ed."

Halldór Kristjánsson hefur setið áður hér á þessu kjörtímabili, og býð ég hann velkominn til starfa.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 653). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verðaukaskattur af lóðum, þáltill. (þskj. 65 n. 542). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Hv. allshn. hefur kannað þetta mál og leggur til, að þáltill. verði samþ. með nokkurri orðalagsbreytingu. Ég leyfi mér, með leyfi herra forseta að lesa upp þessa þáltill. eins og hún kemur frá hv. nefnd:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, atvinnurekstrarhúsnæði og ábýlisjarða. Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækkað hafa í verði án tilverknaðar eigenda umfram almennar verðhækkanir. Skattur þessi renni til sveitarfélaga."

Í þessu felast 3 breytingar. Bætt er við, að ásbýlisjarðir skuli vera undanþegnar þessum ákvæðum. Enn fremur er tekið fram, að skattleggja beri verðhækkanir, sem hafa orðið umfram almennar verðhækkanir, og skattur þessi renni til sveitarfélaga. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta, af því að ég veit, að hér liggja mörg mál fyrir. N. leggur eindregið til, að till. verði samþ. Rétt er þó að geta þess, að einn hv. nm., Lárus Jónsson, skrifar undir með fyrirvara.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja hér umr. Ég vil bara segja frá því í tilefni af þessari þáltill., að eitt af þeim verkum, sem n. sú, sem athugar endurskoðun á tekjuskatti, er að fást við, er einmitt þetta verkefni. Það var byrjað á því í fyrra að skoða það, var ekki talið kleift að setja það inn í lög þá, en þetta er einn af þeim þáttum, sem þar er verið að endurskoða.

ATKVGR.

Brtt. 542 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 742).

Greiðsla ríkisframlaga samkvæmt jarðræktarlögum, þáltill. (þskj. 127, n. 578). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Atvmn. hefur athugað þáltill. á þskj. 127, en hún

fjallar um greiðslu ríkisframlaga samkv. jarðræktarlögum. Það hefur komið í ljós við athugun þessa máls, að árið sem leið voru greiddar 5 millj. kr. út á jarðabætur unnar á árinu, og er það nokkru hærri upphæð en Landnámið borgaði árið 1971. Þá hefur verið upplýst, að tillit hefur verið tekið til þessa greiðslufyrirkomulags á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, enda hefur mál þetta verið í undirbúningi í nokkur ár, og bendir allt til þess, að áframhald verði á þessu greiðslufyrirkomulagi svo að hægt verði með hverju ári er líður að komast nær því marki að borga sem mest út af framlögum á því ári, sem framkvæmdin er unnin og tekin út af þar tilkvöddum mönnum, en á því kunna að vera tæknilegir örðugleikar í sambandi við frágang á skýrslum og útreikning þeirra og borga allt framlagið að fullu á sama ári og framkvæmdin er gerð.

N. leggur einróma til, að till. verði vísað til ríkisstj. eins og fram kemur á þskj. 587.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. atvmn. fyrir, að þessi till. skyldi vera afgreidd úr n., enda þótt ég hefði kosið, að afgreiðslan væri með öðrum hætti. Vitaskuld hefði ég kosið fremur, að till. hefði verið afgreidd, þó að með breytingu væri, þannig að þar kæmi fram ákveðin áætlun um, hvernig því marki yrði náð, sem stefnt er að með flutningi þessarar till., að greiðsla jarðræktarframlaga geti með tímanum öll náð því marki að fara fram á framkvæmdaári.

Hv. frsm. n. sagði hér áðan, og svo segir einnig í nál. á þskj. 578, að þessi greiðsla ríkisframlaganna til jarðræktarframkvæmda sé hafin með þessum hætti og það hafi verið greiddar út 5 millj. kr. á síðasta ári, sem sé nokkru hærri fjárhæð, sagði frsm., en Landnám ríkisins hafði greitt út til jarðræktarframkvæmda 1971. Því miður er ég nú ekki með þær tölur hjá mér, hvað Landnámið hefur greitt út á því ári, en samkv. fjárl. fyrir árið 1972 var að því stefnt, að Landnámið gæti greitt út til jarðræktarframkvæmda á því ári 22,8 millj. kr. Það er því langt bil á milli þess, sem orðið hefur í framkvæmd á síðasta fjárlagaári og þess, er til stóð að yrði, ef þessi framlög hefðu verið sem fyrr í höndum Landnáms ríkisins. Samt ber að fagna því, að nokkurt spor er þarna stigið, en það spor er ekki stærra en svo, að um verulega afturför er að ræða. Bændur landsins og ræktunarsamböndin hafa orðið að taka á sig sjálf meiri hl. af þessum kostnaði en verið hefði, ef ekki hefði orðið sú skipulagsbreyting á síðasta Alþ., sem færði ríkisframlögin til jarðræktar frá Landnámi ríkisins til Búnaðarfélags Íslands.

Ég vil einnig minna á það hér, að þegar viðreisnarstjórnin svokallaða lét af völdum, var í rauninni sérstakt tækifæri til þess að hefja þessar greiðslur út á jarðræktarframkvæmdir á framkvæmdaári, vegna þess, að á síðasta fjárlagaári viðreisnarstjórnarinnar voru afgangs af fjárlagafé til þessa framkvæmdaþáttar 24,9 millj. kr. Þar er enn eitt dæmið um það, að núv. hæstv. ríkisstj. tók við blómlegu búi úr höndum þeirrar er frá fór. Þetta tækifæri var ekki notað þá, og ég lít svo á, að enda þótt með þessu sé nokkurt spor stigið í þá átt að hefja þessar greiðslur á sama ári og verk er unnið, þá sé það í rauninni miklu skemmra en öll efni hafa staðið til.

ATKVGR.

Till. á þskj. 578 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum, þáltill. (þskj. 424, n. 612, 613). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., er flutt af hv. 7. landsk. þm., Karvel Pálmasyni, og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til, að bætt verði móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum."

Í grg. með þáltill. kemur fram, að sjónvarpsskilyrði séu slæm úti fyrir Vestfjörðum og kostnaður við úrbætur gætu numið um 4½ millj. kr. Fjvn. hefur fjallað um till. og telur rétt, að henni verði breytt á þann veg, að hún miði ekki eingöngu að úrbótum á tilteknum hluta fiskimiða við landið og þar verði úrbætur hafnar nú þegar, heldur verði gerð athugun á því, á hvern veg er háttað móttökuskilyrðum fyrir sjónvarp allt umhverfis landið, og verði gerð heildarkostnaðaráætlun um nauðsynlegar úrbætur. Fjvn. leggur því til, að tillgr. og fyrirsögn till. verði orðuð í samræmi við þetta markmið og þáltill. samþ. svo breytt.

Fyrirsögn till. orðist þá svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Till. til þál. um könnun sjónvarpsskilyrða á fiskimiðum umhverfis landið og gerð kostnaðaráætlunar í því sambandi."

Tillgr. orðast svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum, ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþ."

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir að hafa tekið upp í nál. sitt og brtt. þá brtt., sem ég flutti við 179. mál. Það var till. frá nokkrum Sjálfstfl.-þm. um sjónvarp á sveitabæi. Ég taldi í sambandi við þá brtt., sem ég flutti við það mál, að það væri ekki síður nauðsynlegt, að allir sjómenn, sem væru við strendur landsins, nytu sjónvarpsþjónustunnar. Í sambandi við þessa þörfu till., sem hafði komið frá hv. 7. landsk. þm. fyrir sjómenn á afmörkuðu svæði, fagna ég því, að n., sem hafði með mál þetta að gera, skuli hafa haft í huga, að það er víðar róið en þar vestra.

ATKVGR.

Brtt. 613,1 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 613,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 743).

Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins um ályktanir sveitarstjórna, þáltill. (þskj. 43, n. 656). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er farið fram á, að ríkisstj. gangist fyrir athugun á ákvæðum þeirra lagaákvæða, sem lúta að úrskurðarvaldi félmrn. og annarra stjórnvalda, þegar um ræðir ályktanir sveitarstjórna og ágreining þar um, og við þá endurskoðun verði haft mið af því, hvort ekki sé bæði eðlilegt og rétt að fela sérstökum dómstóli að fara með nánar ákveðin ágreiningsefni, sem upp kunna að koma á sviði sveitarstjórnarmálefna, síðan verði skýrsla um þessa athugun ásamt niðurstöðum lögð fyrir næsta Alþ. og enn fremur, ef sýnist svo og ástæða þykir til, að lagafrv. verði einnig lögð fram varðandi þetta málefni. Till. snertir töluvert mikilvægt mál, sem bæði nú og fyrr hefur verið nokkuð um rætt, þó að eigi hafi verið gengið til þess að flytja till. hér á hv. Alþ. um það, svo að ég muni eftir, en allshn. þykir till. vera þess efnis, að henni beri að gefa tilhlýðilegan gaum.

Umsagnir hafa borizt um till. frá tveimur aðilum, annars vegar frá Dómarafélagi Íslands og hins vegar frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og báðar þær umsagnir eru mjög jákvæðar. Það er því till. okkar í allshn., að þessi þáltill. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 744).

Lífeyrisréttindi sjómanna, þáltill. (þskj. 356, n. 667). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Allshn. er sammála um, að hér sé hið þarfasta mál á ferðinni, enda hafa ýmsir beitt sér fyrir því hér á undanförnum þingum. Stjórnarandstæðingar í tíð viðreisnarstjórnarinnar beittu sér fyrir því. Nú eru það aftur stjórnarandstæðingar, sem flytja þetta mál. Allshn. telur, að sjómannastéttin sé sannarlega alls góðs makleg. En niðurstaða n. er, að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu sem fyrri flm. þessarar þáltill. heldur kosið, að gengið hefði verið hreint til verks og till. samþ., svo lítill ágreiningur sem ætla má að hefði orðið um þessa till. Eigi að síður fagna ég þeim jákvæðu forsendum, sem till. er vísað til ríkisstj. á, og þann hug, sem að baki liggur, og vænti þess, að það verði a. m. k. ekki vefengt, að það er skoðun Alþ., að þessi mál beri að kanna til hlítar með þeim hætti, sem kostur er á.

Ég þakka sem sagt n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu. Þó að ég hefði óskað eftir því, að hún yrði með nokkuð öðrum hætti, sætti ég mig við orðinn hlut og treysti því, að ríkisstj. taki þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, ekki til þess að þakka hæstv. n. fyrir afstöðu hennar til þessa máls. Þeir, sem þar eiga sæti í meiri hl., hafa verið miklir áhugamenn um þetta mál á undanförnum árum, og svo vildi til, þegar þeir komust loks í áhrifaaðstöðu til þess að beita sér fyrir málinu, þá loks lágu fyrir till. um það, hvernig ætti að ráða fram úr því, sem báðir aðilar, sem þar áttu hlut að máli, voru sammála um, þannig að ég get ekki þakkað þeim fyrir eitt eða neitt í þessu sambandi. Ég harma hins vegar, að þeir skyldu ekki verða við óskum sjómannasamtakanna og reyndar óbeint óskum útgerðarmanna líka um að betrumbæta þarna og samþ. þær till., sem hafa legið fyrir um langan tíma í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.
Till. á þskj. 667 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

Endurskoðun á tryggingakerfinu, þáltill. (þskj. 319, n. 716). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þáltill. þessi, sem hér er til meðferðar, fjallar um endurskoðun á tryggingakerfinu. Allshn. hefur íhugað till. allnokkuð, en telur sér þó ekki fært eftir ekki lengri íhugun á málinu að taka beina afstöðu til þeirra ýmsu atriða, sem þáltill. hefur að geyma. Hins vegar telur allshn., að höfuðefni þáltill. sé allrar athygli vert, og í trausti þess, að þetta mál fái þar ekki síður rækilega könnun, þykir n. eftir öllum atvikum rétt að vísa till. til ríkisstj.

ATKVGR.
Till. á þskj. 716 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Olíuverzlun, þáltill. (þskj. 19, n. 588 og 596). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. er viðvíkjandi því að athuga um olíuverzlun á Íslandi og till., sem er flutt af jafnaðarmönnum, hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna n. til að gera till. um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra í landinu í því augnamiði að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu olíuvara innanlands, svo að þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. N. ljúki störfum fyrir 1. júlí n. k. og skili till. sínum til ríkisstj. og Alþ. N. leiti nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar, eftir því sem þurfa þykir, en kostnaður greiðist úr ríkissjóði.“

Við ræddum þetta mál nokkuð og sendum til umsagnar. Umsagnirnar voru yfirleitt ekki jákvæðar, og auk þess var í málefnasamningi ríkisstj. að taka þessi mál til athugunar og er víst

enn þá, og vafalaust athugar hún, hvað hagkvæmast er að gera í þessu efni.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu frá olíufélögunum, segjast þau hafa haft talsvert samstarf viðvíkjandi dreifingu á olíunni. Á 54 stöðum segjast þau meira og minna hafa samstarf. Ég veit, að þetta á sér stað, að þar sem ekki er mikil olíusala eða benzínsala, hafa þau sameiginlega afgreiðslu, a. m. k. í mörgum tilfellum, en þar sem meira er um að vera, þar er samkeppni. Þetta er vafalaust mál, sem er athugandi. En kerfið er nú einu sinni komið á, að ef ríkið ætlar að fara að taka það í sínar hendur, yrði að meta þær eignir og kaupa þær af olíufélögunum. Vextir, sem yrðu af þeirri upphæð, sem yrði að borga af þeim, yrðu vafalaust töluverð fjárhæð. Olíufélögin bentu enn fremur á það, að geymarnir, sem eru víðs vegar um landið eru fullnýttir nokkurn veginn og þyrfti alveg jafnt á þeim að halda eftir sem áður, þó að olíufélögunum yrði fækkað. Þetta er mál, sem er flókið. Það er ætlast til þess, að skipuð sé n. til að athuga þetta. Þn. út af fyrir sig getur ekki fullyrt neitt um þetta. En eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þá er það mín persónulega skoðun, að það sé verulegt vafaatriði, hvort olíuverð mundi nokkuð lækka við þetta.

Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum, er olía og benzín ekki dýrara hér en í öðrum löndum, það virðist ekki vera það. Raunar voru þær upplýsingar fengnar í gegnum olíufélögin að mestu leyti. Ég hef ekki ástæðu til að ætla, að þau ljúgi beinlínis, ég hef ekki ástæðu til að ætla það. Náttúrlega geta sjómenn borið þetta nokkuð saman, sem sigla til annarra landa og kaupa olíu og slíkar vörur.

Meiri hl. n. kom sér saman um að afgreiða málið með eftirfarandi nál.:

„N. hefur rætt till. á tveimur fundum og sent hana til umsagnar til olíufélaganna, SÍS, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Svörunum fylgdu ítarlegar grg. um fyrirkomulag þessara mála.

Í málefnasamningi ríkisstj. var m. a. talað um að taka skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum, að sjávarútveginum verði tryggt hagstætt olíuverð. Með þetta í huga og þar sem þáltill. felur ekki í sér neina frekari stefnumörkun umfram það, sem stefnt er að af hálfu ríkisstj., er það till. meiri hl. atvmn. að umræddri þáltill. verða vísað til ríkisstj.“

Mér finnst það einnig frekja af okkur að taka þannig fram fyrir hendurnar á ríkisstj. Að sjálfsögðu framkvæmir hún þessa þarflegu hluti, ef hún álítur þá nauðsynlega. Hafi henni yfirsézt með þessa ályktun í málefnasamningnum, þá svæfir hún það, og er það þá vel farið.

Frsm. minni hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Atvmn. gat ekki orðið sammála í þessu máli, og ég hef leyft mér að mæla með samþykkt till., þ. e. a. s. að kjósa 7 manna n. til að athuga endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum, sem er nákvæmlega það, sem segir í „kverinu helga“. Ég hafði lagt til, að till. væri samþ., því að mér gengur afar erfiðlega að skilja það, hvers vegna þarf að vísa til ríkistj. máli, sem hún segist ætla að leysa. Er þá ekki alveg eins gott að samþ. málið og leggja þar með áherzlu á, að það eigi að gera þetta?

Umsagnirnar væru neikvæðar sagði hv. frsm. meiri hl. Jú, það er við því að búast, því að umsagnirnar eru frá olíufélögunum og Vinnuveitendasambandinu, og það er, held ég, engin ástæða til að halda annað en að umsagnirnar séu neikvæðar. Það er alveg óþarft finnst mér, að tala um, að það sé einhver frekja, þótt þessu sé beint til ríkisstj., þegar það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. að fara nákvæmlega eftir þessu og gera þetta svona.

Hann sagði, að málið væri afskaplega flókið. Málið er eins einfalt og það getur hugsanlega verið. Það er um það að ræða að kjósa n. til að gera nákvæmlega það, sem hæstv. ríkisstj. hefur tilkynnt þjóðinni, að hún ætli að gera, og þetta kalla ég ekki flókið mál.

Hann talar um samstarf á milli olíufélaganna. Jú, það er samstarf um eitt, og það er að hafa nákvæmlega sama verð. Það er samstarfið fyrst og fremst. Það eru víða 3 dælur frá sitt hverju olíufélagi á smástöðum, og svo slást þeir ofurlítið um að fá notendurna til þess að kaupa frekar úr dælu Shell en dælu Esso eða dælu BP. Það er öll samkeppnin, sem á sér stað í þessum olíumálum.

Ég get ekki meint með bezta vilja, að það geti meitt nokkurn einasta mann, þó að þetta mál sé athugað, og að þessu máli skuli endilega vísað til hæstv. ríkisstj. á grundvelli þess, að það sé svo flókið, það kemst ekki með nokkru móti inn í minn koll. Ég hef því leyft mér að skila séráliti og leggja til, að till. verði samþ.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessu máli, sem hér liggur fyrir, upplýsa það, að þessi athugun, sem till. gerir ráð fyrir, verður látin fara fram. Það hefur verið unnið talsvert að þessu máli að undanförnu, m. a. með því að fá hæfa og duglega menn til þessarar athugunar, og mér hefur m. a. komið til hugar, að einn af þeim mönnum, sem ætti að vera í þessari n., væri sá hv. þm., sem hér hefur talað fyrir málinu og virðist hafa sérstakan áhuga á því. Ég tel brýna nauðsyn á því að fá hér fram till. um það, hvernig eigi að endurskipuleggja olíusöluna í landinu. Þetta er búið að vera umræðuefni á Alþ. í langan tíma. Það er eflaust ekkert einfalt verk að koma á nýju skipulagi, a. m. k. ekki svo að öllum líki vel. En þessi athugun verður gerð og væntanlega liggja till. fyrir Alþ. um það, hvernig megi koma á betra skipulagi í þessum málum, áður en langt um líður.

Frsm. meiri hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Þegar ég var að tala um flókið mál, átti ég ekki við, að það væri flókið mál að skipa n., það er ákaflega einfalt verk að leggja til að skipa n. Ég átti við, að það væri dálítið flókið mál að taka afstöðu til þess, hvort viturlegt væri að sameina olíufélögin ekki eða hvort nokkuð væri unnið við að gera það. Það er ósköp

auðvelt verk að leggja til að skipa n. En ég held nú satt að segja, að það sé alveg nóg af n. í landinu og jafnvel of mikið og hefði jafnvel verið meira þarfaverk að koma með till. um eitthvað af n., sem ætti að leggja niður. Það er e.t.v. nauðsynlegt að hafa eitthvað af n. starfandi, en ég held, að það sé allt of mikið af þeim.

Hv. þm. Pétur Pétursson var að tala um, að það væru 3 dælur sums staðar. Vafalaust er þetta alveg hárrétt. Það eru meira að segja fleiri en 3 dælur, þær skipta mörgum tugum í stærri bæjum, sem betur fer. En er þetta ekki sú þjónusta, sem fólkið vill. Ég get sagt ykkur, að fólk vill t.d. hafa meira en eina verzlun, og það er misjöfn afgreiðsla í þessum dælustöðvum. Ég veit, að í því byggðarlagi, þar sem ég er, er ekkert sambærilegt, hvað sums staðar er auðveldari og betri afgreiðsla en annars staðar, og þetta skapar visst aðhald fyrir þá, sem inna þessa þjónustustarfsemi af hendi, að hafa það ekki allt á einni hendi. En ef það væri á einni hendi, væri hægt að sýna viðskiptamönnunum svo að segja hvað mikla stífni sem væri, þeir gætu ekki farið neitt annað, þannig að einmitt fólkið sjálft vill ekki hafa viðskiptin á einni hendi. Það mætti e.t.v. tölulega segja, að væri einhver vinnusparnaður að hafa ekki nema eina verzlun, t.d. í minni byggðarlögum. En fólkið vill þetta ekki sjálft. Það vill hafa frjálsræði til þess að velja, hvar það eigi viðskipti. Ég er þeirrar skoðunar líka, mér þykir það betra að verða ekki að búa við skilyrðislaust einn stað með þjónustustarfsemi. Við getum bara tekið bankana. Ef á að leggja einhverja lánastofnun niður, er meira og minna deilt um það, og jafnvel enginn vill fallast á það. Það er af því, að fólkinu finnst þessi þjónusta betri á þessum stað en öðrum.

Þetta er ekki einfalt. Hitt er svo annað mál, að ég skil ekki annað en að málinu sé vel borgið. Viðskrh. er búinn að lýsa því yfir, að hann ætli að skipa eina n. enn, hvort sem hún verður til nokkurs gagns eða ekki, það er annað mál. Og eins og ég tók fram, hef ég ekki tekið endanlega afstöðu til málsins. En ég hef satt að segja ákaflega litla trú á því, að verði peningasparnaður að því, þó að þetta verði sett allt á eina hönd, því að það er búið að setja þetta kerfi upp, það verður að athuga það. Svo skulum við líka gæta að því, að það er strangt verðlagseftirlit með þessu og olíufélögin verða að leggja fram sína rekstrarreikninga og viðskrh. og hans trúnaðarmenn hafa þetta alveg í hendi sér. Ríkið annast heildsöluinnkaupin, það er bara dreifingarkerfið, sem menn taka að sér. Og spurningin er þá þessi: Verður sparnaður að því fyrir ríkið að fara að taka þetta eignarnámi, — sem yrði vafalaust tekið eftir mati af olíufélögunum, — og taka það á eina hendi, og verður þjónustustarfsemin betri? Ég er í vafa um það. Ég er ekkert að vefengja það, að viðskrh. muni skipa þessa n. En hitt er ég í meiri vafa um, hvort hún geri nokkurt gagn eða vinni fyrir mat sínum.

Frsm. minni hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mikið. Að því er varðar ræðu hv. þm. Björns Pálssonar, þá ætla ég ekki að fara út í þau mál núna, því að það mundi tefja tímann allt of mikið, ef við færum að ræða það. En það voru upplýsingar hæstv. sjútvrh., sem kom mér til að standa hér upp og þakka honum fyrir að fullvissa okkur nú um, að það muni verða skipuð n. til þess að gera nákvæmlega það, sem við höfum lagt til í okkar till. Eftir þessar upplýsingar get ég ekki séð, að það geri neinn skaða, þó að till. verði samþ., því að það er nákvæmlega þetta, sem hann segizt ætla að gera, og ég er enn harðari en áður á því, að nú sé einmitt upplagt tækifæri til að bakka hæstv. ráðh. rækilega upp og samþ. till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 588 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32:7 atkv.

Nýting orkulinda til raforkuframleiðslu, þáltill. (þskj. 37, n. 622, 100). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Atvmn. hefur athugað till. á þskj. 37 og sent hana til umsagnar. Er greint frá því í nál., hvernig umsagnirnar hljóðuðu, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar, en meiri hl. n. leggur til, að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 622 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fiskveiðar og fiskvinnsla í Norðurlandskjördæmi vestra, þáltill. (þskj. 17, n. 595 og 672). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er nú eins og efni standa til með samþingsmann minn og góðan vin, Pétur Pétursson, að hann er nú orðinn atvinnurekandi allt í einu og vill nú laga til öll okkar atvinnumál. Það er nú meira en olíusalan. Hann flutti till. um það á þskj. 17 að sameina allan veiðiskap og fiskvinnslu, að mér skilst, í eitt félag á Norðurl. v. Það er nú bæði, að hann álítur okkur skussa við atvinnurekstur, enda vill hann nú laga þetta hjá okkur. Þáltill. hans hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að stofnað verði sameignarfélag allra þeirra aðila í Norðurl. v., sem annast fiskveiðar á stærri fiskiskipum, reka frystihús til fiskvinnslu, fisksöltun eða herzlu.

Ríkissjóði eða Framkvæmdastofnun ríkisins er heimilt að eiga verulega hlutdeild í félaginu, þó ekki meiri hluta".

Út af fyrir sig getur þetta verið athugandi, að menn reki svona atvinnu sem þessa einhvern veginn á félagsgrundvelli. En skoðun meiri hl. n. var sú, að það væri eðlilegra, að þetta kæmi heiman að, og væri ástæðulaust að knýja þá til þess með lagalegum fyrirskipunum að fara að reka þarna sameiginlega fiskvinnslu og útgerð. En ef þeir óska eftir þessu sjálfir og vilja það, þá er ekkert á móti því, að einn eða tveir staðir efli samvinnu um slíka hluti. Við gátum því

ekki fallizt á að samþ. þessa till. óbreytta, og meiri hl. n. lagði til, að henni yrði eins og fleiri góðum málum vísað til ríkisstj., af því að hún hefur mikið traust hjá okkur. En flm. kemur með sértill. raunar, og getur hann nú lesið hana sjálfur, en ég vil gera honum það til heiðurs að lesa hana upp líka. Þá er hann búinn að breyta henni þannig, að tillgr. orðist svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera á því sérstaka athugun, hvort hægt sé að efla atvinnumál í Norðurl. v. og með hvaða hætti, má t. d. nefna með samvinnu eða samruna atvinnufyrirtækja."

Þarna er hann í mikilli framför og hefur sennilega lært mikið af umr. í n., því að þessi till. er miklu víturlegri en hin og er í raun og veru um það að vísa málinu til ríkisstj. alveg eins og við viljum gera, svo að þetta er eiginlega að verða alhliða traust, sem þessi ágæta ríkisstj. hefur.

Álit n. er aftur þannig:

„Atvmn. hefur sent till. til umsagnar til fyrirtækja í Norðurl. v. Umsagnirnar voru yfirleitt neikvæðar. Meiri hl. atvmn. leggur því til, að till. verði vísað til ríkisstj."

Munurinn er nú ekki orðinn ýkja mikill. En það voru ýmsir ekki við, þegar þetta var ákveðið, en við skrifuðum 3 undir, Ásgeir Bjarnason, ég og Karvel Pálmason.

Út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að halda langa ræðu um þetta mál. Ég hygg, að það hafi komið til orða hjá þeim á Hofsósi og Sauðárkróki að hafa einhvers konar samvinnu um fisköflunina, hvað sem verður um frystihúsin, og það er á því stigi, að þeir hafi einhverjar umr. um þetta nú. Það er ekkert nema gott um það að segja, ef menn geta gert þetta á einhvern hagkvæmari hátt, t. d. ef togari kemur með afla, að honum sé dreift á fleiri en eina höfn. En það hagar nú þannig til hjá okkur, að það gengur þarna skagi út í hafið, eins og þið vitið, þannig að það er nokkuð langt milli Sauðárkróks og Skagastrandar og eins að vestari höfninni við Húnaflóa, þannig að ég held, að það verði dálítið örðugt að dreifa fiski úr sama skipi á hafnir á því svæði öllu. En samvinna á takmörkuðu sviði getur verið mjög hagkvæm og ekkert við það að athuga. En við álítum, að þetta ætti að koma heiman að og menn ættu að vera algerlega frjálsir að þessu, og ég er sannfærður um, að það sé á allan hátt hagkvæmara. Ef við ætluðum að fara að gefa þeim fyrirskipanir um svona hluti, mundi það bara spilla fyrir málinu, en ekki vera til bóta. Ég held því, að við verðum með góðra manna aðstoð að lofa þeim að basla við að reka útgerð sína nokkurn veginn eins og frjálsir menn þarna norður frá, þó að við séum ekki neinir framámenn sérstakir á því sviði, — að þeir ráði því sjálfir, hvernig þeir hagi þessu og svo aðstoði þessi byggðasjóður. Svo ræðum við það, þegar við fáum að vita vilja þeirra heima í byggðunum, hvort við getum eitthvað verið þeim til aðstoðar á lagalega sviðinu. Eins og till. hv. flm. er orðuð nú, er ágreiningurinn ekki mikill, og vona ég þess vegna, að hv. þm. sætti sig við, að ríkisstj. verði falið annað hvort að svæfa þetta eða gera eitthvað í því.

Frsm. minni hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég skal taka fyllsta tillit til óska forseta. Í fyrsta lagi langar mig til að minna á það, að álitið á þskj. 672, er nefnt frá meiri hl. atvmn., það eru 3 af 7, og ég átta mig ekki alveg á þeirri reikningskúnst, en það skiptir ekki máli. Það er líka alveg rétt, að ég hef mikið lært af hv. þm. Birni Pálssyni, og ég veit, að margir fleiri þm. hafa lært mikið af honum. Ég hafði flutt þessa till. á öndverðu þingi eingöngu til þess að vekja athygli á því, hvort ekki væri hægt að byggja eitthvað sterkari undirstöðu undir atvinnumál þessa kjördæmis, sem ég held, að allir, sem til þekkja, viðurkenni, að sé með veikari kjördæmum landsins að því er atvinnumál snertir. Þetta var tilgangur minn með tillöguflutningnum.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Björn Pálsson sagði, að undirtektir voru yfirleitt neikvæðar, og ég hef ekkert við það að athuga. Þó voru t. d., man ég eftir, einhver verkalýðsfélög, jákvæð í málinu, og með tilliti til þess og til þess að reyna að ná samstöðu um málið hafði ég leyft mér að flytja á þskj. 595 brtt., sem hv. þm. las upp, en ég ætla að leyfa mér að lesa aftur með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera á því sérstaka athugun, hvort hægt sé að efla atvinnumál í Norðurl. v. og með hvaða hætti, má t. d. nefna með samvinnu eða samruna atvinnufyrirtækja."

Hér er einmitt að byrja að koma fram það, sem hlaut að koma, t. d. samvinna á milli Hofsóss og Sauðárkróks, sem ég tel þýðingarmikið spor. Ég get ekki skilið, að það meiði neinn, þó að svona till. sé samþ., sem er afskaplega nálægt því, eins og hv. þm. Björn Pálsson sagði, að vísa henni til ríkisstj. En það er ofurlítið meiri áherzla á því, að það þurfi að athuga þessi mál, og Alþ. felur ríkisstj. að gera sérstaka athugun. Ég get ómögulega skilið þá menn, sem geta ekki fallizt á, að þetta sé samþ. En af því að tíminn er naumur, skal ég láta máli minu lokið, en ítreka, að ég hef gert meginbreytingu á till., auðvitað í trausti þess, að hv. þm. geti samþ. hana.

ATKVGR.

Till. á þskj. 672 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SV, HK, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj., BGuðn, BFB, BP, EðS, EÁ, GS, GeirG, GilsG, JJ, HES, IG, JSk, KP, JsÞ, EystJ.

nei: MÓ, PP, RA, SvJ, BGr, BJ, EggÞ, GuðlG, HFS, JÁH.

MB, ÓE, PJ, PS, RH, SteinG, ÞK, AuA, FÞ, GH, GunnG, GTh, IngJ, LárJ, MJ greiddu ekki atkv.

11 þm. (MÁM, AJ, StefG, SvH, EBS, GÞG, HV, JóhH, JónÁ, JónasÁ, LJós) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Ragnar Arnalds: Ég vil taka það fram, að ég geri ekki stóran mun, herra forseti, á þessari tvenns konar afgreiðslu, en þar sem ég felli mig öllu frekar við þá till., sem hv. þm. Pétur Pétursson hefur lagt fram, segi ég nei.

Efri deild, 94. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 726 (sbr. 556), 705, 736). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta á milli 2. og 3. umr., og niðurstaða n. er sú, að hyggilegast muni vera, til þess að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, að fella niður allt nema I. kafla frv. Brtt. á þskj. 736 eru miðaðar við það, að aðeins I. kafli frv. nái fram að ganga og brtt. okkar er því miðuð við breytingar á gildandi löggjöf um stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum. Auk þessa leggur meiri hl. n. til, að gerðar verði orðalagsbreytingar á 5. gr. frv., þ. e. að þar komi tveir nýir liðir, sem eru orðaðir til samræmis við fyrstu 3 liði till., sem þar eru, þannig að orðin „enn fremur skal", sem síðar eru í þessari gr., falli niður, en sama orðalag á öllum liðum till., þ. e. a. s. að stofnlánadeildin veiti lán til eftirtalinna verkefna: til jarðakaupa, til nýbygginga, til ræktunar, til vinnslustöðva og til heykögglaverksmiðja. Þarna er enginn orðalagsmunur á.

Þá er enn fremur tekið upp ákvæði til bráðabirgða, og það er varðandi 1. lið 5. gr. 1. liður 5. gr. I. kafla l. kemur ekki til framkvæmda, fyrr en ákvæðum laganna um veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur verið breytt til samræmis við lög þessi.

Ég hef þá lýst þeim breytingum, sem n. leggur til, og ég vænti, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þær.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Síðan 2. umr. fór fram um þetta frv., sem hér er til umr., hefur landbn. komið saman og fjallað um þetta frv. að nýju. Meiri hl. ber fram brtt. á sérstöku þskj., sem nú hefur verið lýst. Ég lýsti því á fundi í landbn., að ég gæti eftir atvikum fellt mig við þá afgreiðslu, sem meiri hl. leggur hér til, því að með henni er í raun og vera gengið inn á höfuðkröfuna, sem ég gerði til þeirrar lagasmíðar, sem hér var fjallað um. Ég mun þess vegna taka aftur þá till., sem minni hl. flutti á sérstöku þskj. við þetta frv., og sætti mig eftir atvikum við þá afgreiðslu á málinu, sem hér er áformuð, og geri ekki ágreining.

ATKVGR.
Brtt. 705 tekin aftur.
Brtt. 736,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 736,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 736,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 736,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 736,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 736,6 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437, n. 692). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og kom fram við 1. umr. þessa máls, er hér um að ræða samræmingu á l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum við þær breytingar, sem gerðar voru á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík með lögum frá 3. maí 1972. Vegna þeirra breytinga, sem þar voru gerðar, þótti nauðsynlegt að gera ýmsar orðalagsbreytingar og minni háttar samræmingarbreytingar á gildandi l. um þessi efni. Það hefur þótt eðlilegra að leggja fram um þetta sérstakt heildarfrv. en gera einstakar breytingar á l., sem þegar eru í gildi.

Meginbreytingin frá eldri l. er sú, eins og hv. þdm. mun reyndar vera kunnugt um, að gert er ráð fyrir samræmingu á námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar. Þeir, sem ljúka prófi úr 2. bekk stýrimannaskólans, fá því sömu réttindi, en það var ekki eftir eldra fyrirkomulaginu.

Ég held með tilliti til þess, að mál þetta er allrækilega skýrt í grg. og var einnig skýrt af hæstv. félmrh., þegar hann hafði framsögu fyrir því fyrir stuttu í d., að ég sjái ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Það var athugað í sjútvn., og mælir n. einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—32. gr. samþ. *með 15 shlj. atkv.*
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 189, n. 701, 530). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. um skólakostnað til athugunar. Frv. felur það í sér, að fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skuli skiptast á 2—4 ár, en í núgildandi l. er talað um í þessu sambandi 2—3 ár. Staðreyndin mun hins vegar vera sú, að lög um skólakostnað, munu vera framkvæmd í reynd á þann veg, að sem hér er gerð till. um. N. mælir með samþykkt þessa frv. Hún hefur fengið eina umsögn um frv. frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Á síðasta stjórnarfundi sambandsins var fjallað um efni frv. og samþ. að láta í té svofellda umsögn um það:

Stjórninni er kunnugt um, að í raun hefur greiðslutími ríkissjóðs til skólabygginga verið 4 ár. Stjórnin telur, að fremur ætti að stefna að því að stytta þennan tíma en að lengja hann með lögum, ekki sízt með tilliti til þess, að vaxtakostnaður sveitarfélaga af lánum vegna skólabygginga hefur ekki verið tekinn til greina."

Í þessu felst, að stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga telur, að frekar ætti að stytta þetta tímabil. Það má kannske segja, að út frá því, sem æskilegast gæti talizt, væri það ekki óeðlilegt. En því miður verður oft að miða við annað en það, sem allra æskilegast getur

talizt. Þess vegna hefur n. fallizt á að mæla með samþykkt þessa frv.

Hæstv. menntmrh. hefur komið með brtt. við frv. þess efnis, að við bætist ný gr., þar sem heimilað er að taka nauðsynlegt land undir skólamannvirki eignarnámi, ef ekki næst samkomulag um kaup á slíku landi. N. mælir einnig með samþykkt þessarar till., en rétt er að taka það fram, að Auður Auðuns ritar undir nál. með fyrirvara og Þorvaldur Garðar Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og hv. frsm. menntmn. gat um, hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég hafði þá fengið vitneskju um, að Samband íslenzkra sveitarfélaga eða stjórn þess hefði sent menntmn. hv. Nd. umsögn varðandi þetta frv., en hún hefði borizt menntmn. Nd. það seint, að hún hafði þá þegar afgreitt frá sér málið og það reyndar líklega verið afgreitt til fulls úr d., þegar það bréf kom fram. Ég fór því fram á það við framkvæmdastjóra sveitarstjórnasambandsins, að ég eða menntmn. Ed. fengi þetta plagg í hendur. Það var ekki komið, þegar við héldum fund í menntmn. Ég vildi ekki tefja málið með því að biðja um frest eingöngu út af þessu og undirritaði því nál. með fyrirvara.

Nú hafa hv. þdm. heyrt, hver umsögn stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um frv. var, en stjórnin leggst gegn samþykkt þess. Hún víkur að því, sem er vitað, að í raun hafi það verið svo undanfarin ár, einnig í tíð fyrrv. ríkisstj., að ekki hefur verið talið unnt að fara eftir 3 ára ákvæði skólakostnaðarlaga og framlög verið greidd á 4 árum. Ég get út af fyrir sig fallizt á þá röksemd sveitarstjórnasambandsins, að þó að það hafi verið talið nauðsyn undanfarin ár að lengja tímann í 4 ár, sé ekki ástæða til að breyta lögum þar að lútandi. Sveitarstjórnarsambandið víkur að því m.a. máli sínu til stuðnings, að sveitarfélög, sem hafi þurft að taka lán til skólabyggingarframkvæmda, vegna þess meðfram að ríkisframlög hafi komið seinna en lögin sjálf gera ráð fyrir, hafi orðið að bera vaxtabyrðar af slíkum lántökum og ekki fengið það fé endurgreitt frá ríkinu.

Ég mun nú eftir að hafa gert grein fyrir því, að ég sá ekki þessa umsögn fyrr en við höfðum afgr. þetta frv. frá okkur í menntmn., að sjálfsögðu ekki greiða atkv. á móti þessu frv., en mun sitja hjá við atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 530 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

1.—3. gr. (verða 2.—4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471, n. 695). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft mál þetta til meðferðar og er sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja og flytja brtt. Auður Auðuns var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að skýra þetta frv. itarlega nú, það hefur þegar verið gert. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að meginbreytingar frá gildandi l. samkv. þessu frv. eru þessar: Í fyrsta lagi: Lagt er til, að l. taki einnig til þeirra opinberra starfsmanna, sem ráðnir eru með skemmri en 3 mánaða uppsagnarfresti, þ. e. a. s. til svokallaðra lausráðinna starfsmanna. Í öðru lagi: Lagt er til, að heildarsamtök opinberra starfsmanna, sem hlotið hafa viðurkenningu fjmrh., hafi samningsaðild og geri aðalkjarasamninga. Hér er talað um aðalkjarasamninga, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir, að heildarsamtökin geri nokkurs konar rammasamninga. Þriðja meginbreytingin er fólgin í því, að einstök aðildarfélög semji um skipan manna og starfsheita í launaflokka og nokkur önnur atriði. Þarna er því aðildarfélögunum fengið vald í hendur til þess að semja um skipan manna og starfsheita í launaflokka.

Það er ekki tekið fram í þessu frv., hvaða heildarsamtök opinberra starfsmanna fái samningsrétt. Samkv. gildandi l. hefur einungis Bandalag starfsmanna ríkis og bæja samningsréttinn. En það er gert ráð fyrir, að með samþ. þessa frv. verði Bandalagi háskólamanna einnig veitt samningsaðild, þó að það sé ekki tekið fram í frv. sjálfu. Um margra ára skeið hefur það verið baráttumál Bandalags háskólamanna að fá sérstakan samningsrétt. Þessi samtök hafa ekki talið sig eiga samleið með Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fært sterk rök fyrir því sjónarmiði, sem nú hafa verið viðurkennd af fjmrh. með framlagningu þessa frv.

Ég tel fyrir mitt leyti, að hér sé um verulega bragarbót að ræða frá gildandi l., og fagna því, að þessi samtök háskólamanna skuli nú eygja þann möguleika að fá samningsrétt og hafi í raun og veru fullkomið loforð fyrir því, eins og fram hefur komið í ummælum fjmrh. á Alþ. við umr. um þetta mál.

Það er rétt að vekja athygli á því, að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir, að Læknafélag Íslands fái rétt til þess að semja fyrir sína félagsmenn. Er þetta ákvæði undantekning frá hinni almennu reglu, um að það verði aðeins tvö heildarsamtök, sem hafi samningsréttinn fyrir aðalsamninga. Bandalag háskólamanna mun hafa lagt áherzlu á það, að öll sérfélög bandalagsins fengju þennan sérstaka samningsrétt, en á það var ekki fallizt, og mun þetta ákvæði um Læknafélag Íslands vera nokkurs konar málamiðlunarleið í þessu efni.

Í grg. með frv. þessu er gerð grein fyrir n. þeirri, sem samið hefur frv., og hlutverki þessarar n. Það kemur í ljós, að n. hefur ekki lokið störfum sínum. Það má benda á eitt atriði, sem gert er ráð fyrir, að n. taki til meðferðar, en hún hefur ekki enn þá skilað áliti um, en það er að veita opinberum starfsmönnum fullan verkfallsrétt, eins og það er orðað í málefnasamningi ríkisstj. Mér skilst, að það hafi verið erfitt að vinna að þessu máli vegna þess að það hafi ekki komið fram enn, hvað er meint með fullum verkfallsrétti. Málið er flókið á margan hátt,

því að ýmsir þeir, sem vilja fá verkfallsrétt til handa opinberum starfsmönnum, munu vilja halda því skipulagi, að embættismenn ríkisins fái æviráðningu. Öðrum finnst hins vegar, að ef verkfallsréttur er veittur, verði að hverfa frá þeirri skipan, sem nú er, og ráða embættismenn ríkisins heldur til ákveðins tíma, styttri tíma.

En það veldur hæstv. ríkisstj. sjálfsagt nokkrum höfuðverk, hvernig hún hyggst framkvæma þessi óljósu fyrirheit, sem ekki fást nú upplýsingar um, hvað þýða í raun og veru. En ég skal ekki fara að fjölyrða um það hér. Nóg er af slíkum vandamálum, þótt þetta sé látið kyrrt liggja í bili. Ég ítreka það, að n. er sammála um að mæla með samþykkt frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það er rétt, sem hv. frsm. gat hér um áðan, að kjarni þessa máls er að opna möguleika fyrir því, að fleiri aðilar geti öðlast samningsrétt af hálfu opinberra starfsmanna gagnvart ríkinu eða fjmrh. en gilt hefur til þessa. Um þetta hefur verið löng barátta, eins og hann sagði réttilega.

Ég vil láta það koma hér fram, að þegar síðustu samningar voru gerðir, var þessum málum þannig háttað samkv. kjarasamningal., að það var aðeins Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem hafði þennan rétt, en hins vegar var það framkvæmt svo af fjmrn., með fullum velvilja BSRB, að Bandalag háskólamanna var í raun látið vera aðili að þeim samningum. Það var gert á þann hátt, að þau atriði, sem snertu háskólamenn voru borin undir þá, og þeim gefinn kostur á að koma að öllum sínum sjónarmiðum varðandi það efni. Það þótti hins vegar ekki rétt að breyta kjarasamningal., áður en þeir samningar voru gerðir, enda var mikils virði, að það væri einn aðili að formi til, sem þar stæði að.

Eins og mönnum er kunnugt, var þá gerð gerbylting á kjarasamningunum að því leyti, að þeir byggðust á svokölluðu starfsmati, sem hafði verið undirbúið um nokkurra ára bil, í samráði við rn. og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Að loknum þeim samningum var skipuð n. til þess að reyna að finna úrræði til að samrýma sjónarmið BSRB og Bandalags háskólamanna með það í huga að ná fram þeirri niðurstöðu, að Bandalag háskólamanna gæti orðið viðurkenndur samningsaðili með fullum velvilja Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þessi n. hefur af einhverjum ástæðum ekki verið látin skila áliti, heldur hefur núv. hæstv. fjmrh. skipað nýja n., og er þetta frv. árangur starfsins innan þeirrar n. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, þótt svo hafi verið gert, en taldi aðeins rétt, að það kæmi fram, að málið var áður á döfinni. Það er eindregin skoðun mín, að það spor, sem lagt er til að stiga, þótt ekki sé það nákvæmlega orðað, við hvað er átt í frv., sé rétt, ef með því er átt við þessi tvö samtök. Ég legg hins vegar á það höfuðáherzlu, að ekki verði viðurkennd fleiri samtök. Það hefur verið gert í sumum löndum, t.d. Svíþjóð, að láta fleiri aðila af hálfu opinberra starfsmanna fara með samningsréttinn, og þar er að skapast algert öngþveitisástand. Það er nokkurn veginn augljóst mál, að ef fleiri aðilar kæmu til, mundi þetta gerast með sama hætti hér og ekki vera hægt að leysa það á neinn annan viðunandi hátt en að málið færi alltaf í kjaradóm, sem hlyti að lokum að leiða til þess, að kerfið í heild mundi brotna niður. Ef það er ætlun hæstv. fjmrh. að breyta l. með þeim hætti, sem ég tel að felist í rauninni í frv. og frsm. n. hefur raunar lýst að sé skoðun n., að þessi samtök verði aðeins tvö: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna, tel ég það vera rétta stefnu, en legg áherzlu á, að ekki verði lengra gengið.

Læknamálin eru vandamál út af fyrir sig, ég skal játa það. En ég tel ákaflega hæpið að vera að veita einum aðila þá sérstöðu, sem þarna er um að ræða. Auk þess tel ég vafasamt, að þess verði þörf, vegna þess að læknar eru í rauninni ekki opinberir starfsmenn, nema þeir, sem falla undir kjarasamningalögin. Héraðslæknar eru það, en meginþorri sjúkrahúslækna er alls ekki opinberir starfsmenn, heldur er við þá samið með öðrum hætti, og ég efast um, að það hafi verið nauðsynlegt að taka þetta ákvæði inn í frv. Ég skal ekki fara að setja mig á móti því, úr því að það tókst að finna eitthvert form fyrir því, sem menn telja að girði fyrir það, að fleiri aðilar komi á eftir og reyni að kljúfa sig út úr sínum samtökum. Ég legg aðeins á það áherzlu, að málið verði framkvæmt með þeim hætti, sem mér skilst, að sé skoðun hv. n. sameiginlega, að þetta feli í rauninni aðeins það í sér, að samningsaðilar um aðalkjarasamninga verði þessir tveir, sem ég nefndi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—33. gr. og ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 648, n. 708, 697, 698, 710, 717, 725, 739). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. Það hefur staðið stutt við í n. af eðlilegum ástæðum. Það er nýkomið til þessarar hv. d., en hefur verið til þeim mun rækilegri athugunar í Nd. N. var það fullljóst, að það var mjög áríðandi, að n. skilaði sem fyrst frá sér nál., svo að frv. gæti sem fyrst komið til 2. umr.

Þar sem þetta frv. er öllum þdm. mætavel kunnugt, skal ég ekki hafa um það langa framsögu, sér í lagi vegna þess, að það er sérstakt áhugamál, að þetta frv. komist í gegn, og þá einnig, að það taki ekki breytingum í þessari d., — það er mitt sjónarmið, — svo að því sé ekki stefnt í tvísýnu með þeim hætti. N. afgreiddi þetta mál hins vegar frá sér á þann hátt að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kæmu.

Það er staðreynd, að þetta frv. er sérstaklega vel undirbúið, og það er einnig staðreynd, að um það hafa mjög margir fjallað nákvæmlega. Og það fer ekkert á milli mála, að þetta frv. er með merkustu málum þessa þings, svo að ekki sé meira sagt.

Þessu frv. til grundvallar liggur vitanlega það alvarlega ástand mála, sem ríkt hefur, einkanlega víða úti á landsbyggðinni, og að því þarf ekki orðum að eyða. Í þessu frv. er verið að leggja út á nýja braut, sem á, ef vel tekst til, að geta valdið umskiptum, en að því er einmitt stefnt með þessu frv.

Ég held, að það sé orðið öllum fullkomlega ljóst, að hið fyrra kerfi heilbrigðismála var ekki lengur nothæft, það fylgdi ekki lengur tímans rás. Hér er því verið að gera tilraun til þess að byggja upp nýtt kerfi, heilsugæzlustöðvar með tilheyrandi starfsliði, sem eru hiklaust betur færar um að gegna hlutverki sínu í nútíma heilbrigðisþjónustu en núgildandi skipan héraðslækna gerir ráð fyrir. Það er alkunn staðreynd, að allt framtíðarstarf í heilbrigðismálum miðast nú einmitt að því að reyna að koma í veg fyrir sjúkdómana, komast fyrir þá með fyrirbyggjandi aðgerðum, í stað þess að fást fyrst og fremst við lækningu sjúkdóma.

Þetta frv. er samið í anda þessarar stefnu, sem nú er stefnt að í enn ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Á heilsugæzlustöðvunum er einmitt ætlunin að hafa eins gott eftirlit með fólki og frekast er hægt, til þess að koma í veg fyrir sjúkdóma. Nú er ég ekki með þessum orðum að segja, að héraðslæknarnir okkar hafi ekki sinnt þessu hlutverki sínu á þann máta, sem þeir hafa bezt getað, en ég tel alveg einsýnt, að heilsugæzlustöðvarnar, sérstaklega með sínu aukna starfsliði, muni á allan hátt geta betur staðið að þessum málum en hingað til hefur verið.

Ég ætla mér ekki að fara að tíunda ástandið í heilbrigðismálum landsbyggðarinnar. Það er víða hörmulegt og á sér margar ástæður. Ég held t.d., að þar geti sjálf læknastéttin ekki skotið sér undan ábyrgð. Ríkisvaldið hefur e.t.v. einnig verið fullseint á sér að fylgjast með þeirri þróun, sem orðið hefur í þessum efnum. Og vel kann svo að vera líka, að heimaaðilar hafi ekki verið nógu vökulir til framfara og umbóta, og svo mætti lengi telja. Það er hins vegar vitað, að eftir samþykkt þessa frv. er víða beðið með óþreyju. Ég vona það eitt, að það verði nú að lögum og að síðan megi í kjölfarið fylgja framkvæmdir eftir anda laganna, og að því er einnig stefnt.

Ég skal ekki orðlengja um efni frv. Ég vil aðeins geta þess, að n. kynnti sér umsagnir og athugasemdir um frv. frá því að það var til umr. í Nd. Ég vil geta þessara umsagna og athugasemda.

Félag ísl. sjúkraþjálfara sendi álit til okkar, þar sem þeir óskuðu eftir því, að orðið sjúkraþjálfun yrði sérstaklega tekið inn í 21. gr. ásamt annarri smábreytingu.

Félag yfirlækna sendi okkur töluvert mikla umsögn um nánari skilgreiningu á hlutverki yfirlækna, ásamt ýmsum öðrum breytingum. Skoðun mín er sú, að hafi bæði þessi atriði — ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel, — ekki þegar komið fram í Nd. að einhverju eða öllu leyti, séu þau býsna seint á ferðinni. Ég furða mig á því, ef þessi tilteknu atriði hafa ekki verið komin fram. Ég sá ekki, að svo hefði verið. N. tók ekki afstöðu til þessara athugasemda og tók þær ekki heldur upp sjálf.

Fjórðungssamband Norðlendinga sendi inn töluverða umsögn um þetta mál, en sú umsögn var í raun og veru aðallega athugasemdir við brtt. hv. heilbr.- og trn. í Nd. Ég satt að segja sá ekki mikla ástæðu til þess að fara nákvæmlega yfir það, en þær lutu einna helzt að ýmsum breytingum varðandi aukna aðild heimamanna að stjórn heilsugæzlustöðva.

Eins var send inn beiðni til okkar um orðalagsbreytingar frá Elínu Eggerz Stefánsson. Þar eru mörg atriði, sem sum eru að vísu óskyld þessum l. að nokkru.

Ég vil aðeins geta þessara umsagna hér, til þess að þær komi fram. Við höfðum að sjálfsögðu ekki tíma eða tök á því að kynna okkur þá miklu bunka, sem lágu fyrir af umsögnum og athugasemdum við frv. frá Nd. og heilbr.- og trn. þeirrar deildar var búin að fjalla ákaflega vel um. Ég segi fyrir mig, að ég treysti því ágæta fólki, sem þar er, fullkomlega til þess að hafa farið í gegnum þær nægilega og sá ekki, að við í þessari n. gætum nokkuð bætt þar úr með lauslegri skyndiyfirferð á þeim umsögnum og athugasemdum.

Aðalsjónarmið mitt í n. var og er enn að koma málinu fram. Ég get engan veginn dulið þann ótta minn, að ef breytingar verða gerðar á þessu frv. hér, þarf að endursenda það til Nd. aftur og svo kannske enn til okkar, og þá tel ég því teflt í nokkra tvísýnu. Ég dreg enga dul á það, að ég sé t.d. út af fyrir sig alls ekki ástæðu til breytinga, allra sízt á þeim atriðum, sem tilmæli bárust sérstaklega um til n., þar sem ekki fólust nein stórvægileg nýmæli. En nm. hafa sem sagt óbundnar hendur. Ég er hér aðeins til þess að flytja eða fylgja brtt., og brtt. hafa skiptingu í rn. og menntun ráðuneytisstjóra, þegar komið fram.

Mig langar aðeins til að benda á það í sambandi við þetta, að í Nd. voru útkljáð mörg mjög afgerandi atriði varðandi þetta mál. Þar voru t.d. útkljáð atriði eins og spurningin um deildaskiptingu í rn. og menntun ráðuneytisstjóra, þar sem frv. var breytt. Það er alls ekki ætlunin að taka þau atriði á nokkurn hátt aftur upp í þessari d. Þar var einnig samþ., að þær heilsugæzlustöðvar, þar sem lakast ástand væri, skyldu hafa forgang. Og þar kom einnig inn heimild fyrir ráðh. að fjölga heilsugæzlustöðvum með reglugerð, ef þróunin leiddi í þá átt, — heimild, sem að mínu viti, ætti að róa þá óróleguslu í þessum efnum. Og síðast, en ekki sízt, var samþ. í Nd., að fresta gildistöku annars kafla laganna.

Ég vil einnig láta það koma hér fram í sambandi við þetta, að ráðh. lýsti því yfir í Nd., að endurskoðun á II. kafla l. yrði unnin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, áður en það yrði lagt fyrir Alþ. á nýjan leik. Ég vil einnig minna alveg sérstaklega á þá yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. í Nd., að þar sem ljóst væri, að í nokkrum héruðum væri langt til

heilsugæzlustöðva, yrði sett reglugerð um það, hvernig læknisþjónustu fyrir þau héruð yrði sem bezt fullnægt og hvernig læknar ættu að annast þjónustu við þau héruð. Og það kom einnig fram í yfirlýsingu ráðh. þá, að reyndist læknisþjónusta ekki fullnægjandi, yrði beitt ákvæði um fjölgun heilsugæzlustöðva. Þessar yfirlýsingar tel ég mjög mikilvægar, einmitt með tilliti til brtt. um einstakar stöðvar, og reyndar fleiri brtt., sem hafa komið fram.

Ég verð aðeins að láta þá skoðun í ljós, þó að ég ætli ekki að fara að leggja dóm á neina einstaka brtt., sem hér hefur komið fram, að í samræmi við þá afstöðu mína, sem ég lýsti áðan, að ég teldi frv. teflt í tvísýnu með hverri þeirri breytingu, sem hér kynni á að verða, mun ég að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þessum brtt. Ég vil aðeins segja það, að það er mín skoðun, að það sé vafasamt, að nokkrum sé greiði gerður með fjölgun stöðva, sem ekki eiga sér í raun og veru raunhæfan grundvöll. Við vitum það, að lögin hafa átt að vera í þjónustu þessara sömu staða, en hafa bara ekki gagnað. Þau hafa aðeins verið sem dauður bókstafur í sumum þessara héraða um fjölda ára. Því væri auðvitað skynsamlegra, þar sem læknir fæst ekki, að reyna að fá lækna frá heilsugæzlustöðvunum, sem yrðu að þjóna þessum héruðum sem allra bezt, og síðan að fylgja þróuninni eftir, ef möguleiki væri að halda þessu opnu og byggja þá þessar stöðvar upp í framtíðinni, ef þróunin leiddi í ljós, að mögulegt væri að fá þangað lækna. Ekki efa ég, að hver heilbrrh., sem um þessi mál á eftir að fjalla, mundi eindregið stuðla að því, að svo mætti verða, þegar það lægi ljóst fyrir, að til þessara héraða fengjust læknar, og hægt væri að byggja upp heilsugæzlustöðvar með raunhæfum hætti. Ég ætla engum heilbrrh. annað en að leggja áherzlu á það og gera það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa framsögu mína hér miklu lengri. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Ég er sannfærður um, að hvað sem þróun þessara mála á eftir að leiða í ljós og hvernig sem þessi mál eiga eftir að þróast, — að sjálfsögðu munu þau gera það, á meðan á framkvæmd þeirra stendur verði þau að l., — að hér er verið að stíga stórt spor í þá átt að reyna að tryggja landsbyggðinni betri þjónustu en hún hefur haft og ráða bót á því neyðarástandi, sem víða hefur verið. Ég ítreka það svo aðeins, að n. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er um hið mikilvægasta mál að ræða, og ég er sammála hv. frsm. heilbr.- og trn. um það atriði. Ég hygg, að það sé ekki neinn ágreiningur um það. Hins vegar er ég ekki sammála hv. síðasta ræðumanni um, að undirbúningur þessa máls og tillögugerð sé sérstaklega til fyrirmyndar. Ég held, að hér gegni allt öðru máli.

Það er enginn vafi á því, og við erum sammála um það, að í þessu frv. felast till. um margs konar breytingar í framfaraátt, sem miða m. a. að því að stórbæta aðstöðu til læknisþjónustu utan sjúkrahúsa, gera betur mögulegt að koma við nútíma sérfræðiþekkingu á þessu sviði, stórauka framlög ríkisins til sjúkrahúsabygginga o. fl., o. fl. Þetta hygg ég, að allir hv. þm. séu sammála um, að gert verði. En það er mín skoðun, að til þess að gera þetta allt og allt, sem umtalsvert er og er til framfara í þessu frv., hefði ekki þurft að kollsteypa þeirri læknaskipan, sem við höfum búið við og byggt upp með áratuga reynslu, vegna þess að alla þessa hluti, sem ég nefndi, var hægt að gera á grundvelli þeirrar læknaskipunar, sem var. Það þurfti ekki að leggja niður 55 læknishéruð og setja á stofn 38 heilsugæzlusvæði í staðinn. Það var hægt í meginatriðum — og það var rétt að mínu viti — að byggja á grunni læknaskipunar, sem við höfum reynt og hefur smám saman verið byggð upp. En við undirbúning þessa máls finnst mér menn hafa fallið í þá freisni, að láta glepjast af tízkuorðum og telja, að það sé einhver lausn í sjálfu sér að breyta um orð á meira og minna sömu hlutum.

En látum það vera, ef í þessu væri ekki fólgið það, að þeim miðstöðvum heilsugæzlunnar, sem hafa verið og eru í landinu, er stórlega fækkað. Staðhættir eru þannig víða úti um land, að það verður aldrei fullkomið ástand í skipan læknamálanna, nema það sé læknir í hverju einstöku byggðarlagi. Það breytir engu í þessu efni, þó að það sé jafnsjálfsagt að koma upp heilsugæzlustöðvum fyrir stærri umdæmin.

Ég ætla ekki, eins og á stendur, þar sem þetta mál kemur fyrir þessa hv. d. á síðustu dögum þingsins, að fara að fjölyrða um þetta efni. Ég aðeins drep á þetta til þess að undirstrika, hvað ég meina með því, þegar ég tel, að þetta mál hafi ekki verið vel og réttilega undirbúið og að farið í meðferð þess.

Það má líka benda á, að það er ákaflega hvimleitt, að þetta frv. eykur á þann glundroða í umdæmaskiptingu landsins, sem alltaf er að verða meiri og meiri. Ég bendi aðeins á í þessu sambandi, að í Vestfjarðakjördæmi er gert ráð fyrir, að tveir hlutar kjördæmisins séu teknir út úr hinni eðlilegu umdæmaskiptingu, þ. e. a. s. að Strandasýsla heyri í þessum málum undir heilsugæzlustöð í Vestur-Húnavatnssýslu og að Austur-Barðastrandarsýsla heyri undir heilsugæzlustöð í Búðardal. Ég tel, að þetta sé algerlega óþarfi og ókostur og það eigi ekki að gera sér leik að því að rugla hinni eðlilegu umdæmaskiptingu landsins. Það er engu líkara en einhverjir sérfræðingar hér í Reykjavík taki sér reglustiku í hönd og leggi hana á kortið og tilviljun ráði því, hvar línan er dregin. Það mætti segja miklu fleira um þetta atriði.

Ég ætla ekki heldur að fjölyrða um það, en ég bendi á sem dæmi um óhæfan undirbúning við meðferð þessa máls, að það fylgja þessu frv. engar upplýsingar um kostnað eða áætlunargerð um framkvæmdir á næstu árum. Það hlýtur að vera ákaflega þýðingarmikið, að þm. gefist færi á að fá einhverja hugmynd um það, sem fyrirhugað er í þessum efnum, ef stjórnvöld hafa þá gert sér grein fyrir því sjálf.

En þrátt fyrir þessa galla er, eins og ég hef þegar tekið fram, fjölmargt til bóta og framfara í frv. Þess vegna mun ég greiða atkv. með þessu

frv. En ég verð að segja það, að ég geri það mjög í trausti þess, að ekki komi til framkvæmda t. d. II. kafli frv., um héraðslækna, sem samþ. hefur verið með breytingu í hv. Nd., að ekki komi til framkvæmda, nema komi til kasta Alþ. á ný. Þetta er eitt dæmið um það, að menn hafa séð meira og minna, hve mörg missmíði hafa verið á þessu frv. og voru í upphafi. Margt hefur verið lagfært, og eitt af því er, að ekki eigi að koma til framkvæmda veigamiklir kaflar, eins og kaflinn um skipan héraðslækna í landinu, fyrr en Alþ. hefur aftur tekið málið til meðferðar. Þetta undirstrikar það, sem ég var að segja, óhæfilegan undirbúning og meðferð þessa máls.

Ég get tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, eða a. m. k. var undirstaða þess, sem hann meinti, þegar hann var að láta í ljós ótta sinn um það, að frv. næði ekki fram að ganga, ef hér yrðu gerðar breytingar á því. Ég hef enga tilhneigingu til þess að bregða fæti fyrir framgang þessa frv. frekar en hv. síðasti ræðumaður. En ég verð að segja það, að það er ákaflega hvimleitt, þegar menn eru að halda því fram, að það megi ekki gera hinar minnstu breytingar á frv., sem koma fyrir þessa hv. d., vegna þess að þá eigi menn það yfir höfði sér, að mál, sem menn gjarnan vilja að komist fram, nái ekki fram að ganga. Það er nokkuð hvimleitt að þurfa að sitja undir slíkum prédikunum, og ég held, að hv. frsm. n. sé of viðkvæmur í þessu efni. Ég dreg ekki í efa góðan vilja hans til þess, að frv. nái fram að ganga, en ég dreg ekki heldur í efa góðan vilja ýmissa annarra hv. dm. Ég dreg ekki í efa vilja hv. form. Alþb. og hv. ritara Framsfl. Báðir þessir menn eru flm. að brtt., fyrstu brtt., sem lögð er fram í þessari hv. d. Og það vill svo til, að ég er í þessum góða félagsskap. Ég vísa algerlega á bug, að hjá okkur þremenningunum séu nokkrar fyrirætlanir eða vilji fyrir hendi um það að bregða fæti fyrir þetta frv. En við teljum, að það sé ekki hægt að afgreiða þetta mál svo úr þessari deild, að ekki séu gerðar nokkrar breytingar.

Samkv. þessu hef ég borið fram brtt. á þskj. 698. Hún þýðir efnislega, að lagt er til, að á Bíldudal verði heilsugæzlustöð H 1, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að Bíldudalur heyri undir heilsugæzlustöðina á Pateksfiði. Samkv. þessari till. minni mundi starfssvæði Bíldudalsstöðvarinnar vera Suðurfjarðarhreppur og Ketildalahreppur. Ég gæti flutt hér langt mál til þess að færa rök fyrir því, að það sé nauðsynlegt að hafa heilsugæzlustöð og lækni á Bíldudal. Það er, eins og ég vék raunar að áðan, víða þannig úti á landi, að það verður ekki viðunandi ástand í heilbrigðismálunum, nema í hverju kauptúni sé læknir og læknisaðstaða. Og Bíldudalur er einmitt einn slíkra staða.

Þá vil ég bera fram till., sem mér hefur ekki gefizt tími til þess að láta prenta, og ég vil leyfa mér að bera hana fram skriflega. Þessi till. er svo hljóðandi:

Blönduósumdæmi.

„Við 16. gr. 2. tölul. 16. 5 orðist svo:

a) Blönduós H 2, starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur og Skagahreppur.

b) Skagaströnd H 1, starfssvæði Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur."

Breytingin, sem felst í þessari till. minni, er fólgin í því, að lagt er til, að heilsugæzlustöð H 1 verði á Skagaströnd. Fyrir þessu má færa hin almennu rök, sem ég hef leitt rök að áður hér í þessari ræðu, hve þýðingarmikið það sé að hafa lækni og heilsugæzlustöð á hverjum stað fyrir sig. Og það er mjög almenn skoðun hjá fólkinu í þessum byggðarlögum og þeim hreppum, sem gert er ráð fyrir, að heyri undir heilsugæzlustöð á Skagaströnd, að ástand þessara mála sé óviðunandi, nema þessu sé kippt í lag.

Þá er ég meðflm. að brtt. á þskj. 725, sem hv. þm. Ásgeir Bjarnason og Bjarni Guðbjörnsson eru einnig flm. að og varðar það, að í Búðardal skuli vera heilsugæzlustöð H 2, en ekki H 1. Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Ég geri ráð fyrir, að 1. flm. mæli fyrir þessari till., og skal því ekki lengja mál mitt með því að fjalla um það. En ég bendi á, að það er ekki frekar ástæða til þess að væna þessa valinkunnu framsóknarmenn, sem eru meðflm. minir að þessari till., um það, að þeir ætli að bregða fæti fyrir þetta frv., en að væna form. Alþb. og ritara Framsfl. um það.

Þá vil ég að lokum koma því að, að ég er meðflm. að brtt. á þskj. 697 ásamt þeim þm. Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni, þar sem gert er ráð fyrir, að heimilt sé að ráða lækna og annað starfslið að heilsugæzlustöð með búsetu og starfssvið utan stöðva, þar sem núverandi aðstaða leyfir, jafnframt sé ráðh. heimilt að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva. Hér er um að ræða ákvæði, sem hefur almennt gildi og mundi hafa það á ýmsum stöðum, þótt till. þær, sem ég stend að og hef vikið að hér áðan um bragarbót á einstökum stöðum, verði samþ. En það er eins með þessa till. og till. á þskj. 725, að ég geri ráð fyrir, að 1. flm. mæli fyrir þessari till., og skal ég því ekki fjölyrða um hana.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir skoðunum mínum á frv. þessu með sérstöku tilliti til ummæla, sem fram komu í ræðu hv. frsm. heilbr.- og trn., og enn fremur gert grein fyrir brtt., sem ég stend að, og skal ekki hafa þessi orð fleiri.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða efnislega þetta frv., sem hér er til meðferðar, þó að það væri vissulega freistandi. Hér er um mjög merkilegt mál að ræða, og þó að ýmislegt megi vitanlega að því finna, eins og öllum mannanna verkum, hygg ég, að taka megi undir það með hv. frsm. heilbr.- og trn., að það feli í sér merkilega stefnu. Eftir endurbætur þær, sem voru gerðar á frv. í Nd., þar sem nokkuð voru lagfærðir ótvíræðir gallar, sem á frv. voru, verður að telja, að það hafi færzt í jákvæðara horf.

Hugsunin um heilsugæzlustöðvar er auðvitað algerlega rétt. Það hefur sýnt sig í þróun þessara mála, að það getur verið illmögulegt að byggja upp fullkomna læknisþjónustu víðs vegar

um landið og fá lækna til að sinna þar ýmsum mikilvægum störfum, ef þeir hafa ekki slíka aðstöðu sem heilsugæzlustöðvar veita og geta ekki unnið þar saman, eins og er gert ráð fyrir. Ég held hins vegar, að það hafi verið dálítið hæpið, og um of kaldranalega að því gengið, þegar læknishéruðum og þessum svokölluðu heilsugæzlustöðvum var raðað niður. Þótt það verði nokkur breyting gerð á því, enda var það nokkuð gert í hv. Nd., held ég ekki, að það eigi að þurfa að tefla þessari löggjöf eða því kerfi, sem hún byggir á, í hættu. Það mun þá sýna sig með þessa framkvæmd eins og þá fyrri, hvort auðið er að fá lækna á þessa staði. Þetta er geysilegt tilfinningamál víða, og ég held, að þetta hafi ekki verið litið þeim augum, sem rétt hefði verið, með hliðsjón af hugsunarhætti og kvíða fólksins í þeim umdæmum, sem gert er ráð fyrir að leggja niður. Ég held því, að það eigi ekki að geta teflt þessu máli neitt í hættu, þó að smávægilegar breytingar séu gerðar á umdæmum, og trúi því ekki, að það sé svo naumt með þetta mál, enda er hv. Nd. búin að hafa það svo lengi til meðferðar, að hún ætti ekki að þurfa að fara að fást við það aftur. Það er frekar hægt að ætlast til, að hún láti það afskiptalaust, en að við hér í Ed. leyfum okkur ekki að gera á því smávægilegar breytingar, eftir að hafa haft það hér aðeins í fáeina daga til meðferðar. Eftir að hafa séð þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Nd., finnst mér ekki ósanngjarnt, þó að við ætlumst til þess, að skoðaðar séu og raunar samþykktar vissar lagfæringar, sem við teljum nauðsynlegt að gera á málinu. Það er áreiðanlega ekki í huga neins okkar, sem að þessum till. standa, að vega að málinu í heild sem slíku, síður en svo, heldur aðeins að lagfæra á því annmarka, sem gætu bæði valdið vandræðum og orðið til stórfelldra leiðinda og tjóns.

Við 4. þm. í þessari hv. d. höfum leyft okkur að flytja hér eina brtt., sem ég vek athygli á, á þskj. 717, en hún er um það að taka inn Kópaskersumdæmi. Það er gert ráð fyrir, að heilsugæzlustöð sé á Húsavík og svo ekki fyrr en austur á Þórshöfn. Hér er um geysilega víðáttumikið umdæmi að ræða, en samgönguerfiðleikar eru því miður enn þá miklir þarna. Að vísu hafa samgöngur úr Kelduhverfi til Húsavíkur batnað en engu að síður er það svo og getur verið langtímum saman, að ófært sé austur í Kelduhverfi og Axarfjörð. Því er það skoðun, ekki aðeins okkar, heldur fólks heima fyrir, að það væri mjög uggvænlegt, ef Kópaskersumdæmi sem slíkt yrði lagt niður. Það merkir auðvitað ekki, að fólk úr slíkum umdæmum geti ekki, meðan þar fæst ekki læknir, leitað til nágrannaheilsugæzlustöðva, enda gert ráð fyrir því í frv., og að sjálfsögðu verður engin breyting í því efni. En við leyfum okkur að leggja það til og væntum þess, að hv. d. geti á það fallizt, að Kópaskersumdæmi verði ekki fellt niður.

Við leggjum ekki til, að Raufarhafnarumdæmi sé tekið upp aftur, vegna þess að samgöngur til Þórshafnar hafa batnað að miklum mun með nýlegum vegagerðum þar, þannig að hér er vissulega ekki sýnd nein ósanngirni varðandi þá lagfæringu, sem við leggjum hér til. Það er ekki gerð krafa um að fara að taka upp aftur öll læknishéruð, sem um ræðir á þessu svæði.

Ég skal taka það fram, að í Kópaskeri er ágæt aðstaða. Þar er læknisbústaður mjög prýðilegur og aðstaða öll í bezta lagi, þannig að það er ekki neinn sérstakur kostnaður, sem þyrfti að leiða af því, að þetta umdæmi væri látið halda sér. Það hefur verið ýmist, að læknir hefur setið á Raufarhöfn eða á Kópaskeri, en hins vegar verið mikil nauðsyn, að læknir væri á öðrum hverjum staðnum og úr því að Raufarhafnarumdæmi er lagt niður, er það ótvírætt. Það gæti valdið, vil ég fullyrða, miklum vandræðum, ef ekki væri opinn möguleiki til þess, ef til þess fengist læknir og tilsvarandi starfslið, að Kópasker yrði viðurkennt sem heilsugæzlustöð í þessum lögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frekar. Þetta skýrir sig mjög sjálft, og ég veit, að allir hv. þdm. eru það kunnugir staðháttum á þessu norðausturhorni landsins, þar sem fólk á vissulega á margan hátt við örðugleika að stríða í samgöngum og á annan hátt, að ég treysti því, að hv. d. geti fallizt á þá brtt. okkar, sem ég hef gert að umtalsefni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 756) samþ. með 13 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. ásamt þeim hv. 4. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf. Till. þessi er á þskj. 725 og er við 16. gr. Suður- og Suðvesturlandshérað, þ. e. H 1 í upphafi b-liðs 12. tölul., þar skuli verða H 2.

Það hefur mikið verið rætt um heilbrigðisþjónustuna og þetta frv., sem hér liggur fyrir. Því er ekki heldur að neita, að staða læknisins er þannig orðin, að læknar treysta sér ekki til þess að vera einir, en vilja vera í félagi við aðra, þ. e. a. s. fleiri saman til þess að geta tekizt á hendur þá miklu ábyrgð, sem fylgir starfi þeirra, og uppfyllt þær háu kröfur, sem til þeirra eru gerðar. Það er oft erfitt úti á landsbyggðinni að fara langan veg og það í mjög misjöfnum veðrum. Því er það, að við höfum flutt þessa brtt., að því að Búðardalur er þannig staðsettur, að þegar búið er að sameina hann öðru læknishéraði, Reykhólalæknishéraði, þá er um allmiklar vegalengdir að ræða. Í mörg ár hefur héraðslæknirinn í Búðardal orðið að þjóna Reykhólalæknishéraði, og þetta hefur m. a. leitt til þess, að það hefur verið miklu erfiðara að fá lækni í Búðardal en annars hefði verið. Þessir læknar hafa haft mikið að gera og vetrarferðirnar erfiðar, svo að þeir verða sjaldnast lengi á sama stað sakir annríkis. Frá Búðardal til Reykhóla er 94 km. vegalengd og mun lengra til þeirra staða innan læknishéraðsins, sem fjær eru en Reykhólar. Oft verður á veturna að fara fyrir Klofning og Strandir, sem kallað er, þ. e. a. s. út með Hvammsfirði og inn með Gilsfirði. Þá bætist þarna við 80 km. vegalengd, þannig að þetta eru ekki neinar smávegis ferðir, sem héraðslæknir verður að fara oft og einatt til þess að geta sinnt skyldum. Því er það, að ef heilsugæzlustöð í Búðardal á að koma að notum, þá er útilokað

annað en þar séu tveir læknar til þess að tryggja, að fólkið fái þá þjónustu, sem til er ætlazt. Og til þess að slíkt takist, þá treysti ég því, að hv. þm. samþykki brtt. á þskj. 725.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég er komin hingað í pontuna til þess að gera grein fyrir litilli brtt., sem ég ásamt hv. 1. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinssyni, flyt við heilbrigðisþjónustufrv. Ég skal ekki lengja hér umr. með því að ræða um sjálft frv. í heild né heldur í einstökum atriðum. Það er að sjálfsögðu erfitt að semja slíkt frv., svo að allir telji sig mega vel við una, og þarf engan að furða, þó að fram komi ýmsar brtt. við það. Ég vil þá um leið lýsa ánægju minni yfir þeim breytingum, sem frv. tók í Nd. Alþ., þar sem sniðnir voru af því verulegir vankantar, sem voru líka mikið ágreiningsmál. En ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að frv. sjálfu almennt, en snúa mér að brtt.

Þegar málið var til umr. og meðferðar í hv. Nd., var gerð sú breyting á 26. gr. frv., sem nú er, að vikið var við orðalagi og bætt aftan við hana ákvæði um það, að í reglugerð þeirri, sem um ræðir í 26. 2, skuli ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkv. 2. tölul. í 26. 1, þ. e. a. s. deildaskipt sjúkrahús, að geðdeild undanskilinni. Þetta ákvæði um að undanþiggja geðdeild mun af þeim hv. þm., sem fyrstur flutti brtt. um þetta í Nd., hafa verið sett inn af ótta við það, að ef ætti að fastbinda það, að einnig væru geðdeildir í sjúkrahúsunum, þá mundi það tefja fyrir, að upp kæmust slík deildaskipt sjúkrahús. Út af fyrir sig get ég fallizt á þá skoðun, að það eigi ekki að gera það að skilyrði, að geðdeild sé við þessi sjúkrahús. En að útiloka þær, eins og gert er með þessu orðalagi, það tel ég og við fleiri ekki vera rétta stefnu, þó að hins vegar sé ekki alls staðar hægt að koma því við að hafa slíkar deildir. Við höfum þess vegna flutt þessa brtt. á þskj. 710 um, að niður falli orðin: „að geðdeild undanskilinni" og í staðinn komi: með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið, — þ. e. a. s. með þeim deildum, sem taldar eru í 26.1 töluliðr 2. Það eru — er manni sagt og erfitt fyrir leikmenn um að dæma þar um — skiptar skoðanir um það, hvort geðdeildir skuli vera við almenn sjúkrahús eða hvort geðlækningar skuli fara eingöngu fram í sérhæfðum sjúkrahúsum. Þess er skemmst að minnast, að það varð töluvert hitamál hér í Reykjavík, þegar keypt var húseign inni í íbúðarhverfi til afnota fyrir geðsjúkrahús, þ. e. a. s. fyrir sjúklinga, sem talið var, að ættu ekki að þurfa að dveljast inni í spitölum, en vera þó að vissu leyti undir eftirliti geðsjúkrahúss eða geðsjúkralæknis. Þetta vakti töluverðar deilur og fólk í nágrenninu undi því illa að fá þetta vistfólk í bústað í íbúðarhverfinu. Það hafa verið sögð mörg orð og hörð um þessa þröngsýni o. s. frv. En það hefur nú kannske ekki verið ástæða til þess fyrir alla að vera mjög harðorðir, því að öll erum við áreiðanlega haldin nokkrum fordómum einmitt varðandi geðsjúkdóma, en sem betur fer eru þeir fordómar á undanhaldi að maður vonar, enda barizt fyrir því líka, að svo verði. Um þá stefnu í heild má segja það, að hún er dæmi þeirrar viðleitni, sem skýtur víða upp kollinum og vinnur óðum fylgi, að einstaklinga, sem eru á einhvern hátt afbrigðilegir, eigi ekki að setja inn á sérstofnanir, nema þar sem slíkt er nauðsynlegt, svo sem auðvitað er í ýmsum tilfellum.

Ég vænti þess, að menn geti fallizt á þessa litlu brtt., og ég sé ekki, að hún geti valdið nokkrum ágreiningi. Ég hef rætt við hv. þm. Karvel Pálmason, sem fyrstur flutti brtt. um þetta í Nd., og hann út af fyrir sig kvaðst vera því fyllilega samþykkur, að slík breyting sem þessi yrði gerð, því að fyrir honum hefði vakað þetta, sem ég gat um í upphafi, að ef fortakslaust ætti að ákveða, að geðdeild væri við sjúkrahúsin, þá gæti það tafið fyrir því, að þau kæmust upp.

Við flytjum þessa brtt. nú við 2. umr. En vegna þess að það var ráð fyrir því gert, að n. liti eitthvað nánar á frv. milli 2. og 3. umr., vildum við flm. kynna till. við þessa umr., en tökum hana aftur til 3. umr. og þá væntanlega til athugunar í heilbr.- og trn. milli umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það, að hér er á ferðinni hið merkilegasta frv., sem skiptir sköpum á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustunnar, en um leið dylst mönnum ekki, að um er að ræða mjög viðkvæmt mál, sem fólk lætur sig miklu skipta, hvernig fer um. Ég ætla ekki að ræða hér almennt um frv., heldur fyrst og fremst ræða hér um eitt atriði þess, þ. e. a. s. heilbrigðisþjónustuna í Austur-Húnavatnssýslu. Ég get farið fljótt yfir sögu með því að segja, að það veldur ýmsum áhyggjum þar um slóðir, að ekki er gert ráð fyrir því, að neinn læknir sé staðsettur á Skagaströnd, heldur sé aðeins heilsugæzlustöð á Blönduósi. Hér er um mjög stórt byggðarlag að ræða, sem hefur haft lækni allt fram undir síðustu ár. Það eru aðeins örfá ár síðan læknir var þar síðast, og þar eru auk þess tveir sveitahreppar, sem njóta þjónustu og ættu að njóta þjónustu frá læknissetri á Skagaströnd. Þar við bætist, að hér er um að ræða snjóþungt svæði, þar sem mjög oft er erfitt að komast um að vetrarlagi, og það er að sjálfsögðu alveg sérstaklega varhugavert, að ekki sé gert ráð fyrir læknisþjónustu á Skagaströnd eða staðsetningu læknis þar, þegar þar við bætist, að þar er um að ræða eina helztu höfn þessa svæðis og talsverða útgerð og oft um það að ræða, að læknir þurfi að sinna veikindum meðal skipshafna. Í þessu efni eru fyrst og fremst tvær leiðir, sem koma til greina, þ. e. að sett sé upp heilsugæzlustöð af minni gerðinni á Skagaströnd eða þá í öðru lagi að gert sé ráð fyrir því, að læknir sé ráðinn að Blönduósstöðinni með búsetu og starfsaðstöðu á Skagaströnd. Eins og mál eru nú komin og að vandlega hugsuðu máli hef ég kosið að reyna að stuðla að því, að hin síðari leið verði farin, og hef flutt till. um það efni. Ég hef flutt þá till., að það sé heimilt að ráða lækna að heilsugæzlustöð með búsetu og starfssviði utan stöðvarinnar, þar sem núverandi aðstaða leyfir.

Nú hefur verið felld till. í Nd. um að stað-

setja heilsugæzlustöð á Skagaströnd, og þar sem mér virðist ljóst, að ef till. um það efni verður samþ. hér í d., þá geti hafizt togstreita milli deilda út af þessu máli og þá geti frv. verið í mikilli hættu, hef ég m.a. þess vegna eindregið valið hina síðari leið. Í þessu frv. eru, eins og ég gat um áðan, ýmis önnur mjög mikilvæg ákvæði, og ég vil síður en svo verða til þess að bregða fæti fyrir frv. með því að stuðla að því, að d. geti ekki komið sér saman um efni þess og það dagi því uppi. Auk þess verð ég að segja, að ég tel mig ekki geta verið í raun og veru þekktan fyrir að knýja fram á þessu stigi málsins heilsugæzlustöð á Skagaströnd, en neita á sama tíma að samþykkja heilsugæzlustöðvar t.d. á Kópaskeri, Bíldudal, Hveragerði, Eyrabakka eða á fjöldamörgum öðrum stöðum, þar sem óneitanlega hlýtur sterklega að koma til greina, að slík þjónusta sé staðsett. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að aðstæður í Austur-Húnavatnssýslu eru ekki þess eðlis, að þar sé þetta mest vandamál á öllu landinu, og það væri því fullkomlega órökrétt að fara að samþykkja heilsugæzlustöð á Skagaströnd, en neita stöðum, sem kannske búa við enn alvarlegri vandamál í þessum efnum, um sömu þjónustu. Auk þess er það ljóst, að ef farið yrði að samþykkja mjög margar heilsugæzlustöðvar til viðbótar við þær, sem samkomulag hefur náðst um, þá væri sem sagt verið að rifta því samkomulagi, sem er ríkjandi, og þeirri stefnu, sem hefur verið mótuð, og væri þá enn frekar hætta á því, eins og ég hef áður tekið fram, að frv. yrði eyðilagt á síðustu stundu. En ráðh. hefur heimild til þess að bæta við heilsugæzlustöðvum, ef þurfa þykir og ef unnt er að fá lækna á slíka staði. Ég treysti því eindregið, að slík heimild verði notuð, ef aðstæður verða fyrir hendi, til þess að sú heimild megi koma að gagni.

Ég tel það að sjálfsögðu augljóst mál, eins og ég hef þegar tekið fram, að það sé mjög öndvert hagsmunum þeirra, sem búa í utanverðri Austur-Húnavatnssýslu, að þar sé enginn læknir staðsettur. Á það hefur verið bent, að enginn læknir hefur fengizt á þann stað nú um nokkurra ára skeið og að samgöngur muni batna milli Blönduóss og Skagastrandar á næsta sumri við það, að þar verði byggðar þrjár brýr, og þá muni þetta verða allt miklu auðveldara viðfangs en það hefur verið á undanförnum árum. Ég get fúslega viðurkennt það, að með þessi rök í huga er ekki víst, að sérstök heilsugæzlustöð á Skagaströnd yrði nein lausn fyrir þann stað. Ég tel, að margt bendi til þess, að erfiðara yrði að fá mann til þess að gegna einni stöðu á þeim stað, ef hann væri einangraður á sérstakri heilsugæzlustöð, heldur en fá mann til þess að taka þátt í sameiginlegri heilsugæzlustöð, þar sem 2—3 menn væru starfandi. Einmitt þess vegna tel ég mjög mikilvægt, að þessi till., sem við flytjum hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, — einmitt þess vegna tel ég mikla nauðsyn á því, að þessi till. verði samþ., og ég tel, að sú lausn, sem í henni felst, sé að ýmsu leyti ekki síðri lausn heldur en það, að farið væri að koma upp sjálfstæðri heilsugæzlustöð á Skagaströnd. Ég tel, að læknir á Skagaströnd komi raunverulega að meira gagni bæði fyrir þann stað og fyrir Austur-Húnavatnssýslu í heild sinni, ef hann er tengdur við heilsugæzlustöð á Blönduósi, en ég tel, að læknirinn eigi að vera staðsettur á Skagaströnd, og til þess að það geti orðið, þarf að koma fram þessari breytingu á frv. Ég bendi á, að þar hefur læknirinn ágætt húsnæði, betra en það, sem býðst á Blönduósi. Þar getur hann haft viðtalstíma tvisvar til þrisvar í hverri viku, og þaðan getur hann farið í vitjanir í utanverða sýsluna, en að öðru leyti mundi hann aðstoða við rekstur heilsugæzlustöðvarinnar við héraðshælið á Blönduósi. Ég tel, að það eigi að vera tiltölulega auðvelt flesta daga ársins fyrir hann að rækja það starf sitt, þar sem ekki er nema 20—25 mínútna akstur á milli þessara staða. Ég tel sem sagt ótvírætt, að uppbygging einnar heilsugæzlustöðvar á Blönduósi með aðsetri eins læknisins á Skagaströnd, en aðsetri annarra á aðalstöðinni, væri skynsamlegasta heildarlausn málsins.

Eins og ég hef þegar sagt, óttast ég, að verði margar brtt. samþ. í þessari d., sem þegar hafa verið felldar í Nd., þá sé málinu stefnt í hina mestu tvísýnu. Ég vil hins vegar benda á það, að talsvert öðru máli gegnir um þá till., sem við flytjum á þskj. 697. Efni hennar hefur ekki verið fellt í Nd., og ég er sannfærður um það, að efni hennar muni verða samþ. þar umræðulaust. Ég ræddi þetta efni till. við formann heilbr.- og trn. í Nd., og n. hafði málið þar til afgreiðslu, og hann taldi í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, að hann gæti fallizt á þessa lausn. Ég ræddi þetta reyndar við fleiri aðila en formanninn, en því miður var ekki tekið tillit til ábendingar minnar við meðferð málsins þar, og þar af leiðandi komst till. ekki þar á framfæri.

Í frv. eru ákvæði, sem eru að vísu svipaðs efnis og till. gerir ráð fyrir, en það eru bráðabirgðaákvæði, sem eru auk þess orðuð á þann veg, að hætt er við, að þau gætu ekki gilt um þennan stað nema tiltölulega mjög skamman tíma. En það er miðað við, að meðan lögin séu að koma til fullrar framkvæmdar, geti slíkt skipulag verið í gildi, en síðan ekki að sjálfsögðu, og þetta er í bráðabirgðaákvæði. Ég óttast það, að þar sem í rauninni er ekkert því til fyrirstöðu, að lögin komi til fullrar framkvæmdar á Blönduósi nú þegar, þá verði litið svo á, að bráðabirgðaákvæðið gildi ekki um þann stað, og ég tel því óhjákvæmilegt að taka af öll tvímæli um það, að þessi skipan mála geti staðizt á slíkum stað og hún eigi að vera til frambúðar, en ekki bara til bráðabirgða. Ég sem sagt mæli eindregið með því, að brtt. á þskj. 697 verði samþ., en ég er þess mjög hvetjandi, að aðrar brtt., sem sýnt er, að ekki næst samkomulag um, þar sem þær hafa verið felldar í Nd., verði annað hvort dregnar til baka eða felldar, vegna þess að ég vonast til þess, að við getum allir verið sammála um nauðsyn þess að koma málinu fram og málið er í hættu, ef upp hefst mikil togstreita milli d. um frv.

Halldór Kristjánsson: Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum að gera grein fyrir afstöðu

minni til vissra atriða þessa máls. Það er hægt að tala hér um það, eins og hv. 5. þm. Vesturl., Þorvaldur Garðar Kristjánsson gerði áðan, að með þessari löggjöf sé verið að kollvarpa þeirri læknaskipan, sem við búum við, og afnema 54 læknahéruð. Er því nú þannig varið, að þarna sé verið að reka 54 starfandi lækna frá störfum úti á landsbyggðinni eða það sé verið að kollvarpa þeirri læknaskipan, sem hefur verið lögfest og hefur verið í gildi? Því fer víðs fjarri. Hér er einmitt verið að leggja grundvöll að nýrri skipan þessara mála, sem er meira við hæfi þess ástands, sem er í landinu, og ætlazt er til, að geti veitt sæmilega þjónustu, í stað þess úrelta kerfis, sem var mótað og lögformað við allt aðrar kringumstæður en nú eru og sem er algerlega óvirkt orðið á stórum svæðum landsins. Hitt er svo annað mál, að eitt í þeim blómlega arfi viðreisnartímabilsins, sem við höfum tekið við, var, að það var allt of mikið fámenni í þjónustustéttum heilbrigðismálanna í landinu. Skólamál þeirra og fræðsla voru í einhverri spennitreyju, þannig að það voru allt of fáir, sem útskrifuðust, bæði læknar og hjúkrunarkonur. Á þessu hefur nú þegar verið ráðin nokkur bót, þannig að það eru líkur til, að betri tímar séu fram undan eftir 2—3 ár, og þá verði ekki eins mikill skortur á læknum og hjúkrunarfólki í landinu og er nú og verið hefur um skeið. Og það er vitanlega við þær kringumstæður, sem við getum gert okkur vonir um, að hin nýja löggjöf komi að notum.

Nú langar mig að segja ykkur það í sambandi við Bíldudal, að ég ætla, að það séu 10 ár síðan síðasti læknir fluttist þaðan. Að vísu hafa þær reglur verið í gildi, að héraðslæknar skipaðir í Bíldudalshéraði fengu að vera á Patreksfirði, og stundum hefur verið ráðinn læknir upp á þessi kjör, en alls ekki viðlit að fá nokkurn upp á það, að hann sæti á Bíldudal. Þess vegna held ég, að það sé að berja höfðinu við steininn að fara nú að gera hér samþykkt um það, að á Bíldudal skuli vera læknissetur. Það getur þýtt það, að héraðið fái ekki lækni til þjónustu, sem það fengi þó sennilega öðru hvoru og kannske til frambúðar, þegar fjölgar í stéttinni, ef gengið er út frá, að læknir hefði búsetu á Patreksfirði. T. d. hafa verið þar í vetur 2 læknar. Þeir hafa átt að hafa læknisþjónustu um Önundarfjörð og Dýrafjörð síðan um áramót. En nú er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, gengið út frá því, að læknissetur verði bæði á Flateyri og Þingeyri, en landlæknir vor hafði læknisþj. í þessum fjörðum um hátíðarnar. Hann var í jólafríinu sínu vestur frá og hafði læknisþj. á Þingeyri og Flateyri. Og áður en hann fór, hafði hann fund með hreppsnefndunum í þessum fjörðum báðum, þær voru ekki mættar þar að fullri tölu, en það voru menn frá þeim öllum, og það varð fullt samkomulag um að ganga út frá því, að firðirnir báðir væri framvegis eitt læknishérað. En þm. vorir eru svo næmir fyrir óskum og vilja kjósendanna, að þeir eru búnir að berja það inn í þetta lagafrv., að það skuli vera læknissetur í báðum fjörðunum. Hitt er ég viss um, og það vil ég láta koma hér fram, að það hefði aldrei orðið samkomulag um það, — Önfirðingar hefðu aldrei fallizt á það, að báðir firðirnir yrðu eitt læknishérað, ef þeir væru ekki búnir að búa við það um skeið að hafa starfandi hjúkrunarkonur, en reynslan af þeim hefur sýnt, að þá búa menn við svipað öryggi, segi ég, og að hafa lækni við frumstæð og slæm skilyrði og meira öryggi en lagaákvæði um að læknir skuli vera, og hafa engan lækni, því að hjúkrunarkonan kemur til sjúklinga, gerir sér grein fyrir þeirra lasleika, talar við lækni, afhendir meðul, og þegar óhöpp ber að höndum, veitir hún bráðabirgðahjálp. Þetta hefur gefizt vel.

Ég vildi gera grein fyrir því, hvers vegna ég mun greiða atkv. á móti till. um læknissetur á Bíldudal. Það er vegna þess, eins og ég sagði, að ég er sannfærður um, að það eru meiri líkur til, að læknar fáist til að þjóna Bílddælingum með búsetu á Patreksfirði heldur en ef þeir eru skyldaðir til búsetu á Bíldudal.

Eins vildi ég svo geta, að mér virðast í þeim till., sem hér liggja fyrir um ný viðbótarlæknissetur, að þar hafi Kópasker óneitanlega sérstöðu.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Hv. 6. þm. Reykv. dró hér áðan till. sína og hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar til baka á þeim forsendum, að það hefði verið samkomulag um það í n., að málið yrði í heild skoðað milli 2. og 3. umr. Þetta er rétt að því leyti til, að um það náðist samkomulag, að færi frv. þannig frá 2. umr., að ljóst væri, að á því yrðu breytingar, þannig að Nd. fengi frv., þá var lofað fundi til að athuga málið. Ef hins vegar engin breyting verður á frv. milli 2. og 3. umr., þá lýsi ég því yfir, að þá sé ég enga ástæðu til þess að fara með þetta mál fyrir nefndarfund og mundi þess vegna óska eftir því, að ef fundur verður hér á eftir, þá verði málið þar tekið til 3. umr. og því lokið og úrslit fengjust hér í d. hreinlega um þetta mál. Ég vildi aðeins taka þetta fram út af því, sem 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að fái Nd. sýnilega þetta frv. til meðferðar, þ. e. eftir að það kemur í ljós, strax eftir 2. umr. þá er ekkert á móti því að líta eitthvað á frv. Að öðrum kosti sé ég enga ástæðu til þess. Þá stöndum við í nákvæmlega í sömu sporum og við stóðum, þegar við vorum á nefndarfundum síðast.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vonast til, að þau orð, sem ég segi hér, þurfi ekki að valda neinum deilum og umr. Ég er ekki flm. að neinni till., en skrifa undir nál. ásamt öðrum meðnm. með þeim fyrirvara, sem þar er um, að við áskildum okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram koma.

Ég skal strax taka fram, eins og raunar margir hafa gert hér, að ég tel þetta eitt merkasta mál þingsins. Og ég vil strax segja, að ég lít ekki á það sem neina tilraun, síður en svo, — tilraun Ed.-manna, sem flutt hafa hér brtt., til þess að tefja málið, þótt þeir séu að flytja sínar till. Ég hins vegar harma það og tel það aðfinnsluvert, hve seint þessi hv. d. fær málið til meðferðar, fyrst verið er að hafa deildaskiptingu

á Alþ. Frv., sem hér er til umr., var útbýtt í Nd. 15. febr., en hv. Ed. fékk það til afgreiðslu fyrir örfáum dögum. Það eru þessi vinnubrögð, sem ég tel aðfinnsluverð, og að það sé síðan ætlazt til þess, að hv. Ed. afgreiði málið á skömmum tíma. Menn deila kannske um það, hvort sé hægt að halda þingi lengur áfram, ég blanda mér ekki inn í þær deilur, en endurtek, að það eru þau vinnubrögð, sem Nd. viðhafði í málinu, þessi seinagangur, sem var á afgreiðslu jafnþýðingarmikils máls og hér er um að ræða, frá þeirri hv. d., sem ég tel aðfinnsluverð.

Ég gat þess við 1. umr. málsins í þessari hv. d., að ég fagnaði málinu. Ég endurtek allt, sem ég sagði þar, og mun stuðla að því, að það nái fram að ganga. Ég gat þess þá, að samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi hefðu fjallað mikið og ítarlega um þetta mál og þau hefðu lagzt eindregið gegn II. kafla frv., eins og ég tók fram þá. Nú kemur hann ekki til framkvæmda, fyrr en Alþ. ákveður annað, þannig að það ágreiningsefni, ef svo mætti segja, samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi varðandi þetta frv. er ekki lengur fyrir hendi. Mér er og vel kunnugt um það, að landshlutasamtökin í landinu hafa lagt mikla vinnu í að ræða og kynna þetta mál. Þetta er eitt af stærstu hagsmunamálum allra héraðanna. Þróun síðari ára sýnir, að það er vaxandi áhugi og aukinn skilningur á sem fullkomnastri heilbrigðisþjónustu, og er það vel. Margt hefur þegar verið vel gert, en margt er eftir hjá okkur á því sviði sem öðrum, og þarf kannske ekki að undra, þó að við, sem búum á margan hátt við erfiðar aðstæður, stöndum í einhverju að baki milljóna þjóðum.

Frv. er að vonum yfirgripsmikið og spannar yfir marga þætti, og eflaust kostar það mikla fjármuni að ná þeim markmiðum, sem þar er stefnt að, hvort heldur er í húsnæðismálum, varðandi tækjakost og starfskrafta, sem þar þarf til. En þeim fjármunum, sem til þessa verður varið, er að mínum dómi vel varið.

Það er vissulega erfitt hlutverk fyrir mig að koma hér fyrirvaralítið inn í umr. um þetta mál í stað hv. þm. Odds Ólafssonar, sem býr yfir meiri reynslu og þekkingu í þessum málum en nokkur annar hv. þm., að þeim öllum ólöstuðum. Ég ætla að koma nokkrum atriðum á framfæri, sem skýra afstöðu mína til málsins, þó að þau komi ekki fram í tillöguformi, og kem ég að því síðar.

Ég tel, að í landinu skorti stórauknar félagslegar rannsóknir á mörgum sviðum. Slíkar rannsóknir gefa áreiðanlega bendingar um orsakir ýmissa okkar margþættu vandamála, sem tilheyra að vissu leyti nútíma þjóðfélagsháttum eða velferðarþjóðfélaginu svokallaða, lífsgæðakapphlaupinu eða hvað menn vilja nefna það. Ef slíkar rannsóknir yrðu gerðar og síðan væri hægt á grundvelli þeirra að gera till. til úrbóta, þá er ég trúaður á, að þær till., sem væru byggðar á könnunum sérfróðra aðila í þessum efnum, gætu sparað þjóðfélaginu stórfé með því að gera einstaklingana betur sjálfbjarga og þjóðfélagið fengi einnig sín laun, aukin afköst með fleiri vinnandi hendur. En — og á það legg ég höfuðáherzlu, — ég trúi því, að þetta geti stuðlað að því að ná því markmiði að gera æ fleiri hamingjusama. Það er kjarni málsins.

Þær athugasemdir, sem ég að öðru leyti vil gera við þessa umr., eru fyrst og fremst varðandi það, sem frsm. kom raunar inn á, þ.e. erindi yfirlæknanna um skort á skilgreiningu á starfi þeirra og yfirhjúkrunarkvenna og forstöðumanna. Í gildandi lögum er skilgreining á starfi yfirlækna, og miðað við, að í frv. er skilgreining á störfum margra aðila, sem ekkert er nema gott um að segja, þá væri að mínu viti eðlilegt, að þarna væri einnig kveðið á um skilgreiningu varðandi störf yfirlækna og því óeðlilegt, að það falli hér niður nú. Yfirlæknir gegnir ákveðnu hlutverki stjórnarfarslegs eðlis, og þar að auki ber honum að vera læknisfræðilega í fararbroddi til þess að tryggja, að störf deildarinnar, hvort sem er sjúkradeild eða rannsóknastofa, séu ætíð í samræmi við það, sem bezt er völ á hverju sinni. Yfirlæknir þarf því að fylgjast með nýjungum á mörgum sviðum og sjá til þess, að undirmenn hans, sérfræðingar, aðstoðarlæknar og annað hjúkrunarlið, viðhaldi og bæti menntun sína í samræmi við það. Embættisskyldur landlæknis, héraðslækna og héraðshjúkrunarkvenna eru tilgreindar í lögunum, en svo er ekki um yfirlækna, eins og ég áður greindi. Er þó í grg. getið um þetta, á bls. 17, með leyfi hæstv. forseta, rétt síðast í 4. lið segir:

„Eins og í gildandi lögum verður yfirlæknir við hvert sjúkrahús og auk þess yfirlæknir deilda. Þeir eru stjórnunarlega í forsvari fyrir starfinu gagnvart sjúkrahússtjórnum, heilbrigðisyfirvöldum, læknum og öðru starfsfólki".

Það er vikið að þessu í grg., en það er hvergi vikið að því í lögunum sjálfum. Það má einnig segja, að þar sem um er að ræða deildaskipt sjúkrahús, sé staða yfirlæknis að nokkru leyti óþörf. Það er kannske miklu meiri nauðsyn á því að hafa sjúkrahússtjóra, og það færi vel á því, að það væri sérmenntaður læknir í rekstri sjúkrahúsa, sem slíkt annaðist. Því er kannske ekki til að dreifa enn, en það væri gott, að stefnt væri að því, og er vikið að því einmitt í grg. með frv.

Þá vil ég og taka undir það, sem frsm. sagði hér varðandi sjúkraþjálfarana. Það á víst við um báða þessa aðila, að þeir munu hafa komið ábendingum sínum of seint á framfæri, þrátt fyrir það, hve málið er búið að vera lengi til meðferðar í hv. Nd. Má vera, að þeir hafi að einhverju treyst á sinn kollega, hv. þm. Odd Ólafsson, í Ed. og ekki gert sér grein fyrir því, að það var mikilsvert atriði að koma ábendingum, sem hugsanlega geta verið samkomulagsatriði, fram við umr. máls í fyrri d. Sjúkraþjálfararnir eru alls góðs maklegir, og ég er sannfærður um, að þeir hljóta fljótlega aukna viðurkenningu í okkar löggjöf. Það er starfsstétt, sem nýtur í vaxandi mæli meiri og meiri viðurkenningar.

Þrátt fyrir þessar ábendingar mínar hef ég ekki, eins og ég áður sagði, flutt neinar brtt. Eins og ég áður gat um, tel ég, að málinu sé teflt í tvísýnu, ef það þarf að fara aftur til Nd., og vil því fremur ná því fram eins og það er, þó að ég viðurkenni vissulega réttmæti margra þeirra till., sem hér hafa verið fluttar, en tel það meira virði, að málið nái fram að ganga, en að stefnt sé í þá tvísýnu, að það fari til Nd.,

sem síðan hugsanlega samþ. ekki aðeins till., sem þm. þar lýsa sig reiðubúna til að samþ., en gætu komið með aðra í leiðinni. Miðað við, hvað langan tíma það tók hv. Nd. að skila málinu frá sér, vantreysti ég d. til þess að við sendum málið til hennar aftur. Það markar afstöðu mína til þess, að ég flyt ekki neina brtt. og tel, að það hafi hent sig, að brtt. við lög hafi verið fluttar ári síðar eða svo en þau voru samþ., ef í ljós kemur, sem ég efa ekki, að þörf sé á að gera hér breytingar á, eins og raunar oft og mörgum sinnum áður varðandi okkar ágætu lagasmíð. Og svo tek ég undir það, sem frsm. sagði, að ég leit svo á, að því aðeins kæmi hv. n. saman aftur, ef það lægi fyrir, að málið færi til Nd. eftir þessa 2. umr. Ég vænti þess hins vegar, að hv. þm. taki ekki þá áhættu, vil ég segja, að láta málið ganga til Nd. á ný.

Varðandi brtt. á þskj. 697, sem ég get á vissan hátt skilið, vil ég taka fram eftirfarandi, til þess að það geti alls ekki valdið neinum misskilningi, ef till. er felld, að á Reykjanessvæðinu er það svo, að starfskraftar flytjast mjög á milli, þannig að taka má sem dæmi, að við heilsugæzlustöð í Kópavogi getur verið starfandi starfskraftur að örlitlum hluta, þó að hann sé búsettur og með sitt meginstarf utan Kópavogs. Ég veit, að það vakir ekki fyrir neinum, sem að þessu standa, að hindra, að þetta sé eðlilegt og að svo geti verið áfram. En ég vil bara láta þess getið, að þannig er þetta á Reykjanessvæðinu, að búseta og vinnustaðir fara alls ekki saman, og ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu, því að við Reyknesingar vorum mjög óánægðir með það ákvæði í grunnskólafrv., að það var tengt saman, að fræðslustjóri skyldi vera búsettur þar, sem fræðsluskrifstofan væri. En það er nokkur sérstaða hér fyrir Reykjavík og Reykjanessvæðið í þessu efni, og því aðeins vek ég athygli á þessu.

Með tilvísun til þess, herra forseti, sem ég hef hér sagt, mun ég ekki og hef ekki flutt neina brtt. og mun greiða atkv. gegn öllum þeim brtt., sem fyrir liggja, ekki vegna þess, að ég sé efnislega á móti þeim, heldur vegna þess, hvernig vinnubrögðum hefur verið háttað, og því miður vantreysti ég því, að við náum málinu áfram, eins og ég veit, að við allir viljum, ef við teflum í þá tvísýnu, að það fari til Nd. og síðan kannske þaðan aftur til Ed., miðað við það að ljúka þingi eins og ætlað er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475, n. 682). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Nd., þar sem það var afgr. einróma og full samstaða var ríkjandi um málið. Það er ákaflega einfalt að gerð, efni þess er ekki annað en það, að ríkissjóður skuli árlega leggja fram 10 millj. kr. á árunum 1974—1983, sem ríkisstj. er síðan heimilt að endurlána kaupstöðum og kauptúnum til að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á undanförnum árum hefur þessi upphæð aðeins verið 3 millj. kr., svo að hér er um talsverða hækkun að ræða, en hvort tveggja er, að verðlag fer hækkandi og þarfir ýmissa kaupstaða og kauptúna fyrir lönd undir byggingar og skipulögð svæði fara vaxandi, þannig að það er skiljanlegt, að allir, sem um þetta mál hafa fjallað, séu á einu máli um, að hér sé um þarft mál að ræða, sem samþ. beri.

Félmn. hefur athugað frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384, n. 723). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var samþ. samhljóða frá Nd. Breytingar þær, sem þetta frv. felur í sér frá núgildandi lögum eru í aðalatriðum þær, að í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi heimild til að ákveða með reglugerð brottfararíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar, — að setja reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, og verður sú heimild almenn, en ekki eingöngu bundin við Faxaflóa, eins og nú er. Ósamræmis hefur gætt í reglugerðum um róðratíma, t. d. sumra verstöðva á Suðurnesjum, Grindavíkur og annarra verstöðva þar, og hafa orðið tíðir árekstrar og missætti milli bátasjómanna á þessum svæðum. Sökum þessa misræmis hafa bátarnir misjafna aðstöðu til að stunda þau fiskimið, sem hagnýtt eru til línuveiða sérstaklega, svo sem á svo á svokölluðu skerjasvæði eða Eldey og Eldeyjarboða. Þetta má kalla aðalbreytingu þessa frv., að gera heimildina almenna, en ekki binda hana við takmarkað landssvæði. Skipstjórnarmenn á Suðurnesjum hafa mjög óskað eftir því, að þessu yrði breytt, og eftir þeirra óskum er farið með því að flytja þetta frv. — N. hefur sem sagt orðið sammála um að mæla með þessu frv. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 470, n. 681). — 2. umr.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Frv. er áður komið frá Nd., og var þar fullkomin eining um málið. Svo var einnig í félmn., þar samþ. allir að mæla með frv., sem felur í rauninni í sér aðeins tvær breyt., þ. e. í annan stað, að jöfnunarsjóðs-

framlag til sveitarfélaganna skuli nú greitt mánaðarlega í stað ársfjórðungslega áður í samræmi við breytta skipan á innheimtu aðstöðugjalds, og í öðru lagi, að sveitarfélög skuli ekki fá þetta framlag, fyrr en þau hafa gert skil á sínum ársreikningum, sbr. lög um það efni. — N. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 95. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, að loknum 94. fundi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 180). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 471). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 757).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv (þskj. 470). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 758).

Aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 759).

Róðrartími fiskibáta, frv. (þskj. 384). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 762).

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492, n. 732). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. um jöfnun flutningskostnaðar á sementi. Frv. felur það í sér, að verð á sementi verði það sama alls staðar á aðalhöfnum landsins. Nú er það svo, að verð á innlendu sementi er það sama á öllu aðaltollhöfnum landsins, og er því breytingin, sem felst í frv., fyrst og fremst fólgin í því, að slíkt hið sama gildi um innflutt sement. N. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 648, n. 708, 697, 698, 710, 717, 725, 739, 756). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv
Brtt. 725 samþ. með 10:8 atkv.
— 698 felld með 11:5 atkv.
— 717 samþ. með 11:6 atkv.
— 739 felld með 10:6 atkv.
— 756 kom ekki til atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 697,1 felld með 9:7 atkv.
21.—25. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 710 tekin aftur til 3. umr.
26.—47. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 697,2 tekin aftur.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 96. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, að loknum 95. fundi.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 648, 710). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Brtt. á þskj. 710, sem við hv. 1. landsk. þm. fluttum við 2. umr. málsins, var tekin aftur til 3. umr., og vegna nokkurs misskilnings hafði ég gert ráð fyrir því, að hún yrði tekin fyrir í heilbr.- og trn. á milli umr. Ég hef hins vegar út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þótt svo hafi ekki getað orðið, en við flm. till. á þskj. 710 óskum þess, að hún komi nú til atkv.

ATKVGR.
Brtt. 710 samþ. með 9:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 89. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 304). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 754).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 601). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 755).

Heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orkulög, frv. (þskj. 486, n. 709). — 2. umr.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta gerir ráð fyrir verulegri hækkun lána úr orkusjóði til bænda, sem búa utan þess svæðis, sem samveitur ná til, þegar lokið er þeirri rafvæðingu sveitanna, sem 3 ára áætlunin gerir ráð fyrir. Hér mun vera um 150 býli að ræða. Iðnn. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts, eins og það er á þskj. 486.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Hæstiréttur, frv. (þskj. 540 (sbr. 73), n. 724). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál, sem er á þskj. 73, um hæstarétt er komið frá Ed., og er allshn. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Um málið urðu nokkrar umr. í Ed., vegna þess að það kom í ljós, að starfsmenn, sem njóta óskertra launa, gátu einnig fengið eftirlaun og fullan lífeyri. En nú hefur verið lagt fram af ríkisstj. mál um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 237. mál, sem kemur í veg fyrir, að þetta geti gerzt, ef að lögum verður, og er það mál því úr sögunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479, n. 711, 715,). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Það var samþ. þar óbreytt og ágreiningslaust. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., og fram hefur

komið ein brtt. frá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, sem einnig er nm. í heilbr.- og trn., en n. sem slík leggur til, að frv. verði samþ.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fyrir hv. d., fór ég nokkrum orðum um það, hversu hin þinglega meðferð þess væri með undarlegum hætti, en fagnaði mjög frv. Og ég hef, eins og hv. frsm. heilbr.- og trn. tók fram, staðið með öðrum nm. að nál., en vil þó engu að síður koma með brtt., sem er samhljóða till. minni í því frv., sem er á þskj. 279 og varðar sama mál. Þetta varðar stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, og að baki liggur sú hugmynd, að ég tel, að þetta sé einkanlega mál vinnumarkaðarins, þannig að sem flestir fulltrúar meiri háttar samtaka, sem standa að vinnumarkaðnum, eigi að eiga sæti í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, því að eðli málsins samkvæmt snertir það vinnumarkaðinn. Ein röksemd, sem ég vil sérstaklega koma með, er sú, að á Norðurlöndum eru eingöngu aðilar vinnumarkaðarins, sem eiga setu í slíkri stjórn, og ég þykist vita, að þessi lög séu að verulegu leyti sniðin eftir sambærilegum lögum á Norðurlöndum. Breytingin er m. ö. o. sú, að í stað þess, að Alþ. kjósi 4 fulltrúa í stjórnina, þá kjósi Alþ. 2, en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands velji einn fulltrúa og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annan.

Í öðru lagi er svo lagt til, að ráðherra séu gefnar frjálsar hendur um það, hvern þessara fulltrúa hann skipar form. eða varaform., en í núgildandi lögum er það bundið að ráðherra verði að skipa form. og varaform. úr hópi þingkjörinna fulltrúa. — Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en treysti því, að þm. ljái þessu brautargengi.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, að n. skyldi verða sammála um afgreiðslu þessa máls, og vænti þess, að það megi fara ágreiningslaust í gegnum hv. Nd. eins og það fór í gegnum Ed. En vegna till. hv. 3. landsk. þm., Bjarna Guðnasonar, vil ég aðeins segja hér nokkur orð.

Vissulega gæti ég flutt rök mín fyrir því að vilja hafa stjórn þessa sjóðs með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í lögunum. En það er samkomulag aðila vinnumarkaðarins, að stjórnin skuli skipuð á þennan hátt, og rök Bjarna Guðnasonar, hv. 3. landsk., eru þau fyrir hans till., að aðilar vinnumarkaðarins eigi að koma meira inn í stjórn sjóðsins en lögin gera ráð fyrir. Ég vil minna á, að um þetta er samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins, og ég vænti þess, að hv. alþm. virði þetta samkomulag og styðji því ekki till. Bjarna Guðnasonar.

Hvernig þessum málum, stjórn atvinnuleysistrygginga, er háttað á Norðurlöndum, kann ég ekki frá að greina að öllu leyti. Mér er þó fullkunnugt um það, að þar er atvinnuleysistryggingum ekki á sama veg fyrir komið og hér hjá okkur. Við höfum, held ég megi segja, töluvert mikla sérstöðu varðandi myndun atvinnuleysistryggingasjóðs á sínum tíma.

Ég vildi minna á það, að um þetta er samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins, og ef hv. Alþ. ætlar að fara að breyta því nú, er ég hræddur um, að ýmislegt fleira, sem samkomulag er um varðandi atvinnuleysistryggingar milli aðila vinnumarkaðarins, geti einnig verið í hættu.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, hefur þýsna oft komið á dagskrá, hvort ekki væri rétt að hafa stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs með öðrum hætti en nú er. Hins vegar hefur aldrei orðið sú samstaða um breytingar á stjórninni, að fært þætti að framkvæma hana. Það hefur verið sá háttur lengst af í meðferð á breytingum á atvinnuleysistryggingum, að þær hafa verið byggðar á samkomulagi milli þeirra aðila, sem í upphafi sömdu um þetta mál, en það voru aðilar vinnumarkaðarins svokallaðir. Það voru Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaga, auk þess ríkisstj. Milli þessara aðila hefur í raun og veru alltaf verið samkomulag um, að breytingar skyldu undirbúnar í samráði við þá aðila, sem sömdu um þetta mál.

Ég fullyrði, að þær breytingar, sem hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, leggur hér til, eru ekki í samræmi við það, sem aðilar vinnumarkaðarins gætu orðið sammála um, og þess vegna tel ég fráleitt, að slík breyting yrði hér gerð.

Hvað varðar Norðurlöndin, þá er það að segja, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að við höfum æðimikla sérstöðu hér um atvinnuleysistryggingasjóð. Lögin eru að vísu að nokkru leyti sniðin eftir lögum á Norðurlöndum, en um þetta atriði hafa þau alla tíð verið frábrugðin, og það var vel vitað, þegar lögin voru fyrst undirbúin, hvernig stjórn sjóðanna er háttað á Norðurlöndum. Og einmitt vegna sérstöðu okkar hér, hvernig þessi sjóður var til kominn, hvernig greitt er til hans o. s. frv., þótti ekki rétt og hefði aldrei orðið samkomulag um þessar tryggingar, ef stjórn sjóðsins hefði orðið með þeim hætti, sem þar er. Það var þessi sérstaða, sem þá gerði það að verkum, að aðild að stjórn okkar sjóðs er með æðimikið öðrum hætti en þekkist á Norðurlöndum. Þessi sérstaða er enn þá fyrir hendi og hefur ekkert breytzt. Ég vil þess vegna eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að staðfesta þau orð, sem komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það, sem hér liggur fyrir Alþ. í frv.-formi, er það síðasta og lengsta, sem hægt hefur verið að ganga til samkomulags á milli þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Ég skal taka undir það með hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að ég hef lengi haft nokkra samúð með því tiltölulega bæði fjölmenna og þýðingarmikla landssambandi, sem er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, vegna þess að frá þeim og fyrir þá er greitt í þennan sjóð. Hins vegar ber þess að geta, að þeir voru

ekki aðilar að þessu samkomulagi á sínum tíma, sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til.

Þarna kemur inn í kannske frá minni hendi sama skoðun og ég var að lýsa í sambandi við það mál, sem var til umræðu í Sþ. fyrir nokkrum dögum, um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þegar till. bæði fyrr og síðar og nú hér á þinginu eru uppi um það, að þeir lífeyrissjóðir, sem fyrir eru, verði grundvöllur að allsherjar lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og þá fyrir þá, sem ekki eiga lífeyrissjóð í dag. Þarna var á sínum tíma um samkomulagsatriði að ræða á milli aðila, og þeir, sem sömdu, alla vega þeir, sem komu úr launþegastétt, voru þá jafnvel um leið að fórna því, sem þeir kannske hefðu getað fengið fram í þessum samningum, til þess að leggja í þessa sparifjármyndun, sem þar varð til. Og það er enginn vafi á því, að það er sáralítið brot af þeim miklu eignum, sem atvinnuleysistryggingasjóður á í dag, sem hefur farið til þess fólks sjálfs, sem sjóðurinn var vissulega myndaður fyrir og er fyrir. Hins vegar hefur hann orðið aflgjafi fyrir allan atvinnurekstur í kringum allt Ísland, ekki aðeins hér í höfuðborginni, heldur sérstaklega í okkar strjálbýli, orðið aflgjafi þar til aukinnar atvinnu og til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi.

Ég tek undir þau orð, sem komu fram hjá síðasta ræðumanni, að það væri óvarlegt að fara að breyta þessu frv. allmikið. Auk þess fæ ég ekki séð annað en að allflestir, sem hér eiga sæti á Alþ., geti verið fulltrúar atvinnuvega alveg eins og þeir menn, sem koma frá einstökum samtökum beint. Ég álít t. d., að þessi hv. þm., Bjarni Guðnason, sé mjög verðugur fulltrúi Háskóla Íslands, háskólaprófessoranna, meðan við erum hér hins vegar margir, sem enn þá vinna allt okkar starf utan þings í þágu verkalýðsfélaga og sjómannafélaga eða landssamtaka verkalýðshreyfingarinnar. Ég fæ því ekki séð annað en að hér innan Alþ. megi finna marga verðuga fulltrúa til þess að eiga setu í stjórn þessa sjóðs, eins og mér sýnist, að Alþ. hafi tekizt á undanförnum árum, þegar það hefur kosið í þessa stjórn.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Við höfum nú heyrt, að till. mín mætir töluverðri andstöðu frá fulltrúum verkalýðsins, enda eru þeir þrír, að ég veit bezt, allir í stjórn A. S. Í. Þetta er dálítil tryggingasamstaða hjá þeim að eiga bágt með að skilja það, að eðlilegt væri, að svo stórt og voldugt samband sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands er fái aðild að þessum sjóði. Hér er ekki verið að taka fulltrúa af neinum aðila, sem um þetta samdi, heldur er verið að ganga, ef svo mætti segja, á hlut Alþ., þ. e. a. s. verið er að fækka fulltrúum Alþ. um tvo og fá inn ný, voldug samtök sjómanna annars vegar og svo Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Ég veit ekki, hvaða gífurlegur ótti það er, að ekki megi hagga við nokkrum hlut. Þetta er nú 17 ára gamalt samkomulag, ef ég man rétt, sem menn voru að vitna í hér. Fyrr má nú rota en dauðrota, að það megi ekki hagga þessum hlutum hið minnsta eftir allan þennan tíma.

Mér sem sagt virðist svo, að þarna sé einhver fastur hópur fyrir, sem vilji hafa þetta óbreytt, en það breytir ekki minni skoðun, og ég tel rétt, að þessi till. komi fram, og látum skeika að sköpuðu, eins og segir á einum stað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, svo að hv. 3. landsk. þm. fái að heyra í fleirum en þeim, sem hann telur, að hafi átt sæti í þessari stjórn á undanförnum árum.

Ég held þessi till. hv. 3. landsk. hljóti að vera byggð á misskilningi. Þessi stjórn er saman sett og hefur frá upphafi, að ég held sé rétt með farið, verið byggð á samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins, eins og hér hefur verið sagt. Og hversu langur tími sem liðinn er, síðan samkomulag var gert, þá virðist það hafa reynzt svo vel, að þessum aðilum, sem um þetta hafa fjallað og um þetta sömdu á sínum tíma, hefur ekki þótt ástæða til að breyta því. Ég tek undir það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan, að ég lít á hv. alþm. sem umbjóðendur hinna ýmsu aðila vinnumarkaðarins. Þeir geta ekkert síður að mínu mati verið fullgildir fulltrúar vinnumarkaðarins en einhverjir aðrir. Þeir eru þó kjörnir af þessum aðilum, og mér finnst ekkert óeðlilegt, þó að þeir kæmu þar til greina og kannske ekki sízt vegna þess, að það samkomulag, sem hér er um talað, er byggt á þessu, að aðilar vinnumarkaðarins hafa talið þessum málum bezt skipað á þennan hátt. Ég held, að það sé ástæðulaust, a. m. k. meðan ekki koma fram óánægjuraddir frá þessum aðilum sjálfum, að breyta því fyrirkomulagi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 715 felld með 21:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—13. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
19.—21. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
27.—29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554, n. 712). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380, n. 623 og 629, 658). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Félmn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. á þskj. 380 um breyt. á sveitarstjórnarlögum til meðferðar og athugunar. Við athugun n. fór svo, að hún klofnaði og skiptist í meiri og minni hl. 6 nm. hafa lagt til á þskj. 623, að frv. verði samþ. með svofelldri breytingu:

„Við 1. gr. 110. gr. orðist svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem hvert um sig nær yfir eitt eða fleiri kjördæmi, og um Reykjavíkurborg eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr. Um svæðaskipun landshlutasamtakanna skal nánar kveðið á í reglugerð, er félmrh. setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga".

Með þessari breytingu ætti að vera komið í veg fyrir það, sem mér skildist, að hæstv. forsrh. óttaðist, að sveitarfélög væru knúin gegn vilja sínum til þess að vera í ákveðnum landshlutasamtökum. Tel ég sem einn af nm. og þeim, sem skrifað hafa undir þetta nál., að þessi breyting sé í raun og veru sjálfsögð og eðlileg.

Garðar Sigurðsson, hv 5. þm. Sunnl., hefur gefið út sérstakt nál. á þskj. 629, og gerir hann vafalaust grein fyrir því. Þá hafa og tveir hv. alþm. borið fram brtt. á þskj. 658. N. hefur ekki tekið neina afstöðu til þeirrar till. Ég held, að ég hafi þá ekki fleira um nál. að segja.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð, vegna þess að ég hef skilað sérstöku áliti um þetta mál á þskj. 629. Mitt álit er efnislega punktað þarna niður í örfáum orðum, og aðalatriðið í því er, að ég sé enga knýjandi nauðsyn á því, að lögin um landshlutasamtökin verði samþ. endilega nú strax. Það er vitað mál, að þessi landshlutasamtök eru í gangi og starfa sem slík og sinna þeim verkefnum, sem þau hafa valið sér að starfa að, verkefnum, sem eru talin upp nánar í þessu frv. Það eru ýmsar athugasemdir og reyndar kannske margar athugasemdir, sem unnt væri að gera við þetta frv., en ég bendi þó aðeins á eitt atriði í 1. gr. frv., þar sem er fjallað um 111. gr. í sveitarstjórnarlögunum, þar sem er að mínum dómi um nauðungarákvæði að ræða, og hljóðar svo, með leyfi forseta: „Sérhvert sveitarfélag á aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta". Í þessari mgr. sýnist mér felast, að hvert einasta sveitarfélag sé skyldugt til að vera í þessum samtökum, og það finnst mér ákaflega ósanngjarnt.

Fleiri atriði mætti svo sem nefna í þessu frv., sem hægt er að finna að og votta að mínu viti, að ekki hafi verulega vel verið unnið að því að setja þetta saman. Það er heldur kastað til þess höndunum, og þótt ekki væri nema fyrir þau rök ein, að þarna er um nauðungarákvæði að ræða í 111. gr., hef ég lagt til, að frv. verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Við, hv. 3. þm. Norðurl. v. og ég, höfum leyft okkur að flytja á þskj. 658 brtt. við frv., sem er um væntanlega 110. gr., en hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði kafla þessa gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, þ. e. samtök sveitarfélaga í hverju kjördæmi landsins. Heimilt er þeim landshlutasamtökum að hafa sameiginlega fundi og framkvæmdastjórn, áliti þau það hagkvæmt".

Innihaldið í þessu er í raun og veru það, að við teljum okkur hafa það mikla vissu fyrir áhuga íbúa í Norðurl. v., að þeir vilji athuga það mjög rækilega, og raunar höfum við fengið alveg ákveðnar ábendingar frá vissum sveitarstjórnum þar, að þeir vilja athuga það mjög rækilega, hvort ekki sé hyggilegra, að það séu sérstök landshlutasamtök sveitarfélaga í Norðurl. v. Að vísu gerir hv. meiri hl. félmn. nokkrar breytingar, þar sem talað er um, að landshlutasamtökin skuli ná yfir eitt eða fleiri kjördæmi, en okkur finnst eðlilegra, að þetta sé sett svona ákveðið, enda sé í leiðinni fullkominn möguleiki til þess fyrir 2 kjördæmi, eins og á sér stað á Norðurlandi, að vinna saman eins og þau hafa gert. Ég þarf ekki að endurtaka þau rök, sem ég hafði fyrir þessu við 1. umr. málsins, en mér finnst vera fyllsta ósamræmi í því, að á þessum eina stað séu tvö kjördæmi saman, en alls staðar annars staðar séu kjördæmamörk látin ráða.

Ég er hins vegar algerlega andvígur till. hv. 5. þm. Sunnl., um það að vísa málinu frá. Ég tel, að málið í heild sé mjög gagnlegt, og ég vil festa þessi samtök í miklu fastari skorður en þau hafa verið. Ég tel þess vegna, að frv. sem slíkt sé mikið til bóta, og er því meðmæltur að öðru leyti en þessu.

Ég get satt að segja ekki séð, að þó að þessi till. okkar hv. þm. Björns Pálssonar yrði samþ., væri verið að taka neina afstöðu gegn t. d. Norðurl. v., þar yrðu landshlutasamtök alveg eins og í hinu kjördæminu, og ef það skyldi koma upp að lokum, að þau vildu helzt hafa þetta sameiginlegt, þá er opin leið til að gera það. Sveitarstjórnir í öllum kaupstöðum og kauptúnum kjördæmisins og raunar einhverjum hreppum, að ég ætla, komu saman á fund á síðasta hausti, þar sem það var yfirgnæfandi vilji, að kjördæmið væri sjálfstæð eining, sjálfstæð samtök. Og þó að ég hafi ekki getað af veðurfarsástæðum komizt norður eins og fleiri þm. þennan dag, þá voru flestir þm. úr kjördæminu þarna mættir, og ég veit, að þeir geta vottað þetta með mér, auk þess sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur gert alveg einróma samþykkt í þessa átt, og a. m. k. bæjarráðið á Siglufirði hafði á síðasta sumri einnig samþ. slíkt álit. Ég veit vel, að það eru skiptar skoðanir í þessu efni, og auðvitað verða það heimamenn, sem ráða þessu. En mér finnst þeir nákvæmlega eins geta ráðið því, hvort þeir vinna saman, þó að þessi till. okkar yrði samþ.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta mál fékkst loksins tekið á dagskrá, en það hefur ekki sézt hér á dagskrá þessarar hv. d. á undanförnum dögum, og geta menn kannske

getið sér til, hvaða ástæður liggja til þess. Hér er þó um að ræða frv., sem 5 þm. úr öllum flokkum flytja, og var það borið undir þingflokkana, a. m. k. flesta, áður en það var flutt. En 2 hæstv. ráðh. hafa haft ýmislegt á hornum sér út af þessu frv. og svo mjög, að það átti varla að fást tekið á dagskrá einu sinni.

Ég vil ekki fara að lengja mál mitt með því að ræða þetta sérstaklega, en ég ætlaði að koma hér upp til þess að andmæla því, sem kom fram í máli hv. 5. þm. Sunnl. Hann taldi, að það væri engin nauðsyn að samþ. þetta frv. strax, og setti sig í dómarasæti yfir öllum þeim sveitarstjórnarmönnum, sem hafa unnið að þessu frv. og hafa gert ítrekaðar samþykktir um, að það verði samþ. Það munu vera nokkur hundruð sveitarstjórnarmanna á landinu, sem hafa lagt þarna hönd á plóginn og telja nauðsyn á að samþ. þetta frv. þegar í stað. Telja þeir sig fá bætta starfsaðstöðu með því. En þá kemur hér hv. 5. þm. Sunnl. og segir: Það er engin nauðsyn á þessu. — Slíkur málflutningur dæmir sig auðvitað sjálfur.

Þá taldi hv. þm., að í þessu frv. væri eins konar nauðungarákvæði, sem þröngvuðu sveitarfélögunum til þess að vera í þessum samtökum. Það hefur enginn dregið fjöður yfir, að það var gert ráð fyrir því, að öll sveitarfélög væru í þessum samtökum, og ég vil benda honum og öðrum á, sem eru svipaðrar skoðunar, að þetta er í fleiri lögum, t. d. er það í lögum, að hreppar skuli vera í sýslufélagi, — og er nokkur eðlismunur á því, að sveitarfélög séu þá skyldug til þess að vera í þessum samtökum? Það er stefnt að því að fá þessum samtökum veruleg verkefni. Löggjafarvaldið hefur þegar fengið þeim verkefni, og það liggur í loftinu, að þeim verði falin verkefni í vaxandi mæli. Það væri því afar óheppilegt, ef ekki væru til ákvæði í lögum um það, hvernig þessi samtök ættu að starfa, og enn fremur, ef einstök sveitarfélög væru algerlega utanveltu í þessum samtökum, ef löggjöfin færi síðar að fá þeim í hendur verulegt vald til þess að ráða málum, sem varða þann landshluta, sem þau starfa í, en það er auðvitað það, sem er stefnt að með þessu frv., að fá fólkinu í hinum ýmsu landshlutum meiri áhrif yfir eigin málum en áður.

Þá taldi þessi hv. 5. þm. Sunnl., að það væri kastað höndunum til þessa frv. Þetta frv. hefur verið í mótun alllengi og öll landshlutasamtökin hafa lagt þarna hönd á plóginn og Samband ísl. sveitarfélaga og það samþykkt áskorun um það, að þetta frv. næði fram að ganga — einróma áskorun á sínum fulltrúaráðsfundi, þar sem voru tugir sveitarstjórnarmanna hvaðanæva af landinu. Þetta frv. hefur því verið lengi í mótun. Það er fjarstæða, að það hafi verið kastað að því höndunum. Það mætti kannske ýmislegt í því laga, en það er alrangt, að það hafi verið kastað til þess höndunum. Og ég get ekki stillt mig um að minna hv. 5. þm. Sunnl. á það, þegar hann talar svona um þetta frv., að hann sagði hér í stórmáli fyrir 2 eða 3 dögum, að hans n. hefði fengið málið til afgreiðslu, hún hefði ekki sent það neinum til umsagnar og afgreitt það á einum fundi. Þetta var ekki að kasta til höndunum. Mér skildist þó á hv. þm., að hann hefði ýmislegt við frv. að athuga.

En ég vil svo að lokum fara aðeins nokkrum orðum um brtt. við þetta frv. frá hv. þm. Pétri Péturssyni og Birni Pálssyni. Mér sýnist, að sú till. geri ráð fyrir því að kljúfa Fjórðungssamband Norðlendinga með einhliða ákvæðum í þessum lögum, þ. e. a. s. með samþykki Alþ. Ég get ekki fellt mig við þessi vinnubrögð. Ég hefði viljað, að það kæmi fram brtt., og var búinn að lýsa þeirri skoðun minni, að það kæmi fram brtt. við þetta frv., þar sem það væri skýrt kveðið á, að það væri í höndum heimamanna sjálfra á Norðurl. v., hvort þeir vildu gera þetta eða ekki. Ég hafði formað ákveðnar till., sem ég lét raunar þessari hv. n., sem afgreiddi frv., í té, en nm. gátu ekki fallizt á þá till., og úr varð sú brtt., sem komin er fram um þetta efni. Það má vera, að till. minni sé áfátt, en ég vil ítreka þá skoðun mína, að það verði að vera í höndum heimamanna sjálfra, hvort þeir vilja gera þetta eða ekki, hv. Alþ. eigi ekki að setja ákvæði um að kljúfa þessi samtök, ef heimamenn vilja það ekki, það eigi að vera í þeirra höndum. En mér finnst alveg nauðsynlegt, að inn í þetta frv. komi slíkt ákvæði, og ég féllst á það með þeim, sem hafa gagnrýnt það hér, að það sé eðlilegt, að það komi inn í frv. ákvæði, sem leggi það í hendur heimamanna, hvernig þeir vilji haga þessu sérstaka máli.

Að öðru leyti vil ég svo aðeins hvetja til þess, að hv. þm. greiði fyrir því, að þetta frv. komist í gegn og það verði að lögum á þessu þingi. Það er áreiðanlega yfirgnæfandi meiri hl. þm., sem fylgir því, og það er einróma áskorun þeirra aðila, sem þetta frv. varðar, að það verði gert.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál, en vil taka fram, að ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. þeirri frávísunartillögu, sem hér liggur fyrir. Ég álít þetta mál ekki nægilega vel undirbúið, og skal ekki fara að endurtaka það, sem um það hefur áður verið sagt, en vil þó sérstaklega undirstrika, að félmrh. andmælti frv. einmitt á þeim grundvelli, en nú stendur þannig á, að hann hefur fjarvistarleyfi.

Ég vil geta þess, að mér er kunnugt um, að það hafa borizt óskir um að fá frv. til umsagnar frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Akureyri. Enn fremur hefur sýslumaður Þingeyjarsýslu sent mér skeyti, þar sem hann mótmælir frv. eindregið. Virðist því ekki vera eins mikil samstaða um þetta mál og það ekki eins vel undirbúið og sumir ákafir fylgismenn þess vilja vera láta.

Ég held, að þetta frv. leysi alls ekki þann vanda, sem ég geri ráð fyrir, að menn hafi í raun og veru viljað leysa, sem sé að fá þessum samtökum í hendur ákveðin, afmörkuð verkefni. Það vantar algerlega í þetta frv. Það er satt að segja eins og menn hafi setzt niður og hafi endilega viljað semja frv. um þetta efni, en hafi síðan í miðjum klíðum gefizt upp. Það vantar inn í þetta frv. í raun og veru þau efnis-

atriði, sem máli skipta í sambandi við samtök sveitarfélaga.

Þetta vil ég sem sagt láta koma fram eindregið sem mitt álit. En auðvitað verður meiri hl. Alþ. að ráða þessu, og ef hann sér ástæðu til þess að samþ. slíkt flaustur, eins og ég vil segja að þetta frv. sé, þá er ekkert við því að segja.

Ég verð að segja það, að eftir að ég hef lesið breyt., sem hv. meiri hl. n. gerir till. um, er mér alveg ómögulegt að skilja, hvað í þeirri breyt. felst, en með leyfi hæstv. forseta hljóðar hún svo:

„Ákvæði þessa kafla gilda um landshlutasamtök sveitarfélaga, sem hvert um sig nær yfir eitt eða fleiri kjördæmi, og um Reykjavíkurborg eftir því sem við á, sbr. einkum b-lið 112. gr“. Þetta væri skýrt, ef hún væri ekki lengri, en svo er bætt við: „Um svæðaskipun landshlutasamtakanna skal nánar kveðið á í reglugerð, er félmrh. setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga“.

Þarna er valdið alveg fengið í hendur félmrh., og mér er ómögulegt að skilja það, hvort hann hefur þá vald til þess að kljúfa einstök kjördæmi í sundur við þá svæðaskipun, sem hann ákveður í reglugerð. Mér er þessi brtt. sem sagt alveg óskiljanleg. Ég held, að það saki ekki, að þetta væri athugað ofurlítið betur, en annars endurtek ég það, að ég skal ekki frekar taka þátt í umr. um þetta mál.

Umr. frestað.

Neðri deild, 90. fundur.

Laugardaginn 14. apríl, að loknum 89. fundi.

Orkulög, frv. (þskj. 486). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 767).

Hæstiréttur, frv. (þskj. 486, 540 (sbr. 73)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 768).

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 479). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 769).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 554). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 770).

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 581, n. 650). — Frh. 2. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér hafa þegar farið fram talsvert miklar umr. um þetta frv. Það hefur komið fram í þeim, að ýmsir hv. þm. óska mjög eindregið eftir því, að þessu máli verði frestað að þessu sinni, svo að nokkru meiri tími gefist til að athuga einstök ákvæði í frv. varðandi heimildir um fiskveiðiréttindi í fiskveiðilandhelginni. Auk þess, sem hér hefur komið fram í umr. um málið, hafa komið til mín mjög margir þm., sem talið hafa rétt að fresta málinu. Þetta mál hefur verið rætt sérstaklega í fiskveiðilaganefnd, og eftir þær umr. hef ég sannfærzt um, að það væri eftir atvikum rétt að fallast á þá skoðun að fresta málinu nú. Meginvinnubrögð í þessu máli hafa verið þau hjá fiskveiðilaganefnd að reyna að ná samstöðu um málið á sem breiðustum grundvelli. Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila í landinu, eins og komið hefur fram í umr., einnig reynt að hafa samráð við alla alþm. En þrátt fyrir þá vinnu, sem þannig hefur verið unnin, hefur komið í ljós, að margir þm. telja sig þurfa að hafa lengri tíma til þess að ræða við sína umbjóðendur varðandi ýmsar mikilvægar breytingar, sem felast í frv.

Verði nú horfið að því ráði að fresta afgreiðslu þessa máls af þessum ástæðum hér á þessu þingi, er augljóst, að það verður að framlengja um nokkurn tíma þau lagaákvæði, sem um þetta fjalla og renna út 1. júlí n. k. Ég hef hugsað mér, að ef horfið verður að þessu ráði, að fresta málinu, þá yrði leitað eftir þeim heimildum, sem þarf til þess að framlengja núgildandi fiskveiðiréttindi í fiskveiðilandhelginni til ársloka eða um 6 mánaða tímabil. Þetta yrði þá gert með þeirri ákvörðun, að frv. verði lagt fyrir næsta Alþ. strax í upphafi þings eða í októbermánuði, þannig að tryggt megi heita, að hægt verði að koma því frv. fram og gera það að lögum fyrir áramót. Ég mun fara fram á það við fiskveiðilaganefnd, að áður en frv. verður lagt fram að nýju á næsta hausti, taki hún til sérstakrar athugunar þær till., sem fram koma frá einstökum þm. eða öðrum aðilum, og reyni að samræma till., sem fram koma,

eins og tök eru á, þannig að þær geti legið fyrir strax í byrjun næsta þings.

Mér er ljóst, að það hefði verið miklu betra, ef fyrri áætlun um að gera nú að lögum þau nýju ákvæði, sem í frv. felast, og láta þau taka gildi 1. júlí n. k. hefði getað staðizt. En það er ekki hægt að segja, að það skipti öllu máli, þó að eldri ákvæði varðandi fiskveiðiréttindin séu látin standa 6 mánuðum lengur en ráð var fyrir gert, þ. e. a. s. frá 1. júlí til áramóta, þannig að mönnum gefist þá frekari tími til þess að athuga þær till., sem hér liggja fyrir, eins og óskað er af mörgum þm.

Ég vil því lýsa yfir, að ég get fyrir mitt leyti fallizt á að hafa þennan hátt á. Ég tel ekki rétt að reyna að knýja þetta mál í gegnum þingið með mjög takmörkuðu samkomulagi við marga þm., sem óska eftir því að hafa þennan hátt á að fresta málinu. Ég get því fallizt á það, að þetta mál verði tekið út af dagskrá að þessu sinni og þessi háttur verði hafður á um framhald málsins.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta mál þegar í upphafi 2. umr. fyrir tveimur dögum. Nú sem málið hefur tekið nýja stefnu eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. sjútvrh. gaf, sem ég tek eindregið undir og fylgi alfarið, þá geymi ég mér alla frekari málsútlistun í trausti þess, að málið komi aftur fyrir til frekari meðferðar á haustdögum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það eru tvær mjög alvarlegar ástæður fyrir því, að Alþ. Íslendinga ber að afgreiða þetta frv. sem lög. Fyrri ástæðan er sú, að það líður varla sú vika, að fiskifræðingar okkar og aðrir, sem til þekkja, gefi ekki þjóðinni og ráðamönnum hennar alvarlegar aðvaranir um ástand fiskistofnana í kringum landið. Hin ástæðan er sú, að við eigum í vök að verjast í landhelgismálinu og málstaður okkar er hvað veikastur, þegar kemur að friðun. Það er breitt út um allan heim, það heyrist hvar sem farið er, að Íslendingum sé ekki treystandi til þess að vernda fiskstofna, þeir séu gráðugir fiskimenn, sem hafi ekki manndóm í sér til neinnar verndunar. Það er því nauðsynlegt og hefur raunar verið, síðan við færðum út landhelgina, að við setjum okkur fiskistefnu, bæði til þess að auka vernd okkar eigin fiskstofna og til þess að sýna umheiminum, að okkur er alvara í sambandi við útvíkkun landhelginnar að reyna að friða fiskstofnana og tryggja þá innan þessarar landhelgi.

Ég tel, að ríkisstj. og alveg sérstaklega hæstv. sjútvrh. hafi gersamlega brugðizt hlutverki sínu í þessum meginþætti landhelgismálsins. Það var skylda ríkisstj. að undirbúa nýja fiskveiðilöggjöf að þessu leyti og hafa hana til, um leið og landhelgin var færð út. Mér þykir það vera meira en lítið, sem gerist hér, eftir að þm.-nefnd hefur lett byrðinni af hæstv. ráðh., tekið af honum hlutverk hans og samið tiltölulega gott frv., sem þó gengur eins skammt og hægt er að ganga í verndunarátt, — frv., sem hæstv. ráðh. fékkst ekki til að flytja, — að hann skuli svo gangast fyrir því, að málinu verði vísað frá.

Við höfum margir fallizt á að afgreiða svona mál á einni viku eða svo, þó að það sé óforsvaranlegt um stórmál á Alþ., vegna þess að þetta mál er eitt af grundvallarmálefnum íslenzku þjóðarinnar, — mál, sem við erum alltaf að hugsa um allt árið um kring, og ef þm. vita nokkuð í sinn haus, þá hljóta þeir að bera eitthvert skyn á það sem þetta frv. fjallar um. Ef smávegis deilur eða hreppapólitík á að hræða okkur frá því að afgreiða þetta mál, þá er það ósigur í landhelgismálinu, þá erum við að gefa andstæðingum okkar höggstað á okkur, og það er óskemmtilegt, að sjálfur hæstv. sjútvrh. skuli hafa forustu um þetta. Ég vil því lýsa algerri andstöðu við þá stefnu, sem hann lýsti í ræðu sinni áðan, og heita á alþm. að sameinast um þetta frv. Ég veit, að það er erfitt fyrir svo að segja öll kjördæmin, en frv. gengur í rétta átt, það gengur í friðunarátt, að minni hyggju helzt til skammt, en ekki of langt. Við verðum einhvern tíma að reyna að hefja okkur upp yfir hreppapólitíkina og sýna, að við séum menn til að stjórna þessu landi og getum mótað stefnu, sem hjálpar okkur til þess að vinna landhelgismálið, en ekki að hafa uppi stefnu undanhalds í þessum efnum.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það væri nú kannske ástæða til að leiðrétta það, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, þar sem hann endurtekur hér á Alþ. hvað eftir annað atriði, sem hann hlýtur að vita, að er vísvitandi ósanningi. Hann heldur því hér fram, að ég hafi neitað að flytja það frv., sem hér var flutt af fiskveiðilaganefnd. Hv. þm. veit vel, að þetta eru alveg rakalaus ósannindi. Ég sagði hins vegar við fiskveiðilaganefnd, sem hafði samið þetta frv., að hún mætti hafa þann hátt á, hvort heldur hún vildi, þar sem hún hefði samið frv., að hún legði frv. fram og þeir menn væru flm. að frv., sem sömdu það, eða ég legði það fram, og n. kaus að hafa þennan hátt á. Þessi hv. þm. leyfir sér að skrökva að allri þjóðinni í útvarpsumr. og endurtaka svo hér, að ég hafi neitað að flytja frv. En hann ætti að vera maður að meiri og játa, að hann hafi skrökvað þessu upp.

Þessi hv. þm. hefur líka nokkrum sinnum talað um það hér, að ég hafi brugðizt hlutverki mínu í því að hafa ekki verið búinn að marka fiskveiðistefnu Íslendinga og leggja fram till. um hana, áður en við færðum landhelgismörkin út í 50 mílur. Svona geta auðvitað þeir einir talað að mínum dómi, sem vantar í rauninni allt vit í kollinn, varðandi a. m. k. þetta mál. Af hverju var ekki sjútvrh. Alþfl., sem var í starfinu á undan mér, búinn að móta þessa stefnu? Það var þó áður en landhelgismörkin voru færð út. Alþ. gerði hér beinlínis samþykkt um, að hafa þann hátt á, sem hafður hefur verið varðandi þetta mál. Alþ. ákvað sjálft, að sérstök þm.-nefnd skyldi semja till. um þessi mál í beinu framhaldi af því, sem áður hafði verið, og það var haft fullt samráð við alla flokka um þessi vinnubrögð. Hitt er vitanlega alveg út í bláinn

að tala um, að það hafi verið sérstök skylda mín að leggja hér fram till. um nýja fiskveiðistefnu, áður en við færðum út okkar landhelgismörk.

Hv. 8. landsk. þm. talar um það, að hann heiti á alþm. að samþ. þetta frv., og það var helzt á hans orðum að skilja, að hann væri að heita á alþm. að láta nú ekki ráðh. beygja sig í þessu máli. Enginn mundi fagna því meira en ég, ef það tækist samstaða um það á Alþ. að afgreiða málið. Ég stend með þessu frv., — það veit hv. þm. En það er auðvitað ekkert annað en að neita staðreyndum, þegar það kemur hér fram við afgreiðslu málsins, að hver þm. á fætur öðrum lýsir því yfir, að þeir óski eftir því, að málinu verði frestað, og mér bar auðvitað skylda til að taka afstöðu til þess, þegar mjög margir þm. fara fram á nokkurn frest í málinu. Ég tel það ekki hyggilegt að reyna að keyra í gegnum þingið mál af þessu tagi, og tel miklu farsælla, að menn fái að athuga tiltölulega nýframlagt frv., sem þeir hafa ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér fyrr en nú síðustu dagana, ef þannig mætti skapast sterkari samstaða um að setja lög varðandi þetta efni. Hitt liggur mér svo í léttu rúmi, þó að þessi hv. þm. reyni að slá sig til riddara á því, að hann sé einhver forustumaður í landhelgismálinu og gangi hér fram fyrir aðra, þótt hann tali á þann hátt, sem hann gerði hér áðan.

En það ætla ég að segja, að lítið lið hefur verið að þessum hv. þm. í því að flytja okkar málstað í landhelgismálinu á erlendri grund, ef hann hefur túlkað það á þá lund, sem hann gerir hér, að við Íslendingar séum gráðugir fiskimenn, sem séum að eyða fiskstofnunum hér við landið. Hann hefði hins vegar mátt segja útlendingum, hvað við gerum miklu meira en allar aðrar þjóðir til þess að friða fiskstofna okkar, þannig að útlendingar eiga erfitt með að trúa því, hvað við höfum þegar í gangi strangar reglur varðandi okkar veiðar. Ég hef bent á það áður í umr., að við höfum bannað með öllu ýmis veiðarfæri, sem eru heimiluð annars staðar. Við höfum sett mjög strangar hömlur á önnur veiðarfæri, sem almennt eru notuð annars staðar. Við veitum ekki heimildir til þess að veiða nema mjög stuttan tíma á árinu ýmsar fisktegundir, sem veiddar eru allt árið í nálægum löndum. Og við höfum sett mjög miklar hömlur á togveiðar hér við land.

Ég skal ekki fara að eyða tíma þingsins í að rekja þetta og fræða hv. þm. um þessi atriði. En það er algerlega rangt að halda því fram, að við Íslendingar stöndum eitthvað höllum fæti í landhelgismálinu, vegna þess að við stundum hér sérstaka rányrkju á okkar miðum. Það er auðvitað alltaf svo við fiskveiðar, að það er hægt að nefna einstök dæmi um, að það hafi verið stundaðar veiðar, sem ekki hefði átt að stunda. En ef við berum okkur í þessum efnum saman við það, sem er í nágrannalöndum okkar, þá er þar mikill munur á.

En aðalatriðið í þessu efni er að halda þannig á afgreiðslu þessa máls, að það geti tekizt víðtæk samstaða um það. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Það hefur farið þannig áður hjá okkur Íslendingum, að þegar reglur hafa verið settar um veiðiheimildir, þá hafa þær ekki staðizt í framkvæmd og við höfum orðið að játa það hér á Alþ., að þær hafi verið brotnar af öllum og menn ekkert farið eftir þeim, og brotin hafa satt að segja hrannast upp. Það var fyrst þegar við fórum þá leið að reyna að vinna að því í ró að ná víðtæku samkomulagi hér á Alþ. um fastar reglur varðandi veiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar, að við náðum verulegum árangri í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti met það því mjög mikils, ef hægt er að ná sterkri samstöðu hér á Alþ. um framkvæmd í málinu. Hitt má vera alveg ljóst, að ef tök eru á því að fá málið afgr. á þessu þingi með sæmilegri samstöðu þm., þá stendur ekki á mér að samþ. það. En ég hef tekið undir það að geta fallizt á að fresta málinu um 6 mánaða tímabil, vegna þess að ég hef sannfærzt um, að mikill meiri hl. alþm. óskar eftir því, að sá háttur verði hafður á, og þar fer ég auðvitað eftir því, hverjir hafa komið til mín og rætt við mig um að hafa þennan hátt á framkvæmd málsins.

Það er auðvitað mesti misskilningur, að það sé verið að létta einhverri byrði af mér, eins og hv. 8. landsk. þm. sagði, — að það væri verið að létta einhverri byrði af mér í sambandi við þetta mál. Það er enginn vafi á því, að það að fresta þessu máli mun stórkostlega auka byrðarnar á mér, á meðan ég gegni því starfi, sem ég gegni, vegna mjög mismunandi skoðana um það, hvernig eigi raunverulega að ganga frá þessum málum. En ég vil gjarnan taka á mig aukinn vanda, ef lausnin, sem fæst, verður haldbetri í staðinn. Það er það, sem skiptir öllu máli.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum nota þetta tækifæri til þess að lýsa andstöðu við þá skoðun eða beiðni, sem mér virðist hafa komið fram hjá hæstv. sjútvrh., að við frestum afgreiðslu þessa frv. á þessu þingi. Um frv. almennt má segja, að það inniheldur ákvæði, sem ganga mjög í friðunarátt á fiskimiðunum umhverfis landið frá gildandi reglum, og ég lít á það sem mjög verulegt framlag af okkar hálfu í landhelgisbaráttu okkar Íslendinga á erlendum vettvangi, ekki sízt í þeim samningum, sem reynt er að ná við Breta og Vestur-Þjóðverja nú á næstu mánuðum.

Til viðbótar þessu vil ég taka það fram, að ég er afar vantrúaður á, að frestur á frv. um 6 mánuði þýði það endilega, að meiri samstaða fáist um það hér á hv. Alþ. eða meðal þeirra landsmanna, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við fiskveiði við landið. Ég þykist um þetta geta talað af nokkurri reynslu, því að ég átti sæti í fiskveiðilaganefnd, þeirri hinni fyrri, sem undirbjó mjög svipaðar till. um togveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslendinga fyrir nokkrum árum, ég fór með öðrum nm. á fundi um allt landið og ég sannfærðist af því þá, að svo mjög eru hagsmunir fiskimanna og annarra, sem starfa að fiskveiðum og fiskvinnslu mismunandi og ósættanlegir, að þetta er eitt af þeim málum, sem er útilokað að mínu viti að ná algeru samkomulagi um hjá þeim, sem mest eiga undir því.

Ég get ekki heldur fallizt á það, að hv. alþm. hafi ekki í allan vetur haft nægileg tækifæri til þess að fylgjast með þeirri tillögugerð, sem hér liggur fyrir í frv.-formi og er flutt af fiskveiðilaganefnd. Ég veit ekki betur en að fiskveiðilaganefnd hafi haft fundi með þm. allra kjördæma, hvers út af fyrir sig, til þess að kynna þær hugmyndir, sem uppi væru um þær reglur, sem mætti setja um þessi efni fyrir þau hafsvæði, sem liggja úti fyrir viðkomandi kjördæmum. Mér er ljóst, að það er mannlegt, að hv. þm., sem fá nú send í skeytum og bréfum á síðustu stundu mótmæli frá ýmsum aðilum í þeirra kjördæmum gegn þeim reglum, sem frv. hefur að geyma, — það er mannlegt að óska eftir því, að frv. verði frestað. En ég lít þannig á, og hef raunar áður sagt, að þeir séu að skapa sér stundarfrest með þessu. Þeir munu standa frammi fyrir sama vandamáli, þurfa að taka ákvarðanir í þessum efnum eftir 6 mánuði eða hvað nú það er, og kannske verður þá vandamálið ekki minna fyrir þá en það er í dag.

Ég fæ ekki séð af þeirri þekkingu, sem ég hef fengið í sambandi við þessi mál, að við getum leyst með samkomulagi nein af þeim vandamálum, sem upp hafa risið vegna ákvæða frv., án þess að skapa önnur í staðinn. Ef við gefum togveiðunum meiri og rýmri heimildir en þær eiga að hafa samkv. ákvæðum frv., þá fáum við andstöðu frá öðrum fiskimönum, sem nota annars konar veiðarfæri og hafa aðra hagsmuni, þannig að ég fæ ekki á nokkurn hátt séð, að frestur í þessu máli leysi neina hnúta. Ég er afar vantrúaður á, að það sé svo, og ég lít á það sem skyldu Alþingis Íslendinga að greiða atkv. um þau ágreiningsatriði, sem eru uppi um þetta mál, og sjá, hvaða meiri hl. er hér fyrir frv. nú á þessu þingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. greip til þess örþrifaráðs í ræðu sinni að bera mér á brýn, að ég héldi því fram á alþjóðlegum vettvangi, að Íslendingum væri ekki treystandi til friðunar. Ég sagði í fyrri ræðu minni, að þessu væri haldið fram af andstæðingum okkar, og get fært nógar sannanir fram til að styðja þá skoðun, það hlýtur hver maður að vita, sem nokkuð hefur fylgzt með landhelgismálinu. Og ég vil taka það fram, að þótt ég sé stjórnarandstæðingur hér á Alþ. og heima, þá er ekki til harðari stjórnarsinni en ég, strax og ég er kominn út fyrir 50 mílurnar, og við hvert tækifæri, sem ég hef haft til að segja eitthvað um landhelgismálið í eyru annarra en Íslendinga, hefur það verið fullkomlega í samræmi við ríkjandi stefnu og algerlega án tillits til umræðna, sem hér kunna að fara fram. Ég vil því frábiðja mér það með öllu að þurfa að hlusta á dylgjur um það, að ég sé ekki tryggur íslenzkum málstað í þeim efnum, ef það hefur verið ætlun ráðh. að halda slíku fram, svo sem mér heyrðist.

Það var að heyra á hæstv. ráðh., að hann væri hneykslaður á því, að menn skuli ætlazt til þess, að sjútvrh. Íslendinga hafi forustu í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar. Hann virðist vera undrandi á því, að ég skuli telja það sjálfsagðan hlut, að sjútvrh. eigi að hafa forustu um sjávarútvegsmál, og þá í þessu máli öllum öðrum málum framar. Ég lít svo á, að það sé hans hlutverk og það þýði ekki að fleygja verkefninu í hendurnar á n. alþm. og koma síðan ekki nálægt því, nema til þess að rísa hér upp á Alþ. síðdegis á laugardegi til að biðja menn að fresta málinu. Til hvers?

Ég tek algerlega undir það, sem síðasti ræðumaður sagði, að það eru engar líkur á því, að frestun verði til þess að gera þetta mál auðleystara. Allar líkur benda til þess, að þetta mál muni verða erfiðara úrlausnar, ef við frestum því. Ég vil því skora á hæstv. ráðh. að hætta þessu undanhaldi, hætta þessu forustuleysi og gera það, sem hann sjálfur sagði, að væri skoðun hans, vinna að því, að þetta frv. verði afgreitt. Það verður vafalaust farsælast fyrir okkur, bæði á innlendum vettvangi og ekki síður á erlendum vettvangi, í baráttu okkar fyrir því að vinna orustuna um 50 mílna mörkin.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál að þessu sinni. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til frv. í ræðu í gær, og þar kom fram, að ég tók undir það meginsjónarmið, sem fiskveiðilaganefnd hefur starfað eftir, sem mér virðist vera friðunarsjónarmiðið. Ég tel það ákaflega mikilvægt og tel, að n. hafi unnið eftir því, og undir það vil ég taka. Hins vegar gat ég þess, að þrátt fyrir það frv., sem hún hefði lagt fram, væri eitt og annað, sem mætti athuga betur í frv. og í þessu máli. Þess vegna gerði ég það að till. minni hér eða benti á, að það væri heppilegri málsmeðferð, eins og nú væri komið, að málið yrði skoðað frekar, það yrði skoðað í sumar, það yrði sent til umsagnar þeim aðilum, sem ekki hefur gefizt kostur á að segja álit sitt á frv., eins og það liggur fyrir fullbúið frá hendi n. Ég er andstæður þeirri skoðun, sem hér hefur fram komið hjá þeim hv. þm. tveimur, sem talað hafa á undan mér, að það muni ekkert gerast á þessum tíma. Ég tel þvert á móti, að það muni verða til þess að auðvelda mjög farmgang þessa máls og sameina kraftana um þetta frv., ef við höfum þennan háttinn á. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu, sem kemur frá hæstv. sjútvrh. að hann sé því hlynntur, að málinu verði frestað með það fyrir augum, að það verði skoðað betur í sumar og því verði vísað til umsagnar þeirra aðila utan þingsalanna, sem hafa á þessu áhuga. Þess vegna endurtek ég þá ábendingu, sem ég kom fram með í gær, að málinu verði frestað til haustsins.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur verið rætt hér að undanförnu um það, að hér kæmu til afgreiðslu mörg stór mál, sem þyrftu að ná fram að ganga á örskömmum tíma, þar sem ákveðið hefur verið, að þinglausnir fari fram fyrir páskahelgi. Það hefur verið gagnrýnt og með réttu, að þetta eru ekki sæmileg vinnubrögð hjá Alþ. Eitt af þeim málum, sem manni hefur fram til þessa skilist að stæði til að afgreiða, er þetta stórmál, sem að mínum dómi er stærst af öllum þeim málum, sem hér hafa komið til umr.

Það er alls ekki rétt, sem hv. 2. þm. Reykn. segir, að þm. hafi átt kost á því í allan vetur að kynna sér, hvað fram færi í þessu máli. Það er frá mér að segja, að ég sat einn fund með fiskveiðilaganefnd, þar sem einvörðungu var rætt um þær till., sem hún hugðist leggja fram varðandi landhelgina úti fyrir því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, og alls ekkert annað, en till. þar um voru ekki einu sinni mótaðar til fullnustu.

Það er fyrst þegar málið er lagt hér fram, að ég fæ nokkra heildarsýn yfir það. Og svo er til þess ætlazt, að á örfáum dögum í þessum miklu önnum, móti menn afstöðu sína til þessa máls, langstærsta málsins. Sá málflutningur að halda því fram, að með því að leggja til frestun og að málið verði íhugað og reynt verði að ná um það samstöðu, þá séu menn að sýna einhverja linku í sókninni fyrir 50 mílunum, það er tvímælalaust að slá fyrir neðan beltisstað, nauðaómerkilegur málflutningur, að ekki sé meira sagt. Ég þykist eiga á því kröfu að fá tíma til þess að rannsaka málið allt, til þess að mér gefist kostur á því að móta afstöðu mína til þess, ella bannar samvizkan mér algerlega að taka þátt í afgreiðslu þess. (Gripið fram í). Fyrir íslenzkan málstað. Þetta var líka fyrir neðan beltisstað. Það er því rétt, að 8. landsk. haldi sig við það. En það liggur alveg ljóst fyrir, að mjög mikill meiri hl. alþm. — það hef ég kynnt mér, — er því fylgjandi, að þessi sjálfsagði háttur verði hafður á um afgreiðslu málsins. Sá málflutningur, sem hafður hefur verið í frammi a.m.k. af hv. 8. landsk., er einvörðungu í því skyni að reyna að koma höggi á pólitískan andstæðing.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Friðunar- og verndaraðgerðir á fiskimiðum okkar Íslendinga eru eitt af okkar allra stærstu málum. Það er bæði vegna þess, að það er nauðsyn vegna fiskstofnanna og fiskveiðanna, en í annan stað, eins og hv. 8. landsk. þm. Benedikt Gröndal, benti á, hefur það ákaflega mikla þýðingu varðandi kynningu málsins og allan áróður fyrir okkar málstað út á við, að við sýnum í verki, að við viljum verndun og friðun fiskstofnanna. Ég er einn þeirra manna, sem hafa talið, að of skammt hafi verið gengið í þeim efnum, bæði hjá núv. og fyrrv. ríkisstj., og hefði þurft að gera miklu meiri átök í þeim efnum. Hins vegar er vissulega ástæða til að fagna því, að nú er komið þetta ítarlega og að mörgu leyti vel undirbúna frv. frá fisgveiðilaganefnd. Ég skal að sjálfsögðu taka það fram, að í sumum efnum finnst mér það frv. ganga of skammt og í öðrum efnum er kannske gengið full harkalega fram í friðunaraðgerðum. Allt þetta þarf skoðunar við. En í heild fagna ég frv. Ég tel, að það væri ákaflega mikilvægt, að við gætum sem fyrst afgreitt þetta mál, og ég tel það miður, ef það verður að bíða haustsins.

Hitt er auðvitað fjarstæða ein, að ætla sér á örfáum dögum að afgreiða slíkt mál sem þetta. Frv. var útbýtt í þessari viku, mánudaginn 9. apríl, og tveimur dögum síðar afgreiðir meiri hl. sjútvn. þessarar hv. d. málið og segir í nál.: „N. ræddi frv. á fundi sínum í dag", þ.e. a.s. á einum fundi. Frv. var ekki sent til umsagnar neinna aðila. Þetta ber nokkurn vott um það, hvernig vinnubrögðin hafa verið og tímahrakið í þeirri n. Þegar það er athugað, að í þessari sömu viku, sem ætlazt er til, að þetta stóra mál sé athugað og afgreitt, hefur ríkisstj. dembt yfir Alþ. ofan á öll önnur mál 11 nýjum stjórnarfrv. eða stjórnarmálefnum í þessari einu viku. Þessi vinnubrögð eru með þeim endemum, að ég veit ekki til þess, a.m.k. ekki þau ár, sem ég hef verið á þingi, að neitt svipað hafi átt sér stað. Og svo á að slíta þingi eftir örfáa daga.

Ég held, að í rauninni væri vel hægt að ná samstöðu á Alþ. um þetta mikilvæga mál, en til þess þarf auðvitað tíma. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að slíkt stórmál sé afgreitt á örfáum dögum, það þarf til þess nokkrar vikur, og þá er ég þess fullviss, að takist á Alþ. að ná samstöðu í málinu.

Ástæðan til þess vanda, sem hér hefur skapazt og nú hafa orðið harðar deilur um á þessum fundi, er eingöngu sú þráhyggja hæstv. ríkisstj. að ætla að slíta þinginu nú eftir nokkra daga og gefa ekki Alþ. eðlilegt tóm til að íhuga og afgreiða hin stærstu mál. Ef ríkisstj. félli frá þessari þráhyggju og þingið starfaði um nokkra hríð eftir páska, væri vafalaust hægt að leysa þetta mál á viðunandi og góðan hátt, eins og mörg önnur. En ef ríkisstj. heldur fast við þessa mjög svo óskynsamlegu ákvörðun sína, þá sé ég ekki, hvernig er möguleiki á því að afgreiða þetta mál.

Meginatriðið í þessu máli í dag er því þetta: Ætlar ríkisstj. að halda fast við þessa ákvörðun sína um að hraða málum hér í þinginu, þannig að þau fái ekki eðlilega meðferð í n. eða á þingfundum, eða þá láta mál daga uppi, eða ætlar hún að gefa Alþ. eðlilegan tíma til þess að viðhafa þau vinnubrögð, sem því sæma?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að hér er um stórmál að ræða. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka. Í þeirri n. varð fullt samkomulag. Þó að frv. væri lagt fram seint, var miðað við þær forsendur og ástæða talin til að ætla, að samkomulag gæti orðið um þetta stóra mál á þingi og að það yrði afgr., þó að skammur tími væri til stefnu. Það hefur hins vegar sýnt sig alveg greinilega í þeim umr., sem hér hafa farið fram, bæði í þingsalnum og eins manna á milli, að því fer fjarri, að það sé fullt samkomulag um afgreiðslu þessa máls. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti fallizt á þá málsmeðferð, að það væri óskynsamlegt af stjórnarinnar hálfu að knýja þetta mál fram á svo stuttum tíma sem til stefnu er.

Það má segja, að þó að fiskveiðilaganefnd hafi unnið hið ágætasta starf, farið víða um landið og haldið fundi, hlustað á menn, þá hafði hún ekki á þeim fundum upp á vasann það frv., sem hún hefur lagt fram, hafði jafnvel ekki upp á vasann þær hugmyndir, sem hún hafði í huga og mótað hafa þetta frv. Þess vegna hafa einmitt

þessir hagsmunaaðilar, sem talað var við á sínum tíma úti um landið, ekki séð eða getað athugað frv. í endanlegri mynd. Það er ekki óeðlilegt, þó að þeim gefist kostur á því að fá að sjá og athuga það, áður en það er afgreitt. Auðvitað er það einnig rétt, sem hér kom fram hjá þm. áðan, að þótt fiskveiðilaganefnd hefði samband við þm. úr hverju kjördæmi, þá var það svo, að þær viðræður, sem hún átti þá við þm., snerust aðeins um það sérstaka kjördæmi, sem þeir voru fulltrúar fyrir. Þeir höfðu því ekki aðstöðu til þess að fá að sjá þá heildarmynd, sem nú blasir við, eftir að frv. liggur fyrir. Og það sýnir sig, þegar sú heildarmynd liggur fyrir, að þrátt fyrir það, að menn séu yfirleitt á því máli, að stefnt sé í rétta átt, er þó margvíslegur skoðanamunur fyrir hendi. Við þessar aðstæður tel ég mjög óeðlilegt, ef t.d. stjórnin færi að reyna að beita þingmeiri hl. sínum til þess að knýja þetta mál fram á þessum örstutta tíma. Ég fellst þess vegna algerlega á þá málsmeðferð, að málinu sé frestað og það verði skoðað í sumar. Það er hægt að framlengja þau lög, sem nú eru í gildi. Þau lög geyma víðtækar heimildir, að ég hygg, til handa sjútvrh. til ýmiss konar friðunaraðgerða. Og það er að athuguðu máli eftir nánari skoðun hægt að beita þeim, ef mönnum sýnist það rétt vera.

Svo vil ég taka það fram, að ég held, að það geti ekki haft nokkur minnstu áhrif á úrslit landhelgismálsins og lausn þeirrar deilu, sem við eigum í við Breta og Vestur-Þjóðverja, hvort þetta frv. verður að lögum á þessu þingi eða hinu næsta.

Svo vil ég taka það fram út af því, sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen sagði hér um þau vinnubrögð, sem við væru höfð hér á Alþ. síðustu daga og menn hafa nokkuð borið sér í munn öðru hvoru, að það er í sjálfu sér ástæða til að taka það nánar til athugunar, hvort þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð á þessu þingi, hafa verið frábrugðin þeim vinnubrögðum, sem viðgengizt hafa á öðrum þingum. Ég hef setið á allmörgum þingum og ég minnist ekki eins einasta þings, þar sem ekki hafa einmitt verið miklar annir síðustu þingdagana, alveg nákvæmlega sama hvort þinginu var slitið í apríl eða maí eða jafnvel þó að það hafi dregizt fram í júnibyrjun. Það má segja, að það sé visst ólag á starfsháttum Alþ. að þessu leyti. En þetta eru nú þeir starfshættir, sem hafa viðgengizt hér um áratugabil, að einhvern veginn hefur það orðið svo, að málin hafa viljað safnast saman og ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu fyrr en á síðustu dögum þingsins. Það er enginn vandi að telja upp mál, sem við höfum verið að afgreiða hér undanfarna daga og jafnvel í dag og voru lögð fram af stjórnarinnar hálfu í þingbyrjun og hafa legið fyrir Alþ. í allan vetur. Það er ósköp auðveldur reikningur, eins og hv. þm. var að fara með, að síðustu viku hefðu verið lögð fram hér 11 stjfrv., en hann veit mætavel eins og hver og einn einasti alþm., að a.m.k. helmingur þeirra frv. er lagður fram í kynningarskyni, en ekki til þess að fá þau afgreidd á þessu þingi. Það hafa hingað til ekki verið taldir sérstaklega bágbornir starfshættir þingsins að gefa hv. alþm. tækifæri til þess, áður en þeir fara heim af þingi, að fá í hendur mál, sem ætlunin er að leggja fyrir næsta þing og afgreiða þar, til þess að þeir geti kynnt sér þau. Þetta eru ekki ný vinnubrögð, þau hafa tíðkazt, og það eru réttmæt vinnubrögð, Það eru ekki mörg mál, sem sjórnin hefur lagt fram á síðustu 2—3 vikunum, sem hún hefur lagt og leggur áherzlu á að fá afgreidd. Það eru frv. um fiskveiðasjóð, iðnlánasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og eitt eða tvö í viðbót. Það eru ekki nema 5—6 mál. Þetta er sannleikurinn alveg umbúðalaus. Svo geta menn óskapazt yfir því, að það séu svo voðalegir annadagar hér á Alþ., að þm. hafi ekki tíma til þess að kynna sér mál og lesa málin, sem lögð hafa verið fram. Þeir geta geymt að kynna sér þau mál, sem bara eru lögð fram til kynningar, og geta lesið þau, þegar heim kemur. Það er ekki einu sinni ætlunin að hafa framsögu og hefur ekki verið gert og verður ekki gert fyrir þeim málum, sem aðeins eru lögð fram til kynningar.

Hvað hafa annirnar svo verið óskaplegar á þessu þingi? Tvær eða þrjár síðustu vikurnar hafa verið haldnir fundir á Alþ. alla virka daga vikunnar. Það eru nú öll ósköpin, en í allan vetur, að segja má, hafa ekki verið haldnir fundir á föstudögum og laugardögum. En það er vitaskuld ekki ætlazt til þess, að þm. hafi frí þá daga. Þeir eru á fullu kaupi. Þá er ætlazt til þess, að þeir vinni í n. Ég vil segja, — það má telja saman og reikna út, — að það séu tiltölulega fáar undantekningar, að það hafi verið haldnir kvöldfundir hér á Alþ. í vetur, líka síðustu daga. Og það mun vart vera dæmi þess, að það hafi verið haldnir næturfundir á þessu þingi, ekki heldur síðustu daga. Ég man hins vegar, að í tíð fyrrv. stjórnar, þegar hv. þm. Gunnar Thoroddsen var fjmrh., voru næturfundir haldnir hér á Alþ. og kvöldfundir æ ofan í æ.

Sannleikurinn er sá, að þó að menn séu að tala um það núna, stjórnarandstæðingar, að það sé verið að gera Alþ. að afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. og það sé óforsvaranlegt að ljúka Alþ. á þessum tíma og láta það fara heim frá mörgum óafgreiddum málum, þá er, ef við viljum vera hreinskilnir, þetta tal í stjórnarandstæðingum núna alveg nákvæmlega sama og það, sem við, sem nú sitjum í stjórn og erum í meiri hl., sögðum, á meðan núv. stjórnarandstæðingar fóru með stjórnartaumana, — ekkert annað, það er alveg nákvæmlega það sama. Þá var oft sagt, að Alþ. væri ekkert annað en afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj.

En þetta tal hér á Alþ. og í blöðum er eitt af því, sem er sagt og ekki má taka allt of hátíðlega. Mér hefur þótt ástæða til þess að minnast á þetta, af því að mér finnst, að mönnum hafi upp á síðkastið orðið heldur tíðrætt um annirnar á Alþ., þó að menn þurfi að vinna til kl. 7 hvern dag í tvær eða þrjár vikur, þá finnst mér það ekki til að óskapast yfir.

En þetta var útúrdúr. Aðalatriðið var, að ég vildi lýsa samþykki mínu við þá málsmeðferð, sem fyrirhuguð er í þessu máli, og tel hana eftir atvikum skynsamlega, að fresta afgreiðslu málsins, en vera ekki að knýja það fram, þegar vitað er, að mikið ósamþykki er á milli þm. Auðvitað er mér ljóst eins og öðrum, að þetta er

viðkvæmt hagsmunamál og verður seint á því haldið þannig, að um það náist alger samstaða allra. Hins vegar er sjálfsagt að halda þannig á málinu, að það sé reynt hið ítrasta til að ná sem víðtækastri samstöðu um það.

Það má með réttu segja, að fiskveiðilaganefnd hafi verið helzt til sein að leggja þetta frv. fyrir Alþ., og þegar það móti von manna reyndist svo, að það er ekki sú samstaða á Alþ. um málið, sem ætla hefði mátt, eftir að fulltrúar flokkanna í n. höfðu allir orðið sammála, þá tel ég ekki rétt að knýja á um það.

Auk þess vil ég taka það fram, að ég tel, að við í stjórninni höfum sýnt fullan samstarfsvilja um þau mál, sem við höfum verið, — ég skal játa það, — helzt til seinir að leggja fram — þessi mál, sem ég nefndi áðan. Og við höfum gengið til móts við vissar óskir um breytingar, sem þar hafa komið fram frá stjórnarandstöðunni.

Viðvíkjandi því, hvenær þingi eigi að ljúka, þá þarf að setja markið einhvers staðar, og mín reynsla er sú, að það fari ekki að koma sá skriður, sem þarf, á þingstörfin, fyrr en búið er að setja það markmið, hvort sem það er sett hálfum mánuði fyrr eða þremur vikum fyrr, það má segja, að það sé aukaatriði. Það verða hvort sem er eftir og er eðlilegt að séu eftir og eiga að vera eftir ýmis mál, sem lögð eru fyrir Alþ., af því að þau hafa ekki verið lögð þar fram til þess að hljóta þar afgreiðslu, heldur til þess að kynna málin þar.

Um sum önnur mál, sem nokkrar umr. hafa orðið um hér síðustu dagana og vafizt hafa fyrir mönnum, þá vil ég enn endurtaka það, að það er ekki af því, að þau mál hafi verið lögð fram af stjórnarinnar hálfu seint á þingtíma, þótt hv. alþm. hafi ekki gefizt tóm til að íhuga þau, heldur hafa þau mörg hver, eins og ég sagði áðan, legið fyrir Alþingi frá því snemma á þessu þingi og sum jafnvel frá hinu fyrra þingi. Skraf um, að það sé ófært óðagot að setja það mark, að Alþ. eigi að ljúka fyrir páska eða á miðvikudag, er því alveg ástæðulaust. Vitaskuld er það svo, að hvaða ríkisstj. sem er og ákveður það mark, gerir það ekki án þess að tala við forustumenn stjórnarandstöðunnar. Ég hef rætt það mál við formenn stjórnarandstöðunnar, og ég veit ekki annan en það sé í fullu samráði við þá, að sú ákvörðun var tekin að láta þinglausnir fara fram n. k. miðvikudag.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal verða við þeirri beiðni að vera ekki langorður að þessu sinni.

Mér sýnist, að þetta mikilsverða og stóra mál ætli nú á síðustu stundu að taka nokkuð aðra stefnu en a. m. k. ráð var fyrir gert í byrjun. Ég held, að það hafi aldrei verið neitt vafamál innan þeirrar n., sem um þetta mál fjallaði og hafði með það að gera, að það var hennar ætlun, að þetta mál næði fram á þessu þingi, og ég hygg, að það hafi líka verið ætlun hæstv. sjútvrh., að svo yrði. En nú hafa sem sagt komið á síðustu stundu óskir nokkurra þm., — ég veit ekki hversu margra — um, að málinu yrði frestað. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, að slíkt komi fram. Ég gekk þess aldrei dulinn, að slíkt mál sem þetta yrði aldrei í hendur Alþ. búið, án þess að þingið sjálft yrði á einhverju stigi eða í einhverjum tilvikum að höggva á þá hnúta, sem ekki næðist samkomulag um. Það hefði þurft að gera í sambandi við þetta frv., eins og það liggur fyrir, og það mun vafalaust þurfa að gera, þrátt fyrir það, að þessu máli verði frestað fram á haust og jafnvel þó að nýtt frv. verði samið. Ég held, að það liggi í augum uppi, svo geysiþýðingarmikið og stórt mál sem hér er um að ræða, að þar verði ýmsir hnútar, sem alþm. verði sjálfir að höggva á með atkvgr. í þinginu, — það verður ekki samkomulag í öllum tilvikum.

Hvað er það svo, hvaða óskir eru það frá þessum hv. þm., sem um er að ræða? Ég hef ekki heyrt í þingræðum þeirra hv. þm., sem ég hef hlustað á, harða gagnrýni á meginstefnu málsins, ég hef ekki heyrt till. bornar fram af hv. þm. um þau atriði, sem þeir vildu breyta, í meginatriðum. Mér er tjáð, og mér skilst, að flestar hafi þessar óskir verið hjá þm. Norðurl. e. eða þm. Norðurlands, og ég hefði gjarnan viljað fá að heyra, hvaða óskir það eru, sem þessir hv. þm. vildu koma á framfæri eða teldu rétt að teknar væru til greina við afgreiðslu málsins. Ég er nefnilega ekki trúaður á, þó að málinu verði frestað til hausts, að það náist meiri samstaða um það þá en hefur þó náðst núna. Og ég vísa því algerlega á bug, sem hér hefur verið haldið fram af nokkrum ræðumanna, að þm. almennt hafi ekki fengið tækifæri til þess að fylgjast með þróun þessa máls, eins og það hefur gengið fyrir sig. Ég vísa því jafnframt á bug, að hagsmunasamtök, bæði hópar og einstaklingar, hafi ekki fengið allt frá byrjun málsins vitneskju um það, sem var að gerast.

Eitt af fyrstu verkum n., sem um þetta mál fjallaði og hefur haft það með höndum, var að senda út beiðni til hinna ýmsu hagsmunahópa, félagasamtaka og einstaklinga um óskir þeirra og till., að því er þetta mál varðaði, þannig að allir þessir aðilar hafa haft nægan tíma til þess, hefðu þeir haft sérstakan áhuga á að koma óskum sínum og till. á framfæri.

Ég skal segja það hreint út, að því er mig varðar, að ég hefði talið mjög æskilegt, að þetta mál hefði fengið afgreiðslu nú á þessu þingi. Ég skal ekki gera það að neinu þrætuepli, ég er ekkert viss um, að það breyti svo æðimiklu, þó að málinu verði frestað þennan tiltekna tíma, sem um er talað, en ég hefði þó talið miklum mun æskilegra að málið hefði náð fram að ganga nú. Það eru í frv. ýmis þau ákvæði, merkileg að mínu mati, sem ég hefði talið mjög æskilegt að hefðu fengið lögfestingu, þannig að ég hefði miklu fremur kosið, að málið hefði náð í gegn á þessu þingi.

Frá því að þetta frv. var lagt fram hér s. l. mánudag, er mér ekki kunnugt um, a. m. k. hefur ekki til mín borizt nema ein athugasemd, skrifleg athugasemd. Hún er að vísu frá stórum aðila, sem er Fiskifélag Íslands. En hún er þó ekki merkilegri en það, að það er óundirritað plagg, gersamlega óundirritað, og það gæti því verið frá hverjum sem er. Það er engin trygging fyrir því, að þessi athugasemd, sem þarna er verið að

gera, — sem ég held, að sé í allflestum tilvikum heldur lítilvæg, — sé frá réttum aðila, þ. e. a. s. Fiskifélaginu. Þeir hafa ekki haft svo mikið við, að þeir hafi einu sinni skrifað undir þessar athugasemdir sjálfir.

Ég sem sagt, eins og ég sagði áðan, hef ekki þá trú, þrátt fyrir það að málinu yrði nú slegið á frest, frv. athugað eða jafnvel kæmi nýtt frv. á haustdægrum, að það muni ekki standa eins mikill styr um það mál, þegar það kæmi fram, eins og líkur eru til að yrði nú og mun kannske alltaf standa um svo veigamikið mál í hvaða formi sem það væri. Það hygg ég, að a. m. k. þeim nm., sem voru á fundum víðs vegar um landið, sé ljóst, að um þetta mál er svo geysilega mikill ágreiningur, bæði mikill ágreiningur innan héraðanna sjálfra og um allt landið, að það er tómt mál að tala um, að þingnefnd geti samið frv., sem allir verða sammála um. Þar verða í miklum og veigamiklum atriðum, kannske mörgum, alltaf hnútar, sem þm. verða að gera sér að góðu að höggva á með afgreiðslu hér á þinginu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr., en mér finnst hlýða að láta koma hér fram, fyrst menn eru komnir í karp út af þessu máli, að ég var einn þeirra, sem komu til hæstv. sjútvrh. og óskuðu eftir því, að þetta mál yrði betur athugað og yrði beðið með fram á næsta þing að afgreiða.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 7. landsk., sagði áðan, að fiskveiðilaganefnd hefði ætlað sér að vinna þannig, að þetta mál yrði afgreitt á þessu þingi. Ég man ekki betur en þessi hv. n. hefði ætlað sér að koma með frv. fyrir áramót. Ég man ekki betur en að ég hafi heyrt, að þessi hv. n. ætlaði að koma með málið fram um þessi og þessi mánaðamót. Það er svo staðreynd, að fyrir tæpri viku var þetta frv. lagt fram á hv. Alþ. Svo ætlast þessir menn til þess, að við, sem erum fyrst nú að sjá málið í heild, getum afgreitt það á örfáum klukkutímum. Ég tel þetta mál langtum stærra en það, að það væri forsvaranlegt að vinna þannig að því.

Þegar farið er að athuga þetta frv., kemur í ljós, að það er ekki mikið samræmi í friðunaraðgerðum þess á hinum ýmsu stöðum. Ég er á því, að við þurfum að ganga nokkuð langt í friðunaraðgerðum, en ég segi fyrir mig, að ég er mjög óttasleginn, þegar ég sé, hvernig þetta er t. d. fyrir Norðurlandi. Mér er engin launung á því, að Norðlendingar eru að breyta mikið til í sambandi við sinn fiskiflota. Þeir eru um þessar mundir að fá marga togara, frekar litla togara, og sumir þessir þéttbýlisstaðir ætla að byggja fyrst og fremst á þessum togurum við öflun hráefnis fyrir sín frystihús. Ég benti n. á það á þeim eina fundi, sem ég kom á til hennar, að mér fyndist hún ætla að ganga nokkuð langt í þessu efni að setja þessa togara allt árið í kring út fyrir 12 mílur. Ég er því ekki tilbúinn að samþykkja þetta eða taka afstöðu til frv. af þessum ástæðum og fleiri á svona skömmum tíma. Þar sem tími þingsins er svo stuttur, sé ég ekki ástæðu til að taka fleira fram í þessu sambandi, en ég tel, hvað sem aðrir hv. þm. gera, að þetta mál sé mikilvægara en svo, að það sé hægt að ganga frá því á þessu þingi, hvort sem því verður lokið eftir viku eða eftir mánuð, það skiptir ekki máli í mínum huga.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gaf í skyn, að einhverjir þm. kvörtuðu yfir því, að annir væru miklar, og sagði, að það væri sízt ástæða til, vegna þess að þm. væru á fullu kaupi. Mér finnst þetta ekki sérlega smekklegar athugasemdir, því að ég veit ekki til þess, að nokkur einasti þm. hafi kvartað yfir annríki eða skorazt undan því að vinna hér frá því snemma að morgni, þó að næturfundir væru, því fer fjarri. Í því sambandi vil ég hins vegar taka fram, að það er einn hópur manna, sem mér finnst vera lagt á fullmikið vinnuálag þessa dagana, og það er starfsfólk þingsins, því að sú sama ríkisstj., sem hefur stært sig af því að hafa lögleitt 40 stunda vinnuviku, leggur a. m. k. tvöfaldan þann vinnutíma á starfsfólk þingsins undanfarna daga og áframhaldandi til þingloka. Þm. munu ekki kvarta og hafa ekki kvartað undan því að vinna, en það er annað, það eru vinnubrögðin, sem menn hafa borið fram kvartanir yfir og þeir hafa mótmælt og ég vil mótmæla. Ég veit, að þess eru nokkur dæmi, kannske mörg, að í þingnefndum hefur málum verið hraðað svo, að það hefur meira að segja verið neitað um frest, til þess að unnt væri að bera málin undir þingflokksfund. Eins og kunnugt er, þá eru hér fastir, reglulegir þingflokksfundir, og það hefur meira að segja verið synjað í n. um frest, til þess að hægt væri að ræða málin í þingflokkunum, áður en þau væru afgreidd úr n. Ég veit þess dæmi líka, að þótt umsagna hafi verið óskað frá opinberum stofnunum og stjórnir þeirra haft umsagnir tilbúnar og þær væru vitanlega á leiðinni til þn., þá hefur legið svo mikið á, að það hefur verið synjað um að bíða, jafnvel kannske stundarfjórðung eða hálfa stund, heldur heimtað að málið yrði afgreitt strax úr n., áður en þessar umsagnir komu.

Þess eru óteljandi dæmi, að hroðvirknin hefur verið slík í meðferð mála á þingi, að ég veit þess engin dæmi fyrr, og það er gersamlega út í hött, þegar hæstv. forsrh. segir, að þessir starfshættir hafi alltaf viðgengizt, þetta sé eins og alltaf hafi verið. Að vísu hafi hann og hans samherjar verið að finna að því undanfarin 12 ár á viðreisnartímanum, en það sé ekkert mark takandi á því, sem þeir hafi þá verið að segja. Nei, sannleikurinn er sá, að þau vinnubrögð, sem nú hafa verið höfð, eru engu lík og eiga sér engin fordæmi. Á nokkrum dögum, — það er 14. apríl í dag, — á þeim dögum, sem liðnir eru af þessum mánuði, hefur ríkisstj. lagt fyrir þingið hvorki meira né minna en 20 ný stjfrv. Nú segir hæstv. ráðh.: Það er alls ekki ætlazt til, að afgr. verði nema lítið eitt af þessum málum. Það er meira að segja ekki ætlazt til þess, að þm. lesi stjfrv., segir hann. Það hefði þá kannske mátt fylgja bréf með frv., um leið og þeim var útbýtt, að þau ætti alls ekki að lesa fyrr en í páskafríinu. Ég veit ekki betur en að allir þm. telji það skyldu

sína að lesa þau þskj., sem útbýtt er og fyrir þá eru lögð. Og ég held, að það hafi verið þannig undanfarna daga og jafnvel vikur, að þm. hafi veitzt erið erfitt að finna nægan tíma til þess að komast í gegnum allan þennan aragrúa þskj. og stóru mála, sem fyrir hafa legið. Það er ekki af því, að þm. skorist undan því að vinna, fjarri því, það eru vinnubrögðin, hroðvirknin, sem átalin eru.

Hæstv. forsrh. taldi, að það hefði verið ósköp lítið að gera framan af þingi, og það er alveg rétt, það var allt of lítið að gera, vegna þess að af hálfu ríkisstj. kenndi þar mikils slappleika. Sannleikurinn er sá, þegar lítið er yfir þingtímann nú, að meginhluti þingsins einkennist af slappleika ríkisstj., en síðustu dagarnir af hroðvirkni hennar.

Varðandi það mál, er hér liggur fyrir, hefði ég talið og vil taka undir það með ýmsum þm., að langsamlega æskilegast hefði verið að afgreiða það á þessu þingi, og til þess er vissulega möguleiki, ef stjórnin væri ekki haldin, eins og ég sagði áðan, þeirri þráhyggju að heimta, að þinginu verði slitið eftir nokkra daga. Ég held, að með því að setjast niður og vinna og hafa sæmilegan tíma til þess að kynna sér þetta mál og ræða það, sé hægt að leysa ágreiningsmálin. Þetta mikilvæga mál er hægt að leysa, og þetta frv. er hægt að afgreiða, ef Alþingi fengi vinnufrið fyrir ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal fara eftir óskum forseta um það að eyða ekki löngum tíma. En mér finnst rétt að segja aðeins örfá orð um þetta, sitt úr hverri áttinni reyndar, og vitna þá í orð fyrri ræðumanna um einstök atriði.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði um, að það hefði verið leitað til hinna ýmsu hagsmunahópa í landinu. Ég veit, að það er rétt hjá honum. En það kemur hvergi fram, að hve miklu leyti og að hvaða leyti var farið eftir þeim ábendingum, sem hinir ýmsu hagsmunahópar komu áleiðis til n. Það er eitt af því, sem væri ágætt að fá upplýst, því að ekki virðist af orðum togaramanna að undanförnu, að þeir hafi fengið miklu af óskum sínum framgengt.

Það hefur verið mikið talað hér um af ýmsum friðunarpostulum, að það væri mjög nauðsynlegt fyrir okkur að leggja meiri áherzlu á friðunar- og verndaraðgerðir, jafnvel enn meiri en gert er í þessu frv., það væri einnig mjög sterkt fyrir okkar málstað út á við. Ég vil taka undir það, að það er mjög nauðsynlegt að vernda og friða. En það verður líka að taka tillit til þess, að með því að við erum að færa landhelgina út í 50 mílur, erum við að tryggja okkur þann fisk, sem þar er fyrir innan, og við eigum að setja okkur reglur eins og þessar til þess að nýta landhelgina á sem skynsamlegastan hátt. Við höfum verið að panta allmarga togara af ýmsum stærðum, þó aðallega tveimur og eru minni togararnir af stærðunum 450—480 tonn. Þess vegna var eitt af því, sem mér datt í hug í sambandi við þetta mál, þegar ég talaði um það hér um daginn og mælti vissulega með því, að það yrði samþykkt, enda stóð ég að því í n. að mæla með frv., en áskildi mér jafnframt rétt til að flytja brtt., — hugmynd mín var að benda á ýmsa galla og nefndi örfáa um daginn. Mér þótti ég merkja það á ýmsum mönnum, að ég benti um of á galla frv., en sú skýring er einfaldlega á því, að menn boða ekki að þeir ætli að flytja brtt., ef þeir eru fullkomlega ánægðir með málið. — Ég minntist aðeins á nýju togarana okkar og langaði þá aðeins að bera saman þær tölur, sem við sjáum um stærðarflokka skipa í till. fiskveiðilaganefndar. Þar er miðað við 350 tonn. Með því að setja þessi stærðarskilyrði eru í rauninni allir litlu togararnir nýju útilokaðir af þessum svæðum. Það var einmitt það atriði, sem ég hafði hugsað mér að flytja um brtt. og þó alls ekki að miða við sömu svæðaskiptingu og þarna, því að það má vissulega finna ákveðin svæði, sem óhætt væri að hleypa þessum togurum inn á, án þess að það yrði þess valdandi, að þeir færu að veiða of mikið af smáfiski. Slíkir staðir eru til, mjög áríðandi staðir fyrir okkar togaraflota, t. d. út af Bakkaflóanum og í Lónsbugtinni, svo að dæmi séu aðeins nefnd.

Það er líka atriði, sem ekki hefur komið fram hér í umr., að það er dálítið hastarlegt að reka alla þessa togara út fyrir, á meðan útlendingar eru að veiða fyrir utan. Einn og einn íslenzkur togari má sín lítils gagnvart þeim hópi stórra útlendra togara, sem er á veiðum á þeim fiskimiðum, því miður. Og þó að við höfum, að því er fréttir herma, ástundað klippingar meira en gert var áður í landhelginni, þá er sannleikurinn sá, að varðskipin koma aðeins við mjög stuttan tíma á hverju veiðisvæði, þannig að útlendingar geta kannske veitt í friði 25 daga af 30 í mánuði og jafnvel lengri tíma, því miður.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að minnast aðeins á þær hugmyndir, sem hafa komið fram í þessum efnum, að það þyrfti að hafa áhafnir til þess að leysa af á varðskipunum, þannig að helzt sé eitt skip á hverju veiðisvæði, svo að þeir þyrftu ekki að skreppa þangað eins og í hálfan til einn sólarhring, heldur gætu legið þar við og gefið togurunum engan frið.

Að lokum vil ég aðeins segja það, að ég mælti með því í nál., að frv. yrði samþ., og gat þess raunar í leiðinni, að það væri á þeim forsendum, að það hefur verið unnið vel og lengi af landhelgisnefnd að þessu máli, þótt á því væru ýmsir agnúar.

Mjög margir þm. hafa komið með sérstakar hugmyndir og tilkynnt brtt. og lýst óánægju sinni með ýmis atriði, og þá hefði væntanlega komið inn svo mikill fjöldi brtt., að það hefði í raun verið ákaflega lítill möguleiki til þess að afgreiða málið fyrir páska.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls hér, en ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. gaf mér, að ég taldi, tilefni til þess.

Fyrst ég er kominn í ræðustól, þykir mér rétt að skýra afstöðu mína til þess, hvort fresta beri afgreiðslu þessa máls eða ekki. Sem einn

af flm. frv. lagði ég það auðvitað fram í þeirri trú og þeirri skoðun, að svo mikil samstaða væri um málið, að það yrði afgreitt nú fyrir þinglok. Hitt er rétt, sem ég hef bent á, að það kann vel að vera, að einstakir þm. telji sig hafa ástæðu til að fara fram á frestun málsins til frekari athugunar. Frv. er miðað við það, að Íslendingar einir hafi umráðarétt yfir veiðisvæðunum innan 50 mílna markanna og að okkar togarar verði þá ekki í neinni samkeppni við erlenda aðila. Þessi forsenda er því miður ekki fyrir hendi eins og er, og má segja, að það breyti nokkuð hjá einstaka aðilum um það, hvort frv. eigi að fara áfram nú eða ekki. Annað er það, sem bent hefur verið á, að frv. sé seint fram komið. Þetta eru nokkur rök einnig. Og af þessum ástæðum hef ég orðið við óskum flokksmanna minna, — ég starfaði í n. sem fulltrúi Sjálfstfl., — um að beita mér ekki fyrir því að reyna að knýja fram afgreiðslu á málinu, ef mikill hluti þm. teldi sig þurfa að hafa einhvern tíma til að kanna það.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gagnrýndi hér störf n. og sagði, að við hefðum ætlað að skila áliti fyrir áramót, síðan hefði þetta verið bundið við þessi og þessi mánaðamót. Það er alveg rétt, að þegar við byrjuðum störf í haust, var að því stefnt að skila áliti fyrir áramót. En við sáum mjög fljótlega, að málið er svo viðamikið, að því mundi aldrei verða við komið, og þess vegna tókum við aðeins þau ákvæði út, sem við vildum, að þá þegar yrðu lögfest, og það var gert með þeim breyt., sem samþ. voru hér um áramótin. Þetta hefur dregizt lengur en við hefðum viljað af nákvæmlega sömu ástæðum, að málið er það stórt og við höfum lagt það mikla vinnu í það, reynt að vanda okkur mikið við undirbúninginn, að við héldum og trúðum því, að Alþ. mundi verða nokkurn veginn sammála um málið. Málið var kynnt fyrir öllum þm., ekki hvernig aðstaða yrði í þeirra kjördæmi eða úti fyrir ströndum þeirra kjördæma, heldur var málið kynnt í heild, eftir því sem við höfðum komið okkur saman um. Svo ber það við, þegar málið kemur hér til 1. umr. og sérstaklega í gær við 2. umr., að einstakir þm. fara að verða hikandi, vegna þess að þeir hafa fengið tilmæli heiman úr héruðum um breytingar á frv. eða að menn í þeirra héruðum hefðu aðrar hugmyndir um ýmis ákvæði frv., og þess vegna biðja þeir um frest til að ræða þessi mál við umbjóðendur sína heima í héraði. En ég segi alveg hiklaust, að ég vorkenni þeim mönnum, sem vilja nú taka það á sig, eftir að n. er búin að ferðast um allt landið, kanna málin til hlítar í hverju einasta kjördæmi, veit nákvæmlega um það, að ekki í hverju kjördæmi, heldur hverju einasta sjávarþorpi um land allt eru mjög misjafnar skoðanir um það, hvernig þessum málum yrði bezt fyrir komið. Það eru hagsmunir hinna ýmsu aðila, sem gera út á mismunandi hátt, sem þar segja til sín. Við höfum reynt í fiskveiðilaganefnd að fara, að svo miklu leyti sem við höfum talið okkur mögulegt, eftir hinum ýmsu ábendingum, sem við höfum fengið fram á þeim fundum, sem við höfum haldið. Við kynntum ekki okkar hugmyndir, við vorum að sækjast eftir ábendingum og hugmyndum annarra um málið og fengum þær í mjög ríkum mæli. Úr þessu höfum við verið að vinna, og það er þetta, sem hefur tafið okkar störf, að við höfum verið að reyna eins og við mögulega gátum að samrýma, eftir því sem hægt var, í einu frv. allar þær ábendingar, sem fram komu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagðist vera óttasleginn, ef málið yrði afgreitt nú. Ég vil þá spyrja hann og aðra þm., sem biðja um frest og fara þar eftir ábendingum, sem þeir hafa fengið: Hverjar eru raunverulega þeirra till. eða hugmyndir um breyt. á frv., eins og það liggur fyrir. Þetta þarf auðvitað að koma fram. Það þýðir ekkert að segjast vera óttasleginn um málið, ef engar hugmyndir eru um, hvernig menn vilji breyta því. Og ef þeir fara að spyrja sína umbjóðendur, t.d. í Norðurl. e., þá get ég sagt þeim það fyrir fram eftir þeirri reynslu, sem ég hef af málinu, — ég hef verið þar á almennum fundum meðal sjómanna og útgerðarmanna bæði veturinn 1969, þegar núgildandi lagafrv. var lögfest, og einnig nú á þessu hausti, — að það eru miklu fleiri, sem eru mjög andvígir því, að togurunum verði hleypt inn fyrir 12 mílurnar, heldur en þeir, sem mæla með því á þessu landssvæði. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Og ef þm. Norðurl. e. ætla að fara eftir tilmælum þeirra aðila, sem sendu hingað skeyti til þeirra í gær um að færa mörkin innar fyrir togarana, og fara að ræða málin á þeim grundvelli í sínum kjördæmum, þá er ég sannfærður um, að þeir koma til baka með þá ósk að færa út í 12 mílur, en ekki 9 mílur, ef þeir ætla að taka nokkuð mark á því, sem þeim verður sagt um málið. En ég veit, að þeir komast í þá aðstöðu, að þeir verða að meta hlutina, eins og við höfum gert, og gera það, sem þeir sjálfir telja skynsamlegast. Þeir fá ekki nokkurn stuðning í því að ætla að fara eftir hinum margbreytilegu sjónarmiðum hinna ýmsu hagsmunahópa í þessum landshluta, frekar en hægt er að fara eftir því annars staðar.

Ég skal láta þetta nægja um þetta mál. En ég vil aðeins vikja örfáum orðum að því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan í sinni ræðu. Hann var mjög að láta að því liggja, að störf þm. í vetur hefðu verið slök, n. hefðu starfað illa, við hefðum unnið aðeins 5 daga vikunnar allt fram undir síðustu daga, að segja má, að fundir hafi verið alla virka daga vikunnar og að stjfrv. — meira að segja stjfrv. — hefðu legið óafgreidd í n., frá því að Alþ. tók til starfa í haust. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Gerir hann sér ekki grein fyrir því, að í hverri einustu þn. eru stjórnarliðar auðvitað formenn. Þeir bera ábyrgð á því, hvernig málin eru afgreidd í n., þeir bera ábyrgð á þeim hraða, sem mál fá við afgreiðslu í n., og forsetar Alþ., aðalforsetar Alþ., eru auðvitað stjórnarstuðningsmenn. Ef eitthvað er athugavert við störf sjálfs Alþ., þá eru þar auðvitað fyrst og fremst að verki stuðningsmenn ríkisstj. Hæstv. forsetar bera ábyrgð á gangi við afgreiðslu mála hér á hinu háa Alþ., og stjórnarstuðningsmenn bera ábyrgð á hraða á gangi mála í hinum ýmsu nefndum. Ég tel það mjög gott, að hæstv. forsrh. skuli gera sér grein fyrir því, að þetta er að-

eins einn anginn af því stjórnleysi, sem öll þjóðin veit, að við búum við í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 534, n. 733). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. eins og það er á þskj. 668, en frv. er komið frá Ed.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463, n. 747). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um heimild til handa ríkisstj. að staðfesta samning Norðurlandanna um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs. Þessi samningur var gerður í Osló 20. febr. s.l. Fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 552, n. 749). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum í morgun. Hún kvaddi þá á sinn fund forstjóra Eimskipafélags Íslands og forstjóra Skipadeildar SÍS til viðræðna um málið. Einnig ræddi formaður n. efni frv. og orðalag við tollstjóra, Björn Hermannsson.

Efni þessa frv. er tvíþætt. Annars vegar er lagt til, eins og segir í aths., að heimiluð verði viðurlög við því atferli að upplýsa ekki um afdrif vara, sem samkv. staðfestum skýrslum tollyfirvalda erlendis, hafa farið um borð í viðkomandi far. Talið er, að núv. heimildir í lögum séu vafasamar, að því er tekur til þessa atriðis. Ég vek athygli á því, að hér er aðeins um að ræða það magn, sem sannanlega hefur farið um borð í farið með vitund skipstjóra eða annarra skipverja, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá, sbr. orðalag 1. gr. frv. Hins vegar er svo efni þessa frv. breytingar, sem fólgnar eru í 2. gr., á upphæð sekta, þ. e. a. s. um hækkun sekta til samræmis við verðlagsbreytingar.

Fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. N. vill hins vegar áskilja sér rétt til að íhuga nánar orðalag frv., einkum að því er 1. gr. varðar, fyrir 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 97. fundur.

Mánudaginn 16. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 665, n. 731). — 2. umr.

Frsm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu. Við ákvörðun fiskverðs um s. l. áramót gaf ríkisstj. fyrirheit um, að hún mundi beita sér fyrir því, að launaskattur af launagreiðslum til lögskráðra áhafna á fiskiskipum yrði felldur niður, og þetta frv er flutt til efnda á þeim fyrirheitum.

Við meðferð málsins í Nd. hefur verið samþ. brtt. við 1. gr. frv., en við nánari athugun mun hafa komið í ljós, m. a. eftir bendingu ríkisskattstjóra, að þar mundi ekki vera nógu skýrt kveðið á um, við hvað ætti, þegar verið er að tala um að fella niður launaskattinn af tekjum lögskráðra áhafna á fiskiskip. Og til þess að verða við þeirri ósk og til efnda á þeim fyrirheitum, sem gefin voru um áramótin, var þetta frv. flutt og ennfremur þessi brtt., sem n. er sammála um að flytja. Það, sem verið er að leggja til, er einfaldlega það, að sjómenn og landmenn á bátum taki laun eftir sömu kjarasamningum, þegar svo stendur á, að bátur rær með línu hluta af vertíðinni, en fer síðar á net. Þá eru launmennirnir ekki lögskráðir á bátinn, meðan á línuvertíð stendur, en fara væntanlega á sjóinn síðar og eru þá lögskráðir á hann. Til þess að launaskattur verði felldur niður af öllum tekjum áhafna fiskiskipa, eins og heitið var, er talið þurfa að skjóta inn ákvæðum til að taka af öll tvímæli um, að lög þessi gildi einnig um tekjur hlutarráðinna landmanna, enda þótt þeir séu ekki lögskráðir á skipin.

Fjh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tel mig knúinn til þess að taka til máls við þessa umr. til að vekja athygli á vissu atriði varðandi þetta mál, sem er mjög þýðingarmikið. Það hefur áður á þessu þingi verið flutt frv. um breyt. á lögum um launaskatt. Það var í des. s. l. Það var samþ. Voru töluverðir meinbugir á þeirri lagagerð, og hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingar varðandi málið. Nú tel ég mig tilbúinn að taka þetta mál upp aftur af sérstöku tilefni, og ég vil óska þess, að fjmrh. verði hér viðstaddur.

Umr. frestað um stund.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 674, n. 734). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er, eins og hv. þdm. er kunnugt, komið frá Nd., þar sem það var afgreitt einróma, að ég held. Hér er um að ræða að semja upp að nýju lög um byggingarsamvinnufélög og fella þau sem sérstakan kafla í hina almennu húsnæðislöggjöf, þ. e. a. s. í lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, á sama hátt eins og lög um byggingarsjóð verkamannabústaða eru þar sérstakur hluti. Efnisbreytingar eru ekki stórvægilegar, en þó nokkrar og allar frekar til þess fallnar að styrkja þá byggingarstarfsemi, sem í þessu formi er rekin. Þar sem hér er um algerlega ágreiningslaust mál að ræða, eftir því sem ég bezt veit, og frv. hefur nú nýverið verið útskýrt ítarlega af hæstv. félmrh., sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um málið, en vil aðeins skýra frá því, að í hv. félmn. var samþ. einróma að mæla með því, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 734.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. gat um, samþ. n. einróma að mæla með samþykkt þessa frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt. Þó að þessi fyrirvari væri settur og ég hafi verið hvatamaður þess, hefur mér ekki gefizt tími til þess að bera fram brtt. við þetta frv. Það er vegna þess, að þetta frv. var tekið fyrir á skyndifundi s. l. laugardag, og var að sjálfsögðu ekki hægt að athuga málið gaumgæfilega þar. Ég vil taka fram, að málið var tæpa 4 mánuði í hv. Nd. og voru gerðar, eins og hv. frsm. vék að, þó nokkrar breytingar í þeirri d. á frv. En þrátt fyrir það og þrátt fyrir þann tíma, sem Nd. hafði málið til meðferðar, lýstu 3 nm. í félmn. Nd. yfir í nál., að þeir teldu meðferð málsins þess eðlis, að ástæðulaust væri að afgreiða frv. á þessu þingi, þar eð það ætti ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs, enda þurfi ýmis ákvæði frv. nánari athugunar við. Ég er sammála þessum hv. þm. um, að það hefði verið rétt málsmeðferð að fresta þessu máli til hausts. Það var ekki nokkurt viðlit að koma við eðlilegri athugun á þessu frv., eins og ég hef áður sagt, eftir að það kom til þessarar hv. d. Þrátt fyrir þessa annmarka hef ég mælt með samþykkt frv. Ég vildi, að þetta sjónarmið kæmi fram í þessari hv. d., og óneitanlega væri það æskilegt, ef hæstv. félmrh. tæki nú þessar ábendingar til athugunar og stæði að því, að málinu yrði frestað til haustsins.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Þegar frv. var til umr. í félmn., hreyfði ég þar atriði, sem mér sýnist þurfa athugunar við og hugsanlegt að þyrfti að breyta og gæti orðið samkomulag um að flytja brtt. við. Það var þó ekki varðandi byggingarsamvinnufélögin, sem þetta var, heldur varðandi kaflann um skyldusparnað. Tími hefur verið svo naumur, að við nm. höfum ekki getað haft samband

okkar á milli til að taka ákvörðun um, hvort menn vilji sameinast um einhverjar brtt., en það verður þá að sjálfsögðu gert fyrir 3. umr. Ég vildi aðeins láta þessa getið, svo að það komi fram við þessa umr. og yrði þá ekki alveg fyrirvaralaust flutt við 3. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það er hverju orði sannara, sem fram hefur komið hjá tveim síðustu ræðumönnum, að það hefur ekkert tóm gefizt til að ræða þetta mál, sem er þó allveigamikið, eða að það hafi hlotið þá meðferð, sem sæmandi væri í þn. Það get ég fúslega játað. Á hitt ber að líta, að það mætti a. m. k. ætla, að málið hefði fengið mjög vandlega meðferð í hv. Nd., þar sem það lá þar, eins og hv. þm. sagði, í 4 mánuði, og þar voru, eins og kom fram hjá honum einnig, gerðar á því að athuguðu máli allverulegar breytingar.

Ég get ekki séð, að þó að svo standi á sem hér er, að málið hefur ekki hlotið nægilega góða athugun í hv. félmn. þessarar d., þá geti, eins og málið horfir, verið neinn verulegur skaði skeður með því, að það hljóti nú samþykki, vegna þess að tækifæri væri þá til þess á næsta þingi að gera lagfæringar, ef einhverja hluti væri hér um að ræða, sem betur mættu fara. En ég hygg, að það sé þó augljóst, þó að málið hafi ekki verið athugað betur en raun ber vitni um í hv. d. og í þn., að hér sé í aðalatriðum um mál að ræða, sem menn eru sammála um að horfi frekar til bóta en hitt, og ég mæli þess vegna með því, að málið nái fram að ganga nú á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 480, n. 735, 740). — 2. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og kom fram fyrir stuttu við 1. umr. um þetta mál, er hér um tiltölulega einfalda lagasmíð að ræða. Það eru aðeins tvö efnisatriði, sem felast í þessu frv.: Annars vegar það, að lánsfjárhæð í hinu almenna húsnæðiskerfi hækki allt að 800 þús. kr. á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ af verðmæti íbúða samkv. mati trúnaðarmanns veðdeildar Landsbankans, og síðan, að þessari upphæð megi breyta árlega til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Hér er að svo komnu aðeins um staðfestingu að ræða á því, sem þegar hefur verið gert samkv. heimildum í lögum, en nýmælið er, að framvegis skuli þetta breytast eða megi breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar. Í öðru lagi er svo um að ræða, að heimilað er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem nema allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera með svokölluðum Breiðholtskjörum, þ. e. a. s. þau skulu vera til 33 ára og afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum, en að öðru leyti eru lánakjörin hin sömu eins og lánakjör byggingarsjóðs ríkisins. Heimilt er að veita lán út á 1000 slíkar íbúðir á næstu 5 árum. Síðan er kveðið svo á, að ráðherra geti sett nánari ákvæði um úthlutun þessara lána.

Það er sama að segja um þetta mál að mestu leyti og fyrra málið, að það gat ekki dvalizt lengi til athugunar í félmn. og var því frekar skemmri skírn á athugun málsins þar. Hins vegar höfðu 2 hv. þdm. áður flutt frv. um svipað efni, þ. e. a. s. hv. 1. og 5. þm. Vestf., þannig að þessi mál hafa nokkuð borið á góma hér í hv. þd.

Meðan málið var til afgreiðslu í Nd., var það sent til umsagnar húsnæðismálastjórnar, og meiri hl. húsnæðismálastjórnar fagnar þeim breytingum, sem í frv. felast, báðum tveim, og í raun og veru má líka segja um álit minni hl., að þau séu talin jákvæð, þessi atriði, sem frv. felur í sér. Hins vegar benti meiri hl. húsnæðismálastjórnar á þann fjárskort, sem húsnæðislánakerfið búi við, og telur, að þar þurfi mjög um að bæta og sé það ekki gert, þá sé í raun og veru tilgangslítið að gefa út nýjar heimildir til sérstakra og aukinna lána. Svipað sjónarmið með öðru orðalagi og nokkru ákveðnara kemur fram hjá minni hl. n.

Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, sem hér var byrjað að kveða í sambandi við 1. umr. málsins, um þau efni. Það er augljóst, að húsnæðislánakerfið, byggingarsjóður ríkisins, hefur átt við fjárskort að stríða alllengi, misjafnlega mikinn, en þó má segja, að í höfuðatriðum hafi blessazt að standa við þær lagaheimildir, sem fyrir hendi hafa verið. Og ég segi fyrir mitt leyti og býst við, að ég tali þar fyrir hönd nm., að ég vonast til þess, að þær heimildir, sem hér er verið að veita, verði hægt að nota og takist að útvega í húsnæðiskerfið það fjármagn, sem til þess þarf, að það verði gert með sómasamlegum hætti, jafnvel þó að það liggi ekki að fullu fyrir í dag.

Ég vil líka benda á það, sem kom fram hjá hæstv. félmrh. í sambandi við þetta mál, þegar það var hér til 1. umr., að þær heimildir, sem aðallega hefðu mikla útgjaldaaukningu í för með sér, þ. e. a. s. lánin til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem yrðu vafalaust mjög miklar fjárhæðir, það er næsta ólíklegt, að þar verði um nokkuð umtalsverð útgjöld að ræða á þessu ári. Það er nú svo, að byggingar þurfa sinn tíma til undirbúnings, og það er ekki líklegt, að það yrði fyrr en á næsta ári, sem hér yrði um mjög verulegar upphæðir að ræða, þannig að þessi heimild hefur að minu viti ekki ákaflega mikla aukna fjármagnsþörf í för með sér á þessu ári, sem nú er að líða.

Í hv. félmn. voru menn sammála um þau atriði, sem í frv. eru, svo langt sem þau ná. Sumir nm. munu þó vilja ganga lengra í þessum heimildum, og liggja fyrir brtt. þar að lútandi, en ég tel ástæðulaust að fara út í þá sálma, a. m. k. ekki fyrr en fyrir þeim hefur verið gerð sérstök grein. En sem sagt, með þeim fyrirvara,

að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt., mælir n. með samþykkt frv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. sagði, mælti félmn. einróma með samþykkt þessa frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Í samræmi við það höfum við hv. 6. þm. Reykv., frú Auður Auðuns, flutt á þskj. 740 nokkrar brtt. Ég skal nú lýsa þessum till.

Það er í fyrsta lagi við 1. gr. frv., 1. málsgr., að í staðinn fyrir 800 þús. kr. komi 900 þús. kr. Ég ætla ekki að fara að tíunda þau margháttuðu rök, sem hægt er að færa fram til stuðnings því, að það er allsendis ónóg að hafa upphæð íbúðarlánanna 800 þús. kr., og það er algert lágmark að hækka hana nú eins og stendur í 900 þús. kr. Þetta er byggt á þeirri skoðun, að það megi ekki henda, að raungildi lánanna minnki, þ. e. a. s. *að þessi lán séu minni hluti* af byggingarkostnaði íbúðanna en verið hefur. Auðvitað þarf að stefna í hina áttina, að hækka þessi lán að raungildi, þannig að þau séu meiri hluti af byggingarkostnaðinum en verið hefur. En látum það vera, þó að á hinum síðustu og verstu tímum sé markið ekki sett svo hátt, en það er að mínu viti ekki hægt að una því, að það sé stigið skref til baka í þessum efnum. Í maí 1970, þegar ákveðin var upphæð íbúðarlánanna í gildandi lögum, var reiknað með, að þau næmu allt að 40% af byggingarkostnaðinum. Nú hefur byggingarkostnaðurinn aukizt stórkostlega, þó að það sé miðað við 900 þús. kr., og það er upphæð, sem ég lagði til í des. s. l. og var þá nær sanni en nú, þá er ekki fylgt eftir eins og þyrfti að gera, þannig að það sé komið í veg fyrir, að raungildi lánanna minnki.

Þetta frv. hefur komið til umsagnar húsnæðismálastjórnar, og mér þykir rétt í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp það, sem stendur um þetta atriði í áliti, sem Hannes Pálsson frá Undirfelli hefur gefið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Miðað við væntanlegan byggingarkostnað á árinu 1973 teljum vér, að hámarkslán til íbúðabygginga á árinu 1973 megi ekki vera lægra en 900 þús. kr. pr. íbúð. Sú upphæð mun aldrei verða meira en rúm 30% af kostnaðarverði meðalíbúðar, eins og það mun reynast árið 1973."

Í sama anda er skoðun, sem sett er fram í öðru áliti, sem húsnæðismálastjórnarmennirnir Ólafur Jensson og Gunnar Helgason skrifa undir. Og í áliti, sem þessir þrír menn hafa sameiginlega sent Alþ. varðandi þáltill. um að hækka lánin upp í 900 þús. kr., sem ég flutti í des. s. l., er þetta mál tíundað miklu rækilegar, eins og ég gerði grein fyrir í framsögu fyrir frv., sem ég flyt sjálfur um breytingar á húsnæðislöggjöfinni á þskj. 228. Skal ég ekki fjölyrða frekar um það.

Önnur till. okkar 6. þm. Reykv. er varðandi 2. málsgr. 1. gr. frv. Hún er á þá leið, að sú aðstoð, sem þar er fyrirhuguð varðandi lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, skuli einnig ná til annarra þeirra aðila, sem vilja byggja leiguíbúðir. Það er eins með þetta atriði og hið fyrra, að það er auðveldast af öllu að færa rök fyrir því, hve ákvæði frv. sjálfs er ófullkomið og allsendis ófullnægjandi um þetta efni. Ég skal ekki fara út í að tíunda þau rök. Ég vil við þessa umr. aðeins benda á, að þessi till. um breytingu varðandi leiguíbúðir er gerð í samræmi við fyrirmæli hv. Alþ., sem samþ. voru með þáltill. á síðasta Alþ. Þar ákvað Alþ., að þær ráðstafanir, sem yrðu gerðar varðandi byggingu leiguíbúða, skyldu koma til góða ekki einungis sveitarfélögum, heldur og öðrum þeim aðilum, sem vildu byggja leiguíbúðir. Þetta er vegna þess, að það er að sjálfsögðu aðalatriði þessa máls að auðvelda og greiða fyrir byggingu íbúða, en ekki að kveða á um það, hvaða aðilar byggi íbúðirnar. Það er meira að segja svo, að þó að sveitarfélögin þurfi að byggja leiguíbúðir til þess að mæta húsnæðisskorti, sem er á viðkomandi stöðum, þá gerir engin sveitarstjórn það ótilneydd, þó að það séu veitt lán *til slíkra framkvæmda, fer ekki hjá því,* að það þýðir einnig útgjöld fyrir þá, sem standa að framkvæmdunum. Það kemur sér því betur fyrir sveitarfélög, ef það finnast aðrir aðilar á viðkomandi svæði til að sinna þessum framkvæmdum. Þess vegna getur slíkt ákvæði sem hér um ræðir orðið í vissum tilfellum meira að segja bjarnargreiði við sveitarfélögin, vegna þess að þegar slíkt ákvæði sem þetta er komið inn í lög, verður sveitarfélögunum naumast stætt á öðru en að leggja í framkvæmdir, sem hefði verið möguleiki að fá gerðar af öðrum aðilum, ef sams konar fyrirgreiðsla hefði verið við þá.

Ég sagðist ekki ætla að fara í löngu máli að færa rök fyrir þessari brtt. Mér þykir rétt með tilliti til þess, að þetta frv. hefur verið sent til umsagnar húsnæðismálastjórnar, að víkja aðeins að þeim umsögnum, sem styðja þessa skoðun mína. Og það er þá fyrst umsögn Hannesar Pálssonar, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Viljum vér ekki láta hjá líða að benda á, að ef eitthvað er hugsað um að stöðva flóttann frá hinum dreifðu byggðum, þá þyrfti slíkt hámarkslán að ná til allra íbúða, sem byggðar væru utan Reykjavíkursvæðisins á næstu 5 árum. Einstaklingar þurfa að fá þennan lánsrétt líka ekki síður en sveitarfélögin, og viljum vér í því sambandi benda á frv. Þorvalds Garðars Kristjánssonar á þskj. 228, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi."

Á sömu lund og í sama anda tjá sig í séráliti um þetta efni aðrir tveir húsnæðismálastjórnarmenn, þeir Ólafur Jensson og Gunnar Helgason.

Ég vil taka það fram, að þó að brtt. okkar 6. þm. Reykv. yrði samþ., mundi ekki felast í því, að það yrði gengið alla leið til móts við það, sem ég legg til í frv. mínu á þskj. 228. Það er langt frá því. Þar er lagt til, að öll lán, sem veitt eru í þau byggðarlög, sem eiga að fá sérstaka aðstöðu til jafnvægis í byggð landsins, séu með Breiðholtskjörum, hvort sem það eru leiguíbúðir eða eigin íbúðir, hvort sem það eru einstaklingar, félög eða sveitarfélög, sem byggja. Þó að brtt. okkar 6. þm. Reykv. verði samþ. um þetta efni, nær ákvæði frv. einungis til leiguíbúða. Till. okkar er því mjög stillt í hóf um þetta atriði sem um hið fyrra atriði í 1. brtt. okkar.

Þá er þriðja brtt., sem við hv. 6. þm. Reykv. gerum við 1. gr. frv. Hún er á þá leið, að byggðasjóði verði gert að kaupa árlega skuldabréf, bankavaxtabréf, samkv. 5. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins til að mæta þeirri fjármagnsþörf, er nemur mismuninum á almennri lánsupphæð og hinum sérstöku lánum til byggingar leiguíbúða. Hér er um verulega upphæð að ræða. Ef hið almenna lán nemur ekki nema 30% af byggingarkostnaði, þarf viðbótin að nema 50%, til þess að náð sé 80% af byggingarkostnaði. Og 50% af byggingarkostnaði íbúða nú á tímum eru ekkert lítil fjárhæð. Ég ætla, ef þetta ákvæði frv. í 2. mgr. á að vera raunhæft, að þá þurfi 200—300 millj. kr. til þess að mæta þessum sérstöku þörfum. Ég sé ekki annað en það sé fullkomið ábyrgðarleysi að leggja til þessar lánveitingar án þess að gera jafnframt ráðstafanir til að afla fjár til þeirra. Annaðhvort er um að ræða algert lýðskrum og þetta ákvæði verður markleysa í framkvæmd eða það er ætlunin að ganga á hinn almenna lántakanda, hin almennu íbúðarlán byggingarsjóðs og lækka þau, ekki í krónutölu, heldur að þau lækki að raungildi. Og í raun og veru er það það, sem 1. mgr. frv. þýðir, ef ekki koma sérstakar fjárveitingar í þessu skyni. Þetta þykir okkur flm., hv. 6. þm. Reykv. og mér, að ekki megi afgreiða, án þess að gerð sé bragarbót á. Við leggjum til, að fjármagnið komi úr byggðasjóði. Það er vegna þess, að það er skoðun okkar, að miðað við tilgang byggasjóðs sé fé hans ekki varið skynsamlegar til jafnvægis í byggð landsins en einmitt með þessum hætti. Auðvitað gerum við okkur ljóst, að aðrar þarfir byggðasjóðsins eru margar og sumar vafalaust jafnþýðingarmiklar fyrir aðgerðir til jafnvægis í byggð landsins, en ég efast um, að sumt sé eins þýðingarmikið. En ef menn telja, að ekki sé hægt að verja til þessa því fé, sem byggðasjóður hefur nú til umráða, þá þarf að efla tekjustofna byggðasjóðs, og sú ráðstöfun krefst forgangs. Þetta er allt byggt á þeirri skoðun, að það sé tómt mál að tala um jafnvægi í byggð landsins og aðgerðir til þess að efla það, nema menn séu reiðubúnir að sýna í verki, að þeir vilji gera það. Og til þess að hægt sé að sýna það í verki, þarf fjármagn.

Þá gerum við hv. 6. þm. Reykv. þá brtt., að það verði breytt hlutfallinu á milli framlags ríkisins og sveitarsjóða til byggingarsjóðs verkamanna. Allt frá því, að sett voru fyrstu lög um byggingarsjóð verkamanna, fyrir rúmum 40 árum, hefur sú skipan verið á fjáröflun til byggingarsjóðs verkamanna, að ríkið hefur lagt fram helminginn á móti helmingi frá sveitarfélögunum. Nú leggjum við til, að þessu sé breytt, og það kemur til af því, að þó að hægt hafi verið að una við þessa skiptingu á framlögum til byggingarsjóðs verkamanna í 40 ár, þá er svo komið fyrir aðgerðir núv. ríkisstj. á síðustu missirum, að það getur ekki gengið lengur. Þannig hefur verið búið að sveitarfélögunum með tilliti til tekjustofna þeirra, að þau treysta sér ekki til að hagnýta sér ákvæði laga um byggingu verkamannabústaða sem skyldi til þess að leysa húsnæðisþörf hinna lægst launuðu, vegna þess að þau hafa ekki bolmagn til þess að leggja helming fram á móti ríkissjóði. Er ákaflega þýðingarmikið atriði að bæta úr þessu, ef menn vilja gera markvissar ráðstafanir til þess að aðstoða sérstaklega hina lægst launuðu við íbúðarhúsabyggingar, vegna þess að þessi kjör, kjör verkamannabústaðanna, eru þau langtum beztu, sem völ er á. Þetta liggur í því, að lán úr byggingarsjóði verkamanna eru veittar til 42 ára með 2% vöxtum. Gefur auga leið, að það er mun hagkvæmara en hin almennu lán úr byggingarsjóði ríkisins, sem eru til 25 ára með allt að 8% vöxtum. Þetta eru allir sammála um. Þetta eru staðreyndir.

Það vill svo til, að með frv. því, sem hér er til umr., er fskj., og um hvað haldið þið nú, að þetta fskj. sé? Það er ekkert í samræmi við efni frv. eins og frv. er lagt fram. Það varðar samanburð á hagkvæmni lána úr byggingarsjóði verkamanna annars vegar og byggingarsjóði ríkisins hins vegar. Og þar kemur fram og er staðfest með skýrum tölum það, sem ég var að segja, hvílíkur munur væri hér á. Hvað kemur nú til, að þetta fskj. er lagt fram eins og það sé lagt fram til stuðnings við það, sem ég hef hér sagt í fáeinum orðum, en að það skuli ekkert varða efni frv., sem lagt er fram? Þetta frv. felur ekki í sér neinar till. um breytingar á kerfi verkamannabústaðanna. Ég spyr: Hvers vegna er þetta fskj. sett fram? Að mér hefur hvarflað, að hæstv. félmrh. hafi látið sér koma til hugar, að það þyrfti nú að gera bragarbót í þessu efni og efla þyrfti byggingarsjóð verkamanna frekar en orðið er, en hafi heykzt á slíkum fyrirætlunum. Nú kann að vera, að þetta sé ekki svo, og þá er þetta fskj. einungis gagnlegt til þess að leggja áherzlu á þau sjónarmið, sem ég hef hér lýst, og till. okkar hv. 6. þm. Reykv. um að auka framlög ríkisins til verkamannabústaða.

Auðvitað þýðir þessi till. veruleg fjárútlát fyrir ríkissjóð. Samkv. fjárlögum fyrir þetta ár, sem nú er að líða, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður veiti til verkamannabústaða 63 millj. kr. Að óbreyttum lögum eiga sveitarfélögin að leggja fram á móti 63 millj. kr. Hins vegar, ef till. okkar verður samþ., hækkar framlag ríkissjóðs úr 63 millj. kr. upp í 189 millj. kr. eða um 126 millj. kr., miðað við það, að framlög sveitarfélaga séu óbreytt. Þetta þýðir í framkvæmd, að það er hægt að byggja helmingi fleiri verkamannabústaði en nú er fyrirhugað, án þess að sveitarfélögin þurfi að leggja fram meira fjármagn en nú er. Af þessu má nokkuð marka, hve þessi till. okkar hv. 6. þm. Reykv. er þýðingarmikil í þessu máli.

Herra forseti. Ég sagði hér áðan í öðru sambandi að till. okkar, brtt. á þskj. 740, væri stillt mjög í hóf. Og í raun og veru er ekki þar lagt annað til en sem sýnast mætti hverjum sanngjörnum hv. þm. sjálfsagt mál að gera, miðað við þær þarfir og þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi.

Ég vænti þess, að hv. d. taki með skilningi á þessum till., svo að þær megi ná fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 740,1 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 740,2 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 740,3 felld með 11:7 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 665, n. 731). — Frh. 2. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þetta mál, sem ég vil koma inn á og ég tel þýðingarmikið, að hæstv. fjmrh. hlýði á, varðar atriði, sem við hæstv. ráðh. ræddum sérstaklega í des. s. l., þegar samþ. var frv. um aðra breytingu á lögum um launaskatt. Þá benti ég á, að það væri nokkur árátta hjá hæstv. ríkisstj. að gera það varanlegt, sem viðreisnarstjórnin vildi hafa til bráðabirgða, og rífa niður það, sem viðreisnarstjórnin vildi hafa varanlegt, og það hefði viljað svo illa til, að hæstv. núv. ríkisstj. hefði komið að þessu leyti fram í sinni verstu mynd varðandi þetta frv. Þar gerði hún varanlega aukningu launaskatts um 1½%, sem átti að verða til bráðabirgða, en gerði til bráðabirgða 1% launaskattinn, sem var varanlegur samkv. lögum frá 1965 sem tekjuöflun fyrir byggingarsjóð ríkisins. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að það hefði ekki verið meiningin að rýra möguleika byggingarsjóðs ríkisins og nánast hefði þetta verið misskilningur. Og hæstv. ráðh. sagði í framhaldi af þessu, með leyfi hæstv. forseta: „Ég skal segja meira. Ég skal tilkynna ráðuneytisstjóranum í fjmrn. um þessa yfirlýsingu mína og biðja hann að sjá um, að þannig verði frá málinu gengið, ef það kemur hér fram aftur á þingi, sem það gerir alltaf sem tekjustofn byggingarsjóðsins. Það er ekki á bak við þetta nein hugsun um að skerða þann sjóð, enda held ég, að flestum sé kunnugt um, að sú leið væri litt fær, nema þá að önnur fylgdi þar til úrbóta. Þetta er ekki komið inn af því, heldur af því einu, að hv. fjhn. Nd., þegar hún gekk frá þessari breytingu, þá gekk hún frá frv. í heild, vegna þess að í 1. gr. frv. var þessu blandað saman af hálfu rn. Þessa yfirlýsingu er mér ljúft að gefa, því að það er ekki ætlunin að skerða á neinn hátt þennan tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins".

Nú þurfti ekki lengi að bíða, þar til mál þetta kæmi aftur fyrir Alþ. Vil ég vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. hefur ekki gert þá bragarbót í þessu efni, sem hann lofaði. Enn þá liggur mál þetta fyrir í þeirri mynd, að 1% launaskatturinn, tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins, á ekki að gilda nema til þessara áramóta. Nú er ég ekki að segja það og vil ekki meina það, að hæstv. ráðh. hafi vísvitandi gengið hér á bak orða sinna, en hér er um svo þýðingarmikið mál að tefla, að ég tel nauðsynlegt að fá að heyra, hvað ráðh. segir um þetta.

En nú er málið orðið enn þá alvarlegra en var í des. s. l. Þá var einungis, — sem var þó nógu slæmt, — gengið þannig frá málinu, að þessi tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins gildir að formi til ekki nema til ársloka. En með þessu frv. er gengið það langt, að það er strax skertur tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins af launaskattinum, sem nemur um 25 millj. kr. Þetta er hreinlega tekið af byggingarsjóði ríkisins á þessu ári, sem nú er að líða, á sama tíma sem hér er verið að ræða um frv. til breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fela í sér stórkostleg útgjöld fyrir byggingarsjóð ríkisins, án þess að um nokkra tekjuöflun sé að ræða. Nú þykir mér því nokkuð langt gengið.

Þetta liggur í því, að þegar launaskatturinn samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er felldur niður af tekjum sjómanna, lögskráðra á íslenzk fiskiskip, fellur allur launaskatturinn niður, ekki einungis 1½%, sem gengur í ríkissjóð, heldur 1%, sem gengur í byggingarsjóð ríkisins. Nú segir í aths. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Er fiskverð var ákveðið um s. l. áramót, gaf ríkisstj. fyrirheit þess efnis, að hún mundi beita sér fyrir, að launaskattur (2.5%) af launagreiðslum til lögskráðra áhafna á fiskiskipum yrði felldur niður frá og með 1. janúar 1973. Frv. þetta er flutt til efnda á fyrirheitum þessum."

Ríkisstj. gefur samkvæmt þessu fyrirheit um, að ríkissjóður sleppi ákveðnum tekjum, til þess að þær komi til góða útgerðinni í landinu, en jafnframt leyfir ríkisstj. að gefa yfirlýsingu um það, að það skuli skertar tekjur byggingarsjóðs ríkisins sem svarar 1% launaskatt af tekjum sjómanna. Hér er nokkuð langt gengið.

Þessi mál komu til umr. á þessu þingi fyrir hátíðar í sambandi við frv. til breyt. á orlofslögum. Þá var gerð till. um að hækka orlofsgreiðslur á útgerðinni. Það hafði verið í lögum frá síðasta þingi gert ráð fyrir því, að ekki þyrfti að greiða orlof af tekjuskattsfrjálsum tekjum sjómanna. Þetta skyldi nú breytast eða falla niður, en þetta var samningsatriði milli sjómanna og útgerðarmanna, þegar orlofsgreiðslur á síðasta þingi hækkuðu úr 7% í 8.33%. Þessi breyting náði fram að ganga. En það kom þá fram hugmynd frá L.Í.Ú., sem greint var frá hér í þinginu, að til að mæta þessari hækkun orlofsgreiðslna útgerðarinnar yrði felldur niður 1½% launaskatturinn af tekjum sjómanna. L.Í.Ú. kom ekki til hugar, að það væri fær leið að fella líka niður 1% launaskattinn og rýra þannig tekjur byggingarsjóðs ríkisins.

Nú efast ég ekki um, að útgerðin þurfi á þessu að halda. Ef 1½% launaskatturinn hefði verið felldur niður, taldi L.Í.Ú., að það mundi þýða til góða fyrir útgerðina í landinu um 37½ millj. kr. Er þá lagt til grundvallar, að aflahlutir sjómanna samkv. áætlun valkostanefndar séu 2500 millj. kr. á ári. Nú gengur ríkisstj. með þessu frv. lengra, þannig að miðað við þessa útreikninga má ætla, að það, sem kemur útgerðinni til góða, séu a. m. k. um 50 millj. kr. En þetta er bara gert á kostnað byggingarsjóðs ríkisins með þeim hætti, að tekjur byggingarsjóðs lækka á ársgrundvelli um 25 millj. kr. Þetta þykir mér mjög alvarlegt mál.

Ég vildi nú í fyrsta lagi fá að heyra, hvað

hæstv. fjmrh. segir um þetta mál, eins og það liggur nú fyrir. Og í öðru lagi þættu mér það skynsamleg vinnubrögð, að hv. fjh.- og viðskn. tæki mál þetta aftur til athugunar, áður en þessari umr. lýkur.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. vil ég endurtaka það, sem ég sagði hér í vetur, að ég mun sjá um, að fyrir næsta Alþ. verði lagt fram frv., sem aðgreinir þessa liði, sem hér er um að ræða, og að byggingarsjóðnum verði ekki blandað inn í þennan bráðabirgðaskatt. Það get ég staðfest.

Hitt er annað, að þetta mál hér er sérstaks eðlis og er bundið við samninga. Ég sá ekki ástæðu til að fara að blanda þeirri lagasmíð inn í það, því hér er um sérstakt atriði að ræða, en mun hins vegar sjá um, að það verði tekið fyrir, eins og ég gaf fyrirheit um. Frekari atriði sé ég ekki ástæðu til að ræða í sambandi við þetta mál, af því að það er einangrað við samning. En hitt málið skal fara í þann farveg, sem um var rætt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir að ítreka þá yfirlýsingu frá því fyrr í vetur, að hann muni gera ráðstafanir til þess að koma þeirri skipan á, að launaskattur til byggingarsjóðs ríkisins verði varanlegur eins og áður hefði verið. En ég vil lýsa vonbrigðum yfir því, að hæstv. ráðh. tjáði sig ekki um það atriði, að með þessu frv. er lagt til, að tekjur byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári séu skertar um 25 millj. Mér finnst, að það sé svo alvarlegt mál, að það verði að taka til athugunar, og mér þykir leitt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki láta það koma fram, hvort þetta er viljaverk eða óviljaverk, eins og hin yfirsjónin er.

Ég hallast frekar að því, fyrst hæstv. ráðh. tjáir sig ekki um svo veigamikið atriði sem þetta, að hér muni vera um viljaverk að ræða. En ef svo er, þá finnst mér fyrst kastað tólfunum í öllu ábyrgðarleysinu gagnvart fjármálum byggingarsjóðs ríkisins, ef á sama tíma, sem verið er að leggja til stóraukin útgjöld upp á hundruð millj. hjá þessum sjóði, er jafnframt verið að skerða tekjur sjóðsins. En þó að hæstv. ráðherra hafi ekki af einhverjum dularfullum ástæðum viljað tjá sig um jafneinfaldan hlut og þennan, finnst mér, að virðing d. liggi við, að hv. félmn., auk hv. fjh.- og viðskn., taki þetta mál til athugunar. Þá á ég við og beini þeim tilmælum til hæstv. forseta, form félmn., að hann kveðji n. á fund til þess að ræða frekar húsnæðislagafrv. ríkisstj., áður en það kemur til 3. umr., — þetta verði gert í ljósi þeirra upplýsinga, sem hér hafa komið fram, að með frv. því, sem hér er til umr., er verið að skerða tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins.

Mér þætti einnig rétt, að hv. fjh.- og viðskn. leitaði frekari skýringa á þessu atriði hjá hæstv. fjmrh. Ráðherranum ætti að vera innan handar að gefa einhverja skýringu á nefndarfundi fyrst hann hefur kosið að sinni að gefa þá skýringu ekki hér.

ATKVGR.
Brtt. 731 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Mánudaginn 16. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Norrænn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463, n. 747). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 552, n. 749). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 668, n. 733). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 751). — Ein umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 771).

Eftrlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, frv. (þskj. 738). — 1. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. flytur þetta frv. samkv. ósk fjmrh. Í grg. með frv. segir m. a., að lífeyrissjóðsréttindi eða eftirlaun fyrir starfsmenn stjórnmálaflokkana hafi verið til athugunar um skeið og viðræður um þau efni hafi byrjað fyrir rúmum tveimur árum og ýmsir þættir athugaðir í því sambandi. Þá segir enn fremur, að hér sé um að ræða fá-

mennan hóp, sem eigi fyllilega samleið með öðrum starfsmönnum. Pólitísk veðrabrigði geta valdið því, að starf þeirra er ótryggt líkt og þingseta alþm. Þeir eiga ekki fyllilega samleið með skrifstofufólki vegna sérstaks eðlis starfsins. Vinnutími þessara manna getur ekki verið fastbundinn við ákveðinn skrifstofutíma og verður stundum næsta óreglulegur. Eftir athugun þessara mála hefur orðið samkomulag um að leggja til, að starfsmennirnir skuli vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Lagt er til, að lífeyrisréttindi þeirra verði að nokkru leyti sniðin eftir réttindum þingmanna. Verður að telja það eðlilegt m.a. með tilliti til þess, hversu líkt er um atvinnuöryggi þessara tveggja starfshópa. Þeir starfsmenn, sem fengju rétt til aðildar að lífeyrissjóði samkv. þessu frv., eru 10—15 talsins, flestir tiltölulega ungir, og yrði því lítið um greiðslu ellilífeyris til þeirra fyrstu tíu árin, svo að fé mundi safnast fyrir á þeim tíma. — Þessar skýringar úr grg. frv. vildi ég láta fylgja nú, þegar málið er kynnt við 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437). — 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar ágreiningslaust og breytingalaust. Á síðasta þingi voru samþ. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og þótti þá nauðsynlegt, að lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum yrði sem fyrst breytt til samræmis við stýrimannaskólann. Þau efnisatriði, sem felast í þessu frv., eru til samræmingar við þá löggjöf, sem sett var á s.l. vetri um stýrimannaskólann. Til þess að annast þá endurskoðun laganna um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, sem nauðsynleg var í þessu skyni var *Jónasi* Sigurðssyni skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og Kristni Gunnarssyni deildarstjóra í samgrn. falið að annast þessa endurskoðun, og hafa þeir gert það. Þær einu efnisbreytingar, sem í frv. eru, eru til samræmingar við hina áðurnefndu löggjöf, en margvíslegar orðalagsbreytingar eru í þessu frv., sem einnig miða að því, að ákvæði laganna séu í samræmi við stýrimannaskólalögin.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til, herra forseti, að því verði vísað til hv. samgmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til samgmn. með 29 shlj. atkv.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed. Það er um jöfnun á flutningskostnaði á sementi, en eins og kunnugt er, hefur Sementsverksmiðja ríkisins haft svo að segja alla sementssölu í sínum höndum nú um alllangan tíma, og hafa ekki aðrir verzlað með þá vöru. Sementsverksmiðja ríkisins hefur þegar komið upp hjá sér ákveðnu jöfnunarverði á sementi, þannig að sama verð er á því svo að segja í öllum höfnum á landinu. Nú er búizt við því, að nokkur innflutningur geti átt sér stað á sementi í kjölfar aðildar okkar að EFTA og þessi innflutningur fari eitthvað vaxandi, og af þeim ástæðum er nauðsynlegt, að þeir aðilar, sem kunnu að flytja inn sement, lúti sömu reglum varðandi verðjöfnunarfyrirkomulag á sementi og Sementsverksmiðja ríkisins. Af þeim ástæðum er þetta frv. flutt. Hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða og ætti því ekki að þurfa að taka langan tíma að afgreiða það. Vil ég vænta þess, að hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust tekur málið til athugunar, sjái sér fært að afgreiða það fljótlega, svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, frv. (þskj. 618, n. 730). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur athugað málið og leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 748). — 1. umr.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 748 er frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og gengið var frá því í hv. Ed. Þetta frv. var flutt í Ed., og var þar gerð grein fyrir því. Jafnframt fylgdi frv. ítarleg grg. Jafnhliða þessu frv. eru lögð fyrir á hv. Alþ. frv. að þrennum lögum, er varða landbúnaðarmál og aðeins verða sýnd á þessu þingi, en ekki gert ráð fyrir afgreiðslu þeirra eða fyrir þeim verði talað, heldur eru þau aðeins lögð fram til þess að kynna þau þeim, sem áhuga hafa á þessum málum, á milli þinga. Hér er um að ræða frv. að jarðalögum, frv. að lögum um heykögglaverksmiðjur og frv. að ábúðarlögum. Þessi mál snerta þetta frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og það var lagt fram hér fyrst á hv. Alþ. En það varð að samkomulagi í hv. Ed. að taka I. kafla frv., eins og það var lagt fyrir, og afgreiða aðeins hann að þessu sinni, þar sem síðari kaflar snerta

þau mál, sem síðar yrðu til umr., sérstaklega að því er varðar Landnám ríkisins, sem gert er ráð fyrir, að lagt verði niður, þegar þau frv., sem ég greindi frá áðan, verða orðin að lögum, en þá væri búið að fela öðrum stofnunum, sem fyrir eru, starfsemi Landnámsins. Það þótti því sanngjarnt í alla staði að bíða með afgreiðslu á seinni hluta frv. þessa, eins og það var upphaflega lagt fram, og það yrði afgr. í heild jafnhliða þessum frv., sem ég hef nú greint frá.

Það, sem um er að ræða í þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, er í fyrsta lagi að styrkja tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þannig að meira hlutfall af lánsfé deildarinnar verði eigið fé, en til þess ber brýna nauðsyn. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hlutfall eigin fjár í lánum Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur farið lækkandi, og stafar af því m. a., að deildin hefur orðið að taka óhagkvæmari lán en útlán hennar eru, hún hefur orðið að taka lán til styttri tíma en þau lán, sem hún lánar aftur, og í þriðja lagi, að lánin hafa farið hækkandi ár frá ári, ekki sízt nú síðustu árin. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess, að deildin fái auknar tekjur og hlutfall eigin fjár deildarinnar í útlánum vaxi miðað við lánsfé. Að öðrum kosti getur starfsemi deildarinnar ekki orðið eðlileg í framtíðinni. Þetta frv. stefnir í þá átt, að svo verði, og er það höfuðatriði frv.

Í öðru lagi er svo um að ræða, að sérstakur forstöðumaður á að verða fyrir stofnlánadeildinni, en þó með þeim hætti, að deildin starfar áfram innan vébanda Búnaðarbanka Íslands og bankastjórnin hefur yfirumsjón og stjórn á henni.

Í þriðja lagi er um það að ræða, að bændasamtökin í landinu fái aðild að bankaráði Búnaðarbankans, þegar um er að ræða meðferð á málum stofnlánadeildarinnar.

Ástæðan til þess, að inn á þessa braut er farið, er sú, að gert er ráð fyrir, að deildin verði meira afgerandi aðili í stefnumótun á sviði landbúnaðar en verið hefur. Hér er ekki hugsunin, að verið sé að breyta til afgreiðslu einstakra lána, heldur til þess að móta þá stefnu, sem deildin á að fylgja í útlánum hverju sinni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ekkert vopn er jafnsterkt til þess að hafa áhrif í stefnumótun og lánveitingar stofnlánasjóða, og það hefur verið áhugamál félagssamtaka bændanna að fá aðild að þessari stefnumótun með þessum hætti. Þess vegna eiga fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands að taka þátt í þessari stefnumótun, enda ekki aðrir, sem hafa þar betri skilning á eða meiri þekkingu til að bera. Þessi stefnumótun getur verið með margvíslegum hætti. Hún á að verða m. a. til þess að styrkja aukinn félagsbúskap í landinu og einnig að takmarka það, hvað hugsanlegt er að einyrkinn geti afkastað í sínum búskap. Hún getur einnig haft áhrif á það, hvort sauðfjárrækt eða nauðtgriparækt verður meira ráðandi búgrein í búskap bænda.

Ég vona, að þetta, sem hér er gert, verði til þess að efla íslenzkan landbúnað og til þess að koma á þeirri heilbrigðu stefnumótun, sem nauðsyn ber til og aðlagast þeim markaðsmöguleikum, sem eru á hverjum tíma.

Ég skal ekki tímans vegna fara að eyða að þessu fleiri orðum. Ég vil segja það, að landbn. hv. Nd. mun að einhverju leyti a. m. k. hafa kynnt sér þetta mál ásamt landbn. hv. Ed., og ég verð því að leyfa mér að fara fram á það við hv. n. og hv. d. að höfð verði snör handtök í sambandi við afgreiðslu þessa máls nú fyrir þinglokin, enda var sú breyting, sem gerð var í Ed., við það miðuð, að sem bezt samstaða næðist um þetta mál. — Ég treysti því, að hv. landbn. verði fljót að afgreiða málið frá sér og hv. d. einnig, svo að það verði að lögum nú fyrir þinglok.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. frestað um stund.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 761 (sbr. 648)). — Ein umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í d. flutti ég brtt., sem hv. heilbr.- og trn. tók svo upp sem sínar við lokaafgreiðslu þessa máls hér við 3. umr. Þessi brtt. var efnislega um það, að tryggt skyldi í reglugerð, að a. m. k. eitt deildaskipt sjúkrahús yrði byggt í hverju læknishéraði. Nú sé ég, að á þessu hefur orðið breyting í hv. Ed., orðalagsbreyting a. m. k., og ég vil því gjarnan spyrja hæstv. ráðh., sem gegnir sennilega störfum fyrir heilbr.- og trmrh., hæstv. viðskrh., hvort álit hans sé það eftir þessa breyt. í hv. Ed., að enn standi efnislega sú afgreiðsla, sem hér var gerð við lokaafgreiðslu 3. umr., að í reglugerð komi ákvæði þess efnis, að skylt verði að byggja a. m. k. eitt deildaskipt sjúkrahús í hverju læknishéraði. Ég vildi mjög gjarnan fá fram, hvaða álit ráðherra hefur á þessu. Sé það svo, að það sé ekki álitið, að þetta standi óbreytt, mun ég freista þess að bera fram brtt. við þessa umr. í hv. deild.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Í tilefni af þeirri fyrirspurn, sem hér hefur komið fram frá hv. 7. landsk. þm. varðandi þær breyt., sem gerðar voru á 26. gr. frv. í Ed., með sérstöku tilliti til þeirra breyt., sem voru gerðar á þessari gr. í Nd. áður, skal ég taka það fram, að sú breyt., sem gerð var í Ed., breytir að mínu áliti ekki á neinn hátt þeirri samþykkt, sem var gerð við afgreiðslu málsins í Nd. Áfram stendur það, að til þess er ætlazt, að í reglugerðinni verði ákveðið, að í hverju læknishéraði skuli vera a. m. k. eitt deildaskipt sjúkrahús. Hafði verið gert ráð fyrir því í samþykktinni í Nd. að undanskilja þó sérstaka geðdeild í sambandi við slík deildaskipt sjúkrahús. Það atriði hefur verið fellt niður í Ed., en í staðinn kemur mjög almennt orðalag um það, að þessi deildaskiptu sjúkrahús skuli vera með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

Þessi orðalagsbreyting, sem gerð var í Ed., breytir ekki á neinn hátt þeirri ætlun með afgreiðslunni hér í Nd., að stefnt sé að því að ákveða í reglugerð, að deildaskipt sjúkrahús skuli vera a. m. k. eitt í hverju læknishéraði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. þetta álit hans á þessu máli. Ég tel, að það undirstriki það alveg fullkomlega, að hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá því, að málið var afgreitt hér í Nd., þannig að það sé tryggt, að byggt verði í hverju læknishéraði a. m. k. eitt deilaskipt sjúkrahús. Í þeirri trú mun ég ekki bera fram brtt. við þetta.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 772).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529, n. 729 og 737, 741). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur rætt þetta mál á fundum sínum, en ekki orðið sammála um, hvernig það skyldi afgreiða. Meiri hl. n., þar sem eru Garðar Sigurðsson, Jón Skaftason, Björn Pálsson og Karvel Pálmason, leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl., Guðlaugur Gíslason og Pétur Sigurðsson, hefur skilað séráliti, sem frsm. minni hl. mun væntanlega gera grein fyrir hér á eftir. Stefán Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég skýri frá áliti okkar, leiðrétta brengl, sem orðið hafa hjá mér í handriti að nál. minni hl. Þar segir, að „á fund n. hafi komið". Þetta var á fund sjútvn. Ed. Þeir komu þar og skýrðu frá þessu áliti sínu, þeir menn, sem vitnað er þarna í, Jón Sigurðsson, form. Sjómannasambands Íslands, og Kristján Ragnarsson, form. L.Í.Ú., en hins vegar höfðum við í minni hl. símasamband við fulltrúa frá þessum aðilum, og staðfestu þeir skoðanir formanna viðkomandi samtaka.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara efnislega út í umr. um málið. Það hefur verið gert hér margoft í umr. að undanförnu, og sé ég ekki ástæðu til að fara frekar í það en kemur fram í minnihlutaáliti okkar. En niðurstaða okkar er sú, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Brtt., sem ég hef flutt ásamt nokkrum þm. á þskj. 741, er tekin aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 737 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 20:12 atkv.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 741 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 20:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 748). — Frh. 1. umr.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér þykir tilheyrandi að segja hér örfá orð við 1. umr. málsins, áður en það fer til n. Að vísu er þetta orðið miklu viðaminna frv. en það var, þegar málinu var útbýtt hér í hv. Alþ. fyrir fáum dögum. Það hefur breytzt allmikið í meðförum hv. Ed., þar sem II. og III. kafli frv. hafa verið felldir í burtu, og er það vitanlega mikið atriði, vegna þess að eins og frv. var, þegar það var lagt fram, var það bundið við önnur frv., sem einnig er búið að leggja fram, en ekki er ætlað að fái afgreiðslu á þingi að þessu sinni. Ef frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði verið samþ. óbreytt, hefði raunverulega um leið verið tekin afstaða til þeirra frv., sem ekki koma til umr. á þessu þingi. Það var sannarlega til of mikils mælzt að ætlast til þess, að hv. Alþ. færi að samþ. eða taka afstöðu til frv., sem ekki verða til umr. eða koma til afgreiðslu nú.

Þetta frv., eins og það nú er, fjallar aðallega um tekjuöflun fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þess gerist þörf, eins og fram hefur komið, vegna þess, að eigið fé stofnlánadeildarinnar hefur rýrnað í verðbólgunni, eins og raun ber vitni. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé ábyrgðarhluti að setja fótinn fyrir það, að stofnlánadeildin fái auknar tekjur. Stofnlánadeildarlögin, sem nú eru í gildi, voru sett fyrri hluta árs 1962. Á haustþinginu 1961 var borið fram frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins til þess að rétta hlut landbúnaðarsjóðanna, sem þá voru algerlega fjárvana. Það var þá, sem lagt var til að leggja 1% á búvörur, sem bændur bæru sjálfir, og 0.75% á heildsöluverð landbúnaðarvara. Ríkissjóður lagði hins vegar á móti jafnhátt framlag og búvörugjaldinu nam. Með þessari ráðstöfun átti að vera tryggt, að stofnlánadeildin gæti byggt sig upp og orðið sjálfstæð fjárhagslega. Gekk þetta nokkuð vel lengi vel, en nú er svo komið, að augljóst er, að eigið fé stofnlánadeildarinnar rýrnar mjög mikið á hverju ári, þannig að það fé, sem stofnlánadeildin hefur til ráðstöfunar á þessu ári, er 30 millj. kr. lægra en á s. l. ári, og ef ekkert væri gert stofnlánadeildinni til hjálpar, hefði hún enga möguleika til útvegunar lánsfjár t. d. á árinu 1974. Við svo búið má vitanlega ekki standa. Ástæðan til þess, hvernig komið er fyrir stofnlánadeildinni, er dýrtíðin og verðbólgan og gengistöp af eldri lánum.

Í 12. gr. stofnlánadeildarlaganna frá 1962 var sett inn ákvæði til að tryggja það, að deildin yrði ekki fyrir gengistapi af þeim lánum, sem tekin væru, eftir að þau lög gengju í gildi. Gengistöpin eru þess vegna af eldri lánum. Ætlazt er til, að þetta ákvæði 12. gr. stofnlánadeildarlaganna verði áfram í lögunum, þar sem það er tekið upp í frv.

Stofnlánadeildin þarf vitanlega á auknu fjármagni að halda, þegar krónan minnkar. Það eru fleiri krónur, sem þarf að lána, og framkvæmdir í landbúnaði fara alltaf eftir árferðinu. Árferði hefur batnað nú, eins og kunnugt er, 1970, 1971 og 1972, og vonandi verður áfram gott árferði. Á árunum 1963, 1964, 1965 og 1966 voru miklar

framkvæmdir í landbúnaði og þó mest 1966, enda var það gott ár. En þegar kuldinn kom og kalið, minnkuðu framkvæmdir aftur, eins og vænta mátti.

Yfirleitt ráðast bændur ekki í þær framkvæmdir, sem eru ekki nauðsynlegar, og vegna þess er nauðsynlegt að tryggja fé til þess, að þeir fái lán til þeirra framkvæmda, sem gerðar eru. Nú er það svo, að jafnvel þó að þetta frv. verði samþ. óbreytt, lítur ekki út fyrir, að á þessu ári verði unnt að fullnægja lánsfjárþörfinni. Samkv. þeim gögnum, sem fram hafa komið um framkvæmdaáætlun og annað, sem hv. þm. hafa séð í sambandi við stofnlánadeildina, lítur út fyrir, að það fjármagn, sem deildin fái til umráða á þessu ári, muni nema 420 millj. kr., en lánsþörfin hins vegar muni vera 640 millj. kr. Lítur þá út fyrir, nema hæstv. ríkisstj. útvegi frekari lán, að það muni vanta um 220 millj. kr. á þessu ári. Er það vitanlega mjög bagalegt, því að fram að þessu hefur verið unnt að sinna þeim umsóknum, sem stofnlánadeildinni hafa borizt, og þeir bændur, sem hafa uppfyllt öll skilyrði til lántöku, hafa fengið lán. Það má vel vera, að hæstv. landbrh. hugsi sér að fjármagna deildina enn frekar en fram hefur komið fram að þessu. Ef þetta frv. verður samþ., kemur það vitanlega í ljós síðar á árinu, enda ekki gengið frá lánum til bænda fyrr en á haustin.

Ég tel, að það sé ekki um annað að ræða en að samþ. frv. að mestu leyti í því formi, sem það nú er komið, hvað tekjuöflunina snertir. Hins vegar eru hengd hér aftan í I. kafla frv. nokkur atriði, sem ég tel að orki tvímælis. Þar er gert ráð fyrir því, að hér eftir annist stofnlánadeildin jarðakaupalánin. Ef svo verður, sýnist mér, að ekki sé um annað að ræða en að leggja niður veðdeild Búnaðarbankans, því að aðalhlutverk hennar hefur verið að veita jarðakaupalán. Það hefur ekki verið gert enn, og skýtur þá dálítið skökku við að taka af veðdeildinni þau verkefni, sem hún hefur haft með höndum, en láta hana samt vera til í lögum. Þetta sýnist vera dálítið hjákátlegt, en þessu mætti breyta síðar meir með því að fella veðdeildina úr lögum. Ef stofnlánadeildinni er falið það verkefni, sem veðdeildin hefur haft, mætti leggja deildina niður að skaðlausu.

Verkefni stofnlánadeildarinnar eru að öðru leyti óbreytt frá því, sem verið hefur. Það hefur stundum verið talað um það, að í tíð núv. ríkisstj. hafi verkefni stofnlánadeildarinnar verið færð út, því að nú sé farið að lána til hinnar félagslegu uppbyggingar, sláturhúsa og vinnslustöðva. Þetta hefur verið sagt í þeim tón og með þeim orðum eins og þetta hafi ekki verið gert áður. En ef einhver hv. þm. er í vafa um það, að byrjað hafi verið að lána til sláturhúsa og vinnslustöðva landbúnaðarins, áður en núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, er bezt að taka af öll tvímæli um það og vitna í útlánaskýrslur stofnlánadeildinnar frá fyrri árum. Sýna þær, að á þessu hefur verið byrjað, áður en núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda.

Verksvið stofnlánadeildarinnar var stóraukið með lögum frá 1962 frá því, sem landbúnaðarsjóðirnir höfðu áður haft. T. d. lánuðu landbúnaðarsjóðirnir ekki út á vélar, dráttarvélar eða aðrar vélar, svo sem stofnlánadeildin hefur alltaf gert. Um þetta er óþarfi að fara mörgum orðum, allra sízt þegar tíminn er takmarkaður. Mér hefur skilizt á hæstv. landbrh., að hann óski helzt eftir, að 1. umr. málsins verði lokið á þessum fundi. Ég ætla þess vegna ekki að teygja tímann og halda langa ræðu.

Ég vil þó minna á, að hæstv. ríkisstj. talaði mikið um, að lengja þyrfti lánstímann og lækka vexti af lánum til landbúnaðarins. Þessu hefur hæstv. ríkisstj. algerlega gleymt, og ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv. að lengja lánstímann og ekki heldur að lækka vexti. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hækka vexti á tilteknum lánum, eins og fram kemur í þessu frv. Gert er ráð fyrir því, að bóndi, sem hefur meir en 1½ vísitölubú, fái óhagstæðari lán en sá bóndi, sem er með bústærð undir þeirri stærð. Ég tel þetta mjög hæpið ákvæði, og það verkar eins og refsing á þá, sem eru duglegir og reka myndarleg og stór bú. Sannleikurinn er sá, að það er enginn mælikvarði á efnahag mannsins, hvort hann standi fjárhagslega betur, þótt hann hafi meira en 1½ vísitölubú eða þó að hann hafi jafnvel 2 vísitölubú. Hann getur skuldað mikið, vegna þess að hann hefur flýtt uppbyggingunni, húsabyggingum, ræktun og bústofnskaupum. Maður með stærra bú gæti því haft þörf fyrir að fá hagstæð lán eins og þeir, sem minni bú hafa. Auk þess býður þetta upp á það, að farið verði í kringum löggjöfina, þannig að telja tvo menn fyrir búinu, enda þótt það sé raunverulega einn, sem á það og rekur. Það er gert ráð fyrir heimild til þess að greiða sérstaklega fyrir þeim, sem lítil bú hafa, en það hefur áður verið gert með því að veita þeim styrki, og þegar styrkirnir voru upp teknir til byggingar íbúðahúsa, — sem voru lengi vel 60 þús. kr., en hafa verið 120 þús. kr. á hvert íbúðarhús síðan á fyrri hluta árs 1971, — þá átti það að koma sem mótvægi til þeirra, sem voru efnaminni. En í framkvæmd mun þetta hafa verið þannig síðustu árin, að flestir hafi fengið þessi framlög. Fram til síðustu tíma að þeir, sem höfðu minni ræktun en 25 hektara, fengu hærri jarðræktarframlag en hinir, sem voru komnir lengra með ræktunina.

Ég ætla ekki að fara að ræða fylgifrv., sem áttu að vera með þessu frv., en ég ætla aðeins í fáum orðum að benda á, að þau frv. þurfa mikla athugun. Ég fagna því, að það gefst tími til þess til haustsins. Ég er ekki viss um, að það sé rétt stefna að leggja niður Landnámið, og til sparnaðar leiðir það ekki samkv. þeim till., sem í þessum frv. eru. Þar sýnist vera, að koma eigi margar n. og mörg ráð í staðinn, stjórnir og skrifstofur, sem gætu kostað miklu meira en Landnámið kostar með því fyrirkomulagi, sem þar er. En það gefst tækifæri til að athuga það nánar fyrir haustið. Ég gæti bezt trúað því, að það næðist samkomulag um að gerbreyta þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að marka í landbúnaðarmálum með flutningi þessara mörgu frv., sem hér hafa nú séð dagsins ljós.

Vegna þess, hve tíminn er naumur, skal ég ekki orðlengja þetta frekar, en hv. landbn. fær málið til athugunar, og þótt það sé komið frá

Ed., verður hv. n. að gefast tími til að athuga um flutning á nauðsynlegum brtt. við nokkur atriði í frv. Það þarf ekki að hindra framgang frv., þótt landbn. flytji 2—3 brtt., sem gætu orðið til bóta.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það, sem fyrst og fremst er aðkallandi hvað snertir stofnlánadeild landbúnaðarins um þessar mundir, er aukin tekjuöflun til deildarinnar. Get ég því fallizt á það, sem segir í nál. frá 1. minni hl. landbn. Ed. um frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins og byggingar í sveitum, svo og brtt. á þskj. 705, sem að vísu hefur verið horfið frá um sinn. Í þeim brtt. var tekið upp það, sem laut að tekjuöflun í I. kafla frv., þ. e. ákvæði 4. gr. Nú skilst mér, að dregið hafi saman með ólíkum sjónarmiðum hv. þm. í Ed. á þann veg, að hugmyndin sé nú orðin sú að lögfesta aðeins I. kafla frv., þ. e. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með smávægilegum breytingum, en láta allt annað bíða, sem hangir á spýtunni. Þar er um að ræða þrjá kafla þessa frv., en auk þess nokkur önnur frv., sem lögð hafa verið fram fyrir fáum dögum, m. a. frv. til l. um heykögglaverksmiðjur ríkisins og frv. til jarðalaga, enn fremur mætti nefna frv. til ábúðarlaga.

Það er oft svo, þegar menn vilja laga einhverja framkvæmd í hendi sér eða fella í annan farveg, að þá er lögum breytt jafnvel meira en nauðsyn krefur. Þannig verða stundum til lög eða lagakaflar, sem aldrei komast í framkvæmd, t. d. sökum þess, að fjármagni er ekki veitt í æðar kerfisins, svo sem ýmis dæmi finnast um.

Lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru vandlega endurskoðuð fyrir stuttu. Þau voru samþ. á Alþ. 5. apríl 1971 og hafa því rétt náð tveggja ára aldri. Það verður því ekki sagt, að rík nauðsyn hafi kallað á skjóta endurskoðun nú. Samkv. aths. við lagafrv. hafa unnið að þeim tvær n. Að þessu frv. hefur unnið n., sem skipuð var af landbrh. 29. sept. 1972. Það er 9 manna n., skipuð valinkunnum sæmdarmönnum, og þeim tíunda var bætt við síðar. Í skipunarbréfinu var n. gefinn leiðarvísir í þá átt, að eitt af hennar höfuðverkefnum átti að vera að leggja Landnám ríkisins niður. Ég fagna því, að ekki hefur gefizt nægur tími til þess að jafna þessa merku stofnun við jörðu. Vona ég, að meira ráðrúm gefist áður en svo langt er gengið. Það voru nokkur önnur ákvæði, sem n. var falið að athuga sérstaklega, svo sem um Stofnlánadeild landbúnaðarins, stjórn hennar og fjárhagsaðstöðu, enn fremur byggingu og rekstur grænfóðurverksmiðja. En auk þess starfaði að náskyldu málefni þriggja manna n., sem vann að endurskoðun fjögurra lagabálka, eins og nánar segir hér í aths. um þetta frv.

Ekki skal dregið í efa, að n. þessar báðar hafa unnið gott starf á sinn hátt. Verkefnin hafa þó reynzt æríð drjúg. Frv. koma svo seint fram, að útilokað er að leggja þau fram öðruvísi en til sýningar og kynningar. Þegar svo er í pottinn búið, ber að varast að samþykkja önnur ákvæði en þau, sem óhjákvæmilegt er að lögfesta þegar í stað. Það eru eins og fram hefur komið, fyrst og fremst þau ákvæði, sem lúta að tekjuöflun stofnlánadeildar eins og ég áður sagði.

Hvers vegna er stofnlánadeildin svo mikils fjár vant nú? Það er m. a. vegna þess, að lögskipað er að lána til framkvæmda með mun hagstæðari kjörum en eru á mörgum þeim lánum, sem deildin hefur sjálf orðið að taka á undanförnum árum. Bent hefur verið á, að samtals hafi verið tekin erlend lán frá 1953 að fjárhæð 159 millj. kr. Greiddar afborganir og vextir hafa þegar numið 290 millj. kr., en eftirstöðvar lána þessara eru þó 270 millj. kr. Samkv. ítarlegri og mjög vel unninni grg., sem gerð hefur verið á vegum Búnaðarbanka Íslands, nemur heildarútlánaþörf stofnlánadeildarinnar á árinu 1973 643 millj. kr., ef miðað er við umsóknir eða útlánaóskir bænda, eins og það hefur verið orðað. En eigið fé deildarinnar til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu 1973 er aðeins 71 millj. kr. Samkv. þeim fjáröflunaráætlunum, sem uppi eru, er gert ráð fyrir að afla fjárhæðar að upphæð 421 millj. kr. Nemur þá fjárvöntun 220 millj. kr. Sjá þá allir, að teflt er á tæpasta vað, hvað fjáröflun varðar, a. m. k. ef fylgja á svipuðum lánareglum og gert hefur verið undanfarin ár.

Sé það full og endanleg ákvörðun valdhafa að láta samþykkja allan I. kafla þessa frv., er rétt að gera örfáar athugasemdir við ákvæði hans.

Það er að sjálfsögðu mörg ákvæði í þessum kafla, sem eru æskileg og sjálfsögð, svo sem upphaf 1. gr., þar sem segir: „Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands.“ Það er samband, sem verið hefur frá öndverðu, og náin samvinna milli Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Búnaðarbankans má aldrei rofna að mínum dómi, miklu fremur ber að hlynna að henni og efla á allan hátt.

2.—3. gr. lúta að því atriði, sem n. var sérstaklega falið að athuga, að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands skuli hafa nokkru meiri áhrif á útlánareglur deildarinnar en nú er. Þó að þessi ákvæði komi að mínu áliti mjög vel til greina, hygg ég þó að ekki væri verra að athuga þau efni nánar, þótt ekki væri nema með hliðsjón af öðrum svipuðum ákvæðum vegna fordæmis.

Ég stikla aðeins á örfáum atriðum. Í 5. gr. þegar talað er um verkefni stofnlánadeildar, er sagt undir 1. tölul., að hún eigi að lána til jarðakaupa, m. ö. o. að hún eigi að taka við verkefnum veðdeildar, a. m. k. þegar fram líða stundir, eins og tekið er fram í ákvæði til bráðabirgða við frv. eins og það kemur frá Ed. Þar er sagt, að 1. liður 5. gr. I. kafla laganna komi ekki til framkvæmda, fyrr en ákvæðum laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands hafi verið breytt til samræmis við lög þessi. Þarna eru enn ein lög eða lagakafli, sem þarf að endurskoða, áður en hægt er að framkvæma þetta. Við vitum, að bæði lánstími, vaxtakjör og fleira er með öðrum hætti í veðdeild en stofnlánadeild. Þessi atriði og önnur, sem rætt er um í 6. gr. frv., þess efnis, að lánareglur deildarinnar skuli fyrst og fremst miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, njóti þeirra og að sérreglur eigi að gilda, þegar bú stækka, þá held ég að skoða þurfi þessi ákvæði nánar, að ekki sé meira sagt. Það má vel vera, að rík nauðsyn

sé á því að fitja upp á slíkum reglum, en ég álít jafnsjálfsagt að athuga þessi ákvæði mun betur.

Í umr. um þetta mál í hv. Ed. sagði hæstv. forsrh. eitthvað á þá leið, að menn ættu ekki að láta sér þennan lagabálk í augum vaxa, því að hann væri að mestu endurtekning á ákvörðun, sem fyrir væru í lögum. Sé þetta rétt, sem ég leyfi mér ekki að draga í efa, þótt tími hafi ekki unnizt til að sannprófa það, ekki a.m.k. nákvæmlega, þá er þeim mun minni ástæða til að samþykkja nema það allra nauðsynlegasta á þessu þingi. Þá er þvert á móti rík ástæða til að gefa sér góðan tíma til að kanna þessi málefni í samhengi, öll þessi náskyldu frv., sem nýkomin eru fram á sjónarsviðið, og þau, sem væntanleg eru. Þá mun koma á daginn, að nauðsynlegt er að lögfesta ákvæði um frekari tekjuöflun, en flest annað megi að skaðlausu bíða um sinn. Þetta vil ég biðja hv. landbn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hugleiða dálítið nánar, áður en hún afgreiðir frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 73. fundur.

Mánudaginn 16. apríl, kl. 3 miðdegis.

Skýrsla um utanríkismál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í samræmi við venju, sem skapazt hefur hér á hv Alþ., og ákvæði í málefnasamningi ríkisstj. mun ég nú gera stuttlega grein fyrir helztu utanríkismálum.

Í þeim yfirlitsskýrslum, sem ég gaf Alþ. í nóv. 1971 og í maí 1972 um utanríkismál, rakti ég í mjög stórum dráttum þróun alþjóðamála. Mun ég halda þeim upptekna hætti og síðan gera grein fyrir því athyglisverðasta í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir, bæði tvíliða samskiptum og starfi á vettvangi nokkurra þeirra fjölþjóðlegu og alþjóðlegu stofnana, sem Ísland á aðild að.

Þegar litið er á þróunina síðustu mánuði í alþjóðamálum, ber hæst vopnahléssamkomulagið í Vietnam og samkomulag þýzku ríkjanna um að koma samskiptum sín á milli í eðlilegt horf.

Með samningi þýzku ríkjanna um grundvallarsamskipti þeirra á milli, sem undirritaður var 21. des. 1972, náðist mjög merkur áfangi í samskiptum austurs og vesturs. Í kjölfar þessa samnings skapast möguleikar á samstarfi Evrópuþjóða, sem með góðum vilja kann að valda aldahvörfum í álfunni. Stjórnmálasambandi hefur nú verið komið á við Þýzka alþýðulýðveldið og þar með eðlilegum samskiptum við það ríki. Bæði þýzku ríkin munu innan tíðar verða fullgildir aðilar að Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra. Þótt ekki kæmi fleira til, er hér um að ræða mjög stórt skref í þá átt að útrýma leifum kalda stríðsins í Evrópu.

Fundir, sem nú standa yfir í Helsingfors til undirbúnings ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, og viðræður um niðurskurð herafla í Evrópu í Vínarborg bera einnig vitni um vaxandi viðleitni til að draga úr spennunni í framhaldi af innbyrðis samningi þýzku ríkjanna og staðfestingu á samningum Þýzka sambandslýðveldisins við Sovétríkin og Pólland á síðasta ári.

Um viðræðurnar í Vínarborg virðist ekki mikið hægt að segja að svo stöddu, en Ísland á ekki fulltrúa þar, eins og kunnugt er. Það eru röskir 2 mánuðir síðan fundirnir hófust, og hafa þeir að mestu farið í umræður um formsatriði og fundarsköp, en nú virðist sem lausn sé fundin þar á. Er þess því að vænta, að málefnaleg skoðanaskipti geti nú hafizt fyrir alvöru. Það er fyrirsjáanlegt, að samningar um niðurskurð herafla í Evrópu eru mjög viðkvæmir og mjög vandasamir og taka langan tíma og krefjast mikillar þolinmæði. Hins vegar er ljóst, að miklu skiptir, að vel takist um framkvæmd þessara umr., því að vissulega eru það hinir óvígu herir í Evrópu og reyndar um heim allan og stöðug aukning þeirra og fullkomnun, sem á mestan þátt í að ala á tortryggni milli ríkja og öryggisleysi. Ber því að vona, að tilætluður árangur verði af þessum viðræðum og ekki verði látið þar við sitja. Hef ég þá einkum í huga hinn sívaxandi vígbúnað stórveldanna á höfunum. ekki hvað sízt við bæjardyrnar hjá okkur á Norður-Atlantshafi, sem að mínu áliti ber nauðsyn að stemma stigu við.

Fundirnir í Helsingfors til undirbúnings ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hófust 22. nóv. 1972. Í fundunum taka þátt samtals 34 ríki, öll ríki Evrópu nema Albanía, og auk þess Bandaríkin og Kanada. Ísland hefur átt fulltrúa á fundum þessum frá upphafi. Fyrirsjáanlegt var, að þessir fundir mundu taka langan tíma, þegar þess er gætt, að 34 ríki með að ýmsu leyti ólík viðhorf og talandi ólíkum tungum þurfa að vera sammála um allar ákvarðanir, sem teknar eru. Hafa fundirnir nú staðið í röska 4 mánuði, að vísu með nokkrum hléum, og standa nú vonir til, að þeim verði lokið með jákvæðum árangri seint í maí n.k. Ef þær vonir rætast, má gera ráð fyrir, að sjálf ráðstefnan hefjist síðari hluta júnímánaðar. Heita má, að náðst hafi samkomulag um fyrirkomulag ráðstefnunnar, þannig að hún verði haldin í þremur áföngum. Fyrst yrði tiltölulega stuttur fundur utanrrh., þar sem fram færu almennar umræður og dagskrá ráðstefnunnar gerði samþykkt. Síðan verður nefndum og undirnefndum falið það hlutverk að fjalla um hina einstöku dagskrárliði og reyna að ná þar sameiginlegum niðurstöðum. Má gera ráð fyrir, að sá áfangi geti tekið alllangan tíma. Þessar niðurstöður munu síðar verða lagðar fyrir ráðherrafund til endanlegar samþykktar.

Á undirbúningsfundunum hefur enn ekki náðst samkomulag um dagskrá ráðstefnunnar, og hafa komið fram mörg torleyst ágreiningsefni. Þó ligg ur nokkuð ljóst fyrir, að dagskráin muni í stórum dráttum fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Öryggismál, þ.á m. grundvallarreglur varðandi samskipti ríkja.

2. Samvinnu á sviði viðskipta-, efnahags-, vísinda-, tækni-, menningar- og umhverfismála.
3. Mannleg samskipti, aukin samskipti á sviði mentnunar- og upplýsingastarfsemi.
4. Ráðgefandi n. til að fjalla um málefni viðkomandi öryggi og samvinnu.

Þessi fjögur dagskráratriði, sem ég hef rakið hér á undan, eru aðeins rammi um fjölmarga málaflokka, og enn virðist nokkuð langt í land, að samkomulag náist um þau. Varðandi fjórða dagskráliðinn, þess efnis, að ráðstefnan ákveði um skipan ráðgefandi n. til að skiptast á upplýsingum og hugmyndum um öryggismál og samvinnu í Evrópu og undirbúa ráðstefnur Evrópuþjóða um þessi mál í framtíðinni, skal þess getið, að skoðanir eru skiptar um, hvort tímabært sé að ákveða um þetta, fyrr en séð verður, hver heildarárangur ráðstefnunnar verður.

Mér finnst ástæða til þess að þakka einarðlegt frumkvæði Finna að undirbúningi þessa máls nú um alllanga hríð og fyrir þá frábæru aðstöðu, sem þeir hafa látið þessum fundum í té og örugga stjórn á þeim.

Ísland styður þá hugmynd, að allir þrír áfangar sjálfrar ráðstefnunnar verði haldnir í Helsingfors, og má telja góðar horfur á, að svo geti orðið.

Frá því að hugmyndin um slíka öryggismálaráðstefnu kom fram, hafa ýmsir verið vantrúaðir á, að hún kæmi nokkrum verulegum framfaramálum til leiðar, en yrði aðeins til þess að tryggja formlega status quo í Evrópu. Íslenzka ríkisstj. hefur frá upphafi haft jákvæða afstöðu til slíkrar ráðstefnu, og mér virðist nú, að nokkur ástæða sé til bjartsýni um, að hún geti náð tilætluðum árangri og aukið samvinnu og öryggi í Evrópu.

Áður en að ég lýk þessu yfirliti að því er varðar Evrópumálin, vildi ég aðeins minnast á þann merka áfanga, er aðildarríkjum Efnahagsbandalags Evrópu fjölgaði úr 6 í 9 nú um síðustu áramót. EBE var þegar fyrir stækkunina orðið stórveldi í viðskiptaheiminum, og áhrif þess munu fyrirsjáanlega enn aukast, ekki aðeins viðskiptalega, heldur og á stjórnmálasviðinu. Tíminn einn mun leiða í ljós, hvort þessi aukni efnahags- og stjórnmálastyrkur þessara ríkja muni jafnframt stuðla að auknu öryggi í álfunni. Slíkt ber að vona.

Ég mun síðar í skýrslu minni gera grein fyrir samskiptum Íslands við EBE.

Ástæða er til að fagna þeirri þróun, sem ég hef lýst hér á undan og hnígur í þá átt að lægja öldur sundurlyndis í okkar hluta heims. Þegar öllu er á botninn hvolft, eru það ekki síður tvílita samskipti risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem skipta sköpum um þróun heimsmála. Þessi ríki ráða nú yfir tækja- og vopnabúnaði, sem tortímt getur heimsbyggðinni. Gífurleg ábyrgð hvílir því á herðum þessara ríkja. Það er því ánægjulegt, að þróun samskipta Bandaríkjanna og Sovétríkjanna upp á síðkastið hefur einnig verið jákvæð. Heimsókn Nixons, forseta Bandaríkjanna, til Moskvu í maí 1972 var mjög mikilsverður liður í að auka skilning milli ríkjanna á sviði stjórnmála og viðskipta.

Önnur lota í viðræðum ríkjanna um takmörkun kjarnorkuvopna hefur nú hafizt. Fyrri lotunni lauk í maí s. l. með undirskrift á samningi um takmörkun á gagnflugskeytakerfum og bráðabirgðasamkomulagi um vissar ráðstafanir varðandi takmörkun á kjarnorkuárásarvopnum. Mjög mikilvægt er, að árangur verði í þessum viðræðum, svo að unnt verði að stemma stigu við hinu geigvænlega kapphlaupi um framleiðslu og fullkomnun kjarnorkuvopna.

Styrjöldin í Vietnam hefur nú um árabil ekki aðeins valdið óumræðanlegum þjáningum fólksins í þessu stríðshrjáða landi og annarra, sem þar hafa átt beinan hluta að, heldur jafnframt eitrað andrúmsloftið milli stórveldanna og legið eins og mara á eðlilegum samskiptum þeirra.

Íslenzka ríkisstjórnin hefur við margvísleg tækifæri lýst áhyggjum sínum vegna þeirrar harðýðgi, sem sýnd hefur verið við stríðsrekstrinn í Vietnam. Hún hefur bent á, að hernaðarleg lausn vandamálanna í Indókína væri óhugsandi, og því hvatt til, að deilan yrði leyst á pólitískum grundvelli, þar sem tryggður væri sjálfsákvörðunarréttur íbúanna. Það var því mikið fagnaðarefni, að samningar tókust milli stríðsaðila í lok jan. s. l. um vopnahlé í Vietnam, sem síðan var staðfest af alþjóðlegri ráðstefnu 112 ríkja um Vietnam, sem lauk 2. marz s. l. Komið hefur verið á fót eftirlitsnefnd til þess að fylgjast með vopnahléinu, en hún hefur ekki fengið fullnægjandi starfsskilyrði. Gengið hefur á ýmsu um framkvæmd vopnahlésins, og hafa deiluaðilar sakað hvor annan margsinnis um að hafa brotið vopnahléssamkomulagið. Veldur það áhyggjum, að árekstrar í Vietnam hafa farið vaxandi upp á síðkastið og það ekki síður, að ástandið er nú mjög alvarlegt í Kambódíu, þar sem nú er barizt af jafnvel meiri hörku en fyrr. Þrátt fyrir þetta verður að vona, að deiluaðilar beri gæfu til að nýta það tækifæri, sem gafst með vopnahléinu, til að koma á varanlegum friði í Suðaustur-Asíu.

Með lausn Vietnamstríðsins er ástæða til að vænta, að möguleikar skapist til að leggja meiri áherzlu á að leysa önnur alþjóðleg deilumál, svo sem í Miðausturlöndum. Deila Arabaríkjanna og Ísraels er enn í fullkominni sjálfheldu og fátt, sem bendir til skjótrar lausnar. Þessi deila er enn sem fyrr ein af heltzu ógnunum við friðinn í heiminum. Án frekari aðstoðar eða afskipta stórveldanna af deilunni eru vonir um lausn hennar takmarkaðar á næstunni.

Aukin umsvif Alþýðulýðveldisins Kína á alþjóðavettvangi hafa verið mjög athyglisverð, og áhrif þessa stórveldis eiga eftir að hafa vaxandi áhrif á heimsmálin. Merkur áfangi náðist, þegar Japan og Kína náðu nýlega samkomulagi um stjórnmálasamband og viðskipti. Mikil umskipti hafa og orðið á sambandi Bandaríkjanna og Kína. Með heimsókn forseta Bandaríkjanna til Kína í febr. 1972 virðist nú eftir algert sambandsleysi landanna um árabil hilla undir eðlileg samskipti þeirra.

Hið nýja ríki Bangladesh, sem reis upp að loknu stríði Indlands og Pakistans snemma á síðasta ári, hefur átt í vök að verjast af völdum matarskorts og almennrar fátæktar. Bangladesh hefur fengið víðtæka viðurkenningu sem sjálf-

stætt og fullvalda ríki, en enn ekki Pakistans né heldur upptöku í Sameinuðu þjóðirnar. Samskipti Indlands og Pakistans eru hins vegar smátt og smátt að færast í eðlilegra horf eftir stríðið.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að málefnum Kóreu, en eins og kunnugt er, hefur aldrei gróið um heilt milli Suður- og Norður-Kóreu eftir Kóreustríðið 1950—1953. Á síðasta ári virtist rofa nokkuð til í samskiptum ríkjanna, eftir að viðræður hófust þeirra á milli til að reyna að leysa ágreiningsefnin. Síðustu vikur hafa sendinefndir frá báðum löndunum komið til Reykjavíkur og rætt við mig. Bæði ríkin segjast hafa áhuga á sameiningu landanna með friðsamlegum hætti, en ásaka hvort annað jafnframt um að vinna ekki heils hugar að samningum til að ná því takmarki. Erfitt er úr fjarlægð, þegar mati samningsaðila ber ekki saman, að gera sér grein fyrir raunverulegum árangri þeirra viðræðna landanna, sem nú standa yfir. Síðasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað að fresta umr. á þinginu um Kóreumálið, og studdi Ísland þá ákvörðun. Sú afstaða byggðist á þeirri von, að verulegur árangur yrði af innbyrðis samningsviðræðum landanna og að ekkert yrði gert á allsherjarþinginu til að torvelda þessar viðræður, sem þá voru ekki löngu hafnar. Á fundi utanrrh. Norðurlandanna í Ósló í lok síðasta mánaðar var það sameiginlegt álit ráðh., að það mundi hafa hagstæð áhrif á ástandið í Kóreu, ef sem flest ríki kæmu á sem eðlilegustu sambandi við ríkistj. beggja landanna. Í samræmi við þetta hafa Svíþjóð og Finnland fyrir nokkrum dögum, fyrst Norðurlandanna, tilkynnt stofnun stjórnmálasambands við Norður-Kóreu. Ísland mun innan tíðar einnig koma á stjórnmálasambandi við Norður-Kóreu, en slíkt samband höfum við nú þegar við Suður-Kóreu.

27. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 19. sept. til 22. des. 1972. Ég mætti á þinginu í þingbyrjun og flutti þar ræðu 29. sept. í hinum almennu umr. utanrrh. Að þessu sinni fjallaði ræða mín eingöngu um landhelgismálið og sjónarmið Íslendinga í þeim efnum, og vildi ég með því leggja sérstaka áherzlu á, hversu mjög lífshagsmunir íslenzku þjóðarinnar eru tengdir farsælli lausn þessa máls á alþjóðavettvangi.

Auk fulltrúa fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og utanrrn. sóttu fulltrúar frá þingflokkum allsherjarþingið eins og undanfarin ár. Fulltrúar sendinefndarinnar sátu að venju í hinum ýmsu nefndum allsherjarþingsins og fjölluðu þar um ákveðin sérmál, er þeir síðar rituðu frásagnir og grg. um. Sú nýlunda var tekin upp af utanrrn., að þessar grg. voru jafnóðum sendar nm. í utanrmn. Alþ., og hafði n. því betra tækifæri en oft áður til að fylgjast með gangi mála á allsherjarþinginu.

Á allsherjarþinginu er fjallað um aragrúa af málum, og mun ég því aðeins stikla á nokkrum atriðum, þar sem Ísland hefur einkum haft sig í frammi.

Íslenzka sendinefndin flutti á þinginu till. um óskoruð yfirráð yfir auðlindum hafsins yfir landgrunninu og hafsbotninum. Var till. gerð í samráði við sendinefnd Perú og lögð fram í 2. nefnd. Lagði íslenzka sendinefndin mjög mikla vinnu í þessa till., sem var samþ. í n. og síðan á allsherjarþinginu 18. des. með 102 atkv. gegn engu, en 22 ríki sátu hjá.

Í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, sem haldin var í Stokkhólmi í júní 1972, voru umhverfismálin eitt af meginmálum allsherjarþingsins. Voru á þinginu samþ. fjölmargar till. í þessum málum. Samþ. var skýrsla Stokkhólmsráðstefnunnar og till., sem þar komu fram um umhverfisvarnir, þ. á m. um samvinnu ríkja almennt á sviði umhverfismála, stofnun stjórnarnefndar í umhverfismálum, stofnun umhverfismálasjóðs og sérstakrar stofnunar Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál. Ákveðið var eftir allmiklar deilur, að umhverfismálastofnunin yrði staðsett í Nairobi í Kenýa, og var Ísland því fylgjandi.

Ísland var kjörið í hið nýja umhverfisráð Sameinuðu þjóðanna til tveggja ára, en í ráðinu eiga sæti 50 ríki. Af Norðurlöndunum á Svíþjóð þar sæti auk Íslands.

Í umr. um þessi mál á þinginu var af Íslands hálfu einkum lögð áherzla á verndun auðlinda hafsins og dýralífs á norðurhjara jarðar.

Ísland hefur einnig verið kjörið í auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna til tveggja ára. Verksvið þeirrar n. er m. a. að gera till. til efnahags- og félagsmálaráðsins og til annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna varðandi skynsamlega nýtingu og varðveizlu náttúruauðlinda.

Á 26. allsherjarþinginu var samþ. till. um áframhaldandi athuganir á stofnun háskóla Sameinuðu þjóðanna. Fyrir síðasta allsherjarþingi lá skýrsla Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og sérfræðinganefndar, sem sérstaklega hafði verið falið að kanna málið. Samþykkti þingið stofnun háskólans. Hefur íslenzka ríkisstj. látið í ljós áhuga á að veita háskólanum aðstöðu á Íslnadi fyrir vísinda- og rannsóknastofnun í haf- og fiskifræðum, ef hagstæð niðurstaða verður á fjármögnun til skólans.

Allt frá upphafi Sameinuðu þjóðanna hafa kynþátta- og nýlendumálin verið þar mjög ofarlega á baugi. Réttarbætur til handa undirokuðum þjóðum hafa verið mjög hægfara, einkum vegna þess, að nokkur ríki hafa algerlega virt að vettugi réttmætar kröfur um sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsforræði. Vandamálin í Namebíu, Suður-Ródesíu og landsvæðum undir stjórn Portúgala voru að vanda mikið rædd á síðasta allsherjarþingi, og kom fram fjöldi till. og ályktana um þau. Norðurlöndin höfðu nána samvinnu og víðtæka samstöðu um afgreiðslu þessara mála á þinginu. Byggist afstaða þeirra á ríkri samúð með kröfum allra þjóða til sjálfsagðra mannréttinda og andúð á ofbeldi og kúgun.

Alda flugrána, mannrána og margs konar hryðjuverkastarfsemi veldur sívaxandi áhyggjum, og rík áherzla er nú lögð á að finna ráð til að stemma stigu við slíkum ofbeldisverkum. Afstaða ríkja til þess, hvað sé helzt til úrbóta, er í höfuðdráttum tvenns konar. Í fyrsta lagi eru ríki, sem ákveða vilja þung viðurlög við alþjóðlegum hryðju- og hermdarverkum, og í öðru lagi ríki, sem vilja láta rannsaka orsakir hermdarverkanna. Vegna þessara ólíku viðhorfa til málsins fékk það ekki viðhlítandi afgreiðslu

á allsherjarþinginu. Norðurlöndin og nokkur Evrópuríki önnur hafa lagt til, að farið yrði bil beggja, og í þá átt gengur ályktun, sem utanrrh.-fundur Norðurlanda gerði nýlega um málið.

Vík ég nú máli mínu að hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem ráðgert er, að hefjist í Santiago í Chile í aprílmánuði næsta árs. Miðað er við, að í okt. n.k. verði fjallað um skipulagningu ráðstefnunnar á tveggja vikna fundi í New York. Undirbúningsnefnd hafréttarráðstefnunnar hélt fundi í New York 5. marz til 6. apríl s.l. Var ötullega unnið í hinum þrem undirnefndum, þ.e. í 1. undirn, sem fjallar um hið alþj.lega hafsb.svæði, 3. undirn., sem fjallar um mengun og vísindal. rannsóknir. og 2. undirn., sem hefur til meðferðar öll önnur atriði, þ.á m. lista yfir verkefni ráðstefnunnar, víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu, landgrunnið og fiskveiðar á úthafinu. Verkefnið er að ganga frá uppkasti að samningstextum fyrir hafréttarráðstefnuna, og miðar því starfi eftir atvikum talsvert áfram í 1. og 3. n. Í 2. n. stóð lengi á því, að ekki náðist samkomulag um lista yfir verkefni ráðstefnunnar, en niðurstaða fékkst í því efni á sumarfundinum í fyrra. Á nýafstöðnum fundi í New York þokaðist mikið áleiðis í annarri n., og varð að samkomulgai að skipa vinnunefnd, sem öll ríki, er sæti eiga í undirbúningsnefndinni, taka þátt í. Hlutverk vinnunefndarinnar er að ræða þær till., sem fram koma í 2. nefnd, og reyna að ná samkomulagi um samningstexta fyrir ráðstefnua.

Ýmsar till. liggja nú fyrir varðandi víðáttu landhelgi og fiskveiðilögsögu, landgrunn og fiskveiðar á úthafinu. Þannig hafa Sovétríkin lagt fram till. um 12 mílna landhelgi, sem jafnframt yrði ytri mörk fiskveiðilögsögu, en þó þannig, að þróunarríki og ríki, sem byggja hagsmuni sína á fiskveiðum, hefðu forgangsrétt á hafinu fyrir utan, eftir því sem þörf væri á fyrir þau. Japan hefur lagt fram svipaða till. Bandaríkin og Kanada hafa lagt fram till., sem miða að því, að greint sé á milli strandfiskstofna og flökkufiskstofna, þannig að lögsaga strandríkja nái til hinna fyrrnefndu, en milliríkjasamningar fjalli um hina. Kenýa hefur lagt fram till. um efnahagslega lögsögu innan 200 mílna hámarks, og Mexíkó, Kambódía og Venezúela hafa nú lagt fram till. um 200 mílna efnahagslögsögu, en að yfirráð yfir hagsbotninum nái svo langt sam nýting auðlinda þar er möguleg. Argentína hefur dreift óformlegu uppkasti, þar sem miðað er við allt að 12 mílna landhelgi, 200 mílna efnahagslögsögu varðandi landgrunnsbotn og hafið yfir honum og lögsögu yfir landgrunnsbotni þar fyrir utan, svo langt sem nýting er möguleg. Ástralía hefur lagt fram svipaða till. Loks er vitað, að Indland hefur í undirbúningi till. um 200 mílna lögsögu, sem ekki hefur enn verið lögð fram.

Íslenzka sendinefndin vann að því að skapa samstöðu með þeim ríkjum, sem fylgjandi eru víðtækri lögsögu yfir auðlindum undan ströndum, en þegar ljóst varð undir lok síðasta fundar annars vegar, að nokkur tími mun líða, þangað til grundvöllur yrði fyrir samræmdri till. þessara ríkja, og hins vegar, að vinnunefnd 2. nefndar mundi brátt hefja umr. um hinar einstöku till., þótti rétt að flytja íslenzka till. Var hún lögð fram hinn 5. apríl s.l. og hljóðar þannig í íslenzkri þýðingu:

„Lögsaga strandríkja yfir auðlindum á hafsvæðum utan landhelgi þeirra.

Strandríki er heimilt að ákveða ytri mörk lögsögu og yfirráða yfir auðlindum og hafsvæðum utan landhelgi þess. Ytri mörk svæðisins skulu ákveðin innan sanngjarnrar fjarlægðar með hliðsjón af landfræðilegum, jarðfræðilegum, vistfræðilegum, efnahagslegum og öðrum aðstæðum á staðnum, sem máli skipta, og skulu ekki ná lengra en 200 sjómílur."

Allar ofangreindar till. verða nú í athugun hjá ríkisstj. fram að Genfarfundinum í sumar, en þá verður reynt að samræma þær, eftir því sem unnt er, og hefur Ísland þá tryggt sér aðild að öllum slíkum tilraunum. Auk þess er ráðgert, að tíminn fram að sumarfundinum verði notaður til að hafa nánari samráð.

Að lokum skal þess getið, að engar atkvgr. fara fram í undirbúningsnefndinni, heldur er reynt að fá sem víðtækasta samstöðu. En þar sem mikið ber á milli, sérstaklega að því er varðar víðáttu lögsögu strandríkisins, er ráðgert, að þar sem samkomulag næst ekki, verði mismunandi textar lagðir fyrir ráðstefnuna sjálfa, þegar þar að kemur. Vaxandi líkur eru nú fyrir því, að hámark landhelgi sem slíkrar verði 12 mílur, að vaxandi fylgi verði fyrir 200 mílna efnahagslögsögu sem hámarki og að sum ríki muni leggja mikla áherzlu á, að lögsaga yfir auðlindum sjávarbotnsins sjálfs nái svo langt sem hann verður nýttur. Er það síðastnefnda í samræmi við þá ákvörðun, sem tekin var á Genfarráðstefnunni 1958, en vegna vaxandi tækni gæti þar í sumum tilvikum verið um að ræða svæði, sem ná nokkur hundruð mílur frá ströndum. Ofangreind till. Íslands er miðuð við, að sem flest ríki geti sameinazt um það, sem þar segir.

Ljóst er, að fundur undirbúningsnefndarinnar í sumar ætti að geta orðið mjög árangursríkur, þar sem nú er búið að ryðja úr vegi ýmsum byrjunarörðugleikum. Verður þá hægt að kryfja öll mál til mergjar og gera lokatilraun til að ná sem víðtækustu samkomulagi fyrir ráðstefnuna. Að svo miklu leyti sem samkomulag næst ekki, er ráðgert, að hinar mismunandi till. verði lagðar fyrir ráðstefnuna sjálfa.

Samstarf Norðurlandanna á sviði utanríkismála, menningarmála og félagsmála hefur haldið áfram í svipuðu formi og áður til ávinnings fyrir öll löndin. Sá ótti, sem ýmsir hafa borið í brjósti um, að nánari efnahagsleg og pólitísk tengsl sumra landanna við Efnahagsbandalag Evrópu yrðu til að torvelda hið heföbundna samband Norðurlandanna, er að mínu viti ástæðulaus. Tengsl landanna standa á traustari stoðum en aðeins pólitískum og viðskiptalegum. Sameiginlegur uppruni, saga, tunga og menning eru fyrst og fremst grundvöllurinn að samvinnu þeirra.

Utanríkisráðherrafundur Norðurlandanna, sem haldinn var í Osló í lok síðasta mánaðar, ályktaði um mörg þau alþjóðamál, sem á döfinni eru. Fundurinn lýsti skilningi á þeim ástæðum, sem liggja að baki ákvörðunar Íslands um að færa út fiskveiðilandhelgina, og bar fram von um, að á hafréttarráðst. fengist hagstæð lausn varðandi fiskv.lögsögu Ísl. og annarra strandríkja.

Á miðju árinu 1971 gekk í gildi breyting á samstarfssamningi Norðurlandanna frá 1962. Samkvæmt þessari breytingu var m.a. sett á stofn norræn ráðherranefnd, sem heldur reglulega fundi, og er hæstv. forsrh. fulltrúi Íslands í n. Í kjölfar þessara breytinga hefur verið komið á sérstakri skrifstofu í Osló, og einnig hafa fjárráð fyrir sameiginlega starfsemi aukizt allverulega.

Hinn 1. jan. 1972 gekk í gildi samningur um samstarf á sviði menningarmála, sem hefur að markmiði að efla norræn menningartengsl á breiðum grundvelli.

Samningur Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum tók gildi 1. jan. 1973, en þessi samningur kveður á um gagnkvæma aðstoð í skattamálum, t.d. að því er varðar rannsókn slíkra mála og innheimtu skatta.

Í febr. s.l. var undirritaður í Osló samningur um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Öll Norðurlöndin, þ.á m. Ísland, hafa nú fullgilt samkomulag um samstarf á sviði flutninga og samgangna, sem gekk í gildi 1. marz 1973.

Til að ljúka þessari upptalningu, sem sýnir ljóslega, að samvinna Norðurlandanna er ekki bara orðin tóm, eins og sumir vilja halda fram, vil ég geta þess, að langt er komið undirbúningi að aðild Íslands að samstarfssamningi Norðurlandanna um aðstoð við þróunarlöndin, og kemur sú aðild væntanlega til framkvæmda á miðju þessu ári.

Áður en ég lýk þessum hluta skýrslu minnar um Norðurlandasamvinnu, vil ég þakka þann hlýja bróðurhug, sem öll Norðurlöndin hafa sýnt Íslendingum í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Á ég hér ekki aðeins við hið stórkostlega rausnarlega farmlag ríkisstj. Norðurlandanna, heldur og hina víðtæku samúð og framlög einstaklinga, fyrirtækja, félagssamtaka og bæjarfélaga á öllum Norðurlöndum. Þessi samúð og aðstoð hefur hlýjað okkur um hjartaræturnar og fært okkur áþreifanlega heim sanninn um einlæga vináttu og drengskap bræðraþjóðanna á Norðurlöndum í okkar garð. Jafnframt minnist ég með þakklæti samúðar og framlaga fjölmargra erlendra ríkisstj. og einkaaðila í sambandi við eldgosið í Vestmannaeyjum.

Skoðanaskipti um hlutverk Evrópuráðsins eftir stækkun Efnahagsbandalagsins hafa nú staðið alllengi, og sýnist sitt hverjum, eins og gengur. Ísland hefur látið þá skoðun í ljós, að Evrópuráðið ætti að halda áfram að vera vettvangur lýðræðisríkjanna í Evrópu fyrir frjáls skoðanaskipti á jafnræðisgrundvelli. Þörf fyrir stofnun til að rækja þetta hlutverk hefur síður en svo minnkað við stækkun Efnahagsbandalags Evrópu.

Í byrjun febr. s.l. kom til Reykjavíkur starfsnefnd á vegum Evrópuráðsins, sem hefur einmitt það hlutverk með höndum að ræða þessi breyttu viðhorf. Átti ég gagnlegar viðræður við þessa n. um ofangreint mál og önnur varðandi Evrópuráðið. Var t.d. rætt um Evrópuráðið sem vettvang til að kynna landhelgismálið, og í framhaldi af því hef ég þegið boð um að flytja erindi um landhelgismálið á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins 17. maí n.k. Starfsemi Evrópuráðsins á sviði félagsmála, menningarmála, mannréttindamála o.fl. hefur verið gagnleg, og ráðið væntanlega í ríkara mæli geta stuðlað að aukinni og bættri sambúð við ríki A-Evrópu á ýmsum sviðum.

Alþ. hefur nýlega fjallað um samning Íslands við Efnahagsbandalagið, og tel ég ekki ástæðu til að gera grein fyrir honum í þessu yfirliti. Samningurinn var fullgiltur af báðum aðilum 28. febr., og tók hann gildi 1. apríl s.l. Enn sem komið er nær samningurinn aðeins til iðnaðarvara. Umsamdar tollalækkanir fyrir íslenzkar sjávarafurðir eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. júlí 1973. Þó ríkir enn mikil óvissa um, að svo verði, vegna fyrirvarans í bókun nr. 6 um, að Efnahagsbandalagið þurfi ekki að láta tollfríðindi fyrir sjávarafurðir taka gildi, ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki bandalagsins og Ísland á efnahagserfiðleikum, sem leiðir af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Tvívegis hefur Efnahagsbandalagið frestað að taka ákvörðun um beitingu fyrirvarans, fyrst í sambandi við fullgildingu samningsins og síðar með ályktun ráðs bandalagsins 22. marz s.l. Þá ákvað ráðið að athuga á nýjan leik fyrir 30. júní n.k., hvort fyrirvaranum skuli beitt eða ekki. Við getum vel sætt okkur við það, að Efnahagsbandalagið hefur ekki enn þá tekið ákvörðun um beitingu fyrirvarans. En því miður gefur þessi frestur ekki tilefni til neinnar bjartsýni. Þótt fyrirvarinn hafi sætt gagnrýni á þingi bandalagsins, eru ekki horfur á öðru en vilji brezku og þýzku ríkisstj. ráði afstöðu Efnahagsbandalagsins í þessu máli og að fríðindin fyrir sjávarafurðir komi ekki til framkvæmda, nema samkomulag hafi áður náðst í landhelgismálinu.

Í þessu sambandi er ástæða til að láta í ljós ánægju yfir því, að danska ríkisstj. hefur nýlega beitt sér fyrir því, að Efnahagsbandalagið endurskoðaði fiskimálastefnu sína með það fyrir augum að viðurkenna sérréttindi þeirra ríkja og landshluta, sem eru sérstaklega háð sjávarútvegi, til veiða utan 12 mílna markanna. Samkv. till. Dana er hér átt við Ísland, Færeyjar, Grænland, Norður-Noreg, Hjaltland og Orkneyjar. Þessi till. dönsku ríkisstj. var samþ. á fundi ráðs Efnahagsbandalagsins 2. apríl s.l. og gert ráð fyrir, að framkvæmdastjórnin skili áliti um málið fyrir 30. júní n.k. Þótt ekki sé við því að búast, að þessi athugun geti haft veruleg áhrif á ákvörðun bandalagsins um gildistöku tollfríðinda fyrir sjávarafurðir, er hún samt gleðilegur vottur þess, að skilningur á hinum sérstöku vandamálum okkar og annarra fiskveiðiþjóða í N-Atlantshafi fer vaxandi, einnig innan EBE.

Eins og kunnugt er, hafa einnig önnur EFTA-lönd gert fríverzlunarsamning við Efnahagsbandalagið. Samningar Austurríkis, Portúgals, Sviss og Svíþjóðar við Efnahagsbandalagið tóku gildi 1. jan. 1973, en eins og í íslenzka samningnum átti fyrsta tollalækkunin sér stað í viðskiptum þessara landa og Efnahagsbandalagsins 1. apríl s.l. Noregur hefur undanfarna mánuði staðið í samningum við Efnahagsbandalagið, og er gert ráð fyrir, að þeim samningum ljúki í þessum mánuði. Finnland lauk samningum sínum við Efnahagsbandalagið um leið og Ísland, 22. júli 1972, en sá samningur hefur ekki enn þá verið undirritaður. Er búizt við því, að undirritun fari

fram síðar á þessu ári og samningurinn verði fullgiltur, þannig að hann geti tekið gildi ekki síðar en um næstu áramót. Með þessum samningum hefur verið tryggt, að smám saman verði komið á fríverzlun milli 16 Evrópulanda.

Fríverzlunarsamtök Evrópu halda áfram starfsemi sinni með þátttöku 7 landa: Austurríkis, Finnlands, Íslands, Portúgals, Noregs, Sviss og Svíþjóðar. EFTA hefur enn þá mikla þýðingu fyrir viðskipti þessara landa, en einnig fyrir samskipti landanna við Efnahagsbandalagið. Samkv. till. Íslands fer nú fram athugun á því innan EFTA, hvort hægt sé að ná samkomulagi um, að fríverzlunin nái til fleiri sjávarafurða en hún hefur hingað til gert. Enn sem komið er, er of snemmt að spá nokkru um niðurstöður þessarar athugunar.

Um störf Atlantshafsbandalagsins mun ég ekki fjölyrða að þessu sinni. Auk starfsemi bandalagsins til að tryggja sameiginlegar varnir Atlantshafssvæðisins fara þar fram gagnleg skoðanaskipti um pólitísk málefni varðandi samskipti austurs og vesturs, niðurskurð herafla í Evrópu og undirbúning að ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu, svo að nokkur séu nefnd.

Landhelgismálið er enn aðalviðfangsefni ríkisstj. út á við. Eftir útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1. sept. s. l. hefur verið haldið áfram þeim tilraunum, sem hófust í ágúst 1971 til að ná bráðabirgðalausn um landhelgismálið við Breta og Þjóðverja, en þær þjóðir eru þær einu, sem haldið hafa uppi ólöglegum veiðum innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar. Þessar tilraunir eru í samræmi við ályktun Alþingis frá 15. febr. 1972 um að halda áfram samkomulagstilraunum við þessi ríki um þau vandamál, sem sköpuðust vegna útfærslunnar. Nýlega hafa farið fram í Reykjavík viðræður við embættismenn frá báðum þessum ríkjum, og er ráðgert, að ráðherraviðræður fari fram við Breta í byrjun næsta mánaðar, og fyrr í dag hefur forsrh. átt viðræður við sérstakan sendimann Willy Brandts kanzlara. En það er von mín, að málin þokist í átt til bráðabirgðasamkomulags, sem tryggi réttmæta hagsmuni Íslands og aðlögunartímabil fyrir fiskimenn þessara þjóða.

Aðrar þjóðir hafa í reynd virt hina nýju íslenzku fiskveiðilögsögu, og við tvær þjóðir, Belga og Færeyinga, hafa verið gerðir samningar um heimild til takmarkaðra veiða innan fiskveiðitakmarkanna.

Um málshöfðun Breta og Þjóðverja fyrir Alþjóðadómstólnum vil ég aðeins taka fram, að sú ákvörðun Íslands *að mæta ekki fyrir dómstólnum* var rökrétt afleiðing af þeirri ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972, að vegna breyttra aðstæðna gæfu samningarnir við þessi ríki frá 1961 ekki lengur átt við og Íslendingar séu því ekki lengur bundnir af ákvæðum þeirra. Varðandi málsmeðferð, er dómstóllinn í lok þessa árs tekur fyrir efnisatriðin, virðist mér augljóst, að Íslendingar geti ekki átt úrslit í slíku lífshagsmunamáli undir erlendu dómsvaldi og það sé því rökrétt og eðlilegt, að Ísland eigi ekki fulltrúa við þennan málarekstur fremur en hingað til. Það er von mín, að samstaða þjóðarinnar um framkvæmd þessara mála geti haldizt.

Eins og ég hef áður skýrt Alþ. frá, hefur um nokkurt skeið verið unnið að könnun og upplýsingasöfnun varðandi varnarmálin. M. a. liggur fyrir álit Atlantshafsbandalagsins um heruaðarlegt mikilvægi Íslands, sem kynnt hefur verið utanrmn. Alþ. Varnarmálin hafa einnig nokkuð ítarlega verið rædd við bandarísk stjórnvöld. Í maímánuði í fyrra ,er Rogers, utanríkisrh. Bandaríkjanna, var hér í Reykjavík, var frá báðum hliðum gerð grein fyrir sjónarmiðum til málsins. Í jan. s. l. fór ég til Washington og ræddi þá við bandaríska utanrrh. og embættismenn úr bandaríska varnarmálaráðuneytinu. Fóru þar fram gagnleg skoðanaskipti, en niðurstaða viðræðnanna var sú, að athuga þyrfti nánar ýmis atriði, til þess að heildarmyndin lægi fyrir. Það er ásetningur minn, að endanleg ákvörðun ríkisstj. geti byggzt á sem fullkomnustum upplýsingum, en *það fer ekkert á milli mála*, að það er algerlega á valdi íslenzku ríkisstj., hver sú endanlega ákvörðun verður og hvenær hún verður tekin. Ákvörðun ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins verður því væntanlega tekin bráðlega.

Samstarf við utanrmn. hefur verið með ágætum á *því þingi, sem nú er* að ljúka, og vil ég þakka það. Hafa samráð utanrrn. við n. farið vaxandi, og er það að mínu áliti til mikilla bóta. Fundir n. frá ársbyrjun 1972 hafa verið 25, og hef ég mætt á flestum þeirra og reynt að gera n. grein fyrir helztu utanríkismálum, sem á dagskrá hafa verið hverju sinni.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismálin nú gefur ekki tilefni að mínu áliti til langra eða mikilla umr. um utanríkismálin almennt. Þó eru viss atriði, sem fram koma í þessari skýrslu, sem snerta alveg sérstaklega landhelgismálið, sem mér finnst nauðsyn bera *til* að *víkja nokkuð* á*ð og leggja* þar meiri áherzlu en fram kemur í sjálfri skýrslunni á þau sjónarmið, sem legið hafa til grundvallar málstað okkar Íslendinga í *því* mikla máli. Í skýrslunni á bls. 13 er vikið að *því*, að það beri allmikið á milli í sambandi við víðáttu lögsögu strandríkja og þess vegna sé gert ráð fyrir *því*, *að þar sem samkomulag* næst ekki, verði mismunandi textar lagðir fyrir hafréttarráðstefnuna sjálfa, þegar þar að kemur. Hæstv. utanrrh. telur, að hámark landhelgi sem slíkrar verði 12 mílur, en að vaxandi fylgi verði við 200 mílna efnahagslögsögu og að sum ríki muni leggja mikla áherzlu á, að lögsaga yfir auðlindum sjávarbotnsins sjálfs nái svo langt sem hann verður nýttur. Það hlýtur vissulega að valda okkur vonbrigðum, ef það er rétt mat, að hámark landhelgi sem slíkrar verði, þegar hafréttarráðstefnan hefur fjallað um málið, 12 mílur. En það fer þá líka eftir *því*, hvað felst í *því*, að vaxandi fylgi verði við 200 mílna efnahagslögsögu sem hámark, eins og þar stendur. Mér finnst, að það gæti gefið tilefni til frekari áréttingar af hálfu ráðh., hvað átt er við með efnahagslögsögu í þessu sambandi, og það er að vissu leyti nokkuð nýtt hugtak. Af hálfu okkar Íslendinga hefur alltaf verið lögð megináherzla á, að landgrunnið og landið allt væri eitt og hið sama og íslenzkt yfirráðasvæði tæki til

landgrunnsins eins og landsins sjálfs. Frá þessu sjónarmiði eigum við ekki að hvika. Það kom fram á sínum tíma í landgrunnslögunum frá 1948 og þegar Alþ. samþykkti ályktun um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið 7. apríl 1971. Þá var m. a. áréttað eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt ályktar Alþ. að árétta þá stefnu, sem ríkisstj. Íslands mótaði í orðsendingu til alþjóðalaganefndar Sameinuðu þjóðanna 5. maí 1952, að ríkisstj. Íslands sé rétt og skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á einhliða grundvelli til þess að vernda auðlindir landgrunnsins, sem landið hvílir á."

Þetta sama sjónarmið var einnig áréttað í hinni merku ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972, sem samkomulag varð um hér í þinginu, en hún hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ítrekar þá grundvallarstefnu Íslendinga, að landgrunn Íslands og hafsvæðið yfir því sé hluti af íslenzku yfirráðasvæði."

Síðan kemur svo hin efnislega ályktun í framhaldi af þessari skoðun. Um þetta er enginn ágreiningur milli okkar Íslendinga.

Mér er alveg ljóst, að við höfum haft góða fyrirsvarsmenn við undirbúning hafréttarráðstefnunnar. Einnig má það ljóst vera, að við Íslendingar verðum að leggja megináherzlu á þessi sjónarmið, sem ég nú hef verið að undirstrika, þ. e. a. s. að við séum í algerri sérstöðu að því leyti, sem tekur til landgrunns Íslands, þar sem Ísland hvílir á þeim sökkli, sem við höfum kallað landgrunnið, hvort tveggja sé íslenzkt yfirráðasvæði og að því höfum við alltaf stefnt.

Það kom einnig fram í ræðu hæstv. ráðh., að nýlega hefðu farið fram í Reykjavík viðræður við embættismenn frá bæði Þjóðverjum og Bretum, og hæstv. ráðh. segir einnig svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Er það von mín, að málin þokist í átt til bráðabirgðasamkomulags, sem tryggi réttmæta hagsmuni Íslands og aðlögunartímabil fyrir fiskimenn þessara þjóða."

Ég tek heils hugar undir þessa skoðun hæstv. ráðh. Það var einmitt á föstudaginn var, 13. apríl, að haldinn var fundur í landhelgisnefndinni eftir minni beiðni, til þess að við fengjum nánari upplýsingar um þær viðræður, sem fram hefðu farið, og einnig þær viðræður, sem fram undan eru. Ég legg mjög mikla áherzlu á, að haldið sé traustu samráði við landhelgisnefndina, og á þessum fundi komu fram mjög athyglisverður upplýsingar, sem gætu gefið einhverja vísbendingu um það, að hugsanlegt væri að ná bráðabirgðasamkomulagi, eins og hæstv. ráðh. er að vonast til, að takast muni.

Varðandi afstöðuna til Haag-dómstólsins eða hvort við ættum að flytja mál okkar fyrir Haagdómstólnum eða ekki urðu einnig umr. á þessum fundi. Það var meðal þeirra verkefna, sem ég taldi, að nauðsynlegt væri að ræða vandlega innan landhelgisnefndarinnar. Og það kom í ljós, að þar voru nokkuð skiptar skoðanir, en þó mun meiri hl. landhelgisnefndarinnar vera þeirrar skoðunar, að mjög vandlega beri að íhuga aðstöðu okkar, áður en endanleg ákvörðun er tekin um það, hvort við eigum að flytja mál okkar fyrir dómstólnum eða ekki. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að það var skoðun hæstv. ráðh., sem sitja nú á þessum fundi, a. m. k. hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., að við ættum eftir að fjalla gaumgæfilega um það mál, áður en endanleg ákvörðun væri tekin. Þess vegna eru mér nokkur vonbrigði að því, sem fram kom í máli hæstv. utanrrh., að við Íslendingar gætum ekki átt úrslit í slíku lífshagsmunamáli sem landhelgismálið er undir erlendu dómsvaldi. Ég held, að það sé enginn að gera því skóna eða við höfum nokkurn tíma ætlað okkur að eiga það undir erlendu dómsvaldi. Alþjóðadómstóllinn er að sjálfsögðu allt önnur stofnun en erlent dómsvald í þessu sambandi, og sjálfur hefur hæstv. forsrh. lagt á það mikla áherzlu, hversu mikils virði það sé fyrir okkur Íslendinga að virða einmitt alþjóðastofnanir eins og Alþjóðadómstóllinn er í raun og veru. Það hefur áður verið vitnað til þess hér á Alþ., og mér finnst ekki ástæðulaust að endurtaka það, sem hæstv. forsrh., þáv. prófessor, sagði einmitt um þetta atriði 14. nóv. 1960. Hann sagði eftirfarandi:

„Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekara skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Og þess vegna hefði að mínu viti hvert slíkt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls."

Þetta voru orð hæstv. forsrh. á þeim tíma, og þó að menn kunni að hafa skiptar skoðanir um það, hvort við eigum að flytja mál okkar fyrir Alþjóðadómstólnum nú eða ekki, verður hann að hafa það í huga, og það sjónarmið kom fram á landhelgisnefndarfundinum, að það gæti haft úrslitaáhrif á það, hvenær dómur yrði felldur af Alþjóðadómstólnum. M. a. kynnum við að geta haft aðstöðu til þess, ef við viljum ekki sniðganga dóminn fullkomlega, að úrskurður dómsins geti dregizt fram yfir hafréttarráðstefnuna. Nú má segja, að ef ríkisstj. tekst að ná bráðabirgðasamkomulagi við Breta og Þjóðverja, eins og hún hefur stefnt að, kunni hún einnig að ná bráðabirgðasamkomulagi um frestun málarekstrarins fyrir Haag-dómstólnum. Þá er það út af fyrir sig ekki deilumál lengur og vildi ég mega vænta, að svo gæti orðið.

Það vakir ekki fyrir okkur sjálfstæðismönnum og allra sízt mér að hefja neinar deilur í landhelgismálinu. Í sjálfu sér verð ég að harma þær ásakanir, sem fram komu hjá nokkrum þm. í sambandi við nýloknar almennar stjórnmálaumr. á þinginu í garð okkar og annarra um það að vilja skapa sundrungu í landhelgismálinu. Það höfum við sjálfstæðismenn aldrei viljað. Þvert á móti höfum við lagt okkur mjög mikið í líma til þess að halda þeirri einingu og samstöðu, sem um málið hefur skapazt, eins og kunnugt er.

Ég spurðist fyrir um það á landhelgisnefndar-

fundinum 13. apríl, nú fyrir helgina, hvenær væru tímamörk fyrir okkur Íslendinga að taka ákvörðun um það, hvort við vildum sinna að einhverju leyti málarekstri fyrir dómnum. Þá var það upplýst, að við hefðum til þess frest fram til 15. jan. 1974, en Bretar munu hafa frest til 1. ágúst á þessu ári til þess að leggja fram sína skriflegu grg. Af þessum sökum höfum við góðan tíma til þess að átta okkur efnislega á því, hvort við e. t. v. með því að sniðganga algerlega dóminn setjum okkur úr færi um að hafa sterkari aðstöðu en ella væri, alveg sérstaklega eins og málin horfa nú, þegar ákveðið hefur verið, að hafréttarráðstefnan komi saman á næsta ári.

Það er enginn efi á því, að það er mjög margt, sem gerzt hefur á síðari tímum, sem hefur styrkt aðstöðu okkar Íslendinga, bæði útfærsla einstakra ríkja á þeirra fiskveiðilögsögu, allt upp í 30, 50 og 200 mílur, og einnig er það upplýst, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., að ýmsar till. liggja þegar fyrir undirbúningsnefndunum undir hafréttarráðstefnuna, sem styrkja okkar málstað. Ég legg því mjög mikla áherzlu á það, fyrst það hefur gefizt sérstakt tilefni til þess, að vandlega verði athugað innan landhelgisnefndarinnar og í samráði við Alþ., hvernig hagsmunum okkar yrði bezt borgið. Ég tel, að það geti orðið algerlega ágreiningslaust og sundrungarlaust, þó að við athugum þau mál betur en gert hefur verið fram til þessa.

Við þm. Sjálfstfl. höfum að sjálfsögðu rætt þetta vandamál og höfum hnigið að því ráði að flytja ekki till., sem e. t. v. gætu skapað sundrung hér í þinginu. En ég vil leyfa mér vegna þessa máls að lýsa yfir eftirfarandi fyrir hönd Sjálfstfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef ríkisstj. tekst ekki að ná bráðabirgðasamkomulagi í fiskveiðideilunni við Breta og Vestur-Þjóðverja, svo sem hún hefur stefnt að, í samræmi við einróma ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972, og þ. á m. með þeim afleiðingum, að fallið verði frá málarekstri fyrir Alþjóðadómstólnum, telur Sjálfstfl., að ríkisstj. beri að hafa samráð við Alþ. og landhelgisnefnd um framvindu málsins, svo sem um sókn og vörn af Íslands hálfu fyrir Alþjóðadómstólnum, um efnisatriði fiskveiðideilunnar og þá lífshagsmuni þjóðarinnar, sem í húfi eru."

Þetta er í samræmi við þær niðurstöður, sem ég taldi verða á landhelgisnefndarfundinum nú fyrir helgina, að þessi mál yrðu öll rækilega íhuguð og rækilegar en mér virðist þegar hafa verið gert. Þar sem upplýst er, að við höfum nógan tíma til stefnu, getur málið einnig komið til kasta Alþ. þótt það yrði ekki fyrr en á næsta hausti. En að sjálfsögðu væri mjög æskilegt, ef við gætum losnað við deilur í þessu máli, þ. e. a. s. með jákvæðum niðurstöðum úr þeim tilraunum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, að ná samkomulagi við Breta og Þjóðverja. Ég tek heils hugar undir það og veit, að hagsmuna Íslands við slíka samningagerð yrði fyllilega gætt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þá skýrslu, sem hann hefur flutt hinu háa Alþ. um utanríkismál. Að vísu kemst ég ekki hjá að harma, hversu seint skýrslan er á ferðinni, því að það veldur því, að í raun og veru geta ekki farið fram þess konar almennar umr. um utanríkismál, sem æskilegt er, að geti átt sér stað, þar eð alkunnugt er, að þessi dagur mun væntanlega verða næstsíðasti starfsdagur Alþ. Ég mun því láta við það sitja að mæla fáein orð, en tel þó rétt, að í þessum orðum mínum komi fram nokkur almenn ummæli af hálfu míns flokks varðandi utanríkismál eða nokkur þeirra efna, sem hæstv. utanrrh. fjallaði um í skýrslu sinni.

Fyrstu orð mín vil ég láta verða þau að láta í ljós einlægan fögnuð yfir því, að styrjöldinni í Víetnam og öllum þeim hörmungum, sem henni hafa fylgt á undanförnum árum, skuli vera lokið.

Varðandi ástand utanríkismála í okkar álfu, Vestur-Evrópu, vil ég taka fram, að Alþfl. íslenzki eins og jafnaðarmannaflokkar Vestur-Evrópu yfir höfuð að tala, hefur stutt og styður þá stefnu, sem kanzlari sambandslýðveldisins Þýzkalands, Willy Brandt, hefur verið upphafsmaður að og miðar að því að draga úr spennu í Evrópu, sérstaklega í Mið-Evrópu, og minnka þar herafla. Alþfl. telur þá samninga, sem gerðir hafa verið milli Sambandslýðveldisins Þýzkalands annars vegar og Þýzka alþýðulýðveldisins, sem og Sovétríkjanna og Póllands, hins vegar tvímælalaust vera spor í rétta átt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hvorki við íslenzkir jafnaðarmenn né skoðanabræður okkar í nálægum löndum aðhyllumst hugmyndakerfi kommúnismans né stjórnarfar það, sem ríkir í löndum Austur-Evrópu. En við teljum engu að síður og leggjum á það áherzlu, að þetta eigi ekki að standa í vegi fyrir samvinnu á milli lýðræðisríkja annars vegar og ríkjanna í Austur-Evrópu hins vegar og sameiginlegri viðleitni þessara ríkja allra til þess að efla frið og tryggja öryggi í okkar heimshluta. Þess vegna vonum við einlæglega, að sú viðleitni til aukins friðar og aukins öryggis, sem nú fer fram í Helsingfors og Vínarborg, muni leiða til jákvæðrar niðurstöðu. Við munum styðja hæstv. ríkisstj. í sérhverri viðleitni hennar til þess að leggja sitt lóð á vogarskálina, til þess að í þessum mikilvægu samningum, sem þarna eiga sér stað, verði jákvæð niðurstaða. Þetta læt ég nægja um ástandið og viðhorfin í utanríkismálum heimsins og Evrópu yfir höfuð að tala.

Nokkur orð tel ég einnig rétt að segja um hin sérstöku viðhorf í utanríkismálum Íslands, og er þá auðvitað fyrst fyrir að nefna landhelgismálið. Ég vil enn sem fyrr leggja meginháherzlu á þá grundvallarskoðun Alþfl., að nauðsynlegt sé að vernda einingu Alþ. í þessu máli og þar með einingu þjóðarinnar. Alþfl. hefur frá upphafi stuðlað að því, að svo mætti takast, og að engu leyti gert eða sagt neitt, sem torveldað gæti það, að Íslendingar gætu staðið einhuga að baki síns rétta og ótvíræða málstaðar í landhelgismálinu. Ég tel, að einhugur þings og þjóðar í þessu máli sé beittasta vopnið, sem við höfum til sóknar og varnar í málinu, og við Alþfl.-menn munum hér eftir sem hingað til fylgja þessari stefnu. Ég kemst þó ekki hjá að segja að ég tel meiri

deilur hafa orðið um þetta mál hér innanlands en ástæða er til og heppilegt er. Sérstaklega á ég þar við þær deilur, sem orðið hafa, sérstaklega í blöðum, minna hér á hinu háa Alþ., sem betur fer, um landhelgissamninginn við Breta og Vestur-Þjóðverja 1961. Ég skal ekki, allra sízt nú undir þinglokin, verða til þess að stuðla að deilum hér um þetta efni. En þó tel ég óhjákvæmilegt að segja í tilefni af þeim mörgu og oft þungu orðum, sem um þennan samning hafa fallið, að í raun og veru var 12 mílna lögsaga Íslendinga ekki tryggð í reynd fyrr en með gerð samningsins 1961. Það var ekki reglugerðin frá 1958, sem tryggði Íslendingum í reynd 12 mílna landhelgi. Reglugerðin, svo réttmæt, nauðsynleg og sjálfsögð sem hún var og rökin fyrir henni ótvíræð og þótt allir Íslendingar hafi þá líka staðið að baki þeim rökstuðningi, sem beitt var í sambandi við setningu reglugerðarinnar, þá þýðir ekki að loka augunum fyrir hinu, að reglugerðin færði Íslendingum ekki 12 mílna landhelgi í raun og veru. Sá sigur vannst ekki fyrr en með samningunum 1961 og þá ekki aðeins 12 mílna landhelgi, heldur stækkun á raunverulegri landhelgi með útfærslu grunnlínanna. Ég segi þetta ekki til þess að vekja hér á þessari stundu deilur um þetta, heldur af því, hversu sjaldan þetta hefur verið sagt og hversu mikið virðist á það skorta, að almenningur, jafnvel þm., hvað þá þjóðin sjálf, geri sér grein fyrir því, að þetta er sannleikurinn í málinu og í raun og veru mergur málsins.

Að því er snertir ákvæði samningsins um aðild Haag-dómstólsins í framtíðarskiptum Íslendinga annars vegar og Breta og Vestur-Þjóðverja hins vegar, vil ég aðeins minna á orð þáv. ráðh. Bjarna Benediktssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem of lítið hefur verið á lofti haldið, eingöngu vegna þess að við, sem þeirra minnumst vel og þeirra ættu raunar allir þm. að minnast, höfum ekki viljað taka þátt í þeim deilum, sem um þetta hafa átt sér stað. En orð þeirra, margsögð í umr. hér á hinu háa Alþ., voru þau efnislega séð, að ákvæði samningsins um aðild dómstólsins í Haag að framtíðarskiptum Íslendinga annars vegar og Breta og Þjóðverja hins vegar væru þau fyrst og fremst að tryggja smáríkið Ísland, að tryggja okkur Íslendinga fyrir endurtekningu á vopnaðri íhlutun í landhelgismáli Íslendinga, eins og átt hafði sér stað á undanförnum þremur árum, eða allt frá því að landhelgisreglugerðin hafði verið sett og þangað til samningurinn var gerður. Með samningnum hurfu ekki aðeins brezk skip af Íslandsmiðum, heldur var með honum einnig tryggt, að Íslendingar þyrftu ekki framvegis að óttast slíka atburði eins og þá, sem höfðu verið að gerast á miðunum undanfarin ár. Þeir litu þannig á dómstólinn, og ég vona, að allir hv. þm. hafi þá litið eins á dómstólinn og aðild hans að framtíðarskiptum Íslendinga og þessara tveggja þjóða eins og kom fram í þeim mjög viturlegu og raunsæju ummælum hæstv. núv. forsrh., sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til, að auðvitað ætti smáþjóð eins og Íslendingar ekki athvarf að betra réttaröryggi en í skjóli dómstóls Sameinuðu þjóðanna og þeirra reglna, sem hann hefði eftir að fara og mundi að sjálfsögðu fara eftir.

Engum gat á því ári, 1961, dottið í hug, að þróunin næstu 10 ár mundi verða sú, sem raun ber vitni. Ummæli hæstv. núv. forsrh., ég endurtek: svo viturleg og raunsæ sem þau voru, báru því órækt vitni, að sú þróun, sem síðar hefur átt sér stað, gat ekki verið fyrirsjáanleg nokkrum manni á þeim árum.

Ég tel, að ósanngjarnari orð hafi varla verið sögð í öllum umr. um landhelgismálið, sem undanfarnar vikur hafa átt sér stað, en þau, að fyrrv. ríkisstj. hafi vanrækt aðgerðir í landhelgismálinu. Það má öllum vera ljóst, að sá, sem gegndi embætti utanrrh. síðari hluta áratugsins, Emil Jónsson, lét ekkert tækifæri á alþjóðavettvangi ónotað til þess að kynna málstað Íslendinga í landhelgismálinu og búa heiminn allan undir það, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar væri á næstu grösum eins og þróun mála var þá að verða á miðjum 7. áratugnum og einkum og sér í lagi eftir að á hann leið. Þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, lét ekki heldur sitt eftir liggja í þessum efnum og gerði margar ráðstafanir, sem báru þessa ótvíræðan vott. Máttí það vera ljóst öllum innlendum mönnum og erlendum, að þróun mála, sérstaklega á síðari hluta 7. áratugsins var með þeim hætti, að þess hlyti að verða örskammt að bíða, að Íslendingar gripu til ráðstafana í þessum efnum.

Á það má líka minna og er óhjákvæmilegt að minna, að till. um útfærslu í 50 mílna landhelgi komu ekki fram fyrr en um það bil ári áður en vitað var, að kosningar ættu sér stað. Mér dettur ekki í hug, hef aldrei viðhaft þau orð og mun ekki viðhafa þau orð né stuðla að því, að nokkur annar geri það, að halda því fram, að tillögugerð um 50 mílna landhelgi, um það bil ári áður en von var á kosningum, hafi staðið í sambandi við kosningaundirbúning. Það væri ósanngjarnt í garð þáv. stjórnarandstöðu og núv. stjórnarflokka. En einmitt með hliðsjón af því og vegna þess eins minni ég á þetta, að slík brigzl hafa ekki átt sér stað af hálfu þess flokks, sem ég tala fyrir, að ég vil eindregið hvetja til aukinnar varfærni í málflutningi af hálfu þeirra, sem eru málsvarar hæstv. ríkisstj., um þetta efni. Ég held, að hagsmunum Íslands sé það tvímælalaust hollast, að við forðumst öll brigzlyrði um þessi efni, annars vegar, að við forðumst brigzlyrði um það, að samningurinn 1961 hafi ekki verið gerður af beztu samvizku og að mjög vandlega yfirlögðu ráði af hálfu þeirra, sem hann gerðu á sínum tíma, rétt eins og sá flokkur, sem ég tala fyrir, mun ekki eiga neina aðild að því að brigzla núv. stjórnarflokkum um, að eitthvað annað hafi vakað fyrir þeim í tillöguflutningi sínum á síðasta ári stjórnarandstöðu þeirra en einlægur áhugi á því, að landhelgina mætti stækka og stækka sem fyrst og komast í raunverulega framkvæmd sem fyrst. Þetta held ég, að við ættum allt saman að hafa í huga og reyna að leggja okkur alla fram um að halda þeim hætti að standa saman um þann málstað, sem við öll erum sammála um, að er lífshagsmunamál Íslendinga nú í dag, á næstu árum og næstu áratugum.

Að síðustu skal ég fara örfáum orðum um hinn meginþátt íslenzkra utanríkismála, þ. e. a. s. um varnarmálin.

Í samræmi við hina nýju stefnu í utanríkismálum og varnarmálum Evrópu, sem ég fór um örfáum orðum áðan, tel ég rétt að taka fram, að við Alþfl.-menn teljum, og eigum það sammerkt með skoðanabræðrum okkar í Vestur-Evrópu yfir höfuð að tala, að nú sé ástandi mála í heiminum svo komið, að heppilegast væri og farsælast að tryggja öryggi og frið í Evrópu og um víða veröld með alþjóðasamningum í stað hernaðarbandalaga. En meðan öryggi og friður í heiminum og þá ekki sízt á Atlantshafssvæðinu er tryggt með varnarbandalögum, teljum við Alþfl.-menn, að Íslendingar eigi heima í samtökum vestrænna lýðræðisríkja, þ. e. a. s. í Atlantshafsbandalaginu. En við Alþfl.-menn höfum í sérstakri þáltill. vakið athygli á breyttri afstöðu í varnarmálum heimsins og þá um leið breyttri afstöðu Íslendinga í því sambandi. Þessi till. okkar er flutt í framhaldi af ályktun, sem gerð var á síðasta flokksþingi Alþfl. á s. l. hausti. Í þeirri ályktun eru þessar setningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Tæknibreytingar síðustu ára hafa valdið því, að hernaðarleg þýðing Íslands felst nú að langmestu leyti í eftirliti með siglingum í og á hafinu milli Grænlands, Íslands og Færeyja, en um þessi sund fara kjarnorkubátar risaveldanna. Óryggi Íslands hefur verið og mun verða bezt tryggt með aðild að varnarsamtökum, en vopnað varnarlið hefur verið hér aðallega til eftirlits og viðvörunar. Þessar breytingar valda því, að rannsaka þarf, hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við öryggisbandalag það, sem landið hverju sinni er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna."

Enn fremur eru þessar setningar í grg. till., með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt sambúð stórvelda haldi áfram að batna og líkur á heimsófriði að minnka, bendir ekkert til þess, að vígbúnaðarkapphlaupið á hafinu verði stöðvað í náinni framtíð. Er því með öllu óraunhæft, að varnarliðið hverfi frá Íslandi, án þess að eitthvað komi í staðinn. Ef óvopnað eftirlitsflug og annað, sem því fylgir, skiptir nú mestu máli, hljóta Íslendingar að athuga vandlega, hvort þeir geti tekið það hlutverk að sér og þar með rekstur varnarstöðvanna."

Svo mörg eru þau orð. Hér er farið fram á athugun á hernaðaraðstöðu Íslands og þeirri breytingu, sem á henni hefur orðið á undanförnum árum. Það er engu slegið föstu um það, til hvers slík athugun kynni að leiða. Ef athugun á því markmiði, sem sett er fram í till. og hlýtur að vera markmið allra Íslendinga, allra flokka, að hér þurfi ekki að vera vopnað erlent herlið um aldur og ævi, leiðir slíkt í ljós, ber að sjálfsögðu að hafa fullkomna hliðsjón af því og miða endurskoðun á varnarkerfi okkar og þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu við þá niðurstöðu. Ef athugun leiðir í ljós, að slíkt sé ekki hægt, ekki að öllu leyti, ber líka að hafa hliðsjón af því og miða endurskoðun varnarsamningsins við þá niðurstöðu. En í öllu falli held ég, að enginn ágreiningur geti orðið um það, að endurskoðun á varnarsamningnum sjálfum, sem er orðinn meira en 20 ára gamall, er þegar fyrir alllöngu orðin tímabær.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í samningi núv. stjórnarflokka eru ákvæði um brottflutning varnarliðsins. Ég segi það enn og aftur, líka að því er þessi atriði varðar, að það, sem ég segi, er ekki til þess ætlað að vekja deilur á þessum degi og þessari stundu um þetta efni. En ég vil þó vekja athygli á því, að hæstv. utanrrh. hefur sagt, að endanleg ákvörðun í þessu máli, varðandi brottflutning varnarliðsins, verði ekki tekin fyrr en að loknum þeim viðræðum, sem nú eru hafnar við ríkisstj. Bandaríkjanna. Ég vil taka það fram og lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl., að við styðjum þessa skoðun hæstv. utanrrh. og vonum, að það geri raunar fleiri, bæði í hans flokki og öðrum stuðningsflokkum hæstv. ríkisstj. Við teljum að vísu, að megináherzlu í íslenzkum utanríkismálum eigi nú að leggja á landhelgismálið og baráttu til sigurs í því. En síðustu orð mín skulu vera þau, að við Alþfl.-menn lítum einnig á varnarmálin og hugsanlegar aðgerðir í þeim sem annan meginþátt íslenzkra utanríkismála. Við styðjum skynsamlega endurskoðun á varnarsamningnum út frá þeirri breytingu, sem við teljum, að hafi orðið á hernaðarástandi og sé að verða á hernaðarástandi og varnarmálum í Vestur-Evrópu, og þá ekki sízt hugsanlega breytingu á aðild Íslendinga að þessu varnarsamstarfi. Við teljum hins vegar, að meðan Atlantshafsbandalagið er til, verðum við að eiga aðild að því, og tökum skýrt fram, að við teljum ekki rétt, á meðan samningar fara fram á milli Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins hins vegar um fækkun á herafla í Mið-Evrópu, að þá séu breytingar gerðar, sem rýri varnarmátt og styrk Atlantshafsbandalagsins. Við teljum, að Atlantshafsbandalagið þurfi að geta samið við Varsjárbandalagið á þeim jafnréttisgrundvelli, sem nú á sér stað, og það mætti engan veginn verða hlutverk Íslendinga að stuðla að því að torvelda samningsaðild Atlantshafsbandalagsins í þessum efnum. En ég endurtek það, og það skulu vera síðustu orð mín í þessum umr., að við Alþfl.-menn viljum styðja endurskoðun á varnarsamningnum við Bandaríkin í ljósi þess efnis, sem fram kemur í till. okkar, og við styðjum þá stefnuyfirlýsingu hæstv. utanrrh., að engin endanleg ákvörðun verði tekin um brottflutning varnarliðsins eða uppsögn varnarsamningsins, fyrr en þeim viðræðum, sem nú eru hafnar við ríkisstj. Bandaríkjanna, er lokið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að ræða hér um landhelgismálið, þar sem ég lít svo á, að það sé fyrst og fremst og eðli sínu samkv. íslenzkt innanríkismál. Ég get þó ekki á mér setið að víkja hér örfáum orðum að ummælum hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, í tilefni af því, að hann sagði hér áðan, að samningurinn frá 1961 hefði fyrst og fremst átt að tryggja það, að atburðir eins og þeir, sem þá gerðust, að erlend herskip voru hér á miðunum, endurtæki sig ekki. Ég verð að segja það, að ég fæ ekki skilið, hvernig í ósköpunum þessi samningur átti að geta tryggt, að slíkt endurtæki sig ekki, nema þá ef samningnum var ætlað að koma í veg fyrir, að við færðum landhelgina frekar út. Staðreyndin er

auðvitað sú, eins og við öll vitum, sem hér erum inni, að samningurinn hefur verið og er sterkasta vopn Breta. Þeir hefðu aldrei látið sér til hugar koma að halda uppi því andófi, sem þeir hafa haldið uppi, hefðu þeir ekki þennan samning í höndunum. Ég held, að menn þurfi ekki annað en lesa bráðabirgðaúrskurð Alþjóðadómstólsins, kynna sér málflutning Breta og rökstuðning dómstólsins til þess að sjá, að Bretar fara hvergi leynt með það,, að það er fyrst og fremst þessi samningur, sem er þeirra öflugasta vopn og á honum byggja þeir allan sinn ímyndaða rétt.

En svo að ég víki að utanríkismálunum almennt, öryggismálum og herstöðvamálum, vil ég að sjálfsögðu í upphafi þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágæta skýrslu.

Það er mikið fagnaðarefni, að á þeim tíma, sem liðinn er, síðan seinast fóru fram almennar umr. á Alþ. um utanríkismál, fyrir einu ári, hefur þróun heimsmála eindregið stefnt í átt til friðar og bættrar sambúðar milli þjóða. Það fer ekkert á milli mála, að klakarnir frá dögum kalda stríðsins halda áfram að bráðna, þótt hér og hvar sé þó enn eftir talsvert íshröngl óleystra vandamála. Ekki leikur heldur neinn vafi á því, að viðhorf manna og hugsunarháttur hefur verið að breytast jafnt og þétt í fullu samræmi við minnkandi spennu í samskiptum austurs og vesturs. Færri og færri telja það óhjákvæmilega nauðsyn, að smáþjóðirnar láti risaveldin í austri og vestri reka sig í dilka eins og fénað í rétt, og almennt verður vart við, að hin fráleita oftrú manna á forustu risaveldanna, hvort heldur er í efnahagsmálum, stjórnmálum eða hernaðarlegum efnum, fer nú loksins minnkandi, og táknar það að sjálfsögðu fyrst og fremst, að smáþjóðirnar ætla sér sjálfstæðari hlut en áður var og hafa óháðari afstöðu til mála. Við hljótum eindregið að vænta þess, að þessi þróun í átt til bættrar sambúðar með þjóðum, sem hafa ólíkt hagkerfi, haldi áfram. Enginn vafi er á því, að öryggismálaráðstefna Evrópu, sem nú er í undirbúningi, getur orðið mjög mikilvægur áfangi í þá átt að draga úr hernaðarlegri spennu í þessum heimshluta, og þróunin mun vonandi leiða til þess, að hernaðarbandalögin tvö verði leyst upp. En jafnframt verðum við að gera okkur ljóst, að beinir samningar risaveldanna um gagnkvæma fækkun í herafla og minnkandi hernaðarspennu í tengslum við þessa öryggismálaráðstefnu tekur vafalaust talsverðan tíma, og þessi leið til friðar og bættrar sambúðar er alls ekki sú eina, sem unnt er að fara á sama tíma. Aukið traust í samskiptum þjóða og minnkandi spenna getur sem sagt ekki aðeins orðið með skipulögðu átaki og allsherjarsamkomulagi stórra og smárra þjóða í Evrópu og við Atlantshaf. Hér getur einnig og ekki síður orðið um að ræða hægfara þróun, sem mótast af víxlverkunum, þannig að þegar einn slakar á, hefur það áhrif á alla hina.

Frá tímum kalda stríðsins eru enn við lýði kenningar um, að það sé beinlínis háskalegt öryggi á tilteknu svæði, að einn aðili dragi einhliða úr þeirri hernaðarógnun, sem frá honum stafar. Þá er sagt, að verið sé að raska valdajafnvægi á viðkomandi svæði og við þetta skapist svokallað tómarúm. Sem betur fer eru þeir stöðugt fleiri, sem gera sér grein fyrir, að hér er um að ræða innantóma orðaleikfimi, sem ekki á sér neina stoð í veruleikanum. Þetta er hentug kenning í munni hershöfðingja og annarra þeirra, sem horfa einhliða á viðfangsefnið út frá hernaðarlegu sjónarmiði, manna, sem komast ævinlega að þeirri niðurstöðu hver í sínu horni, að sem mestur vígbúnaður sé öruggasta leiðin til friðar. Eða hver getur haldið því fram í fullri alvöru, að valdajafnvægi í Evrópu hafi raskazt eða skapazt hafi háskalegt tómarúm, þótt Rúmenía hafi fyrir nokkrum árum dregið sig að verulegu leyti út úr hernaðarkerfi Varsjárbandalagsins? Og hverjum dettur í hug, að öryggi Evrópu væri nú tryggara og stöðugra, ef Danir og Norðmenn hefðu á sínum tíma látið undan kröfum hernaðarsérfræðinga Atlantshafsbandalagsins og leyft erlenda hersetu í löndum sínum til að fylla upp ýmis tómarúm, sem þar eru sögð vera?

Nei, smáþjóðir Evrópu, hvort heldur í austri eða vestri, verða að hugsa sjálfstætt og taka afstöðu til mála út frá eigin hagsmunum og skynsamlegu mati, en ekki út frá þröngum hernaðarhagsmunum risaveldanna. Og þær geta með sjálfstæðri stefnu átt afgerandi þátt í að hrinda af stað hraðfara skriðu í átt til afvopnunar og minnkandi hernaðarspennu.

Við Alþb.-menn höfum alltaf talið, að Íslendingar ættu einnig að leggja lóð sitt á vogarskál friðar og afvopnunar í Evrópu, í fyrsta lagi með því að leyfa ekki lengur erlenda hersetu í landinu, í öðru lagi með því að leggja niður herstöðvar í landinu og afnema önnur þau mannvirki, sem eingöngu eru ætluð til hernaðar, og í þriðja lagi með því að hverfa úr hernaðarbandalagi og lýsa yfir hlutleysi landsins í hernaði. Með málefnasamningi núv. stjórnarflokka var mörkuð stefna í utanríkis- og sjálfstæðismálum, sem felur í sér veigamiklar breytingar frá þeirri stefnu, sem áður ríkti í þessum efnum. Í fyrsta lagi er íslenzk utanríkisstefna sjálfstæðari nú en áður var. Nægir að minna á breytta afstöðu Íslands á alþjóðavettvangi til ýmissa mála. Við erum ekki lengur taglhnýtingar Bandaríkjastjórnar við atkvgr. á þingi Sameinuðu þjóðanna, eins og áður hafði of lengi verið. Hvað varðar afstöðuna til erlendra herstöðva og hernaðarbandalaga, náðist að vísu ekki fram í málefnasamningi stjórnarflokkanna stefnubreyting varðandi öll þau atriði, sem Alþb. leggur áherzlu á. Af þeim þremur stefnumiðum, sem ég nefndi hér áðan, þ.e.a.s. að erlendur her hverfi á brott, erlendar herstöðvar séu afnumdar og Ísland hætti þátttöku sinni í hernaðarbandalagi, varð aðeins samkomulag um það fyrsta, að herinn hverfi af landi brott. Um þetta efni eru hins vegar ótvíræðar yfirlýsingar í málefnasamningnum. Þar segir ótvírætt, að stefnt sé að brottför hins bandaríska herliðs og að hún skuli eiga sér stað á því kjörtímabili, sem nú er að líða.

Ég held, að þeim Íslendingum fari fjölgandi, ekki sízt meðal ungu kynslóðarinnar, sem gera sér grein fyrir, að hinn erlendi her er okkur ekki að neinu gagni. Þvert á móti er augljóst, að það er gæfulegast fyrir Íslendinga að láta

ekki draga sig inn í hernaðarkerfi stórveldanna. Við eigum því að stefna að því að draga úr hernaðargildi landsins, að svo miklu leyti sem það er til komið af mannavöldum, með því að hafa hér ekki her og herstöðvar. Þar að auki ætti að vera ljóst, að erlendur her í landinu til frambúðar er ekki samboðin virðingu þjóðarinnar. Erlendur her hlýtur að hafa margs konar áhrif á þjóðlífið, bæði bein og óbein, og enginn vafi leikur á því, að vaxandi eiturlyfjaneyzla á Íslandi á að talsverðu leyti rætur sínar að rekja til hersetu hinna erlendu manna.

Ég vil að lokum fyrir hönd þingflokks Alþb. lýsa yfir eftirfarandi:

Alþb. hefur að sjálfsögðu fallizt á það sjónarmið, að landhelgismálið ætti að hafa sérstakan forgang, og með hliðsjón af því hefur flokkurinn sætt sig við, að brottför hersins í áföngum ætti sér stað á síðari hluta kjörtímabilsins. En þar sem kjörtímabilið er nú senn hálfnað, væntir Alþb. þess mjög eindregið, að ekki dragist lengur, að hafnar verði viðræður við Bandaríkjamenn um endurskoðun varnarsamningsins með það fyrir augum, að herinn hverfi frá Íslandi. Alþb. telur sjálfsagt og eðlilegt, að meðan samningum við Bandaríkjamenn um brottför hersins er ólokið, verði sjónvarpssendingar Bandaríkjamanna takmarkaðar við herstöðina eina, og að gefnu tilefni telur flokkurinn að sjálfsögðu óviðeigandi, að heimilaðar séu nokkrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sem ganga í berhögg við þá stefnu ríkisstj., að herinn hverfi af landi brott.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls færa utanrrh. þakkir, ekki aðeins fyrir þessa skýrslu, heldur engu síður, jafnvel fremur, fyrir hið ágæta samstarf, sem hann hefur haft við utanrmn. Hann hefur gert n. grein fyrir gangi mála og haft að mínu viti fyllsta samráð við hana hverju sinni, og tel ég það mjög vel farið og öðrum utanrrh. til fyrirmyndar í framtíðinni.

Hins vegar vaknar sú spurning, sem ég vil aðeins ræða nánar, hvort staða utanrmn. í þingkerfinu sjálfu sé nægilega veigamikil. Eins og nú standa sakir, má segja, að utanrmn. sé fyrst og fremst n., sem tekur við grg., sem fær að vita, hvað gerist, miklu fremur en að hún sé mótandi afl í utanríkismálum. Þannig hefur þetta verið hér hjá okkur, og ég er ekki sannfærður um, að rétt sé að haga málum þannig. Ég vil benda á, að við hlið utanrmn. hafa sprottið upp nefndir, svo sem landhelgisnefndin, sem fjallar um veigamikinn þátt íslenzkrar utanríkisstefnu. Að mínu viti ætti sú n. ekki að vera til, heldur ætti utanrmn. að vera vettvangur þeirra mála, sem rædd eru í landhelgisnefndinni.

Það gegnir svipuðu máli um varnarmálin. Þegar þau eru rædd, væri ekki óeðlilegt, að utanrmn. væri virkur aðili að slíkri endurskoðun varnarmálanna, sem nú fer fram. Við Íslendingar sendum menn á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, hafréttarráðstefnur o. s. frv., en utanrmn. er þarna ekki beinn aðili, heldur fær hún aðeins að fylgjast með því, sem gerist. Ég skal ekki ræða þetta lengur, en ég vil bara benda á, hvort ekki ætti að gefa utanrmn. betri og meiri háttar stöðu en nú er, um leið og ég vil sérlega þakka utanrrh. fyrir það samstarf og samráð, sem hann hefur haft við utanrmn.

Áður en ég kem að sjálfri skýrslunni, vil ég líka drepa á eitt atriði, sem hefur oft komið upp í huga mínum í sambandi við utanríkismál og reyndar aðra málaflokka. Það er sú spurning, sem vaknar, þegar vitað er, að ýmsir menn, sem í fyrrv. ríkisstj. höfðu allt aðra skoðun á utanríkismálum en borin er uppi af núv. ríkisstj., hvernig unnt er að láta þá vera í veigamiklum trúnaðarstöðum fyrir þessa ríkisstj. Hef ég þá í huga t. d. fyrrv. utanrrh., sem starfaði í anda kalda stríðsins, og þá kannske sérlega hinn fyrri í viðreisnarstjórninni, og hvort ekki sé eðlilegt að hafa meiri hreyfingu og jafnvel skipti á mönnum í utanríkisþjónustunni, þegar nýir menn taka við. Það hlýtur að vera afskaplega erfitt fyrir utanrrh., þegar hann vill koma fram með nýja stefnu, að hafa þá menn kannske í trúnaðarsendiherrastöðum, sem hafa beinlínis verið málsvarar allt annarrar stefnu hér á Alþ. en núv. stjórn stefnir að. Þetta finnst mér dálítið merkilegt, hvað erfitt virðist vera að hreyfa menn til í okkar ágæta þjóðfélagi. Það er ekkert óeðlilegt við það, ef menn hafa allt aðra skoðun á málunum, að þeir geti ekki setið trúnaðarstöður, þar sem þarf beinlínis að taka pólitískar ákvarðanir eða þjóna undir pólitískar ákvarðanir. Þetta skal ég ekki ræða lengur, en þetta snertir vafalaust ekki aðeins utanríkisþjónustuna, heldur yfirleitt alla meginflokka þjóðmála. En það hlýtur að vera erfitt að gera verulega stefnubreytingu, þegar sömu menn halda um málin og var í fyrri stjórn. Hún hafði allt aðra utanríkismálastefnu, a. m. k. í veigamiklum atriðum, en núv. ríkisstj. Nóg um það.

Í málefnasamningi ríkisstj. er vikið að því, að stefnan í utanríkismálum verði sjálfstæðari og einbeittari. Þetta hefur tekizt, og ég vil segja það, að enginn málaflokkur hjá núv. stjórn sýnir jafn berlega breytta stefnu og utanríkismálin. Þar eru skiptin alveg ljós og ótvíræð, og ég vil óska utanrrh. til hamingju með það. Skýrslan er líka öll í samræmi við málefnasamninginn. Í skýrslunni er rakin þróun utanríkismálanna, einkanlega árið 1972 og fram á fyrstu mánuði þessa árs, og það er öllum ljóst, að árið 1972 var alveg óvenjulegt ár hvað snertir það að breyta um skoðun og viðhorf í utanríkismálum. Á því herrans ári sigraði stefna Willy Brandts að taka upp samstarf við Austur-Evrópuþjóðirnar, einkanlega við Austur-Þýzkaland, Pólland og Rússland, og öðrum þræði ferðir Nixons forseta til Moskvu og Peking. Þetta hefur haft geysileg áhrif í utanríkismálum og líklega miklu meiri áhrif en við gerum okkur fulla grein fyrir. Og þessi ríkisstj. er svo heppin, ef ég má nota það orð, að starfa í þessari asahláku samstarfs og skilnings á alþjóðavettvangi. Á einu ári hefur það gerzt, að Kína hefur verið viðurkennt, Austur-Þýzkaland viðurkennt, stjórnmálasamband á að taka upp innan tíðar við Norður-Kóreu og væntanlega við Vietnam. Allt þetta hefur gerzt á örstuttum tíma. Og þessi þróun er á allan

máta æskileg og í fullri andstöðu við þá utanríkispólitík, sem rekin var hér á dögum viðreisnarinnar.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um hernaðarblokkir. Eg tel, að Ragnar Arnalds hafi komizt mjög vel frá því efni, og ég fer ekki að rekja það nánar. En það eru tvö atriði, sem ég vil víkja að sérstaklega, sem eru náttúrlega meginmálin, og það eru annars vegar varnarmálin og hins vegar landhelgismálið.

Satt að segja fá varnarmálin og varnarliðið harla lítið rúm í skýrslunni, og ástæðurnar eru augljósar. Það hefur lítið þokazt í þeim málum. Að vísu fer fram rannsókn, eins og hæstv. utanrrh. tekur fram, en allt er þetta mál á nokkuð óskýrum grunni og það hefur horfið í skuggann fyrir landhelgismálinu, sem flestir munu vera sammála um, að eigi að hafa forgang. Hins vegar er erfitt að sætta sig við það, hversu málum miðar hægt áleiðis. Í skýrslunni er komizt svo að orði: „Ákvörðun ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins verður því væntanlega tekin bráðlega." Ég fagna þessari yfirlýsingu, en vil þó taka alveg sérstaklega fram, að þarna er notað orðið „endurskoðun", vegna þess að það fullnægir öllum. En það, sem átt er við í málefnasamningi ríkisstj., er fyrst og fremst, að varnarliðið hverfi á brott. Það var efni þessa málefnaákvæðis og ekkert annað.

Það vakti athygli mína, hvað hv. 1. þm. Reykv., sem talaði sem aðalforingi stjórnarandstöðunnar, var linur í utanríkismálum, linur í andstöðunni. Hvers vegna? Vegna þess að varnarmálin standa mjög óljóst og landhelgismálið stendur líka óljóst. Hann vill ekki láta neitt til skarar skríða, eins og málin standa núna, og það er að vissu leyti skiljanlegt. En ég vil taka það alveg skýrt fram, að endurskoðun merkir í mínum munni ekkert annað en það, að herinn fari héðan af landi brott í áföngum. Hins vegar er ég alveg opinn fyrir því í sambandi við flug og annað, að fá, ef unnt er, einhvern annan aðila frá Sameinuðu þjóðunum til þess að hafa hér uppi eitthvert tæknilegt eftirlit með flugi eða á annan hátt. Um það er ekkert að fást, finnst mér. En um hermenn gildir allt öðru máli.

Ég skal aðeins víkja að landhelgismálinu. Eg fagna því, hvað utanrrh. hefur tekið skýra afstöðu í því máli, einkanlega því máli, sem mestum deilum hefur valdið síðustu daga, og það er, hvort eigi að mæta fyrir dómstólnum í Haag. Ég styð í einu og öllu stefnu ríkisstj. í þessu máli, eins og Alþ. og hún sjálf hefur mótað hana, og þess vegna vil ég benda þingheimi á bls. 20, þar sem hæstv. utanrrh. færir skýr og góð rök fyrir því, að það sé, eins og nú standa sakir, fráleitt að mæta fyrir dómstólnum í Haag, eins og orðrétt segir í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi málsmeðferð, er dómstóllinn í lok þessa árs tekur fyrir efnisatriði, virðist mér augljóst, að Íslendingar geti ekki átt úrslit í slíku lífshagsmunamáli sínu undir erlendu dómsvaldi og það sé því rökrétt og eðlilegt, að Ísland eigi ekki fulltrúa við þennan málarekstur fremur en hingað til. Það er von mín, að samstaða þjóðarinnar um framgang þessara mála geti haldizt:

Undir þetta tek ég eindregið.

Hins vegar hefur sú óheillaþróun átt sér stað í þessu máli, að það hafa komið upp skoðanir um, og það jafnvel innan ríkisstj., að það eigi að halda á málum á annan hátt, þ. e. a. s. mæta fyrir dómstólnum í Haag. Við þetta verður alls ekki unað. Ég vil benda á það, að fulltrúi Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, benti á það réttilega, að það, sem skipti meginmáli, væri einhugur þjóðarinnar í þessu máli. Og það felur þá í sér að minni hl., og þá væntanlega stjórnarandstaðan, verður að gera svo vel að sýna þann einhug að fylgja meiri hl. hér á þingi. Þetta er sá ábyrgðarhluti, sem hvílir á stjórnarandstöðunni. Þetta er meginatriði málsins. Það má aldrei vera neinn vafi á því, hvaða stefnu Íslendingar hafa í landhelgismálinu, fiskveiðilögsögunni, og hvernig eigi að reka það. Þetta er grundvallaratriði. Þess vegna má segja, að það bregði nokkuð undarlega við, að hæstv. félmrh. í veizlu hjá ágætum félagsskap, sem kallar sig Junior Chambers, skuli gefa yfirlýsingu um, að það væri skynsamlegt og rétt að senda málsvara til Haag. Þar með hafði þessi hæstv. ráðh. gengið í berhögg við stefnu stjórnarinnar, gengið í berhögg við vilja Alþ. og hina mótuðu stefnu, rofið samstöðu þjóðarinnar. Við þetta verður ekki unað. Það má lesa í blöðum sífelldar deilur hér, hvort eigi að senda eða ekki senda, mæta eða ekki mæta o. s. frv., og þetta er óheillaþróun fyrir gang þessa mikilvæga máls. Það hlýtur öllum að vera ljóst. Og ég tel nauðsynlegt, bæði fyrir stjórnarandstöðuna og ríkisstj., að ganga úr skugga um það, eins fljótt og kostur er, hver sé raunverulegur vilji Alþ. í þessu máli. Það er ekki hægt að láta þetta mál reka á reiðanum.

Hv. 1. þm. Reykv. lét svo ummælt, að í landhelgisn. hefði verið vilji meiri hl. að athuga mjög gaumgæfilega, hvort ekki ætti að mæta fyrir dómnum, hins vegar lægi ekkert á, því að málið kæmi ekki upp fyrr en um áramótin. En þetta er reginmisskilningur. Þjóðin getur ekki búið að því að karpa og deila um þetta mál allt þetta ár. Það er mikilvægt, að það sé einhugur í málinu, en við eyðum ekki tíma, kröftum og samstöðunni í að karpa um þetta. Um þetta efni má aldrei vera neinn vafi. Þess vegna tel ég það skyldu stjórnarandstöðunnar að kanna, hvort það sé vilji Alþ. að senda mann til Haag, og ég tel það líka skyldu ríkisstj. að gera það, því að hún þarf að hafa markaða og ótvíræða stefnu í þessu máli. Það væri t. d. athugandi, hvort hæstv. félmrh. vildi nú ávarpa þingið og gera nokkra grein fyrir stefnu sinni í þessu máli, hvort hann hefði breytt um skoðun eða hvort hann mundi vinna að því, að við sendum mann til Haag. Þetta þurfum við að vita. Við getum ekki setið uppi bæði með ráðlausa stjórnarandstöðu og ráðlausa ríkisstj. í þessu máli, menn bara biði og sitji við skákborðið og tefli. Það þarf að hreinsa til, hreinsa andrúmsloftið. Þess vegna vil ég mælast til þess við hæstv. félmrh. að hann geri nú þinginu grein fyrir skoðun sinni og hvert sé hans viðhorf í þessu máli, og að ríkisstj. gangi úr skugga um það, hver sé vilji Alþ. í þessu máli. Ef svo er, að Alþ. og ríkisstj. treysta sér ekki til þess að

ganga þegar úr skugga um það, eigum við þá smám saman að kljúfa þjóðina í þessu máli? Eigum við að lesa dag eftir dag karp í blöðum, hvort eigi að senda eða ekki senda, mæta eða ekki mæta? Það þarf að fá einu sinni úr þessu skorið fyrir fullt og allt, tvímælalaust. Ef svo skyldi fara, að það væri þingmeirihl. fyrir því, að senda mann til Haag, ef hæstv. félmrh. getur tekið með sér sinn fjölmenna þingflokk til þess að styðja þetta, er bezt, að við leitum til þjóðarinnar og könnum þessi mál og vitum, hvort vinstri menn í landinu geti ekki stokkað upp spilin í flokkunum. En það er eitt, sem er víst, og það er, að ekki er verjandi, hvorki fyrir ríkisstj. né stjórnarandstöðuna, að fá ekki hreinar línur í þessu máli.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hér hefur nú verið lögð fram skýrsla af hæstv. utanrrh. um utanríkismálin og hafa ekki orðið um hana deilur, heldur hefur stjórnarandstaðan lokið upp einum munni um það, að skýrslunni sé fagnað og í meginatriðum sé á hana fallizt. Það er fagnað m. a. auknu samstarfi utanrrh. við utanrmn., og er það á fullum rökum reist, því að á því sviði málefna hefur orðið framkvæmdabreyting mikil. Menn fagna því og, að núv. stjórn hafi rekið sjálfstæðari utanríkispólitík en áður, og má það einnig til sanns vegar færa, þó að gífuryrði um annað hafi einnig verið höfð hér uppi.

Hér hefur verið lögð á það mikil áherzla, að okkur Íslendingum beri hér eftir sem hingað til að ástunda einhug og samstöðu um landhelgismálið, og er það vel. Á því máli hefur verið haldið þannig, að auk þess sem ríkisstj. hefur á hverjum tíma tekið afstöðu, eins og málið hefur blasað við hverju sinni, hefur ávallt verið haft samráð við utanrmn. og landhelgisnefndina um framvindu málsins, og hingað til hefur tekizt að ná samstöðu um málið. Þessu ber að fagna. Og ég vona, að þetta haldist áfram, að menn séu það víðsýnir, að þó að okkur greini á um einhver einstök atriði málsins, verði þau skref fyrir skref tekin til athugunar og leitað eftir samstöðu um þau, því að án þess að ræða málin og skiptast á skoðunum um þau á hverju stigi, eins og þau blasa við, er holt undir fæti um samstöðuna og einhugurinn einskis virði, því að þá er hann falskur. Svona höfum við haldið á málinu, og svona skulum við halda á málunum, en við eigum að viðurkenna það, að við erum frjálsir að því að skiptast á skoðunum um málin og ræða þau, en markmiðið er að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þau.

Hv. 7. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, lagði áherzlu á þetta í sinni ræðu, að okkur bæri umfram allt að ástunda það að vernda einingu Alþ. og þar með einingu þjóðarinnar um málið. Hann lýsti síðan skoðun sinni á samningunum frá 1961 og taldi hann mikið þarfaþing, hann hafi bjargað miklu, því að hann hafi veitt okkur fulla viðurkenningu á 12 mílna landhelginni. Ég er honum ekki sammála um þessa skoðun og tel ekki stefnt til neins háska, þótt við séum ósammála um þennan samning. Það eru vafalaust mjög skiptar skoðanir með hann meðal þm. Ég tel, að þess hafi ekki verið nein þörf og einkum hafi reynzlan sýnt það, að engin þörf hafi verið að eiga kaup við Breta um það, að við öðluðumst 12 mílna landhelgi, því að við vorum búnir að vinna það stríð. Á eftir varð sú þróun, — það gátu samningamennirnir frá 1961 að sjálfsögðu ekki séð fyrir, — að þjóðir heims viðurkenndu 12 mílna landhelgi hið minnsta. Það hefur því verið réttilega sagt hér áður í þingsölum, að ef menn hefðu séð, hvernig þróunin yrði, hefði ekki þurft að kaupa þetta út af fyrir sig neinu verði. Ég tel þennan samning í heild hafa verið okkur óheillasamning, af því að hann batt okkur þeim skulbindingum, að við færðum út okkar landhelgi, gæti annar hvor aðilinn, sá sem þess óskaði, borið fram kröfu um að skjóta þeim ágreiningi til dómstólsins í Haag. Það er einkanlega vegna þessara ákvæða í samningnum, sem við erum bundin við Haag. Við höfum að vísu talið, að hann hafi náð sínum tilgangi, og sé úr gildi fallinn, og við þar að auki formlega sagt honum upp. En dómstóllinn virðist ekki hafa fallizt á þau sjónarmið okkar.

Ég tel, að ein af mörgum ástæðum fyrir því, að við eigum að senda málsvara til sóknar og varnar fyrir málstað okkar fyrir dómstólnum í Haag, sé sú, að við eigum að gera glögga grein fyrir aðdraganda að samningsgerðinni 1961 og innihaldi þess samnings. Við eigum að staðfesta þar með góðum gögnum, dagbókum varðskipanna m. a., að Bretar beittu okkur hernaðarlegu ofbeldi, bæði með viðskiptabanni á árinu 1952 og svo hernaðarofbeldi í þorskastríðinu 1960 og 1961. Gylfi Þ. Gíslason, hv. 7. þm. Reykv., sagði einmitt, að samningurinn hefði verndað okkur fyrir vopnaðri íhlutun Breta á miðunum við Ísland. Þetta er í raun og veru viðurkenning á því sjónarmiði, sem ég held fram, að samningurinn var gerður undir nauðung, undir þvingun, frammi fyrir byssukjöftum Breta. En slíkir samningar munu ekki þykja haldgóðir sem alþjóðasamningar, og það er fyllsta ástæða til þess að láta ekki auða stóla tala um þetta í Haag m. a., heldur láta færustu menn okkar bera fram dagbækur varðskipanna og öll rök okkar og gögn fyrir því, að þetta var nauðungarsamningur, sem við gerðum undir þvingun.

Meginrök þeirra manna, sem að samningum stóðu, voru þau, að þeir væru að afstýra alvarlegum afleiðingum þess, ef ekki væri gerður samningur. Utanrrh. Breta lýsti því þá yfir í bréfi til utanrrh. Íslands, að hann vissi það vel, að ef samningar tækjust ekki, hefði það alvarlegar afleiðingar. Ef þetta er ekki hótun milli ríkja, þá skil ég ekki, hvað hótun er. Okkar réttur og skylda er að færa fram öll okkar rök og gögn í málinu, aðdragandanum að þorskastríðinu og því, sem gerzt hefur síðan 1. sept. s. l., og einnig um allan aðdraganda að samningnum 1961, sanna það, að stjórnarandstaðan þáv., núv. stjórnarflokkar, hélt því fram með réttu, að þetta væri nauðungarsamningur, sem okkur bæri ekki að virða.

Ég hef haldið því fram, að við eigum að senda málsvara til Haag, rökstyðja okkar góða málstað, rekja aðdragandann, rekja allan gang málsins og bera fram kröfur um sýknu af málsóknarkröfum Breta og Þjóðverja, og í annan stað sem

varakröfu, að dómi verði frestað, þangað til hafréttarráðstefnunni sé lokið. Þessa kröfu á ekki að bera fram bara í tilmælaformi, það á að vera hreint og beint dómkrafa af okkar hendi, a. m. k. sem varakrafa. Hafréttarráðstefnan er sá alþjóðavettvangur, sem á að leggja lagagrundvöll, og þegar við vitum, að þar er að vænta hagstæðari stöðu en nú er á þessum vettvangi, eigum við auðvitað að bera fram kröfur um, að dómur sé ekki felldur, fyrr en niðurstöður hafréttarráðstefnunnar liggi fyrir. Það á ekki að gerast með neinu pukurssendibréfi til dómsins. Það á að gerast með réttarkröfu.

Ég skal ekki fara út í það að svara gífuryrðum hv. 3. uppbótarþm., sem hér talaði síðast. Þessi utanflokkaþm. getur haft sínar skoðanir og er frjáls að því. En þá hef ég líka frjálsræði til þess að hafa mínar skoðanir, setja þær fram sem umræðugrundvöll.

Það hefur verið viðurkennt af þeim, sem hér töluðu í dag um þetta mál, að hugmyndin um að senda menn til Haag yrði m. a. rædd í utanrmn. og reynt að komast að niðurstöðu þar um ákvörðunartöku, og það er auðvitað rétta leiðin. Fásinna er að fordæma skoðanir í þessum málum og segja, að enginn hafi frjálsræði til þess að bera þær fram. Þeir menn hafa ekki snefil af lýðræðislegri hugsun, sem bera slíkt fram. Og það er einskis virði yfirborðssamstaða Íslendinga og einhugur í málinu, ef það á að byggjast á því að viðurkenna aðeins einhverja ákveðna afstöðu til málsins og að skoðanaskipti megi ekki eiga sér stað. Við eigum að undirbyggja okkar samstöðu með umr. og ákvörðunartöku stig af stigi.

Þegar við fórum af stað með þetta mál og gerðum hér einhuga samþykkt á Alþ. Íslendinga, vissum við ekki, hverjum tökum Haagdómstóllinn tæki þetta mál. Síðan hefur það gerzt, að hann hefur gert úr þessu tvö mál. Hann hefur boðið upp á sókn og vörn um lögsögurétt dómsins og kveðið upp sérstakan úrskurð um það atriði út af fyrir sig. Síðan hefur hann ákveðið, að hann skuli taka efnishlið málsins út af fyrir sig og kveða upp sérstakan dóm um hana. Við höfðum tekið þá afstöðu algerlega einhuga, að við skyldum á allan hátt mótmæla því, að hann hefði lögsögu um málið. Við höfum tapað því máli. Dómurinn er kominn, það verður ekki umflúið. Hann segist hafa hana, og það er ekki hægt að áfrýja þeim úrskurði til neins annars aðila. Hann hefur ákveðið, að hann skuli hafa lögsögu um málið. Næsta ákvörðun hans er sú, — að vísu var dómurinn um það skiptur, — að efnishlið málsins skuli tekin út af fyrir sig og kveðinn upp sérstakur dómur í henni. Þá, þegar þessi tímamót voru í málinu, var sjálfsagt, að Íslendingar tækju að ræða það mál, hvort ætti að senda málsverjendur til dómsins til þess að flytja sitt mál eða þegja og láta auða stóla tala. Þar er mín afstaða alveg óbreytt, og þá er ég að svara hv. utanflokkaþm., hv. 3. landsk., — hún er óbreytt enn. Ég tel, að við eigum að senda málsvara til Haag. Og ég þykist hafa fengið viðurkenningu fyrir því, að þetta sjónarmið verði rætt og gagnstæð sjónarmið af réttum aðilum, þ. á m. landhelgisnefnd og utanrmn., og Alþ. er rétti aðilinn til þess að taka ákvörðun um það. Hvorki á ég neinn einkarétt að þessu sjónarmiði mínu né aðrir á gagnstæðu sjónarmiði. Alþ. er rétti aðilinn til að skera úr því að undangengnum hugleiðingum og umr. um þessa fleti á málinu. Og það er undir öllum kringumstæðum eðlilegast, að við notum tímann, þangað til við þurfum að taka ákvörðun um þetta, til þess að ræða málið innbyrðis hjá okkur, og það er ekkert veikleikamerki í málinu. Það er ekki hægt að umsnúa sannleikanum meira á nokkurn hátt en að segja, að þar með séum við búnir að gefa upp okkar afstöðu í landhelgismálinu. Dettur nokkrum í hug, að þó að við ákvæðum í dag að senda málsvara til Haag, hættum við að framfylgja íslenzkum lögum og berjast í okkar landhelgi til varnar? Mér dettur það ekki í hug. Ég hygg, að það hvarfli ekki að einum einasta þm. Bretar gera tvennt í senn. Þeir beita okkur ofbeldi hér á íslenzkum miðum innan 50 mílna landhelginnar, brjóta þar með íslenzk lög, en sækja málið fyrir dómstólnum í Haag jafnframt. Þó að við ákvæðum að senda menn til Haag, værum við sannarlega ekki að gefa upp eitt eða neitt í málstað okkar um að framfylgja íslenzkum lögum í landhelgismálinu.

Þessar skoðanir mínar hafa af hv. utanflokkaþm., 3. landsk., verið kallaðar óheillaskoðanir. Allar skoðanir eiga rétt á sér í lýðfrjálsu landi. (**BGuðn:** Jafnvel hjá Junior Chambers?) Er það einhver fyrirlitlegur félagsskapur? Ég var ekki í neinni veizlu hjá Junior Chambers. Ég lofaði að tala þar í 10 mínútur og gerði það. Það var fundur en ekki nein veizla. Ef hv. þm. heldur, að hann hafi orðið af einhverjum dýrlegum veigum þar, þá var það nú ekki.

Ég legg áherzlu á það, að í landhelgismálinu ber okkur að halda einhug og samstöðu. En þessi einhugur og samstaða verður að vera undirbyggð á skoðunum, sem hafa verið ræddar og komizt að réttri niðurstöðu um. Ég er reiðubúinn til þess að lúta þeim niðurstöðum, sem kynnu að ganga gegn mér, en ég tel mínar skoðanir í þessu máli eiga jafnan rétt á sér og aðrar skoðanir.

Það er skoðun mín, að við höfum verið beittir þvingunum og nauðung, bæði í fyrra þorskastríði og í þessari deilu við Breta, og það eigum við allt saman að leiða fram fyrir dómstólnum í Haag í skýru, rökstuddu formi. Við eigum ekki neinn rétt á því að láta það undir höfuð leggjast. Þá værum við að svíkja íslenzkan málstað að mínu áliti.

Hinn þátturinn í skýrslunni, sem sérstaklega hefur verið gerður að umtalsefni, er varnarmálin, og þar hafa menn harmað, að lítið sé í skýrslunni um þau mál. Það er af þeim eðlilegu ástæðum, að við höfum, eftir því sem ég bezt veit, verið sammála um það hingað til að láta landhelgismálið hafa algeran forgang og reyna að freista að koma því í höfn helzt, áður en við færum að taka upp annað stórkostlega viðkvæmt og vandasamt utanríkismál og berjast þannig á tveimur vígstöðvum. Menn hafa verið nokkuð sammála um, að það væri ekki skynsamlegt að tvískipta kröftunum um þessi tvö stóru mál. Hvoru tveggja mega teljast örlagamál og þó fyrst og fremst landhelgismálið, enda var það látið sitja í fyrirrúmi.

Hvað erum við svo komnir langt í hinu málinu? Á þetta stig, að það er búið að hafa einar könnunarviðræður vestur í Bandaríkjunum um varnarsáttmálann og ákveðið að hefja innan skamms sjálfar endurskoðunarviðræðurnar. Ég veit ekki, hvort það er skoðun allra hv. þm., sem hér var túlkuð af hv. utanflokkaþm., 3. landsk. áðan, að hann teldi, að orðið „endurskoðun" þýddi burtför hersins úr landinu. Það væri gaman að vita, hvort þessi skýring á orðinu „endurskoðun" fyndist í íslenzkum orðabókum. Prófessorinn veit kannske um það. Ég held, að þetta sé nokkuð lausleg þýðing, varla vísindalega undirbyggð.

Nei, ríkisstj. hefur skuldbundið sig til þess, samkv. stjórnarsáttmálanum að gera tvennt í varnarmálunum, ef á þarf að halda: að endurskoða varnarsamninginn eða segja honum upp og láta herinn hverfa burt úr landinu á kjörtímabilinu. Og við erum í þann veginn að hefja fyrri þáttinn. Framhaldið fer allt eftir því, hvernig fyrri þættinum lýkur. En um það getur enginn fullyrt, fyrr en endurskoðunarumr. hafa farið fram og niðurstaða af þeim liggur fyrir Alþ. Þá getur komið til þess að taka ákvörðun um síðari þáttinn. Það stendur þarna: „Endurskoðun eða uppsögn samningsins með það fyrir augum, að herinn hverfi burt af landinu á kjörtímabilinu". (**BGuðn:** Og framhaldið, hvernig er það?) Framhaldið er, að að því skuli stefnt, að herinn hverfi burt úr landinu. Endurskoðun eða uppsögn samningsins og brottför hersins burt úr landinu, það skal stefnt að því. Og á öðrum stöðum í stjórnarsáttmálanum þótti heldur lauslega og linlega að orði kveðið, þegar var verið að lofa því, að stefnt skyldi að einhverju máli. En höfundurinn að þessu orðalagi er m. a. hv. utanflokkaþm. núv., 3. landsk., Bjarni Guðnason. Hann var í stjórnmálanefndinni, sem samdi þetta. (**BGuðn:** Má mér þá ekki vera kunnugt um, hvað er á eftir?) Jú, þér átti að vera kunnugt um það, hvað orðið „endurskoðun" þýddi. Nei, hv. utanflokkaþm., 3. landsk., Bjarni Guðnason, lýsti yfir eindregnum stuðningi sínum við hæstv. utanrrh., og gleður það mig. Ég álít, að hann eigi það einmitt skilið að njóta trausts manna fyrir frammistöðu sína sem utanrrh., og ég treysti honum fyllilega til þess að halda á varfærinn, öruggan og skynsamlegan hátt á endurskoðunarumr., sem nú fara í hönd. Að þeim loknum kemur málið vafalaust til kasta Alþ., og það er skylda okkar allra að lúta meiri hl. Alþ. í þessu máli sem öllum öðrum, ef við viljum þingræðis- og lýðræðisþjóð heita.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í málefnasamningi ríkisstj. er komizt svo að orði: „Á hverju Alþ. skal gefin skýrsla um utanríkismál og fari þar fram almennar umr. um þau". Samkvæmt þessu voru fluttar 2 skýrslur um utanríkismál í fyrra. Réttara sagt var fyrri skýrslan flutt hér í hittiðfyrrahaust af hæstv. utanrrh., og um hana urðu allítarlegar umræður um utanríkismál, eins og vera bar. Seinni skýrslan kom ekki fyrr en í lok síðasta þings, og hún var hvorki flutt né urðu um hana umr. Nú á þessu þingi er útbýtt skýrslu um utanríkismál, þegar styttri tími en vika er eftir af þingi, eða síðdegis s. l. föstudag, og umr. fara fram um hana nú. Ég skildi þetta ákvæði í málefnasamningi ríkisstj. sem fyrirheit um það, að utanríkismál skyldu jafnvel hljóta veglegri sess í umr. alþm. en verið hafði. Þó var það svo, að skýrslugjöf um utanríkismál var tekin upp af hálfu fyrrv. ríkisstj., viðreisnarstjórnarinnar, og þótt ég hafi ekki setið mörg samfelld þing á tímum viðreisnarstjórnarinnar, hygg ég, að umr. hafi þá farið fram um slíkar skýrslur. En þó að hér átt hafi að gera bót og betrun á vinnubrögðum Alþ., er ljóst af reynslu þessara tveggja þinga, að þessi tilraun núv. hæstv. ríkisstj. hefur algerlega mistekizt. Hér í dag hafa umr. gengið þannig til, að fundum hefur verið frestað hvað eftir annað og því er ljóst, að þessum mikilvægu málum er ekki sýndur nægilega mikill sómi. Ég vil þess vegna í upphafi máls míns beina þeirri eindregnu áskorun til hæstv. ríkisstj. og hæstv. utanrrh., að önnur vinnubrögð verði tekin upp, þ. e. a. s. ef þeim endist líf og heilsa í stjórnarstólunum til þess að bæta ráð sitt.

Það er svo, að undir þessum kringumstæðum verður ekki ítarlega um málið rætt. En ég vil þó að lokinni þessari gagnrýni þakka hæstv. utanrrh. fyrir að láta þó ekki falla niður að gefa slíka skýrslu um utanríkismál. Ég tel, að hún sé mikilvæg út af fyrir sig og þakkarverð. Það er að vísu svo, að flest í þessari skýrslu er almenns eðlis og margt af því er kunnugt úr fréttum blaða og útvarps, og er því þar ekki um nýjung að ræða. Þó er nokkuð á því að græða að fá yfirlit yfir störf nýlokins undirbúningsfundar fyrir hafréttarráðstefnuna, sem sýnir, að við stöndum vel að vígi í fiskveiðilögsögumálum okkar, að því er þróun þeirra snertir á þeim fundum.

Ég verð að segja það eins og er, að ég finn fátt í þessari skýrslu um utanríkismál, sem tilheyrir stefnumótun í utanríkismálum, og því síður margt, sem ber vitni um sjálfstæðari og einbeittari stefnu í utanríkismálum en tíðkaðist á tímum viðreisnarstjórnarinnar. Það gæti kannske verið, að hér sé átt við stefnumótunina að því er snertir viðskiptasamningana við EBE. Í þessari skýrslu er mjög eindregið tekið undir nytsemi þeirra samninga. Við vitum þó, að það var nokkur ágreiningur um fullgildingu þessara samninga, að því er snertir viðskiptasamning okkar við EBE. Það átti sér ekki stað fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess, að þessir samningar skyldu fullgiltir. Alþb. sýndist ganga þar nauðugt til leiks og vera þeirrar skoðunar, að fresta bæri a. m. k. fullgildingunni. Þetta var í samræmi við afstöðu Alþb. til inngöngu Íslands í EFTA og þau rök Alþb. þá, að það mundi leiða yfir Ísland og Íslendinga aukin tengsl við EBE. Framsóknarmenn, sem tóku á sínum tíma ekki afstöðu til inngöngu okkar í EFTA, höfðu þó skoðun í þessu máli, og þakka skyldi forustuflokki í ríkisstj. það, að hann fylgdi fullgildingunni, þrátt fyrir það að hæstv. utanrrh. gerði alla vega við umr. um skýrslu um utanríkismál að hausti í hittifyrra mjög lítið úr nytsemi aðildar okkar að EFTA. Mér þykir þess vegna vænt um að sjá það, sem

stendur í þessari skýrslu á bls. 18, með leyfi forseta:

„EFTA hefur enn þá mikla þýðingu fyrir viðskipti þessara landa, en einnig fyrir samskipti landanna við EBE".

Ég tek heils hugar undir þau orð í skýrslunni, að vonandi notar EBE sér ekki fyrirvarann um að láta ekki tollaívilnunina vegna sjávarafurða taka gildi, fyrr en samningar takast í fiskveiðideilunni. Ef svo skyldi fara þá skulum við um leið hafa í huga, hvort ekki sé ástæða til þess að leggja áherzlu á, að bráðabirgðasamningar takist í fiskveiðideilunni, því að hér eru miklir hagsmunir í veði. Af einni ísfiskssölu togara getur lækkun tolla numið 500—600 þús. kr.

Ég held, að meðferð núv. ríkisstj. á verzlunarsamningum okkar við EBE eða aðild okkar að EFTA beri ekki vitni um sjálfstæðari og einbeittari utanríkisstefnu en fyrrv. ríkisstj. hafði. Núv. ríkisstj. hefur þrátt fyrir það að aðstandendur hennar gagnrýndu stefnu fyrrv. stjórnar á þessu sviði, fylgt nákvæmlega sömu stefnu og fyrrv. stjórn, og er það þakkarvert.

Þá vil ég hverfa að því, sem segir í skýrslunni um gang heimsmálanna, og drepa á þá þíðu, sem sýnist vera í skiptum stórveldanna og hernaðarbandalaganna hér í álfu. Það var að vísu svo að skilja á hv. 3. landsk. þm. hér áðan, að þetta væri hinni sjálfstæðu og einbeittu utanríkisstefnu núv. hæstv. stjórnar að þakka. Það mátti jafnvel á honum skilja, að viðleitni Brandts væri runnin af hvötum og frumkvæði núv. ríkisstj. Íslands. Ég held nú, að ef þessi hv. þm. hugsar sig betur um, komist hann að raun um, að hann hafi tekið heldur mikið upp í sig.

Sannleikurinn er sá, að þessi þróun í alþjóðastjórnmálunum á annars vegar rætur sínar að rekja til frumkvæðis stórveldanna, svokallaðra forustuþjóða, Bandaríkjanna og Rússa og Bandaríkjanna og Kína, og hins vegar á þessi þróun rætur sínar að rekja til Atlantshafsbandalagsins og sumpart Varsjárbandalagsins. Menn skulu minnast þess, að það var á fundi Atlantshafsbandalagsins hér í Reykjavík 1968, að gerð var till. og hún samþ. um það, að Atlantshafsbandalagið skyldi fara fram á, að viðræður hæfust um gagnkvæman, samhliða samdrátt herja í Mið-Evrópu. Viðræðurnar eru nú hafnar, og vonandi leiða þær til þess, að um raunverulegan samdrátt herja verði að ræða á þessu landssvæði. Það er því ekki um að ræða neina nýja eða sjálfstæða stefnu í utanríkismálum umfram það, sem áður var, þegar íslenzka ríkisstj. fylgist með og tekur þátt í t.d. öryggismálaráðstefnunni í Helsingfors. En hitt er athyglisvert, að í þessari skýrslu kemur ekki fram, — og það er kannske til of mikils ætlazt, að það komi fram, — hver stefnumótun Íslendinga er á þessum vettvangi, eins og t.d. á fundum um öryggismálaráðstefnuna og hins vegar gagnvart viðr. í Vín um gagnkvæman, samhliða samdrátt herafla í Mið-Evrópu. Við eigum ekki fulltrúa á síðarnefndu fundunum, en hins vegar geta þeir fundir og þær viðræður skipt okkur miklu máli. Ég vil einkum taka undir þau ummæli á bls. 2, þar sem hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni: „Ber því að vona, að tilætlaður árangur verði af þessum viðræðum og ekki verði látið þar við sitja. Hef ég þá einkum í huga hinn sívaxandi vígbúnað stórveldanna á höfunum, ekki hvað sízt við bæjardyrnar hjá okkur á Norður-Atlantshafi, sem að mínu áliti ber nauðsyn til að stemma stigu við".

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að viðræðurnar í Vín um samdrátt herja í Mið-Evrópu hafa leitt til þess, að ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa óttazt, að samdráttur á þeim slóðum yrði til þess, að um meiri vígbúnað yrði að ræða á fyrstu mörkum varnarlína Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins hins vegar, þ.e.a.s. að aukinn vígbúnaður yrði t.d. hér í Norðurhöfum. Það er okkur Íslendingum mikils virði, að þessar viðræður um samdrátt herafla í Mið-Evrópu leiði ekki til þeirrar þróunar, heldur hins, að samdráttur flotastyrks í Norðurhöfum verði í kjölfar samdráttar herafla í Mið-Evrópu. Ég hygg, að það sé alveg tómt mál að tala um verulega breytingu á öryggismálum Íslands, fyrr en það er orðið að veruleika, að slíkur samdráttur eigi sér stað í Norðurhöfum, gagnstætt auknum vígbúnaði annars stórveldisins í Norðurhöfum, eins og upplýsingar liggja fyrir um, að Sovét-Rússland standi fyrir.

Það er og ljóst, að þessar ráðstefnur og þessir fundir taka langan tíma, og það er nauðsynlegt að taka á mikilli þolinmæði, jafnvel fyrir bjartsýnustu menn, þar til einhver árangur kemur í ljós. Það er, hygg ég, tómt mál að tala um verulega breytingu á öryggismálum Íslands og varnarmálum, fyrr en þessi árangur er í raun og veru kominn í framkvæmd. Við skulum öll vona, að þessi árangur verði, en á meðan hann er ekki kominn fram í raun, skulum við fara okkur hægt og alla vega gæta þess, að spilla ekki þeim viðræðum með því að veikja varnarmátt Atlantshafsbandalagsins með einhliða aðgerðum. Við vinnum ekki aðeins okkur sjálfum tjón með slíkum einhliða aðgerðum, heldur og nágrönnum okkar og vinaþjóðum, sem við ætlumst til að standi með okkur, ef við þurfum á að halda. Við skulum þess vegna gæta að, hver hagur nágrannans er, en þó fyrst og fremst okkar sjálfra í þessum efnum.

Það hefur ekki verið mjög mikið rætt um varnarsamninginn og endurskoðun hans eða uppsögn á þessi þingi. Ég býst við því, að það byggist á því, að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa lýst yfir þeim skilningi sínum á málefnasamningi ríkisstj., að ekki væri búið að ákveða, að varnarliðið færi, heldur mundi ákvörðun um það fyrst verða tekin, þegar könnun málsins væri lokið, og það væri Alþingis að taka þá ákvörðun.

Í umr. 30. nóv. s.l. á Alþ. sagði utanrrh. orðrétt, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Ég hef áður lýst því yfir og geri enn, að engin ákvörðun í þessu máli verður tekin án samráðs við Alþ. og að vel athuguðu máli".

Þetta loforð hæstv. utanrrh. og sams konar yfirlýsingar frá forsrh. hafa orðið til þess, að menn hafa ekki tekið mark á gagnstæðum yfirlýsingum ráðh. Alþb. í þessum efnum. Málgagn Alþb. lætur að vísu að því liggja í leiðara 11.

apríl s.l., að rétt sé að segja samningnum upp nú þegar eða fara strax að láta líða uppsagnarfrestinn samkv. 7. gr. hans. En samkv. þeirri yfirlýsingu utanrrh., sem ég las upp hér áðan, vil ég ekki trúa því, að hann gangi á bak þeirra orða sinna, þótt kommúnistar krefjist þess. Ég hef ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi annað í huga en að standa við orð sín, en vil þó geta um, að þótt ekki séu mörg orðin um varnarmálin í skýrslu um utanríkismál, þá er þó þetta sagt þar, með leyfi forseta:

„Það er ásetningur minn, að endanleg ákvörðun ríkisstj. geti byggzt á sem fullkomnustum upplýsingum. En það fer ekkert á milli mála, að það er algerlega á valdi íslenzku ríkisstj., hver sú endanlega ákvörðun verður og hvenær hún verður tekin. Ákvörðun ríkisstj. um endurskoðun varnarsamningsins verður því væntanlega tekin bráðlega".

Ég vil í tilefni þessara orða taka það fram, að ég vil fyrst og fremst skilja þau þannig, að hér sé áréttaður einhliða réttur Íslendinga til þess að krefjast endurskoðunar og segja upp varnarsamningnum. Sá einhliða réttur Íslendinga er ótvíræður. Þannig var frá varnarsamningnum gengið, og að því leyti til er ég algerlega sammála þessum orðum.

Ég fagna því líka, að þar er tekið fram, að endanleg ákvörðun ríkisstj. geti byggzt á sem fullkomnustum upplýsingum. Þær upplýsingar hljóta m.a. að vera sá árangur, sem hefur orðið í þeim könnunarviðræðum, sem hæstv. utanrrh. hefur átt í við Bandaríkjamenn. Það hafa að vísu ekki margar skýrslur verið gefnar út af tilefni þeirra viðræðna. Ég man í fljótu bragði ekki eftir öðrum skýrslum, sem lagðar hafa verið fram í utanrmn., en í fyrsta lagi rúmlega ársgamalli skýrslu um áhrif varnarliðsins og athafna þess í efnahagsmálum landsmanna, sömuleiðis skýrslu, sem gerð var af sænskum sérfræðingi um hernaðarþýðingu Íslands, þá skýrslu hæstv. utanrrh. um viðræðurnar í Washington í lok jan. s.l., og loks var lesin upp í utanrmn. grg. frá aðalframkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Joseph Luns, um hernaðarlegt mikilvægi Íslands og afstöðu Atlantshafsbandalagsins til varnarsamningsins. Með því annars vegar, að þarna var um upplestur að ræða á einni skýrslunni og tekið fram, að þar væri um algert trúnaðarmál að ræða, og hinar skýrslurnar eru merktar algert trúnaðarmál, er ekki efni til þess hér að rekja innihald þeirra. Ég tel þó alveg ljóst mál, að það væri full ástæða til þess, a.m.k. í utanrmn., að ræða þessi mál, áður en sú ákvörðun væri tekin að láta fresti samkv. 7. gr. varnarsamningsins hefjast. Og sömuleiðis tel ég mig ekki brjóta trúnað, þegar ég get þess, — ég held raunar, að hæstv. utanrrh. hafi gert það hér á Alþ., — að hann taldi nauðsynlegt eftir för sína til Bandaríkjanna í lok jan. s.l., að frekari könnun færi fram á ýmsum hliðum þessara mála. Ég tel rétt, með tilvísun til orða í skýrslu um utanríkismál, að þessi frekari könnun sé til staðar, áður en frestir samkv. 7. gr. varnarsamningsins hefjast. Hæstv. utanrrh. hefur látið þess getið, bæði í umr. um þessi mál á þinginu síðasta og á þinginu nú og eftir að hann kom frá Bandaríkjunum, að það hefði ekki verið um það að ræða, að frestir samkv. 7. gr. varnarsamningsins hefðu hafizt eða sú ákvörðun hefði verið tekin af hálfu ríkisstj., sem hefði það í för með sér.

Vissulega liggur það fyrir samkv. orðanna hljóðan í 7. gr. varnarsamningsins, að hvor ríkisstj. getur hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj., farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á framangreindri aðstöðu, þ.e.a.s aðstöðu varnarliðsins að halda, og gert till. til beggja ríkisstj. um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Hér er um 6 mánaða frest að ræða, sem hvor ríkisstj. hefur til þessa, og að loknum þeim fresti getur hún síðan tekið ákvörðun um, hvort hún vilji, hvor um sig, segja varnarsamningnum upp eða ekki. Ég vil leggja áherzlu á það, að ég tel málið ekki á neinum þeim tímamótum nú, að hefja beri uppsagnarfresti samkv. ákvæði 7. gr., heldur sé það eðlilegt, með tilvísun til yfirlýsingar bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., að málið sé kannað í heild sinni, og þ.á m. hefur þegar verið leitað álits Norður-Atlantshafsbandalagsins. Það má gera enn á ný, án þess að slíkir uppsagnarfrestir taki að líða. Ég tel nauðsynlegt, að þetta komi fram, því að mig grunar, að það sé þrýstingur frá ráðh. Alþb., sem e.t.v. ráði því, að hæstv. utanrrh. geti verið leiddur í þá freistni að vera þeim eftirlátur um of.

Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að einn þáttur hinnar sjálfstæðu og einbeittu utanríkismálastefnu núv. hæstv. ríkisstj. var fólginn í því að heimila lengingu flugbrauta á Keflavíkurflugvelli. Það var að vísu gert með svokölluðum mótatkv. ráðh. Alþb. innan ríkisstj., sem sögðu forsendur brostnar fyrir sjálfstæðri, íslenzkri utanríkisstefnu með þeirri ákvörðun. Vitnisburður ráðh. innan þessarar ríkisstj. er því fyrir hendi um það, að þetta fyrirheit í málefnasamningi um sjálfstæða og einbeitta utanríkisstefnu hefur ekki verið efnt.

Ég vil einnig taka það fram, að síðan hafa verið heimilaðar margar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, og það er því tómt mál, þegar formaður Alþb., hv. 4. þm. Norðurl. v., les hér upp yfirlýsingu af hálfu Alþb. um, að ekki skuli heimilaðar frekari framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Nú fara fram frekari framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli á ábyrgð og með þegjandi samþykki ráðh. Alþb. Og ég hygg, að ég geti nokkurn veginn fullvissað hæstv. utanrrh. um, að hann þarf ekki að hlýðnast ráðh. Alþb. af ótta við það, að þeir muni stökkva út úr ríkisstj., þótt hann sé þeim ekki auðsveipur í einu og öllu. Þeim þykir áreiðanlega svo vænt um þau miklu völd, sem þeir hafa í sínum rn., að þeim dettur ekki í hug að láta þetta mál verða til þess, að ríkisstj. haldi ekki áfram starfi sínu. Þeir munu láta sér lynda, eins og reynslan hefur sýnt, að varnarlið sé á Íslandi. Ég tel þá ekkert út af fyrir sig minni menn fyrir það, nema vegna þess að þeir þykjast hafa áhuga á, að varnarliðið fari, og eru þess vegna ekki sjálfum sér samkvæmir í orðum sínum og gerðum.

Ég skal ekki, herra forseti, gerast miklu fjölorðari um þessa skýrslu um utanríkismál. Að gefnu tilefni þeirra umr., sem hér hafa orðið um landhelgismálið, skal ég þó bæta við þeirri yfirlýsingu, sem hv. 1. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, gaf hér fyrr í umr. En mér finnst þó eftirtektarvert, að þeir, sem helzt og mest leggja áherzlu á þjóðarsamstöðu og sameiningu í landhelgismálinu, eins og hv. 3. landsk. þm. þóttist gera, hvetja á hinn bóginn mest til þess, að látið sé skerast í odda í þessu máli og till. bornar fram, sem fyrir fram er vitað, að ágreiningur er um. Ég vil segja það alveg hreinskilnislega, að ég er sömu skoðunar og hæstv. félmrh., að okkur ber að sækja og verja mál okkar í Haag, að vísu með ekki alveg nákvæmlega sömu forsendum, en þó sumum þeim sömu. En ég tel, að það sé ekki rétt að skipta okkur í flokka í því máli. Ef til vill reynist það óþarfi og áður en til þessa komi verði gert bráðabirgðasamkomulag við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem gerir það að verkum, að málarekstri fyrir Haag-dómstólnum verði frestað eða hann fellur niður. Og meðan það er ekki ljóst, er óþarfi að deila um þetta út í yztu æsar eða láta til skarar skríða í þeim efnum. Vissulega er þjóðareining og samstaða í landhelgismálinu mjög mikilvæg, en við alþm. verðum þó að fara eftir okkar beztu sannfæringu. Ef við teljum, að þjóðarhag sé betur borgið með öðrum hætti en þeim, sem jafnvel meiri hl. óskar eftir, verðum við að segja skýrt og skorinort frá þeirri sannfæringu okkar. Og menn eiga að vera það þroskaðir og virða lýðræðisreglur svo mikils að óska fremur eftir því, að slík skoðanaskipti eigi sér stað, en leggja áherzlu á, að þau skuli kæfð.

Ég vil í lok þessa máls míns ítreka fsp. mína til hæstv. utanrrh., hvað átt sé við með þeirri tilvitnun, er ég las upp úr skýrslunni um utanríkismál á bls. 20 og 21. En ég ítreka það, herra forseti, að svo mikilvægu máli sem skýrslu þessari um utanríkismál er sýnd lítil virðing í dagskrá Alþ. Ég tel hér vera um málamyndaefndir á málefnasamningi ríkisstj. að ræða, þar sem lofað er að gefa skýrslu um utanríkismál, svo að umr. geti farið fram á Alþ. um hana. Þessar umr. eru í raun og veru til málamynda. Hér gefst ekki tími eða tækifæri til þess að gera þessum mikilvægu málum eins góð skil og þeim ber.

Forseti. (EystJ): Ég vil aðeins út af því, sem hv. þm. sagði um tilhögun fundar, minna á það, að þetta mál er eitt mála á dagskrá Sþ. í dag og því einu hefur verið helgaður fundurinn í dag. Hlé hafa ekki verið hér aukalega utan eitt í stundarfjórðung. Ef hv. þm. telur sig ekki hafa haft aðstöðu til þess að segja það, sem hann þarf að segja, eða aðrir hv. þm., mun þessum umr. að sjálfsögðu verða haldið áfram á morgun.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér langa ræðu, mun heldur ekki gera það. Ég vil þakka þeim, sem til máls hafa tekið, fyrir vinsamlegar undirtektir undir þá skýrslu, sem ég hef leyft mér að flytja hv. Alþ., og málefnalegar umr. um efni hennar.

Það hefur verið fundið að því, að skýrslan sé seint á ferðinni. Það má til sanns vegar færa, að hún sé seint fram komin. Ég hafði upphaflega ásett mér, að skýrslan kæmi strax að loknum utanrrh.-fundi Norðurlandanna, svo að ég gæti haft í henni það, sem þar gerðist. Síðan eru að vísu liðnir nokkrir dagar og verður það að skrifast á minn reikning, að ég var ekki fljótari með skýrsluna en svo. En ég hygg, að þessi skýrsla, framkoma hennar og umr. um hana þoli samanburð við það, sem áður tíðkaðist um skýrslur um utanríkismál, það þykist ég muna frá minni fyrri þingmennskutíð. Það er ekkert langt síðan Alþ. fékk yfir höfuð engar skýrslur. Emil Jónsson, fyrrv. utanrrh. tók upp þennan sið, það er rétt, en umr. um þær skýrslur urðu ekki alltaf miklar, það get ég upplýst hv. þm. Geir Hallgrímsson um, af því að hann átti ekki þá sæti hér á þingi. En það er auðvitað ekki nein sérstök afsökun fyrir því, að skýrslan er seint fram komin. Ég skal kannast við það, að hún er seint fram komin. Hitt vildi ég vona, að menn gætu fengið tóm til að ræða hana á þessum fundi eða framhaldsfundi, ef þurfa þykir, eins og hæstv. forseti hefur gefið fyrirheit um. Og svo tímalausir erum við ekki, sem betur fer, að við getum ekki helgað þessum málum nokkurn veginn þann tíma, sem þau teljast þurfa.

Það er, eins og ég sagði í upphafi þessara orða, ekki margt, sem ég ætla að gera að umtalsefni úr þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar. Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. gerði að umtalsefni það mat, sem í skýrslunni felst á því, hvað líklegt sé að verða muni á fyrirhugaðri hafréttarráðstefnu. Ég hef ekkert um það að segja nema það, að þetta mat er ekki eingöngu mitt mat. Ég byggi þetta á viðtölum og samráði við þá menn, sem hafa sótt undirbúningsfundi hafréttarráðstefnunnar fyrir Íslands hönd, og þá fyrst og fremst á umsögn Hans Andersens, sem hefur verið formaður okkar n. á undirbúningsfundum. Ég hygg, að þetta mat láti nærri, það er a. m. k. mín skoðun, miðað við það, sem ég hef getað séð annars staðar frá, en auðvitað getur enginn sagt um það nú með nokkurri vissu, hvað verði á hafréttarráðstefnunni.

Hv. þm. talaði um efnahagslögsögu sem nýyrði og væri honum ekki algerlega ljóst, hvað við væri átt. Ég hef fengið svofellda skýringu á orðinu efnahagslögsaga. Það er lögsaga ríkja, sem nær yfir öll efnahagsleg verðmæti hafsins og hafsbotnsins, þar með fiskveiðar. Þetta hugtak hafa Suður-Ameríkuríkin alllengi notað um kröfur sínar til 200 mílna landhelgi, og ég hygg, að sendinefnd okkar í New York hafi af ásettu ráði notað þetta hugtak til þess að reyna að fá sem flesta til fylgis við þá till., sem við bárum þarna fram. Ég varð ekki var við neinn gagnrýnistón hjá hv. 1. þm. Reykv. yfir því, að þetta orð væri notað, og ég er ekki að segja þetta til andsvara, heldur einungis til upplýsinga, af því að mér fannst koma fram, að hann

væri litt kunnugur þessu orði, og má vera, að svo sé um fleiri.

Það hefur ekki farið á milli mála í málflutningi okkar á alþjóðavettvangi, að takmarkið er landgrunnið allt. Við höfum þráfaldlega tekið það fram, að allur okkar málflutningur sé byggður á landgrunnslögunum frá 1948 og að 50 mílur séu ekki keppikefli í sjálfu sér, heldur áfangi á þeirri leið að ná öllu landgrunninu. Menn hafa haft misjafnar skoðanir á því, hversu langt ætti að ganga núna. Ég fer ekki út í það en undirstrika, að 50 mílna markið er áfangi eftir okkar hugsun, en ekki takmark í sjálfu sér.

Ég get mjög tekið undir það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að okkur í ríkisstj. beri að halda góðu samráði og samvinnu við landhelgisnefnd. Það hefur verið nokkuð reynt, má e. t. v. gera meira að því, og ég fyrir mitt leyti mun beita mér fyrir því, að enn ríkara og nánara samstarf sé haft við landhelgisnefnd en verið hefur.

Ég get ekki að öllu leyti varizt því að vera sammála hv. 3. landsk. þm. um það, að e. t. v. sé landhelgisnefnd við hlið utanrmn. óþarfi. Það vill nú svo til, að það eru næstum því sömu mennirnir í báðum n., og ég hef fyrir mitt leyti kappkostað að hafa gott samstarf við utanrmn. Ég skal viðurkenna, að það geti átt sér stað, að í sumum tilvikum hafi láðst að kalla saman landhelgisnefnd, þar eð málin höfðu verið rædd í utanrmn., og þá öfugt. En úr þessu ætti að vera auðvelt að bæta, og ég skal reyna eftir minni litlu getu að stuðla að því, að svo verði gert.

Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir þau ummæli, sem hann lét falla um það, að hann vilji styðja ríkisstj. í þeirri viðleitni, sem hún heldur uppi í sambandi við öryggismálaráðstefnu Evrópu í Helsingfors og umr. um gagnkvæma takmörkun á herafla, sem fram fara í Vínarborg. Ég hygg, að við getum allir hv. þm. verið sammála um, að þetta séu merkar tilraunir, sem þarna er verið að gera. Ég býst við því, að við getum allir sameinazt í voninni um, að þær megi bera árangur, því að a. m. k. fyrir okkur Íslendinga eru það mjög merk mál, sem þar eru rædd, og mundu breyta aðstæðum okkar verulega, ef fram næðu að ganga.

Hv. 7. þm. Reykv. ræddi um varnarmálin og kvaðst vona, að ástandið yrði þannig, að samningar gætu komið í stað hernaðarbandalaga. Undir þetta vil ég mjög eindregið taka. Hann gerði að umtalsefni þáltill. Alþfl.-manna, sem flutt var hér fyrr í vetur um nokkra þátttöku Íslendinga í vörnum landsins eða varnarkerfinu. Ég lýsti hinn 30. nóv. s. l. afstöðu minni til þeirrar till. Hún er óbreytt. Ég tel, að sú till. hafi verið merk og það sé sjálfsagt og raunar leiði af sjálfu sér, að einmitt þessi tilhögun, sem Alþfl. hefur gert að sinni till., verði eitt af því, sem a. m. k. kemur til greina, þegar endurskoðun varnarsamningsins fer fram. Það er vissulega alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það blandast engum hugur um, að endurskoðun sé tímabær á 20 ára gömlum samningi.

Ég ætla aðeins að víkja að ummælum hv. 3. landsk. um stöðu utanrmn. Ég tel, að það sé margt til í því, sem hann sagði um utanrmn., og hún mætti gjarnan gegna enn þá þýðingarmeira hlutverki og hafa meiri verkefni að vinna en hún hefur. Nú hefur verið afráðið, að utanrmn. starfi milli þinga og haldi reglulega fundi, þó að Alþ. sé ekki saman kvatt. Ég tel það góða tilhögun og fagna því fyrir mitt leyti að eiga kost á því að bera saman bækurnar við utanrmn. utan þinghalds, því að það er mikill styrkur fyrir utanrrh. hverju sinni, a. m. k. hefur mér reynzt það að geta ráðfært sig við þá reyndu menn, sem skipa utanrmn. Alþ. Það samstarf hefur verið gott, og ég vildi ekki af því missa.

Hv. 3. landsk. talaði um, að það gæti verið örðugt fyrir ríkisstj. og þá utanrrh. að starfa með mönnum, sem hefðu áður haft ólíkar skoðanir á utanríkismálum og hefðu kannske enn. Þetta er sums staðar tekið svo alvarlega, að það er skipt um alla sendiherra, þegar ný stjórn kemur. Hvorki við né nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum a. m. k. höfum haft þennan sið, og ég skal láta það liggja á milli hluta, hvort við gætum tekið þennan sið upp, jafnvel þótt æskilegur teldist og við vildum. En hitt vil ég segja að þessu gefna tilefni, að ég hef ekki þurft undan samstarfi við starfsmenn utanrrn. að kvarta. Þó að tekin hafi verið upp að ýmsu leyti ný stefna, virðist mér, og ég held, að ég geti sagt það með fullkomnum sanni, að þeir hafa reynzt trúir hverju því máli, sem þeim hefur verið fengið til úrlausnar. Ég vil gjarnan láta þetta koma fram, til þess að ég hafi ekki með þögninni a. m. k. samþykkt það, að þessir menn hafi ekki staðið í stöðum sínum, því að það hafa þeir að mínu viti gert.

Um það, hvort senda skuli mann til Haag eða ekki, ætla ég ekki að ræða hér. Ég hef lýst þeirri skoðun, sem ég hef á því máli, í skýrslunni, og hef oft gert það endranær. Ég endurtók það síðast í þeirri skýrslu, sem ég var að lesa upp hér í dag, og hef ekki um það fleiri orð. En ég get staðfest það, sem ég hef áður sagt, að mér finnst eðlilegt, að landhelgisnefnd og utanrmn. fjalli um þetta mál, áður en endanleg ákvörðun er um það tekin. Þetta hef ég sagt áður. Þetta eru engin ný sannindi frekar en svo margt, sem ég verð að segja hér, en ég endurtek það að gefnu tilefni.

Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, að öryggismálaráðstefna Evrópu mundi taka langan tíma og væri ekki eina leiðin til slökunar. Þetta er vissulega rétt, ég er algerlega sammála honum um þetta. Hins vegar er ég ósammála honum um það, að við eigum til þess að flýta fyrir þróuninni að segja okkur úr NATO. Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð. Ég hef verið stuðningsmaður þess, að við Íslendingar værum í NATO, og er það enn að óbreyttum aðstæðum. Hins vegar endurtek ég það, sem ég áðan sagði, að ég vona, að sá dagur sé ekki langt undan, að samningar milli ríkja leysi hernaðarbandalögin af hólmi, svo að ég vitni enn á ný í ummæli hv. 7. þm. Reykv. Ég ætla ekki heldur að deila um það, hvorki við einn né annan, hvort mér hafi tekizt að halda þannig á utanríkismálastefnu Íslands, að hún sé að einhverju leyti frábrugðin því, sem áður hefur verið. Um það verða verkin að bera vitni, og ég tel mig ekki réttan mann, hvorki til þess að hælast um né

játa, að mér hafi ekki tekizt þetta. Um það verða aðrir að dæma. Og ég vísa fyrst og fremst til afstöðunnar á erlendum vettvangi, til þess að menn geti borið þetta saman og hlíti þeim dómi, sem úr því máli kann að koma.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi nokkuð um varnarmálin og endurskoðun varnarsamningsins og það, hvort meiningin væri að láta 7. gr. varnarsamningsins frá 1951 koma til framkvæmda. Í þessari 7. gr. eru, að því er mig minnir, tvö atriði, eins og hann benti á. Það er annars vegar, að hvor ríkisstj. geti hvenær sem er að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstj. farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri till. til beggja ríkisstj. um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Þetta er það, sem ég hef kallað endurskoðun, og ég vona, að það orð verði ekki dregið í efa, að eigi við í þessu tilviki. Þetta er endurskoðun. Um endurskoðun hefur mér virzt, að allir væru sammála. Og þær viðræður, sem fram hafa farið, eru til undirbúnings undir þá endurskoðun. Það verður svo að meta við áframhaldandi meðferð málsins, hvernig halda eigi á málinu.

Hitt atriði 7. gr. er svona: „Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstj. verði ásáttar innan 6 mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstj. sem er eftir það sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar".

Því hef ég lofað og mun standa við, ef til minna kasta kemur, að áður en til þessarar uppsagnar kemur samkv. ákvæðum 7. gr. varnarsamningsins, mun verða haft samráð við Alþ., og það verður ekkert gert í þeim efnum án vilja og vitunar Alþ. Hinu get ég líka lofað að beita mér fyrir, að áður en til raunverulegrar endurskoðunar kemur, verði málið rætt í utanrmn. Það hefur ekki verið ákveðið, hvenær frestir séu byrjaðir að líða, og ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um þetta. Það er sjálfsagt, og ég skal beita mér fyrir því, eftir því sem ég get, að utanrmn. verði látin vita af þessu og hún fái tækifæri til þess að fjalla um það, áður en til þess kemur.

Þetta var það, sem ég vildi segja um ræðu hv. 2. þm. Reykv., og ég vona, að hann geti tekið þessi svör gild. Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek þakkir mínar til þm. fyrir málefnalegar umr. um þessa skýrslu. Ég skal gjarnan afsaka það, að hún er óþarflega seint á ferðinni. En ég vona engu að síður, að með framlagningu hennar og þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag og eiga eftir að fara fram, hafi verið fullnægt loforði stjórnarsáttmálans um, að skýrsla um utanríkismál skuli flutt og rædd.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Mér þykir rétt, að örfá atriði komi hér fram, áður en frá þessum málum verður horfið.

Í fyrsta lagi vil ég benda Geir Hallgrímssyni á, að það sé nauðsynlegt að fá skorið úr um vilja Alþ., hvort eigi að senda mann til Haag eða ekki, vegna þess að Morgunblaðið hefur hvað eftir annað, jafnvel dag eftir dag, hamrað á þessu atriði. Það er dálítið erfitt við að eiga, þegar stærsta, voldugasta og útbreiddasta blað landsins hamrar á þeim klofningi, sem á að vera í ríkisstj. og meðal þm., að þetta mál skuli þá ekki vera tekið föstum tökum. Það er þetta, sem er vandinn. Og ég hefði ekki krafizt úrslita í þessu máli, ef ekki einmitt Morgunblaðið, öðrum blöðum fremur, knýr til þess, að þessum málum sé sinnt. Ég vil benda þm. á þetta.

Hæstv. félmrh., þessi með þingflokkinn, sem fer stöðugt minnkandi, lét þau orð falla, að það væri skylda og réttur Íslendinga að mæta fyrir Haag-dómstólnum. Þetta var niðurstaðan. Skylda og réttur Íslendinga að mæta fyrir Haag-dómstólnum. Við skulum athuga þetta lítillega nánar. 15. febr. fyrir ári gerði Alþ. samþykkt um það að segja upp samningnum frá 1961, og þar með var mörkuð sú stefna, að útfærsla fiskveiðilögsögunnar væri eingöngu mál Íslendinga. Það var mörkuð sú stefna frá upphafi, að Íslendingar töldu sig ekki bundna af lögsögu Haag-dómstólsins. Þetta var sú stefna, sem var mótuð með samþykktinni frá 15. febr. 1972, og ríkisstj. hefur alveg réttilega tekið afleiðingunum af því með því að reka þetta mál sem mál Íslendinga einna. Hæstv. félmrh. hefur m. ö. o. sagt, að það sé skylda Íslendinga að mæta fyrir Haag-dómstólnum. Hvernig getur það komið heim? Er þetta ekki mál Íslendinga? Er það skylda þeirra að mæta fyrir dómstólnum í Haag? Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Eigum við Íslendingar þá að sæta þeim dómi, sem kveðinn verður upp í Haag, eða er það ætlun hæstv. félmrh., að við sendum þangað mann til þess að verja okkar málstað og hirðum svo ekkert um, hver niðurstaða dómsins verður? Er það hið nútímalega réttarfar, sem hér er átt við?

Við höfum boðað það erlendum mönnum, að þetta væri okkar lífshagsmunamál, þetta væri undirstaðan að tilveru þjóðarinnar. Þess vegna höfum við talið, að þetta væri mál okkar einna, álitið, að erlendir menn ættu ekki að hafa lögsögu í þessu máli. Er það þá rangt, sem við höfum boðað, að þetta sé lífshagsmunamál þjóðarinnar? Er það rangt, sem við höfum boðað, að þetta væri mál Íslendinga einna? Vill ekki hæstv. félmrh. svara því? Við höfum þá e. t. v. logið að erlendum mönnum, að hér væri um að ræða lífshagsmunamál. Við höfum verið með blekkingar. Þetta er m. ö. o. ekki mál Íslendinga einna, heldur er það líka mál erlendra manna. Og ég vil halda áfram. Ég held satt að segja, að sjálfur félmrh. hafi í sínum málflutningi ætíð boðað, að þetta væri mál Íslendinga einna. Þegar hann klauf Vestfirði og vann kosningasigur, boðaði hann, að þetta væri mál Íslendinga einna, og ég hugsa, að það hafi stuðlað að góðum sigri. Þess vegna kemur það mér mjög á óvart, að það skuli allt í einu koma yfirlýsing frá þessum eindregna baráttumanni um fiskveiðilögsöguna, að nú allt í einu skulum við breyta um stefnu og senda mann til Haag. Og ég vil líka vekja athygli á einu, að menn geta kannske verið ólíkrar skoðunar um það, hvort eigi að mæta fyrir Haag-dómstólnum eða ekki,

Hins vegar mun sú aðferð, sem hæstv. félmrh. beitti, þegar hann lýsti yfir, vera fádæmi í íslenzkri stjórnmálasögu. Það mun vera einstakt, að einn ráðh. skuli leyfa sér í samkvæmi að lýsa yfir allt annarri afstöðu í lífshagsmunamáli þjóðarinnar án samþykktar og vitundar ríkisstj. Bara sjálf aðferðin er svo merkileg, að hún er ekki finnanleg í stjórnmálabaráttu síðustu áratuga, þannig að það væri dálítið furðulegt, ef einmitt þessi aðferð hæstv. ráðh. kæmi ekki til ofurlítillar umr. á þessu þingi.

Það, sem um er að ræða, er ósköp einfaldlega þetta, sem margsinnis hefur komið fram hér hjá þm. Það er það, að einhugur sé í þessu máli, og fari svo, að það sé meiri hl. fyrir einhverri nýrri stefnu í landhelgismálinu, þá er það skylda allra að reyna að fylgja henni. Hér skiptir mestu máli einhugurinn. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir, að menn hefðu frjálsræði til að hafa sínar skoðanir. Um það er ekki að ræða. Það er bara sá háttur, að einn ráðh. úr ríkisstj. gefur út yfirlýsingar, sem stangast á við viðtekna stefnu hennar. Slíkt er náttúrlega ekki fararheill í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar.

Í þessu máli er aðeins ein lausn, og hún er sú, að hæstv. félmrh. segi af sér.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Til þess að framfylgja þeirri orðafroðu, sem fram gekk af vitum hv. 3. landsk. þm. rétt núna, ætti hann að bera fram till. um vantraust a. m. k. á þennan ráðh., sem hann segir, að eigi að segja af sér, af því að hann hafi skoðanir. Og það færi bezt á því, að hann rökstyddi það með því, að hann hefði lýst því, að hann hefði skoðun í landhelgismálinu. **(Gripið fram í:** En enginn annar.) Ég lýsti *því alls ekki yfir í* nafni ríkisstj., heldur sagði: Það er mín skoðun. Að þeirri skoðun er ég jafnfrjáls og aðrir að öndverðri skoðun og get vel lagt minn ráðherrastól að veði, ef Alþ. dæmir svo í því máli. **(BGuðn:** Gerðu það.) Ég er reiðubúinn til að gera það, ef maðurinn vill fylgja sinni skoðun fram, sínu orðafleipri. Það mál hefur ekki blasað við, fyrr en úrskurðurinn var kominn um lögsögu dómstólsins í Haag, að um það mál þýddi ekki að ræða eftir það. Það var orðin saga. Það var ekkert annað en að berja hausnum við steininn að halda áfram að stagast á því, að við viðurkenndum ekki lögsögu dómstólsins. Nei, þá blasti við að taka ákvörðun um það, hvort við ætluðum að verja okkar málstað, þegar kæmi að efnismálflutningi fyrir Haag-dómstólnum. Ég taldi rétt að láta skoðun mína í ljós um það strax þegar þetta nýja viðhorf blasti við. Það er ekkert vit í því að taka afstöðu til mála og segja, að þeirri afstöðu skuli aldrei haggað, hvernig sem viðhorf breytast. Hvaða vit hefði verið í því, ef menn hefðu tekið afstöðu til aðgerða gagnvart eldgosinu í Heimaey á fyrsta degi og sagt: Þessi skoðun skal standa, hún hefur verið tekin og þar verður engu breytt, þó að aðstæður breytist? Vitanlega er ekkert vit í því. Það er að haga sér eins og tréhestur, og ég játa það, að hv. þm. er vel líklegur til þess að haga sér eins og tréhestur í **þessu máli.**

Nei, við höfum til þess nokkuð marga mánuði að ræða þetta viðhorf, sem þjóðin skiptist nokkuð í tvær fylkingar um, hvort við eigum að senda málflutningsmenn til Haag eða ekki, og að því eru allir Íslendingar frjálsir.

Hv. þm. spurði, hvort ég væri horfinn frá því, að landhelgismálið væri **lífshagsmunamál** Íslendinga. Nei, svo sannarlega ekki, og þeir menn, sem eru þeirrar skoðunar eins og ég, að við eigum að senda málflutningsmenn til Haag, hafa áreiðanlega ekki horfið frá því, að landhelgismálið sé okkar lífshagsmunamál. En einmitt af því, að það hefur slíka þýðingu fyrir íslenzku þjóðina, er enn þá ríkari ástæða til þess að láta ekki undir höfuð leggjast að flytja öll okkar rök fram í málinu, af því að það er þýðingarmikið mál. Ef það væri hégómamál, gæti ég vel látið vera að telja okkar rök fram með öllum mögulegum tiltækum ráðum. En við megum einskis láta ófreistað til þess að verja mál, sem varðar okkar lífshagsmuni. Það liggur í augum uppi.

Hv. þm. fullyrti, að ég hefði með þessari skoðun minni haldið fram skoðun gegn stefnu ríkisstj. Ég fullyrði, að ríkisstj. Íslands hefur ekki markað afstöðu til þess, frá því að úrskurðurinn kom um lögsögu dómsins, hvort ríkisstj. ætli að senda menn til Haag eða ekki. Þess vegna lýsti ég því sem minni eigin skoðun, áður en ríkisstj. hafði tekið ákvörðun, af því að þá voru vitanlega með eðlilegum hætti að hefjast umr. um málið. **(BGuðn:** Lestu skýrslu utanrrh.). Það er áreiðanlega engu lýst yfir fyrir hönd ríkisstj. í því máli um afstöðuna til Haag. Það hefur komið hér fram í umr., að við höfum aðstöðu til þess að taka afstöðu um þetta atriði fram til 15. jan. 1974. Það var upplýst hér áðan, að Bretar hefðu frest til 15. ágúst og við til 15. jan. 1974. Þann tíma eigum við auðvitað að nota og vera búnir heldur fyrr en seinna að komast að niðurstöðu um þetta atriði. Því hefur verið lýst yfir, að þetta mál verði rætt í landhelgisnefnd og utanrmn., og er það því nú á umræðustigi. Það er bara einn maður hér, sem hefur fyrirframskoðanir og ætlar ekki að hugleiða neitt þetta mál eða taka þátt í viðræðum um það. (Gripið fram í.) Nei, fyrirframskoðanir eru ekki heppilegar í neinu máli, sízt af öllu þegar um er að ræða lífshagsmunamál þjóðar. Þá ber sannarlega að ræða málin á réttum tíma og komast að sameiginlegri niðurstöðu, ef nokkur möguleiki er til. Og hingað til höfum við borið gæfu til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvert atriði landhelgismálsins með því að ræða þau í þessum „instönsum“: landhelgismálanefnd og utanrmn. Og ég lýsi **því yfir,** að ég bind mig ekki fastar við mína skoðun í þessu en svo, að ég ætla að lúta meirihlutaákvörðun um þetta hjá réttum aðilum, hvað sem öllu öðru líður, og það sama vænti ég, að aðrir hv. þm. geri. En þeir eiga enga löggildingu á öðru sjónarmiðinu fremur en hinu og ég ekki heldur. **(BGuðn:** Ætlarðu að lúta niðurstöðu Haag-dómstólsins?) Vill ekki hæstv. forseti reyna að hefta þennan mann í að brjóta þingsköpin? **(Forseti:** Það hefur ekki verið venja á Alþ. að gera aths. við það, þó að menn taki eitt-

hvað fram í, ef það er gert innan eðlilegra takmarka.) Þau eru kannske löggild, þessi framígrip um að biðja mig að lesa hin og þessi skjöl og hampa þeim hérna og brigzla um, að ég hafi í þessu máli óheillaskoðanir og þar fram eftir götunum. Ég hefði haldið, að þetta væri ekki með venjulegum þinglegum hætti, af því að maðurinn er búinn að fá að nota sitt málfrelsi og hefur sjálfsagt tækifæri til þess enn samkv. þingsköpum.

Ég þarf ekki fleira um þetta að segja að þessu sinni. Ég tel, að þetta atriði sé á umræðustigi og umr. um það hafi verið hafnar, strax þegar þetta nýja viðhorf lá fyrir (**BGuðn:** Ætlarðu að lúta niðurstöðu dómstólsins í Haag?) Ég hef sagt það, að við eigum að rökstyðja allt okkar mál, segja frá aðdraganda þorskastríðsins fyrr og nú, ógnunum Breta og hótunum. Við eigum að krefjast þess, að dómsúrskurður fari ekki fram fyrr en eftir hafréttarráðstefnuna í Haag. Hitt er kunnugt, að Haag-dómstóllinn hefur ekkert framkvæmdavald. Hann getur kveðið upp sinn úrskurð. Við eigum að hafa gert grein fyrir okkar málstað, og hann kveður svo upp sinn úrskurð. Ef hann gerir það, án þess að við færum okkar rök, mundi margur ásaka okkur fyrir það eftir á og segja: Kannske hefði farið öðruvísi, ef við hefðum rökstutt okkar mál eftir ítrustu getu og föngum. Og ég vil ekki, að við gætum þá ásakað okkur um það. Það er við engan að sakast, ef við höfum gert allt, sem við höfum getað, til að skýra okkar mál og færa fram sannanir fyrir okkar málstað, þó að dómur gangi þá gegn okkur þrátt fyrir það. En hitt vita flestir, að ef dómurinn er kveðinn upp og honum er ekki fullnægt, af hvaða þjóð sem það er, getur Haag-dómstóllinn áfrýjað málinu til Öryggisráðsins. Öryggisráðið hefur síðan heimildir til þess að gera aðgerðir gagnvart því ríki. En hingað til hefur ekki komið til þess, því að þar hefur venjulega farið svo, að einhver þjóð hefur beitt neitunarvaldi og ekki orðið af aðgerðum. En hitt sjá allir, að Íslendingar eru í minni hættu um óhagstæð úrslit fyrir Haag-dómstólnum, ef þeir flytja sitt mál, fremur en ef þeir láta undir höfuð leggjast að gera þar grein fyrir sínum málstað.

Forseti (EystJ): Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan um framígrip, að mér er það mjög nauðugt að reyna að kæfa niður framígrip eða framítökur hv. þm., vegna þess að ég tel, að slíkt geti verið gagnlegt fyrir umræðurnar og gert þær á ýmsan hátt eðlilegri. En ég vil líka treysta á það, að hv. þm. gangi ekki lengra í því en góðu hófi gegnir og það trufli ekki ræðumenn. (**Félmrh:** Forseti á að tryggja ræðumanni frið í ræðustólnum.) Ýmislegt má nú bjóða okkur, sem erum vanir sínu af hverju, en ég vil biðja menn að stilla þessu samt sem áður í hóf.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég vil aðeins ítreka það, þrátt fyrir skýringar forseta og utanrrh., að ég tel, að þessi skýrsla um utanríkismál sé allt of seint fram komin. Það er fátt eða jafnvel ekkert í henni, sem skýrir það, að hún hefði ekki getað verið hér til umr. fyrr. Það liggur í augum uppi, að síðustu daga þingsins berst mikið lesefni á borð þm. og þeir hafa ekki tækifæri eða tíma til að fara í gegnum það lesefni, og er það mjög óhentugur tími til að taka slík mál til umr., að ég tali nú ekki um á fundum, sem setið er á með deildafundum, og enn fremur á þeim dögum, þegar þm. verða að greiða atkv. í margvíslegum málum, jafnvel svo, að þeir eiga fullt í fangi með að fylgjast með. Þetta er einnig gagnrýni almennt á lok þessa þings og ekki eingöngu að því er varðar skýrslu um utanríkismál.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans við fsp. mínum og vil aðeins í tilefni af þeim segja það, að ég vildi bera svo mikla virðingu fyrir því starfi, sem hæstv. ráðh. taldi vera undirbúningsstarf að þeirri endurskoðun, sem fram ætti að fara samkv. 7. gr., að ég teldi það undirbúningsstarf jafngilda endurskoðun í sjálfu sér. Og með því að sú endurskoðun hefði staðið svo lengi sem raun ber vitni og utanrrh. hefur sagt, að engin ákvörðun í þessu máli yrði tekin án samráðs við Alþ. og að vel athuguðu máli, taldi ég eðlilegt, að ákvörðun um endurskoðun samkv. 7. gr. væri svo mikilvæg, að samráð skyldi haft við Alþ. um hana. Ég fagna því út af fyrir sig, að hæstv. utanrrh. hefur heitið að hafa samráð við utanrmn., að því er þetta snertir, og vil mælast til þess við hann, að hann taki til athugunar að hafa og samráð við Alþ.

Ég tel, að sama máli gegni að því er snertir málflutning fyrir Haag-dómstólnum, það sé ekki eingöngu nauðsynlegt að hafa samráð við landhelgisnefnd og utanrmn., heldur beri og að hafa samráð við Alþ. í þeim efnum. Ef í báðum þessum tilvikum þarf að taka ákvörðun, áður en Alþ. kemur saman á réttum degi nú í haust eða venjulegum þingsetningardegi, er hér um svo mikilvæg mál að ræða hvað bæði málin snertir, að það er fullkomin ástæða til þess að kveðja Alþ. saman af því tilefni. Ég minni á, að ég efast um, að viðskiptasamn. Íslands við Efnahagsbandalagið hefði verið fullgiltur á tilsettum tíma, nema vegna þess að Alþ. sat að störfum. Það var Alþ., sem réð þar ferðinni og skar úr um, hvað skyldi gera, þegar um ágreining var að ræða í hæstv. ríkisstj. Ég vil því ítreka mikilvægi þess, að í svo þýðingarmiklum málum sem hér er um að ræða verði atbeina Alþ. leitað, sem er eitt virðingu Alþ. samboðið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að hæstv. félmrh. hefur enn ekki svarað spurningu Bjarna Guðnasonar um það, hvort hann vilji, að við Íslendingar hlítum úrskurði Haag-dómstólsins. Ég vil einnig segja þetta: Ég hlýt sem einn af stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. að líta það mjög alvarlegum augum, þegar einn af ráðh. ríkisstj. gengur beinlínis fram fyrir skjöldu til að túlka sjónarmið stjórnarandstæðinga í landhelgismálinu. Ég tel það mjög athugandi, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Bjarna Guðnasyni, að spurningin um það, hvort við eigum eða eigum ekki að senda mann til Haag, verði borin undir þjóðina, þannig að hún fái tækifæri til að segja álit sitt, og það verði þannig gert, að rofið verði þing og efnt til kosninga.

Neðri deild, 92. fundur.

Mánudaginn 16. apríl, kl. 6 síðdegis.

Eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, frv. (þskj. 738). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Mánudaginn 16. apríl, að loknum 92. fundi.

Norræn tækni- og iðnþróunarsjóður, frv. (þskj. 463). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 668). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 778).

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins, frv. (þskj. 618). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 779).

Eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, frv. (þskj. 738). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 611 (sbr. 355), n. 750 og 753). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., og þar hafa verið gerðar nokkrar breytingar á því. Tvær eru veigamestar: annars vegar, að það er sett í lög, að framlög ríkissjóðs skuli vera 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1973, og hins vegar er ákvæði til bráðabirgða um, að þessi lög svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins skuli taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Iðnn. er í raun og veru sammála um öll efnisatriði frv. nema eitt, en það er 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins skipi 5 menn og jafnmargir til vara, skipaðir af iðnrh. til 2 ára í senn eftir þar tilteknum reglum.

Við erum sammála um það, að stofnun þessa sjóðs sé mjög mikið og þarft framfaramál fyrir uppbyggingu iðnaðarins í landinu og til aðstoðar við tiltekin verkefni, sem þessum sjóði eru ætluð. Samkvæmt frv. er tilgangurinn í aðalatriðum þessi: að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu með framlögum eða lánum, að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, enn fremur að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánum eða styrkjum.

Nú er það svo, að ýmsar stofnanir á vegum iðnaðarins eru starfandi í landinu, sem taka til ýmissa af þessum atriðum. Enn fremur eru til a.m.k. tveir sjóðir, sem hugsanlega gætu tekið við stjórn þessa sjóðs. Þess vegna hefur meiri hl. n., hv. þm. Gunnar Thoroddsen, Lárus Jónsson og Bjarni Guðnason ásamt mér, leyft sér að leggja fram á þskj. 753 brtt. um, að stjórn iðnlánasjóðs verði falið að fara með stjórn sjóðsins, sem skal vera sérstök deild í iðnlánasjóði. Það er auðvitað hægt að hugsa sér, að hvor sem er af þessum tveimur sjóðum sem ég nefndi, iðnþróunarsjóði og iðnlánasjóði, gæti tekið þetta verkefni að sér. En þar sem yfirstjórn iðnþróunarsjóðs er í höndum útlendinga, gæti verið, að það þyrfti nánari athugunar við, með hvaða hætti slíkt gæti orðið, ef valinn yrði iðnþróunarsjóður. Við tókum því þann kost að velja iðnlánasjóð.

Hv. iðnn. Ed. hafði fengið ýmsir umsagnir um þetta frv., og mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að rekja hér aðeins örfáar.

Það er í fyrsta lagi Seðlabanki Íslands, sem segir í niðurlagi sinnar umsagnar: „Hefur réttilega verið talið æskilegt að vinna að því að fækka fjárfestingarlánasjóðum með sameiningu þeirra sjóða, sem þegar eru starfandi, í stærri og hagkvæmari einingar. Stofnun nýs sjóðs til að vinna að eflingu iðnaðar til viðbótar þeim tveimur, sem fyrir eru, er ekki í samræmi við

þessa stefnu". Undir þetta skrifa tveir af Seðlabankastjórunum, Davíð Ólafsson og Svanbjörn Frímannsson.

Í annan stað segir Landssamband iðnaðarmanna: „Varðandi vörzlu sjóðsins og daglega afgreiðslu telur Landssamband iðnaðarmanna eðlilegt að fela iðnlánasjóði að annast þau mál, enda er að því augljóst hagræði fyrir alla aðila, og ætti það fyrirkomulag að geta orðið til sparnaðar í rekstrarkostnaði beggja sjóðanna".

Í þriðja lagi segir Framkvæmdastofnun ríkisins í sinni umsögn, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki verður sagt, að frv. til laga um iðnrekstrarsjóð bryddi beinlínis upp á nýmælum, því að tilgang sjóðsins er að finna hjá ýmsum sjóðum og stofnunum, t. d. iðnlánasjóði, iðnþróunarsjóði, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, framkvæmdasjóði, Iðnþróunarstofnun Íslands o. fl. En athyglisverð er sú tilraun, sem hér er gerð til að koma upp öflugri stofnun, sem fjalli um framleiðni og útflutningsmál iðnaðarins á breiðum grundvelli. Þó verður að ætla, að annað tveggja hefði mátt ske, að einhverjum starfandi sjóði eða stofnun hefði verið falið hlutverk iðnrekstrarsjóðs eða að hið opinbera sjóða- og stofnlánakerfi, sem fjallar um iðnað, yrði endurskipulagt með tilkomu hans, því að þróttur hins opinbera til aðstoðar við atvinnuvegina vex ekki nauðsynlega í hlutfalli við fjölgun stofnana. Virðist þetta ekki vera í samræmi við þá viðleitni, sem nú er uppi til að samhæfa eða sameina stofnanir iðnaðarins með markmið iðnþróunaráætlunar fyrir augum." Undir þessa umsögn skrifa Guðmundur Vigfússon og Bergur Sigurbjörnsson.

Iðnlánasjóði er stjórnað af þremur mönnum, einum tilnefndum af Félagi íslenzkra iðnrekenda, öðrum af Landssambandi iðnaðarmanna og hinum þriðja af ríkisstj. Okkur, sem stöndum að þessari till. um breytingu á stjórn sjóðsins, sýnist, alveg sér í lagi þar sem ákvæði til bráðabirgða hefur verið fellt inn í frv. í hv. Ed., sem væntanlega þýðir það, að ætlunin sé að endurskoða þetta kerfi allt saman á vonandi fáum mánuðum, að það sé óeðlilegt og óhyggilegt að vera nú að setja upp sérstaka stofnun með öllu tilheyrandi — væntanlega þyrfti eitthvert starfslið — í kannske fáa mánuði. Okkur finnst eðlilegt með það fyrir augum, að þessi endurskoðun fari fram, að iðnlánasjóði sé falið þetta, eins og við leggjum til. Ef mönnum sýndist heppilegra, að það væri iðnþróunarsjóður, hef ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, ef það er framkvæmanlegt. Finnst okkur heppilegra, að þessi skipan sé höfð á. Því er lýst yfir í þessu ákvæði til bráðabirgða, væntanlega með vilja hæstv. iðnrh., að þessi endurskoðun skuli fara fram bráðlega, „hið fyrsta", segir raunar, sem ég a. m. k. átta mig ekki alveg á, hvað þýðir nákvæmlega, hvort það er eins fljótt og hægt er að vinna verkið eða hvort það er það fyrsta, sem hæstv. ráðherra sýnist rétt að gera þessa endurskoðun.

En einmitt með það í huga, að þetta verði gert, finnst okkur það ákaflega merkilegt, að það skuli vera talið nauðsynlegt allt í einu núna að fara að setja yfir þennan sjóð sérstaka stjórn. Ég lít svo á, að þetta frv. geti ekki með neinum hætti verið pólitískt mál. Hér er verið að gera mjög umtalsvert, þakkarvert og að mínu mati stórbrotið atriði til hjálpar iðnaðinum í landinu, og mér finnst, að það hljóti að brjóta í bága við þá stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að halda fram, að reyna að draga saman slíkar stofnanir eða samræma vinnubrögð stofnana. Alveg sérstaklega hef ég orðið var við þetta í iðnaðinum, þar sem erlendir sérfræðingar hafa verið undanfarið ár, má ég segja, að vinna að þessum málefnum, bæði gagnvart þeim atriðum, sem eru nefnd í þessu frv., og gagnvart markaðsmálum iðnaðarins. Þeir hafa skilað um það skýrslum, sem að vísu eru ekki fullnaðarskýrslur, en voru þó að mati hæstv. iðnrh. nægjanlega merkileg plögg til þess að boða iðnbyltinguna. Þetta er auðvitað alveg bráðnauðsynlegur þáttur til eflingar iðnaðarins, og ég er algerlega sammála þessu meginefni frv. En við, sem flytjum brtt., getum ekki með neinu móti séð, að það sé nein brýn nauðsyn á því að setja sérstaka stjórn yfir þennan sjóð á tímabilinu, þar til þessi endurskoðun hefur farið fram í heild.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en eftir beiðni erum við tilbúnir til að taka brtt okkar til baka til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu frsm. meiri hl., eru eiginlega allir sammála um, að það þurfi að fara fram endurskoðun á því lánakerfi, sem iðnaðurinn býr við í dag, og þeim stofnunum, sem vinna sérstaklega að málum hans. Þetta er líka viðurkennt í ákvæði til bráðabirgða í frv., en þar segir: „Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra." Og ég get bætt því við, samkv. upplýsingum, sem form. iðnn. hefur aflað sér, að þess er að vænta, að frv. um þessa sameiningu verði lagt fram á næsta þingi og tekið til meðferðar þar. Eigi að síður, þó að það sé samkomulag um, að slík endurskoðun og endurbót skuli eiga sér stað, voru allir nm. iðnn. Ed. sammála um, að það ætti að stofna þennan sjóð, hann fengist við verkefni, sem eru nauðsynleg, og það væri engin ástæða til að draga stofnun hans, þó að slík endurskoðun stæði fyrir dyrum. Ágreiningurinn var um, hvaða aðili eða aðilar ættu að fara með stjórn sjóðsins, þangað til þessi endurskoðun hefði farið fram.

Það var niðurstaða meiri hl., að það ætti að fela stjórn þessa sjóðs stjórn iðnlánasjóðs, en hún er þannig skipuð, eins og frsm. meiri hl. minntist á, að í henni eru þrír menn. Ráðherra skipar form., Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir einn mann og Félag íslenzkra iðnrekenda tilnefnir einn. Það eru þessi tvö samtök, Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda, sem hafa meiri hl. í stjórn sjóðsins. Nú má segja, að þetta hafi ekki verið óeðlilegt, á meðan megintekna iðnlánasjóðs var aflað á þann hátt, að það var sérstakt gjald, sem meðlimir þessara samtaka greiddu, iðnlánasjóðsgjaldið svonefnda. Og það var ekkert óeðlilegt, á meðan

þeir greiddu meginhlutann í sjóðinn, þó að þeir hefðu líka ráðstöfunarréttinn með höndum.

Nú er þessum sjóði ætlað að sumu leyti allt annað eða a. m. k. þrengra verkefni en iðnlánasjóði. Þessi sjóður á eingöngu að sinna málum útflutningsiðnaðarins, og tekna til hans er aðallega aflað á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með því, að sá gengishagnaður, sem varð hjá útflutningsiðnaðinum í sambandi við síðustu gengisfellingu, skal renna í sjóðinn. Er gert ráð fyrir, að það verði allt að 40 millj. Og svo í öðru lagi, að ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. framlag á þessu ári.

Samkv. þeim reglum, sem hafa gilt um iðnlánasjóð, er ekki óeðlilegt, að þeir, sem fara með stjórn iðnrekstrarsjóðs, séu fyrst og fremst þeir aðilar, sem leggja fé í sjóðinn, þ. e. útflutningsiðnaðurinn. Þess vegna er lagt til í þeirri till., um stjórn sjóðsins, sem er í frv., að í stjórninni skuli vera fulltrúar frá Félagi íslenzkra iðnrekenda og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, en innan þessara tveggja samtaka er svo að segja allur útflutningsiðnaðurinn í dag. Aftur á móti eru mjög fáir aðilar í Landssambandi iðnaðarmanna, sem standa að útflutningsiðnaði. Þess vegna finnst okkur í minni hl. og þeim, sem hafa lagt þetta frv. fram, að það sé miklu eðlilegra, að þessir tveir aðilar, meginaðilar útflutningsiðnaðarins, standi að stjórn sjóðsins og til viðbótar þeim, auk hins stjórnskipaða form., komi fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands. Okkur finnst eðlilegt, vegna þess að iðnaðarmennirnir, sem standa að útflutningsiðnaðinum, eru stór aðili í þessu sambandi, að meginsamtök þeirra fái að tilnefna þarna einn mann. Fimmti maðurinn á svo að vera frá iðnþróunarsjóði, en iðnþróunarsjóður er sú stofnun í dag, sem aflar sér mestrar þekkingar um útflutningsiðnaðinn.

Okkur þykir eðlilegt, á meðan ekki er búið að koma á þeirri framtíðarskipan, sem að er stefnt, og meðan iðnrekstrarsjóður starfar sem sérstakur aðili, eins og allir eru sammála um, sé stjórn hans skipuð með þessum hætti, þannig að það séu meginaðilar útflutningsiðnaðarins, sem tilnefni tvo fulltrúa í stjórn hans, þar til viðbótar komi einn fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá iðnþróunarsjóði og svo sé form. stjórnskipaður, eins og er í stjórn iðnlánasjóðs. Þegar litið er á það, að hér er fyrst og fremst um sjóð að ræða, sem á að styrkja útflutningsiðnaðinn, og þar sem tekna hans er að verulegu leyti aflað frá útflutningsiðnaðinum, er t. d. ekki talið eðlilegt, að samtök eins og Landssamband iðnaðarmanna eigi aðild að sjóðnum, vegna þess að þótt það séu merkileg samtök út af fyrir sig, snertir útflutningsiðnaðurinn mjög lítið þá aðila, sem eru í því sambandi. Þeir eru fyrst og fremst, eins og ég áðan sagði, í samvinnusamtökunum og í Félagi íslenzkra iðnrekenda.

Ég hygg, að þegar menn bera þetta tvennt saman, komist þeir að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé, að sú bráðabirgðastjórn, sem á að vera á sjóðnum, þangað til heildarathugun þessara mála liggur fyrir, sé skipuð með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í frv. og við í minni hl. leggjum til, en ekki sé fækkað í stjórninni og það séu eingöngu þessir tveir aðilar, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, sem hafi þar meiri hl. Ég tel óeðlilegt með tilliti til þess, hvernig sjóðurinn er uppbyggður, og þess hlutverks, sem honum er ætlað, að jafnstór aðili að útflutningsiðnaðinum og Samband íslenzkra samvinnufélaga eigi t. d. ekki fulltrúa þar, og ég tel líka óeðlilegt, þar sem í vaxandi mæli er nú farið að taka tillit til aðildar launastéttanna að slíkum málum, að þarna sé ekki líka fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands. Það er svo að sjálfsögðu til bóta, að þarna sé líka fulltrúi frá iðnlánasjóði, vegna þeirrar miklu þekkingar, sem þar liggur nú fyrir um stöðu útflutningsiðnaðarins og útflutningsfyrirtækja.

Ég vænti þess, að þegar menn athuga þetta mál þannig rækilega frá öllum hliðum, komist þeir að þeirri niðurstöðu, að það sé eðlilegra að skipa bráðabirgðastjórn, sem þessi sjóður kemur til með að hafa, þangað til heildarendurskoðun hefur farið fram, á þann veg, sem lagt er til í frv., en að fela þetta stjórn iðnlánasjóðs, eins og hún er í dag.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, klofnaði hv. iðnn. við afgreiðslu málsins, og örlögin höguðu því þannig, að ég lenti — eigum við að segja hægra megin í n., aldrei þessu vant. Þetta mun vera eina dæmið, að ég hygg, eftir stjórnarskiptin, þar sem stjórnarandstaðan hefur fengið stuðning í n. í ákveðnu nál. um annað en stjórnin hefur viljað, og þykir mér rétt að skýra, hvers vegna ég valdi þessa leiðina.

Fyrst er þess að geta, að um nauðsyn þessa máls er alger samstaða. Hér er hreyft mjög brýnu máli, þ. e. að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings og aukinni framleiðni í íslenzkum iðnaði, og útvega þar með aukið rekstrarfé. Um þetta eru allir sammála. Hins vegar vaknar sú spurning, hvort ástæða sé til að mynda nýjan sjóð, og þar stendur hnífurinn í kúnni. Ég tel, að þetta stangist beinlínis á við málefnasamning ríkisstj. Í málefnasamningnum er sagt eitthvað á þá leið, að það eigi að endurskoða bankakerfið og einfalda og sameina fjárfestingarsjóðina. Í bankaálitinu, sem gefið var út og þm. hafa lesið sér til fróðleiks og skemmtunar síðustu daga, er beinlínis látin uppi sú eindregna skoðun, að fjárfestingarsjóðunum þurfi að fækka, þeir séu núna 17 að tölu, en það megi með auðveldum hætti fækka þeim niður í 9, um tæpan helming. Þetta er beinlínis atriði í málefnasamningi ríkisstj., og ég hef látið þau orð falla, að ég sé ekki reiðubúinn að styðja mál, sem ganga gegn málefnasamningi ríkisstj. Þetta er ástæðan. Þarna er m. ö. o. gert ráð fyrir að stofna nýjan sjóð og setja sjóðnum 5 manna stjórn. Er ekki nóg komið af öllum nefndunum, ráðunum og stjórnunum o. s. frv. og nýjum sjóðum? Á ekki að fara að snúa við? Á ekki að fara eitthvað að spyrna við fæti? Menn segja sem svo: Það er ekki til neinn sjóður, sem nákvæmlega sinnir þessu verkefni. Það er alveg rétt. En ég vil benda á, eins og fram hefur komið hér, að það er til iðnlánasjóður, sem er stofnlánasjóður iðnaðarins. Nú hagar svo til, að það eru frá nútímasjónarmiði ekki lánuð

nein stofnlán til fyrirtækja, nema rekstrargrundvöllur sé kannaður. Það er alrangt að líta á þessa hluti sem tvo þætti: eitt heiti stofnlán og eitt heiti rekstrarlán, og hafa það í tveimur aðskildum sjóðum. Þetta á auðvitað að vera undir einum og sama hatti, því að þetta er nátengt og verður ekki aðskilið, og engin stofnlán eru að sjálfsögðu lánuð til fyrirtækja, sem hafa ekki rekstrargrundvöll, eða a. m. k. ætti tæpast að vera svo. Þá ættu menn að geta fengið á einum og sama stað bæði stofnlán og rekstrarlán. Þetta er m. ö. o. eitt og hið sama og hlýtur þannig að vera, ef menn ætla að hafa einhverja stjórn á hlutunum.

Hins vegar hafa komið vöflur á Ed.-menn út af þessu, og þeir hafa því sett inn ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir, að lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins skuli taka til endurskoðunar hið fyrsta, með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

Þið, herrar mínir, vitið gerla, að í munni stjórnmálamanns, er margt mjög óljósrar merkingar, og það lá ekki fyrir nein yfirlýsing um, hvað þetta hugtak merkti. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé miklu örðugra að sameina sjóðina, eftir að búið er að fjölga þeim. Sú er einmitt reynslan af bankakerfinu. Örðugleikarnir við að sameina banka stafar af því, að þeir eru orðnir svo margir með sérstökum stjórnum, að hagsmunirnir rekast hvarvetna á. Þess vegna tel ég, að úr því að það liggi fyrir yfirlýsing um að sameina þessa sjóði, sé hið skynsamlega og eina rétta að setja ekki upp nýja stjórn, heldur bíða með það og hafa ákvæði um, að þetta sé stérstök deild iðnlánasjóðs.

Þetta er mitt viðhorf. Ég skal ekki fara neitt út í það, að pólitískt hljómar það miklu kröftugar að stofna nýjan sjóð. En það er röng stefna engu að síður. Og ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. og kannske ekki sízt ríkisstj. sjálf eigi að fara sér mjög hægt í því að vera að mynda ný ráð og nýjar stjórnir yfir hina og þessa sjóði og stofnanir, heldur reyna að líta á málin í heild. Af þessari ástæðu, sem ég hef nú greint frá, tel ég skynsamlegt, að þetta verði hluti af iðnlánasjóði. Hv. 4. þm. Reykv. benti á, að stjórn þess sjóðs væri kannske ekki samsett á heppilegastan hátt, og um það skal ég ekki deila. Það örvar þá kannske ríkisstj. til þess að flýta sér með endurskoðunina. M. ö. o.: einföldun er ekki fólgin í því að setja upp nýja sjóði, síður en svo. Þess vegna hef ég að þessu sinni stigið í hægri fótinn.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. Stjórn iðnlánasjóðs er, eins og hann réttilega sagði, samansett af fulltrúum frá Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda, og svo formanni tilnefndum af ríkisstj. Og það er líka rétt, sem hann sagði, að þessu frv., ef að lögum verður, sem ég sannarlega vona, er fyrst og fremst ætlað að styðja að útflutningsiðnaðinum og efla rekstrarfé hans, sem er sannarlega ekki óverðugt verkefni, eins og ég hef margoft sagt hér. Ég held, að þeir menn, sem veljast sem fulltrúar þessara samtaka, þekki allra manna bezt í raun og veru til þarfa iðnaðarins á fjármálahliðinni. Þeir hafa unnið við það að deila niður því takmarkaða fjármagni, sem iðnlánasjóður hefur haft, til iðnaðarfyrirtækjanna, fyrst og fremst til stofnlána. Þá held ég, að það hafi ekki skipt máli, hvort þau hafa verið til framleiðslu fyrir innlendan markað eða til útflutnings.

Iðnþróunarsjóður er svo til einhliða stofnlánasjóður fyrir iðnfyrirtæki til útflutnings. Iðnrekstrarsjóður kemur hins vegar, eins og hann sagði, til með að hafa áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja, sem eru að framleiða vörur til útflutnings. En vitaskuld er ekki síður mikils virði að efla þau iðnfyrirtæki, sem eru gjaldeyrissparandi iðnfyrirtæki. Þau þurfa vitaskuld líka að fá hagræðingu og skipulega aðstoð, eins og þau fyrirtæki, sem eru að fást við útflutning. Nú er það svo, að bæði iðnlánasjóður og iðnþróunarsjóður hafa vissa möguleika til þess að notfæra sér, að mig minnir, 10% af sínu umráðafé til ýmissa slíkra hluta, rannsókna og athugana.

Að því er varðar skipun stjórnar í þessum sjóði, fyndist mér a. m. k. ekki óeðlilegt, að útflutningsmiðstöð iðnaðarins væri aðili að henni, en sú stofnun virðist vera ákaflega mikið olnbogabarn hjá hæstv. ríkisstj. Það hefur ekki fengizt nema sáralítið af því fjármagni, sem bæði stofnunin telur sig þurfa, svo að ég tali ekki um það, sem hinir erlendu sérfræðingar telja, að stofnunin þurfi, a. m. k. ekki enn þá. Það er þess vegna fullkomin ástæða til að athuga nánar, hvort Útflutningsmiðstöð iðnaðarins á ekki erindi inn í stjórn þessa sjóðs í framtíðinni með einhverjum hætti.

Alþýðusamband Íslands er þarna til tekið, en mér finnst alveg eins koma til greina, að samtök iðnverkafólks í landinu væru þarna aðili og raunar fremur en Alþýðusamband Íslands.

Ég vil ekki una því, að mér fannst hálfpartinn liggja í orðum hv. 4. þm. Reykv., að hann treysti ekki stjórn iðnlánasjóðs til þess að fara með yfirstjórn iðnrekstrarsjóðs þann stutta tíma, sem hann segir að verði þangað til öll þessi mál verði endurskoðuð, og koma þau þá væntanlega í heild hér inn á hv. Alþ.

Ég er engan veginn að fordæma sem slíka þá uppsetningu, sem hefur verið gerð með stjórn iðnrekstrarsjóðs, eins og hún er í frv., að þeir aðilar, sem að útflutningnum vinna mest, hafi þar aðild, og einkum er það gott, að þar skuli iðnþróunarsjóðurinn vera með. En hitt er ég að fordæma, að það sé ekki hægt að treyst stjórn iðnlánasjóðs fyrir þessu verkefni, þar til þessi endurskipulagning fer fram. Mér hefur stundum fundizt það vera fullerfitt, og ég held, að það hljóti að vera í þessu tilviki, að fara að setja sjóðinn af stað nú með nýrri stjórn og pomp og pragt, en síðan á þetta allt að leggjast niður eftir 5—6 mánuði og allt að breytast. Það er út frá þessu sjónarmiði, sem ég legg til og finnst raunar, eins og hv. síðasta ræðumanni, Bjarna Guðnasyni, þó að ég sé ekki stuðningsmaður ríkisstj., að það megi ómögulega þverbrjóta Ólafskver í þessu efni eins gersamlega og hún gerir.

Ég vil þess vegna vona, að þetta mál komist út fyrir pólitísku sjónarmiðin, því að þetta er

stórmál fyrir iðnaðinn, um það erum við allir í n. sammála og allir hv. þm. vænti ég. Það er stórmál að fá þennan sjóð, alveg sér í lagi þegar séð verður að hann hefur dálítil fjárráð, og því vildi ég vona, að það væri ekki talið óhyggilegt að fara nú að okkar ráðum í meiri hl. og brúa þetta bil yfir sumarið. Ég átta mig ekki almennilega á því, hvers vegna það má ekki, get ekki komið auga á það. Ef verið er að hugsa um að koma fljótt á stað hagræðingu hjá fyrirtækjunum, þá er það hægt. Að markaðsmálum er verið að vinna, og þetta ár er nokkurn veginn afgreitt í því efni. Það hefur verið unnið talsvert að hagræðingarmálum fyrir atbeina iðnþróunarsjóðs, og mér finnst það allt að því hálegt að vera að setja allt í einu upp sérstaka sjóðsstjórn með öllu tilheyrandi, að því er upplýst er fyrir nokkra mánuði, og síðan eigi að taka allt málið til endurskoðunar. Ég skil ekki tilganginn í því að gera þetta svona, nema þá eitthvað annað liggi á bak við, sem ég a. m. k. veit ekki hvað er.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Það er vissulega slæmt, þegar þm. þurfa, hver á eftir öðrum, að koma hér í pontu á hv. Alþ. og lýsa því yfir, að þeir skilji ekki meiningu hver annars. Ég ætla ekki að lýsa slíku yfir, vegna þess að ég þykist algerlega skilja það, sem hér fer fram, og skil ég þó allra bezt málflutning hv. þm. Bjarna Guðnasonar, 3. landsk. þm. Að vísu hefði ég ekki skilið málflutning hans fyrir hálfum mánuði, en eftir að vera búinn að sitja hér á Alþ. nokkuð lengi, ég er búinn að sitja hér í eina 5—6 daga, er mér orðið algerlega ljóst, að málflutningur hans er einn hringur, ein hringavitleysa, væri kannske réttara að segja. Mér þykir leitt, að hv. þm. er ekki hér nærstaddur. (**Gripið fram í:** Ég er hérna til hægri.) Það var ágætt, þá kemst þetta allt til réttra skila. Auðvitað stendur þm. til hægri, eins og hann réttilega gat um áðan. Það var engin tilviljun, að hann steig þá í hægri fótinn. Hann er búinn að gera það oft þessa daga, sem ég hef verið hér á þingi. Ég verð að fara að fletta upp þskj. á borðinu hjá mér til þess að sjá, hvar hv. þm. hefur skrifað undir með stjórnarandstöðunni, en það á hann auðvitað að vita miklu betur en ég og þarf ekki að spyrja um dæmi.

Það er örstutt síðan ég heyrði þennan hv. þm. flytja ræðu úr þessum ræðustól og vera uppfullan af andakt yfir því, að það yrði að gæta hagsmuna aðila vinnumarkaðarins, það ætti að fjölga aðilum, sem hefðu með ákveðin mál að gera, þ. e. atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Nú ætla ég ekki að tala hér ópólitískt, eins og síðasti hv. ræðumaður sagðist líta á þetta mál, þetta er nefnilega ekki ópólitískt mál, heldur pólitískt, og þess vegna get ég ekki talað um það ópólitískt. Hv. þm. Bjarni Guðnason sagðist líta svo á, að öll lánamál iðnaðarins ættu að vera undir einum hatti. Látum svo vera. Segjum, að það væri farsælasta lausnin á öllum lánamálum, allri hagræðingu og öðru í sambandi við iðnaðinn, að allt væri undir einum hatti. Ég skal ekkert um það deila við hann. En út frá þessari forsendi velur hann sinn hatt, sem lánamál iðnaðarins eiga að heyra undir. Eru það t. d. aðilar vinnumarkaðarins, sem hann talaði hér um fyrir nokkrum dögum af mikilli hjartans einlægni, að þyrftu að ráða málunum eða fjalla um þau? Hatturinn, sem þessi hv. þm. velur, er tvenn samtök atvinnurekenda. Hann stendur að till. um að koma í veg fyrir, að Alþýðusamband Íslands komi nálægt lánamálum iðnaðarins. Hann ætlar sér með þessu að reyna að koma í veg fyrir það hér á hæstv. Alþ., að 2000 manna samtök byggingariðnaðarmanna, launþega, eigi fulltrúa, hann ætlar með þessu að reyna að koma í veg fyrir, að 1800 manna samtök launþega í málmiðnaði eigi fulltrúa, hann ætlar sér að reyna að koma í veg fyrir, að milli 1600 og 1800 manna samtök iðnverkafólks eigi fulltrúa í þessari stjórn.

En hvert er grundvallaratriðið í samskiptum atvinnurekenda og launþega um hagræðingarmál, sem einmitt þessi sjóður á að styrkja og fjalla um? Það er, að báðir aðilar séu þar jafnréttháir. Ég ætlazt að vísu ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi hundsvit á verkalýðsmálum eða samskiptum atvinnurekenda og launþega, frekar en ég hef hundsvit á norrænni málfræði. En hann á þá ekki að tala einn daginn eins og hann viti allt og koma svo hinn daginn í pontuna og tala eins og alger fáráðlingur um þessi mál og leggja sitt litla lóð þar á vogarskálina, sem hann getur bezt spillt fyrir því, að verkalýðssamtökin komi nokkurs staðar nálægt lánamálum iðnaðarins. Það verð ég að segja, að þó að nafn hv. síðasta ræðumanns, sem hér talaði á undan mér, sé á sömu till. og nafn hv. þm. Bjarna Guðnasonar, vottaði þó fyrir skilningi á því í ræðu hans, að launþegasamtökin ættu aðila að þessu máli. Spurning hans var einungis, hvort það væri tímabært núna eða ætti að bíða til haustsins eftir endurskoðuninni. Það vottaði ekki fyrir neinum slíkum skilningi í ræðu hv. þm. Bjarna Guðnasonar (Gripið fram í.) Ég hef aldrei orðið var við það. Ég hafði ekki áður séð neina ástæðu til þess að koma hér í ræðustól og fjalla um þetta mál, en um leið og ég heyrði, að hv. þm. Bjarni Guðnason mundi tala í þessu máli, vissi ég, að það væri nauðsynlegt fyrir mig að koma hér upp, með tilliti til fyrri ræðuhalda hans hér á Alþ. um önnur mál. Vissulega var líka ástæða til þess að svara málflutningi hans hér eftir að ég hafði hlustað á hann.

Ég skal fyllilega taka undir það með þeim, sem hér hafa talað, að það er mikil þörf á því að endurskoða öll lánamál iðnaðarins og skipuleggja þau upp á nýtt, og því hefur verið lýst yfir af núv. ríkisstj., að það muni hún gera. En þegar um það er að ræða að velja á milli þess að fela atvinnurekendasamtökunum, Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda, ásamt þriðja aðila, sem er stjórnskipaður, að fara með stjórn þessa sjóðs og hins vegar að velja stjórn fyrir sjóðinn, þar sem í bætist fulltrúar frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og verkalýðssamtökunum, þarf ég ekki lengi að hugsa mig um, hvora leiðina ég vel, þó að um stuttan tíma sé að ræða. Þetta er fyrsti vísir þess í langan tíma, að hæstv. Alþ. sýni það í einhverju, að verkalýðssamtökin eigi einnig að

koma nálægt iðnaðarmálunum, og þótt í litlu sé, er það þó vísir. Það er kominn tími til þess, að hv. alþm. geri sér grein fyrir því, að hið ágæta samband, Landssamband iðnaðarmanna, er ekki í dag þau samtök iðnaðarmanna, sem það var áður. Það er í dag samtök örfárra meistara, einstaklinga og samtaka, en utan við það eru öll samtök launþega, iðnsveina í byggingariðnaði, rafiðnaði og málmiðnaði, sem eru langtum fjölmennari en Landssamband iðnaðarmanna, með fullri virðingu þó fyrir því og þeim mönnum, sem því stjórna. Milli okkar er ágætt samstarf, en þar fyrir treystum við þeim samtökum ekki til þess að fara með okkar mál, sem okkar málsvara. Þess vegna heimtum við, að við eigum einnig málsvara, þegar kemur að því að fjalla um mál iðnaðarins, og þess vegna styð ég álit minni hl. nefndarinnar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér er ekki deilt um það, að nauðsyn sé á því, að þessi sjóður verði stofnaður. Um það voru allir nm. sammála. Það var ekki heldur deilt um hlutverk sjóðsins né, að nauðsynlegt væri að vinna að því að sameina þá sjóði, sem eiga að styðja iðnaðinn, og verkefni þeirra. Það var ekki deilt um það. Hins vegar var um það deilt, hvort þessi sjóður ætti nú, þegar hann hefur verið stofnaður, að hafa sérstaka stjórn og bíða þá með að skipa þessum málum í það horf, sem væntanlega er ekki langt að bíða, að á komist, eða hvort ætti að fela einhverjum tilteknum sjóði, sem nú væri fyrir hendi, störf og hlutverk þessa sjóðs.

Hv. frsm. meiri hl. iðnn., Pétur Pétursson, sagði, að hér ætti nú allt í einu að setja upp nýja stjórn, og í nál. þeirra félaga, bæði frá hægri og vinstri, er sagt, að koma eigi á fót sérstakri stjórn með tilheyrandi skrifstofuliði o. s. frv. Ég held, að þetta sé sagt gegn betri vitund. Þeir vita jafnvel og við, að í frv. stendur, eins og það er nú, að ráðh. sé heimilt að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins. Þeir vita ákaflega vel, að þetta verður gert. Það verður ekki farið að setja á stofn nýja skrifstofu með sérstöku starfsliði fyrir þennan sjóð, a. m. k. ekki þar til séð verður, hvernig reiðir af þeirri endurskoðun á sjóðamálum iðnaðarins, sem þegar er hafin og ég veit að verður unnið að á þann hátt, að þau mál koma ekki síðar en fyrir næsta Alþ. Þannig verður áreiðanlega staðið að málum, og þarf enginn að fara í neinar grafgötur um það.

Hv. 3. landsk. þm., Bjarni Guðnason, sagði, að það ætti allt að vera undir einum hatti, stofnlánasjóðir og rekstrarsjóðir. Fram að þessu, held ég, að það hafi verið skoðun allra alþm., að hér ætti að greina í milli. Það er út af fyrir sig rétt, að það væri máske mikil hagræðing í því, að menn þyrftu ekki að ganga á milli margra stofnana, en ég er ekki alveg sannfærður um, að sjóðir, sem hljóta að gegna jafnólíku hlutverki og rekstrarsjóður annars vegar og stofnlánasjóður hins vegar, eiga að vera undir einni og sömu stjórn. Með því að fá iðnlánasjóði með óbreyttri stjórn þetta verkefni, sem iðnrekstrarsjóði er ætlað, er hlutverk iðnlánasjóðs orðið allt annað en það er samkvæmt lögum um iðnlánasjóð.

Þá erum við komnir að því, sem í raun og veru hefur verið deilt um. Þeir, sem standa að meirihlutaálitinu, vissu vel, að það gat ekki tekizt samkomulag um að fela iðnlánasjóði þetta verkefni, eins og stjórn hans er skipuð nú. Við teljum, að með tilliti til þess hlutverks, sem iðnrekstrarsjóði er fengið, eigi einnig aðrir aðilar en nú skipa stjórn iðnlánasjóðs að koma til. Um þetta hefur verið deilt. Það stóð svo á, þegar við vorum að fást við þetta mál í iðnn., að iðnrh. var fjarverandi og ekki hægt að hafa nein samráð við hann um þessi mál. Það er að vísu mjög bagalegt. En við vitum, af hvaða sökum hann varð héðan að hverfa núna, og er ekki um það að fást. Ég hygg, að ef hann hefði verið hér viðstaddur og hægt að hafa samráð við hann, hefði verið hægt að finna þessum málum þann farveg, sem allir hefðu getað sætt sig við. Ég veit, að honum er það mikið áhugamál að koma þessum málum fram, og eins og frsm. minni hl., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, tók fram, er ég sannfærður um, að sú endurskoðun, sem um er rætt í ákvæði til bráðabirgða á þskj. 611, verður framkvæmd ekki síðar en á næsta þingi. Þetta gat ég að vísu ekki sagt á nefndarfundi, þegar málið var afgreitt. Mér tókst ekki að ná til manna, sem gætu sagt neitt ábyrgt um þessi mál, fyrr en um hádegi á laugardag, en við afgreiddum málið á laugardagsmorgun. Þrátt fyrir það að þetta lægi fyrir, áður en nál. voru prentuð, fékkst ekki samkomulag um, að nm. tækju þetta gilt, og hygg ég þó, að a. m. k. sumir, sem skrifa undir meirihlutaálitið, hefðu gjarnan kosið, að svo hefði verið.

Ég ætla ekki að fara frekar út í það, sem menn hafa sagt úr þessum ræðustól núna, en kjarni málsins í þessu efni er, að við gátum ekki orðið samstiga um að fela stjórn iðnlánasjóðs, sem ætlað er að fara með töluvert óskyld mál, stjórn þessa sjóðs. Þau verkefni, sem þessi sjóður á að hafa með höndum, eru slík, að við teljum, að þar þurfi að koma til fulltrúar annarra aðila en nú skipa stjórn iðnlánasjóðs.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, gat iðnn. ekki orðið sammála um eitt atriði í þessu frv., sem hér er til umr. Það hafa nú orðið alllangar umr. um þetta ákveðna atriði, sem hv. iðnn. gat ekki orðið sammála um, og þær umr. hafa verið dálítið undarlegar, að mér finnst. Það kom hér fram, bæði í máli hv. frsm. minni hl. n., 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, og eins í máli hv. síðasta ræðumanns, 8. þm. Reykv., að þessir sjóðir, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. iðnlánasjóður og iðnrekstrarsjóður, sem þetta frv. fjallar um, gegni í raun og veru svo ólíku hlutverki, að það sé útilokað að hafa þá undir einni stjórn. Mér skilst, að það eigi þá við um þá til eilífðarnóns. **(Gripið fram í:** Þetta hef ég ekki sagt.) Hv. þm. sagði orðrétt, að þessir sjóðir gegndu svo ólíku hlutverki, að þeir gætu ekki að hans skoðun verið undir einni og sömu stjórn. Þetta skrifaði ég hér.

(Gripið fram í.) Forsendurnar voru þær, að það væru svo ólík hlutverk, sem þeir gegndu.

Öll ræða hv. 4. þm. Reykv. gekk út á það, að þarna væri um að ræða mjög ólík verkefni. Hann sagði, að verkefni iðnlánasjóðs væri miklu þrengra og verkefni iðnrekstrarsjóðs næði fyrst og fremst til útflutningsiðnaðarins. Ég held, að þetta hljóti áfram að vera skoðun þessara hv. manna í haust, þannig að ég fæ ekki séð, að þetta ákvæði til bráðabirgða sé sett, ef hugur fylgir máli hjá þeim, til neins annars en að sýnast, a. m. k. verði þessir tveir sjóðir aldrei sameinaðir undir eina stjórn.

Það kom líka fram í máli hv. 3. þm. Reykv., að hann taldi þetta fyrst og fremst pólitískt mál, og mig er farið að gruna, að það sé svo fyrst og fremst, þarna sé um að ræða mál, sem sé af pólitískum toga, en ekki af því, að menn gætu út af fyrir sig ekki orðið sammála um, að það væri betra að hafa eina stofnun í staðinn fyrir tvær á þessu sviði.

Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr., nema sérstakt tilefni gefist til, en ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á þessu, að hér er um ósamrýmanlega röksemdafærslu að ræða, annars vegar að segja, að þessir sjóðir gegni svo gagnólíku hlutverki, að þeir geti ekki verið undir sömu stjórn núna, og segja svo, að það sé ásetningur þeirra að koma með frv. í haust um að sameina þá.

Ég vil svo aðeins að lokum láta í ljós þá frómu ósk, að þetta lítilvæga atriði, að mér finnst, verði ekki til þess að tefja framgang þessa frv. Ég mæli það ef heilum hug, að ég styð þetta frv. að öðru leyti.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Aðeins nokkur orð, af því að hv. 3. þm. Reykv., Jón Snorri Þorleifsson, talaði svo elskulega til mín, að ég hlýt að þakka honum fyrir. Hann virðist hafa tekið minn málflutning dálítið skakkt upp. Hann telur, að ég sé vísvitandi að bregða fæti fyrir það, að fulltrúar Alþýðusambandsins, Sambands ísl. samvinnufélaga og fleiri aðila fái aðild að stjórn sjóðsins. Þetta er reginmisskilningur. Þetta er ekki kjarni málsins. Fyrirgefið, hvar er þessi hv. þm.? Hann er þarna, já. Hann er hægra megin.

Mergurinn málsins er þessi: Það er opinber stefna ríkisstj. að fækka fjárfestingarsjóðum, og þess vegna hlýtur að vera dálítið óeðlilegt að stofna nýja. Það er á þessum grundvelli, sem ég hef lagzt gegn því, að stofnaður verði sjóður, — á engum öðrum grundvelli. Hitt kemur svo berlega fram hjá hv. þm. Jóni Snorra Þorleifssyni, að þetta sé pólitískt atriði, það þurfi rétta aðila í úthlutunarnefnd. Það er náttúrlega annað mál. En þá stafar það bara af því, að þetta mál er illa í hendur búið. Það var ósköp auðvelt að samrýma þetta með því að fella þessa fjárveitingu til rekstrar iðnaðarins inn í stofnlánasjóðinn og breyta stjórn lánasjóðs iðnaðarins. Þetta var ósköp auðvelt mál. Þá kom þetta saman og heim. Það er ekki við mig og aðra þm. að sakast, þó að við séum ófúsir að bæta einni silkihúfunni ofan á aðra. Það er bara við ráðh. og þá aðila, sem standa að frv., að sakast.

Ég er alveg sammála hv. þm. um, að ég tel fullkomlega eðlilegt, að ýmsir þeir aðilar, sem gert er ráð fyrir að sitji í stjórn þessa nýja sjóðs, eigi sæti í stjórninni. Ég tel það fullkomlega eðlilegt. En þá er það bara hlutur ráðh. og þeirra aðila, sem að málinu standa, að gera till. um þetta á eðlilegan hátt. Þetta er allt og sumt. Það er alveg ástæðulaust að fara að gera mér upp þær skoðanir, að ég sé andvígur því, að ýmis meiri háttar fyrirtæki eða aðilar, iðnfyrirtæki og aðrir, fái aðild að stjórn sjóðsins. Það er hreinn misskilningur. Hins vegar má vel vera, að Jón Snorri Þorleifsson og aðrir reki upp stór augu, ef maður gleypir ekki hverja flugu, sem kemur frá ráðh. Þetta er allt og sumt. Ég tel, að það stangist beinlínis á við málefnasamning ríkisstj. Málið er illa í hendur búið, því að ég tel, að ráðh. hefði átt að leggja til breytingu á stjórn iðnlánasjóðsins. Þá kom það saman og heim.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði, að ég hefði snúizt í hring hér í þingsölunum, þá getur hann auðvitað haft þá skoðun og er ekkert við því að segja. Hins vegar þykist ég vita, að það hafi kannske komið dálítið illa við hann í eldhúsdagsumr., þegar ég lýsti yfir því, að verkalýðsforustan væri orðin eitt mesta íhaldskerfi í landinu. (**JSÞ:** Ég hlustaði ekki á ræðuna þína þar.) Nú, á hvað hlýddi hv. þm. síðustu daga? Telur hann kannske, að ræðurnar um utanríkismál hafi merkt, að ég væri kominn hægra megin í fylkinguna? (**Gripið fram í:** Það var innanflokksmál.) Ég ætla ekki að karpa við hv. þm. Hins vegar er dálítið ánægjulegt að heyra menn, sem telja sig sjálfkjörna fulltrúa hinna róttæku í verkalýðshreyfingunni, vinna þannig, að þeir gera samtök á víxl við mestu íhaldsmenn í verkalýðshreyfingunni. Hætt er að kjósa í verkalýðsfélögunum, hætt er að kjósa til stjórnar Alþýðusambandsins, allt sameign í bak og fyrir. Ég líkti stjórn Alþýðusambands Íslands við bankakerfið og stofnlánasjóðina. Það er það sama, þar má engu breyta. Í raun og veru er eitt mesta íhaldið og tryggingakerfið í stjórn Alþýðusambands Íslands, enda vita þeir menn, sem þar eru, að þeir eru í engum tengslum við óbreytta verkamenn. Að öðru leyti vil ég segja það, að hv. þm. ætti að fylgjast betur með ræðum í þinginu, áður en hann heldur, að ég sé kominn til hægri við Alþb., því að það er nú svo lint í öllum málum, að það veit aldrei, hvar það stendur.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég vil alveg sérstaklega þakka hv. þm. Bjarna Guðnasyni fyrir þessa síðustu ræðu, því að hún sannaði einmitt hringsnúninginn, sem ég var að tala um áðan. Í sinni síðustu ræðu segir hann einmitt, að kjarni þessa máls sé ekki það, sem ég hafi sagt áðan, það var um stjórn sjóðsins, heldur að það yrði að fækka sjóðum. Um það var ég ekkert að deila við hann áðan, heldur hélt ég því fram, að ágreiningurinn væri um, hverjir ættu að stjórna þessum sjóði, og deildi á afstöðu hans til þess vegna sumra hans fyrri

ræðna, þar sem hann var að tala um nauðsyn þess, að aðilar vinnumarkaðarins ættu hlut að máli, þegar um væri að ræða slíka sjóði, sem að einhverju leyti kæmu við þeirra mál. Nú leyfir þessi hv. þm. sér að koma hér upp í pontuna og segja, að stjórn sjóðsins sé ekkert aðalatriði, það sé að fækka sjóðunum. Með leyfi að spyrja, hefur þessi hv. þm. ekki lesið það nál., sem hann skrifar undir? Mig langar, með leyfi forseta, að lesa bara fyrstu línurnar í nál., sem hann skrifar undir, en þar segir svo:

„N. hefur rætt þetta frv. á tveim fundum sínum. Hún er efnislega sammála um að mæla með frv. að öðru leyti en því, að hún gat ekki orðið sammála um 3. gr. frv., sem fjallar um stjórn iðnrekstrarsjóðsins".

Hv. þm. kemur hér í pontuna og segir: Stjórnin er ekkert aðalatriði, heldur að fækka sjóðum. En hann er nýbúinn að skrifa undir álit, sem er á borðum allra þm., um það, að hann sé sammála því að fjölga sjóðunum, það sé stjórnin, sem hann sé ekki sammála um. (BGuðn: Þetta er alrangt. Það stendur í brtt.: Stjórn iðnlánasjóðs fer með stjórn sjóðsins, sem skal vera sérstök deild í iðnlánasjóði.) Ég vil biðja hv. þm. að byrja á því að lesa sitt eigið nál. Þetta er orðrétt lesið upp úr því, sem ég var að segja áðan, enda leggur hv. þm. alls ekki til í nál. að fækka sjóðunum. Deilan er bara um stjórnina. Deilan stendur um það, hvort verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin eigi að fá fulltrúa í stjórn þessa sjóðs eða hvort eigi að fylgja þeirri gömlu reglu, sem er 50 ár á eftir tímanum nærri því, að það séu ekki til nema tvö samtök í iðnaðinum, þ. e. a. s. Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda. (BGuðn: Af hverju gerir ráðh. þá ekki brtt. um þetta?) Mér finnst, að hv. þm. ætti nú að spyrja sinn fyrrv. samflokksráðh. að því, ég svara ekki fyrir þá. Hins vegar gæti ég ýmsu svarað þm. fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar. M. a. gæti ég frætt hann um það, að það mundi enginn fulltrúi, hvorki óbreyttur né í forsvari í verkalýðshreyfingunni, leyfa sér þann málflutning, sem hv. þm. leyfir sér hér, eftir að vera búinn að leggja á borðið fyrir okkur nál. um allt annað en hann heldur fram hér í pontunni.

Frekar ætla ég ekki að deila við manninn um þetta mál. En vegna þess að ég hef áður sagt, að hér sé stigið réttlætisspor, þegar samvinnuhreyfingunni og verkalýðshreyfingunni er gefinn kostur á að eiga hér aðild að máli, sem bæði þessi samtök réttlætisins vegna eiga heimtingu á, styð ég það og geri allt, sem ég get, til að fella brtt. hv. þm.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., sem hér hafa farið fram, en mér finnst rétt að gefnu tilefni að taka fram, að það er reginmisskilningur, að einhver deila standi hér um það, hvort stofna eigi sjóðinn eða ekki. Það eru allir sammála um að stofna þennan sjóð, þó að menn séu líka sammála um, að það eigi síðar að taka til endurskoðunar allt sjóðakerfi iðnaðarins með það fyrir augum að gera það einfaldara. Því til sönnunar, að allir séu sammála um að stofna þennan sjóð, skal ég lesa upp 1. gr. frv., sem allir nm. í iðnn. Nd. voru sammála um, eða a. m. k. kom ekki annað fram þar. 1. gr. hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sjóð til að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenzkum iðnaði. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins".

Um þetta atriði voru allir sammála. Það kom engin brtt. fram um það. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Það var þess vegna alger samstaða um að stofna þennan nýja sjóð, þó að menn væru jafnframt fylgjandi því, að allt sjóðakerfi iðnaðarins yrði tekið til endurskoðunar strax á eftir og stefnt að því, að frv. um þessa sameiningu lægi fyrir á næsta þingi. En eins og málin standa í dag, voru menn samt allir sammála um að stofna þennan sjóð og hann ætti að vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

Svo vil ég aðeins víkja að því, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. Hann lýsti því sem sinni skoðun, að hann teldi, að í sambandi við framtíðarskipun þessara mála væri ekkert óeðlilegt, að stjórnin væri skipuð eins og 3. gr. gerði ráð fyrir. Hann var með þá aths., að það væri kannske rétt, að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins ætti þar líka fulltrúa. Mér sýnist af þessum ummælum hv. frsm., að hann telji það eðlilegt, að t. d. aðili eins og Samband ísl. samvinnufélaga eigi aðild að stjórn slíks sjóðs. Mér skilst líka á hv. frsm., að hann telji það eðlilega framtíðarskipun, að Alþýðusamband Íslands eigi einnig aðild að stjórn þessa sjóðs. En fyrst hv. þm. lítur þannig á, að það sé eðlileg framtíðarskipun, að samvinnusamtökin og alþýðusamtökin eigi aðild að þessum sjóði, hvers vegna er hann á móti því, að þessir aðilar fái aðildina strax? Hvaða rök liggja til þess? Eftir hverju á að bíða í þessum efnum, ef þetta er talið rétt? Hvers vegna á að fresta þessu? Ég sé enga ástæðu til þess, ef menn eru á annað borð sammála því, að samvinnusamtökin og verkalýðssamtökin eigi aðild að stjórn sjóðsins, að vera að fresta því til næsta þings. Hvers vegna ekki að gera það strax? Hvaða ástæður eru það, sem valda því, að menn vilja fresta þessu?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú varla, að maður fái sig til þess að eiga hér orðakast við hv. 3. landsk. þm., og ekki ætla ég að fara út í efnisumr. við hann um það mál, sem hér liggur fyrir. En ég get vart undir því setið að gera ekki nokkrar aths. við lokaorðin í síðustu ræðu hans hér áðan. Það er nærri því, og er mér þó ekki klígjugjarnt, að mann klígi við því, þegar þessi hv. þm. leyfir sér hér á hv. Alþ. að koma þeirri skoðun sinni á framfæri, að hann líki stjórn heildarsamtaka íslenzkrar alþýðu við mesta íhaldshreiður hér á landinu. Það skyldi nefnilega vera, að þessi hv. þm. hefði efni á slíku orðbragði sem hér um ræðir. Ég efast um, að þessi hv. þm. hafi

nokkurn tíma komið nálægt því að vinna fyrir íslenzka verkalýðshreyfingu. Það skyldi ekki vera, að það væru aðrar stéttir þessa þjóðfélags, sem hann telur sér skyldara að vinna fyrir og mæla fyrir hér á Alþ. Ég vísa því a. m. k. heim til föðurhúsanna og tel mig þekkja þar betur til en þessi hv. þm., að stjórn Alþýðusambands Íslands sé mesta íhaldshreiður, sem um getur á landinu. Mér hefur virzt það vera svo síðustu vikurnar, kannske mánuði, að þessi hv. þm. hafi viljað slá einhverjum geislabaug um sig sem hinn eina og sanna réttlætismann, að því er varðaði mesta heiðarleikann, hér á hv. Alþ. En það get ég sagt þessum hv. þm., að það væri hægt, ef maður fyndi hvöt hjá sér til þess, að draga ýmislegt upp úr pokahorninu, svo að hann væri ekki maður að meiri á eftir. Ég vísa því þessum ummælum hans um Alþýðusamband Íslands og stjórn þess algerlega til föðurhúsanna.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Til þess að enginn fari vegvilltur úr þessu húsi hvað varðar ummæli mín um verkalýðshreyfinguna, vil ég segja það, að ég lít svo á, að það sé komið þannig fyrir henni, að menn séu hættir að kjósa þar í stjórnum og í Alþýðusambandinu. Alþb. hefur samvinnu við Sjálfstfl. í ýmsum verkalýðsfélögum, þetta er allt orðið samkrull, enda er alþýðubarátta Alþýðusambandsins fyrst og fremst um kjaramál, en hún þokar ekki þjóðfélagsþróuninni áfram. Þetta er orðið svona traust *kerfi, af því að menn* eru hættir að kjósa þar. Þetta er mín skoðun. En verkalýðsfélögin eiga orðið digra sjóði, og menn verða þá rólyndir.

En það vil ég segja varðandi ummæli Karvels Pálmasonar, að ég held, að til þess að þm. fái nú örlitla skemmtun hér í kvöld, ætti hann að tína upp úr pokanum það, sem hann hefur að segja varðandi eitthvað, sem ég hef brotið af mér. Ég verð að segja, að mér finnst ég eiga rétt á að fá að vita það, því að það er varla hægt að viðhafa svona ummæli án þess að vita, hvað þm. er að tala um. Ég lýsi þá eftir því við þennan hv. þm., hvað hann eigi við, því að það getur varla talizt eðlilegt að dylgja á þennan hátt. Það mætti ætla, að ég hefði brotizt einhvers staðar inn, framið einhvern glæp eða gert eitthvert ótugtarverk einhvers staðar. Ég vildi gjarnan fá að vita þetta og mælist fastlega til þess, að hv. þm. skýri dálítið mál sitt.

Jón Snorri Þorleifsson: Herra forseti. Ég skal verða við því að hafa þetta örstutt. Mér leiðist bara alltaf að heyra félaga mína hér á Alþ. tala af fávizku. Hér hefur því verið haldið fram a. m. k. tvisvar af sama manni í ræðustóli í kvöld, að það sé hætt að kjósa í verkalýðsfélögunum og það sé ástæðan fyrir því, að þau séu orðin einhvers konar bankastofnanir. Það var kallað hér fram í af nokkrum þm., hvort hv. þm. vissi, hvað væri langt síðan kosið var í Dagsbrún, það væri á s. l. ári, hvort hann vissi, hvað væri langt síðan kosið var í Sjómannafélagi Reykjavíkur, það var á s. l. ári, hvort hann vissi, hvað væri langt síðan hefði verið kosið í verkakvennafélaginu Sókn, það var á þessu ári. Þessu til viðbótar get ég upplýst hv. þm. og aðra, sem kynnu að vera jafnfávísir — sem ég held, að sé ekki — um þessi mál hér á Alþ., um það, að þessi félög halda mjög oft fundi og öll eru nýbúin að halda aðalfundi. Á öllum þessum aðalfundum fara fram hörkukosningar í mörgum málum og um menn í n. Það er langt frá því, að það sé hætt að kjósa í verkalýðsfélögunum. En til þess að menn viti eitthvað um það, þurfa þeir að hafa lágmarksvitneskju og þekkingu um verkalýðsmál. Það er alger frumforsenda.

ATKVGR.
Brtt. 753 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380, n. 623 og 629, 658). — Frh. 2. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. vita, fjallar þetta frv. um það að setja eitthvað um tilvist landshlutasamtakanna inn í sveitarstjórnarlögin. Landshlutasamtök hafa verið stofnuð í öllum fjórðungum landsins, og *það munu vera ákaflega fá sveitarfélög í landinu,* sem standa utan þeirra. Það hefur þegar verið tekið inn í önnur lög sitthvað um tilvist þeirra, þó að það finnist enginn stafur um þau í sveitarstjórnarl., eins og þau eru í dag. Hins vegar er ekkert í þessu frv., sem hér liggur fyrir, í raun og veru um, hvernig eigi að skipta verkefnum á milli landshlutasamtakanna og annarra aðila, t. d. sýslunefndanna og annarra þeirra aðila, sem um svipuð málefni fjalla. Það hefur ekki verið tekið á því málefni í þessu frv.

Þetta frv. er samið og flutt eftir ítrekaðar samþykktir landshlutasamtakanna, og ég mun ekki eyða hér löngum tíma í ræðuhöld, vegna þess að ég hef fyrst og fremst áhuga á því, að þetta frv. geti komizt í gegnum þingið og orðið að lögum.

Það hefur komið fram hér í umr. hjá hæstv. forsrh., að síðari málsliður þeirrar brtt., sem n. flytur við 110 gr., væri ekki skiljanlegur, eins og hann komst að orði. Ég ætla ekki að fara að deila við forsrh. um lagaskýringar, en ef mönnum finnst, að síðari málsl. ætti að falla burt, þá getur hver og einn af hv. þm. óskað eftir því, að þessi brtt. sé borin upp í tvennu lagi og aðeins fyrri málsl. borinn upp fyrst. Ég vil það a. m. k. miklu frekar en að þetta verði til þess að stöðva málið.

Hér hefur verið lögð fram önnur brtt., sem ég botna lítið í, hvað á bak við liggur. Ég sagði áðan, að landshlutasamtökin hefðu verið stofnuð alls staðar með frjálsum samtökum kaupstaða og hreppa á viðkomandi landssvæði. Á Norðurlandi hefur þetta verið þannig, að það samband nái yfir tvö kjördæmi. Mér finnst það

vera eðlilegt, að heimamenn ráði því sjálfir, hvort þessu er skipt eða hvort haldið er áfram eins og þeir sjálfir hafa kosið og stofnað til. En vegna ræðu hv. fyrri flm. þessarar till. ætla ég aðeins að segja þetta:

Lítið virðir lýðræði.
Ljóst er, hvar hann stendur.
Svipta vill hann sjálfræði
sína umbjóðendur.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það hafa orðið töluverðar umr. um þetta frv. Það er kannske eðlilegt, einkum þegar þess er gætt, að hér er um nokkurt nýmæli að ræða. Hitt er dálítið óvenjulegt, sú staða, sem hér hefur skapazt. Málið er flutt af þm. úr öllum flokkum. Einn nm. í félmn. skilar minnihlutaáliti og mælir gegn frv., og það er eiginlega ekki kunnugt um nokkurn þm. annan, sem er andvígur málinu, nema hvað fram hefur komið nokkuð hörð andstaða gegn málinu frá tveimur hæstv. ráðh. Fljótt á litið er kannske ólíklegt, að þetta mál nái nokkurn tíma fram að ganga, þegar það er þá líka svona seint á ferðinni. En þó finnst mér nú, ef þetta er skoðað nánar, að ekki eigi að vera útilokað út af fyrir sig, að málið nái fram að ganga, þrátt fyrir andstöðu tveggja hæstv. ráðh., einmitt vegna þess að a. m. k. á öllum þingum, sem ég hef setið hefur ævinlega myndazt við þinglokin sama afstaða milli þingsins annars vegar og ríkisstj. hins vegar. Ríkisstj. hafa reynt til hins ítrasta á þolrif þm. um að afgreiða á stuttum tíma ótrúlega mörg mál, sem ríkisstj. sjálfar höfðu þurft langan tíma til að taka afstöðu til í þýðingarmiklum atriðum. Það væri því ekki til mikils mælzt út af fyrir sig, ef mjög eindreginn þingvilji er fyrir þessu máli, sem ég veit ekki annað en sé, að ráðh. hliðruðu nú einu sinni til og greiddu fyrir því, að mál þm. næðu fram að ganga. Ég skal svo ekki segja meira um það út af fyrir sig. En mig langar til þess með örfáum orðum að lýsa skoðun minni á þessu máli og minnast þá aðeins á helztu andmælin, sem fram hafa komið frá hæstv. ráðh., en ég skal reyna að vera stuttorður.

Ég vil fyrst víkja að andmælum hæstv. forsrh. Hann setti það út á frv., hvernig ákveðið var um mörk landshlutasamtaka á Norðurlandi. Það hefur komið fram brtt. frá hv. n. og reyndar önnur annars staðar frá um að breyta þessu, svo að það á ekki að þurfa að standa í vegi fyrir afgreiðslu málsins. Ég er sjálfur alveg á því og teldi það heppilegast, að þessi samtök væru miðuð við kjördæmin. Hins vegar finnst mér það rétt, eins og er í till. n., að hafa það rými, að fleiri en eitt kjördæmi geti starfað saman, ef þau óska þess, hafa þetta dálítið rúmt á því sviði eins og fleirum, meðan þetta starf og þessar félagsstjórnareiningar, sem þarna er um að ræða, halda áfram að mótast.

Mér fannst það alls ekki rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að það væri verið að gefa landshlutasamtökunum sjálfdæmi um setningu þessara laga með því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Það er ekki undirbúið af landshlutasamtökunum, eins og þegar hefur verið tekið fram, heldur eru það fulltrúar Sambands isl. sveitarfélaga, sem hafa undirbúið málið. Ég get ekki annað séð en þetta frv. sé þannig algerlega eðlilega undirbúið.

Hæstv. forsrh., og reyndar báðir þeir hæstv. ráðh., sem hafa andmælt þessu frv., töldu það rétt, skylt og sjálfsagt að láta þetta allt saman bíða heildarendurskoðunar á héraðastjórn, sveitarstjórnarmálum, skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga o. s. frv., jafnvel endurskoðunar á sýslukerfinu, að því er mér skildist. Hæstv. félmrh. sagði, að það ætti ekki að flaustra þessu máli af hér og nú, heldur láta það bíða endurskoðunar, og ég gat ekki annað skilið af máli hans en hann byggist við, að hún lægi fyrir, þegar þing kæmi saman í haust. Ég held aftur á móti, að það væri nokkuð mikið flaustur, ef ætti að hafa það allt saman tilbúið fyrir þing í haust. En mér sýnist það alveg á misskilningi byggt, að eðlilegt sé að bíða með þá rammalöggjöf, sem hér er lagt til að setja, eftir slíkri heildarendurskoðun.

Hæstv. ráðh. rökstuddu þetta auðvitað fyrst og fremst með því, að þessi samtök gripu inn í önnur svið og þetta yrði allt einn hrærigrautur. Það tel ég alveg fráleitt eftir þeirri þekkingu, sem ég hef á þessum málum. Kem ég nánar að því síðar. En áður en ég ræði það sérstaka atriði, hvort landshlutasamtökin grípi inn í t. d. starfsemi sýslufélaga, ætla ég að minnast á tvö eða þrjú atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. félmrh.

Hann hélt því m. a. fram, að það væri mjög mikill ágreiningur um uppbyggingu þessara samtaka. Þetta er alls ekki rétt. Um þetta er enginn hörkuágreiningur. Menn hafa þreifað sig áfram um þetta, og auðvitað sýnist sitt hverjum um hin einstöku atriði þá og þá. Það er talað um sáran og bitran ágreining, ég tók eftir þessu orðalagi. Þetta er alveg fráleitt, og ég vil algerlega andmæla þessu.

Hæstv. ráðh. fann að því, að sveitarfélögin væru með þessum lögum skylduð til þátttöku í landshlutasamtökum. Ég held, að það hafi einnig komið fram í minnihlutaáliti hv. 5. þm. Sunnl., að það sé óeðlilegt að skylda sveitarfélögin til þátttöku. Ég álít, að eins og málum er nú komið, sé ekkert óeðlilegt við það. Langflest og í sumum landshlutum öll sveitarfélög eru aðilar að þessum samtökum. Þetta er ekki orðinn nema herzlumunur, og þá sé ég ekkert óeðlilegt við það að skylda til þátttöku, líkt og gert er í sambandi við tryggingar og ótalmörg önnur félagsleg atriði. Ég sé ekkert athugavert við þetta.

Svo gerði hæstv. ráðh. líka mikið — hann fann eiginlega hverju einasta atriði í frv. allt til foráttu — úr þeirri reglu, sem sett er um kosningar til þessara samtaka, kallaði hana „hausatöluregluna". Ég held, að allir, sem eitthvað hugsa málið, hljóti að geta sett sig inn í það, að í samtökum eins og þessum, þessum stærri einingum, sem eru myndaðar af svo ólíkum minni einingum, — sveitarfélög hafa kannske allt frá 40 íbúum upp í nokkur þúsund, — að það væri mjög óheppilegt félagslega séð og mjög óeðlilegt að hafa sama fulltrúafjölda, einn mann

fyrir hverja þessa einingu. Sums staðar var kannske byrjað á því. En svo hefur þróunin orðið eitthvað á þá leið, sem lagt er til í frv.

Í sambandi við stærri og minni sveitarfélög kom það líka fram hjá hæstv. ráðh., að hann taldi, að minni sveitarfélögin hefðu mikil þyngsli af gjöldum til þessara samtaka. Þetta er fjarri sanni. Ég held, að á Austurlandi séu tiltölulega lág gjöld til landshlutasamtakanna, þ. e. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Ég hef skrá yfir þessi gjöld, eins og þau voru 1972. Fimm minnstu hrepparnir greiða t. d. frá 2000 og upp í 4500 kr. hver. Það er alveg sama, hve smátt sveitarfélagið er, þegar um svona upphæðir er að ræða, munar bókstaflega ekkert um þær. Hvað ætli muni um það t. d. í 40 manna sveitarfélagi austur á Mjóafirði, að menn leggi fram 2000—3000 kr. til svona samtaka? Þetta er ekki tilfinnanlegt, enda hef ég aldrei heyrt neitt um það á okkar slóðum, að það þyki þungur baggi. Það er af ókunnugleika, að þessu er haldið fram.

Í frv. er gert ráð fyrir sýslufélögunum sem eins konar aukaaðilum, og þetta er haft rúmt eins og fleira í frv. Þetta finnst mér mjög eðlilegt. Meginuppistaðan í samtökunum eru hrepparnir, og það er meginhugsunin, að þeir myndi þessi samtök. En það er alls ekki rétt að amast við því, eins og málin standa í dag, að sýslurnar geti átt barna aðild að. En það verður auðvitað aldrei þannig, að þær hafi álíka marga fulltrúa og hrepparnir, því að þá væri tvöfalt frá þeim sveitarfélögum miðað t. d. við kaupstaðina. Ég felli mig mjög vel við ákvæði frv. um þetta einnig.

Þá var það talið óeðlilegt og bera vott um eitthvert flaustur, að gert er ráð fyrir mismunandi mörgum mönnum í stjórn þessara samtaka. Þetta er líka algerlega út í bláinn. Það þarf ekki annað en minna á, að sveitarstjórnir og bæjarstjórnir geta verið skipaðar mismunandi mörgum fulltrúum. Þetta er rúmt í sveitarstjórnarlögunum, sem eru þó nærri aldargömul. Þetta er ekki nema eðlilegt, því að þessi svæði, sem landshlutasamtökin ná yfir, eru mjög ólík í sjálfu sér, t. d. Reykjaneskjördæmi annars vegar og Austurland hins vegar o. s. frv. Og meðan tvö kjördæmi eru saman, verður það líka sér á parti.

En meginmótbára þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem sérstaklega hafa andmælt frv., fannst mér vera sú, að landshlutasamtökin mundu gripa inn á önnur svið sveitarstjórnarmálanna á óheppilegan hátt og valda glundroða, þess vegna þurfi setning þessarar rammalöggjafar, sem hér er um að ræða, að bíða eftir heildarendurskoðun á öllu kerfinu. Mér finnst, að ég geti bezt skýrt mitt sjónarmið varðandi þetta atriði með því að bregða upp mynd af þróuninni í landshlutasamtökum annars vegar og starfi sýslnanna hins vegar, eins og ég þekki hana eystra. Og það vill þá svo til, að það er í þeim landshluta, sem þessi landshlutasamtök hafa starfað hvað lengst. Ég skal reyna að gera þetta í eins stuttu máli og ég get, því að ég held, að þó að slík dæmi segi náttúrlega ekki alla sögu, þetta er breytilegt eftir landshlutum, gefi það allgóða mynd af þessu.

Þá vil ég taka nokkur dæmi af verkefnum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Ég nefni fyrst raforkumál Austurlands. Á fyrstu árum sínum vann sambandið mjög mikið í þessum málum. Það vann að áætlunargerð. Það vann að því að sameina sjónarmið sveitarfélaganna annars vegar og hins vegar að undirbyggja málið og styðja þm. í sínum málflutningi fyrir þessu máli á Alþ. og annars staðar. Það er einróma álit okkar þm., að Austurlandssambandið hafi unnið mjög gott verk á þessu sviði.

Ég nefni sem annað dæmi, hvernig unnið var að heilbrigðismálum á þessum vettvangi. Þar var á sama hátt unnið að því annars vegar að samræma sjónarmiðin heima fyrir og hins vegar að veita þm. stuðning í málafylgju þeirra fyrir þessum málum á Alþ. Það voru haldnir tveir aðalfundir þessara samtaka, sem voru alveg sérstaklega helgaðir þessu máli. Þar voru fengnir til viðræðu forustumenn læknasamtakanna annars vegar og fulltrúar frá rn. hins vegar. Þessir aðilar sátu fund með fulltrúum allra sveitarfélaga frá Langanesi suður að Skeiðará, þar sem þessi mál voru rædd aftur og fram og reynt að leggja þau niður fyrir þeim og gera þeim ljósar þarfirnar, eins og þær voru á þessu svæði. Og það er sannfæring mín, að þessir fundir hafi gert fjórðungnum stórkostlegt gagn einmitt varðandi þessi viðkvæmu og þýðingarmiklu mál, af því að sveitarstjórnir höfðu þennan vettvang til þess að vinna að þessum málum á.

Ég vil minna á varanlega gatnagerð. Þar hefur þetta samband haft mjög þýðingarmikla forustu og unnið mjög þýðingarmikið starf til þess að ná samstöðu um sameiginlegt átak í þeim málum, sem nú í dag eru orðin einhver mest brennandi hagsmuna- og umbótamál í hinum ýmsu þorpum úti á landi. Þessi landshlutasamtök hafa líka unnið mjög mikið starf við að draga úr alls konar sveitarig og óeiningu varðandi vegagerð á öðrum sviðum. Það er í gangi núna sérstök Austurlandsáætlun um vegamál. Sú áætlun og reyndar fleira í vegamálum var meira og minna undirbúið og athugað einmitt á vegum þessara landshlutasamtaka. Það starf, sem unnið var við slíka áætlanagerð og undirbúning þar, var, leyfi ég mér að fullyrða, ótrúlega mikið, bæði að vöxtum og gæðum, miðað við þær aðstæður, sem þá voru, og það fjármagn, sem landshlutasamtökin á Austurlandi höfðu þá yfir að ráða, sem var raunar alveg sáralitið.

Þetta eru aðeins dæmi, en á fjölmörgum öðrum sviðum hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi orðið vettvangur til þess að skiptast á skoðunum og samræma sjónarmið í þessum landshluta. Og ég leyfi mér að fullyrða, að þetta hefur verið þarft verk.

Í þessum landshluta eru 5 lögsagnarumdæmi: 2 kaupstaðir og 3 sýslur, og það er ekkert beint samband á milli þessara aðila, en hins vegar eru mörkin í sumum tilfellum mjög óglögg og óeðlileg. Nú hef ég brugðið upp mynd af starfsemi landshlutasamtakanna eystra, en þá er það spurningin: Hafa þau farið inn á verksvið sýslufélaganna? Ég ætla aðeins að rifja upp, hver þau eru í framkvæmd, eins og ég þekki þau bezt. Ég hef verið sýslunefndarmaður í nokkuð

mörg ár, sveitarstjórnarmaður í tugi ára og verið starfandi í sambandi sveitarfélaganna alveg frá byrjun, svo að hvað þetta svæði snertir veit ég ósköp vel, hvað ég er að tala um.

Við skulum þá aðeins athuga verkefni Suður-Múlasýslu, og ég held, að það verði bezt gert með því að renna augum yfir fjárhagsáætlun eða sýslusjóðsreikning og líta á helztu liðina. Í því speglast nefnilega starfsemi þessarar héraðsstjórnarheildar.

Þá vil ég fyrst nefna lögreglumálin. Þau voru nokkuð stór þáttur í starfsemi sýslufélaganna, en eru nú úr sögunni, með því að ríkið hefur yfirtekið þau. Ég tel þetta eðlilegt að því leyti, að héruðin réðu sáralitlu um framkvæmd þessara mála, en hér fylgir sá böggull skammrifi, auðvitað, að kröfur vaxa á hendur ríkisvaldinu, eftir að þessi breyting hefur verið gerð. En það er önnur saga.

Stærsti kostnaðarliður á reikningi þessarar sýslu og líklega fleiri sýslna, þar sem eins er ástatt, er þátttaka sýslufélaganna í rekstri húsmæðraskólanna. Nú er það út af fyrir sig óeðlileg skipan að því leyti, að kostnaðarþátttaka í þessum skólum er algerum tilviljunum háð. Það er engin skylda. Sýslufélögin standa að þessum skólum, þar sem svo hefur þó til fallið, en annars staðar er það ekki gert. Þetta er að því leyti óeðlilegt. En þetta er einn stærsti kostnaðarliður sýslusjóðs.

Nýverið hafa tvær sýslurnar eystra stofnað héraðsskjalasafn með samtökum sín á milli. Þessi safnstofnun er einn liðurinn í heildarkerfi í safnamálum Austurlands, þar sem einmitt landshlutasamtökin hafa haft forustu um samræmingu og sameiginlegt átak. Það hefur ekki komið til neinna árekstra á þessum lið, sýslurnar tvær standa að þessu safni og ætla að kosta það. En samtökin skipuleggja málið í heild.

Þá vil ég enn nefna sem lið í starfsemi sýslunnar hjálp við einstök sveitarfélög með erfið verkefni, sem þau hafa með höndum, t. d. byggingu heimavistarskólanna. Þessi hjálp er þó ekki stórvægileg, en það eru nokkrir tugir þúsunda, sem reynt er að greiða árlega til þess að létta aðeins hlut sveitarfélaganna í þessum efnum.

Þá er að nefna stuðning við ýmis félagasamtök, t. d. samtök atvinnuveganna, eins og búnaðarsambandið og fiskideildina, og að öðru leyti ýmis almenn félagasamtök, eins og kvenfélög, ungmennafélög, skógræktarfélög o. s. frv. Þessum félögum eru veittir smástyrkir úr sýslusjóði. Ekki er það afgerandi fyrir starfsemi þeirra, en auðvitað vel þegin stuðningur.

Þá má enn nefna atriði eins og þátttöku í kostnaði við byggingafulltrúa, milligöngu sýslunefndanna í sambandi við laun ljósmæðra og ráðningu þeirra, við smalamennsku á eyðilöndum, við endurgreiðslu á hluta af kostnaði við refaveiðar og umsjón með hundahreinsun o. s. frv.

Enn er ótalið eitt verkefni, sem er nokkuð stórt og veigamikið á vegum sýslnanna, og það eru sýsluvegasjóðirnir. Nú er það ekki nokkur vafi, að í þeim landshlutum, sem ég þekki bezt til, væri heppilegra að hafa þetta sameiginlegt á stærra svæði, vegna þess að þar er þannig ástatt, að ein sýsla af þremur er mjög illa stödd með sýsluvegi, en aðrar miklu betur. Það kæmi því betur út, ef þessu væri jafnað og svæðið haft stærra. En þetta er nokkuð stórt verkefni á vegum sýslnanna.

Þarna hef ég nefnt nokkur helztu verkefnin. Nú er spurningin: Hafa landshlutasamtökin farið inn á þessi verkefni? Eins og ég sagði áðan, get ég að vísu ekki svarað því afgerandi fyrir aðra landshluta, en það leyfi ég mér að fullyrða, að ekki í einu einasta atriði hafa orðið árekstrar á milli sýslufélaganna á Austurlandi annars vegar og landshlutasamtakanna þar hins vegar, ekki einu einasta atriði, enda gefur það auga leið af þeim dæmum, sem ég tók annars vegar af starfsemi landshlutasamtakanna og hins vegar af starfsemi sýslnanna, að það er allt annars eðlis. Þarna er um tvennt ólíkt að ræða.

Samtök sveitarfélaganna hljóta, fyrst og fremst að vinna að því að skipuleggja heildaraðgerðir og samræma viðhorf hinna ýmsu sveitarfélaga, en sýslufélögin taka að sér að vinna ákveðin störf. Deila má um, hvað þau eru þýðingarmikil. Það hefur aðeins komið fram, að menn álíta, að sýslurnar megi leggja niður. Um það skal ég ekkert segja á þessu stigi. En ég tel mig hafa fært að því mjög sterk rök, að árekstrar eru þarna ekki fyrir hendi. Það sama kemur raunar upp, ef við lítum á 112. gr. frv., sem fjallar um verkefni samtakanna og hefur verið rædd hér sérstaklega. Ég skal ekki fara að endurtaka neitt af því eða bera gr. saman við verkefni sýslufélaganna, eins og ég hef lýst þeim hérna og vafalaust má um þau lesa í sveitarstjórnarl., þar sem fjallað er um starfsemi sýslnanna. En efni 112. gr. fer í engu inn á þau verksvið, sem sýslunum eru mörkuð í lögum.

Nei hér eru ekki árekstrar, engir þarna eystra og ég leyfi mér að álíta, að annars staðar séu þeir ekki heldur, svo að til háska horfi.

Þá er spurningin þessi: Er þörf á þessum lagaramma nú? Er þörf á því fyrir landshlutasamtökin að fá viðurkenningu fyrir tilveru sinni samkvæmt landslögum á þennan hátt? Ég ætla ekki að fara út í neinar rökræður um þetta hér. Ég vil aðeins leyfa mér að vísa til þess, sem hv. 1. flm. sagði um þetta efni, þegar hann lagði frv. fyrir. Við vitum það, sem í þessu stöndum, að það er hikað við að fela landshlutasamtökunum ýmis verkefni, vegna þess að þau hafa ekki raunverulega lagaviðurkenningu, nema þá óbeina í gegnum þær fjárveitingar, sem ákveðið hefur verið, að þeim falli í skaut. En svo má auðvitað benda á það líka, og það væri ólíklegt, ef það kæmi fram alveg að ástæðulausu, að hér er um að ræða eindregnar óskir allra sveitarstjórnarmanna, sem hefur heyrzt frá, um að fá þessa viðurkenningu, fá þennan lagaramma settan.

Það er kannske ekki óeðlilegt, þó að þessi staða hafi skapazt hér, að annars vegar eru þessar óskir sveitarstjórnarmanna, en hins vegar nokkuð ákveðin andmæli tveggja hæstv. ráðh. Þeir hafa hvorugur starfað neitt að ráði í sveitarstjórnum. Þeirra starf hefur verið á öðrum

sviðum, og það er þess vegna eðlilegt, að þeir finni til með öðrum hætti í þessu efni en þeir sveitarstjórnarmenn, sem unnið hafa í landshlutasamtökunum frá byrjun og margir hverjir hafa áður starfað árum saman og jafnvel áratugum að öðrum sveitarstjórnarmálum. Landshlutasamtökin hafa blátt áfram orðið til vegna þess, að það hafa orðið til nýjar þjóðfélagsþarfir, sem þurfti að mæta með þessum nýju héraðsstjórnareiningum, það er ástæðan.

Það hefur verið gagnrýnt, að frv. væri of rúmt og óákveðið, það væri t. d. ekkert í því um fjármálalegt vald þessara samtaka og ekkert um líkleg eða æskileg framtíðarverkefni. En þetta er engin tilviljun. Þetta er gert að yfirlögðu ráði og felur í sér rökstuðning fyrir því, að málið sé afgreitt nú eða fljótlega. Hér er aðeins um það að ræða, eins og margsinnis hefur verið tekið fram áður í umr. um þetta mál, að fá staðfestingu á orðnum hlut. Flm. eru á því að öðru leyti að láta þróunina eða þörfina móta næsta áfanga, alveg eins og gerzt hefur það sem af er, hjá þessum landshlutasamtökum. Það er þetta sem að er stefnt með frv.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en niðurlagsorð mín skulu vera þau, að ég mæli eindregið með því, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Þó að það sé nú farið að fækka hér í hv. d., er það einn hv. þm., sem ég sakna alveg sérstaklega, Stefán Valgeirsson.

Það hefur ekki orðið neinn ágreiningur um það, að þetta frv. sem heild, sem flutt er af þm. úr öllum flokkum, er mikið nauðsynjamál, og það er orðin staðreynd, að landshlutasamtökin hafa verið að hasla sér völl um allt land. Nú alveg nýlega var gefin út mikil áætlanagerð fyrir Suðurland, sem landshlutasamtök þar virðast hafa unnið að verulegu leyti á eigin vegum. Þetta sýnir auðvitað, að þar, sem vel er unnið að þessum málum, verður verulegur árangur. Og um eitt vorum við hv. þm. Stefán Valgeirsson sammála, að hafa áhuga á framgangi málsins.

Fyrr í umr. um þetta mál kom berlega fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, að hann vildi reyna að finna einhverja lausn á þessu máli, að því er varðar sérstök landshlutasamtök sveitarfélaga í Norðurl. v. Nú hefur hv. þm. Stefán Valgeirsson sagt, að hann botnaði ekkert í þeirri till., sem ég og hv. þm. Björn Pálsson flytjum um, að það ákvæði skuli gilda, að landshlutasamtökin fari eftir kjördæmum, eins og gerist alls staðar annars staðar en á Norðurlandi. Og af hverju hefur þetta atriði farið svo óskaplega í fínu taugarnar á hv. þm.? Ég álít, að bæði hæstv. forsrh. og ég vitum ofurlítið um það, sem fólk í okkar kjördæmi vill, kannske fullt eins vel og hann. Það var haldinn fundur á Sauðárkróki á s.l. hausti, þar sem sveitarstjórnarmenn úr stórum hluta kjördæmisins voru mættir og mikill meiri hluti þeirra vildi vinna að því, að sérstök landshlutasamtök yrðu gerð fyrir Norðurl. v. Ætli það geti hugsazt, að það sé út af því, að náttúrlega er Norðurl. e. miklu, miklu sterkari aðili í Fjórðungssambandi Norðlendinga? Á því er auðvitað enginn vafi, og með þessu er ég ekki á neinn hátt að kvarta undan því, að það hafi verið hallað á okkur í vestara kjördæminu. En hvaða rætur eru á bak við það að vilja alls ekki lofa íbúum í kjörd. að vestan að vera með sérstök landshlutasamtök? Fólkið er búið að mjög verulegum hluta að taka afstöðu til þessa. Ég veit ekki betur en að í bæjarstjórninni á Sauðárkróki hafi þetta verið einróma samþykkt. Auk þess segir í okkar till.: „Heimilt er tveimur landshlutasamtökum að hafa sameiginlega fundi og framkvæmdastjórn, áliti þau það hagkvæmt". Með þessum hætti geta þessi tvö landshlutasamtök unnið saman, á sama hátt og þau hafa gert, og ég get ómögulega skilið hinn mikla áhuga háttvirta þm. á því, að það megi ekki setja þetta í lög, öðruvísi en að hann vilji endilega hafa þetta óbreytt, ég sé að svipta umbjóðendur mína sjálfræði, eins og hann sagði í fallegri vísu. Ég er því miður ekki skáld, svo að ég get ekki svarað honum á sama hátt. En þetta er mesti misskilningur. A. m. k. umbj. hæstv. forsrh. og minir og samtök Alþb. í kjördæminu — ég veit ekki betur — hafa beinlínis lýst því yfir, að þeir vilji þetta. Ég veit, að a. m. k. einhverjir af sjálfstæðmönnum hafa einnig lýst því yfir.

Rök okkar fyrir því, að þetta þurfi að gera, eru ósköp einföld. Fyrir hálfu öðru ári eða svo var samþykkt hér á hv. Alþ. till. um að gera landshlutaáætlun fyrir Norðurl. v., að ég ætla með öllum atkvæðum hv. þm. Ég spurðist fyrir um þessa till. snemma á þessum vetri, og þá sagði hæstv. forsrh., að það væri verið að vinna að henni og Skagaströnd væri langt komin. Skagaströnd er ekki allt kjördæmið. Ég spurðist fyrir um það í Framkvæmdastofnuninni fyrir nokkrum dögum, hvort Skagaströnd væri búin. Nei, aldeilis ekki, það er alveg verið að ljúka við hana. Hæstv. forsrh. spáði því í haust, að það mundi taka ár. Með þessu áframhaldi sýnist mér, að þetta muni taka 10 ár. Ég get þess vegna ekki séð annað en það muni vera hagkvæmara fyrir kjördæmið að vinna að þessum málum sjálft með sínum landshlutasamtökum á móti Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson gefur sér þá forsendu, að íbúar kjördæmisins vilji þetta ekki. Hvernig veit hann það? Það er alveg bjargföst trú okkar a. m. k. margra þm. úr kjördæminu og líklegast flestra eða allra, að það sé rétt að gera þetta, og það sem meira er, við höfum fengið tvímælalausar ábendingar frá sveitarstjórnarmönnum í kjördæmunum, að þetta verði gert. Þess vegna höfum við borið þetta fram. Hitt er svo annað mál, og því hef ég alltaf haldið fram, að ég álít, að þessi kjördæmi eigi með einhverjum hætti að vinna sterklega saman að mörgum málum, sem varða bæði kjördæmin, og það á við um fleiri kjördæmi. Það getur vel verið, að það sé hægt að hugsa sér, að t. d. Vesturland og Vestfirðir gætu unnið saman að ýmsum málum, og þá á ég bæði við vegamál og ýmislegt annað. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að þetta gæti einnig gerzt fyrir norðan. En ég sé heldur ekkert því til fyrirstöðu, að stofnuð séu sérstök landshlutasamtök fyrir Norðurl. v., m. a. til þess

að vinna að áætlunargerðum og uppbyggingu atvinnulífsins og öðru því, sem slík samtök gera í kjördæmunum. Hv. síðasti ræðumaður var einmitt að lýsa því, hvað landshlutasamtök Austurlands hefðu gert hér mikið átak, Suðurlandið vitum við um, en svo kemur hv. 4. þm. Norðurl. e. og fer að predika fyrir okkur, að það sé verið að taka sjálfræði af okkar umbjóðendum. Ég fyrir mitt leyti a. m. k. þori alveg að standa andspænis mínum umbjóðendum og veit, að þeir eru sammála því, sem ég var að segja hér. Og mér finnst satt að segja, að þessi hv. þm. ætti að lofa okkur að fást við þessi mál sjálfum, en vera ekki að ganga þarna fram fyrir skjöldu. Þar að auki efast ég um, að allir í eystra kjördæminu séu endilega sammála um, að ekki megi gera þetta.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það var nú dálítið skemmtileg ræða, sem hv. 2. landsk. þm., Pétur Pétursson, flutti hér áðan. Hann talaði um, að eiginlega allir í kjördæminu, að mér skildist, vildu skipta fjórðungssambandinu í tvennt. En svo flytur þm. á þskj. 658 till. um, að þetta skuli vera gert með valdboði. Hvað hindrar þessa menn? Hvað hindrar þá í að gera þetta? Þetta er merkilegur málflutningur. Það skyldi nú ekki vera, að þm. óttist innst inni með sér, að það væri ekki meiri hl. fyrir þessu í vestra kjördæminu, eða hvers vegna er þá verið að flytja þessa till? Hvers vegna lætur ekki þm. reyna á þetta? Það er það eina, sem ég vil, ekkert annað. Ef sveitarstjórnarmenn fyrir norðan, t. d. í vestra kjördæminu, vilja skipta, eiga auðvitað þeir að gera það. Það er alveg sjálfsagt mál. En að fara að gera það með valdboði, það er það, sem okkur greinir á um.

Nú vill svo vel til eða illa kannske að dómi hv. þm., að ég er formaður félmn. þessarar d. Þess vegna er ég að ræða þessi mál, af því að þetta mál kom til þessarar n. Ég vil ekki stuðla að því, að það sé verið að svipta menn sjálfræði í svona máli. En það er það, sem hv. þm. er að tala hér fyrir, og ekkert annað. Ef sveitarstjórnarmenn fyrir norðan vilja á annað borð skipta þessu fjórðungssambandi, eiga þeir auðvitað að gera það. Það er ekkert sem hindrar þá. En þessi aðferð er ekki eðlileg, og það er þess vegna, sem ég tala á móti henni. Það er alveg rétt, sem þm. sagði, að eystra kjördæmið er sterkari aðilinn í þessu. En það breytir ekkert málinu. Ef hinir í vestra kjördæminu telja, að þeir hafi verið einhverjum rangindum beittir þar, geta þeir auðvitað sjálfir klofið sig frá, enginn heldur í þá. En ef það skyldi hins vegar vera, eins og mætti ætla af síðustu ræðu þm., að því væri öðruvísi farið, að það væri kannske ekki meiri hl. fyrir þessu og þess vegna væri ekki hægt að gera það öðru vísi en með valdboði, er málið ekki nógu gott að mínum dómi. Hverju breytir það, sem þm. sagði áðan í sambandi við þessa landshluta eða þessa áætlun Skagastrandar? Er ekki Framkvæmdastofnunin að vinna það verk? Hefur nokkuð verið unnið að neinni áætlun fyrir norðan fram að þessu? Nú er hins vegar verið að ráða einn eða tvo menn að fjórðungssambandinu til þess að gera þetta. Og það kann að vera, að þetta sé eitt af þeim verkefnum, sem þeir eiga að vinna að. Ég veit það ekki, en mér þykir það líklegt. En það er alveg nýtt fyrir mér, ef vestra kjördæmið verður útundan að þessu eða öðru leyti. Ég hef nefnilega líka talað við sveitarstjórnarmenn í vestra kjördæminu, og ég veit hug þeirra sumra a. m. k.

Ég ætla ekki að stuðla að næturfundi um þetta mál, ég var í raun og veru búinn að ræða allt áðan, sem ég þurfti. En fyrst þm. var sérstaklega að gera mér boð um að koma hingað í salinn til að hlusta á sitt mál, gat ég ekki annað en orðið við því að svara þessari ræðu hans. En ég vil taka það enn og aftur fram, að ég mun ekki, hvorki í löggjöf né öðru, hindra það, að þessi kjördæmi geti skilið, ef sveitarstjórnarmenn í vestra kjördæminu, meiri hl. að segja, óskar þess. Og það er rétta leiðin.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er almenn trú hér í þinginu, að mál batni við það að fara í gegnum þn., en ég er mjög efins um, að svo hafi orðið í sambandi við þetta mál. Þegar þetta mál kom fram hér í hv. d., sýndist mér, að hér mundi vera um gott mál að ræða, eins og það var þá formað og 1. gr. þá orðuð. Þess vegna er afstaða mín til þessa máls sú, að rétt sé af okkur hér í hv. deild að halda okkur að upphaflegu orðalagi 1. gr., sem mest hefur verið um deilt. Að mínum dómi eru þær brtt., sem fram hafa komið, bæði frá meiri hl. n. og minni hl., þess eðlis, að ég get ekki fellt mig við þær.

Ef ég tek fyrst fyrir þá brtt., sem liggur fyrir á þskj. 658, frá hv. 2. landsk. þm., Pétri Péturssyni, og hv. 5. þm. Norðurl. v., Birni Pálssyni, er ég þeirri till. algerlega andvígur, vegna þess að hún merkir í raun og veru klofning Fjórðungssambands Norðurlands. Ég tel þetta vera óþurftarmál og það sé gerræði að ætla með lögum frá Alþ. að kljúfa frjáls samtök, sem stofnuð hafa verið að réttum lögum. Auk þess tel ég sjálfsagt að halda núv. skipulagi þessara mála, eins og nú er á fjórðungssambandinu, að það nái yfir bæði kjördæmin á Norðurlandi. Ég tel, að það stuðli að æskilegri samvinnu og samstarfi milli allra Norðlendinga, og þetta samstarf yrði rofið, ef þessi till. hv. þm. yrði samþ. Ég er fyrst og fremst andvígur þessari till. af þessum ástæðum. Auk þess er alveg ljóst, að það hafa ekki komið fram nein skýr tilmæli úr fjórðungnum um að hafa þennan hátt á, sem lagt er til í þessari brtt., að skipta fjórðungssambandinu. Hv. 2. landsk., Pétur Pétursson, hefur að vísu greint frá því, að meiri hl. fundar sveitarstjórnarmanna í Norðurl. v., haldinn á Sauðárkróki í fyrra, hafi ályktað sem svo, að rétt væri að vinna að stofnun sérstaks landshlutasambands fyrir það kjördæmi. En mér er alveg ókunnugt um, að þessi tilmæli hafi borizt hingað til þingsins. Ég hef a. m. k. ekki séð þau.

Svo að ég víki aftur að breytingu meiri hl. n., þá sýnist mér, að hún sé sízt til bóta, miðað við það, sem stendur upphaflega í frv., eins og það var lagt fram. Frv. gerir upphaflega ráð fyrir því, að löggild séu þau landshlutasamtök sveitarfélaga, sem þegar hafa verið stofnuð sem frjáls samtök. Þessu er ég sammála. Ég tel eðlilegt, að það sé gert, ef við á annað borð förum að löggilda eitthvað í þessa átt hér. En breyting-

in gerir aftur ráð fyrir því, sýnist mér, að ráðherra sé gefið vald til þess að ráðskast með svæðaskipun fjórðungssambandanna, að vísu að höfðu samráði, eins og þar segir, við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta fullnægir ekki mínum skilningi á þessu máli, og ég tel, að þessi till. sé sízt til bóta, og get því ekki stutt hana.

Ég vil aðeins af gefnu tilefni frá hv. 2. landsk. þm. minnast hér örlítið á Skagastrandaráætlunina. Það sanna í málinu er, að Skagastrandaráætlunin svonefnd má heita fullbúin og unnin á vegum Framkvæmdastofnunarinnar og trúlegt, að hún verði birt fljótlega. En í framhaldi af því vil ég geta þess, að það verður gengið í það mjög bráðlega að gera áætlun fyrir allt Norðurl. v. og fyrir Húnaflóabyggðir sérstaklega og Strandabyggðir þar með. Ég vil, ef hv. þm. hefur eitthvað misskilið þetta, koma þeirri leiðréttingu að, að Skagastrandaráætlunin má heita fullbúin og víðtækri áætlunargerð í undirbúningi. Við skulum vona, að hún sjái dagsins ljós, áður en langt um líður.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki að fara að lengja þessar umr. eða blanda mér inn í það deilumál, sem hér er orðið aðalatriði málsins. Ég hygg, að ég sé einn í hópi þeirra manna, sem hafa komizt það mikið í snertingu við sveitarfélögin, að mínar tilfinningar og hugsanir séu kannske allt að því of miklar sem sveitarstjórnarmanns, miðað við þau verkefni, sem ég sinni nú. Mér er það afskaplega vel ljóst, að sveitarfélögunum er þörf á miklu meira samstarfi en áður var. Þau eru farin að fást við miklu stærri og meiri verkefni, sem eru ókleif, nema þau hafi um það samstarf sín á milli. Mér finnst því, að það fari vel á því, að þau hafi sjálf átt forustu um frjálst samkomulag til þess að hrinda áfram hinum stærri verkefnum, og það þurfa þau að gera.

Ég þykist nú sjá það, að þeir tímar komi, að ýmislegt breytist varðandi skipun sveitarfélaga, og væri ánægjulegt, ef það gæti gerzt með þeim hætti, að það væri afleiðing af þeirra vinnubrögðum. Út í þetta ætla ég ekki að fara sérstaklega núna, m.a. tímans vegna, en ég vildi segja það í tilefni af því, sem hér hefur komið fram um samstarf sveitarfélaganna og ríkisins, að þetta hefur lauslega verið rætt í ríkisstj. Ég mun reyna að styðja að því, að upp verði tekið samstarf á milli ríkistj. og sveitarfélaga, og þá stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, um verkaskiptingu eða athugun á verkaskiptingu á milli þessara aðila. Ég held, að nauðsynlegt sé, að það sé gert með frjálsu og óþvinguðu samkomulagi þessara tveggja aðila. Báðir eiga þeir mikið undir því, að samstarfið sé mjög gott, og það getur verið það. Þeir geta með sameiginlegri vinnu fundið það bezta út úr verkaskiptingunni, sem á að vera þeirra á milli, því að það er með hana eins og annað, að breyttir tímar krefjast endurskoðunar þar á. Með þeim breytingum eins og t.d. voru gerðar í fyrra og gerðar hafa verið áður hefur ýmislegt færzt til í þeim efnum, og nauðsynlegt er, að það verði endurskoðað og reynt að samræma það.

Það, sem ég vildi því aðeins segja um þetta, er, að mér hefði þótt skemmtilegra, að slíkt mál sem þetta þyrfti ekki að vera deilumál hér í þinginu, sérstaklega ekki deilumál á milli aðila innbyrðis, en út í það skal ég ekki blanda mér. Ég vil hins vegar segja það, að ég tel brýna nauðsyn að taka upp samstarf á milli ríkisstj. og Sambands ísl. sveitarfélaga um verkaskiptingu og tekjuskiptingu þessara aðila og mun reyna að eiga aðild að því, eftir því sem geta mín leyfir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 98. fundur.

Þriðjudaginn 17. apríl, kl. 1,30 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 773). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Eftirlaun starfsmanna stjórnmálaflokkanna, frv. (þskj. 738). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 674). — 3. umr.

Auður Auðuns: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr., lét ég þess getið, að í félmn. hefði verið nokkuð rætt um hugsanlegan flutning brtt. við 12. gr. l. um Húsnæðismálastofnun, þ.e.a.s. skyldusparnaðarkaflann, þá grein, sem fjallar um, hverjir séu undanþegnir sparnaðarskyldu.

Nú hefur farið svo, að n. mun ekki flytja brtt. um það efni, og leyfi ég mér því að bera fram hér skriflega brtt., sem er flutt af okkur 1. landsk., Eggert G. Þorsteinssyni, og 5. þm. Vestf., Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Þessi brtt. er við 12. gr. húsnæðismálastofnunarlaganna. Í þeirri grein segir: „Undanþegnir sparnaðarskyldu eru“. Síðan eru þeir taldir upp undir stafliðum, og er það stafliður D, sem brtt. er við. Hann er svo hljóðandi í l. núna: „Þeir, sem hafa börn eða aðra skylda ómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, sem hafa yfir 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.“ Núgildandi lög eru frá því í maí 1970, og viðmiðunartala eða hámarkstekjur, sem þarna er miðað við, 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, er orðin úrelt. Ég vil taka það fram, að það hefur alltaf verið skilið svo við framkvæmd l., að skattskyldar tekjur þýddu í þessu tilfelli skattgjaldstekjur, þ.e.a.s. tekjur, þegar frádrættir hafa verið frá þeim dregnir. Þessi upphæð er

vitaskuld nú orðin úrelt. Það mætti kannske rifja það upp, að upphaflega var viðmiðunin 30 þús. kr. og stóð svo lengi, að ég ætla allt fram til ársins 1970, þegar l. voru endurskoðuð og viðmiðunin hækkuð upp í 75 þús. kr. Nú er hún enn orðin úrelt, svo sem öllum hv. þdm. má ljóst vera. Ég hef fengið upplýsingar frá Framkvæmdastofnuninni um hækkun á Dagsbrúnarkaupi. Meðalhækkun, sem Framkvæmdastofnunin miðar við, og hefur þá bæði vinnuvikustyttting svo og lenging orlofs verið reiknuð inn í töluna, er mér gefin upp að sé 99% síðan í maí 1970. Það er því auðsætt, að þessi tala, sem nú stendur í l., 75 þús. kr., er orðin algerlega úrelt. Þó er á hitt að líta, að það er auðvitað ýmislegt, sem hefur áhrif á, hverjar séu skattgjaldstekjur. Það eru frádrættir og skatta- og tekjustofnalög yfirleitt á hverjum tíma, sem hafa auðvitað sitt að segja í þeim efnum. Ég býst við, að við getum orðið sammála um, að það sé óheppilegt að hafa í l. ákveðna tölu, sem eftir örfá ár er komin úr samræmi við það, sem henni var upphaflega ætlað, og það sé rétt að setja einhver ákvæði um, að slíkar tölur breytist til samræmis við — við skulum segja í þessu tilfelli kaupgjaldsvísitölu frekar en framfærsluvísitölu. Því flytjum við skriflega brtt., sem er þannig, að á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., sem sé svo hljóðandi:

„D-liður 12. gr. l. orðist svo:

Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 125 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá. Tekjuhámark samkvæmt framansögðu breytist eftir kaupgjaldsvísitölu eins og hún er á hverjum tíma".

Það, sem í þessari brtt. felst, er sem sé að hækka tekjuhámarkið úr 75 í 125 þúsund kr. Okkur þótti vera fulllangt gengið að tvöfalda það, þó að kaup hafi hækkað um 100%. Hin breytingin, sem í þessari till. felst, er að binda upphæðina við kaupgjaldsvísitölu eins og hún er á hverjum tíma.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa öllu fleiri orð um þessar brtt. okkar eða um frv. Það má geta þess, að áætlað er, að nú á þessu ári gefi skyldusparnaðurinn um 103 millj. kr. Slík breyting sem þessi mundi auðvitað ekki snerta hann nema að einhverju leyti, og mundi að sjálfsögðu valda einhverri lækkun á tekjum byggingarsjóðs. Það er erfitt að áætla þá rýrnun. En ég held, að hún eigi ekki að vega þungt í þeirri stóru tölu, sem heildartekjur sjóðsins munu verða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 785) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þessari till., sem hér hefur verið lögð fram skriflega nú, hafði áður verið hreyft í hv. félmn., og var ekki annað að heyra þar en fullur velvilji væri fyrir því að endurskoða þetta ákvæði. Reyndar er auðsætt, að það hafa orðið svo miklar breytingar á öllu verðgildi peninga, að hafi þessi upphæð verið réttmætlega ákveðin 75 þús. kr. 1970, ber auðvitað að hækka hana.

Á hitt ber að líta, að við erum hér á síðustu dögum þingsins og höfum trúlega aðeins rúm fyrir einn örstuttan fund fyrir utan það, sem við kunnum að geta lokið nú á þremur stundarfjórðungum. Það er því svolítið hættuspil fyrir framgang mála að vísa þeim á milli d., og við erum þess sinnis, a. m. k. í meiri hl. félmn., að við teljum, að hér sé um mál að ræða, sem þurfi að ganga fram fyrir þinglok. Ég hef, eins og allir aðrir í félmn., fulla samúð með þessari brtt. eða einhverri annarri, sem gengi í svipaða átt, og tel nauðsyn á, að þessi upphæð sé endurskoðuð. En ég vil líka geta þess, þar sem hæstv. félmrh. er hér ekki viðstaddur, að ég ræddi þetta mál við hann og hann var einnig þess sinnis, að það bæri að athuga þetta, og kvaðst mundu beita sér fyrir endurskoðun á þessu ákvæði svo fljótt sem við yrði komið. Hann var hins vegar andvígur því, að málið færi nú að flytjast milli d. og afgreiðsla þess yrði lögð í hættu. Ég held, að það sé nokkuð til í þessu. Hér er um mál að ræða, sem a. m. k. mjög auðvelt er að koma með brtt. við. Það hafa legið frammi brtt., og að sumu leyti eru skiptar skoðanir um þetta, þannig að þá er ekki hættandi á það, ef menn vilja koma málinu fram á annað borð, að fara nú að gera á því breytingar. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn brtt., en játa hins vegar, að hér er um mál að ræða, sem sjálfsagt er að athuga og breyta sem fyrst.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hv. deildarforseti hefur lýst afstöðu sinni til till., sem hann og að ég ætla einnig aðrir hv. nm. í félmn. líta vinsamlegum augum, en treystir sér ekki til að leggja frv. í þá hættu, að það þurfi að fara enn á milli d. Ég sé ekki, að það þyrfti að vera mikið í húfi, því að þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. En ég met mikils að fá fram góðan hug þm. til þessa máls og þá fyrst og fremst yfirlýsingu hæstv. félmrh., sem deildarforseti hefur eftir honum haft hér í d. Í trausti þess, að þetta ákvæði laganna verði tekið til athugunar fyrir næsta þing og á því gerðar þær lagfæringar, sem bersýnilega er nauðsynlegt að gera, tek ég þessa brtt. aftur fyrir hönd okkar flm.

ATKVGR.

Brtt. 785 tekin aftur. Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 792).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 780). — 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við vorum rétt áðan að afgreiða frá þessari hv. d. frv. um launaskatt. Samkv. því frv. eru tekjur sjómanna undanskildar 2½% launaskatti, ríkissjóður er sviptur tekjum af launaskatti sem nemur 1½%, en byggingarsjóður ríkisins um 1%. Auk þess er í þessu frv. ákvæði, sem þýðir það, að tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins almennt af 1% launaskatti, sem var varanlegur tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt l. um launaskatt frá 1965, á núna aðeins að gilda til áramóta.

Í sambandi við þetta síðara atriði gerði ég fsp. til fjmrh. í þessari hv. d. í gær, og hann upplýsti, að það hefði verið fyrir mistök, sem tekjustofn byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti væri látin renna út um næstu áramót. Hann lofaði að gera ráðstafanir til þess, að tekjur byggingarsjóðsins af launaskatti yrðu varanlegar, eins og ákveðið var með l. frá 1965. En nú kemur einnig í ljós, eins og ég hef áður lýst hér í d., að þetta frv. um launaskatt felur í sér, að byggingarsjóðurinn er strax sviptur, eins og ég sagði áðan, tekjum af launaskatti sjómanna. Þetta nemur, að því er ætla má, a. m. k. um 25 millj. kr á þessu ári, miðað við það, að lagt sé til grundvallar, að aflahlutur sjómanna sé 2500 millj. kr. á ári, eins og valkostanefnd ríkisstj. reiknaði með á sínum tíma.

Nú er það frá mínu sjónarmiði mjög alvarlegt mál, að byggingarsjóður ríkisins sé sviptur tekjum, sem hann hefur haft, eða tekjustofnar hans skertir. Þetta er þeim mun alvarlegra þar sem með því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir stórauknum útgjöldum byggingarsjóðs ríkisins, án þess að gert sé ráð fyrir að efla tekjustofnana. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. að því, hvernig það sé eins með þessa skerðingu á tekjum byggingarsjóðs ríkisins vegna afnáms launaskatts af sjómönnum. Spurt er um, hvort hér hafi verið um misskilning að ræða, eins og í hinu tilvikinu, eða hvort þetta sé gert af ásettu ráði. Mér þykir nokkru varða að vita um þetta. Ef hér hafa orðið mistök, vil ég leyfa mér að spyrja, hvort þau verði leiðrétt þannig, að ekki komi til þessarar tekjuskerðingar á þessu ári.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér þykir það furðu sæta, ef það er aðalatriðið fyrir hv. þm. að vita um orsökina til þess, hvort það hafi verið af misskilningi eða af ásettu ráði, að byggingarsjóður ríkisins varð fyrir tekjuskerðingu. Mér finnst þetta vera algert aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, hvort byggingarsjóður ríkisins verður fyrir tekjuskerðingu eða ekki, og um það atriði vil ég segja það, að hafi um misskilning verið að ræða varðandi tekjuskerðingu, held ég, að sá misskilningur hljóti að verða leiðréttur, og ég treysti hæstv. fjmrh. fyllilega til að leiðrétta allan slíkan misskilning. Ég veit, að byggingarsjóði ríkisins þarf að sjá fyrir nýjum tekjustofnum, og ég treysti á það, að áhugamenn um húsnæðismál, bæði í stjórnarflokkunum og í stjórnarandstöðu, leggi sig alla fram, svo sem þeir mega og megna, til þess að byggingarsjóði ríkisins verði séð fyrir nægilegum tekjum, svo að afturkippur verði ekki í byggingu nauðsynlegs íbúðarhúsnæðis, innan hóflegra marka, sem byggingalöggjöfin hefur sett. Ég treysti á allra manna samstöðu, og fyrst og fremst treysti ég þá á hina mestu áhugamenn um lausn húsnæðismálavandans í því efni.

Hér er alls ekki um ásetning að ræða í því að skerða tekjur byggingarsjóðs ríkisins, því að ég veit, að allir vilja auka tekjur byggingarsjóðs ríkisins, til þess að hann geti gegnt sínu hlutverki. Ég horfist í augu við þennan vanda í þeirri fullvissu, að allir verði samtaka um að leysa þennan vanda. En ég tel einskis virði að svara því, hvort þarna hafi verið um ásetning að ræða um að skerða tekjur sjóðsins. Það er alveg víst, að það hefur enginn haft slíkan ásetning, og hafi um misskilning verið að ræða, verður áreiðanlega úr því bætt af hendi fjmrh. Ég treysti því.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svar hans, um leið og ég lýsi miklum vonbrigðum yfir efni svarsins. Í raun og veru svaraði hann ekki spurningu minni. En hann sagði, að það væri furðulegt að vera að spyrja um það, hvort hér væri um ásetning að ræða eða tilviljun, að skertir væru tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins með afnámi launa skatts af tekjum sjómanna. Mér finnst þetta ekkert furðulegt. Mér finnst það furðulega í þessu, að það kemur fram í svari ráðherra, að hann virðist ekki vita, hvort það hafi verið tilganguriinn með frv. um launaskatt að skerða tekjur byggingarsjóðs, eins og ég áður greindi, eða hvort það hafi orðið fyrir tilviljun. Þetta þykir mér ákaflega lélegt svar, vægast sagt. Þegar ég spurði um hitt atriðið varðandi launaskattinn og ég lýsti því hér áðan, var hæstv. fjmrh. ekki í neinum vafa, hvað hafði skeð varðandi það. Það höfðu orðið mistök, eftir því sem hann upplýsti, og hann ætlaði að leiðrétta þau.

En það er ekki hægt að fá það út hjá hæstv. félmrh., hvort það séu mistök, að frv. um launaskattinn sviptir byggingarsjóðinn álitlegum tekjum, eða hvort það hafi verið ásetningur að gera slíkt. Það breytir að sjálfsögðu engu í þessu efni, þó að hæstv. félmrh. segi, að það þurfi að efla almennt tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins. Um það var ég ekki að ræða og ætla ekki að fara að ræða. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur milli okkar um það, þó að það sé náttúrlega mikill munur á orðum og athöfnum hæstv. félmrh. í því efni. Hann hefur sagt, frá því að hann tók við stjórn húsnæðismálanna að þessu sinni, að hann ætlaði að efla tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins, en hann hefur ekkert gert í því efni. En nú er það svo, að það á að skerða tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins sem þessari upphæð nemur, sem ég hef greint frá. Kann að vera, að hæstv. félmrh., sem talar um brýna þörf fyrir að efla tekjustofna byggingarsjóðs ríkisins, sjái það úrræði til að bæta úr því, sem gert hefur verið, að ríkissjóður leggi fram þessa fjárhæð á þessu ári. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum yfir því, ef hæstv. félmrh. getur ekki svarað jafnsjálfsagðri spurningu og gefið jafnedlilegar upplýsingar og hér er spurt um. Og í tilefni af því, að honum þótti í sínum orðum ástæða til að lýsa þörfinni á því að efla byggingarsjóð ríkisins, ítreka ég það, sem ég hef þegar sagt. Mun hann þá hugsa sér að fara þá leið til þess að bæta úr því, sem hefur verið gert, að ríkissjóður veiti 25 millj. á þessu ári til að bæta tekjumissi byggingarsjóðsins?

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég svaraði spurningu hv. þm. beint og krókalaust, að mig skipti það engu máli, hvort misskilningur hefði valdið tekjuskerðingu byggingar-

sjóðs eða ásetningur, og fullyrti þó, að enginn hefði ásetning um slíkt. En hins vegar taldi ég, að misskilningur, ef um hann væri að ræða, yrði áreiðanlega leiðréttur og ég bæri fullt traust til hæstv. fjmrh. um það.

Svo mikið er víst, að hingað til hefur ekkert staðið upp á byggingarsjóð ríkisins um að fullnægja sínum skyldum við þá, sem hafa sótt um lán til byggingarsjóðsins innan ramma þeirrar löggjafar, sem þar um gildir. Framvegis mun og allra ráða verða leitað til þess, að byggingarsjóður ríkisins geti innt sínar skyldur af hendi lögum samkvæmt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða hér húsnæðismál, en sannast sagna hefur mig furðað á — kannske dáðst að einstakri snilli tveggja hæstv. ráðherra, hæstv fjmrh. í gær og hæstv. félmrh. nú, í því að vefja mál án þess að koma nokkurn tímann að því, sem spurt er að.

Hæstv. fjmrh. var spurður hér í gær varðandi launaskattsfrv., sem sjáanlega er misskilningur í og einhver klaufaskapur, — en sleppum því, það skiptir ekki máli í þessu sambandi, heldur fjármálahliðin, — þá var hann spurður að því sama hér og hæstv. félmrh., varðandi þann tekjumissi, — við skulum segja, að hann sé 25 millj. kr., það skiptir ekki öllu máli, hann er eitthvað nálægt því, — sem húsnæðismálastjórnin verður fyrir í ár, — hann var spurður að því, hvernig ætti að bæta þetta. Og hann svaraði því, að þetta mál yrði til ítarlegrar athugunar og á næsta hausti yrðu gerðar ráðstafanir til þess, ef ég man rétt, að aðskilja þessa tvo þætti málsins. Þetta er hans svar.

Hæstv. félmrh. segir, að það sé áreiðanlega sá velvilji fyrir hendi, að hafi verið misskilningur í sambandi við þetta mál, muni úr því verða bætt með einhvers konar tekjuöflun. Er ómögulegt að fá því svarað, eða hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert sér enn þá grein fyrir því, hvort ríkissjóður ætlar að taka á sig þessar 25 millj. kr., sem þessi löggjöf um launaskattinn sviptir húsnæðismálastjórnina, eða ekki? Málið er ákaflega einfalt. Af hverju er ekki hægt að fá þessu svarað? Af hverju þarf alla þessa vafninga? Ætlar ríkissj. í ár að bæta byggingarsj. ríkisins þessar 25 millj. kr. eða ekki? (**Félmrh.:** Ég er alveg viss um, að það verður gert.) En því þá ekki að segja þetta áðan? (**Félmrh.:** Af því að ákvörðun hefur ekki verið tekin um það enn þá. Ég fullvissa þig um, að þetta verður gert.) Jæja, það er gott og blessað. En ríkisstj. hefur sem sagt ekkert ákveðið um það enn þá, hvort hún ætli að gera það. Hæstv. félmrh. veit þá ekkert um það annað en . . . . (Gripið fram í.) Já, engu öðru var svarað en að þetta væri komið á hreint. En ég veit ekki, hvað er hreint í núv. ríkisstj., það er ákaflega erfitt að átta sig á því. En sem sagt, það er þá gott, ef það liggur ljóst fyrir, að það er hugsun einhverra, sennilega hæstv. félmrh., að beita sér fyrir því í ríkisstj., að ríkissjóður leggi fram 25 millj. kr. í ár til Húsnæðismálastofnunarinnar. Það munar náttúrlega ekki um einn pinkil á Skjónu, það hefur annað eins verið gert nú, það liggur ljóst fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 793).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 702, n. 765 og 766, 746). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. það, sem hér um ræðir, er upphaflega komið til Alþ. sem væntanleg staðfesting á brbl., sem sett voru á s.l. sumri, 11. ágúst 1972, og fjölluðu um tekjuskatt þeirra manna, sem náð höfðu 67 ára aldri á skattárinu. Lögin voru þess efnis, að tekjuskatt þessara manna skyldi fella niður, ef hann væri 14 þús. kr. eða lægri hjá einstaklingum, en 22 þús. kr. eða lægri hjá hjónum, og síðan hlutfallslega lægri upphæð, eftir því sem tekjuskattur manna var meiri, allt upp í 56 þús. kr. fyrir einstakling og 88 þús. kr. fyrir hjón.

Í meðförum þingsins hafa komið fram ýmsar brtt. við þetta frv. og þá í fyrsta lagi varðandi tekjuskatt gamla fólksins, og þær breytingar hafa verið gerðar, að tölurnar í brbl. hafa verið hækkaðar úr 14 þús. kr. í 18 þús. kr. hvað snertir einstaklinga, úr 22 þús. kr. í 26 þús. kr. hvað snertir hjón, þannig að tekjuskatt að upphæð 18 þús. kr. og 26 þús. kr. ber að fella niður, en þar til viðbótar breytast þessar tölur í hlutfalli við skattvísitölu, þannig að í rauninni má segja, að hækkunin nemi tvöfaldri skattvísitölu, því að breytingin úr 14 þús. í 18 þús. og 22 þús. í 26 þús. er einnig miðuð við breytingu á skattvísitölu. Hér er því um mjög verulega hagsbót að ræða fyrir aldraða fólkið. Það er um það að ræða sem sagt, að reikna má með, að tekjuskattur hjá einstaklingum 22 þús. kr. og lægri verði algerlega felldur niður og tekjuskattur hjá hjónum 30 þús. kr. og lægri verði felldur niður og síðan hlutfallslega minna hjá þeim, sem meiri tekjur hafa og meiri skatt, þannig að lækkunin deyr væntanlega út við 88 þús. kr. tekjuskatt hjá einstaklingum og 120 þús. kr. tekjuskatt hjá hjónum.

Ég held, að það liggi því nokkuð ljóst fyrir, að eftir þessar breytingar þarf gamalt fólk að hafa talsvert miklar tekjur, ef það á ekki að njóta þessarar skattalækkunar. Og ég held þess vegna, að það megi nokkuð vel við una hvað snertir tekjuskatt aldraða fólksins, eftir að þessi breyting hefur verið gerð.

Ýmsar aðrar breytingar hafa verið gerðar á frv. eftir till. fjh.- og viðskn. Nd., sbr. þskj. 691, eftir till., sem komu frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og frá sjútvrh. á þskj. 614 og 670. Allar þessar breytingar eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis, má segja, en eru þó ekki neinar stórvægilegar efnisbreytingar.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefði vitanlega verið ástæða til þess að hafa allmiklar umr. um skattamál í sambandi við

þetta frv. Það skal ég hins vegar ekki gera, vegna þess að þetta mun vera síðasti þingdagur. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan, að þetta mál er fyrst og fremst staðfesting á brbl., sem gefin voru út með mjög einstæðum hætti á s. l. sumri eða eftir að skattar höfðu verið á lagðir og eftir að það hafði komið í ljós, að hæstv. ríkisstj. hafði fundið, að breiðustu bökin í þjóðfélaginu væru gamla fólkið, þannig að álögur á það höfðu stórkostlega aukizt við skattalögin, sem sett voru á síðasta ári, og í ofurkappi sínu við að koma fyrir kattarnef l., sem sett höfðu verið í tíð fyrrv. ríkisstj., höfðu meira að segja verið afnumin ákvæði, sem veittu ellilífeyrisþegum veruleg skattfríðindi, en hæstv. ríkisstj. neyddist svo vegna ofboðslegrar gagnrýni til þess að lagfæra aftur með þessum brbl., sem eins og ég segi munu vera einsdæmi í okkar sögu, að brbl. skuli breyta sköttum, eftir að skattarnir hafa verið á lagðir. Það held ég, að þekkist ekki. En það er auðvitað betra seint en aldrei, og ríkisstj. sá þó að sér þarna, þó að hún hefði skellt skollaeyrum við aðvörunum, sem bornar voru fram, meðan málið var til meðferðar í Alþ., og ekki viljað hlusta á orð stjórnarandstæðinga þar, okkar sjálfstæðismanna, sem bentum á, að þetta mundi hafa þessar afleiðingar.

Vitanlega er enginn ágreiningur hér á hinu háa Alþ. um, að þessar lagfæringar séu réttmætar og sjálfsagðar, heldur er það spurning, hvort ekki hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að ganga lengri í þessu efni, miðað við allar aðstæður og fylgja því fram, sem hefur verið gert, t. d. í fjölda sveitarfélaga, að það sé ekki lagt á ellilífeyri og örorkubætur, a. m. k. ekki ellilífeyri.

Við höfum leyft okkur í minni hl. n. eða við fulltrúar Sjálfstfl. í n. að leggja fram sömu brtt. og flutt var af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Nd. um það, að til viðbótar þessum frádrætti, sem hér er um að ræða, komi ákvæði þess eðlis, að frádráttarbær skuli vera ellilífeyrir og örorkulífeyrir. Það er einfaldlega þessi breyting, sem við leggjum til, að sé gerð á frv.

Hv. frsm. meiri hl. gat um það, að nokkrar fleiri breytingar hefðu verið gerðar á frv. þessu í Nd., eftir ósk fjmrh., skilst mér vera. Það verður nú að segjast eins og það er, að sumar þessar breytingar eru nánast skringilegar. Það er t. d., að því er ég bezt sé, gerð sú breyting í 9. gr., að þar er sett inn aðskilið ellihrörleiki og veikindi. Ég hef haldið, að ellihrörleiki væri veikindi, en þetta þykir víst orka svo mikið tvímælis, að það er sett hér inn heil grein, sem tekin er upp úr lögunum, til þess að koma þessu ákvæði inn. En það er eitt efnislegt atriði, sem mér finnst skipta máli og nánast sagt er óskiljanlegt. Ég veit ekki, hvort hv. formaður n. getur upplýst, hver meiningin er með þessu ákvæði, en mér þætti það þá mjög fróðlegt og reyndar hefði gjarnan óskað eftir því, að fjmrh. hefði skýrt málið. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp þetta atriði eða þessa klausu úr frv. en hún hljóðar þannig, það er í 8. gr.:

„*Fjmrh. getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárupphæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár*“. — Hvernig veit nokkur um það, hvað honum beri að greiða næstliðið ár, fyrr en álagðir eru skattarnir? — Áfram heldur: „Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðh. er heimilt að miða fyrirframgreiðslu samkv. þessari mgr. við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg“ — o. s. frv. — „skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggj.“. — Svo kemur næsta setning: „Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta,“ — þ. e. a. s. á miðju ári, — „og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs“.

Ég man eftir, að það þóttu ósköp, þegar ég lagði til, að það fengist heimild til að innheimta á næsta innheimtuári 55% eða allt upp í 60% e. t. v. af sköttum, sem maður hafði greitt s. l. ár. En hér er sannast sagna, að í fyrsta lagi er ákvæðið gersamlega óskiljanlegt, hvað þeir eru að fara, við hvað eru þeir að miða, og í annan stað að hugsa sér það, ef á að ganga það langt í skattheimtunni, að menn gera því skóna, að maður sé á miðju ári búinn að greiða alla sína skatta. Þetta er harla gott fyrir ríkissjóð, miðað við, hvað beinir skattar eru orðnir geysilega þungur liður í hans tekjum. Nú orkar það ekki tvímælis, og það var einmitt gagnrýnt, þegar var lagt til, að þetta fyrra ákvæði væri tekið upp, sem ég gat um, að það væru 55 eða 60% af álögðum sköttum fyrra árs, þá var því mótmælt á þeim grundvelli, sem út af fyrir sig var rétt, að þá væri þetta íþyngjandi að því leyti, að meðan dýrtíð væri vaxandi, — og það eru ekki miklar líkur til a. m. k., að hún sé að dragast saman nú fremur en endranær, nema síður sé, — þá sé auðvitað léttbærara fyrir menn að þurfa ekki að borga strax á næsta ári meiri hluta af sköttum sínum, þegar laun fari stöðugt hækkandi, þá verði það léttbærara þeim mönnum að greiða seinni hluta ársins hærri prósentutölu. Þetta er út af fyrir sig efnislega rétt. Þess vegna verð ég að segja það, að mér blöskrar í rauninni þetta ákvæði, að svo miklu leyti sem hægt er að skilja það, ef menn, eins og ég segi, gera ráð fyrir því, að það sé hugsanlegt, að það sé á fyrri hluta næsta árs búið að innheimta alla skatta skattþegns á viðkomandi ári, þannig að ríkissjóður sé jafnvel búinn á miðju árinu að fá lán hjá skattgreiðendum til þess að fjármagna sín útgjöld. Ég hef ekki heyrt og það kom ekki fram í Nd. nokkur skýring á því, — ég veit ekki einu sinni, hvort þar var um það spurt, — en ég vil nú leyfa mér að óska eftir því, að annað hvort hv. formaður n. eða hæstv. fjmrh., — ef þeir hafa hæfi til að skilja þetta sjálfir, en ég kalla þá mjög snjalla menn, ef þeir skilja það, — gæfi skýringu á því, hver meiningin er *með þessu dæmalausa ákvæði, því að þarna virðist vera gert ráð fyrir tveimur, ef ekki þremur reglum, sem fjmrh. geti valið á milli, eftir því*

sem honum hentar. Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar, en mundi mjög óska eftir að fá á þessu skýringu, en mun nú víkja að hinni brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv., en hún er um skattvísitöluna.

Skattvísitala hefur aldrei verið ákveðin á þessu ári með lögmætum hætti. Hún skal samkv. skattal. ákveðin í fjárl. Hún er hvergi ákveðin í fjárl. Það hefur gersamlega gleymzt. Það er getið um hana í grg. með fjárlagafrv., að það sé gert ráð fyrir, að hún verði 128 stig, en það er ekki sama og lögfesta hana að gera ráð fyrir því í grg., þannig að mér sýnist það vera alveg augljóst mál, að til þess að heimilt sé að beita skattvísitölu, verði að fá með einhverjum hætti lagaheimild í því efni. Því hefur okkur sýnzt rétt að setja hér bráðabirgðaákvæði, sem gildi aðeins fyrir skattárið 1972, að skattvísitala skuli ákveðin, og við höfum miðað við töluna 135. Ég held, að það sé ekkert yfirboð af þeirri einföldu ástæðu, að ég veit ekki betur og ég hef séð það í sérstöku minnisblaði, sem hæstv. fjmrh. sendi Alþýðusambandi Íslands, — og ég verð þá leiðréttur, ef ég fer skakkt með það, — að hann býst þar við að hafa skattvísitölu 135 stig, og þess vegna sýnist vera rétt og eðlilegt að afla fjmrh. heimildar til þess að framkvæma skattvísitöluna á þennan hátt, sem hann hefur boðið. Í fyrsta lagi ber auðvitað að afla einhverrar heimildar, það liggur í augum uppi, að það verður að gera, því að hún er ekki til, það hefur verið vanrækt í sambandi við afgreiðslu fjárl., og í annan stað að miða þá heimildina við það, sem hæstv. ráðh. hefur boðið launþegasamtökunum, að ákveða skuli skattvísitölu í samræmi við það, sem hann gerði í sínu tilboði til verkalýðssamtakanna. Ég geri naumast ráð fyrir því, að hann hugsi sér að taka aftur það tilboð.

Axel Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til samanburðar við ákvæði tekjustofnalaganna, sem sett voru á s. l. ári. Þar er að finna ákvæði um það, að ef gjaldþegn hefur greitt fyrir fram meira en 50% af álögðum gjöldum, þá skuli hann fá 1½% vexti frá sveitarstjórn. En það er nú dálitill munur á, hvort þar er verið að gera ráð fyrir því, að hugsanlega hafi verið farið aðeins yfir markið varðandi 50% á miðju ári, eða hvort um sé að ræða, að svo harkalega geti verið gengið fram í innheimtunni, að allur skatturinn sé greiddur.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl., skrifa ég undir með fyrirvara, en með þessu frv. er verið að staðfesta brbl., sem voru gefin út í sumar. Þar segir, að í ljós hafi komið, að við álagningu tekjuskatts á árinu 1972 hafi tekjuskattur á hluta af hinum tekjulægri í hópi elli- og örorkulífeyrisþega reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir, þegar lögin voru sett. Þetta reyndist mun meira. Menn sáu eftir á, að þau varnaðarorð höfðu reynzt rétt, sem stjórnarandstaðan hafði, bæði Sjálfstfl. og Alþfl., vegna skattalaganna. Þá voru ekki teknar til greina margfaldar ábendingar í því efni, og komu jafnan fram ýmiss konar útreikningar, er áttu að afsanna aðvörunarorð okkar í stjórnarandstöðunni um það, að frv. stefndi að löggjöf, sem mundi leggja óhóflega skatta á gamla fólkið, enda reyndist það svo, og ríkisstj. sá sig nauðbeygða til þess að gefa út brbl. með einstökum hætti, eins og drepið var á hér áðan. Hins vegar tel ég, að vonlaust hafi verið að reyna að koma fram brtt. nú á síðustu klukkutímum af starfstíma Alþ. Ég vil því stuðla að því, að þessi litla bragarbót, sem frv. gerir ráð fyrir með hækkuðum skattfrádrætti, nái fram að ganga. Hins vegar vil ég einnig lýsa því yfir, að ég er fylgjandi brtt. á þskj. 746 og tel þann áfanga, sem þar er gert ráð fyrir að bæta við frv., eðlilegan og ég vænti þess, að hann fái stuðning.

Að öðru leyti eru engin tök á því að ræða þetta mál nánar. Það hefur engin grein verið gerð fyrir því, hvernig endurskoðun skattal. gangi, sem æði oft hefur verið boðuð. Það er heldur engin grein gerð fyrir því, hvar breiðu bökin eru, því að þau fundust ekki s. l. ár, nema þá á gamla fólkinu, og svo fram eftir götunum. Skattvísitalan er enn í lausu lofti og ekkert liggur ljóst fyrir um hana. Sem sagt, þessi mál eru langt frá því að vera á hreinu, enda er það eins og fleira, það gefst ekkert tækifæri til að ræða þau nánar, og ég bara vona, að hv. d. telji brtt. á þskj. 746 þess virði að taka þær með, þegar við afgreiðum lítils háttar lagfæringar vegna gamla fólksins.

Frsm. meiri hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þar sem hæstv. fjmrh. er hér ekki viðstaddur til þess að gefa skýringu á orðalagi 8. gr. frv., tel ég mér skylt að skorast ekki undan þeim tilmælum, sem hér komu fram frá hv. þm. Magnúsi Jónssyni, að túlka þetta ákvæði, sem honum fannst svo illskiljanlegt.

Í lögunum, eins og þau eru nú, segir með leyfi forseta:

„Fjmrh. getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlegt þinggjald yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að ⅔ hlutum þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár".

Með þeim breytingum, sem nú eru fyrirhugaðar, og hugmyndin mun eiga upptök sín hjá embættismönnum fjmrn., sem munu hafa orðað þetta á þann veg, sem gert er í frv., þá er ætlunin sú, að við fyrirframgreiðslu upp í væntanleg þinggjöld sé ekki aðeins miðað við það, sem gjaldanda bar að greiða á næstliðnu ári, heldur sé það að vísu sá grunnur, sem miðað er við, en heimilt að bæta við þeirri meðaltekjuaukningu, sem talið er, að átt hafi sér stað í þjóðfélaginu á milli ára. Sem sagt, það er miðað við tvennt, það er annars vegar miðað við gjöldin, sem gjaldandi þurfti að greiða á s. l. ári, og miðað við þá meðaltekjuaukningu, sem átt hefur sér stað á milli ára. Þetta er sem sagt það, sem höfundur er að reyna að koma orðum að í áðurnefndri gr., þegar hann tekur þannig til orða, með leyfi forseta:

„Fjmrh. getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda

fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár". Þetta er næstum alveg eins og það er í frv., að öðru leyti en því, að þarna stendur „ber" í staðinn fyrir „bar", sem allar líkur benda til, að sé prentvilla, og er ekki þess eðlis, að flestir ættu ekki að geta lesið í málið. Síðan er bætt við setningunni: „Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu". Og til nánari skýringar á þessu er síðan bætt við setningunni: „Ráðh. er heimilt að miða fyrirframgreiðslu samkv. þessari mgr. við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta". (MJ: Hvernig fellur þetta inn í?) Ég skil þetta fyrst og fremst þannig, að grundvöllurinn hljóti ævinlega að vera gjöld liðins árs, ég get ekki skilið það á annan veg, en það sé svo heimilt að .... (Gripið fram í.) Já, ég get fúslega viðurkennt það, að orðalagið á þessari setningu er alls ekki með þeim hætti, sem æskilegast væri, því að það er þungskiljanlegt, og væri sjálfsagt rétt að skoða þetta nánar. — En ég hef skilið þetta á þennan veg, og það er vel hugsanlegt, eins og hv. þm. segir, að athuga þetta svolítið nánar á milli umr., hvort hægt væri að orða þetta með tryggilegri hætti en gert er. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að flytja hér brtt. við orðið „ber", vegna þess að ég tel, að það sé svo augljóst mál, að það verði engin vandræði, og ekki tel ég ástæðu til að fara að senda frv. á milli d. út af þeirri breytingu einni. En það má vel vera, að þessi setning, sem síðast bar á góma, sé torskildari en svo, að ástæða sé til að hafa hana óbreytta í lögum.

Í næstu mgr. segir: „Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var". Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því, þó að mönnum þyki þetta heldur einkennilegt fyrirbrigði. En ég skil þetta þannig, að þarna sé aðeins verið að ræða um hugsanlegan möguleika, sem hljóti þó að teljast afar ólíklegur. En hann getur orðið að veruleika í því tilviki, að tekjur bresti algerlega hjá einstaklingi, hann hafi haft miklar tekjur árið á undan, hafi síðan mjög litlar tekjur og um leið verði mjög almennar breytingar til hækkunar almennt í þjóðfélaginu. (Forseti: Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðunni, þar sem boðaður er fundur fyrir 5 mín. eða rösklega það í Sþ.?) Ég skal ljúka ræðu minni alveg á næstunni. En ég skal sem sagt lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn að gangast fyrir því, að orðalag þetta verði athugað svolítið betur en gert hefur verið.

Varðandi það, sem hér hefur verið rætt um gamla fólkið, og endurteknar yfirlýsingar um, að það hafi nú ekki fundizt önnur breiðari bök í þjóðfélaginu en á gamla fólkinu, þá vil ég taka það fram, að þetta eru auðvitað svo fjarstæðukenndar fullyrðingar, að þær eru ekki svara verðar. Ég tel, að það leiki ekki vafi á því, að eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið til lækkunar á tekjuskatti gamla fólksins með brbl., þá er sá hópur manna, sem ekki fær lækkun, mjög fámennur, og það er fyrst og fremst gamalt fólk með talsvert miklar tekjur, sem ekki fær lækkun. (MJ: Af hverju þurfti brbl.?) Brbl. þurfti hins vegar til þess að veita því aldraða fólki, sem litlar tekjur hefur, nokkra ívilnun. Og það var gert, það var leiðrétt. Eftir að brbl. voru sett, er fjarstæða að tala um, að þetta hafi verið ósanngirnismál gagnvart öldruðu fólki, og enn fráleitara að sjálfsögðu, eftir að sú breyting hefur verið samþ., sem hér er gerð till. um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 94. fundur.

Þriðjudaginn 17. april, kl. 1.30 miðdegis.

Sveeitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380, n. 623 og 629, 658). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 629 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 21:7 atkv.
Brtt. 658 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 623 samþ. með 23:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492, n. 775). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál. Það var gerð grein fyrir því hér í framsögu af hæstv. ráðherra. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 552). — 3. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. fór fram, hefur fjh.- og viðskn. athugað nánar orðalag og efni 1. gr. frv., eins og ég gat raunar um, að n. mundi gera, í framsögu minni fyrir nál. N. hefur síðan kvatt á sinn fund tollstjóra og tollgæzlustjóra. Form. n. hefur einnig haft samráð við fleiri aðila varðandi þessa gr.

N. varð ásátt um að leggja til nýtt orðalag á 1. gr. og flytur um það skriflega brtt.

Greinin orðist svo:

„Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsiglisskrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa

verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning".

Þetta er hin skriflega brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta, er ég hef lokið máli mínu.

Efnisbreytingar eru hér raunar ekki að öðru leyti en því, að bætt er inn orðunum „vissi eða mátti vita um", þar sem fjallað er um skyldu stjórnanda fars til að gera viðhlítandi grein fyrir birgðum áfengis og tóbaks, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda hafa farið um borð í far hans í erlendri höfn.

Það er rétt að benda á í þessu sambandi, að ákvæði 1. gr. þessa frv., sem verða mundi 2. málsl. í 69. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit frá 1969, eru í raun nánari útfærsla á þar tilgreindum þáttum þeirrar ábyrgðar, sem nú er lögð á herðar stjórnanda fars og annarra yfirmanna þess, með 4. málsgr. 60. gr. téðra laga, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það varðar sektum samkvæmt lögum þessum, ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það, sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra, eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni".

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég vil að lokum bara árétta það, að það var alger samstaða í fjh.- og viðskn. um þá brtt., sem ég hef lýst, og að tollstjóri og tollgæzlustjóri, svo og aðrir þeir lögfræðingar og embættismenn, sem rætt hefur verið við um þetta efni, eru þessari till. einnig samþykkir.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta till., því að fyrir henni mun þurfa afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 784) samþ. með 28 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er enginn vafi á því, að með þessu frv. er verið að herða gildandi lagaákvæði um það efni, sem gr. fjallar um. Sjálfsagt er enginn, sem ekki telur, að nokkuð megi gera til þess að reyna að fyrirbyggja ýmis lögbrot eins og hafa verið framin að undanförnu í þessum málum. En þó held ég, að Alþ. verði alltaf að gæta þess, að ekki sé farin sú leið að hengja bakara fyrir smið og kannske ákveða sekt saklausra strax í lagagreininni, þegar hún er sett. Ég fæ ekki séð annað, og þyrftu auðvitað hinir lögfróðu hér að upplýsa það, hvort að það er ekki rétt túlkun hjá mér, en síðari málsgr. í hinni skriflegu brtt. hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn skipsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning".

Þarna sýnist mér verið að fastákveða, að þessir aðilar skuli sæta sömu refsingu og þeir, sem um er talað í fyrri hluta gr. Nú þekki ég það frá mínum gömlu dögum, þegar ég sigldi á slíkum skipum, hvernig vinnubrögðum í þessu er háttað. Það eru yfirleitt hinir lægra settu yfirmenn, sem stjórna lestun skips og móttöku slíks hluta farms og birgða skips, sem m.a. kemur af „tollfrílager", bera það saman við pappíra, hvort tölurnar koma heim, og skrifa undir. Þetta gera þeir að sjálfsögðu í umboði æðsta manns skipsins, skipstjórans, — stýrimennirnir, þegar um varning fyrir skipið og bryta er að ræða, en hins vegar undirvélstjórar eða maður úr vélarúmi f. h. 1. vélstjóra, þegar slík vara kemur til vélarúms.

Þessir menn hafa svo ekkert meira með þetta mál að gera. Það getur verið á eftir, að æðri mennirnir um borð taki þessar vörur af innsiglisskrá, gefi þær ekki upp, þegar komið er í næstu höfn, en samt sem áður segir síðari málsgr. þessarar lagagreinar, að þessir menn eigi að hljóta sömu refsingu og þeir, sem brotlegir gerast. Ég vildi nú biðja lögfróða menn hér, eins og ég sagði áðan, að athuga, hvort þetta sé rangt túlkað hjá mér og hvort þetta geti yfirleitt staðizt, áður en að d. samþ. frv. í þeirri mynd, sem það er nú.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að við skulum varast það að semja þannig okkar tollalöggjöf, að bakari sé hengdur fyrir smið. En ég hef skilið síðari málsgr. þessarar brtt., sem n. hefur flutt, með þeim hætti, að átt sé við þá af áhöfn skipsins, aðra en stjórnanda farsins, sem taka á móti skilríkjum eða innsiglisskrá yfir slíkan varning. Það eru þessi orð: „slíkur varningur", sem skírskota til þess, sem getið er um í fyrri gr., varðandi aðra áhafnarmeðlimi, sem taka á móti skilríkjum, sem þeim er ljóst að eru skilríki yfir áfengis- og tóbaksbirgðir, sem undir eðlilegum kringumstæðum eiga ekki að fara um borð í skipið. Það er undir þeim kringumstæðum, sem þessir aðilar mundu hljóta refsingu, þ.e. fyrir móttöku á skilríkjum eða innsiglisskrá yfir þann varning, sem fyrri málsgr. gerir ráð fyrir, að geti komið um borð í skip. Ef þeir taka á móti eðlilegum birgðum af áfengi og tóbaki fyrir skipið, er að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Ef þeir hins vegar taka á móti og undirrita skilríki, þar sem um er að ræða óeðlilegt magn af slíkum hlutum, og láta ekki af því vita, eru þeir þar með að baka sér refsingu.

Það eru komin inn í þessa brtt. orðin: „stjórnandi vissi eða mátti vita um" það, sem þar gerðist. Þetta gerir það að verkum, að það leggur örlítið ríkari áherzlu á, að vitneskja verði að vera fyrir hendi hjá stjórnandanum eða hlutirnir séu svo augljósir, að hann hafi mátt um það vita. Og síðari málsgr. er að mínum dómi þannig, að það sé fyrst og fremst um að ræða móttöku á skilríkjum eða innsiglisskrá yfir hinn óeðlilega varning af áfengi og tóbaksbirgðum, sem um borð í farið mundi koma.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins ein stutt athugasemd út af orðum hv. 1.

þm. Reykn. Hún er sú, að obbinn af þeim mönnum, sem falið er að gegna þessu starfi í erlendri höfn, þar sem þetta starf er nú venjulegast innt af hendi, hafa ekki minnstu hugmynd um, hvað eru nauðsynlegar og eðlilegar birgðir af áfengi og tóbaki. Ég er sannfærður um það, að meðalskammtur, sem kæmi um borð í t.d. farþegaskip, sem flytti um 220 íslenzka farþega, væri af ungtemplar í þessari stöðu, sem tæki á móti þeim birgðum, sem þá kæmu, talinn mjög óeðlilegur, þótt hinir vönu teldu það eðlilegt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af orðum hv. 10. þm. Reykv. skal ég fúslega viðurkenna það, að ég hef ekki stundað farsiglingar, svo að mér er alls ókunnugt um, hversu mikið magn af slíkum hlutum þarf um borð að koma. En ég held, að ef það er rétt, sem hv. þm. hefur sagt hér, geri þessi gr. það að verkum, að hún leggur ríkari ábyrgð á skipstjórnarmenn og stjórnanda fars og hans undirmenn að undirrita ekki skjöl, sem þeim er ekki ljóst, hvað þýða.

Það er með þessu ákvæði verið að gera stjórnanda fars og öðrum mönnum í skipshöfninni grein fyrir því, að þeir verða að gera sér grein fyrir, hvað það er, sem þeir móttaka, og hvaða skilríki það eru, sem þeir undirrita. Ef þeir gera sér grein fyrir því, á ekki að vera nein hætta hér á ferðum, þ.e.a.s. að bakari verði hengdur fyrir smið.

ATKVGR.

Brtt. 784 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 529, 741). — 3. umr.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Við þetta frv. hefur komið fram brtt. á þskj. 741. Með þeirri till. er lagt til að gerbreyta um skipun stjórnar fiskveiðasjóðs. En eins og öllum hv. þdm. er ljóst, er það frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um fiskveiðasjóð, einvörðungu um tekjuhlið þeirra laga, sem þar er fjallað um. Það er sem sagt verið að gera ráð fyrir því að auka við tekjustofna fiskveiðasjóðs, en um aðra þætti löggjafarinnar er ekki fjallað í þessu frv.

Það er kunnugt, að það hafa komið hér fram á Alþ. nokkrum sinnum áður ýmsar skoðanir um það, hvernig eðlilegast væri að skipa stjórn fiskveiðasjóðs. Ég hef m.a. verið í þeim hópi, sem hefur túlkað það, að annar háttur ætti þar að vera á en verið hefur með skipan stjórnarinnar. En ég tel óeðlilegt í sjálfu sér að fara að blanda því máli inn í það frv., sem hér er um að ræða nú. Ég vil því mjög fara fram á það við flm. þessarar brtt., að þeir fallist á að draga þessa brtt. alveg til baka. Það er auðvitað auðvelt að koma fram með till. um þetta efni síðar, t.d. strax á næsta þingi, og sjá þá, hvaða möguleikar eru á því að ná einhverju samkomulagi um breytingu á þeim reglum, sem í gildi hafa verið um skipan sjóðsstjórnarinnar. En það er hvort tveggja, að ég get ekki fallizt á þá till., sem hér liggur fyrir, og tel, að það sé óeðlilegt að setja hana inn í þetta frv., sem hér er um að ræða. Því vil ég beina því mjög eindregið til þeirra, sem flytja till., og alveg sérstaklega til hv. 10. þm. Reykv., 1. flm. till., hvort hann sjái sér ekki fært að fallast á að taka þessa till. alveg til baka í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þar sem augljóslega er hægt að taka þetta mál upp síðar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, er það ekkert nýtt mál, að hér komi fram till. á hv. Alþ. um að breyta skipan á stjórn þessa þýðingarmikla sjóðs. Og það hefur lengi verið í minum huga a.m.k. talið eðlilegt, að þar fengju aðild bæði útgerðarmenn og sjómenn, en fram til hins síðasta hafa það fyrst og fremst verið þeir aðilar, sem hafa orðið fyrir, a.m.k. á fyrsta stigi, beinu fjárhagslegu tjóni við að byggja þennan sjóð upp. Hins vegar, eins og ég tók fram við 1. umr., viðurkenni ég fúslega, að það hlýtur auðvitað að vera hagur beggja, þegar fram í sækir, að hafa sterkan sjóð sem þennan. Ég hef hins vegar talið það mjög óeðlilegt, að 5 stjórnendur þessa sjóðs væru allir í bankastjórn eða starfsmenn þriggja banka, þótt ég hafi ekki viljað ganga jafnlangt og þeir, sem hafa viljað losna við alla bankamennina. Ég tel það ekki rétt. Hins vegar skal ég fúslega fallast á það, að sú skipun, sem er lögð til í brtt. okkar á þskj. 741, mætti vissulega vera öðruvísi en þar kemur fram. Ég er t.d. alveg sammála hv. 3. landsk. þm., sem er einn af meðflm. þessarar brtt., að æskilegast væri að þurfa ekki að fjölga í þessari sjóðsstjórn, þótt tekið væri tillit til þessara sjónarmiða um aðild vissra hagsmunasamtaka að stjórn sjóðsins. Við ræddum þetta lauslega í gær, ég og hæstv. ráðh., og ég ræddi þá við mína meðflm., alla utan einn, og þeir voru allir fúsir að verða við þessari ósk hæstv. ráðh. En að sjálfsögðu mun þá málið verða athugað aftur að hausti, og þá mun að sjálfsögðu einnig gefast tími til þess að hafa samráð við viðkomandi hagsmunasamtök, sem við teljum, að þarna eigi að eiga hlut að máli. Við tökum því þessa brtt. aftur, forseti.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég flutti till. fyrir 2—3 árum, og held, að Jón Skaftason hafi flutt hana með mér, um það, að útgerðarmenn og sjómenn færu að hafa einhver ítök í stjórn fiskveiðasjóðs, því að eins og við vitum leggja þeir fram verulegt fé í fiskveiðasjóð. Fiskveiðasjóður er að miklu leyti, frá upphafi, byggður upp með framlögum frá útgerðarmönnum og sjómönnum. Það, sem útgerðin leggur fram, kemur einnig frá sjómönnum, því að sameiginlega er unnið að því að afla þessara verðmæta. Fiskveiðasjóður er upphaflega byggður upp af þessum framlögum.

Það var áður fyrr, að það var einn framkvæmdastjóri, þó að hann hefði ekki úrslitavald, fyrir fiskveiðasjóð, en svo höfðu bankastjórar Útvegsbankans endanlegt úrslitavald. Elías Halldórsson var lengi fyrir fiskveiðasjóði og réð, held ég, miklu. Ég vissi a. m. k. ekki til þess, að hann væri ofurliði borinn. En svo þurftu hinir bankarnir að fara að skipta sér af þessum málum, og þá var þeirri skipan komið á, sem nú er. Það er með bankastjóra eins og aðra menn, að þeir vilja ráða sem mestu. Seðlabankinn fékk einn mann, Landsbankinn tvo og Útvegsbankinn tvo, þannig að þetta voru 5 menn. Fiskveiðasjóður var sem sé stjórnað af þremur bönkum til þess að gæta hagsmuna allra aðila, og það var nú lítið til bóta, fannst mér, þegar þessi hersing var öll komin þarna. Það var aldrei hægt að tala við þessa menn. Eftir að þessi breyting var orðin á stjórninni, fengum við að tala við Elías Halldórsson, en til þessara herra náðum við ekki nema hlaupa á milli allra bankanna. Þá voru þeir líka afar oft uppteknir, svo að ómögulegt var að ná tali af þeim.

Ég var frá upphafi á móti þessu og beitti mér eins og ég gat á móti því, en við vorum þá í minni hl., framsóknarmenn, og réðum ekki úrslitum. Mér var sagt, að það hafi orðið töluverðar deilur meðal bankastjóranna um það, hvernig þetta fyrirkomulag ætti að vera, og sjálfsagt einhver ágreiningur innan flokksins. En hvað um það, þetta var nú gert, og varð lítil framför í því. Þeir byrjuðu svo á ýmsum kúnstum. Þeir lánuðu okkur með gengistryggingu frá 1963—1967, en svo afnámu þeir hana alveg og lánuðu án gengistryggingar árið 1967 og fram á mitt ár 1968, en þá voru aðalskipin keypt, og þá voru erlend lán tekin. Erlend lán voru borguð niður á tímabilinu, á meðan okkur var lánað með gengistryggingu og við látin borga allt gengistapið. Út af þessu er ég nú búinn að höfða mál á hendur þessari virðulegu stjórn, og það er u. þ. b. að koma til dóms. En hvað um það, það er mál út af fyrir sig.

Ég held, að þarna sé ekki um neina framför að ræða. Útvegsmenn hafa auðvitað engu ráðið og ekkert fengið um þetta að segja. Ég átti t. d. tal um þetta við formann Landssambands ísl. útvegsmanna. Hann var að tala um það við mig um daginn, að það væri einkennilegt, að um leið og álögurnar væru auknar og bætt við 1% af útflutningsverðmæti sjávarafurða, sem þýðir um 2% af afla eða jafnvel rúmlega það, dytti þinginu ekki í hug að láta þá hafa neitt um þetta að segja. Nú er verið að samþykkja lög vegna tekna til stofnlánadeildar landbúnaðarins, og eiga bændasamtökin að fá að fylgjast með stjórninni, a. m. k. bæði stéttarsambandið og Búnaðarfélagið, og ég hef ekkert nema gott um það að segja. Fjmrh. lét þess getið, þegar hann reifaði þetta frv. fyrir okkur, *að ég hafi verið með þessa till.* fyrir nokkrum árum. Það er alveg rétt. En ég hef ekki flutt frv. um þetta vegna þess, að ég átti tal um þetta við hæstv. sjútvrh. og hann gerði ráð fyrir, að hann mundi flytja brtt. þess efnis, því að hæstv. ráðh. greiddi einmitt atkv. með þessum till., þegar ég var að flytja þær hér áður fyrr. Af því að ég er frekar hlédrægur, hef ég nú ekki viljað vera að taka fram fyrir hendur á viðkomandi ráðh. með því að vera að flytja þetta, af því að ég bjóst alltaf við frv. frá honum. Nú komu till. frá hæstv. ráðh., en það var ekki minnzt á neina breytingu á stjórn sjóðsins. Þess vegna var það, að ég gerðist meðflm. að þessari till. Ég er ekki að öllu leyti ánægður með hana. Mín upphaflega till. var, að stjórnin yrði 5 manna stjórn. En það er nú svo, að menn verða stundum til þess að ná samkomulagi að gera fleira en það allra æskilegasta, og ég hefði álitið, að eðlilegast væri, að útvegsmenn hefðu einn mann og sjómannasamtökin annan. Svo má deila um það, hvort þingið ætti að kjósa eitthvað af þessum þremur mönnum eða jafnvel alla.

Ég hef alltaf verið óánægður með, að það væru bankastjórar frá þremur bönkum, sem væru að hafa það fyrir aukastarf að stjórna þessum sjóði. Það var miklu betra, meðan það voru bara útvegsbankastjórarnir. Svo er í þessum ævintýraheimi, sem við lifum nú í, gert ráð fyrir að kaupa marga tugi af togurum. Elías Halldórsson var þannig, að hann lofaði aldrei meiru en hann gat staðið við og átti alltaf peninga fyrir því, sem hann lofaði að lána. En nú vantar peninga í sjóðinn, sem eðlilegt er, því að það er svo mikið keypt af skipum, og þá þarf að útvega þetta fé einhvers staðar.

Út af fyrir sig hef ég aldrei, hvorki gagnvart gjaldinu á bændur né þessu 1% framlagi til fiskveiðasjóðs, deilt mikið á þessi framlög. Mér hefur verið ljóst, að það var ekki hægt að útvega þetta rekstrarfé, nema viðkomandi aðilar legðu eitthvað af mörkum. En ég hef deilt *á marga aðra liði, margar aðrar álögur á atvinnuvegina*, sem eru miklu óþarfari og óeðlilegri en þetta framlag. Þess vegna hef ég út af fyrir sig verið hlynntur þessu eina prósenti með nokkurn veginn góðri samvizku, hef aldrei rifizt út af því. Raunar er þetta hækkun frá því, sem áður var, líklega sem svarar svona ½% af útflutningsverðmæti. Framlagið var lækkað fyrir einu eða tveimur árum, um leið og framlög til trygginganna voru hækkuð. Ég er ekki að segja, að fiskveiðasjóði veiti ekki af þessu viðbótarprósenti. Það er fjarri því. En ég vil bara fá það fram.

Ég get fallizt á að taka þessa till. okkar aftur, — og má vel vera, að hún yrði ekki samþykkt, þó að hún væri borin upp, — ef sjútvrh. vill lýsa yfir, að hann vilji beita sér fyrir því, að breyting verði gerð á stjórn sjóðsins, sem stefni í þá átt, að útgerðarmenn og sjómenn fái a. m. k. að fylgjast með gerðum sjóðsins og hafa tillögurétt og málfrelsi á stjórnarfundum þar, hliðstætt því, sem nú er gert með landbúnaðinn. Ég sé ekki nokkra ástæðu til annars, hvort sem þeir hafa úrslitaatkv., þegar lán eru veitt, eða ekki. Það er mál út af fyrir sig, sem getur verið samningsatriði. Ef sjútvrh. vill beita sér fyrir því, að l. sé breytt þannig, get ég fallizt á, að það verði engar tafir út af þessu máli okkar vegna.

Ég hef heyrt, að fiskveiðasjóður hafi tekið lán og endurlánað að sjálfsögðu, þannig að það eigi að borga byggingarvísitölu af lánunum. Ég

tel þetta okurlán. Byggingarvísitalan hækkar svo hratt. Ég hef heyrt nefnt eitthvað á annað hundrað millj. kr., og mjór er mikils vísir. Það getur skeð, að það út af fyrir sig ráði ekki úrslitum um afkomuna. En í sjálfu sér er ekki nokkurt vit í þessu. Ég er ekki sérstaklega að deila á þessa stjórn fyrir þetta lánafyrirkomulag. Ég veit ekki betur en þessi vísitölulán væru boðin út, þegar fyrrv. stjórn sat að völdum, og ef reiknaðir eru út vextirnir af þeim lánum, munu þeir vera á milli 20 og 30%, m. ö. o. okurlán. Ég er ekki að halda því fram, að þessu hafi verið varið til nauðsynlegra framkvæmda. En við eigum að stilla okkar fjárfestingu í hóf, svo að við þurfum ekki að sæta ókjaralánum. Það er talað um að fiskveiðasjóður muni þurfa 1300 millj. til viðbótar við eigið aflafé til þess að geta staðið undir nauðsynlegum lánum í ár, og mér þykir ekkert ólíklegt, að það geti verið rétt. Hvernig á að afla þessa fjár? Á að taka innlent lán eða erlent lán? Það er ekki sama, hvort það er tekið ógengistryggt innlent lán eða erlent lán eða vísitölutryggt lán. Og það er fullkomin neyð að þurfa að taka vísitölutryggt lán eða erlent lán, miðað við það, hvað gengið hefur reynzt ótryggt hér á landi. Það þyrfti, ef mögulegt væri, að reyna að útvega fiskveiðasjóði lán með eðlilegum hætti. Ég hygg, að verðjöfnunarsjóður muni aukast mjög í ár. Mér fyndist ekkert óeðlilegt, þó að eitthvað af fé verðjöfnunarsjóðs væri lánað fiskveiðasjóði í bili, einhver viss hluti, til þess að leysa lánsfjárþörf hans.

Ég var alltaf á móti gengislækkuninni, og ég hygg, að mikill hluti af stuðningsmönnum ríkisstj. hafi verið það. Ég álít, að það hafi verið algerlega óþarft að lækka gengið vegna útvegsins, því að fiskverð fór síhækkandi. Það, sem ég álít, að núv. stjórn ætti að gera, er að hækka gengið a. m. k. til jafns við það, að dollarinn verði 88 kr., eins og hann var áður. Það er ekki það mikil hækkun. Við skulum gera okkur það ljóst, að verðhækkanirnar nú eru að hálfu leyti af gengislækkun. Járnvörur hafa hækkað um 70%. Allt að því helmingurinn af því er vegna gengisbreytingar. Dollarinn hefur lækkað, krónan hefur líka lækkað, svo hefur okkar króna lækkað meira en dollarinn, svo eru gengishækkanir í ýmsum löndum, og þetta hefur valdið því, að u. þ. b. helmingur af öllum þessum geysilegu verðhækkunum, sem eru á ferðinni núna, er vegna gengislækkunar. Að hluta til er þetta verðhækkun á heimsmarkaði. Ég get sagt það sem dæmi, að ég keypti heyvagn í fyrra, sjálfhleðsluvagn, fyrir 130 þús. Nú var ég að hugsa um að kaupa annan, en hann kostar 198 þús. Bara þetta tæki hefur hækkað um 70 þús. eða ⅓. Og þannig mun það vera með fleiri vörur. Við þurfum ekki að halda, að það sé fundið fé, algerlega nettótekjur hjá bátaútvegi eða frystihúsum, þó að gengið sé lækkað. Ef allt fer inn í vísitöluna, er þetta bara 3—6 mánaða frestur. Sannleikurinn er sá, að tekjur ríkissjóðs hafa orðið mjög miklar s. l. ár, og það átti sinn þátt í því, að fólkið keypti fyrir allá þá peninga, sem það átti. Vöxtur sparifjárins liggur fyrst og fremst í aukinni söfnun í sjóði, bæði lífeyrissjóði og aðra sjóði, sem almenningur og atvinnufyrirtæki eru neydd til að leggja í. Aðalvöxtur sparifjárins liggur í því, að fólkið eyðir þeim peningum, sem það á. Það vill enginn eiga peninga. Ef einhver á 100 eða 200 þús., fer hann að kaupa bíl eða reyna að festa í íbúð, eða gera eitthvað annað við peningana en að eiga þá. Þetta gerir það að verkum, að bankarnir eru orðnir óstarfhæfir. Það er ekki vegur að fá nauðsynjalán í banka. Þeir eiga ekki peninga til. Seðlabankinn frystir verulegan hluta af viðskiptafé bankanna, og svo hirðir hann meira og minna af sjóðum, þ. á m. verðjöfnunarsjóðinn, og geymir hann. Það má vera, að það þurfi að breyta l. um verðjöfnunarsjóð til þess að mega lána fiskveiðasjóði, og það ætti að vera hægt. Og ríkisstj. ætti ekkert að verða óglatt af því að gefa út brbl., því að þetta eru vel gefnir menn og ekkert feimnir við að gefa út brbl. Ég álít, að það ætti eftir einhverjum slíkum leiðum að reyna að leysa lánsfjárþörf fiskveiðasjóðs að meira eða minna leyti í ár, en ekki að fara að taka erlend lán og allra sízt vísitölutryggt lán. Þó kastar tólfunum, ef á að miða við byggingarvísitölu, því að byggingarefni flýgur meira upp en allar aðrar vörur nú, bæði timbur og járn, svo að það fer að verða alveg fáranlegt.

Það tókst að hafa ríkissjóðinn hallalausan s. l. ár, en það lá fyrst og fremst í því, að fólkið eyddi svo miklu. Við eyddum meira en við öfluðum, og því megum við alltaf vara okkur á. Raunar hefur því verið varið til fjármunamyndunar, en staðreyndin er, að erlendar skuldir jukust. Það er eðlilegt, að tekjur ríkisins aukist þá, því að af öllu, sem flutt er inn til landsins, eru teknar stórar fjárhæðir, bæði í gegnum söluskatt og innflutningsgjöld. En við getum þetta ekki endalaust, og þess vegna held ég, að hraðinn sé heldur mikill. Það er alls staðar skortur á vinnuafli, og væri réttara að fara hægara.

Nú er verið að ráðgera virkjun við Sigöldu og stóriðjuver, þegar sú virkun er fullgerð. En hvar eigum við að taka mannaflann í þetta? Eigum við að fara að flytja inn Araba og svertingja? Ég er á móti því. Atvinnuvegina vantar vinnuafl, og það skulum við athuga, að með þessari óeðlilegu eftirspurn eftir vinnuafli verða það sveitirnar fyrst og fremst, sem tæmast. Það er verið að hækka atvinnuleysistryggingargjöld, þannig að menn hafa nokkurn veginn full laun, þó að þeir geri ekki neitt. Þá fara þeir ekkert að ómaka sig upp í sveit og anda að sér heyryki eða strita 7 daga vikunnar, ef þeir geta fengið fullt kaup með því að vera rólegir heima hjá sér. Ég veit ekki betur en að iðnaðinn vanti vinnuafl og sjávarútveginn líka. Þó ég væri meðmæltur álverksmiðju í Hafnarfirði, skulum við fara varlega í að bæta við nýjum stóriðjufyrirtækjum, á meðan okkur vantar vinnuafl vegna svo að segja allra atvinnuvega.

Ég ætla að greiða atkv. með þessu eina prósenti, þó að ég hafi oft talað á móti álögum á atvinnuvegina og mínar skoðanir séu alveg óbreyttar í því efni. Það er afsakanlegt fyrir okkur í þetta skipti af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi er hækkandi verðlag á sjávarafurðum. Í öðru lagi hefur söluskattur á bátaútveginn

verið lækkaður, þannig að það ætti að vega nokkurn veginn upp á móti þessu aukna gjaldi. Hitt er svo annað mál, að ég legg áherzlu á það í fyrsta lagi, að það verði unnið að því að breyta lögunum, þannig að útgerðarmenn og sjómenn eigi það nokkurn veginn tryggt, að þeir fái að hafa einhver áhrif á meðferð þeirra fjármuna, sem þeir leggja í sjóðinn, og í öðru lagi, að það verði reynt, eftir öllum mögulegum leiðum, að útvega fiskveiðasjóði fjármuni með nokkurn veginn skaplegum lánskjörum og alls ekki meira gert en búið er að því að taka lán með byggingarvísitöluákvæði, því að það eru óhagstæðustu lán, sem til eru. Ég er sannfærður um það, að enn þá eru ólögleg lán hjá fiskveiðasjóði. Það er alls ekki miðað við það nákvæmlega, að erlenda féð sé lánað í réttum hlutföllum með gengisáhættu. Þeir bara gizka á eitthvað. Þeir lána einhverja vissa prósentu, 75% eða eitthvað svoleiðis, með gengisáhættu, eða 50%, ég veit ekki, hvað það er, en þeir reikna þetta ekki nákvæmlega út. En ég hygg, að öll lán, sem lánuð hafa verið með gengisáhættu úr fiskveiðasjóði, séu meira og minna ólögleg. Samkv. lögum eiga þeir ekki með að lána með gengisáhættu meira fjármagn en þann hluta, sem þeir taka erlendis frá.

ATKVGR.
Brtt. 741 tekin aftur.
Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 790).

Iðnrekstrarsjóður, frv. (þskj. 611 (sbr. 355), 753). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 753 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, PP, PS, RH, StefG, SvH, BGr, BGuðn, EBS, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH.
nei: JónasÁ, KP, LJós, JSÞ, ÓlJ, SV, SvJ, VH, ÞÞ, BP, EÐS, EystJ, GS, JJ, HES, HV, IG, JSk, GilsG.
2 þm. (ÁÞ, GunnG) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 791).

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 748, n. 776, 774, 780). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og leggur til, að það verði samþ. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Benedikt Gröndal, hv. þm., var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv., því að hæstv. landbrh. talaði fyrir því hér í hv. d. í gær, en ég sé hins vegar ástæðu til þess að segja hér nokkur orð í sambandi við ummæli, sem voru höfð hér í þd. í gær, og enn fremur í sambandi við skrif í Morgunblaðinu undanfarna daga.

Það hefur verið fullyrt, að það sé alveg nýtt, að stofnlánadeildina vanti fjármagn, og hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, kemst þannig að orði í laugardagsgrein sinni 14. apríl, með leyfi forseta: „Fullyrt er, að ekki verði unnt að fullnægja lánsfjárþörfinni á þessu ári.“ Hver fullyrðir það? Svo heldur hv. þm. áfram: „Ef svo fer sem horfir, verður að taka upp nýja stefnu og neita bændum um lán, þótt þeir uppfylli öll skilyrði til lána, en til þess hefur ekki komið áður.“

Ég man nú ekki betur en að þegar þessi hv. þm. var ráðherra, væri breytt lánareglunum, sennilega fyrir fjárskort, þannig að bændur fengu ekki lán nema út á eina framkvæmd í hvert skipti, jafnvel þó að það væru t.d. hlaða og fjós, sem í raun og veru þarf að byggja í einu. Það hefur líka verið þannig á undanförnum árum, að vinnslustöðvarnar hafa verði látnar mæta afgangi. Þær hafa ekki fengið lán, nema það hafi verið eitthvað til um áramót.

Árið 1962 lánaði deildin 70,5 millj., 1970 lánaði hún 141,2 millj., en á þessu ári 369,6 millj. En eftir bókun bankans lánaði deildin t.d. á árinu 1967 134,2 millj., en skuld við Búnaðarbankann um áramót var rúmar 32 millj. Það er auðséð á þessum tölum, að það hefur ekki alltaf verið nægilegt fjármagn til í stofnlánadeildinni.

Það er alveg rétt, að nú eins og oftast áður er ekki nægilegt fjármagn miðað við þær beiðnir, sem hafa komið fram. En ég man aldrei til þess, síðan ég fór að hafa afskipti af þessum málum, að það hafi ekki einmitt verið óvissa um það, hvernig leyst yrði úr þessum málum.

Vegna skrifa í Morgunblaðinu og vegna þeirra ummæla, sem hafa heyrzt hér í hv. þingi um þessi mál, gat ég ekki hjá því komizt að drepa á þessi atriði. Ef það hefði verið nægur tími, þá hefði verið gaman að fara ofan í þessi mál frekar ,en ég ætla ekki að láta það eftir mér í þetta skipti. En í sambandi við þær brtt., sem minni hl. hv. landbn. flytur, vil ég aðeins segja það, að ég hef látið athuga um byggingarkostnað í sambandi við t.d. 12 kúa fjós og allt tilheyrandi, 24 kúa fjós og allt tilheyrandi og 48 kúa fjós og allt tilheyrandi. Og það kemur í ljós, að t.d. 24 kúa fjós er um 25% dýrara hver bás heldur en básinn með öllu í 48 kúa fjósi og í 12 kúa fjósi um 40% eða rúmlega það dýrari en er í 48 kúa fjósi. Ég benti á þetta í sambandi við þær brtt., sem hv. minni hl. flytur hér í sambandi við, að það sé óeðlilegt, að þeir, sem byggja stórar byggingar, þurfi að taka einhvern hluta af lánunum með t.d. hærri vöxtum.

Ég held, að ég láti þetta duga í bili.

ATKVGR.
Brtt. 774 og 780 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29:1 atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Þriðjudaginn 17. apríl, að loknum 94. fundi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437, n. 788). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 788, hefur hv. samgn. rætt þetta mál á fundum sínum og lagt til, að frv. verði samþ.

Það var ekki ágreiningur um málið í Ed. og ekki heldur meðal þeirra fundarmanna í n., sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins. En það er tekið fram, að þeir voru hvorugur viðstaddur, hv. þm. Friðjón Þórðarson og Sverrir Hermannsson.

Með þessu frv. eru prentuð sem fskj. umsagnir þriggja aðila, þ. e. umsagnir frá Siglingamálastofnun ríkisins, L. Í. Ú. og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Tveir umsagnaraðilanna hafa ýmislegt við frv. að athuga, en L. Í. Ú. mælir með því, að það verði samþ. Eru aths. frá Siglingamálastofnuninni um nokkur atriði, og þá tel ég helzt það atriði, að þeir finna að því, að skipstjórnarréttindi geti menn fengið á verzlunarskipum, þó að möguleikar séu á, að þeir hafi aðeins verið á varðskipum. Meiri hl. n. taldi þetta praktískt talað ekki mikilvægt atriði, þar sem varla kæmi til þess, að menn yrðu ráðnir skipstjórar á verzlunarskipi utan einhverrar reynslu, sem flestir, sem sækja um slíkt starf, hefðu sjálfsagt. Hins vegar áleit n. það mikilvægt þrátt fyrir þetta atriði, að málið kæmist áfram, og vildi ekki fara að flytja brtt., hvorki um þetta né annað.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Afgreiðsla þessa máls, eins og lagt er til af hv. meiri hl. samgn. Nd., er lýsandi dæmi um það, hvernig ekki á að standa að afgreiðslu mála. N. hefur ekkert rætt þetta mál, hefur ekkert athugað það, ekki lesið frv., hvað þá meir. Þess er getið hér vinsamlegast í nál. meiri hl., að 2 nm. hafi ekki verið mættir. Af hverju skyldi það hafa verið? Það var fyrir það, að báðir voru uppteknir við umr. hér í þingi, þeir áttu báðir fsp. hér á dagskrá og komust ekki á nefndarfundinn. Það var ekki rætt eitt eða neitt á þessum nefndarfundi, málamyndanefndarfundi, og alls ekkert lesið, fyrr en þá nú af hv. þm., frsm. þessarar nefndar, þegar hann var að vitna í aðfinnslur Siglingamálastofnunar, sem eiga fyllilega rétt á sér. Ég geri helzt ráð fyrir því, að þannig hafi þetta verið afgreitt af hv. Ed. líka. Þetta eru að sjálfsögðu forkastanleg vinnubrögð. Ef þetta mál verður afgreitt sem lög frá Alþ., þá er það gert sem fljótaskrift að óathuguðu máli og gersamlega án þess, að menn viti, hvað þeir eru að gera.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð síðasta hv. ræðumanns, því að svo virðist vera orðið í sambandi við öll sjávarútvegsmál hér á hv. þingi, að það er bara um leið og það kemur annað hvort frá hæstv. sjútvrh. eða hæstv. samgrh., þá hleypur formaður viðkomandi n., samgn. eða sjútvn., til og afgreiðir það, þótt menn séu ekki viðstaddir og án þess að fá nokkrar umsagnir. Hann bara les hér upp í belg og biðu: við mælum með þessu, við mælum með þessu, — þótt menn hafi ekki tækifæri til þess að mæta á fundum. Og auðvitað lýsir það alveg óskaplega miklum bjálfahætti, að hann leyfir sér að lýsa því yfir, að skipstjóri hjá landhelgisgæzlunni geti ekki orðið skipstjóri á verzlunarskipi. Hvers konar fáráðlingsháttur er þetta hjá samgn. þingsins, Alþingis Íslendinga, að láta sér þetta um munn fara? Ég er hissa á því. Ég heyri það og sé eða sé það miklu frekar á hv. 3. þm. Norðurl. v., okkar ágæta bónda, Birni Pálssyni, að hann er farinn að skammast sín fyrir slíka afgreiðslu, sem von er. Ef það kemur fram ósk um það frá L. Í. Ú., þá á að samþ. allan andskotann hér, en þó að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Siglingamálastofnunin segi að það þurfi að leiðrétta og gera vissar aths. við og breytingar á frv., þá má ekki hlusta á það. Gott og vel. Ef hv. frsm. svokallaðs meiri hl. n. telur, að hann sé hér málsvari afgreiðslustofnunar fyrir L. Í. Ú., þá hann um það. En ég tek undir orð síðasta ræðumanns um það, að þetta eru ekki nokkur vinnubrögð. Það hafa að vísu góðir menn unnið að þessu máli, en það er hins vegar alveg rétt, að það er ekki hægt að bera saman ákveðin störf innan þess hóps manna, sem tekur það próf frá stýrimannaskólanum og sjómannaskólanum, sem þarna er um að ræða. Sá maður, sem hefur unnið í landhelgisgæzlunni allan sinn starfsferil, er á engan hátt hæfur til annars en að sigla varðskipum. Hann hefur enga þá þekkingu til að bera, sem þarf til að meðhöndla vörur, hvorki við vörulestun né losun, og allt, sem tilheyrir, sem er miklu stærra atriði í starfi þeirra en nokkurn tíma siglingin eða það að skjóta púðurskotum á enska landhelgisbrjóta.

Umr. frestað.

Neðri deild, 96. fundur.

Þriðjudaginn 17. apríl, að loknum 95. fundi.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er mikið rætt um verðjöfnun á ýmsum vörum. Nýlega er búið að afgreiða þál. um að athuga verðjöfnun á flutningum um allt land. En þetta frv. snertir aðeins sement.

Í 1. gr. segir: „Jöfnun flutningskostnaðar samkv. lögum þessum nær til allra verzlunarstaða á landinu, sem jafnframt eru aðaltoll-

hafnir." Svo kemur viðbót: „Heimilt er viðskrh. að ákveða með reglugerð, að jöfnun þessi á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verzlunarstaða!

Það er út af fyrir sig ágætt að hafa heimild fyrir viðskrh. til þess að verðjafna flutninga á viðtækan hátt. En ég sé sérstaka ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi ákveðið, hvernig þetta heimildarákvæði verði notað eða hvort það verði yfirleitt notað.

Sement er oft flutt langan veg á landi, t. d. hér frá Reykjavík austur í Skaftafellssýslu. Það er flutt 100, 200 og kannske 250 km á landi. Hingað til hafa þeir, sem flytja sementið langa leið, orðið að borga flutningskostnaðinn að öllu leyti sjálfir. Þau lög, sem hér á að setja, ná ekki tilgangi sínum, nema heimildarákvæðið verði notað og verðjöfnunin nái til sem flestra verzlunarstaða á landinu, þótt þeir séu langt frá innflutningshöfn.

Mér þætti fróðlegt, áður en þetta frv. verður afgr. sem lög, ef hæstv. ráðh. vildi gefa einhverjar yfirlýsingar í sambandi við framkvæmd á þessari væntanlegu löggjöf.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get því miður ekki gefið neinar upplýsingar um þetta atriði, sem hér var spurt um. Engar ákvarðanir hafa að sjálfsögðu verið teknar um það, hvaða háttur verði hafður á um þessi efni, en ég tel sjálfsagt, að það verði leitazt við að koma við sem mestu jöfnunarverði sements á um allt land. Ég geri ráð fyrir því, að þetta verði aðallega í höndum þeirrar sjóðsstjórnar, sem gert er ráð fyrir í frv. En sem sagt, það hefur ekki verið tekin nein bindandi ákvörðun um þetta, en mér sýnist einsýnt, að það eigi að koma verðjöfnun sem víðast á.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt, að hæstv. ráðh. geti ekki svarað þessu ákveðnara en þetta að sinni. En ég skil hæstv. ráðh. svo, að hann vilji, að heimildarákvæðið verði notað, og eins og hann sagði, að það verði stefnt að því að ná sem jöfnustu verði á sementi um allt land.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 796).

Launaskattur, frv. (þskj. 773). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 797).

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 748, 774, 780). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. lýsti nál. n. við 2. umr. hér rétt áðan. N. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Þegar hafa 2 nm., við hv. 2. þm. Norðurl. v., flutt tvær brtt. við frv. og kem ég að þeim síðar. Sú samstaða, sem náðist í n., á einvörðungu rætur sínar að rekja til þess, að frv. er nú mjög breytt frá því, sem það var fyrst lagt fram í hv. Ed. Hæstv. landbrh. og þingmeirihl. hefur fallizt á samkv. eindregnum óskum okkar sjálfstæðismanna að draga til baka þrjá síðustu kafla frv. og afgreiða einungis á þessu Alþingi I. kafla þess. Ég mun því ekki á þessu stigi ræða þá kafla frv., sem nú hafa verið niður felldir, til þess mun nægur tími gefast síðar.

Það meginatriði, sem felst í þessu frv., eins og það nú er orðið, er bundið fjármögnun stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það er höfuðatriði þessa frv. að afla deildinni aukinna tekna og það með því að leggja fram aukið fjármagn úr ríkissjóði, sem nemur 21 millj. kr. árlega, lögfesta til 1980 hið svokallaða stofnlánadeildargjald, sem lagt hefur verið á framleiðslu bænda, og hækka álagt gjald á útsöluverð landbúnaðarvara úr 0,75% í 1%, enn fremur, að ríkissjóður skuli greiða jafnvirði þess fjár, sem innheimt er af búvöruframleiðslunni og útsöluverði landbúnaðarvara. Hér er farið að nokkru eða mestu leyti í sömu slóð og gert hefur verið, frá því að þessi lög voru sett 1962, og þó gengið nokkru lengra í álögum en fyrri ríkisstj. hafði gert.

Því þarf ekki að lýsa fremur en gert hefur verið fyrr í þessum umr., hver þörf það er fyrir stofnlánadeild landbúnaðarins að fá aukið fjármagn, aukið eigið ráðstöfunarfé. Að þessu hefur verið vikið af fyrri ræðumönnum, en ég vil þó vegna þeirra ummæla, sem hv. frsm. n., 4. þm. Norðurl. e., lét falla hér áðan, segja um þetta örfá orð.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið fullyrt, að fé mundi vanta til stofnlánadeildarinnar á þessu ári. Nú veit ég ekki til þess, að neinn hafi fullyrt um þetta út af fyrir sig. En eins og sakir standa, eru horfur á því, að stofnlánadeildin fái til ráðstöfunar á yfirstandandi ári um 420 millj. kr. Lánsumsóknir eru hins vegar eftir því sem að ég hef komizt næst, um 640 millj. kr. Þess vegna er ljóst, að miðað við þessar tölur vantar til þess að fullnægja lánsumsóknum um 220 millj. kr. Hér skal engu um það spáð hverjar verða framkvæmdir bænda á þessu ári, hvort tekst að framkvæma allt það, sem lánsumsóknir segja til um, að bændur hafi í hyggju. Það verður að koma á daginn. En ef svo færi, þá er ljóst, að þarna vantar mikið fé. Það eru einnig möguleikar á því, að hæstv. fjm.- og landbrh. kunni að útvega aukið fjármagn síðar á þessu ári. Um það hafa engar yfirlýsingar verið gefnar á þessu stigi, og um það skal ég ekkert fullyrða, en ástandið er sem sagt þannig, eins og nú standa sakir, að langt bil er á milli þeirra umsókna frá bændum og vinnslustöðvum landbúnaðarins, sem borizt hafa, og þess fjármagns, sem

þegar er séð, að deildin hafi til ráðstöfunar. Það er því ekki undarlegt, þó að velt sé vöngum yfir því, hvort svo kynni að fara, að á þessu ári verði ekki hægt að fullnægja þeim lánsumsóknum, sem borizt hafa, ef framkvæmdir verða í samræmi við umsóknir.

Um fjármögnun deildarinnar að öðru leyti vil ég segja það, að við fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. Nd. höfum ákveðið að styðja þær till., sem felast í frv. um aukna fjármögnun, þótt það sé gefið í skyn, að verulegt átak sé gert til þess að bæta úr fjárskorti deildarinnar, þá er vert að vekja á því athygli, að þarna er ekki um neitt stökk að ræða. Ef litið er á það, hver hlutur eigin ráðstöfunarfjár var í útlánum á t.d. árinu 1968, þá var það 45,2%. Með því móti, að þetta frv. verði afgreitt eins og það liggur nú fyrir, má heita, að hlutur eigin ráðstöfunarfjár deildarinnar verði hinn sami í útlánum, ef svo fer, að framkvæmdir og lánsfjárþörf verða í samræmi við þær umsóknir, sem fyrir liggja. Þarna er því alls ekki um neitt stökk að ræða til þess að auka ráðstöfunarfé deildarinnar frá því, sem var fyrir fáum árum, en það hefur þó farið mjög niður á við nú hin síðustu ár, m.a. vegna þeirrar geigvænlegu verðbólguþróunar, sem geisað hefur, og vegna þess, hve byggingarvísitala hefur tekið stórkostleg stökk upp á við og það mun meira en almenn verðlagsþróun í landinu hefur gefið tilefni til. Einnig má vitaskuld benda á það, að fastaframlag ríkissjóðs hefur ekki farið hækkandi.

Í framhaldi af þessum umræðum um fjármögnun deildarinnar vil ég aðeins ítreka það, að við fulltrúar sjálfstæðismanna í landbn. munum styðja þau ákvæði frv., sem að þessu lúta, og halda þannig við fyrri stefnu okkar sjálfstæðismanna, sem mörkuð var með lögunum 1962.

Það er auðvitað nokkuð freistandi að ræða það, hvað núv. hæstv. stjórnarflokkar virðast leggja mikið kapp á að afsanna flest það, sem þeir hafa sagt, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. Verk núv. ríkisstj. í fjölmörgum málaflokkum virðast því marki brennd, að þau ganga í þveröfuga átt við það, sem oddvitar núv. ríkisstj. héldu fram, meðan þeir sjálfir voru í stjórnarandstöðu. Og ef þessi saga væri rakin, þá yrði það næsta brosleg saga. Hér skal ég ekki fara út í það að rekja þessa sögu, sem mætti segja um flesta málaflokka, sem á góma hefur borið í íslenzkum stjórnmálum, frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Cg get þó ekki á mér setið að minna á það, að þegar stofnlánadeildarlögin voru sett árið 1962, börðust talsmenn núv. stjórnarflokka og þá sérstaklega talsmenn Framsfl. harkalega gegn þeirri lagasetningu, og sú barátta var fyrst og fremst háð gegn þeirri fjármögnun, sem stofnlánadeildinni var séð fyrir með þeim lögum. Það má auðvitað vitna til þess, að við þær umr., sem fóru fram hér á hv. Alþ., þegar þessi lög voru sett, tóku fjölmargir þm. Framsfl. til máls og héldu langar ræður, þar sem þeir lýstu andstöðu flokksins við þessi ákvæði og töldu, að með þeim væri stefnt út í sérstakan voða fyrir landbúnaðinn. Ég ætla nú ekki að fara að rekja þessar umr., enda mundi það æra óstöðugan og væri hægt að sinna því nálega þangað til dagur rynni. En mig langar þó til þess að vitna til örfárra setninga, sem fram komu í þessum umr.

Ég lít svo á, að hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hafi um langt skeið verið einn galvaskasti málrófsmaður Framsfl., enda ekki að undra, þar sem að hann hefur verið meðal forustumanna þess flokks um áratugaskeið. Þessi hv. þm. komst m.a. svo að orði í umr. um stofnlánadeildarfrv. 1961 hér á Alþ., að með þessum aðförum, þ.e.a.s. að leggja stofnlánadeildargjaldið á búvöruframleiðsluna og þar með á bændastéttina, væri stefnunni í landbúnaðinum breytt stórkostlega. Hann sagði, að stefnan hlyti hreinlega að vera við það miðuð að draga stórkostlega úr uppbyggingu landbúnaðarins og beina uppbyggingunni í aðrar áttir. Hún væri við það miðuð að fækka bændum og brjóta niður sjálfstæða bændastétt. Hv. þm. sagði, að grátlegt væri að hugsa til þess, ef þessar aðfarir yrðu til þess, að jarðir legðust í eyði í stórvaxandi mæli.

Hv. 1. þm. Austf. talaði vissulega þarna mjög í sama dúr og margir aðrir þm. flokksins. En það er næsta broslegt, að þegar Framsfl. og þessir sömu hv. talsmenn hans komast í valdastóla, þá skuli það vera meðal fyrstu verka þeirra við breytingu löggjafar um landbúnaðarmálefni að framlengja þetta stofnlánadeildargjald í lögum og fella niður þau skerðingarákvæði, sem búið var að lögfesta og voru á þann veg, að stofnlánadeildargjaldið skyldi frá og með árinu 1976 lækka í áföngum og mást út. Þar með hafa þessir talsmenn og forustumenn Framsfl. sannað það, svo að ekki verður um villzt, að þau ummæli, sem þeir viðhöfðu um þetta efni á árinu 1961 og æ síðan, hafa verið hreinræktaður skrípaleikur og marklaus áróður, sem engin meining hefur verið með. Þannig hefur farið fyrir þessum hv. þm., hæstv. ráðherrum og stuðningsmönnum þeirra í fjölmörgum öðrum greinum.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., sagði einnig um 0,75% álagið á söluvörur landbúnaðarins, að það væri ósæmilegt að leggja tolla á mjólk og kjöt. Nú er það væntanlega meining þessa hv. þm. og hæstv. ríkisstj., hæstv. landbrh. og annarra þm. Framsfl., sem fyrr á árum töluðu harðast gegn þessum ákvæðum, ekki einasta að viðhalda þessu í lögunum, heldur hækka þennan toll, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson kallaði svo, úr 0,75% upp í 1%. Þannig voru nú heilindin í þeim málflutningi. Það má og minna á það, að í þessum málflutningi hv. framsóknarmanna 1961 vitnuðu þeir titt til samþykkta búnaðarþings og ýmissa mótmælasamþykkta bændafunda úti á landi. Nú er svo komið, að þessir hv. þm. og hæstv. ríkisstj. hirða ekki um að leggja frv. sem þetta fyrir búnaðarþing eða skjóta því á nokkurn hátt til bændasamtakanna. Þrátt fyrir það hefur núv. hæstv. landbrh. margsinnis lýst því yfir í mín eyru, að hann vilji hafa sem nánast samstarf við bændasamtökin um stefnumörkun í landbúnaðarmálum og hann vilji fara að vilja þeirra helzt í einu og öllu. Nú er hins vegar ekki hirt um að bera þetta undir þessi sömu samtök.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni við 1. umr. að ekkert vopn væri eins sterkt í stefnumótun við uppbyggingu landbúnaðarins og lánveitingar. Ég hygg, að þetta sé nokkuð sannmæli. Þess vegna er það enn ein höfuðforsenda þess, að

mikil uppbygging og framkvæmdir verði í landbúnaði, að þannig sé búið að lánasjóðum landbúnaðarins, að unnt sé að veita framkvæmdalán til að örva bændur til framfara. Þetta er þveröfugt við það, sem þessi hæstv. ráðh. og fleiri flokksbræður hans sögðu, þegar stofnlánadeildarlögin voru sett 1962. Þá var, eins og ég þegar hef lýst, tónninn sá, að með þessu fyrirkomulagi, með fjáröflun til stofnlánadeildar landbúnaðarins og eflingu hennar, væri verið að grafa undan bændastéttinni, brjóta niður sjálfstæða bændastétt og fækka bændum. Þannig fór um sjóferð þá. Og þetta er sannarlega ekkert einsdæmi, eins og ég þegar hef að vikið, og það mun gefast tími til þess seinna að sýna fram á, að gerðir þessarar hæstv. ríkisstj. í fjölmörgum öðrum málaflokkum hafa verið algerlega í samræmi við þetta. Þeir hafa framkvæmt flest það, sem þeir fordæmdu harðast áður. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta atriði. Ég taldi nauðsynlegt að vekja nokkra athygli á þessari málsmeðferð og hversu núv. talsmenn þessa frv. og þingmeirihl. hefur gersamlega ómerkt öll sín fyrri ummæli um uppbyggingu stofnlánadeildarinnar og fjáröflun til hennar. Það var enda sagt í þeim umr. af hv. 1. þm. Sunnl., að framsóknarmenn hefðu snúizt gegn málinu á þeim tíma gegn betri vitund, gegn sannfæringu sinni, og þessi orð hv. 1. þm. Sunnl. hafa sannazt, eins og svo mörg önnur orð, sem sá hv. þm. hefur látið sér um munn fara.

Ég vil aðeins í sambandi við önnur ákvæði þessa frv. eins og það liggur nú fyrir, víkja að þeim brtt., sem við hv. 2. þm. Norðurl. v. flytjum á þskj. 780. Þær till. miða að því að fella niður tvær breytingar, sem fyrirhugað er að lögleiða með þessu frv. nú á þessum síðasta degi Alþ. Í fyrsta lagi eru það breytingar, sem fyrirhugað er að lögfesta samkv. þessu frv. á útlánareglum stofnlánadeildarinnar. Þar segir svo í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar 1½ verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma." Enn fremur segir í 4. málsgr.: „Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar 1½ verðlagsgrundvallarbúi eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdina."

Með þessum ákvæðum er stefnt að því, að bændur, sem vilja byggja stærri peningshús en sem svarar fyrir bústofn 1½ verðl.grv.bús, fái verri lánskjör en þeir, sem byggja fyrir minni bústofn.

Nú sagði hv. frsm. n., 4. þm. Norðurl. e., áðan, að það væri mun dýrara að byggja litlar byggingar en stórar og það svo, að í 24 kúa fjósi væri básinn 25% dýrari en í 48 kúa fjósi, og í 12 kúa fjósi væri básinn 40% dýrari en í 48 kúa fjósi. Þetta sannar okkur, að ef stefnt er til aukinnar hagkvæmni í landb. og um leið fyrir þjóðarheildina, þá er hyggilegt að örva til þess að byggja fremur stærri byggingar en smáar. Það er enn fremur vitað með nokkurri vissu, enda þótt óyggjandi rannsóknir hafi ekki farið fram, að bú með einhliða búrekstri, sem byggja á einni búgrein að meginstofni, veita meiri hagkvæmni en blönduð bú. Þess vegna er hyggilegt að haga svo landbúnaðarstefnunni að örva til meiri verkaskiptingar í landbúnaðarframleiðslunni og forðast að beita lánareglum og ríkisframlögum, þannig, að með þeim myndist eins konar þröskuldur fyrir framfarir í landbúnaði.

Það var reyndar svo, þegar stofnlánadeildarlögunum var síðast breytt og ný lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett 1971, að þá voru felld niður þau mörk, sem áður höfðu takmarkað styrkveitingar út á ræktun eftir stærð ræktunarlanda. Þetta var gert vegna þess, að þessar takmarkanir höfðu leitt til þess, að farið var í kringum ákvæðin, jörðum var skipt, svo að til óhagræðis leiddi, og það mátti líta svo á auk þess, að þetta verkaði sem hemill á eðlilegar framfarir.

Ég lít svo á, að það sé mjög óhyggilegt að móta þannig lánareglur og binda í lögum, að það sé gert ráð fyrir því, að þeir, sem eru duglegustu bændurnir, og þeir, sem búi á beztu jörðunum, fái lakari kjör en aðrir. Ég viðurkenni hins vegar, að þörf kann að vera á því að spyrna nokkuð við fótum, að jarðir séu ekki um of yfirbyggðar, eins og kallað er, þannig að á kostarýrum jörðum, sem ekki veita möguleika til mikillar framleiðslu, verði ekki veitt lán til stærri bygginga en svo, að þær rúmi þann bústofn, er jörðin getur framleitt. Þetta mál er allt annað og er ekki bundið neinum mörkum, er ákvarðast af verðl.grundvallarbúi, heldur verður að ákvarðast af kostum hverrar jarðar fyrir sig, eins og hún er frá náttúrunnar hendi, og því, hvernig unnt er að bæta búskaparaðstöðu hennar. Og það er sú stefna, sem mörkuð var með stofnlánadeildarlögunum 1971, að reyna að haga svo stefnunni í þessum málum, að kostir hverrar jarðar fengju notið sín og að reynt væri að örva bændur til framfara til samræmis við það. Í samræmi við þessa skoðun, sem ég hef hér lýst, höfum við hv. 2. þm. Norðurl. v., flutt brtt. á þskj. 780 um það, að 2. og 4. málsgr. 6. gr. falli niður.

Við 9. gr. frv. flytjum við brtt., sem lýtur að sama efni og er um það, að niður falli málsgr., sem kveður á um heimildir til mishárra vaxta af lánum til sömu framkvæmda eftir bústærð.

Þá flytjum við tvær brtt. Í fyrsta lagi við 2. tölul. 5. gr., sem hljóðar svo í frv., með leyfi forseta: „Til nýbygginga og endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum." Brtt. felur í sér að breyta þessu í: „Til nýbygginga og endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum."

Nú kann einhver að ætla, að þarna sé ekki mikill munur á, en hann er þó nokkur. Það hefur tíðkazt nú hin síðari ár, að viðurkennd hafa verið af Landnámi ríkisins svokölluð smábýli, þjónustubýli og jafnvel iðnaðarbýli í sveitum landsins, og þessi býli hafa fengið lán til íbúðarhúsa úr stofnlánadeild landbúnaðarins og hafa raunar ekki átt í annað hús að venda. Ef frv. er samþ. í því formi, sem það er, þá fer það þannig, að þeir menn, sem vilja byggja úti í sveit, t.d. ráðunautar eða menn, sem annast aðra þjónustu fyrir landbúnaðinn, t.d. reka véla-

verkstæði, aka mjólkurbíl eða þess háttar, fá ekki lengur lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins, vegna þess að þeir búa ekki á lögbýlum. Húsnæðismálastofnun ríkisins lánar ekki til íbúðarhúsa í sveitum, og þeir eru þess vegna knúðir til þess að byggja í þéttbýli. Við hv. 2. þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, lítum svo á, að það sé rangt að útiloka með lagasetningu, að þessir menn geti áfram byggt í sveitum landsins. Þeir hafa styrkt sveitirnar og verið góðir gjaldþegnar sinna sveitarfélaga, og við þá staðreynd er miðuð sú brtt. að breyta orðinu „lögbýlum" í „sveitabýlum".

Sömu sögu er að segja um síðustu brtt. á þskj. 780, við 12. gr. Þar leggjum við til, að breytt verði orðinu „lögbýlum" einnig í orðið „sveitabýlum".

Þessar litlu brtt., sem við fulltrúar Sjálfstfl. í hv. landbn. Nd. flytjum, raska ekki í neinu uppbyggingu þessa frv., og stofnlánadeildinni kemur það á engan hátt illa, þó að þær verði samþykktar.

Það liggur fyrir yfirlýsing um það frá hæstv. ráðh. að þess sé að vænta, að endurflutt verði frv. á næsta Alþ., sem hér hafa verið lögð fram sem fylgifrv. þessa frv., og ef hæstv. ráðh. óskar þess að endurflytja frv. til nýrra stofnlánadeildarlaga með þeim ákvæðum, sem við leggjum til, að nú verði felld niður, þá gefst vitaskuld nægur tími til þess að leggja þessi atriði undir dóm samtaka landbúnaðarins, leggja þau fyrir búnaðarþing og aðra fundi í samtökum bænda. Það væri í samræmi við yfirlýsta stefnu hæstv. ráðh. og það væri í samræmi við venju fyrirrennara hans í sæti lbrh. Enda þótt ekki hafi alltaf verið farið eftir þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið á búnaðarþingi, hefur það verið venja við alla stefnumörkun í löggjöf um landbúnaðarmálefni, að málin væru lögð undir dóm samtaka bænda, áður en þau fengju afgreiðslu Alþ. Þess vegna vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh. geti á það fallizt og meiri hl. Alþ., að þessar brtt. okkar fulltrúa Sjálfstfl. í landbn. verði nú samþ. Það gefst, eins og ég hef þegar sagt, nægur tími til þess að taka þær upp síðar, ef það þykir henta.

Ég hygg, að ekki sé ástæða fyrir mig að hafa um þetta fleiri orð. Ég get aðeins sagt það út af þeirri brtt., sem hv. 12. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, hefur flutt, að í samræmi við þær yfirlýsingar, sem við fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. höfum gefið um stuðning okkar við fjármögnun stofnlánadeildar, munum við ekki greiða þeirri till. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér af flytja litla brtt. við þetta mikla mál, frv. til l. um stofnlánadeild landbúnaðarins. Mín till. varðar einn þátt í fjáröfluninni til stofnlánadeildar. Hún fjallar um það aðallega, að gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, sem nemur 1%, verði fellt niður. Varatill. mín fjallar um það, að hækkunin, sem núv. ríkisstj. leggur til að gerð verði á þessu gjaldi, þ. e. a. s. hækkunin um 25%, verði felld niður.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er í fyrsta lagi sú, að mér þykir það engan veginn óumdeilanleg fjáröflunarleið til stofnlánadeildar eða fjárfestingarsjóðs eins atvinnuvegar, að gjald sé lagt á útsöluverð vara frá þessum atvinnuvegi, vara, sem seldar eru hér innanlands. Þannig verða neytendur látnir bera kostnað af hinum margvíslegustu framkvæmdum, sem hægt er að segja að standi í sambandi við þennan grundvallaratvinnuveg. Þessi aðferð er ekki tíðkuð í öðrum fjárfestingarlánasjóðum. Þó var það svo, að þegar lögin um stofnlánadeild landbúnaðarins voru sett á Alþ. 1961, þá var þessi aðferð samþ., og þetta var látið gott heita af meiri hl. Alþ., sem þá var, enda stóð þá svo á, að mjólk og mjólkurvörur voru tiltölulega ódýrar. Sú var raunar tíðin þá, að hv. 2. þm. Sunnl., núv. sessunautur minn hér í d., Ágúst Þorvaldsson, flutti brtt. um, að þetta gjald yrði fellt niður, rétt eins og ég er að gera nú. Hann flutti m. a. till. um, að 1% gjald bænda væri líka fellt niður og að samsvarandi upphæðir yrðu fremur teknar af almannafé. Ég leyfi mér því að vænta stuðnings hans við þessa till. svo og annarra flokksbræðra hans, sem sama sinnis voru.

Það er enn þá minni ástæða til þess nú í dag, að þetta gjald sé látið halda sér, þegar þannig stendur á, að nú nýverið hafa landbúnaðarvörur og sérstaklega mjólkin hækkað svo mjög í verði, að einsdæmi er. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur því miður sýnt neytendum í landinu alveg einstakt tillitsleysi, þegar hún, um leið og almennar verðhækkanir urðu í landinu, sem allir vissu um að hlutu að koma 1. marz, stórminnkaði niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur, þannig að mjólk hækkaði í verði um 44%. Það þarf engan að undra, að húsmóður á við skulum segja 5 manna heimili, sem kemur í mjólkurbúðina og kaupir sinn venjulega skammt þar, sem hún þurfti að borga 370 kr. fyrir í gær og þarf að borga 500 kr. fyrir í dag, verði á að mótmæla því, sem verið er að gera. Og konan við hliðina á henni, sem er kannske að kaupa mjólk til tveggja daga, borgaði fyrir það í gær um það bil 290 kr. og þarf að borga fyrir það í dag 440 kr. Það, sem gerðist, verður að segjast eins og er, er fyllsta tillitsleysi gagnvart neytendum í landinu. Slíkt og þvílíkt létu menn sér ekki detta í hug að gera, nema þeir byggjust við, að það fólk, sem slíkar hækkanir bitna á, væri vant því að taka því þegjandi, sem að því væri rétt. Og það voru þessar aðferðir, sem húsmæður í Reykjavík og víðar voru fyrst og fremst að mótmæla nú nýverið, er þær ályktuðu gegn hinum tíðu og miklu verðhækkunum í landinu. Það var fyrst og fremst verið að mótmæla þeim aðferðum og því tillitsleysi, sem neytendum í landinu er sýnt.

Nú þegar til umr. eru hér þessi mál, sem varða einmitt verð á þessum vörur, legg ég til, að nú noti hæstv. ríkisstj. tækifærið og geri þarna bragarbót og felli niður þetta gjald, sem frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að lagt sé á útsöluverð mjólkur og rjóma og heildsöluverð annarra landbúnaðarvara, þannig að verð þessara vara megi nú aftur nokkuð lækka. Það liggur í augum uppi, að það er ekki aðeins, að verðið muni hækka, vegna þessa frv., sem hér liggur fyrir, ef það verður samþykkt.

Þá má sérstaklega benda á það, að vitanlega er þetta ákaflega þægilegur gjaldstofn að hafa,

þegar svo stendur á, að gjaldið er lagt á útsöluverðið, sem nú nýverið hefur hækkað, og þess vegna er engu um það að treysta fyrir fólk, hvað eiginlega muni koma út úr þessu gjaldi, þegar litið er til þess, hversu hringlað hefur verið til og frá með niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum nú í vetur. Það veit enginn mjög lengi, hvaða verð á að vera á þessum vörum, þegar niðurgreiðslur geta skyndilega orðið lækkaðar eða jafnvel felldar niður, um leið og aðrar verðhækkanir verða á vörunni. Menn hafa oft sagt: Hækkaði ekki kaup almennt í landinu? Var þá ekki sjálfsagt, að fólk greiddi hærra verð fyrir þessar vörur eins og ýmsar aðrar? Jú, e. t. v., en ekki svona miklu hærra. Þar við bætist, að sú kauphækkun, sem almenningur fékk, kom ekki í hendur alls þorra fólks fyrr en í lok marzmánaðar, en hækkunin á mjólkurafurðunum varð í byrjun marzmánaðar. Það var því víða erfitt að láta enda ná saman þennan mánuð, þegar verðið var svo mjög á undan kauphækkuninni.

Ég hygg, að ég þurfi ekki að leiða fleiri rök að því, að sú álagning sem þetta frv. felur í sér, sé ekki eðlileg í þessum tilgangi. Ég get ekki séð samhengið í því, að við þurfum að greiða hærra verð fyrir mjólk vegna þess, að það þurfi að reisa loðdýraræktarbú, gróðurhús eða klakstöð, viðgerðarverkstæði fyrir jeppa o. fl., sem ekki á neitt skylt við mjólkurverð annað en það, að allar þessar framkvæmdir eru úti í sveitum og mjólkin er í flestum tilvikum framleidd í sveitum. Þess vegna finnst mér þetta ekki vera eðlilegur gjaldstofn, það verður að segjast eins og er, þótt ég hafi vafalaust eins og fleiri stjórnarþingmenn 1961 látið þetta gott heita. En ég endurtek, að þá stóð ekki svona einstaklega illa á með mjólkurverð eins og nú, og stingur sérstaklega í augun, þegar sérstakt álag kemur á útsöluverð mjólkur, sem nú nýverið hefur stórhækkað öllum neytendum að óvörum. Ef hv. þm. geta ekki fellt sig við þá tilhögun að fella þetta gjald algerlega niður, leyfi ég mér þó að vænta þess, að þeir sýni neytendum í landinu þá tillitssemi að hækka álagið ekki frá því sem nú er, og samþykki varatill. mína ef aðaltill. nær ekki fram að ganga.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. eftir miðnætti, en hv. frsm. gaf mér tilefni til þess að segja hér aðeins örfáar setningar. Hann vitnaði í grein í Morgunblaðinu frá síðasta laugardegi og fannst eitthvað ekki rétt sagt þar. Í greininni er talað um, að fullyrt sé, að ekki verði unnt að fullnægja lánsfjárþörfinni, þótt þetta frv. verði samþ. En ég segi í greininni, að ef svo verður, þá verður að taka upp nýja stefnu. Ég hef aldrei fullyrt, að það verði ekki unnt að fullnægja lánsfjárþörfinni, en það hafa aðrir fullyrt. Síðar get ég sagt hv. þm. nafn eða nöfn, ef hann hefur aldrei heyrt neinn fullyrða um lánamöguleika stofnlánadeildarinnar. En ég vil taka það fram, að ég hef ekki fullyrt neitt um þetta. Ég sagði hér í gær, að e. t. v. muni hæstv. landbrh. útvega fjármagnið, enda þótt það hefði ekki verið gert í framkvæmdaáætluninni og enn hafi ekki sézt till. um, hvernig að því verði farið. En það hefur oft verið svo við landbúnaðarsjóðina, að fjármagn hefur verið útvegað eftir á, og þess vegna hef ég ekkert fullyrt. En það hafa aðrir gert, og ég er hér um bil viss um, að hv. þm., sem talaði hér áðan, hefur heyrt fullyrðingar í þessa átt, en það skiptir ekki máli.

Annað var það í greininni, sem hv. þm. var ekki alveg sáttur við. Það var, að ef ekki væri hægt að fullnægja lánsfjárþörfinni á þessu ári, þá yrði að taka upp nýja stefnu, því að áður hafi bændur alltaf fengið lán, hafi þeir uppfyllt lánaskilyrði samkv. reglum bankans. Þannig hefur þetta alltaf verið, það veit hv. þm. Hitt er rétt, að sú regla var upp tekin að veita aðeins lán út á eina framkvæmd á ári. Þeim reglum hefur verið fylgt.

Ég vildi óska þess, að hæstv. ráðh. gæti útvegað þær 220 millj. kr., sem virðist vanta, þegar miðað er við þá fjáröflun, sem núna er fyrir hendi, og þá áætlun á lánsfjárþörf, sem birt er á fskj. með því frv., sem við nú erum að ræða um.

Ég sé ekki ástæðu til, að ég eyði hér lengri tíma í nótt til þess að ræða þetta frekar. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem mér virðist koma fram hjá hv. frsm. hér áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Þriðjudaginn 17. apríl, kl. 2,30 miðdegis.

Radíóstaðsetningartæki skipa, fsp. (þskj. 389). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þann 18. apríl 1967 var samþ. á Alþ. þál.till., sem við fluttum nokkrir þm. Sjálfstfl. fyrir forgöngu þáverandi fiskimálastjóra Davíðs Ólafssonar. Hún hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkistj. að skipa n. sérfræðinga til að gera athugun og till. um radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða."

Um langa hríð heyrðist ekkert frá störfum þessarar n. En snemma árs 1969 flutti ég samhljóða fsp. og ég flyt nú. 5. marz svaraði þáv. hæstv. sjútvrh. þessari fyrirspurn, og voru efnisleg svör hans á þá leið, að sama ár og hún var samþykkt, eða 22. maí, hefði ráðh. skipað þriggja manna n. til þessarar athugunar. Ráðh. skýrði frá því, að störfum væri langt komið og álit n. væntanlegt innan tveggja mánaða, að sögn formanns. Það kom enn fremur fram í svari ráðh., að n. hefði kannað, hvaða kosta væri völ varðandi slík kerfi, hver væru almennt notuð erlendis. Þessir umræddu tveir mánuðir liðu, án þess að álit n. sæi dagsins ljós, og enn hef ég ekki séð niðurstöður hennar, og eru þó 4 ár liðin frá fsp. minni.

Þegar alvarlega var farið að ræða um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, vakti ég margoft athygli á nauðsyn slíks kerfis hér á landi, ekki aðeins til að auðvelda gæzluskipum töku landhelgis-

brjóta, heldur einnig til að auðvelda fiskiskipum staðsetningu, svo að þau brytu ekki lög og reglur um friðun veiðisvæða og bann við ákveðnum veiðum. Síðast, en ekki sízt væru staðsetningartæki stórkostlega hagkvæm fiskiflotanum vegna staðsetningar skipa á þröngum veiðisvæðum, t. d. ef um hraunbotn er að ræða allt um kring. Má með notkun slíkra kerfa við slíkar aðstæður spara stórfé með betri nýtingu tíma, veiðarfæra og skips.

Áður en Norðmenn settu upp sínar 6 staðsetningarkeðjur á árunum 1967—1968, gerðu þeir umfangsmiklar rannsóknir. 1960 hóf stjórnskipuð n. könnun á leiðum og þörf til að setja upp slíkt kerfi fyrir fiskimenn og aðra notendur slíkra tækja, eins og sagði í skipunarbréfinu. En aðrir notendur eru að sjálfsögðu allir sæfarar svo og flugmenn. En sérstök áherzla var lögð á staðsetningartæki fyrir fiskveiðiflotann, enda var það forsenda rannsóknarinnar. Þessi norska nefnd skilaði einróma áliti í júní 1961, og var þar mælt með 4 höfuðþáttum væntanlegrar framkvæmdar. N. var þeirrar skoðunar, að uppsetning Decca-stöðva í Noregi mundi hleypa nýju blóði í sjávarútveginn og þörf slíkra staðsetningartækja væri knýjandi nauðsyn. Þessi skýrsla var talin sérlega merkileg, enda unnin á breiðum vísindalegum grundvelli, og þykja koma fram í henni víða mjög skarplegar athugasemdir. Við skipulagningu og könnun á uppsetningu slíkra stöðva í Perú var norska skýrslan lögð til grundvallar rannsóknum þar. Í Noregi voru þarfir eftirtalinna aðila kannaðar mjög gaumgæfilega: fiskiflotans, landhelgisgæzlunnar, sjómælingastofnunarinnar, hafrannsóknanna, björgunarþjónustunnar, heimskautastofnunarinnar, norska flotans og einnig verzlunarflotans og fyrir flugið. N. komst að þeirri niðurstöðu, að með nákvæmari staðarákvörðunartækjum mundi nýting landgrunnsins verða margfalt betri, einkum á ytri brúnum landgrunnsins, þar sem sérstök skilyrði í sjónum vegna seltu, hitastigs og strauma skapa fiskisæld, og svo á þröngum veiðisvæðum á sjálfu landgrunninu, sérstaklega á blettum með góðum botni umgirtum steinum og festum, eins og ég sagði áðan. Þá gerði n. áætlun um betri afkomu meðal togskipa af stærðinni 250—300 tonn vegna betri staðarákvörðunartækja. Var miðað við 200 úthaldsdaga og reyndist verðmætisaukningin 18%.

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. ráðh. er í tveim liðum. Fyrri liðurinn hljóðar á þessa leið:

„Hvað líður framkvæmd þál. um athugun á radióstaðsetningarkerfi fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í Sþ. 18. april 1967?"

Og síðari liðurinn:

„Hefur nokkur ákvörðun verið tekin um að setja slíkt kerfi upp hér á landi, annað en Loran-kerfið?"

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Spurt er um í fyrsta lagi, hvað líði framkvæmd þál. um athugun á radióstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í Sþ. 18. april 1967? Og í öðru lagi: „Hefur ákvörðun verið tekin um að setja slíkt kerfi upp hér á landi, annað en Loran-kerfið?"

Fsp. um þetta kom fram á Alþ. 1971, og svaraði fyrirrennari minn í embætti samgrh. því þá á Alþ. með mjög ítarlegri skýrslu, sem ég vil nú ekki eyða tíma til að endurtaka, en það mundi sjálfsagt taka einar 15—20 minútur. Það var mjög ítarlegt svar, og ég vil vísa til þess. Samsvarandi spurningu var sem sé svarað mjög ítarlega, og er það svar til í þskj. Síðan skeði það, að ákvörðun var tekin um uppbyggingu Omega-ákvörðunarkerfisins um allan heim og á þeim grundvelli að notendur þyrftu ekki að bera neinn beinan kostnað af rekstri eða uppsetningu þess kerfis, heldur aðeins greiða móttökutækin, sem ekki eru mjög dýr. N., sem í þetta var skipuð og strafar enn, taldi því rétt, þar sem þegar voru upp settar tilraunastöðvar, að bíða með endanlegt álit, þar til fyrir lægju niðurstöður um árangur af þeim. Fullnaðarreynsla hefur þó ekki fengizt um nákvæmni eða gagnsemi Omega-kerfisins, enda eru endanlegar sendistöðvar ekki enn þá að fullu í notkun og því styrkur og fjöldi stöðva minni en verða mun síðar. N. vinnur nú að lokaskýrslu, sem gengið verður frá innan fárra vikna, en fyrirvari mun þó vera á um það, hvort réttur tími til ákvörðunar sé nú.

Í þessari n., sem hér um ræðir, eru Aðalsteinn Júlíusson vita- og hafnamálastjóri, Leifur Magnússon hjá flugmálastjórninni og Hörður Frímannsson. Ég tel þetta mál vera svo sérfræðilegs efnis, að hér verði að byggja á áliti sérfræðinga. Þessi n. hefur starfað og gefið fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. svör um störf sín, og verð ég af minni hálfu að láta við það sitja.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. En hann hefði vel mátt geta þess um leið að þegar svarað var fyrirspurninni 1971 og eins fsp. 1969, þrátt fyrir að svör kæmu fram um, hvað unnið hefði verið af n. á þeim tíma, voru engar till. frá henni komnar fram um það, sem um er spurt, og er ekki enn. En ég spurði af gefnu tilefni, vegna þess að heyrst hafði í röðum skipstjórnarmanna í félagsskap þeirra og reyndar víðar, að ákvörðun hefði verið tekin um þetta. En ég heyri, að svo er ekki, en vænti þess vegna hinnar miklu þýðingar, sem málið hefur fyrir siglingar og fyrir fiskveiðar okkar sérstaklega, að það verði fylgzt vel með þróun Omega-kerfisins og væntanlega tekin ákvörðun um það eða annað kerfi sem fyrst.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég get vel á það fallizt, að það sé æskilegt að fá niðurstöðu sem fyrst um það, hvaða þýðingu þessi öryggiskerfi hafi. Ég gaf í niðurlagi svars míns áðan fyrirheit um það, að endanlegt svar berist innan fárra vikna.

Flugvallargerð við Seyðisfjörð, fsp. (þskj. 427). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Um nokkurt skeið hafa verið uppi áform

um að byggja sjúkraflugvöll við Seyðisfjörð. Mér er kunnugt um, að fyrirsvarsmenn í félagsmálum þar eystra töldu, að munnlegt leyfi hæstv. samgrh. um byggingu flugvallarins hefði legið fyrir þegar á s.l. ári, en vegna ónógs undirbúnings hefði ekki getað af framkvæmdum orðið. Þetta mál er mjög brýnt og mikilvægt og til þess að fá svar frá fyrstu hendi hef ég leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh.: „Hvenær verður hafizt handa um gerð sjúkraflugvallar við Seyðisfjörð?"

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér var fljótt eftir að ég tók við mínu starfi í samgrn., ljóst, að einn þeirra staða á Austfjörðum, sem ekki hafði neinn sjúkraflugvöll, væri Seyðisfjörður, og þar hefði staðið í vegi, að tæpast væri hægt að finna þar undirlendisræmu, sem fullnægði þeim skilyrðum, sem gera yrði til flugvallar á staðnum. Ég gerði því för mína þangað austur og gekk með staðkunnugum mönnum þar á þær slóðir, sem helzt væri að leita að slíku landssvæði, og kom þá í ljós, að þar var helzt um 2 staði að ræða. Annar var í einkaeign, og var sett upp geysilega hátt verð fyrir. Hann útilokaðist þegar af þeirri ástæðu, að flugmálastjórnin hefur ekki viljað eyða takmörkuðu fé sínu til flugvallagerða í að kaupa land undir slík mannvirki. Og þá var, að þessu frágengnu, litið á annan stað og komizt að þeirri niðurstöðu, að þar mundi vera fært að gera sjúkraflugvöll með sæmilegri aðflugsaðstöðu. Svarið við þessari fsp. er í sem stytztu máli á þessa leið:

Árið 1971 og aftur s.l. sumar var rannsakað hvort stæði fyrir flugbraut væri finnanlegt við Seyðisfjörð. Varð niðurstaðan sú, að helzt kæmi til greina staður í landi jarðarinnar Þórarinsstaða, sem nú eru í eyði, utarlega við fjörðinn sunnanverðan. Annar staður, sem til greina kom, var á svonefndum Hánefsstaðaeyrum niðri við sjóinn. Þar var unnt að koma fyrir allt að 1300 metra langri braut. Hins vegar var það land í einkaeign, og upplýsingar um landverð á þeim slóðum bentu til þess, að land undir flugbrautina yrði mjög dýrt. Þórarinsstaðaland er hins vegar í eigu Seyðisfjarðarkaupstaðar, og var því horfið að hönnun brautar þar, en 900 metra braut er talin nauðsynleg brautarlengd, og sú brautarlengd kemst þar fyrir. Ólafur Pálsson, verkfræðingur hefur hannað brautina, og barst samgrn. skýrsla hans 22. f.m. Er gert ráð fyrir því að byggja nú fyrst í stað 600 metra braut í fyrri áfanga, og er heildarkostnaður við þann hluta brautarinnar áætlaður 5,2 millj. kr. Síðari áfangi er hlutfallslega dýrari vegna mikillar fyllingar í gili utan við enda fyrri áfangans, enda þótt stutt sé að sækja fyllingarefnið. Í þeim áfanga er einnig áætlaður kostnaður vegna flugskýlis í sambandi við brautina. Það er ekki gerð grein fyrir greiðslum fyrir land undir brautina eða efnistöku þar, sem hvort tveggja er í landi kaupstaðarins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það enn, hvenær byrjað verður á verkinu, enda er kostnaðaráætlunin nýgerð, eins og fyrr segir, og málið hefur verið til athugunar fram að þessu. Til sjúkraflugvallagerða um land allt eru nú til ráðstöfunar á árinu 1973 7 millj. kr., og auk þess er óráðstafað 4,4 millj. kr. af fé til flugvallaframkvæmda. Af þessu er ljóst, að það fé hrekkur skammt og naumast hægt að verja nærri því helmingi þess fjár til eins staðar. En þó verður kannað, hvort unnt sé að byrja á fyrri hluta framkvæmdarinnar á Seyðisfirði á þessu ári, og til þess liggur fyllsti vilji flugmálastjórnar og rn.

Ég hygg, að fullyrða megi á þessari stundu, að Seyðfirðingum verði heimilað að hefja byggingarframkvæmdirnar á flugbrautinni á þessu ári. En aðalvandinn var sá að finna land undir flugbrautina, og það vafðist fyrir fyrirrennara mínum og mér, þangað til ég fór á staðinn.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svar. Að vísu var töluverð sveifla á því, því að hann benti á, að mjög lítið fé væri til ráðstöfunar til byggingar sjúkraflugvalla, það væri einvörðungu um 7 millj. að tefla, auk þess sem óráðstafað væri um 4,4 millj., og taldi þess vegna vafasamt, hvort hægt væri að verja nálega helmingnum af þessu fé til eins staðar. Að því leyti var svar hans ofurlítið neikvætt. Hins vegar bætti hann um betur, þegar hann tók fram, að það væri fyllsti vilji fyrir því í rn. og hjá flugmálastjórn að hefjast handa um þetta verk. Í trausti þess, að þeim vilja verði fylgt eftir með framkvæmdum, þakka ég svörin.

Sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga, fsp. (þskj. 499). — Ein umr.

Axel Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Oddur Ólafsson flytur á þskj. 499 fsp. til hæstv. heilbrrh. Fsp. er í þremur liðum, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað er talið, að vanti mörg sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga?

2. Hvaða hópar langlegusjúklinga eru verst settir í þessu efni?

3. Hverra úrbóta má vænta á næstu árum"?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér hefur borizt svo hljóðandi svar frá heilbrigðismálaráðherra:

Undanf. mánuði hefur heilbr.- og trmrn. látið vinna að könnun á vistunarrýmisþörf heilbrigðisstofnana, og er þess að vænta, að skýrsla um þessa könnun komi til rn. í þessari viku, og verður hún þá fjölrituð og send þingmönnum og fjölmiðlum. Það er Kjartan Jóhannsson, verkfræðingur, sem hefur annazt þessa könnun í samvinnu og samráði við rn.

Vistunarrýmisþörf á sjúkrastofnunum er háð mjög mörgum þjóðfélagslegum atriðum, og víðast er það svo, að á undanförnum árum og áratugum hefur vistunarrýmisþörf, einkum hjúkrunarsjúklinga, farið mjög vaxandi vegna breyttra heimilishátta og heimilisaðstæðna. Þetta er ekki einsdæmi hjá okkur, þetta er sama sagan víðast hvar, því að þjónustufólk og starfsfólk á heimilum þekkist tæplega lengur. Hvort sjúkt fólk og lasburða fólk getur dvalizt í heimahúsum,

byggist því fremur á því, á hvern hátt þjóðfélagið hefur búið að þeim þar og hvaða hjálp er veitt af hendi þess opinbera og þá einkum sveitarfélaganna, svo að fólkið geti verið áfram heima. Hér má fyrst og fremst nefna heimilishjálp og heimahjúkrun, en einnig má nefna matarútvegun á heimilin, ýmiskonar starfsemi góðgerðarfélaga o. fl. Það er auðsætt, ef borið er saman, að minna hefur verið gert af því á vegum sveitarfélaga hér á landi en t. d. annars staðar á Norðurlöndum að skipuleggja heimilið sjálft hjá þeim, sem eru aldraðir eða sjúkir, og heimahjúkrun, þótt í boði sé, hefur ekki verið notuð í sama mæli. Af þessum sökum má gera ráð fyrir því, að eftirspurn hér sé tiltölulega meiri á vistunarplássi fyrir hjúkrunarsjúklinga og aldrað fólk en annars staðar er. Verulega skipulagt starf í þessum málum hefur einungis verið í stærri sveitarfélögum og þar miklu minna en gerist á sambærilegum stöðum erlendis.

Ef gerður er samanburður t. d. við Bretland, er starfsskipting ríkis og sveitarfélaga þar sú, að ríkið sér um rekstur og uppbyggingu sjúkrahúsa, þar með talið hjúkrunarstofnana, en sveitarfélögin sjá um alla starfsemi fyrir sjúkt fólk og lasburða í heimahúsum, svo og um stofnanir fyrir gamalt fólk. Af þessu leiðir, að þegar um er að ræða takmarkaðan fjölda hjúkrunarrýma, kemur vandinn til lausnar því fólki, sem þarf hjálp, á sveitarfélögin og er yfirleitt leystur með því móti að bæta aðstöðu þess á heimilum og auka hjálpina og eftirlit þar. Við þá könnun, sem fyrr greinir, hefur verið tekið mið af því, sem talið hefur verið eðlileg þörf í nágrannalöndum okkar, og reynt að gera sér grein fyrir, út frá þeim sjónarmiðum, hve mikið rými vantar. Skipt hefur verið upp sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum eftir tegund vistunar, og kemur í ljós, að víðast hvar er talið, að vegna langlegusjúklinga þurfi 45 rými fyrir hverja 1000 íbúa 67 ára og eldri, og velflestir af þeim sjúklingum, sem hér um ræðir, eru á fullorðinsaldri. Ef miðað er við þessa tölu hér á landi, eru 7,6% íbúa á aldrinum 67 ára og eldri og svarar það til 342 rýma fyrir landið allt, miðað við 100 þús. íbúa. Í Svíþjóð var gert ráð fyrir, að þyrfti 375—400 á árinu 1975 og í Helsingfors, áætlun fyrir árið 1980, er gert ráð fyrir 350 rúmum. Árið 1967 hafði Helsingforsborg 244 rými á 1000 íbúa, en Gautaborg reiknar með að þurfa 400. Í þessum tölum er einungis átt við þá, sem eru langlegusjúklingar af líkamlegum orsökum. Geðsjúkdómar eru flokkaðir sér, og er þá gert ráð fyrir, að þurfi 125—150 vistunarpláss á hjúkrunarheimilum vegna 100 þús. íbúa.

Þá er ótalið það, sem þarf af dvalarheimilum fyrir aldraða, og eru mjög mismunandi skoðanir um, hve mikið rými þurfi fyrir aldraða, sem ekki dveljast á hjúkrunarheimilum. Víða á Norðurlöndum er reiknað með, að það þurfi 500—550 miðað við 100 þús. íbúa, en raunverulegar áætlanir í þessu efni er ekki að finna í tiltækum gögnum frá Norðurlöndum. Sá staðall, sem rn. gerir till. um um þessar stofnanir er þannig:

Fyrir hjúkrunar- og endurhæfingarsjúklinga er talið, að þurfi 505 rými miðað við 100 þús. íbúa, sem skiptast þannig, að á almennum hjúkrunarheimilum séu 350, á hjúkrunarheimilum fyrir geðsjúka 125 og sérstökum endurhæfingardeildum 30. Á vinnu- og dvalarheimilum fyrir fávita er talið að þurfi 200 rými miðað við 100 þús. íbúa, fyrir sérstakar geðveilustofnanir 50 rými og drykkjusjúklingahæli 50 rými. Sérstök dvalarheimili fyrir aldraða er talið að þurfi 500 rými miðað við 100 þús. íbúa.

Ef þessar tölur eru lagðar til grundvallar og athugaðar til samanburðar á þörf og tiltæku rými fyrir höfuðborgarsvæðið, þ. e. a. s. Reykjanes- og Reykjavíkursvæðið, kemur í ljós, að tiltækt rými á almennum hjúkrunarheimilum er 518, — og hefur þá ekki verið tekið tillit til hinnar nýju Grensásdeildar, — en áætluð þörf samkv. staðli er 432, svo að mismunur þar er jákvæður um 86 rúm. Tiltækt rými á geðhjúkrunarheimilum er 115—125, en áætluð þörf 218, svo að neikvæð tala þar er 103. Á fávitahælum er tiltækt rými 236—260, en áætluð þörf 349, svo að neikvæður mismunur þar er 89—113, og 113 er réttari tala, því að hærri talan miðast við, hve miklu er troðið inn í fávitahælið í Kópavogi, sem raunverulegt rými er þar ekki fyrir. Drykkjumannahælið, tiltækt rými 64, en áætluð þörf 103, svo að neikvæður mismunur er 39. Sérstakar geðveilustofnanir eru ekki til, en áætluð þörf er 103. Á dvalarheimilum fyrir aldraða er tiltækt rými 465, en þörfin talin 617—679 og neikvæður mismunur því 152—214.

Niðurstaðan af þessari athugun er sú, að þegar litið er yfir hjúkrunarvistunina sem heild, vantar mjög mikið á, að þeirri vistunarrýmisþörf, sem staðallinn gerir ráð fyrir, sé fullnægt. Á almennu hjúkrunarheimilunum er nokkur jákvæður mismunur, sem ekki nægir þó til þess að jafna neikvæðan mismun geðhjúkrunarheimila. Síðan koma fávitahæli, drykkjumannahæli, sérstakar geðveilustofnanir og dvalarheimili fyrir aldraða, allar með mjög háan neikvæðan mismun, sem samtals er um 400—450 vistunarrými. Niðurstaða þessarar athugunar er því hiklaust sú, að það vanti vistunarrými fyrir flesta þætti hjúkrunarvistunar, en langmest fyrir geðhjúkrun og þætti henni skylda, svo sem fávitavistun, drykkjumannavistun og vistun fyrir sérstaka geðsjúklinga, auk þess sem vafalaust vantar vistunarheimili fyrir aldraða.

Þessar tölur eiga við um Reykjavíkursvæðið, en hvernig þessi mál leysast utan Reykjavíkur, sézt bezt á því, að mjög verulegur hluti sjúklinga á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og Akureyrar eru sjúklingar, sem vistast til langdvalar. Nýting sjúkrahúsa utan Reykjavíkur og Akureyrar er því mjög mikið atriði til þess að bæta hjúkrunarrými, sem skortir.

Með þessum upplýsingum er talið, að svarað hafi verið spurningum Odds Ólafssonar alþm., og þá er komið að því, hvað til úrbóta á að gera? Athugun á vistunarrýmum samkv. staðli, sem nefndur var hér að framan, sýnir það, að á Reykjavíkursvæðinu er ekki skortur á sjúkrarými fyrir bráða sjúkdóma, aðra en geðsjúkdóma. Ríkisstj. og Alþ. standa því frammi fyrir ákvörðunum um það, hvernig á að nota þær upplýsingar, sem hér hafa verið fram reiddar, til ákvörðunartöku um byggingu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á næstu árum. Þessar upplýsingar virðast ótvírætt benda til þess, að það

eigi að einbeita sér að því að byggja geðsjúkrahús og sjúkrahús fyrir hjúkrunarvistun, einkum geðhjúkrun, en auk þess fávitahæli, drykkjumannahæli og sérstakar geðveilustofnanir. Undirbúningur rn. hefur því beinzt í rétta átt undanfarin ár, þar sem bæði hefur verið undirbúin bygging geðdeildar við Landsspítalann og drykkjumannahælis á Vífilsstaðalandi. Þetta er hvort tveggja í sambandi við þær niðurstöður, sem liggja fyrir af þeirri könnun, sem vitnað hefur til.

Reykjavíkurborg hefur sýnt áhuga á því að byggja upp vistunarheimili fyrir geðhjúkrunarsjúklinga að Arnarholti, og hefur rn. stutt þær ákvarðanir, en það kom ekki fram við gerð síðustu fjárlagafjárveitingar til þessa verkefnis. En enginn vafi er á því, að það verkefni er brýnt, og mun rn. taka það að nýju upp við undirbúning næstu fjárlaga. Hitt atriðið ber svo að íhuga vandlega, hvort hægt er að leysa vistunarvandann með byggingu vist- og dvalarheimila fyrir aldraða eða hjúkrunarheimila. Enginn vafi er á því, að við gerð þeirrar áætlunar, sem frv. til l. um heilbrigðisþjónustu gerir ráð fyrir, mun rn. leggja til grundvallar, eins og hægt er, þær athuganir, sem hér hafa verið birtar.

Ég vænti, að hér sé um ítarlegt svar að ræða.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið og þakka hæstv. sjútvrh. fyrir mjög ítarleg og greinargóð svör og fagna þeirri skýrslu, sem hann boðaði, að send yrði, um könnun Kjartans Jóhannssonar.

Olíumöl, fsp. (þskj. 499). — Ein umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég kem hér í stað hv. þm. Odds Ólafssonar, sem er veikur, en hefur flutt eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hvað líður framkvæmd þál. frá 18. maí 1972 um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl?

2. Hve margir kaflar, 2 km eða lengri, eru tilbúnir til lagningar olíumalar eða annars bundins slitlags á þjóðvegum landsins?

3. Hvar eru þessir vegakaflar, og hver er samanlögð lengd þeirra?“

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Svar við fsp. sem þessum byggjast að sjálfsögðu á rannsóknum. Það var spurt um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl o. fl.

Í 1. lið fsp. segir: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 18. maí 1972 um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl?“

Vegamálastjórinn gefur þetta svar:

„Með bréfi, dags. 22. júní s. l., fól samgrh. vegamálastjóra að annast framkvæmd þál. um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl, sem samþ. var á Alþ. hinn 18. maí 1972. Í byrjun júlí s. l. fól vegamálastjóri Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins að hefja þá þegar kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl, sem þál. gerði ráð fyrir, jafnhliða yfirlitsrannsóknum á steinefnum, sem stofnunin hefur unnið að undanfarin ár. Þessum rannsóknum á nothæfu efni í olíumöl var á s. l. ári aðallega beint að Vestfjörðum og Austfjörðum. Þessum rannsóknum er enn ekki lokið, og er enn eftir að taka fyrir nokkur svæði, einkum á Norðurlandi og Vesturlandi. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins hefur gert bráðabirgðayfirlit um þá 65 staði á landinu, sem rannsóknir hafa beinzt að til þessa, og er áætlað, að þessum yfirlitstrannsóknum verði lokið á yfirstandandi ári. Samkv. bráðabirgðayfirliti þessu eru niðurstöður að sjálfsögðu mjög breytilegar. Mestum vonbrigðum hefur þó valdið, að mjög neikvæðar niðurstöður hafa fengizt við rannsókn á olíumalarefnum bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Rannsóknum á þessum efnum er þó enn haldið áfram og leitað orsaka og aðferða til að bæta efnin, t. d. með þvotti.“

Þetta var svarið við 1. lið.

Þá er það 2. liður: „Hve margir kaflar, 2 km eða lengri, eru tilbúnir til lagningar olíumalar eða ananrs bundins slitlags á þjóðvegum landsins?“ Og í þriðja lagi: „Hvar eru þessir vegakaflar, og hver er samanlögð lengd þeirra?“

Það er engin leið að gera sér ljósa grein fyrir fjölda allra kafla í þjóðvegakerfinu, sem eru 2 km eða lengri og tilbúnir eða því sem næst til þess að leggja á þá olíuföl eða segja til nákvæmlega, hvar þeir eru. Búast má þó við, að flestir þeir vegakaflar, sem lagðir hafa verið síðustu 3—6 árin, gætu fallið í þennan flokk, svo og fjölmargir aðrir vegakaflar, sem eldri eru. Það er þó allsendis óvíst, að sumir þessara gömlu vegakafla falli inn í framtíðarlegu vega á viðkomandi stað. Og þá er ekki síður mikil óvissa um hagkvæmni þess að leggja olíuföl á þessa vegarkafla, bæði yngri og eldri, þar sem flestir þeirra hafa mjög litla umferð, 100—200 bílar á dag, og aðeins örfáir þeirra eru í flokki hraðbrauta samkv. vegáætluninni.

Þeirri kerfisbundnu leit, sem um var spurt, og rannsóknum, sem nauðsynlegar voru til þess að geta kannað þessi málsatriði, er enn þá haldið áfram. Fullnaðarniðurstöður liggja ekki fyrir, en ég hygg þó, að í þessu svari liggi þær upplýsingar, sem unnt er að gefa eins og stendur.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör hans. Ég vil aðeins geta um það, að ástæðan fyrir því, að spurt er, og á það einkum við um 1. lið spurninganna, er sú, að það er vaxandi áhugi á notkun olíumalar víða um land og ástæða til að ætla, að það sé eina efnið, sem kemur til greina á mjög mörgum stöðum á landinu. Óvíða er hægt að koma við malbikunarframkvæmdum, og þá er ekki um annað að ræða en steinsteypu eða þá olíuföl. En notkun olíumalar hér á landi byggist að sjálfsögðu að verulegu leyti á því, að hæfilegt efni finnist til þessara nota.

Mér er kunnugt um, eins og kom fram í svari hæstv. ráðh., að niðurstöður athugana hafa til þessa verið heldur neikvæðar, einkum á Vestfjörðum og Austurlandi, þar sem áhuginn er þó mestur fyrir að nota þetta efni.

Mér er aðeins kunnugt um staði hér á Reykjanesi og fyrir austan fjall, svo og á Blönduósi og Vík í Mýrdal, þar sem fundizt hefur nothæft efni.

Ég læt í ljós þá von, að haldið verði áfram, eins og ráðgert mun vera, þessum rannsóknum og þeim ljúki á þessu ári. Það eru að vísu aðrir möguleikar en að fá efnið á staðnum. Það er hægt að flytja blandaða olíumöl héðan frá Reykjanesi, en því fylgir að sjálfsögðu mjög verulegur kostnaður.

Varðandi svör við 2. lið fsp. er skiljanlegt, að erfitt sé að gera sér grein fyrir heildarlengd þeirra vega, 2 km eða lengri, sem tilbúnir eru til lagningar olíumalar. En það, sem skiptir mestu máli, er, að það takist samstarf milli sveitarfélaga, þéttbýlisstaðanna úti á landi og Vegagerðar ríkisins um, að lagt verði samtímis á þéttbýlissvæðin og þjóðvegina í næsta nágrenni.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd. — Eins og kunnugt er, hefur um allmörg undanfarin ár verið nokkur upphæð í vegáætluninni, sem ætlunin er að verja til athugunar og tilrauna á lagningu vega úr varanlegu efni. Nú er það svo, að það liggja litlar upplýsingar fyrir hér á hinu háa Alþ. um það, hver árangurinn hefur orðið í þessum efnum hjá Vegagerðinni, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Menn muna eftir því, að um *það var deilt allmikið*, þegar Reykjanesbrautin var lögð, hvort ætti að leggja hana úr malbiki eða steinsteypu. Það sjá allir sjálfsagt í dag, að það var mikið happaspor, sem stigið var, þegar var horfið frá því að nota malbikið. Sérstaklega ætti það að vera mönnum ljóst í dag, þegar menn sjá höfuðborgargöturnar, hvernig þær eru útlítandi eftir veturinn, að það hefði kannske orðið nokkuð svipað með þá fjölförnu umferðarbraut, Reykjanesbrautina, ef hún hefði verið lögð úr eitthvað svipuðu efni. Sama má segja í sambandi við hraðbrautina frá Elliðaám upp í Kollafjörð. Það var upphaflega gert ráð fyrir því, að sá vegarkafli yrði lagður malbiki, en það kom í ljós, að mismunur á verði vegarins með því að gera hann úr steinsteypu, en ekki malbiki, var ekki nema um 11 millj. kr. Sjá allir, að hér er um óverulega fjárupphæð að ræða í sambandi við það, hvað notagildi vegarins verður miklu öruggara og betra um langa framtíð. Ég hygg, að Vegagerðin og þeir sérfræðingar, sem hafa þessi mál með höndum, ættu sem fyrst að gera sér grein fyrir því, að þrátt fyrir fjárfestingarkostnaðarmun, sem liggur í því að leggja vegina, sérstaklega hraðbrautirnar, fjölförnustu akvegina, úr steinsteypu, mun það, þegar til lengdar lætur, verða miklu hagstæðara og affarasæla fyrir þjóðina.

Varaaflsþörf raforku á Norðurlandi, fsp. (þskj. 499). — Ein umr. — Háspennulína frá Sigölduvirkjun til Norðurlands, fsp. (þskj. 499). Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 499 að leggja fram tvær fsp. til orkuráðherra í nokkrum liðum. Fsp. eru varðandi áform ríkisstj. um að afla raforku fyrir Norðlendinga með háspennulínu yfir öræfi landsins. Með þeirri ákvörðun er það mat forustumanna Norðlendinga, að ríkisstj. hafi tekið frumkvæði í orkumálum úr höndum heimamanna, sbr. samhljóða ályktun Fjórðungsráðs Norðlendinga á nýlega afstöðnum fundi ráðsins. Með tilliti til hinnar miklu óvissu, sem nú er í raforkumálum Norðlendinga og raunverulegs neyðarástands, sem skapazt hefur í kjölfar þessarar ákvörðunar, leikur forustumönnum Norðlendinga eðlilega forvitni á að vita gerla, á hvaða forsendum þessi ákvörðun hefur verið tekin og hvaða afleiðingar hún hefur.

Fsp. mínar eru nær samhljóða spurningum, sem Fjórðungssamband Norðlendinga hefur beint fyrir allnokkru til orkuráðherra, en ekki fengið svar við, að því er ég bezt veit. Það hefur áður komið fram hér á hinu háa Alþ., að frumáætlanir benda til þess, að umrædd háspennulína kosti ekki minna en 300—600 millj. kr., eftir því, hvernig hönnun er háttað, en mér er tjáð, að nýjustu rannsóknir bendi til þess, að hún verði miklu dýrari. Það hefur einnig komið fram hér á hinu háa Alþ., að flutningskostnaðurinn með línunni fyrstu árin yrði margfalt hærri en raforkuverð frá virkjun á Norðurlandi, t. d. gufuaflsvirkjun við Námafjall eða Kröflu, auk þess sem öryggi yrði meira *í orkuöflun með þeim hætti en með háspennulínu* yfir öræfi landsins.

Ég fer þó ekki frekar út í þessa sálma hér, þar sem hæstv. orkuráðherra er ekki viðlátinn, en vil vænta þess, að hæstv. ráðherra, sem gegnir störfum hans, muni svara þessum fsp.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mér hafa borizt þessi svör frá iðnrn. varðandi þær fsp., sem hér eru á dagskrá:

Að sjálfsögðu verður að reikna með varaafli í stærstu þéttbýliskjörnum norðanlands eða í grennd þeirra. Slíkt varaafl er nauðsynlegt, án tillits til þess, á hvern hátt raforkunnar er aflað. Varaaflsþörfin er nokkuð mismunandi á mismunandi stigum í uppbyggingu raforkukerfisins á Norður- og Suðurlandi. Áætlun um varaaflsþörfina á því stigi, þegar einungis ein lína liggur um hálendið milli Norður- og Suðurlands og áður en stórar virkjanir hafa verið reistar norðanlands, verður að sjálfsögðu einn hluti áætlunarinnar um línulögnina.

Eðlilegt verður að teljast, að sá aðili, sem í framtíðinni sér um öflun raforku á Norðurlandi, reisi og reki varaaflsstöðvarnar þar, og á þessar stöðvar ber að líta sem hluta af raforkuöflunarkerfi Norðurlands, á sama hátt og varastöðin við Elliðaár og gasaflsstöð í Straumsvík er hluti af samsvarandi kerfi á Suðurlandi.

Tilvist varaaflsstöðvar á Norðurlandi breytir engu um ákvörðunina um sama heildsöluverð norðanlands og sunnanlands.

Og hér er til viðbótar:

Nú er af kappi unnið að undirbúningi línunnar milli Norður- og Suðurlands, þ. á m. að frumhönnun og kostnaðarsamanburði mismunandi línugerða. Þessum athugunum er enn ekki lokið og því ekki að svo stöddu unnt að nefna kostnaðartölur umfram það, að lausleg áætlun gerir ráð fyrir 250 millj. kr. fyrir 130 kv. línu,

að verulegu leyti á tréstaurum, og 600 millj. kr. fyrir 220 kv. línu, alla á stálmöstrum.

Þetta eru algerar bráðabirgðatölur. Vonir standa til, að áreiðanlegri tölur verði fáanlegar nú með vorinu. Áætlunin tekur einnig til tímasetningar framkvæmda, og því er ekki heldur á þessu stigi máls unnt að tilgreina, hvenær línan yrði tilbúin, en áætlunin er við það miðuð, að tíminn þangað til verði eins stuttur og frekast er kostur og að framkvæmdir geti hafizt á næsta ári.

Rannsókn sú, sem nú fer fram á línustæði yfir hálendið, er hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Allar línur, sem hingað til hafa verið lagðar hér á landi, stórar og smáar, hafa verið lagðar án rannsókna af því tagi, sem hér um ræðir.

Að rannsókn þessi fer fram, er vottur um það, hversu mikilvæg lína þessi er talin. Niðurstöður þessarar rannsóknar til þessa eru í stuttu máli á þá lund, að ekki sé ástæða til að ætla annað en að finna megi línustæði yfir hálendið, er sé veðurfarslega ekki til muna örðugra en sumar þær leiðir yfir fjöll, sem háspennulínur liggja nú um.

Það þykir einsýnt að gera hærri hönnunarkröfur fyrir þessa línu en flestar aðrar línur, sem hér hafa verið lagðar, bæði vegna mikilvægis hennar og eins vegna þess, um hversu langan veg hún liggur í óbyggðum. Verður í því efni höfð hliðsjón af norskum línum um fjallendi, er svipaðar mega teljast að mikilvægi, en að sjálfsögðu miðað við niðurstöður athugana á línuleiðum og almenna vitneskju um það, í hverju íslenzkar aðstæður helzt víkja frá norskum.

Ákvörðun um tengingu Norðurlands og Suðurlands er ekki tekin í þeim tilgangi einum að sjá með því Norðurlandi fyrir raforku að sunnan í stað virkjunar á Norðurlandi. Þessi ákvörðun hefur það fyrst og fremst sem markmið að vera undirstaða þeirrar aðstöðujöfnunar í raforkumálum milli landshluta, sem ríkisstj. hefur tekið upp í stefnuskrá sína. Þessi aðstöðujöfnun tekur bæði til raforkuverðs í heildsölu og til möguleika á hagkvæmri nýtingu virkjunarvalkosta. Með tengingu Norðurlands og Suðurlands breytist öll aðstaða til virkjana á Norðurlandi til hins betra, eins og oft hefur verið bent á. Nú vinnur Orkustofnunin einmitt að rannsóknum á mörgum virkjunaraðstöðum á Norðurlandi með hliðsjón af þeim nýju viðhorfum, sem skapast við tenginguna. Af þessu má sjá, að línulögnin milli Norður- og Suðurlands hefur margs konar tilgang. Af því leiðir, að ekki er rétt að bera stofnkostnað tengilínunnar saman við aðeins eitt af markmiðum, þ. e. að flytja raforku að sunnan norður yfir á vissum tímum. Línulögnina ber að skoða sem lið í víðtækari aðgerðum og meta stofnkostnaðinn í samræmi við það.

Eins og margsinnis hefur verið lýst yfir, er það stefna núv. ríkisstj. að koma á sama heildsöluverði á raforku í öllum landshlutum. Í samræmi við það mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að sama heildsöluverð verði á raforku á Akureyri og á öðrum heildsölustöðum norðanlands eins og á Suðurlandi á hverjum tíma, eftir að landshlutar þessir hafa verið tengdir saman.

Þessar ráðstafanir eru liður í þeirri endurskipulagningu raforkumála, er iðnrn. vinnur nú að. Eins og hér að framan hefur verið vikið að, ber ekki að skoða línulögnina milli Norður- og Suðurlands sem einangrað mannvirki, heldur í tengslum við annað, sem lið í langtíma ráðstöfunum til aðstöðujöfnunar milli landshluta í raforkuverðlagi og virkjunarmöguleikum. Að frátalinni Laxá, sem ákvörðun hefur verið tekin um, að ekki verði virkjuð frekar en orðið er, er lítið um hagkvæmar virkjanir á Norðurlandi, ef miðað er við heimamarkaðinn einan. Hins vegar er þar mikið um hugsanlegar virkjanir, er henta mundu samtengdu kerfi Norður- og Suðurlands. Orkustofnunin vinnur nú einmitt að rannsóknum á þessum möguleikum. Þessir möguleikar eru m. a. við Dettifoss, við Kröflu, við Skjálfandafljót, í Jökulsá eystri og vestri og í Blöndu.

Ég sleppi því að lesa ýmislegt nánar útfært um þetta, sé ekki, að tími sé til þess, en vænti, að þessi grg. frá iðnrn. uppfylli í meginatriðum óskir fyrirspyrjanda um upplýsingar varðandi málið.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin, að svo miklu leyti sem þau voru svör við spurningum mínum. Það mátti glöggt heyra á máli hæstv. ráðherra, að hér var sneitt fram hjá því að svara þessum fsp. Er þá að sjálfsögðu við iðnrn. að sakast, en ekki þennan hæstv. ráðherra, þannig að það er erfitt um það að tala.

En í þessu sambandi vil ég aðeins undirstrika það, að hér kemur það fram einu sinni enn, að það hefur verið tekin ákvörðun um að leggja þessa margumræddu háspennulínu norður yfir öræfin, án þess að nokkuð sé vitað um það, hvað hún kosti, hversu mikið öryggi hún gefi, hversu mikið varaafl þurfi á Norðurlandi út af henni. Yfirleitt er ekkert vitað um þetta mál, þegar um línuna er tekin ákvörðun. Og þetta út af fyrir sig er gersamlega forkastanlegt.

Ég hef áður bent á það hér, að líkur bentu til þess, að við aðra virkjunarkosti á Norðurlandi, eins og t. d. gufuaflsvirkjanir, sem Orkustofnun hefur látið rannsaka við Námafjall og Kröflu, kosti raforka ekki nema 44 aura úr tiltölulega hóflegri virkjun hver kwst. En bara flutningskostnaðurinn er fyrstu árin, ef ætti að flytja raforku til Norðurlands, um 3 kr. á kwst. Hitt er svo annað mál, að hæstv. orkumálaráðherra hefur jafnan lagt á það áherzlu, að það yrði að líta á þessa línu frá allt öðrum sjónarhól, það yrði að líta á hana í tengslum við stórvirkjanir á Norðurlandi, hún væri forsenda fyrir þeim. Hér er um að ræða ákaflega furðulega röksæmdafærslu, vegna þess að það er miklu auðveldara að koma upp slíkri línu en stórvirkjun. Þegar ákvörðun væri tekin um stórvirkjun, væri hægt að ráðast í þessa línu. Það er engin deila um það, að slík lína á að koma. En hvenær á hún að koma, það er spurningin. Og það getur kostað okkur mörg hundruð

millj. kr að taka slíkar ákvarðanir sem hæstv. ríkisstj. er að taka á þessu sviði.

Endurskoðun á loftferðalögum, fsp. (þskj. 606). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 606 um endurskoðun á loftferðalögum: „Hvað líður framkvæmd þál. frá 8. febr. 1972 um endurskoðun á loftferðalögum?" Sú þál. var flutt af mér, ásamt 4. þm. Norðurl. e., og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til að endurskoða ákvæði loftferðalaga um ábyrgð flytjanda farþega og farms, einkum með tilliti til þess, að eigi er alltaf fullljóst, hver teljast skuli flytjandi, sömuleiðis reglur um ábyrgð eiganda flugvélar gagnvart flugmönnum, svo og vátryggingarsamninga varðandi flug".

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi las hér þál., sem liggur til grundvallar fsp. Ég taldi ástæðulaust að setja nokkra sérfræðinganefnd til þess að kanna þetta mál, en taldi einsætt, að leita bæri til þess manns, sem er aðalhöfundur loftferðalaganna, en það er Gizur Bergsteinsson fyrrv. hæstaréttardómari, og kveðja hann til að athuga þetta mál ásamt Kristni Gunnarssyni lögfræðingi, fulltrúa í samgrn. Það svar, sem hér er gefið við þessari fsp., er því frá Gizuri Bergsteinssyni fyrst og fremst og Kristni Gunnarssyni lögfræðingi með honum. Þeir segja á þessa leið í tilefni af fsp.:

Við höfum haft til athugunar þál. frá 8. febr. 1972 um endurskoðun á l. nr. 34 1964, um loftferðir. Frv. til nefndra laga var lagt fram á Alþ. 1963. Því fylgdi allítarlegt skýringarrit, þar sem gerð var grein fyrir því, að nútíma loftréttur er í eðli sínu alþjóðlegur eigi síður en þjóðlegur. Eru þannig milliríkjasamningar grundvallaratriði hans. Grundvöllur íslenzkra lagareglna um loftflutninga er alþjóðasamningur um loftflutninga, sem undirritaður var í Varsjá hinn 12. okt. 1929, með þeim breytingum, sem á honum voru gerðar með sáttmálaauka gerðum í Haag hinn 28. sept. 1955. Milliríkjasamningur þessi hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 41 frá 1949 og lög nr. 46 frá 1956. Hann telst eftir ákvæðum sínum gilda um loftflutninga milli landa, og er í samningnum nánar tilgreint gildissvið hans.

Nauðsyn ber hins vegar til að samræma reglur loftflutninga innanlands og milli landa. Að dæmi annarra ríkja voru þess vegna ákvæði IX. kafla l. nr. 34 frá 1964, um loftferðir, sniðin eftir ákvæðum Varsjársáttmálans og sáttmálaaukans svo sem nánar er rakið í nefndu skýringarriti. Var þá við það miðað, að ákvæði laganna henti bæði innanlandsloftferðum og milliríkjaloftferðum. Undantekningarákvæði 130. gr. veita þó heimild til að beita einfaldari reglum um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf í loftferðum, sem einungis fara fram á íslenzku yfirráðasvæði.

III. kafli Varsjársáttmálans ber yfirskriftina „ábyrgð flytjanda". Um ábyrgð flytjanda fjalla ákvæði 113.—126. gr. l. nr. 34 frá 1964. Í skýringarriti því, sem fylgdi lagafrv. á sínum tíma, segir: „Flytjandi er hver sá, sem tekst loftflutninga á hendur með samningi eða samningsígildi og framkvæmir hann á sinn kostnað". Eigi er skilyrði, að flytjandi sé eigandi loftfars þess, sem hann notar. Orð á erlendum málum, sem tákna það sama og flytjandi, eru carrier, transporteur, luftfragtführer. Orðið carrier er notað bæði í milliríkjasamningum, svo sem Varsjársamningnum, og innanlandslögum, og er dómstólum og fræðimönnum fengið það verkefni að hnitmiða innihald orðsins carrier í ensku og samsvarandi orða í öðrum málum, þá er því er að skipta. Ekkert orð í lagamáli er svo einskorðað að merkingu, að það þarfnist ekki nánari skýringar í einstökum tilvikum, þegar leggja skal dóm á mál. Er fráleitt að hrófla við lagatextanum um ábyrgð flytjanda, sem saminn er í samræmi við milliríkjasamninga og erlend lög, er gengið hafa í gegnum hverja prófraunina á fætur annarri.

Í þál. er talað um, að setja þurfi reglur um ábyrgð eiganda flugvéla gagnvart flugmönnum. Virðist hér vera átt við reglur, sem herði ábyrgðina frá því, sem nú er. Við erum tilbúnir að kanna till., sem okkur kunna að berast um þetta efni. Í 137. gr. 3. og 4. mgr. loftferðalaga segir svo:

„Rétt er flugmálaráðh. að kveða á um vátryggingu eða aðra tryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi, meðan flytjandi ber ábyrgð á honum samkv. IX. kafla.

Flugmálaráðh. er rétt að setja nánari reglur um vátryggingu eða tryggingu, þ. á m. um afleiðingar þess, að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi".

Við teljum rétt, að settar séu miklu ítarlegri reglur um vátryggingu vegna loftferða en gert hefur verið með reglum nr. 116 frá 1965. Þyrfti vitaskuld að leita álits flugfélaga, áður en frá reglum þessum yrði gengið. Ekki er ósennilegt, að slíkar reglur gætu stuðlað að því öryggi, sem alþm. telji nú vera ábótavant.

Hér með fylgir útdráttur úr tveimur fræðiritum og téð reglugerð.

Reykjavík, 13. apríl 1973.

Virðingarfyllst,

Gizur Bergsteinsson,
Kristinn Gunnarsson.

Til samgönguráðuneytisins.

Mér virðist af þessari fræðilegu umsögn liggja í augum uppi, að þessir fræðimenn telja, að ef breyta ætti íslenzkum loftferðalögum varðandi það, sem fsp. fjallar um, þyrfti jafnframt að taka tillit til alþjóðareglna og alþjóðalaga, sem við erum að nokkru leyti bundnir við um þessi atriði. En sjálfur get ég ekki lagt dóm á þetta mál, því að það er mjög háfræðilegs efnis.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hans svör. Ég gerði

það af ásettu ráði til þess að spara tíma að fara ekki að endurtaka það, sem tekið er fram í grg. með þál. né nokkuð af þeim rökum, sem fram voru færð gagnvart henni á sínum tíma. En hefði það verið gert með fsp., hefði svar ráðh. getað verið miklu skemmra, því að þar er einmitt tekið skýrt fram, að ákvæði íslenzkra loftferðalaga varðandi farþegaflug, þ. e. a. s. atvinnuflugið, séu mjög ítarleg og í algeru samræmi við milliríkjasamninga. Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir okkur flm., var að fá nánari og skýrari ákvæði um einkaflugið og hina svokölluðu flugklúbba, ef ég má nota það orð. Um þetta eru ekki neinir milliríkjasamningar til, og ákvæði um það í loftferðalögum nágrannalanda okkar eru mjög ófullnægjandi. Þar af leiðandi er kannske ekki um að sakast, þó að í íslenzkum loftferðalögum séu ekki enn komin skýrari ákvæði þar um en raun er á. En það reyndi á viss atriði þessara laga fyrir ekki löngu, og tók langan tíma að fá úr því skorið fyrir hæstarétti, hvernig bæri að skilja þau. Hæstiréttur Íslands klofnaði í málinu. Það, sem hafa ber þó umfram allt í huga, er, að það er nauðsynlegt, að við fylgjum þarna alfarið og í öllu ákvæðum erlendra þjóða varðandi öryggi um flug. En íslenzkar aðstæður eru oft og tíðum sérstæðar og erfiðar, alveg sérstaklega fyrir þessar litlu vélar. Það vakti einmitt fyrir okkur flm., að það þyrfti að setja inn miklu nákvæmari og strangari ákvæði í loftferðalögin íslenzku varðandi einkaflugið og flug hinna litlu véla. Ég vænti þess, — og veit, að ég mæli þar fyrir munn meðflm. að umræddri þál., — að hæstv. samgrh. beiti sér fyrir því, að þarna verði sett ótvíræðari og ákveðnari ákvæði, jafnvel ákveðnari en fyrirfinnast í nágrannalöndum okkar, varðandi þennan þátt flugsins.

Skaðabótamál vegna slysa, fsp. (þskj. 606). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef einnig leyft mér á þskj. 606 að flytja eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hvað líður framkvæmd á þál. frá 8. febr. 1972 um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa?"

Þál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún geri, með undirbúningi lagasetningar, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt. Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um bótaskyldu sérstaklega án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur um greiðsluskyldu hinna bótaskyldu og vátryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótagreiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi".

Ég skal ekki, herra forseti, tefja tímann við að rökstyðja þetta frekar. Það eru sömu flm. að þessari þál., ég og hv. 4. þm. Norðurl. e., en menn hafa dæmin fyrir sér, að það taki allt upp í áratug að fá úrskurð í slíkum málum, og sjá allir, að þó að sé ekki um svo langan tíma að ræða, þá er í mörgum tilfellum um allt of mikinn drátt á því að ræða, að úrslit fáist á þessu sviði.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. á þskj. 606, tölul. IV, fjallar um það, hvað líði framkvæmd þál. frá 8. febr. 1972 um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa. Dómsmrn. fól á s. l. ári prófessor Sigurði Líndal að gera lögfræðilega könnun um það efni, sem fjallað er um í þál. Í framhaldi af því hefur rn. síðan falið Magnúsi Thoroddsen borgardómara að gera till. um lagasetningu, sem æskileg þætti, til þess að náð verði hinu tvíþætta markmiði þáltill., almennt hraðari meðferð skaðabótamála vegna slysa og að fyrr geti komið til greiðslu bóta eða greiðslu upp í bætur, þegar dæmt er um bótaskyldu sérstaklega. Ég vona, að verkefni þetta fái hraða, en þó vandaða meðferð, og tel rétt að vekja athygli á því, að hér er um að ræða mjög vandasöm réttarfarsleg viðfangsefni, sem vafasamt er, að eigi sér lagalegar fyrirmyndir í úrlausnum á þeim.

Fyrirspyrjandi (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég þakka forsrh. hans greinagóðu svör.

Endurskoðun bankakerfisins, fsp. (þskj. 659). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Tilefni þessarar fsp. er það, að hæstv. viðskrh. hefur tvívegis á þessu þingi lýst því yfir afdráttarlaust, að lagt yrði fram frv. um endurskoðun bankakerfisins á þessu þingi, sem nú stendur yfir og er að ljúka. Þetta er að sjálfsögðu stórmál og því vert að vita nokkuð um gang málsins. Þess vegna hef ég borið fram fsp. til viðskrh. á þskj. 659 um þetta mál. Hún hljóðar svo:

„Hvað veldur því, að frv. um endurskoðun bankakerfisins hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi?"

Í þessu sambandi væri einnig vert að fá að vita, hvort ríkisstj. sé hætt við það áform sitt að leggja fram frv. varðandi þetta efni. Ef svo er ekki, hvaða ágreiningur er uppi um þessi mál, ef um ágreining er að ræða? Og í þriðja lagi má einnig bæta við: Hvernig hyggst ráðh. standa að framvindu þessa máls á næstunni?

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að frv. hefur ekki enn verið lagt fram um sameiningu banka, er sú, að enn er unnið að því að ná samkomulagi um málið. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, var skipuð sérstök n. á s. l. sumri, bankamálanefnd, sem gerði allrækilega athugun á bankakerfinu, mjög ítarleg skýrsla hefur verið lögð fyrir alla þm., sem þessi n. samdi, og í beinu framhaldi af störfum n. lét ég semja frv. um sameiningu tveggja ríkisbanka. Þetta frv. hefur legið hjá ríkisstj. til athugunar, og það er enn verið að fjalla um það við ýmsa þá aðila, sem hafa mest með þetta mál að gera. Mér þótti réttara að

draga nokkuð að leggja fram frv., meðan þess var freistað að ná betri samstöðu um málið. Samstaða um mál eins og þetta verður ekki aðeins fengin innan ríkisstj., heldur þarf hér að koma til miklu víðtækari samstaða. Að því er sem sagt unnið, en fyrr eða síðar verður frv. að sjálfsögðu lagt fram hér á þinginu.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það kom fram, að málið væri enn í athugun, og af því virðist hægt að ályktа, að ráðh. hafi verið of bráður, þegar hann lýsti því tvívegis yfir, að frv. yrði lagt fram á þessu þingi. En það er ekkert við það að athuga, þó að menn sjái síðar meir, að málið þurfi frekari athugunar við. Aðalatriðið er, að sjálfsögðu, að þetta frv. og þessi endurskoðun komi fram, þannig að hér verði rösklega tekið á málum.

Ég vil í þessu sambandi þakka fyrir það, að áliti bankamálanefndar hefur verið útbýtt meðal þm. Þar eru mörg fróðleg og athyglisverð atriði dregin fram. Ég vil aðeins leyfa mér til áréttingar því máli, sem ég hef flutt, að lesa upp úr þessari skýrslu örstutta klausu á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi eru nú starfandi alls 96 innlánasstofnanir: 7 viðskiptabankar, 51 sparisjóður, 37 innlánsdeildir samvinnufélaga og Söfnunarsjóður Íslands, auk 17 fjárfestingarlánasjóða og Seðlabanka Íslands. Enginn vafi er á því, að hér er miklu meiri fjöldi stofnana en hagkvæmt getur talizt, auk þess sem margar þeirra eru of smáar, til þess að þær geti uppfyllt sjálfsagðar öryggiskröfur. Af samanburði við hin Norðurlöndin má ráða, að bankastarfsemi hér á landi taki hlutfallslega meira af mannafla og framleiðslugetu þjóðarinnar en á hinum Norðurlöndunum. Þótt strjálbýli landsins og fámenni kunni að valda hér nokkru um, er orsakanna áreiðanlega ekki síður að leita í því skipulagi, sem hér ríkir í þessum málum“.

Svo mörg eru þau orð. En ég vil aðeins að endingu segja það, að ég vænti þess, að þessu máli verði fylgt eftir og ekki horfið frá því stefnumáli, sem mótað er í málefnasamningi ríkisstj.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru víst aðeins 2 mínútur, sem ég hef yfir að ráða, og því ekki margt hægt að segja. Hv. 3. landsk. má taka á þolinmæðinni sem stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. Hann hefur nú fengið svör frá hæstv. viðskrh. við fsp. sínum, og hvert var svarið? Það var það, að ráðh. hefði látið semja frv. um sameiningu tveggja banka, þ. e. Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Ekkert liggur fyrir um það, hvort það muni leiða til sparnaðar. Sumir segja, að ekkert mundi sparast við það, og þess vegna eins og hæstv. ríkisstj. hafi sniðgengið það, sem ætlazt var til með samdrætti í bankakerfinu. Það virðist vera, að lítið hafi verið gert á þeim nærri tveimur árum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur setið við völd, í þessu skyni, annað en að semja frv. um sameiningu tveggja banka.

Hæstv. viðskrh. sagði hér áðan og reyndar einnig fyrr í vetur, að frv. mundi verða lagt fram um sameiningu banka. Og enn segir hæstv. ráðh., að það muni fyrr eða seinna verða lagt fram frv. um þetta efni, sameiningu banka. Nú vil ég spyrja: Hvernig getur hæstv. ráðh. fullyrt, að þetta verði gert? Og í tilefni af þessu vildi ég spyrja: Er samkomulag um það í hæstv. ríkisstj. að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann? Í öðru lagi: Eru nokkrar líkur til þess, að hér á hv. Alþ. sé meiri hl. fyrir því að gera þessa sameiningu? Ég held, að hæstv. ríkisstj. verði að muna það, að til þess að geta fengið þetta lögfest, þarf að hafa meiri hl. í þingi. Og áður en frv. væri lagt fram, væri æskilegt, að ríkisstj. kæmi sér saman um, hvað hún vill fá lögfest. En hæstv. ríkisstjórn hefur á þessu þingi lagt fram mörg stjfrv., sem stjórnin hefur alls ekki í heild staðið að. Þess má nú minnast. En ég hefði haldið, að hæstv. ríkisstj. væri búin að læra af reynslunni og ætlaði sér ekki að endurtaka það.

Sjútvrh. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði, að það er auðvitað í mínu valdi að segja til um það, hvort ég legg fram frv. Ég hef enn þá heimild til þess að leggja fram frv. á Alþ. og þarf ekki að fá leyfi hans eða annarra til þess. Ég sagði auðvitað ekkert um það, að bankarnir yrðu sameinaðir. Það get ég ekki sagt um, og það getur væntanlega enginn, fyrr en Alþ. er búið að fjalla um það. Ég lofaði engu um það, en hinu get ég lofað, að málið verður flutt. Ég tel hins vegar mestu máli skipta í sambandi við mál eins og þetta að reyna, eins og kostur er á, að tryggja það, að takmarkinu verði náð, þ. e. a. s. að það takist að fækka bönkum í okkar bankakerfi, og að því er unnið.

Það er alveg óþarfi af hv. þm. að vera með nokkrar getgátur um, að ríkisstj. sé ósátt um málið. Hins vegar gefur það auga leið, þegar um mál af þessu tagi er að ræða, að það geta fleiri en ein leið komið til greina í sambandi við sameininguna. Mér er ekki kunnugt um það, að þeir hafi verið ýkjamargir, sem hafa lýst því beinlínis yfir, að þeir væru andvígir þessari sameiningu, nema hv. 1. þm. Sunnl. Hann hefur auðvitað þegar riðið á vaðið og skrifað grein um það, að hann sé á móti slíku, jafnvel áður en hann sér frv. um málið. Hann um það auðvitað. Hann er á móti þessu máli sem slíku, og við því er auðvitað ekkert að segja. En það hefur verið unnið að því, eins og tök hafa verið á, að reyna að koma málinu áfram, og tryggja því fylgi og reyna að koma því í þann búning, sem menn mættu við una. Það tekur nokkurn tíma, en ég þykist mega lofa því, að frv. verður flutt, þótt ég geti ekki sagt um, hvort það nær fram að ganga.

Bætt aðstaða ferðafólks og verndun ferðamannastaða, fsp. (þskj. 680). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnuvegur hér á

landi. Gjaldeyristekjur og aðrar tekjur af henni fara ört vaxandi. Erlendir ferðamenn koma hér í síauknum mæli, og ferðalög innanlands vaxa einnig. Ferðaskrifstofur, flugfélög og landflutningafyrirtæki ýmis hafa miklar tekjur og drjúgar af því að flytja fólkið um landið, einkum þó til hinna fegurstu staða landsins, sem jafnframt eru oft þeir viðkvæmustu frá náttúrufarslegu sjónarmiði. Þar liggur víða við algerri örtröð. Tjaldfólk, bakpokafólk og hópferðir ferðaskrifstofa sækja þessa staði heim. Það, sem þarna er verið að gera, er raunverulega það, að þessir aðilar eru að nýta ákveðin náttúrugæði, þ. e. náttúrufegurðina, en þeir, sem hafa arðinn af þessu, skila engu til landsins aftur. Þetta er þess vegna rányrkja í þess orðs sönnustu merkingu. Í ljósi þessa hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp., sem er á þskj. 680, til hæstv. samgrh.:

„Eru fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir á komandi sumri til þess að bæta hreinlætisaðstöðu fyrir ferðafólk á eftirsóttustu ferðamannastöðunum og til að koma í veg fyrir örtröð á slíkum stöðum? Eru hér sérstaklega hafðir í huga staðir eins og Mývatn og Ásbyrgi".

Ég get aðeins bætt því við, að það mætti telja upp marga fleiri staði en þessa, en þetta eru þeir staðir, sem ég persónulega þekki til, að liggja mjög undir þessari örtröð. Fólkið t. d. í Mývatnssveit getur varla hugsað til komandi sumars í þessu tilliti.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Fyrir þessu hv. þingi hefur legið frv. um skipulag ferðamála, en svo virðist af einhverjum ástæðum, að ætlunin sé að kistuleggja það, og kemur þó slík lagasetning víða við. Skipulag á ferðamálum er áreiðanlega þýðingarmikið fjárhagslegt atriði fyrir marga aðila þjóðfélagsins. En af einhverjum ástæðum virðast menn vilja fresta lögfestingu þessa frv., sem mjög mundi þó festa skipulag ferðamálanna. Í þessu frv. eru ákvæði um að leggja fram verulegt fé til þeirra hluta, sem um er rætt í þessari fsp. Það þarf ekkert að velta vöngum yfir því, að framkvæmdir, sem hér er spurt um, kosta fé og það talsvert fé. Fyrir árið 1973 voru veittar 450 þús. kr. til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölförnum ferðamannastöðum, og það er vitanlega brýn nauðsyn, þýðingarmikið atriði. En af þeirri upphæð er helmingur bundinn við staðinn Laugarvatn. Hér er því ekki úr miklu að moða þrátt fyrir eindreginn áhuga rn. á því að sinna þessum málum. Hafa verið gerðar athuganir á helztu úrlausnarmöguleikum, og þær athuganir standa raunar yfir enn. Endanlega hefur ekki verið ákveðið, hvernig þessum kannske 200 þús. kr., sem afgangs eru frá bundnu verkefni, verði varið, en það skal tekið fram í sambandi við þessa fsp., að staðir eins og Mývatn, Ásbyrgi, ásamt Landmannalaugum og Þórsmörk, eru ofarlega á blaði. En hver þessara staða þyrfti miklu meira fjármagn til brýnustu úrbóta, að því er þessa hlið málsins snertir, ef vel ætti að vera og þeir eiga ekki að bíða meira eða minna afhroð af umferðinni. Þessu fjárhagslega atriði þarf því að sinna, þótt það sé ekki stórbrotið. En því verður ekki sinnt án fjármagns. Svar mitt við fsp. er því, að það er engra úrbóta að vænta í þessu efni, nema hv. Alþ. annað hvort afgreiði frv. um skipulag ferðamála eða ákveði fjármagn með öðrum hætti til þessara aðgerða.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Þó að niðurstaðan, sem hann varð að gefa í þessu máli, yrði svona sorgleg, hef ég þar ekki við hann að sakast, heldur kannske fremur Alþ., fjárveitingavaldið eða kannske það, að menn hafi ekki veitt athygli þessu sérstaka vandamáli, sem ég aðeins drap á í orðum mínum áðan. Við erum að nytja náttúrugæði, en við höfum ekki gert okkur grein fyrir því, að við verðum að fara með þau eins og önnur náttúrugæði. Við megum ekki ofnýta þau eða rányrkja. Ég vil benda á, að þetta er hvorki frá heilbrigðislegu né náttúrufræðilegu sjónarmiði vansalaust. Heimamenn eða landeigendur á þessum stöðum, — og þá vil ég nefna það, að t. d. Skógrækt ríkisins á marga af þessum stöðum og hefur þá í vörzlu sinni, — þeir gera sitt. Skógræktin hefur kostað töluvert miklu og kostar árlega miklu til að reyna að halda í horfinu á þessum stöðum, en hún hefur ekki fengið til þess sérstakt fjármagn. Í Mývatnssveit, af því að hún hefur verið nefnd, veit ég, að hreppurinn hefur kostað fé til hreinlætisaðgerða og gerði það á síðasta sumri. Hann lagði í það verulegt fjármagn. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að þessir aðilar kosti þetta. Þetta er samfélagsins, ég vil undirstrika það og taka undir orð ráðh. að þessu leyti.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Af því að það var talað um fjárveitingavaldið af fyrirspyrjanda, vil ég aðeins minna á það, að fjárveitingavaldið var ekki verra en það við náttúruverndarráð að það veitti 17 millj. kr., ef ég man töluna rétt, en sótt var um nokkru hærri tölu. Þar sem hér er hreyft mjög mikilvægu máli í sambandi við umgengni við náttúruna, væri ekki óhugsandi, að hinir ágætu náttúruverndarmenn hugleiddu þetta vandamál eða ráðstöfun þess fjár, sem fjárveitingavaldið veitti nú á fyrsta heila starfsári ráðsins, sem ég tel ekki lítið. Ég tel það ekki lítið að byrja með 17 millj. Þetta er viðkvæmt mál og ber að taka það föstum tökum, eins og hæstv. ráðh. hefur drepið á og fyrirspyrjandi undirstrikað. Ég tel, að fjárveitingavaldið hafi ekki verið mjög smásálarlegt við náttúruverndarráð, og það væri vel viðeigandi, að það hugleiddi þetta mál og léti eitthvað af hendi rakna af sinni fjárveitingu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja það hér, sem ég hef sagt áður á Alþ. nú fyrir skemmstu, að náttúruverndarráð hefur efnt til samstarfs n. um þessi efni við ferðamálaráð, Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Ferðafélag Íslands, og eru til skoðunar 15 staðir, sem sannast að segja allir eru í talsverði hættu af

ágangi. Það verður mjög lítið hægt að gera fyrir það fé, sem náttúruverndarráð hefur, því að það er bundið við annað og ekki hægt að ætlast til þess, að það sé notað í þessu skyni beinlínis, nema að mjög litlu leyti. En ætlunin er, að náttúruverndarráð efni í félagi við þessar stofnanir til meiri gæzlu á ýmsum sviðum en áður hefur verið, og e.t.v. verður hægt að verja einhverju fé til endurbóta af öðru tagi. En það snertir líklega ekki þessa staði, sem hv. fyrirspyrjandi bar fyrir brjósti. Það verður líklega að láta annað sitja fyrir. En þarna er líka um samvinnu að ræða við hæstv. samgrh. og rn. hans.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er örstutt aths. vegna ummæla hv. 5. þm. Reykn., sem jafnframt er fjvn.-maður. Ég lít ekki aðeins á þetta sem náttúruverndarmálefni eða málefni náttúruverndarráðs og vil rökstyðja það þannig, að ferðaútvegur sé atvinnugrein, sem skilar gjaldeyri, sköttum til þjóðarinnar. Hvort sem ferðaútvegurinn væri skattlagður til þessa eða ekki, er það samfélagsins að sjá til þess, að þessir staðir séu ekki lagðir í örtröð, þeir séu ekki rányrktir.

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 17. apríl, að loknum 74. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Umr. um utanríkismál, sem fóru fram hér í þingsölunum í gær, leiddu í ljós, sem í raun og veru var vitað áður, verulegt sundurþykki um það, hvort senda ætti málflytjanda til Haag eða ekki. Svo virðist sem stærri stjórnarandstöðuflokkurinn og einn ráðh. í ríkisstj., sem upplýsti, að það væri sinn eindreginn vilji að senda mann til Haag, hafi m.ö.o. allt aðra afstöðu en mótaða stefnu ríkisstj. í þessu máli. Það er mín skoðun, að það sé knýjandi þörf á því að ganga úr skugga um vilja Alþ. í þessu efni, þar sem einungis órofa samstaða og einhugur getur leitt til fullnaðarsigurs í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Því miður er það þannig, að blöð stjórnarandstöðunnar halda uppi látlausum áróðri og reyna á þann hátt að skapa sundurþykkju og deilur í þessu viðkvæma máli. Ég tel, að það sé mjög óheppilegt, ef svona heldur áfram. Af þeim sökum hef ég lagt fram hér þáltill., sem er vissulega of seint fram komin, til þess að hún geti komizt á dagskrá þessa fundar. En þar sem ég tel, að það sé varla stætt á því, að þinglausnir fari fram, án þess að afstaða sé fengin í þessu máli, vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að þetta mál verði tekið á dagskrá þessa fundar og hann góðfúslega leiti þá afbrigða fyrir því, að svo geti orðið.

Forseti (EystJ): Forsetum hefur verið tilkynnt, að þinglausnir verði á morgun. Þetta mál mun fá þinglega meðferð innan þess tíma, sem gefst með þeim hætti.

Fjáraukalög 1970, frv. (þskj. 289, n. 764). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað þetta frv. og borið tölur þess saman við ríkisreikning ársins 1970 og ekkert fundið þar athugavert. Því leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Samningur um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, þáltill. (þskj. 620, n. 752). — Síðari umr.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Nefndin mælir með tillögunni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 795).

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í 11. gr. laga um Framkvæmdastofnun ríkisins segir:

„Ríkisstj. skal gefa Alþ. skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Samkvæmt þessu lagaboði er þessi skýrsla, sem hér fer á eftir, gefin.

Framkvæmdastofnunin starfar lögum samkv. í þrem deildum, hagrannsóknadeild, áætlanadeild og lánadeild. Sú skýrsla, sem hér verður lesin á eftir, er miðuð við þessa deildaskiptingu, og er að sjálfsögðu útdráttur úr skýrslu, sem frá þessum deildum hefur komið í mínar hendur. Verður þá fyrst vikið að hagrannsóknadeildinni.

Starfsemi deildarinnar á árinu 1972 fól í aðalatriðum í sér framhald þess starfs, sem áður var unnið í hagdeild Efnahagsstofnunarinnar og af forstöðumönnum hennar. Í sem allra stytztu máli má lýsa verkefni deildarinnar þannig, að það sé að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum, veita almenna upplýsingaþjónustu á sviði efnahagsmála, og vera ríkisstj. til ráðuneytis í efnahagsmálum. Hér á eftir verður gripið á nokkrum helztu viðfangsefnum deildarinnar á árinu, en þó engin tilraun gerð til þess að gefa tæmandi yfirlit. Þá er hér fyrst vikið að ráðstöfunum verðmæta, þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum.

Hagrannsóknadeildin tók við því verkefni Efnahagsstofnunarinnar að færa þjóðhagsreikninga. Þær tölur um þróun þjóðarframleiðslu og tekna á Íslandi, sem birzt hafa opinberlega á und-

anförnum árum, hafa nær allar byggzt á uppgjöri þessarar stærðar frá ráðstöfunarhlið, verið skýrslur um einkaneyzlu, samneyzlu og fjármunamyndun, sem allar eru unnar frá grunni í deildinni og eru undirstaða þar undir. Síðan er hér rætt um framleiðslu og atvinnuvegi.

Annað meginviðfangsefni hagrannsóknadeildar er athuganir á þróun framleiðslu og rekstrarafkomu atvinnuvega. Á þessu sviði eru athuganir á sjávarútvegsgreinum lengst komnar. Deildin vann á árinu 1972 heildaryfirlit úr ársreikningum og skattframtölum nær allra frystihúsa á landinu og úr mjög stóru úrtaki annarra fiskiðnaðargreina. Gott samstarf var við útflytjendur sjávarafurða við þessa athugun. Þá voru samdar í deildinni heildaráætlanir um rekstur fiskveiða í samvinnu við Fiskifélag Íslands og Reikningastofu sjávarútvegsins og á grundvelli gagna frá þessum aðilum. Í deildinni eru einnig unnar á grundvelli gagna hagstofu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Búnaðarfélagsins yfirlitsskýrslur um framleiðslu landbúnaðarafurða. Þá var unnið á árinu heildaryfirlit yfir rekstur og efnahag iðnfyrirtækja á árinu 1971 á grundvelli úrtaks 800 iðnfyrirtækja og skattframtölum, auk þess sem ýmsar aðrar framleiðslu- og rekstrarathuganir voru unnar. Á árinu var einnig unnið að úrtaksathugun á rekstri annarra atvinnugreina, og skipulögð var úrtaksathugun á verzlun og viðskiptum með 500 fyrirtækja úrtaki með svipuðum hætti og fyrir iðnaðinn. Er þess að vænta, að heildaryfirlit verzlunar og viðskipta liggi fyrir í sérstakri skýrslu á þessu ári og síðan reglulega á hverju ári. Í samvinnu við hagstofu og skattyfirvöld hóf deildin á árinu úrvinnslu úr veltutölum í söluskattsskýrslum eftir atvinnugreinum og árshelmingum. Þessar skýrslur verða, þegar þær ná til alls landsins og komast í reglufast horf, mikilvæg uppspretta upplýsinga, bæði fyrir neyzlu- og rekstrarathuganir.

Þá er hér næst vikið að því, sem nefnist tekjur og atvinna, og segir þar svo:

Á s. l. vetri voru gerðar veigamiklar breytingar á l. um tekju- og eignarskatt, og annaðist deildin ýmsa tölulega undirbúningsvinnu vegna þessara breytinga. Einnig voru sett ný lög um tekjustofna sveitarfélaga, og vann deildin nokkuð við upplýsingasöfnun vegna þeirrar lagasetningar. Voru m. a. gerðar tekjuáætlanir fyrir öll sveitarfélög á landinu, meðan málið var til meðferðar hjá Alþ. og einnig veitti deildin mörgum sveitarfélögum aðstoð við gerð tekjuáætlana eftir endanlega afgreiðslu hinna nýju laga á Alþ. Tekjuáætlun fjárlagaársins fyrir árið 1973 var unnin af deildinni og jafnframt var fylgzt með innheimtu ríkistekna á árinu og fyrri áætlanir endurskoðaðar. Af öðrum verkefnum á sviði atvinnu- og tekjumálefna má nefna reglubundnar athuganir á tekjum einstaklinga og félaga, m. a. með úrvinnslu úr skattframtölum. Á árinu var áfram unnið að heildaruppgjöri þjóðartekna frá tekjuhlið og þáttaskiptingu þjóðartekna. Þess er að vænta, að niðurstöður þessara athugana fyrir nokkur síðustu ár birtist á næsta ári og framvegis með þjóðhagsreikningatölum frá ráðstöfunarhlið og væntanlega einnig frá framleiðsluhlið.

Þá er vikið að því, sem nefnt er þjóðhagsspár og áætlanir, og segir þar um svo:

Deildinni er ætlað að semja þjóðhagsspár og áætlanir. Á árinu 1972 lagði deildin fram við upphaf ársins í ársskýrslu Íslands til OECD og í skýrslum til stjórnvalda þjóðhagsspá fyrir árið 1972, þar sem m. a. var spáð rúmlega 7% aukningu þjóðarframleiðslu, auk þess sem sett var fram almennt mat á öðrum horfum í efnahagsmálum. Þessar áætlanir voru síðan endurskoðaðar nokkrum sinnum á ári, bæði í sambandi við skýrslur til ríkisstj., í skýrslum deildarinnar um þjóðarbúskapinn í júlí og okt. og í skýrslugerð til alþjóðastofnana á sviði efnahagsmála. Í skýrslunni um þjóðarbúskapinn í okt. 1972 hafði spá um aukningu þjóðarframleiðslu lækkað niður í 6%, sem enn virðist sennileg niðurstaða. Í þessu riti voru einnig sett fram frumdrög þjóðhagsspár fyrir árið 1973 sem undirstaða skoðanamyndunar og töku ákvarðana um efnahagsmál. Hér gefst ekki kostur að ræða niðurstöður þessara spáa nánar. Undirstaða þjóðhagsspánna er að sjálfsögðu vinna deildarinnar á sviði þjóðhagsreikninga og hagskýrslna, en jafnframt tölfræðilegar athuganir á samhengi helztu þjóðhagsstærða. Deildin hefur nokkuð unnið að slíkum athugunum á árinu, einkum að því er varðar samhengi innflutnings ráðstöfunarverðmæta og innflutningsverðlags, tekna og neyzlu og loks verðmætaráðstöfunar og söluskattsveltu. Þá hefur hagrannsóknadeild unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum, sem hér verða ekki nánar tilgreind.

Þá kemur næst yfirlit yfir starfsemi áætlanadeildar 1972:

Verkefni áætlanadeildar eru samkv. lögum aðallega þrenns konar:

1. Áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins, 7. gr. laganna.
2. Áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs víðs vegar um land, þ. e. byggðaáætlanir, almennar og sérgreindar, 8. gr. laganna.
3. Áætlanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir, 9. gr. laganna.

Stjórn stofnunarinnar ákveður í samráði við ríkisstj., hvaða áætlunarverkefni skuli tekin fyrir og hver skuli vera markmið og forsendur áætlana. Við töku þeirra ákvarðana er jafnframt höfð hliðsjón af þörfinni fyrir leiðbeinandi áætlanir til stuðnings við starf á vegum lánadeildar til samræmingar á starfsemi stofnlánasjóðanna. Við áætlanagerðina hefur áætlanadeild eftir atvikum samráð við rn. og aðrar opinberar stofnanir, aðila vinnumarkaðarins og samtök og stofnanir atvinnuveganna. Að því er byggðaáætlanir varðar, er sérstaklega haft samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga og einstakar sveitarstjórnir, landshlutasamtök verkalýðsfélaga og atvinnurekendur, og við aðra héraðsaðila.

Nokkur dráttur varð á því í upphafi, að Framkvæmdastofnunin tæki að fullu til starfa vegna skiptingar starfsfólks Efnahagsstofnunarinnar milli hagrannsóknadeildar og áætlunardeildar og upptöku verkefna samkv. því. Enn fremur varð að ætla starfsmönnum áætlunardeildar um sinn ýmis verkefni óskyld þeirri áætlanagerð, er þeir höfðu með höndum á vegum Efnahagsstofn-

unarinnar, svo sem umsagnir um verðákvarðanir opinberra fyrirtækja og þess háttar. Var það tímafrekt og entist fram á vor árið 1972. Starf að helztu áætlunarverkefnum deildarinnar hófst þó í marzmán. Starfsáætlun áætlunardeildar fyrir 1972—1973 var samin í júní árið 1972 og samþykkt í meginatriðum af stjórn stofnunarinnar. Helztu verkefni, sem unnið hefur verið að og eru í undirbúningi samkv. starfsáætlun og síðari ákvörðun, verða rakin hér á eftir í þeirri röð, sem verksviðin eru talin hér að framan.

Þá eru það fyrst atvinnuvegaáætlanir.

Frá upphafi reglubundins starfs í Framkvæmdastofnuninni hafa tvær áætlanir á sviði sjávarútvegs haft forgang, fiskiskipaáætlun og hraðfrystihúsaáætlun. Fiskiskipaáætlun var í fyrstu bundin hinum umfangsmiklu áformum um skuttogarakaup. Í júní var birtur fyrsti áfangi þeirrar áætlunargerðar, sem nefnd var bráðabirgðaskýrsla um togarakaup, fjármögnun og greiðsluraðir, og tók skýrslan til öflunar 49 togara fyrir alls um 600 þús. millj. kr. Með samþykkt stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í okt. var ákveðið að víkka út svið þessarar áætlunar og láta hana ná til öflunar fiskiskipa almennt næstu 4 árin. Hraðfrystihúsaáætlunin miðar að því að mynda yfirsýn yfir framkvæmdaáform hraðfrystihúsanna af hvers konar tilefni: bættra hollustuhátta, hráefnisaukningar við öflun skuttogara og annarra fiskiskipa, hagræðingar og vélvæðingar til bætts rekstrar. Safnað hefur verið upplýsingum beint frá hraðfrystihúsum um áform þeirra. Úrvinnslu þeirra var lokið fyrir árslok, og var yfirlitsskýrsla þess efnis, sem nefndist „Áform hraðfrystihúsanna um framkvæmdir og fjármögnun", birt sem trúnaðarmál í jan. sl. Að undanförnu hefur verið unnið að mati þessara áforma út frá horfum um fiskafla, vinnuafl, samræmi þátta í rekstrinum og öðrum tæknilegum og hagrænum atriðum. Hefur náðst um það náið samstarf við framkvæmdaaðilana sjálfa, fiskveiðasjóð og viðskiptabanka frystihúsanna.

Samningu iðnþróunaráætlunar átti að fela stofnuninni samkv. málefnasamningi ríkisstj. Starf að slíkri áætlun var þá þegar í undirbúningi og síðar hafið á vegum iðnrn. með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Varð því að ráði, að áætlanadeild fylgdist með því starfi og yrði til samráðs við stofnanir iðnaðarins. Að lytkum þess starfs hefur áætlanadeild samið umsögn um áætlunardrögin samkv. beiðni Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Landbúnaðaráætlun hefur verið í undirbúningi. Lokið er tölfræðilegum rannsóknum á þróun eftirspurnar eftir búvörum innanlands og spám um þörfina fyrir framleiðslu landbúnaðarins næstu árin. Hefur orðið að samkomulagi við framleiðsluráð landbúnaðarins, að spár þessa efnis verði framvegis unnar á vegum ráðsins. Unnið er að könnun á framkvæmdahorfum í landbúnaði með tilliti til endurnýjunar og hagræðingar.

Um aðrar áætlanir um atvinnugreinar er þetta að segja: Samhliða framangreindum áætlunum er jafnan unnið að skýrslum og spám um mannafla hinna ýmsu atvinnugreina, fjármunamyndun þeirra o. s. frv. Hefur deildin m. a. annazt skýrsluskil til alþjóðastofnana um mannfjölda og mannafla. Þá hefur deildin samið spár um fjármunamyndun atvinnuveganna fram á við til næsta árs til nota við áætlanir um útlán fjárfestingarlánasjóða.

Þá er hér næst um áætlun opinberra framkvæmda. Starfið á þessu sviði hefur einkum beinzt að undirbúningi árlegrar framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. Undirbúningur þessi fer fram í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., hinar ýmsu framkvæmdastofnanir ríkisins og rn. og að því er fjáröflun varðar við Seðlabankann. Hefur áætlanadeild að mestu annazt samningu áætlunardaga og till., svo og skýrslu fjmrh. um áætlanir. Skýrslan tekur einnig til fjárfestingarlánasjóða og fjármunamyndunar almennt. Var skýrsla fjmrh. um áætlunina fyrir 1972 lögð fyrir Alþ. 5. maí 1972. Undirbúningi áætlunar opinberra framkvæmda 1972 var að mestu lokið fyrir áramót og frv. lagt fram, þótt afgreiðslu þess og endanlegri skýrslugerð væri frestað.

Landshlutaáætlanir: Mörg verkefni hafa verið á döfinni á sviði landshlutaáætlana og fleiri en áætlanadeild gæti hugsanlega komizt yfir. Er því verið að þreifa fyrir sér um, hve mikinn þátt landshlutasamtök sveitarfélaga geti tekið í áætlunargerðinni. Til þess að greiða fyrir því eru eftir föngum unnar heimildir um fagræna og félagslega aðstöðu landshlutanna, einkum þróun mannfjölda og mannafla, tekjumyndun og þess háttar. Verið er að ljúka samgönguáætlun Norðurlands, og hefur bráðabirgðaársáfangi hennar 1972 þegar komið til framkvæmda. Skagastrandaráætlun um atvinnumál og almenna þróun þess staðar liggur fyrir í uppkasti. Fólksfæð áætlanadeildar hefur sérstaklega hamlað umsvifum á sviði landshlutaáætlana. Þó er hafið starf eða undirbúningur þriggja almennra byggðarþróunaráætlana til viðbótar, þ. e. fyrir Norðurl. v., Norður-Þingeyjarsýslu og Austurland. Loks hefur deildin verið til samráðs um sérstakar áætlanir og verkefni landshlutasamtakanna, veitingu framlaga til þeirra o. s. frv.

Auk ofangreindra meginverkefna hafa áætlanadeild verið falin ýmis sérstök verkefni og athuganir mála, umsagnir, þ. á m. samkv. tilmælum Alþ., rn. o. s. frv. Meðal þeirra má nefna áætlunargerðir um nýtingu aðstoðar frá UNDP — Tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. Skýrslu um það efni lagði deildin fram í okt. 1972, en endanlega áætlun í marz á þessu ári.

Þá er í þriðja lagi yfirlit um starfsemi lánadeildar.

Starfsemi lánadeildar hófst formlega í byrjun sept. við flutning framkvæmdasjóðs og litlu síðar byggðasjóðs til Framkvæmdastofnunarinnar, en samkv. lögum skulu þessir sjóðir starfræktir innan lánadeildar. Lánadeild tekur við umsóknum um lán úr sjóðunum, annast athugun þeirra, úrvinnslu og sér um afgreiðslu þeirra lána, sem samþ. eru af stjórn stofnunarinnar. Lánadeild sér um bókhald sjóðanna, innheimtu lána og önnur samskipti við lántakendur, eftir því sem þörf er á, og ýmiss konar skýrslugerð varðandi lánamál. Lánadeild annast enn fremur bókhalds- og gjaldkerastarf fyrir stofnunina sjálfa. Náin samvinna á sér stað milli lánadeildar og fjárfestingarlánasjóðanna um gerð áætlana um fjáröflun.

Jafnframt er haft samráð við sjóðina um athugun einstakra lánaumsókna, þegar þörf er á, en algengt er, að fleiri en einn fjárfestingarlánasjóður taki þátt í fjármögnun þeirra framkvæmda, sem um ræðir. Þá eru einnig náin samskipti við atvinnuleysistryggingasjóð, sem í sumum tilvikum tekur þátt í sameiginlegri lausn fjárhagsvanda fyrirtækja ásamt byggðasjóði. Einnig er haft samráð við viðskiptabankana varðandi einstök lánamál, sem til athugunar eru. Þá er og þess að geta, að náin samskipti eru við bankana varðandi kaup þeirra á skuldabréfum framkvæmdasjóðs samkv. sérstöku samkomulagi þar um.

Eins og að framan er lýst, er meginstarfsemi lánadeildar fólgin í umsjá og rekstri framkvæmdasjóðs og byggðasjóðs og samskiptum við fjölmarga aðila varðandi lánamál. Einnig lætur deildin í té ýmsa þjónustu fyrir Framkvæmdastofnunina í heild.

Þá er um byggðasjóð sérstaklega: Byggðasjóður tók til starfa í ársbyrjun 1972 samkv. hinum nýju lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Sjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum atvinnujöfnunarsjóðs, sem stofnaður hafði verið árið 1966. Samkv. hinum nýju lögum eru tekjur byggðasjóðs þessar: 1) Eignir atvinnujöfnunarsjóðs samkv. l. nr. 69 1966. 2) Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 1000 millj., sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1972. 3) Skattgjald af álbræðslu í Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, sem renna til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4,1%, sem rennur til iðnlánasjóðs. Frá og með okt. 1978 lækkar hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20%, en hluti byggðasjóðs eykst að sama skapi. 4) Vaxtatekjur.

Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla byggðasjóði lánsfjár, allt að 300 millj. kr. á ári, næstu 5 árin frá gildistöku laganna, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

Hlutverk byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Um lánsloforð og ráðstöfunarfé er þetta sagt:

Í ársbyrjun 1972 átti byggðasjóður í lausafé og óteknum lánum um 39 millj., en á sama tíma voru óútborguð lánsloforð 111 millj. kr., þannig að á skorti 72 millj. kr. til að fullnægja þessum lánsloforðum. Á árinu 1972 samþykkti byggðasjóður lán og styrki að fjárhæð um 480 millj. kr. Þá var um að ræða hækkun á gefnum lánsloforðum um 29 millj. kr., mest vegna hækkunar á kostnaði við nýsmíði fiskiskipa frá upphaflegu samningsverði. Enn fremur var endursamið um afborganir og vexti í vanskilum að fjárhæð um 21 millj. Alls nema gefin lánsloforð þannig 641 millj. kr. miðað við árslok 1972. Fé til greiðslu þessara lánsloforða nam 39 millj. kr. frá árinu 1971, eigið ráðstöfunarfé sjóðsins nam 244 millj. og nýjar lántökur hjá framkvæmdasjóði og iðnþróunarsjóði 125 millj. kr., eða alls 408 millj. kr. Í árslok 1972 vantaði því 233 millj. kr. á, að fé væri fyrir hendi til að fullnægja gefnum lánsloforðum. En þess er að gæta, að langur tími líður oft, þar til hægt er að ganga frá lánveitingum, en þær miðast við framgang þess verks, sem lán er veitt til, svo sem á sér stað við smíði fiskiskipa og ákveðnar byggingarframkvæmdir.

Á árinu 1972 veitti byggðasjóður ný lánsloforð og styrki að fjárhæð 480,4 millj. kr. Alls voru þetta 432 lán og styrkir, og skiptist fjárhæðin þannig eftir framkvæmdum: 1) Nýsmíði fiskiskipa, 5% lán, bátar 27,5 millj., skuttogarar 140,5 millj., eða samtals 168 millj. kr. 2) Nýsmíði fiskiskipa, 10% lán, bátar 52,7 millj., skuttogarar 13,2 millj., eða samtals 65,9 millj. — 3) Kaup á notuðum fiskiskipum, bátar 31,2 millj., skuttogarar 11,5 millj., eða samtals 42,7 millj. 4) Endurbætur fiskiskipa 21,2 millj. 5) Fiskiskip sérstök fyrirgreiðsla, bátar 14,4 millj., skuttogarar 25 millj., eða samtals 39,4 millj. 6) Fiskvinnsla 53,2 millj. 7) Niðursuða 6,1 millj. 8) Framleiðsluiðnaður 28,7 millj. 9) Þjónustuiðnaður 15,8 millj. 10) Sveitarfélög 22,2 millj. 11) Vaxtastyrkir vegna raflínulána sveitarfélaga 1,4 millj. 12) Annað, ósundurgreint, 15,8 millj. Samtals sama tala og áður var nefnd, 480,4 millj. kr.

Útborguð lán og styrkir byggðasjóðs á árinu 1972 námu alls 394 millj. kr.

Um reikninga byggðasjóðs er þetta sagt: Á árinu 1972 námu hreinar tekjur byggðasjóðs 18,3 millj. kr. Eiginfjárreikningar byggðasjóðs, að meðtöldum mótvirðissjóði námu í árslok 1972 527,2 millj. kr. og höfðu þá vaxið um 145,6 millj. kr. á árinu. Hin mikla aukning eigin fjár sjóðsins stafar fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs, sem nemur, sem fyrr getur, um 100 millj. kr. árlega samkv. hinum nýju lögum. Framleiðslugjald af áli nam 36,4 millj. kr., var þó nokkru lægri upphæð en árið áður. Þá var hluti atvinnujöfnunarsjóðs af gjaldi þessu 40,5 millj. kr. Veittir styrkir námu 4,6 millj. kr. Af lánum var afskrifað 1,2 millj. kr. og af gengistapi 6,8 millj. kr.

Þá er um framkvæmdasjóð: Með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er svo kveðið á, að stjórn sjóðsins sé í höndum Framkvæmdastofnunarinnar. Engar breytingar urðu á fjármálum framkvæmdasjóðs með hinni nýju lagasetningu. Hlutverk framkvæmdasjóðs er þannig skilgreint í lögunum: Hlutverk framkvæmdasjóðs er að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar. Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því: 1) Að veita fé til fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, enda sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar. 2) Að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstök nauðsyn bera til þess. 3) Að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda. Það er nýmæli í l., að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Einnig er heimilt að verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem Framkvæmdastofnunin hyggst beita sér fyrir.

Á árinu 1972 veitti framkvæmdasjóður ný lán

að fjárhæð alls 1348,4 millj. kr., sem skiptast þannig: byggðasjóður 95 millj., ferðamálasjóður og lán til hótela 37,5 millj., fiskveiðasjóður Íslands 594,6 millj., iðnlánasjóður 40 millj., lánasjóður sveitarfélaga 100 millj., stofnlánadeild landbúnaðarins 200 millj., stofnlánadeild samv.-félaga 10 millj., veðdeild Búnaðarbanka Íslands 35 millj., verzlunarlánasjóður 10 millj., ríkissjóður vegna Austurlands- og Norðurlandsáætlunar 178,6 millj., ríkissjóður vegna Rannsóknaráðs 2 millj., Björgun h/f í Reykjavík 5 millj., Gunnar Guðmundsson h/f, Reykjavík, 5 millj., Jón og Páll Ólafssynir, Brautarholti, 2 millj., Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis 7,5 millj., Olíumöl h/f í Garðahreppi 4 millj., Samband ísl. samvinnufélaga 8 millj., Tungulax h/f, Ölfushreppi, 5 millj., Vöruflutningamiðstöðin h/f, Reykjavík, 1,5 millj., Gunnar og Kjartan s/f, Egilsstöðum, 3 millj., Jarðýtur h/f, Ísafirði, 2 millj., Björn Guðmundsson, Hólabraut, Suður-Þingeyjarsýslu, 1,2 millj., Ólafur E. Ólafsson, Bolungarvík, 0,9 millj., Skóflan h/f, Arkarlæk, Borgarfirði, 0,6 millj. Samtals 1348,4 millj. kr. Lán þessi voru útútborguð að fullu á árinu. Í ársbyrjun nam ógreiddur hluti veittra lána 18,3 millj. kr., en í árslok 0,5 millj. kr. Útborguð lán hafa alls numið 1366,2 millj. kr. á árinu 1972.

Lántökur framkvæmdasjóðs: Á árinu 1972 tók framkvæmdasjóður tvö erlend lán. Hið fyrra þessara lána var tekið hjá First National City Bank í New York. Fjáhæð lánsins var 5 millj. dollarar eða 437 millj. kr. Lánið endurgreiðist á árunum 1975—1980. Andvirði lánsins var endurlánað fiskveiðasjóði og lánasjóði sveitarfélaga. Síðara lánið var tekið hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Upphæð lánsins var 90 millj. Lúxemborgarfrankar eða jafnvirði 177 millj. kr., miðað við gengið, sem gilti, þegar lántakan fór fram. Lánið endurgreiðist á árunum 1978—1987. Andvirði láns þessa mun varið til framkvæmda í samgöngumálum á Austurlandi og Norðurlandi. Á árinu 1972 voru á ný gerðir samningar milli framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna þess efnis, að bankarnir lánuðu framkvæmdasjóði 10% af aukningu innlána bankanna á árinu 1972. Lán samkv. þessu samkomulagi, að viðbættum eftirstöðvum frá fyrra ári námu 254 millj. kr., en ógreiddar til framkvæmdasjóðs í árslok 1972 voru 66 millj. kr. Lán þessi endurgreiðast á 15 árum. Framkvæmdasjóður tók lán hjá ríkissjóði á árinu 1972 að fjárhæð 360 millj. kr., en fé þetta var hluti af andvirði spariskírteinaútgáfu ríkissjóðs á árinu 1972. Lánið endurgreiðist ríkissjóði á 12 árum með 5¼% vöxtum, og eru árlega greiðslur afborgana og vaxta tengdar vísitölu byggingarkostnaðar, en hún var 683 stig, þegar lántakan fór fram. Fé þetta var endurlánað til fjárfestingarlánasjóðanna.

Í samræmi við hið nýja ákvæði í l. um framkvæmdasjóð um heimild til að veita fé til rannsókna auglýsti Framkvæmdastofnunin í lok okt.-mánaðar eftir umsóknum um styrki til rannsókna á undirbúningi nýrra fyrirtækja og nýjunga í framleiðslu eldri fyrirtækja. Skyldu umsóknir þessar hafa borizt fyrir árslok 1972. Umsóknir bárust frá 25 aðilum til hinna margvíslegustu viðfangsefna, en þau voru á milli 50 og 60 að tölu. Fjárhæðar var ekki getið í öllum tilfellunum, en sennilega er hér um að ræða umsóknir að fjárhæð 40—50 millj. kr. samanlagt. Umsóknir þessar eru til athugunar og umsagnar og verða að því búnu teknar fyrir til samþykktar eða synjunar hjá stjórn Framkvæmdastofnunarinnar.

Eiginfjárreikningar framkvæmdasjóðs og mótvirðissjóðs námu í árslok 1972 991,8 millj. kr. og höfðu þá hækkað á árinu um 57,7 millj. kr. Hinir hækkuðu útlánsvextir framkvæmdasjóðs munu stuðla verulega að bættri eiginfjárstöðu sjóðsins, en hagstæð enginfjárstaða er framkvæmdasjóði sérlega þýðingarmikil í sambandi við erlendar lántökur.

Lánveitingar framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða uxu mjög mikið á árinu 1972 og námu það ár 1110 millj. kr., en námu árið 1971 377 millj. kr. og árið 1970 398 millj. kr. Heildarlánveitingar og styrkir þessara sömu sjóða námu 2498 millj. kr. árið 1972, en árið 1971 námu þau 1662 millj. kr. og árið 1970 1250 millj. kr. Hafa þau þannig tvöfaldast á þrem árum. Ljóst er, að lánveitingar þessar fara enn vaxandi árið 1973. Þessar auknu lánveitingar stafa sumpart af hækkuðum kostnaði við framkvæmdir og sumpart af mjög mikilli aukningu lánsfjárstofnana. Á það einkum við um þá sjóði, sem undanfarin ár hafa starfað að miklu leyti eftir sjálfvirkum lánareglum. Eigið ráðstöfunarfé sjóðanna hefur hins vegar ekki vaxið nema lítið eitt, og þurfa sjóðirnir því að öðru óbreyttu að fjármagna aukningu útlána sinna með lánsfé. Miðað við þá sérlega lágu vexti, sem sumir sjóðirnir hafa á útlánum sínum, en taka lán með mun hærri vöxtum, hefur þessi mikla aukning á lántökum í för með sér mikla skerðingu á eigin fé sjóðanna, svo að ekki sé talað um þau tilvik, þar sem tekið er að láni fé með verðtryggingu, en það endurlánað án slíkrar tryggingar.

Að lokum er hér yfirlit um starfslið Framkvæmdastofnunarinnar og kostnað.

Við ráðningu starfsfólks til stofnunarinnar var sú stefna mörkuð að ráða til starfa þjálfað starfslið þeirra stofnana, sem sameinaðar voru í Framkvæmdastofnun ríkisins. Þótt verkefni Framkvæmdastofnunarinar séu miklum mun meiri en þeirra stofnana, hefur verið farið mjög hægt í ráðningar á starfsfólki til viðbótar. Í árslok 1972 var starfsliðið sem hér segir:

Í hagrannsóknadeild voru 14 fastráðnir starfsmenn, þar af í skýrslugerð og við hagrannsóknir 10, en við reikni- og skrifstofuþjónustu 4. Í áætlanadeild voru starfsmenn sem svaraði 9½ starfi, þar af 7½ við sérfræðistörf og 2 við ritarastörf. Fastráðið starfsfólk lánadeildar var í árslok samtals 10 manns. Auk þessa starfsliðs eru svo forstöðumenn deilda, framkvæmdaráðsmenn og ritari. Samtals er því starfsfólk Framkvæmdastofnunarinnar um 40 manns, auk lausráðinna stúdenta með svipuðum hætti og tíðkaðist hjá Efnahagsstofnuninni á sínum tíma.

Rekstrarkostnaður Framkvæmdastofnunarinnar á árinu 1972 nam samtals 32 816 955,40 kr. samkvæmt endurskoðuðum og samþykktum reikningum. Hliðstæður kostnaður framkvæmdasjóðs, atvinnujöfnunarsjóðs og Efnahagsstofnunarinnar

umreiknaður fram til ársins 1972 mundi hafa numið 26,3 millj. kr.

Ég hef þá lesið nokkurn úrdrátt úr skýrslu, sem mér hefur borizt í hendur um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Mér er það ljóst, að það er erfitt fyrir hv. alþm. að átta sig á upplestri sem þessum. En ég taldi mér skylt að fullnægja lagaboði með því að gera þetta nú. Hins vegar er þess að geta, að innan skamms — og er raunar þegar komið af stað með það — mun Framkvæmdastofnunin gefa út ítarlega prentaða skýrslu um alla starfsemi sína, og verður þar að sjálfsögðu að finna allar þessar upplýsingar, sem ég hef hér lesið, og ýmsar fleiri. Sú skýrsla, ásamt reikningum Framkvæmdastofnunarinnar og skrá yfir allar lánveitingar byggðasjóðs og framkvæmdasjóðs, verður send öllum hv. alþm., jafnskjótt og prentun þeirra er lokið. Og vitaskuld er miklu auðveldara að ræða þessi atriði, þegar slík skýrsla liggur fyrir.

Þó að ég hafi gefið þessa skýrslu nú, sé ég út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu, að á næsta Alþ. sé tekin upp sérstakur dagskrárliður, þar sem skýrsla Framkvæmdastofnunarinnar verður rædd og verður það þá auðvitað miklu auðveldara fyrir hv. alþm. en eftir lestur svona skýrslu, sem ég veit, eins og ég sagði, að er erfitt að átta sig á, þar sem farið er m. a. með ýmsar tölur.

Ég vil svo að lokum segja það, að þegar ég mælti fyrir frv. um Framkvæmdastofnunina á sínum tíma, sagði ég, að fyrsta starfsár hennar a. m. k. yrði að skoða sem nokkurs konar reynslutíma. Ef sú reynsla sýndi, að gera þyrfti breytingar á þessari stofnun, þar sem að verulegu leyti var farið inn á nýjar brautir, mundi ekki verða hikað við að gera þær breytingar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og þm. hafa heyrt á orðum hæstv. forsrh., segir í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, að áætlanir skuli sendar ríkisstj. til samþykktar og geri hún Alþ. grein fyrir þeim. Ríkisstj. skal gefa Alþ. árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem ríkisstj. hefur samþykkt. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefst.

Nú hefur hæstv. forsrh. gefið þessa skýrslu hér á síðustu starfsklukkustundum Alþ., lesið hana hér upp og viðurkennt, að það væri erfitt fyrir þm. að fylgjast vel með lestri svo langrar og á margan hátt flókinnar skýrslu og því sé það ætlunin að gefa þessa skýrslu út ásamt reikningum Framkvæmdastofnunar ríkisins og deilda hennar. Þetta er allt gott og blessað. Þá kemur að því, að hér á að gefa árlega skýrslu, sem er gefin með þessum hætti, og ef það hefur ekki verið nokkur möguleiki á að gefa þessa skýrslu fyrr og útbýta henni hér á Alþ., þá er þetta eitt af mörgu, sem bendir til þess, að of mikið kapp er á það lagt frá hendi hæstv. forsrh. og ríkisstj. að losna við Alþ. fyrir páska. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það, hvað hefur verið lögð mikil áherzla á að losna við þingið, sennilega til þess að hafa meira næði til stjórnarathafna. Það má kannske segja og þó alveg sérstaklega eftir darraðardansinn, sem var hér í þingi í gær, að það sé léttara og kannske viðráðanlegra, að þeir glími 7, en að hafa 60 hér innandyra.

Eins og e. t. v. flestum þm. mun vera kunnugt, þá er 9 manna stjórn í Framkvæmdastofnuninni, og er ég einn af þeim níu, sem þar eiga sæti, og á síðasta fundi, sem haldinn var 10. apríl, voru lögð fram frumdrög að ársskýrslu stofnunarinnar, og gerði einn af framkvæmdaráðsmönnum í stuttu máli grein fyrir þessari skýrslu, og forstöðumaður áætlunardeildar rakti síðan efniságrip hennar og gerði grein fyrir, á hvern hátt efninu var raðað niður. Á þessum fundi urðu nokkrar umr. um skýrsluna, þar sem kom fram samhljóða álit stjórnarinnar um, að skoða bæri hana sem faglega skýrslu á ábyrgð framkvæmdaráðsins og forstöðumanna deilda stofnunarinnar, en ekki sem skýrslu stjórnarinnar. Því fór engin atkvgr. fram á stjórnarfundi, en hins vegar var það sameiginlegt álit stjórnarmanna, að skýrslan yrði sýnd í stofnuninni, þegar hún væri tilbúin, þó að hún væri gefin út á ábyrgð framkvæmdaráðs. Þetta höfum við í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ekki fengið, a. m. k. ekki ég, — ég hef ekki fengið að sjá eða heyra heildarskýrsluna fyrr en nú í upplestri hæstv. forsrh. Þetta út af fyrir sig er einn kafli í vinnubrögðum, sem eru ekki upp á það allra bezta.

Eins og fram kemur í skýrslu þeirri, sem hæstv. forsrh. las upp, er Framkvæmdastofnuninni skipt í deildir. Í fyrsta lagi er um að ræða hagrannsóknadeild, sem annast nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings áætlanagerða stofnunarinnar, gagnasöfnun og skýrslugerð um framkvæmd þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið og samþ. af ríkisstj. hverju sinni. Þessi deild annast gerð þjóðhagsreikninga og almennra þjóðhagsáætlana. Það er stefnt að því, eins og hefur í raun og veru verið gert á undanförnum árum, að þessar áætlanir verði gerðar til langs tíma um þróun þjóðarbúsins. Þessi deild er alveg sjálfstæð innan stofnunarinnar og heyrir undir ríkisstj. og er henni til ráðuneytis í efnahagsmálum, en er ekki háð Framkvæmdastofnuninni að öðru leyti. Mér er bæði ljúft og skylt eins og öllum öðrum, sem eitthvað hafa komið nálægt þessum störfum, að meta það, að þessi deild og eins Efnahagsstofnunin á sínum tíma hafa verið mjög mikilvægar í sambandi við áætlanagerð, og þegar ég lít á þær breytingar, sem urðu með tilkomu Framkvæmdastofnunar ríkisins, get ég ekki sagt fyrir mitt leyti, að ég telji, að breyting á þessari starfsemi hafi orðið mjög mikil. Áætlanagerð á Íslandi er tiltölulega ung að árum, miðað við, að hún var tekin upp með stofnun Efnahagsstofnunarinnar á sínum tíma. Hún þróaðist þar og þar náðu starfsmenn þessarar stofnunar mjög góðum árangri. Sú þróun hefur haldið áfram með tilkomu Framkvæmdastofnunar ríkisins, því að í raun og veru hefur ekki orðið nein stórbreyting hvað snertir þennan þátt efnahagsmála.

Það, sem fyrst og fremst var gert með tilkomu Framkvæmdastofnunar ríkisins, var að færa saman undir eina stjórn áætlanadeild, sem er nú, eins og ég sagði áðan, tvær sjálfstæðar deildir: hagrannsóknadeild og áætlanadeild, og svo aftur að færa saman lánadeild, sem er þriðja deildin

innan Framkvæmdastofnunar ríkisins, og undir hana heyra bæði framkvæmdasjóður og byggðasjóður. Þessir sjóðir voru báðir til, áður en þessi stofnun var til, og starfsemi þeirra og hlutverk er samkv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins mjög svipað því, sem áður var. En sá er munurinn, að framkvæmdasjóðurinn var undir sjálfstæðri, þingkjörinni stjórn, sem hafði með þessi mál að gera, en Seðlabanki Íslands hafði aftur með starfsemi og skrifstofuhald fyrir þennan sjóð að gera. Atvinnujöfnunarsjóður var einnig sjálfstæður sjóður með sjálfstæðar tekjur og sjálfstæðar lánveitingar, og honum og hans lánveitingum stjórnaði 7 manna þingkjörin stjórn. Þessi sjóður gegnir nákvæmlega sama hlutverki innan Framkvæmdastofnunarinnar og áður, að öðru leyti en því, að hann heitir nú byggðasjóður í staðinn fyrir atvinnujöfnunarsjóður, en er undir einni og sömu stjórn.

Í sjálfu sér hefðu ekki risið neinar stórdeilur um að færa þessa sjóði og þessar stofnanir saman undir eina og sömu stjórn, sem væri með svipuðum hætti og áður var, þingkjörin stjórn. En það, sem vakti sérstakar deilur um þessa stofnun og hefur haldið áfram, var það óheillatiltæki núv. hæstv. ríkisstj. að setja inn í þessi lög, að ráðnir skyldu 3 pólitískir framkvæmdastjórar, sem kallast framkvæmdaráð þessarar stofnunar, og það var haft með þeim hætti, að hver stjórnarflokkur fyrir sig tilnefndi þar einn mann. Ég tel, að sú reynsla, sem hefur fengizt af þessari svokölluðu framkvæmdastjórn, fari fullkomlega og jafnvel meira en það eftir því, sem við héldum fram, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, þegar þetta frv. var hér til umr. Hins vegar lýstum við því þá yfir og töldum eðlilegt og sjálfsagt, að það væri einn forstjóri fyrir þessa miklu stofnun, og þá auðvitað lá í hlutarins eðli, að ríkisstj. hafði öll tök á því, hver sá maður yrði, sem þar yrði fyrir valinu. Ég hygg, að flestir séu sammála um, að það hefði verið ólíkt skynsamlegra og hefði verið eðlilegra, að undirbúningur að afgreiðslu mála hefði komið frá hlutlausum og ágætum starfsmönnum og forstöðumönnum þessarar deilda til Framkvæmdastofnunarinnar, en þau þyrftu ekki að þvælast í gegnum þriggja stjórnarflokkakerfi, þar sem jagazt væri og metizt um einstakar lánveitingar og listi yfir umsóknir, sem liggja fyrir, ekki lagður fyrir stjórnina, fyrr en eftir dúk og disk. Það get ég nefnt dæmi um, ef einhver óskar eftir því, ef einhver kemur til með að vefengja þessi orð mín hér á eftir.

Hæstv. forsrh. sagði í lok sinnar ræðu, að hann hefði litið svo á, að hér þyrfti að koma einhver reynsla á, en hann væri sem sagt opin fyrir því, ef það sýndi sig að reynast ekki vel, að gera breytingu hér á. Hann las aðeins skýrslu, sem hann fékk í hendurnar, en mér fannst vanta mikið í hans ræðu, að hann lýsti ekki neinni skoðun, lýsti ekki skoðun sinni á því, hvort hann væri ánægður með þetta fyrirkomulag, sem tekið var upp með lögfestingu Framkvæmdastofnunar ríkisins, og þá jafnframt, hvort hann teldi eðlilegt að gera hér breytingu á. Ég er þeirrar skoðunar, og mér er alveg ljóst, að sú skoðun er almennt ríkjandi hjá þm. stjórnarliðsins, hvort sem menn vilja kveða upp úr með það hér í ræðustól eða ekki, að hér hafi ekki tekizt vel til og væri nauðsynlegt að breyta aftur í það form, sem kom fram í sambandi við umr. um þessa stofnun. Mér er líka bæði ljúft og skylt að geta þess, að það hefur margt verið unnið vel í þessari stofnun, sérstaklega hvað snertir áætlanadeild og hagrannsóknadeild, og störf starfsmanna lánadeildar eru ákaflega vel unnin. Þeir menn, sem þar eru við störf, hafa gengt þessum störfum prýðisvel. Og við stjórnarmenn höfum, hvort sem við erum stjórnarstuðningsmenn eða í stjórnarandstöðu, enga ástæðu til þess að setja út á störf þeirra manna, sem þarna hafa verið valdir. Það er aðeins þetta þunglamalega og leiðinlega kerfi, sem við erum fyrst og fremst að gagnrýna, hver einasta umsókn um lán þurfi að fara í gegnum pólitískt nálarauga, eins og á sér stað, og það er þetta kerfi, sem við sjálfstæðismenn leggjum höfuðáherzluna á og skorum mjög eindregið á hæstv. ríkisstj. að breyta aftur í það form, sem tíðkast yfirleitt í lánastofnunum hér á landi.

Í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstj. sagði hæstv. fjmrh., þegar hann lagði fram áætlun um opinberar framkvæmdir á s.l. ári, sem fram var lögð 5. maí 1972, að þessi áætlun væri mjög seint á ferðinni, og hann bað Alþ. velvirðingar á því, hvað þetta væri allt síðbúið, en það stafaði af því, að hin nýja stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, sem væri að taka við, hefði ekki hafið starfsemi sína fyrr en síðla í sept. það ár, en með framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973 mundi verða um allt önnur vinnubrögð að ræða, þá yrði allt til áður en árið byrjaði, m.ö.o. það yrði stefnt að því að gera allan þennan undirbúning að hausti til, þannig að það væri hægt að afgreiða frv. um framkvæmdir ríkisstj. með afgreiðslu fjárlaga og þá jafnframt að leggja fyrir áætlun um stofnlánasjóðina og fjáröflun til þeirra. Hæstv. fjmrh. stóð við það að leggja frv. um opinberar framkvæmdir fyrir snemma á þessu þingi eða á s.l. hausti. En þá vantaði allar upplýsingar. Það vantaði allt, sem þurfti að vera með, hvernig átti að fjármagna stofnlánasjóðina og sömuleiðis endurskoðun á þessum framkvæmdum, og svo vita allir þm. um þá raunasögu, sem varð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þegar ríkisstj. þurfti að afla sér heimildar til að lækka fjárlagaliði sérstaklega til verklegra framkvæmda, og það er allt saman enn þá í lausu lofti.

Þessi síðbúna áætlunargerð gerir það að verkum, að bæði einstaklingar og fyrirtæki í félagsrekstri, sem og opinberar framkvæmdir, allir eða mjög margir vonast til að geta farið í framkvæmdir, aðrir verða svo fyrir vonbrigðum, en þeir, sem eiga að fá að fara í framkvæmdir, fá í raun og veru ekkert enn að vita. Hæstv. forsrh. minntist á hraðfrystihúsaáætlunina, og ég skal ekki gera hana að umtalsefni hér, það verður væntanlega tækifæri til þess síðar. En þá kemur í ljós, að þeir, sem eru byrjaðir með framkvæmdir á grundvelli þessarar áætlunar og fyrri áætlana, vita ekki enn í dag, hvort þeir fái lán til þessara framkvæmda á þessu ári eða ekki. Það geta allir skilið, hversu vont það er og óhagstætt fyrir fyrirtæki að vita ekki, þegar komið er langt fram í aprílmánuð, hvort það verður lánað til framkvæmda á þessu ári eða ekki.

Sama er að segja um flestallar opinberar framkvæmdir, að menn vita alls ekki um það, þó að þeir hafi fjárlög fyrir framan sig, hvaða framkvæmd verður skorin alveg niður, hvaða framkvæmd heldur þeirri upphæð, sem er á fjárlögum, eða hvaða framkvæmd verður skorin niður eitthvað lítillega. Um þetta er ekki hægt að fá neina vitneskju enn, og Alþ. fer svo heim án þess að vita neitt um, hvernig niðurskurði fjárlaga verður háttað. Mér er kunnugt um það, að ein hafnarframkvæmd, tiltölulega ódýr hafnarframkvæmd, sem var á fjárlögum á s. l. ári, var skorin niður s. l. haust, og fékkst ekki leyfi til að fara út í þá framkvæmd. Þessa sömu framkvæmd tók fjvn. upp í fjárlög fyrir árið 1973 eða 75% af þeirri áætlun, sem lá til grundvallar frá hafnamálastjórninni. Nú, um miðjan apríl, segir hafnamálastjóri við forustumenn þessa sveitarfélags, að hann viti ekkert enn þá, hvort verði leyft að fara í þessa framkvæmd eða ekki. Svo kannske þegar komið er fram á mitt sumar, á að leyfa þessa framkvæmd og banna aðra. Hvar á þá að taka vinnuafl, fá menn til þess að vinna að þessum framkvæmdum? Þeir bíða ekki eftir svari, eins og nú er háttað í þjóðfélaginu, þar sem barizt er um vinnuaflið. Þrátt fyrir alla þá skipulagningu, sem mikið var gumað af í byrjun valdatímabils þessarar ríkisstj., er hún þannig í raun og veru ekki komin lengra áleiðis en þetta. Unnt væri að benda á margfalt fleiri dæmi, sem yrði of langt mál upp að telja. Þó get ég ekki stillt mig um að nefna það, að í vegáætlun, sem Alþ. afgreiddi á s. l. ári, fyrir 1972—1975, er tekin inn Norðurlandsáætlun, vegafé til hennar, 120 millj. kr. á s. l. ári. Þessu fé var skipt í Norðurlandsáætlun, en í áætlun fyrir næstu 3 árin er reiknað með til Norðurlands í vegamálum á þessu ári 150 millj. kr., á næsta ári 175 millj. kr. og árið 1975 175 millj. kr. Nú var það ætlunin, að Framkvæmdastofnun ríkisins eða stjórn hennar skipti þessu fjármagni til vegamála og annarra samgönguþátta í Norðurlandsáætlun. Og nú spyr ég þá, sem mest hafa gumað af skipulagningu, hvort þeim finnist ekki vera anzi síðbúið að fara að skipta þessu, þegar á að fara að vinna verkin eftir öllum eðlilegum ummerkjum, og hvenær á þá að undirbúa vinnuna við hina einstöku vegi, hafnir og flugvelli, sem hér er um að ræða. Ég tel, að hér sé eitt dæmi þess enn, hve þetta er allt saman á eftir og hvað skipulagningin er í raun og veru afar léleg.

Hæstv. forsrh. gat um starfsemi og lánveitingar úr bæði framkvæmdasjóði og byggðasjóði, og ég ætla því ekki að fara að þreyta menn með því að fara að endurtaka það. Þó vil ég geta þess, að samþykkt lán til fiskiskipa fyrir tilstuðlan ríkisstj. samkv. hinum svonefndu sjálfvirku reglum, sem giltu fyrir árin 1971 og 1972, námu samtals 272 millj. kr., til nýsmíði báta 10% lán og til nýsmíði skuttogara 10% lán og svo 5% lánin. Ekki er sérstök fyrirgreiðsla vegna skuttogarakaupa í þessu dæmi. Fjárútvegun frá ríkisstj. nam ekki nema 70 millj. kr., svo að vegna þessara sjálfvirku reglna og þeirra reglna, sem ríkisstj. ákvað sjálf, vantaði 202 millj. kr. til byggðasjóðs um síðustu áramót.

Hæstv. forsrh. gat um í upplestri skýrslunnar, að lán og styrkir úr byggðasjóði á árinu 1972 hefðu numið 480,4 millj. kr., sem er alveg hárrétt tala. Þar af voru lán til nýsmíði fiskiskipa og kaup á notuðum skipum, sem giltu fyrir landið allt, alveg án tillits til búsetu, 297,7 millj. kr., svo að eftirstöðvar af því, sem byggðasjóður hafði til að lána á s. l. ári, námu 182,7 millj. kr. Skipting á þessu lánsfé, sem ekki var háð sjálfvirku reglunum, var þannig eftir kjördæmum, að Vesturlandskjördæmi fékk 24,3 millj. kr., Vestfjarðakjördæmi 23,3 millj. kr., Norðurl. v. 30,5 millj. kr., Norðurl. e. 45 millj. kr., Austfirðir 48,7 millj. kr. og Suðurl. 14,8 millj. kr.

Um skiptingu á lánum byggðasjóðs er auðvitað ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir og segja, hvað er rangt og hvað er rétt í þeim efnum. Það getur verið eðlilegt að veita mikið fé annað árið í tiltekin byggðalög, en aftur minna hitt, það fer eftir því hvernig atvinnuástand er og hvernig stendur með uppbyggingu atvinnuvega, sem nauðsynlegt er að byggja upp, svo að það er auðvitað aldrei til ein endanleg eða sanngjörn lausn á þessu máli, og um þessa skiptingu eða skiptingu lána almennt úr þessum sjóði má auðvitað endalaust deila.

Þegar við tökum tillit til þess, að lánveitingar framkvæmdasjóðs námu 1348 millj. kr., en lánveitingar byggðasjóðs, heildarlánveitingar með lánum til fiskiskipanna, námu 480 millj. kr., verðum við að gera okkur grein fyrir því, að af lánveitingum framkvæmdasjóðs eru 95 millj. kr. lán til byggðasjóðs og svo aftur, að ríkissjóður fékk á því ári 594,6 millj. kr. og stofnlánadeild landbúnaðarins var næst með 200 millj. kr., en síðan kom ríkissjóður, sem tók lán vegna Austurlands- og Norðurlandsáætlunar 178 millj. kr. Þetta voru langstærstu liðirnir.

Hæstv. forsrh. gerði nokkra grein fyrir sundurliðun á rekstrarkostnaði Framkvæmdastofnunar ríkisins á árinu 1971. Þá var heildarkostnaður við rekstur þeirra þriggja stofnana, sem voru sameinaðar undir Framkvæmdastofnun ríkisins, samtals 20 millj. 840 þús., en rekstrarkostnaður Framkvæmdastofnunarinnar á hennar fyrsta ári, árinu 1972, nam 32 millj. 817 þús. kr. Þar af voru laun og launatengd gjöld 25 millj. 855 þús. Auk þessara 32,8 millj. kr. var stofnkostnaður rúmar 7 millj. Það voru breytingar á húsnæði og skrifstofuáhöld, gluggatjöld og gólfteppi og þess háttar upp á 7 millj., þannig að rekstrarkostnaðurinn nam 32,8 millj. kr. á s. l. ári, en fært á stofnkostnað 7 millj. kr. Heildarkostnaðurinn, rekstrarkostnaður og sú upphæð, sem færð var á stofnkostnað, nemur 39 millj. 818 þús. kr. Þetta eitt sýnir, að þessi stofnun hefur þurft miklu meira fé til sinnar starfsemi en þeir sjóðir og stofnanir, sem áður gegndu þessu hlutverki. Hins vegar skulum við vera sanngjarnir í því að láta það koma fram, að auðvitað hefur orðið töluverð hækkun á vinnulaunum, hækkun á öllum rekstrarkostnaði, en þó hefur það engan veginn náð þeirri 60% hækkun, sem orðið hefur á rekstrarkostnaði, fyrir utan þær 7 millj. kr., sem eru færðar á stofnkostnað.

Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði verið tekið á s. l. ári erlend lán til Norðurlands- og Austurlandsáætlunar frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem nam 179 millj. kr., miðað við þáv. gengi, og aftur er ætlunin að taka lán hjá viðreisnarsjóði

Evrópuráðsins. Þetta er sjóður, sem er gamalkunnur og þekktur og hefur mjög oft komið til umræðu hér á Alþ. og sér í lagi í því kjördæmi, sem naut fyrstu lánanna frá honum, að þar var þetta fast umræðuefni á hverjum þingmálafundi í nokkur ár, eða frá því að sú samgönguáætlun, sem þar var unnin, hófst og alveg til loka hennar og meira að segja töluvert eftir það. En það verður kanske dálítið erfitt fyrir suma að sætta sig við nafnið á þessum sjóði, að kalla hann viðreisnarsjóð Evrópuráðsins, því að þeim var orðið svo tamt að kalla þennan sjóð, sem lánaði þetta fé, flóttamannasjóð. Og þeim fannst það mjög niðrandi fyrir hina stoltu íslenzku þjóð að taka lán frá svona „simplum" sjóði, sem hét flóttamannasjóður í þeirra munni og hugsun, og áttu ákaflega erfitt með að sætta sig við þær framkvæmdir, sem unnar voru fyrir fé úr þessum „simpla" sjóði. Við hinir, sem samþykktum að taka lán úr þessum sjóði, höfum kallað hann frá byrjun viðreisnarsjóð Evrópuráðsins, og við munum ekkert breyta því nafni, þó að breytt hafi verið um stjórn og það sé tekið nú lán úr þessum sama sjóði. En þetta eitt sýnir, að menn eiga ekki að snúast gegn framkvæmdum eða snúast gegn því að taka lán til nauðsynlegra framkvæmda, ef þeir eru í stjórnarandstöðu. Nú verða þessir sömu menn að sætta sig við þetta. Það er auðvitað ekkert sjálfsagðara en að sem flestir landsmenn fái að njóta fjármagns úr bæði þessum sjóði og öðrum til uppbyggingar í sínum landshlutum.

Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að framkvæmdir hafa verið miklar á undanförnum árum í samgöngumálum og í atvinnulífi víðast hvar um landið. Þessum framkvæmdum er haldið áfram. Hins vegar er það, sem hefur verið deilt á, hvort það hafi ekki verið gengið of langt, þegar orðinn er tilfinnanlegur skortur á vinnuafli. Hefur það komið hér fram margoft í umr., að það hlýtur að vera ríkisstj. og Alþ. áhyggjuefni. Þegar skortur er á vinnuafli við framleiðsluatvinnuvegina, verður auðvitað einhvers staðar að spyrna við fæti, til þess að allt fari ekki úr skorðum.

Eins og ég sagði áðan, er unnið að hinum ýmsu áætlanagerðum í Framkvæmdastofnuninni eða áætlanadeild, og þar hefur verið unnið að mínum dómi mjög mikilvægt starf. Einstaka áætlun hefur verið unnin með aðstoð annarra, og ég vil mjög eindregið fyrir mitt leyti styðja þessa áætlanagerð og tel hana mjög mikilsverða, bæði þá áætlanagerð, sem unnin er innan áætlanadeildarinnar sjálfrar, og sömuleiðis þá áætlanagerð, sem unnin er af t.d. landshlutasamtökum og öðrum með aðstoð þeirra fyrirtækja, sem vinna að áætlanagerð. Ég tel, að allar þessar áætlanagerðir og kostnaður við þær eigi auðvitað að heyra undir Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég fagna því, sem hæstv. forsrh. sagði, að hann ætlar að sjá um það, að þm. verði send þessi skýrsla. Jafnframt sagði hann, að það gæfist kostur á því að taka hana síðar til umræðu, og þá verða hann og hans skoðanabræður, sem standa að núv. ríkisstj. sjálfsagt búnir að gera það upp við sig, hvort það er ekki þörf á því að gera nokkrar breytingar á starfsemi og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég efast ekki um, að ef hann setur sig inn í þau mál, komist hann á mjög svipaða skoðun og ég hef hér lýst.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar hugsað er til allra þeirra þýðingarmiklu mála, sem ekki hljóta afgreiðslu Alþ. á þessu ári, vegna þess að þingið er sagt vera í tímaþröng, þá verður ekki annað sagt, en að hæstv. forsrh. hafi farið illa með tíma þingsins með því að lesa upp þá löngu starfsskýrslu fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hann flutti hér fyrir skömmu. Enda þótt það standi í lögum stofnunarinnar, að slíkar skýrslur skuli gefa Alþ., tel ég, að það hefði ekki verið notað til gagnrýni á ríkisstj., þótt hún hefði látið skýrsluna og sérstaklega þær umr., sem þurfa að fylgja henni, bíða til haustsins, úr því að hún gat ekki verið til fyrr en þetta. Sérstaklega er það ámælisvert, að hæstv. forsrh. skuli aðeins lesa brot af þeirri skýrslu, sem upplýst er, að Framkvæmdastofnunin er að gera, og kannske það brotið, sem minnstum umr. kann að valda og minnstar upplýsingar veitir. Það er væntanleg ítarleg skýrsla frá stofnuninni, og það er alveg fráleitt að bjóða Alþ. upp á að ræða um stofnunina, án þess að þm. hafi fengið þessa skýrslu alla og sæmilegan tíma til þess að kynna sér hana. Ég vil því vænta þess, að hæstv. ráðherra, sem virtist gera sér grein fyrir þessum annmörkum við að flytja þessa skýrslu, hvað sem tautar, standi við síðustu orð sín og efni til þess á haustþingi, að Framkvæmdastofnun ríkisins og störf hennar verði ítarlega rædd og þm. gefist þá góður tími til umræðu, eftir að þeir hafa séð skýrsluna alla og haft tíma til þess að kynna sér hana.

Ég vil taka mjög undir þau orð síðasta ræðumanns, að í stofnuninni hefur starfsfólk allt unnið mjög gott starf. Þar er sýnilega mikið af hæfileikafólki og samstarf þess við bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í stjórn stofnunarinnar hefur verið með ágætum.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur frá upphafi verið eitt af meginmálum núv. ríkisstj., og er því ástæða til þess að taka umr. um hana alvarlega, vanda þær og láta þær helzt ekki fara fram, nema fyrir liggi nauðsynlegar upplýsingar. Ég hef ávallt litið svo á, að bak við þessa stofnun og tilkomu hennar af hálfu núv. ríkisstj. hafi verið tvö meginatriði. Fyrsta atriðið er það, að stofnunin var sett upp til að gera verulegar breytingar á valdakerfinu á Íslandi, — breytingar, sem felast í því, að viðamikil starfsemi með margvísleg völd og áhrif hefur verið flutt frá bankakerfinu og stofnun, sem var nátengd því, raunar undir stjórn þess, og sett undir nýja pólitíska stofnun. Það kann að vera, að einhverjar slíkar ráðstafanir til þess að flytja til hin raunverulegu völd séu eðlilegar, þegar nýjir aðilar taka við stjórn eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu lengi. En það sakar ekki að gera sér grein fyrir því, hvað raunverulega er að gerast. Í öðru lagi er lýst yfir þeirri stefnu að efla beri áætlanagerð og

skipulögð vinnubrögð með því að gera þá endurskipulagningu, sem felst í Framkvæmdastofnun ríkisins. Það er sérstaklega í sambandi við þetta seinna atriði, eflingu áætlanagerðar, sem Alþfl. tók þessu frv. á sínum tíma vel og studdi það, enda þótt hann lýsti því skýrt yfir, að hann væri ósamþykkur hinni pólitísku yfirstjórn kerfisins.

Það verður mikið mál, þegar aðstæður leyfa, að ræða, hvernig stofnuninni hefur tekizt, sérstaklega þetta síðara hlutverk, um eflingu áætlanagerðar og breytt vinnubrögð. Eldri stofnanir hafa verið fluttar saman á einn stað. Það hefur verið minnt á, að þetta hafi kostað nokkrar millj. kr., nýtt húsnæði, nýjar gardínur, ný teppi. Það er auðvitað rétt. En í þessu sambandi tel ég einnig rétt að minna á, til þess að vera eins og síðasti ræðumaður sanngjarn, að þessar stofnanir voru sumar hverjar eða að einni undantekinni áður í vörzlu bankanna, og þrátt fyrir brottflutning þeirra heldur Landsbankinn áfram að byggja og Seðlabankinn bíður eftir því að geta byrjað að byggja. Allt húsnæði þar fyllist og er notað, svo að þjóðhagslega, held ég, að engu hafi verið tapað, nema hvað byggingarþörf bankanna ætti að vera örlítið minni, þó að varla sjái högg á vatni. Hins vegar væri rétt að athuga, hvort þessi flutningur stofnana saman hefur raunverulega bætt aðstöðu þeirra til að gegna meginhlutverkum sínum. Og þar held ég, að komi að því, sem ég og minn flokkur munum telja eina megingagnrýni, sem ástæða er til að flytja í dag, sem sagt þá að aðstaða til að vinna að aukinni áætlanagerð og öðru, sem því fylgir, hefur sáralítið batnað. Það hafa bætzt við hinir þrír pólitísku framkvæmdastjórar, en hið raunverulega starfslið, sem á að fást við áætlanagerðina, hefur lítið sem ekkert aukizt og aðstaða þess ekki batnað. Hins vegar er meira áberandi en áður, eftir að þessar stofnanir voru fluttar saman á einn stað, hversu mikið skortir á, að þær geti gegnt þeim áætlanahlutverkum, sem t. d. Alþ. hefur látið í ljós áhuga á með margvíslegum samþykktum síðustu 2—3 árin. Ég tel, að það þurfi að athuga, hvort ekki er þörf á að endurskoða þessa hlið málanna, til þess að stofnunin geti gegnt þessu öðru meginhlutverki sínu.

Ég held, að það verði því miður ekki sagt, að Framkvæmdastofnunin hafi valdið neins konar straumhvörfum eða komið á teljandi breyttum vinnubrögðum við íslenzk efnahagsmál. Það verður að segja það eins og er, og ég vil að því leyti til harma það, því að ég er, eins og hv. síðasti ræðumaður hv., mjög fylgjandi því, að við hagnýtum okkur skynsamlega áætlanagerð í ríkari og betri mæli en við höfum getað gert hingað til. Það á að vera að ýmsu leyti hægara að gera þetta, þegar stofnanir, sem að því vinna, eru komnar saman, en eru ekki dreifðar hér og þar, eins og áður var.

Ég mun ekki fara út í frekari umr. um stofnunina, en vil ítreka þá skoðun mína, að það verði tækifæri til þess, þegar ársskýrsla hennar í heild hefur verið birt og þm. hafa haft tíma til að kynna sér hana, að taka málið aftur fyrir og hafa þá ítarlegri umræður um þennan þýðingarmikla kjarna í stefnu núv. ríkisstj.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki freista þess að ræða þessa skýrslu hér í heild, sem hæstv. forsrh. hefur flutt okkur um störf Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég ætlaði aðeins að gera hér nokkrar athugasemdir við einstök atriði.

Þá vil ég fyrst vekja athygli á því, sem kom hér fram í máli hv. 2. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, að í vegáætlun, sem afgreidd var á síðasta þingi, var gert ráð fyrir því, að 120 millj. kr. færu til Norðurlandsáætlunar á árinu 1972. Reyndin varð sú, að það var ekki framkvæmt fyrir nærri svo háa fjárhæð, heldur mun í reynd hafa verið unnið fyrir um 105 millj. kr. á því ári. Síðan var í vegáætluninni gert ráð fyrir, að ákveðnar fjárhæðir gengju óskiptar til vegáætlunar á Norðurlandi 1973 eða á yfirstandandi ári, 1974 og 1975. Síðan ekki söguna meir. Hv. alþm. hafa ekki fengið neinar upplýsingar um, hvernig þessu fjármagni skuli varið. Það verður því ekki eingöngu það, að við þm. Norðurl. getum ekki sagt fólki, hvernig verja eigi vegafé á Norðurlandi, við getum ekki heldur sagt því, hvernig verði yfirleitt með framkvæmdir, vegna áformanna um 15% niðurskurð á fjárlögum. Það verða því heldur litlar upplýsingar, sem við getum gefið umbjóðendum okkar um það, hvernig á að standa að framkvæmdum þar í sveit á yfirstandandi ári. En ég vil freista þess að spyrja hæstv. forsrh., hvenær upplýsingar um það séu væntanlegar, hvernig fjármagni til vegáætlunar á Norðurlandi, Norðurlandsáætlunar, verði skipt. Hvenær er upplýsinga um það að vænta, og er það hugmynd hæstv. ríkisstj. og Framkvæmdastofnunar ríkisins að skipta þessu fé án alls samráðs við þm. og við heimamenn? Mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið haft samráð við heimamenn um þetta heldur. Ég vildi vænta þess, að hæstv. ráðherra svaraði því, hvenær upplýsinga um þetta er að vænta og hvernig ætlunin er að standa að þessu. Þetta, að það hefur ekki einu sinni tekizt að skipta þessu fé og setja fram skipulega áætlun um þetta, finnst mér nokkuð dæmigert um það, hvernig unnið hefur verið að þessum málum í Framkvæmdastofnun ríkisins. Kom fram í máli hæstv. ráðherra, að það væri mannaflaskortur hjá stofnuninni, sérstaklega á því sviði, er varðaði landshlutaáætlanir eða byggðaáætlanir. Ég þykist persónulega kunnugur því, að það fólk, sem starfar við slíkar áætlanagerðir, er a. m. k. mjög hæft fólk, en hvort það fær skipulega leiðsögu, hvort það fær að vita á hvaða forsendum það getur byggt sínar áætlanir, það er aftur önnur saga.

Hæstv. ráðherra var ákaflega hógvær, þegar hann var að tala um byggðaáætlanirnar. Ég minnist þess frá umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins, að það átti að gera áætlanir um alla skapaða hluti milli himins og jarðar, og hv. 4. þm. Norðurl. v. hafði a. m. k. ekki mikið álit á þeim áætlanagerðum, sem áður höfðu verið gerðar í byggðamálum. En mér sýnist, að sára-

lítið hafi bætzt við, nema ef vera kynni uppkast að Skagastrandaráætluninni, uppkast að áætlun fyrir eitt ákveðið byggðarlag, sem út af fyrir sig er góðra gjalda vert. En er nú ástæða til þess að guma mjög af slíku afreki? Það hefur verið upplýst hér á hv. Alþ. áður, að það hefur ekki fengizt samvinna við Framkvæmdastofnun ríkisins um ýmsar byggðaáætlanir, sem menn hafa á prjónum heima fyrir. En ég skal ekki lengja þessar umr. með því að ræða frekar um þetta. Þessi frammistaða finnst mér ákaflega ömurleg í einu orði sagt.

Ég vil þá aðeins víkja að því, sem hæstv. ráðherra sagði, þegar hann lauk máli sínu, að hann sagðist hafa lagt áherzlu á það, þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru hér til umr. á hinu háa Alþ., að reynslan af stofnuninni skæri úr um það, hvort gera þyrfti breytingar á þeim lögum eða ekki. Hins vegar forðaðist hann að setja fram eitthvert mat á því, hvort hann teldi, að sú reynsla, sem fengin væri af stofnuninni, gæti tilefni til breytinga. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við sjálfstæðismenn vorum ákaflega gagnrýnir á það fyrirkomulag að hafa 3 pólitíska kommissara í stjórn þessarar stofnunar og raunar ýmis önnur ákvæði þeirra laga, þótt við værum efnislega samþykkir ýmsu, sem í frv. var. T. d. vorum við samþykkir því, að hagrannsóknadeildin starfaði eins og hún starfar nú, þ. e. a. s. ekki undir þessari pólitísku stjórn, heldur beint undir stjórn ríkisstj., sem er eðlilegt, því að það er beinlínis hlægilegt, að slík starfsemi sem hagrannsóknir heyri undir pólitíska stjórn, slíka stjórn, sem þarna er. Við vorum fylgjandi ýmsu af því, sem í þessu frv. var, en aðalgagnrýni okkar beindist að því, hvernig stjórn stofnunarinnar væri háttað. Nú væri ekki úr vegi, að hæstv. ráðherra segði okkur hér á hv. Alþ., hvert hans mat væri, hvort þessi stjórnskipan stofnunarinnar hefði gefizt vel að hans mati.

Að lokum þá vil ég aðeins ræða um fjármögnun byggðasjóðs, um það ráðstöfunarfé, sem hann hefur haft. Það hefur mikið verið gumað af því, að ráðstöfunarfé hans hafi verið mjög aukið frá því sem var í tíð fyrrv. ríkisstj., vegna þess að honum eru ætlaðar nú 100 millj. kr. á ári á fjárlögum, en þetta framlag var einungis 15 millj. kr. áður. Hér er náttúrlega um umtalsverða aukningu að ræða á framlögum ríkissjóðs til byggðasjóðs. En það, sem hefur skeð í þessu efni, er að byggðasjóður hefur verið látinn taka á sig verulegar skuldbindingar vegna almennra stofnlána í landinu og þá fyrst og fremst vegna nýbyggingar fiskiskipa, sem nema hvorki meira né minna á s. l. ári, eftir því sem ráðherra gaf hér upplýsingar um, en um 150 millj. kr. Nú er það svo, að ýmsir af þessum ágætu skuttogurum koma náttúrlega byggðarlögum á landsbyggðinni til góða. Hitt er svo annað mál, að þegar við sjáum þetta, annars vegar þá hækkun, sem er frá ríkissjóði til byggðasjóðs, og hins vegar þær skuldbindingar, sem byggðasjóður hefur verið látinn taka á sig vegna þessara skipakaupa, þá er ráðstöfunarfé til annarra hluta beinlínis skert, og þetta álít ég að þurfi að hafa oftar í huga og stjórnarsinnar að upplýsa oftar en þeir gera, þegar þeir eru að tala um, hvað byggðasjóður hafi verið efldur, enda held ég, að öllum, sem hafa komið nálægt þeim málum, beri saman um, að þar þurfi að gera allmiklu betur. Raunar kom það fram í ræðu hæstv. ráðherra, því að hann gat þess, að 233 millj. kr. hefði vantað upp í lánsloforð um áramót.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég fer ekki að ræða þessa skýrslu, sem hæstv. forsrh. gaf hér áðan, til þess finnst mér ekki vera tækifæri, vegna þess að þm. höfðu ekki heyrt hana áður og sumt af því, sem hæstv. forsrh. sagði, heyrðist ekki vel yzt út í horn í salnum. Ég stend hér upp af sérstöku tilefni, þ. e. vegna Suðurlandsáætlunar.

Eins og hv. alþm. muna, var í ársbyrjun 1972 samþ. þál. hér í hv. Alþ. um áætlunargerð fyrir Suðurland. Hæstv. forsrh. skrifaði Framkvæmdastofnuninni, að ég ætla í mai, og lagði fyrir hana að vinna að þessari áætlunargerð. Sveitarstjórnarsamband Suðurlands hefur haft samband við Framkvæmdastofnunina, forstjóra hennar, framkvæmdaráðið, og með samþykki Framkvæmdastofnunarinnar hefur verið unnið sleitulaust að áætlunargerð fyrir Suðurland. Út af fyrir sig finnst mér það vera þakkarvert, að Framkvæmdastofnunin samþykkti það, að ráðizt væri í þessa áætlunargerð. Framkvæmdastofnunin tók fram, að hún hefði ekki mannafla til þess að flýta þessu verki, en samþykkti, að verkið væri unnið utan stofnunarinnar. Hagvangur h/f og fleiri hafa unnið að áætlunargerðinni í samráði við framkvæmdastjóra sveitarstjórnasambands Suðurlands. Þetta hefur gengið tiltölulega vel, og fyrri hluti áætlunargerðarinnar hefur verið gefinn út í bókarformi. Er nú unnið að seinni hluta áætlunargerðarinnar. Áfallinn kostnaður er 2.6 millj. kr., og það, sem er ógreitt, er 1.4 millj. kr. Ágreiningur hefur risið upp á milli sveitarstjórnasambandsins og Framkvæmdastofnunarinnar um greiðslu, ekki um það, hvort Framkvæmdastofnunin muni greiða kostnaðinn, því að vitanlega stendur Framkvæmdastofnunin við að greiða kostnaðinn, þar sem verkið hefur verið unnið með samþykki stofnunarinnar. Ágreiningurinn hlýtur þess vegna að vera aðeins um það, hvenær þetta verður greitt. Og ég vil afsaka Framkvæmdastofnunina að nokkru leyti með því, að þeir hafa sagt, að þeir hefðu ekki fjármagn að sinni til þess að greiða þetta. Út af fyrir sig getur það verið afsakanlegt, og ég vil aðeins við þetta tækifæri draga þetta fram. Í sannleika sagt hef ég ekki haft stórar áhyggjur út af þessum ágreiningi, sem upp hefur komið á milli stofnunarinnar og sveitarstjórnarsambandsins, vegna þess að ég er handviss um, að þetta verður greitt, vegna þess að verkið er unnið í samráði við stofnunina. Hæstv. forsrh. gerði það, sem vænzt var af honum, að skrifa bréfið á s. l. vori. Ég vil í tilefni af því, sem hefur gerzt í þessum málum, vænta þess, að forsrh. ljái því lið, ef með þarf, að kostnaðurinn við áætlunargerðina verði að fullu greiddur, ef ekki á þessu ári, vegna þess að fjármagn vantar, þá verði gert ráð fyrir því í áætlun stofnunarinnar á

næsta ári. Við þm. Sunnl. erum sanngjarnir menn og skilningsríkir, ef í það fer, og gerum ekki ósanngjarnar kröfur. Þess vegna finnst mér ekki vera tilefni til þess að hefja neinar ádeilur hér á Framkvæmdastofnunina, þótt hún hafi ekki svarað út þessu fjármagni.

Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að geta um það, sem hefur gerzt í þessu, og minna á það, að enn er unnið að áætlunargerðinni, og reikna má með, að þegar verkinu er lokið, verði ógreiddur kostnaður talsvert á 3. millj. kr. Ef ekki er unnt að fá þetta fjármagn á þessu ári, verður með einhverjum hætti að ýta þessari skuld á undan sér fram á næsta ár.

Ég sé, að formaður framkvæmdaráðsins er hér í hv. d., og gleðst ég yfir því, að hann hlustar á mál mitt og skrifar þetta til minnis.

Í sjálfu sér var erindi mitt hingað í ræðustólinn að þessu sinni ekki annað en þetta. Ég sé ekki ástæðu til, — sérstaklega líka vegna þess, að hæstv. forsrh. hefur boðað, að þm. verði send sú skýrsla, sem hann gaf hér í dag, — ástæðu til að ræða þetta mál frekar nú. Það verður sjálfsagt gert í haust, þegar þm. hafa kynnt sér allt innihald skýrslunnar, sem hlýtur þá að vitna um starfsemi stofnunarinnar. Og vitanlega verður forvitnilegt að sjá upplýsingar um lánveitingar og annað til hinna ýmsu atvinnugreina og til hinna ýmsu kjördæma í landinu, hvernig stofnuninni hefur tekizt að úthluta fjármagninu á sem réttlátastan hátt og þannig, að það hafi sem mest þjóðhagslegt gildi fyrir þjóðfélagið.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að hann væri reiðubúinn til þess að beita sér fyrir breytingu á stofnuninni, ef reynslan sýndi, að þess væri þörf. Þetta finnst mér ágætt. Ég fyrir mitt leyti hef talið, að það væri þörf á að breyta stofnuninni, enda þótt ég hafi ekki enn mjög náin kynni af henni. Og mér finnst satt að segja, að lesa megi það út úr orðum hæstv. forsrh., að hann telji þetta jafnvel vera nauðsynlegt. Ef hæstv. forsrh. liti svo á, að stofnunin væri harla góð í því formi, sem hún nú er, þá held ég, að hann hefði látið það ótvírætt í ljós. En ég heyrði hæstv. forsrh. alls ekki minnast á það, að stofnunin væri ágæt af verkum sínum, heldur miklu frekar minna hv. þm. á það, sem ætti þá að verða til þess að sætta þá við það, sem gert hefur verið, að hann, hæstv. forsrh., væri reiðubúinn að beita sér fyrir breytingum, ef reynslan sýndi, að þarna mætti margt betur fara. Mér finnst þetta vera vel mælt.

Ég tel eðlilegt, að það sé leiðrétt hér nokkuð, sem hæstv. forsrh. sagði um kostnað við stofnunina og hv. 2. þm. Vestf. leiðrétti ekki, enda þótt hann gerði kostnaðinn að umtalsefni. Hæstv. forsrh. sagði, að kostnaður við stofnunina árið 1972 hefði numið 32.8 millj. kr. Nú man ég ekki, hvenær stofnunin tók til starfa. Ég held, að það sé alveg útilokað, að hún hafi starfað meira en 9 mánuði á árinu 1972, kannske ekki nema 8. Þess vegna er það, að ef stofnunin hefði starfað allt árið, hefði kostnaðurinn ekki orðið 32.8 millj., hann hefði alla vega farið yfir 40 millj., sé miðað við það, að þessar 32.8 millj. séu fyrir 9 mánaða starfstíma. Svo koma 7 millj. í stofnkostnað, teppin og gluggatjöldin, sem endast vitanlega lengur en eitt ár, og ekki sanngjarnt að færa það allt saman á kostnað ársins 1972. En af þessu sýnist mér vera ljóst, að stofnunin sé nokkuð dýr. Hæstv. forsrh. hefur afsökun og hann hafði vaðið fyirir neðan sig, þegar verið var að ræða frv. til laga um Framkvæmdastofnunina. Ég man eftir því, að ég kom með fsp. til hæstv. forsrh. um það, hvað ætla mætti, að stofnunin mundi kosta, eða hve mikil kostnaðaraukning yrði af rekstri stofnunarinnar, miðað við það, sem framkvæmdasjóður, atvinnujöfnunarsjóður og Efnahagsstofnunin höfðu kostað. Hæstv. forsrh. sagði: Ég veit það ekki. Og það getur enginn álasað honum fyrir það. Það hefði verið miklu frekar ámælisvert, ef hann hefði sagt: Þetta verður sem sagt enginn kostnaðarauki. En mér sýnist, að stofnunin sé nú allt að því helmingi dýrari í rekstri en hinar þrjár stofnanir, sem ég áður nefndi, og sannleikurinn er sá, að það er grunur minn og margra annarra hv. þm., að afköst stofnunarinnar séu ekki meiri að verkum heldur en hinna þriggja stofnana, sem kostuðu helmingi minna en Stofnunin (með stóra essinu).

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að þreyta þm. meira á tali um þetta að sinni, tel eðlilegt, að það biði til haustsins, þegar við vonandi aftur komum öll saman. Þá höfum við fengið þá skýrslu, sem hæstv. forsrh. lofaði að útbýta, og þá verður þetta allt ljósara en það er enn í dag.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í minni frumræðu, að mér finnst það eðlileg vinnubrögð, að þessi mál verði rædd á haustþingi, og það sé ekkert því til fyrirstöðu, eftir að menn hafa fengið í hendur prentaða skýrslu og geta athugað þessi mál. Ég er ekkert að leyna því eða afsaka það, að ég tel þetta í raun og veru ekki heppilegt, að leggja skýrslu sem þessa svo seint fram sem nú er gert, og ég verð að taka það á mig. Ég tel líka, að í þessu ákvæði, 11. gr., felist ekki endilega, að það þurfi að lesa upp þessa skýrslu, heldur álít ég fyrir mitt leyti, að það séu heppilegri vinnubrögð, að sú skýrsla sé fjölrituð eða prentuð og henni deilt út á meðal þm., og þann hátt mundi ég vilja hafa á, ef það félli í minn hlut að gefa slíka skýrslu oftar.

Ég er ekkert að mæla mig undan ábyrgð í þessu sambandi, en verð þó að segja það, að 12. febr. s.l. sendi ég bréf til stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og óskaði eftir þessari skýrslu. Það er mjög stutt síðan þessi skýrsla barst mér í hendur og því miður þá ekki alveg fullfrágengin. Þess vegna get ég ekki tekið undir og mér kemur það dálítið ókunnuglega fyrir sjónir, að hv. þm. Benedikt Gröndal skuli deila á mig fyrir að lesa ekki upp alla skýrsluna, sem er full af talnaröðum og slíkum uppsetningum, að hún er í sjálfu sér óhæf til upplesturs. Þess vegna valdi ég þann kost að taka, að mér fannst, nokkuð skýran útdrátt úr þessari skýrslu, útdrátt, sem var kominn frá þeim deildum sér-

staklega, sem fjölluðu um hvern þann þátt fyrir sig, sem undir þær heyrði.

Mér þótti það í sjálfu sér nokkuð merkilegt, að hér skyldu taka fyrstir til máls og ríða á vaðið tveir stjórnarmenn í Framkvæmdastofnuninni. Nú er það svo samkv. skýrum lögum Framkvæmdastofnunarinnar, og þannig er það í framkvæmd, að allar lánveitingar, allar styrkveitingar eru ákveðnar af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, en ekki af framkvæmdaráðinu. Ean fremur eru allar almennar ákvarðanir um áætlanir teknar af stjórninni, en ekki framkvæmdaráðinu. Það er rétt, að ég sendi að sjálfsögðu Framkvæmdastofnuninni allar þær þál., sem hér voru samþ. um áætlanagerðir, en síðan var það svo auðvitað verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar að taka þær til athugunar og ákveða, í hvaða röð starfsmenn stofnunarinnar, í þessu tilfelli áætlanadeildin, skyldu taka þau til meðferðar. Og það er stjórn stofnunarinnar, sem hefur raðað því niður, hvaða áætlanir skyldu teknar fyrir af áætlanadeildinni og unnið að, en ekki sú pólitíska stjórn, sem fundið er að, að sett hafi verið yfir þessa stofnun.

Ég fæ fundargerðir stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, og auðvitað hefðu þessir ágætu stjórnarmenn eðlilega haft færi á því að koma á framfæri á fundum stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar þeim áhugamálum sínum, sem þeir lýstu hér áðan, um eflingu áætlanagerðar o. fl. Ég hef ekki rekizt á neina sérstaka liði í fundargerðunum um það frá þeirra hálfu. En það má vera, að mér hafi nú yfirsézt eitthvað í því efni. En vill þá þessi hv. þm. og þeir, sem í stjórn stofnunarinnar sitja, halda því fram, að það hafi verið beitt pólitískri misnotkun við úthlutun lána og styrkja eða ákvörðun um áætlanagerðir? Ég hef veitt því athygli, að langoftast eru þessar ákvarðanir teknar með shlj. atkv., en þó ekki alltaf. En þá hef ég líka veitt því athygli, að atkvgr. um einstakar lánveitingar eða styrkveitingar hafa ekki farið eftir pólitískum línum, heldur hafa þá verið einhver önnur sjónarmið, sem þar hafa ráðið. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þessir hv. stjórnarmenn Framkvæmdastofnunarinnar vilji halda því fram, að pólitísk misnotkun hafi átt sér stað við ákarðanir í þessu efni. Ég vona, að þeir viðurkenni, að þessi verk hafi verið unnin eftir beztu samvizku, og það eru ekki framkvæmdaráðsmennirnir, sem taka ákvarðanirnar um það. Hitt er auðvitað rétt, að þeir undirbúa málin og gefa sínar skýrslur og upplýsingar til stjórnarinnar.

Þá kem ég að því, sem ég tel, að hafi orðið framför við þessa stofnun, og það er það, að framkvæmdastjórarnir, a. m. k. sumir hverjir, hafa gert allmikið að því ásamt ýmsum starfsmönnum þessarar stofnunar að ferðast út um land og kynna sér aðstæður þar og fyrirtæki þau, sem óskað hefur verið eftir fyrirgreiðslu til, og þeir hafa síðan gefið skýrslur um það. Ég efast ekkert um, að með þessum hætti hefur verið hægt að komast að skynsamlegri niðurstöðu um ýmis atriði en annars hefði verið hægt. Ég á ekki von á því, að hv. stjórnarmenn Framkvæmdastofnunarinnar lasti þessi vinnubrögð, a. m. k. er mjög skammt síðan ég las það í sjálfstæðisblaði frá Siglufirði, að þangað hafi einn framkvæmdaráðsmaður komið, og það var látið mikið yfir hans komu þangað og þeim skiptum, sem hann hefði átt þar við fyrirtæki nokkurt, og hvernig hann hefði kynnt sér málið, þannig að ég get ekki fallizt á, að þar hafi verið um að ræða nokkra pólitíska misnotkun í þessu sambandi. Ég á ekki heldur von á því, að þeir vilji halda því fram í alvöru, að svo hafi verið.

Ég endurtek enn, að allar hinar raunverulegu ákvarðanir eru í höndum þessarar stóru stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, sem er skipuð fulltrúum allra flokka, og eftir því sem ég veit bezt, eru engan veginn fátíðir fundir í þeirri stjórn. Ég hygg, að það sé um það bil hálfsmánaðarlega eða því sem næst, — má þó vera, að það falli niður fundir einstöku sinnum, ég skal ekki fullyrða það, — en ég hef séð það á fundargerðunum, að það eru æðioft fundir haldnir í þessari stjórn og þar eru einmitt æðimörg mál tekin fyrir. En hlutverk framkvæmdastjóranna er, má segja, að vissu leyti venjuleg framkvæmdastjórastörf, að sjá um framkvæmd þeirra ákvarðana, sem teknar eru í stjórn stofnunarinnar, undirbúa mál fyrir fundi stofnunarinnar o. fl. í því sambandi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði um hin sjálfvirku lán til skipa og báta og eitthvað fleira. Það er mjög stór upphæð, og þær reglur giltu allt árið 1972. En þeim var breytt um áramót, þannig að þau lán eru ekki sjálfvirk lengur. Það þýðir auðvitað ekki, að það séu ekki eftir sem áður veitt þessi eða sams konar lán til fyrirgreiðslu við bátakaup og skipasmíðar, þegar ástæða er til að mati stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar.

Það má vel vera, að ég og aðrir hefðum kosið, að það væri hægt að efla áætlanagerð meira en gert hefur verið. Ég hygg þó, að það geti engum blandazt hugur um, að það hefur orðið ótvíræð framför í því efni. Hins vegar er það svo, eins og ég hygg að ég hafi tekið fram, þegar ég mælti fyrir frv. á sínum tíma, að áætlun er ekki neitt, sem unnið er á einum degi eða í skyndingu. Það tekur sinn tíma að vinna að áætlunum, og þær verður að undirbyggja með ýmsum þáttum. Það er ekki alltaf auðvelt að sjá árangurinn af áætlunarstarfinu alveg í skyndingu. Það get ég líka sagt í sambandi við það, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði, að hann hefur einmitt unnið að þessum störfum og er kunnugur því, hvernig þau gerast. Hann veit það kannske manna bezt, þeirra sem hér eru, að það er ekkert áhlaupaverk að gera áætlun. Hann hafði einu sinni það hlutverk að vinna að áætlanagerð, — áætlanagerð fyrir Norðurland. Hann skilaði áætlanagerð, sem kölluð var atvinnumálakafli, skulum við segja, fyrir Norðurland. Það var ekki sundurliðuð áætlun, sem ég vil ekkert vera að álasa honum fyrir, vegna þess að það er ekki auðvelt verk að vinna alveg sundurliðaða áætlun. En það tók sinn tíma að gera þetta almenna yfirlit, enda þótt það væri ekki frekar sundurliðað en það var. Og sjálfsagt er það alveg eins með þá starfsmenn, sem vinna í áætlanadeildinni nú, að þeir vilja vinna verk sitt vel. Það tekur sinn tíma að láta

frá sér fara alveg sundurliðaðar áætlanir. Það eru mörg atriði, sem þarf að kanna, ef á að vera nokkurt vit í áætlununum.

Út af þeirri spurningu, sem hv. þm. beindi til mín viðvíkjandi skiptingu vegafjár samkv. Norðurlandsáætlun, vil ég segja það, að ég vænti þess, að sú skipting geti átt sér stað innan skamms. Sú skipting verður eðlilega, eins og alltaf hefur átt sér stað, gerð í samráði við þm. Norðurlands. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan framkvæmdaáætlunin var endanlega afgreidd, og þó að þetta hafi staðið í frv. og áætlun, þá var ekki tímabært í sjálfu sér að fara að taka ákvarðanir þar um, fyrr en það lá endanlega fyrir, að frá þessu mundi verða gengið á þennan hátt. Ég vona, að þetta svar dugi við því, sem hann spurði um.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, sagði varðandi framkvæmdaáætlun fyrir Suðurland, þá hefur Framkvæmdastofnunin látið frá sér fara aths. við það, sem var haldið fram af framkvæmdastjóra sveitarfélagasambandsins í Suðurlandskjördæmi. Þær aths. voru á þá lund, að í fyrsta lagi hefði framkvæmdastjórinn haft mikil samráð við ýmsa starfsmenn stofnunarinnar, þannig að þeir með þeim hætti hefðu e. t. v. lagt sitt af mörkum til áætlanagerðarinnar. Í öðru lagi var tekið fram í þeim aths., sem frá stofnuninni komu, að sum atriði í þessari Suðurlandsáætlun eða 1. hefti, sem út er komið, hefðu beinlínis verið unnin í Framkvæmdastofnuninni, eins og t. d. arðsemisathugun og áætlun um vegaframkvæmdir. Enn fremur var skýrt frá því, að fundir hefðu verið haldnir með framkvæmdaráði á Suðurlandi, skilst mér, og framkvæmdaráðsmenn hefðu tekið þátt í fundum sveitarfélagasambandsins á Suðurlandi um þessi mál. Þeir bentu enn fremur á það í þessum aths., að þeir hefðu í sambandi við greiðslu kostnaðar við þessa áætlun notað þær ítrustu lagaheimildir, sem þeir teldu sig hafa, og greiddu kostnað 1972 að upphæð 500 þús., og 1973 er áætlað að greiða 640 þús. En viðvíkjandi því, sem hann sagði að öðru leyti um þetta, vil ég svara því til, að ef þessi áætlun verður unnin þannig, að hún fullnægi algerlega þeim kröfum, sem Framkvæmdastofnunin gerir um áætlanagerðir, þá finnst mér það aðalatriði, en ekki hitt, hvort hún er unnin af takmörkuðu starfsliði í Framkvæmdastofnuninni eða af öðrum hæfum mönnum, sem aðrir hafa á að skipa. Og ef áætlanagerðin verður sem sagt þannig úr garði gerð, þá get ég svarað því til, að ég mundi vilja beita áhrifum mínum til þess, að stofnunin tæki þátt í þeim kostnaði eða að hann yrði greiddur. Ég verð að vísu að segja þetta með þeim fyrirvara, að ég veit ekki, hve áhrif mín í þessu efni ná langt og hvort ég hef nokkuð í sjálfu sér um þetta að segja, því að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar er mjög sjálfstæð og tekur sínar ákvarðanir. En a. m. k. get ég og er mér frjálst að beina tilmælum til hennar, og það mundi ég sem sagt gera, ef þetta yrði fulkomin áætlanagerð.

Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja þetta mál meira. Ég vænti þess, að það verði hægt að fella sig við það, sem ég hef stungið upp á, að það verði hægt að hafa ítarlegri umr. um þetta málefni, þegar menn hafa gleggri gögn í höndunum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hér hafa orðið nokkrar umr. um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og mun ég taka upp þráðinn, þar sem hann slitnaði hér fyrir kvöldmatinn, þótt ekki verði sagt, að tekið sé til óspilltra málanna, þar sem flestir þm. eru nú í burtu og fáir komnir aftur og sumir þeirra, sem hér voru helzt að ausa af sínum vizkubrunnum, láta sig síðan vanta.

Svo að ég víki hér aðeins að orðum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og kvörtunum hans yfir því, að skýrsla um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hefði ekki verið lögð öll fyrir stjórn hennar, áður en efni hennar var kynnt, þá er rétt að gera grein fyrir því hér, að um er að ræða 2 skýrslur í þessu máli. Í fyrsta lagi er það skýrsla Framkvæmdastofnunarinnar, sem er mjög ítarleg greinargerð um alla starfsemi stofnunarinnar á s. l. ári. Þessi skýrsla hefur enn ekki verið gefin út formlega, ekki verið birt. Eg geri hins vegar ráð fyrir því, að við það verði staðið, sem ákveðið var og tilkynnt var á síðasta stjórnarfundi, að stjórnarmönnum gefizt kostur á að skoða hana og gera athugasemdir við hana, áður en hún verður endanlega frágengin og gefin út. Hin skýrslan, sem um er að ræða, er svo aftur sú, sem hæstv. forsrh. er ætlað að flytja og hann hefur flutt hér, að sjálfsögðu á eigin ábyrgð, þar hefur hann fyrst og fremst stuðzt við drög að hinni væntanlegu skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar. En eins og hér kom fram áðan, las hann ekki upp úr þeirri skýrslu nema lítinn hluta og hefði sjálfsagt þurft að vera að meiri hluta dagsins til þess að koma henni allri til skila hér á fundinum. Ég kem þessu hér að, til þess að þetta valdi ekki neinum misskilningi.

Hér urðu áðan nokkrar umr. um samgöngumálaáætlun Norðurlands, einkum vegna ummæla hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Lárusar Jónssonar um hana og fsp. þeirra til hæstv. forsrh. í því sambandi. Hv. þm. Lárus Jónsson hélt því fram, að engin samráð hefðu verið höfð við heimamenn í sambandi við þessa áætlunargerð og þeir hefðu þar hvergi nærri komið. Ég þarf næstum ekki að taka það fram, að fullyrðing hv. þm. byggist á misskilningi. (**Gripið fram í:** Það var átt við 1973.) Já, ég er líka að tala um áætlun fyrir 1973. Og ég get upplýst, að það hefur verið unnið að þessari áætlun undanfarnar vikur og haft hefur verið samráð við heimamenn í þessu sambandi og þá fyrst og fremst við samgn. Fjórðungssambands Norðurlands. Það er verið að setja á blað einmitt um þessar mundir fyrstu drög þessarar áætlunar í beinu framhaldi af því, að nú hefur verið samþykkt formlega hér á Alþ. fjárveiting til þessarar áætlunar, og það er ætlunin, að þessi fyrstu drög verði rædd frekar í samgn. Fjórðungssambandsins, áður en að lengra verður haldið. Þessi áætlun er að sjálfsögðu samin ekki aðeins af starfsmönnum áætlunardeildar Framkvæmdastofnunarinnar, heldur og með ráðum vegamálaskrifstofunnar, og það eru þessir aðilar, sem ganga frá þessum fyrstu

drögum. Ég geri síðan ráð fyrir því, að innan skamms verði unnt að leggja þessa áætlun fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem fjallar þá endanlega um hana af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar, og síðan verður hún send til ríkisstj. til endanlegrar staðfestingar.

Ég tel eðlilegt og er sammála hæstv. forsrh. um það, að á einhverju stigi málsins gefist þm. þessara tveggja kjördæma tækifæri til að fylgjast með því, sem verið er að setja á blað í þessu sambandi, og gefist kostur á að gera athugasemdir við áætlunina, áður en hún verður fullfrágengin. Í sambandi við þessa athugasemd vil ég minna hv. þm. á, að það hefur aldrei staðið til, að samgönguáætlun af þessu tagi yrði afgreidd á Alþ., ekki frekar en aðrar áætlanir. Í lögum um Framkvæmdastofnunina er tiltekið, með hvaða hætti áætlanir hér á landi skuli samdar og gerðar og samþykktar, og það gerist fyrst og fremst á þennan hátt, að áætlunin er samin í Framkvæmdastofnuninni í samráði við ýmsa aðila og síðan er hún send ríkisstj. til staðfestingar, en þessar áætlanir eru ekki afgreiddar með einum eða neinum hætti hér á Alþ., þannig að þáttur þm. Norðurl. í þessu sambandi hlýtur fyrst og fremst að vera sá, að þeim gefist kostur á að koma á fund með þeim mönnum, sem að áætluninni vinna, og ræða við þá um efni áætlunarinnar.

Ég get tekið undir það, að kannske er þessi áætlunargerð helzt til seint á ferðinni og hefði verið æskilegt, að hún hefði verið fullbúin fyrr. En ástæðurnar eru að sjálfsögðu fyrst og fremst þær, að bæði hafa arðsemisútreikningar í sambandi við hina ýmsu möguleika, sem til greina koma, dregizt á langinn, og í öðru lagi lá ekki fyrir, hversu mikið fjármagn yrði til ráðstöfunar, og var auðvitað ekki eðlilegt að fara að drífa í því að ganga frá þessari áætlun, fyrr en það lægi fyrir.

Nokkrir hv. þm. gerðu fjárhagsmálefni Framkvæmdastofnunarinnar að umræðuefni sínu hér áðan og nefndu þar m. a., að kostnaður við störf hinna þriggja stofnana, sem runnu inn í Framkvæmdastofnunina, hefði numið 20 millj. 840 þús. kr. á árinu 1971, en samkv. reikningum kæmi nú í ljós, að kostnaður við starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar hefði numið 32 millj. 817 þús. kr., og menn hafa viljað halda því fram, að þarna væri um einhvern gífurlegan ofvöxt að ræða eða óeðlilega eyðslu fjár. Þar við bættist, að hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, reyndi að gera því skóna, að raunverulega væri kostnaður við starfsemi stofnunarinnar á ársgrundvelli miklu meiri en þessu næmi, vegna þess að stofnunin hefði ekki starfað allt árið, heldur sennilega í hæsta lagi í 9 mánuði og því væri rekstrarkostnaðurinn hlutfallslega þeim mun meiri. Allt er þetta að sjálfsögðu á miklum misskilningi byggt.

Ég vil taka fram í sambandi við aukningu rekstrarkostnaðarins almennt, að þar er að sjálfsögðu fyrst og fremst um aukinn launakostnað að ræða, sem skýrist m. a. af talsvert mikilli sveiflu í launakostnaði almennt hjá opinberum starfsmönnum milli þessara tveggja ára. Í öðru lagi kemur þarna að sjálfsögðu til ýmiss konar kostnaður, sem er í tengslum við samruna þessara stofnana, og að sjálfsögðu enginn vafi á því, að kostnaður við rekstur þessarar stofnunar á fyrsta ári hennar er meiri, þegar hún býr við mjög óhentug starfsskilyrði, og fyrstu 9 mánuðina er hún m. a. á þremur stöðum til húsa. Ég held, að það þurfi ekki mikilla skýringa við, að kostnaðurinn sé m. a. af þessum sökum heldur meiri en ætti að vera, þegar starfsemin er komin á eðlilegan grundvöll.

Hvað snertir fullyrðingu hv. þm. Ingólfs Jónssonar um starfstímann, þá er því ósköp einfaldlega til að svara, að starfstími stofnunarinnar hófst formlega séð 1. jan. 1972, og þar er enginn einn mánuður undanskilinn, heldur allir meðtaldir. Og það voru engir tveir eða þrír mánuðir, sem liðu, þar til stofnunin komst öll til húsa á einum stað, það voru 9 mánuðir, sem liðu þar til svo varð, stofnunin var ekki komin á einn stað fyrr en 1. sept. á s. l. ári, og allan þann tíma voru ákveðnir þættir í starfsemi stofnunarinnar á vegum annars vegar Seðlabankans og hins vegar Landsbanka Íslands. Í upphafi ársins voru gerðir samningar af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar við þessa tvo ríkisaðila um, að þeir önnuðust rekstur þessara þátta stofnunarinnar, — það var annars vegar starfsemi framkvæmdasjóðs og hins vegar starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs, — þar til stofnunin væri komin í eitt húsnæði, hefði húsnæði fyrir sína starfsemi. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að leggja mikið á mig til að sannfæra menn um það, að að sjálfsögðu tóku þessar stofnanir fulla greiðslu fyrir þá þjónustu, sem þær veittu stofnuninni, og það kom að sjálfsögðu í hlut Framkvæmdastofnunarinnar að greiða laun þeirra manna, sem á þann hátt voru að störfum hjá stofnuninni, þó að þeir væru ekki formlega séð á launalista þar.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson vék hér nokkuð að gerð Suðurlandsáætlunar og get ég ekki annað sagt um hans málflutning en að þar kom fram kurteisleg ábending um, að við gerð þessarar áætlunar hefði verið eytt svo og svo miklu fjármagni og það þyrfti að leita leiða til að leysa þann vanda, sem þar væri upp kominn, og hef ég í sjálfu sér ekkert við hans málflutning að athuga. Ég verð hins vegar að segja það hreinskilnislega, að það gegnir nokkuð öðru máli um þann málflutning, sem forstöðumenn Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi hafa haft í frammi á opinberum vettvangi í þessu sambandi, því að þeirra málflutningur hefur vægast sagt verið fyrir neðan allar hellur og þeir hafa leyft sér að ráðast með ósönnum ásökunum á Framkvæmdastofnunina af litlu tilefni.

Í sambandi við svokallaða Suðurlandsáætlun vil ég strax taka það fram, að enn sem komið er er ekki um neina áætlun að ræða, sem getur borið nafn með réttu. Það, sem gert hefur verið, er að sjálfsögðu fyrst og fremst það, að safnað hefur verið gögnum og samdar miklar og stórar skýrslur til undirbúnings því verki, sem mun vonandi hefjast innan tíðar, að gerð verði sérstök Suðurlandsáætlun. Þessi gagnasöfnun og skýrslugerð hefur borizt flestum þm., að ég hygg, og er í bók af þykkara taginu, eins og flestir munu vita. Framkvæmdastofnunin hefur greitt samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi til þessa verks 500 þús. kr. á s. l. ári, og á þessu

ári verður upphæðin hækkuð sem nemur launahækkun starfsmanna, sem við slík áætlunarstörf fást, og auk þess verða nú greidd öll launatengd gjöld, sem áður voru ekki greidd, þannig, að upphæðin er allmiklu hærri en hún var á síðasta ári. Á næsta ári mun áfram verða haldið þessum greiðslum, og mun ekki standa neitt á því. Ég get fullvissað hv. þm. um, að sérstakar óskir samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi um, að Framkvæmdastofnunin taki þátt í kostnaði þeim, sem samtökin hafa haft af þessari áætlunargerð umfram það, sem ég hef nú talið, verða að sjálfsögðu teknar til athugunar, þegar gerð verður næsta fjárhagsáætlun fyrir Framkvæmdastofnunina, og ég tel, að það geti vel komið til greina, að einhver kostnaður, sem samtök sveitarfélaga hafa haft af þessu verki verði greiddur. Það verður að sjálfsögðu að skoðast í samhengi við það, sem gert er fyrir önnur landshlutasamtök. En ég er sannfærður um það, að hv. þm. Ingólfur Jónsson er það sanngjarn maður, að hann sér, að það er alveg útilokað mál, að ein landshlutasamtök geti ráðið næstum því eins marga starfsmenn og þeim kemur til hugar og látið þá starfa í langan tíma og sent síðan reikninginn á opinbera stofnun eins og Framkvæmdastofnunin er, án þess að nokkrar ákvarðanir hafi áður verið um það teknar eða um það fjallað með eðlilegum hætti í stjórn þessarar stofnunar eða gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun hennar. Ég er hræddur um, að hv. þm. Matthías Bjarnason yrði nú dálitið skrýtinn á svipinn og færi að býsnast eigi lítið yfir hækkuðum rekstrarkostnaði hjá þessari ágætu stofnun, ef þannig væri farið að, og ég er sannfærður um, að við erum sammála um það, að slík vinnubrögð gætu ekki gengið.

Hvað gerð byggðaáætlana snertir í þessari stofnun, get ég fúslega tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að það verk gengur sjálfsagt hægar en við hefðum margir óskað eftir. Ég verð hins vegar að gefa þá yfirlýsingu, að vonir mínar um mjög verulega aukinn skrið í áætlunargerð á þessu sviði eru fyrst og fremst bundnar við landshlutasamtök eins og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, og ég tel engum vafa undirorpið, að frumkvæðið verði þar að vera fyrst og fremst. Framkvæmdastofnunin mun hins vegar veita ýmiss konar almenna þjónustu í þessu sambandi. Hún mun veita starfsmönnum, sem við þessa áætlunargerð fást, ýmiss konar leiðsögn. Nú er verið að vinna að því að safna gögnum um mannafla, tekjuskiptingu og félagslega aðstöðu í öllum landshlutum. Og það er unnið að því að setja þessi gögn upp í kerfi, sem hægt verði að halda við, þannig að stöðugt sé hægt að afla upplýsinga um það, hvernig staðan er í hverjum landshluta á hverjum tíma, svo að ekki þurfi að gera út af örkinni sendinefnd aftur og aftur, eins og löngum hefur tíðkazt hjá okkur, til þess að safna gögnum og gera langar skýrslur, heldur sé hægt að hafa þessar upplýsingar við höndina á einum stað og grípa til þeirra, þegar á þeim þarf að halda. Ég er sannfærður um, að einmitt **þetta verk verður landshlutasamtökunum geysilega mikill styrkur í starfi** þeirra að áætlunargerð, og ef þetta verk hefði þegar legið fyrir, er ég viss um, að æðiháar fjárhæðir, sem Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi hafa nú eytt í gagnasöfnun og skýrslugerð, hefði mátt spara. Framkvæmdastofnunin mun hverju sinni leggja áherzlu á að athuga sérstaklega vandamál þeirra staða, sem eiga við erfiðust vandamál að glíma og hægt er að segja að séu að dragast aftur úr að einhverju leyti. Á meðan starfskraftar stofnunarinnar eru ekki meiri en þeir eru, verður hún að binda sig fyrst og fremst við þessar tvær hliðar málanna, almennar upplýsingar og gagnasöfnun, sem sett yrði í samræmt kerfi, og þá tilsvarandi leiðsögn þeirra starfsmanna, sem að þessum málum vinna hjá landshlutasamtökunum, og svo hins vegar áætlunargerð fyrir þau svæði, sem hægt er að segja að standi sérstaklega á um. Þetta starf er hafið að fullum krafti hjá Framkvæmdastofnuninni, og fyrsti áfanginn í því hefur verið gerð Skagastrandaráætlunar. Nú er einnig byrjað að starfa að áætlunargerð fyrir vestanvert Norðurland og Strandir og þá sérstaklega Húnaflóasvæðið í heild sinni. Einnig mun í vor hefjast af fullum krafti áætlunargerð fyrir Norður-Þingeyjarssýlu. Það er hvort tveggja slíkir þættir. En eins og ég segi og hef sagt, þetta starf gengur kanske hægar en vera þyrfti, og ég held ég geti leyft mér að fullyrða, að það sé ekki vegna þess, að viljann skorti, heldur er það ekki hvað sízt vegna þess, að mjög erfitt er að fá hæfa starfskrafta til að sinna þessum verkefnum.

Byggðasjóður hefur orðið hér nokkuð að umtalsefni og ég vil aðeins víkja að þeim orðum, sem hv. þm. Lárus Jónsson hafði hér, en hann gaf í skyn, að í raun og veru væri til lítils að vera að tala um það, að byggðasjóður hefði nú miklu meira fjármagni á að skipa en atvinnujöfnunarsjóður hefði haft, vegna þess að byggðasjóður hefði lent í því að greiða út svo geysilega mikið af sjálfvirkum lánum, að lítið hefði orðið eftir til annarra hluta. Ég held, að þarna gæti talsvert mikils misskilnings, og ég vil reyna að leiðrétta hann. Ef litið er á samþykktar lánveitingar byggðasjóðs á árinu 1972, námu þær alls 480 millj. kr. Ef aftur á móti er litið á lánveitingar atvinnujöfnunarsjóðs á árinu 1971, munu þær hafa numið nálægt 180 millj. kr. Ég hef töluna ekki nákvæmlega fyrir framan mig, en það mun ekki vera fjarri, — þannig að þarna er um talsvert meira en tvöföldun að ræða. Það er hins vegar alveg rétt, að talsvert stór hluti af samþykktum lánum byggðasjóðs á nýliðnu ári er sjálfvirkar lánveitingar til nýsmíði fiskiskipa. Í sjálfvirk 5% lán hafa farið 168 millj. kr., og í nýsmíði fiskiskipa, 10% lán, en þá er að sjálfsögðu átt við innlendu smíðina, hafa farið 66 millj. kr., þannig að samtals gera þessir tveir liðir 232 millj. kr. Til annarra lána hafa því verið veittar um 250 millj. kr. Ef við tökum aftur á móti öll sjálfvirk lán til fiskiskipa, sem veitt voru á liðnu ári, mun láta nærri, að þar sé um að ræða rétt um 300 millj. kr., þannig að sjóðurinn hefur þá lánað 180 millj. kr., þegar frá eru talin sjálfvirk lán til fiskiskipa. Ef við aftur á móti lítum á tölurnar varðandi atvinnujöfnunarsjóð, en hann lánaði, eins og ég sagði áðan, um 180 millj. á árinu 1971, þá var að sjálfsögðu einnig um að ræða hvað atvinnujöfnunarsjóð snertir, að verulegur hluti af

hans lánum var sjálfvirk lán til fiskiskipa. Af þessum 180 millj. kr., sem atvinnujöfnunarsjóður lánaði á árinu 1971 eða samþykkti, — í báðum tilvikum er miðað við samþykkt lán, — voru hvorki meira né minna en 120 millj. til sjálfvirkra lána, — 120 millj. af 180. Ég held þess vegna, að það geti ekki dulizt neinum, að lánveitingar úr byggðasjóði eru a. m. k. tvöfalt meiri en þau voru úr atvinnujöfnunarsjóði, og breytir þá engu, hvort sjálfvirku lánin eru talin með eða ekki. Það er greinilega um að ræða liðlega tvöföldun, hvernig sem á málið er litið. Ég vil bæta því við, að mjög verulegur hluti af þessum sjálfvirku lánum hefur komið landsbyggðinni að gagni, um það þarf enginn að efast, því að langstærsti hlutinn af þeim lánum eru einmitt lánin til togaranna, sem að miklum meiri hluta koma til þeirra landshluta, sem byggðasjóður á einmitt að hafa hugann við sérstaklega.

Ég vil að lokum segja það um ræður þeirra stjórnarandstæðinga, sem hér töluðu áðan, að þær voru almennt heldur hófsamlegar. Í sjálfu sér kemur mér ekkert á óvart, að hv. þm. Benedikt Gröndal skuli tala í heldur stillilegum tón um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar, því að Alþfl. var stofnun hennar fylgjandi og greiddi atkv. með því, að hún yrði sett á fót, og hefur alla tíð verið mjög jákvæður til þeirrar skipulagsbreytingar, sem þar var gerð. En hið sama verður því miður ekki sagt um hinn stjórnarandstöðuflokkinn, Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir því, að flestum muni enn þá í fersku minni, hvílíkar upphrópanir voru uppi hafðar, þegar þessi stofnun var sett á laggirnar. Það var gjarnan talað um, að hér væri um hræðilegt bákn að ræða, sem ætti að setja upp, einhvers konar allsherjar kolkrabba í ríkiskerfinu, sem mundi teygja anga sína í allar áttir. (Gripið fram í.) Já, ég kann nú ekki öll þessi stóryrði, sem þá voru uppi höfð, og þarf að sjálfsögðu ekki að rifja þau upp fyrir hv. þm. En ég held, að það liggi nú nokkuð ljóst fyrir, að tónninn hefur æðimikið breytzt, síðan þetta var, og hv. stjórnarandstæðingar hafa fyrir löngu jafnað sig á þessum ýkjum sínum og eru nú farnir að ræða þessi mál í svolítið stillilegri og þekkilegri tóntegund.

Hvað Framkvæmdastofnunina almennt snertir, vil ég aðeins segja það, að ég lít svo á, að mikið hafi áunnizt með stofnun hennar og starfi. Ég fer ekki ofan af því, sem ég hef áður sagt um það efni, að ég tel, að stofnun hennar hafi tvímælalaust falið í sér talsverða einföldun og talsverða hagræðingu. Ég tel, að með starfsemi hennar fáist betri yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn og yfir heildarstöðuna í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar heldur en áður var kostur á. Í þessari stofnun er tvímælalaust hafin viðtækari áætlunargerð en áður hefur þekkzt hér á landi. Hv. þm. Benedikt Gröndal vildi að vísu reyna að koma því inn hjá þm., að áætlunargerðin væri í nokkuð svipuðu fari og áður var. En ég býst við, að þeir, sem vilja eitthvað kynna sér hið rétta í þessu máli, geti verið mér sammála um, að þarna hefur orðið talsvert mikil breyting á og það er unnið af fleiri starfsmönnum og af meiri krafti að áætlunargerð en áður var. Þar við bætist, að fastari tök hafa fengizt á fjárfestingarkerfinu almennt. Ég er hins vegar ekki að segja, að þau tök séu jafntraust og vera þyrfti, en það hefur tvímælalaust miðað í rétta átt.

Hiklaust má segja, að afskipti framkvæmdasjóðs og hlutur hans að fjárfestingarmálunum hafi vaxið. Það hefur gerzt í raun og veru einfaldlega með því, að Framkvæmdasjóður tekur nú miklu, miklu stærri þátt í fjármögnun annarra fjárfestingarsjóða en áður var og hefur þar af leiðandi meira eftirlit og meiri afskipti af þeim en var. Má vel vera, að svo hefði alla vega farið, jafnvel þótt ekki hefði komið til, að þessi stofnun hefði verið sett á fót. En það, sem alveg sérstaklega skiptir máli, er þó það, að áætlunargerðin hefur verið tengd við fjárfestingarstjórnina, og það held ég, að sé það mikilvægasta við starfsemi þessarar stofnunar.

Það mikilvægasta hvað þetta snertir, stærsta verkefnið, sem unnið hefur verið að, er að sjálfsögðu framkvæmdaáætlun ríkisins, en hún var unnin fyrr á árinu en nokkru sinni áður hefur tíðkazt og var sem sagt tilbúin í nóv. í haust, mörgum mánuðum fyrr en áður hefur verið. Það er áreiðanlega mikill kostur, að þessi áætlun sé unnin í sömu stofnun og síðan fjallar um fjármögnunarþáttinn. Það er eðlilegt, að þarna séu nokkur tengsl á milli.

Af öðrum áætlunum, sem mikið starf hefur verið lagt í og eðlilegt er að efla í þessu sambandi, má alveg sérstaklega nefna hraðfrystihúsaáætlunina, sem unnið hefur verið að í vetur. Í því sambandi hefur að sjálfsögðu verið haft náið samband við fiskveiðasjóð og þá, sem hafa unnið að heilbrigðis- og hollustumálum þessarar atvinnugreinar undanfarin misseri. Það hefur sem sagt verið reynt að átta sig á því til fulls, hver væru framkvæmdaáform hraðfrystihúsanna almennt í landinu. Þau munu vera um 100 talsins, sem hafa áformað breytingar, nýbyggingar, stækkanir og aðrar endurbætur, og það hefur verið kannað mjög rækilega, hver væru þeirra áform. Síðan hefur verið farið yfir það af sérfróðum mönnum, hversu skynsamleg þessi áform væru, hvort teikningar og fjármögnunaráætlanir væru með þeim hætti, að hægt væri að leggja blessun sína yfir þær. Haft hefur verið náið samráð við fiskveiðasjóð í þessu sambandi og reynt að átta sig á, hver yrði hlutur hans við útlán til frystihúsanna á þessu ári, hver gæti orðið hlutur byggðasj. og atvinnuleysistryggingasjóðs og hvert yrði að vera eigið fjármagn fyrirtækjanna hvers um sig. Þessi áætlun hefur verið til endanlegrar afgreiðslu í stjórn stofnunarinnar nú síðustu daga og verður væntanlega frágengin á morgun.

Ég get fúslega viðurkennt, að kannske er það heldur í seinna lagi, sem þessi áætlun er fullfrágengin, og hefði verið æskilegt, að hún hefði verið tilbúin fyrir nokkrum mánuðum. En á það ber þó að líta, að gerð áætlunar af þessu tagi er raunverulega einsdæmi hér á landi, á sér ekkert fordæmi. Það á sér ekkert fordæmi, að slík áætlun sé gerð um svo stórfelldar fjárfestingar í heilli atvinnugrein, það sé reynt að átta sig á því alveg ofan í kjölinn, hvað gert verði yfir allt árið. Ég tel, að ekki leiki neinn vafi á því, að þessi vinnubrögð hljóti allir að vera sammála um, að séu til fyrirmyndar, og

þó að menn geti að vísu kvartað yfir því, að þetta sé of seint á ferðinni, þá sé þó hitt aðalatriðið og það, sem upp úr standi, að þarna er verið að stíga mikilvægt framfaraspor og þarna er verið að taka upp vinnubrögð, sem ekki hafa áður tíðkazt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þegar frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins var lagt fram á sínum tíma, urðu um það í báðum deildum miklar umr., sem ég ætla ekki að rekja neitt nánar að öðru leyti en því, að ég ætla að minna á fsp., sem ég gerði til hæstv. forsrh. vegna skipulagsbreytingar, sem var gert ráð fyrir í frv., og með leyfi forseta ætla ég að lesa upp, hvað ég spurði hæstv. forsrh. um, og svar hans, og mun svo fjalla nokkru nánar um, hvað mér sýnist í því efni, að sé fram undan núna. Ég sagði svo:

„Svo vil ég aðeins minna á það, að sú var tíðin í sambandi við atvinnujöfnunarsjóð, — hann hét nú annað þá, — að þar var dregin ákveðin bannlína og yfir þessa bannlínu fékk ekkert fjármagn að fara. Nú er það svo, að þegar jafnmikilvægur sjóður og byggðasjóður starfar hér á landi og á að fá mikið fjármagn, sbr. 33. gr., þá vil ég gjarnan vita, hvort nokkur maður hefur það í huga að draga ákveðna bannlínu og segja: Handan þessarar línu renni ekkert fjármagn frá þessum sjóði."

Í langri svarræðu við fsp. frá okkur stjórnarandstöðumönnum svarar hæstv. forsrh. mér m.a. með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Þá spurði hv. þm. um það, hvort það væru einhverjar bannlínur í þessu frv., þannig að byggðaaðstoð mætti ekki fara nema til ákveðinna landshluta. Það er ekki gert ráð fyrir neinni bannlínu í þessu sambandi, og geta allir landshlutar og allar byggðir komið þarna til greina, eftir því sem þörf krefur hverju sinni."

Ég var mjög ánægður með þessa afstöðu hæstv. forsrh. og vænti þess, að hún sé ekki neitt breytt í dag. En mér virðist samt sem áður, að einhver öfl í stjórn byggðasjóðs séu mjög áhugasöm um að mynda nú þessa línu og hafa gert um það samþykktir, sbr. stjórnarfund 27. 3. 1973. Með leyfi forseta verð ég að fá að lesa hér 1. lið:

„Heimilt er að veita lán vegna fiskiskipa á svæðinu frá Akranesi vestur um, norður og austur um land til Þorlákshafnar, að báðum stöðum meðtöldum, svo og í Vestmannaeyjum. Heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, verði um alvarlegt atvinnuleysi að ræða".

Hvað er hér í uppsiglingu? Ég ætla ekki að nefna línuna, hvað hún var kölluð á sínum tíma. Það muna flestir þm. eftir því. Ég vara við þessari hugsun vegna þess, að það hlýtur að vera sanngjarnt, að stærsta vertíðarsvæði landsmanna, Reykjanesið ásamt Reykjavík, hafi möguleika á að fá eðlileg lán til uppbyggingar atvinnulífsins eins og aðrir staðir á landinu. Ég er ekki með þessu móti á nokkurn hátt að draga úr því, að byggðasjóður, eins og hv. formaður sagði áðan, meti og hafi hliðsjón af hagsmunum dreifbýlisins. Ég er ekki á nokkurn hátt að draga úr því, það er hans meginhlutverk. En ég vara við því að fara að búa til ákveðna línu, þar sem er bannað, að fjármagn fari yfir, þegar í hlut eiga t.d. ágætir útvegsmenn eða ágætir frystihúsamenn, sem halda uppi mikilvægu atvinnulífi á þessum stað. Og þetta finnst mér stinga í stúf við þau orð, er hæstv. forsrh. sagði á sínum tíma. Ég trúi ekki öðru og ég treysti honum fyllilega til þess, að hann beiti áhrifum sínum í þá átt, að sú hugsun, sem hér skýtur upp kollinum, fái ekki fylgi, því að þótt þeir meti þetta eftir þörfum, þá finnst mér þetta orðalag gefa það ótvírætt í skyn, — ég segi, mér finnst það gefa það ótvírætt í skyn, að það eigi að fara að binda þetta næstum algerlega, binda línu, sem bannar það, að mönnum sé hjálpað með eðlileg stofnlán.

Það kom fram í umr. um fiskveiðasjóð í hv. Ed., að hæstv. sjútvrh. taldi eðlilegt, að innanlandssmíðin fengi 75% og erlenda smíðin 67% af stofnlánum. Einnig gat hann þess, að svokölluð 5% lán og 10% lán hefðu verið í gildi, en um þau ættu að ríkja önnur sjónarmið. Þau sjónarmið skildi ég svo, að þau væru að efla iðnaðinn í landinu með sérstökum hagkvæmum lánum til þeirra skipa, sem skipasmíðastöðvarnar innlendu framleiddu. En vitanlega kaupa menn skip, hvar sem þeir eru staddir á landinu, hjá mismunandi skipasmíðastöðvum eftir getu skipasmíðastöðvanna til að smíða skipin. Mér virðist, ef þessi hugmynd kemst í framkvæmd, að það sé að nokkru leyti verið að leggja eins konar líkklæði yfir endurnýjunarmöguleika á þessu svæði í útgerðinni, og það nær ekki nokkurri átt að sætta sig við slíkt. Þessu mótmælti þm. Alþfl., sem sat þann fund, Stefán Gunnlaugsson, og lét bóka eftir sér sérstaka bókun í þessu sambandi, orðrétt þannig, með leyfi forseta:

„Tel ástæðulaust, að skilgreint sé með þeim hætti, sem gert er í 1. gr. starfsreglnanna, hvar þau fiskiskip skuli staðsett, sem heimilt er að veita lán til".

Jafnvel þó að þessar reglur hafi nú verið samþykktar, vænti ég þess, að stjórnin beiti þeim ekki á þann veg, sem ég óttast, — ég vænti þess, — heldur meti það, hvort viðkomandi aðilar, sem sækja um lán, þótt þeir búi á Reykjanessvæðinu eða í Reykjavík, séu hæfir til þess að fá lánin og séu menn til þess að reka sín fyrirtæki á heilbrigðan og eðlilegan hátt. Það hlýtur að vera grundvallaratriði í lánsveitingum, annað er óheilbrigt. Og ég undirstrika enn, að ég styð það fyllilega, að byggðasjóður sinni landsbyggðinni eftir getu. En það er útilokað að draga svona hugsun fram, það er gersamlega útilokað í dag. Og ég treysti hæstv. forsrh. að leggja því lið, að það, sem hann sagði réttilega á sínum tíma, haldi áfram og standi, ég treysti honum til þess.

Matthías Bjarnason sagði: Það má endalaust deila um útlánareglur byggðasjóðs. — Auðvitað má alltaf deila um þetta. En ég held, að við hljótum allir að vera sammála um, að það er óheilbrigt að draga slíka línu um ákveðið svæði, eins og mér virðist vera ætlunin að gera þarna. Þrátt fyrir það að mikil þensla er á þessu svæði og margir óttast ofþenslu á svæðinu, þá verða þessir ágætu stjórnarmenn að meta það, að frá þessu svæði kemur gífurlegt fjármagn

inn í sjóðina vegna margvíslegar skattlagningar á atvinnugreininni, og það er ekkert smáræðis fjármagn, eins og Matthíasi er mjög vel kunnugt um, sem sjávarútvegurinn á Reykjanesi og Reykjavík leggur t. d. tryggingakerfinu til vegna arðsemi þeirra báta, sem hér eiga heima. Menn þar munu því ekki sætta sig við, að þeim sé neitað um eðlilega lánafyrirgreiðslu, *ég er* alveg viss um það. Ég vænti þess, að ótti minn sé ástæðulaus og að hv. stjórn byggðasjóðs muni endurskoða þessa afstöðu, að útiloka ákveðið svæði frá rétti til heilbrigðra lána, þótt umfram lán séu fram yfir 75% eða 67% af smíðaverði skipa.

Framkvæmdastofnunin átti að verða rós í hnappagat hæstv. ríkisstj. og það er gefið í skyn, að hún muni verða það. Hún er að blómstra, hún á eftir að springa út, skildist mér á ræðu hv. formanns, og bera ávöxt. Við skulum vona það. Við skulum vona, að skipulag verði á hlutunum með heilbrigt sjónarmið í huga, en ekki þröng sjónarmið, sem þjóna ákveðnum hagsmunum, — ég vil ekki segja pólitiskum hagsmunum á þessu stigi, — en það eru óeðlilegt sjónarmið að leggja slíkt bann á ákveðin svæði eins og mér virðist þessi samþykkt gefa tilefni til.

Það er talað um breytt vinnubrögð, betri athugun á málunum og þar fram eftir götunum, traust tök á fjárfestingarmálunum, sagði hv. formaður, og það miðaði í rétta átt. Ég tel þetta ekki benda neitt í þá átt, að þetta sé rétt mat á aðstæðum, öðru nær. Ef viss svæði þurfa styrki eða mjög hagkvæm lán vegna atvinnuástands, þá verða þau að fá það, án þess að það sé gert á kostnað annarra aðila, þannig að þeim sé bannað að fá lánin. Sama kom fram 1968, og viðurkenndi hæstv. forsrh. þá, Bjarni heitinn Benediktsson, að það væri engin lausn á atvinnuleysi Norðurlands og Austurlands að taka skip héðan úr umdæminu, úr Reykjavík eða Hafnarfirði, og valda þar með meira atvinnuleysi þar. Það er alveg það sama, sem á við enn í dag. Það verður að leysa vandamál byggðarinnar sem heildar án þess að loka fyrir sjálfsbjargarviðleitni annarra manna. Það er min skoðun. Það getur vel verið, að hv. þm. hafi þá skoðun, að það megi loka fyrir sjálfsbjargarviðleitni vissra manna og veita öðrum meiri rétt, — en ég er ekki á þeirri skoðun, og ég trúi því ekki, að meiri hl. Alþ. sé þannig hugsandi. Auðvitað höfum við ekki ótakmarkað fjármagn, eins og hér hefur verið rakið, það vitum við allir, og það er eðlilegt mat á aðstæðum að veita meira á viss svæði en önnur. Ég hef ekkert á móti því. En það, sem ég vil mótmæla mjög ákveðið nú, er að setja ákveðin svæði í bann, eins og mér virðist þessi samþykkt gefa til kynna, a. m. k. opnar hún fullkominn möguleika til að framkvæma það þannig. Og það er alveg í andstöðu við þau orð, sem hæstv. forsrh. hafði á sínum tíma og ég mat mikils og ýmsir fleiri, og ég treysti honum hiklaust til þess að beita áhrifum sínum á þann veg, að hér verði ekki dregin lína, er hamlar því, að eðlileg og vel rekin fyrirtæki fái sómasamleg stofnlán, eins og lög og samþykktir byggðasjóðs gera ráð fyrir. Ég veit ekki, hvort reglugerð hefur komið út um sjóðinn, það kom ekki hér fram í umr., en það kannske kemur fram síðar, hvort hún hefur verið sett. Hitt liggur fyrir núna í skjölum Alþ., að einn af framkvæmdastjórum stofnunarinnar segir, ef ég man það orðrétt: Þróttur atvinnulífsins vex ekki í beinu hlutfalli við fjölgun stofnana. Hann hefur líklega rekið sig á það, að þrátt fyrir margt í endurskipulagningu, sem þessi stofnun átti að koma með, hefur þróttur atvinnulífsins ekki vaxið í beinu hlutfalli við það. Gott og vel. Þetta er þeirra eigin dómur. Þetta er kannske ekki 100% orðrétt, en þetta er efnislega alveg það, sem hann segir hér í skjali til Alþ.

Ég vildi aðeins undirstrika það, að við væntum góðs, þrátt fyrir allt, af þessari stofnun til eflingar atvinnulífinu úti um allt land með heilbrigt mat í huga, án þess að bannfæra einn eða neinn, sem er þess virði, að honum sé veitt eðlileg fjármagnsfyrirgreiðsla.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. ræddi hér nokkuð um starfsemi byggðasjóðs og þær reglur, sem þar hafa verið samþykktar nú nýlega vegna breyt., sem hafa verið gerðar frá hinum sjálfvirku reglum, sem verið hafa í gildi. Finnst mér rétt að koma nokkuð nánar inn á það og sömuleiðis út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta sama atriði.

Reglur atvinnujöfnunarsjóðs á sínum tíma voru þær í stórum dráttum, að hann lánaði 5% af matsverði fiskveiðasjóðs til nýbyggingar skipa, hann lánaði 5% vegna kaupa á skipum, til ákveðinna byggðarlaga og 17½% af endurbyggingarverði skipa samkv. mati fiskveiðasjóðs, sem á þurfti að gera sérstakar endurbætur, sem hækkuðu viðkomandi skip í vátryggingarvirðingu. Þetta var í gildi og voru þær lánareglur í stórum dráttum, sem atvinnujöfnunarsjóður hafði. Síðan kom til greina fjármagn til lánveitinga, sem ríkisstj. útvegaði og var tekið upp af fyrrv. ríkisstj. á sínum tíma til þess að örva skipabyggingar og örva uppbyggingu fiskiskipastólsins. Rétt fyrir kosningar 1971 ákvað fyrrv. ríkisstj. að lækka þessi sérstöku lán úr 10% niður í 5%, en skipti sér auðvitað ekkert af ákvörðun atvinnujöfnunarsjóðs í þessum efnum, og þetta gilti örstuttan tíma. En eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, breytti hún þessum reglum aftur úr 5% upp í 10%. Þessi 10% lán eru í raun og veru ekki lán byggðasjóðs, heldur lán, sem bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj. hafa veitt eða útvegar fjármagn til, og voru umfram þau lán, sem fiskveiðasjóður veitir til byggingar fiskiskipa eða kaupa á fiskiskipum. Byggðasjóðslánin voru veitt til þeirra staða, sem byggðasjóður á fyrst og fremst að beina umframlánveitingum til, en þessar lánveitingar, sem ríkisstj. tók upp, alveg eins og lánveitingar fiskveiðasjóðs, eru auðvitað alveg jafnt til allra, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Ég vil minna hv. þm. á það, að hlutverk byggðasjóðs samkv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með

hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum, koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Það er þetta hlutverk og það er þessi grein, sem stjórn byggðasjóðs eða stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í þessu tilfelli á fyrst og fremst að hafa að leiðarljósi. En nú er ekki þar með sagt, að þá sé um að ræða byggð í öllum kjördæmum landsins nema Reykjaneskjördæmi og Reykjavík. Það getur auðvitað skapazt slíkt ástand á einhverjum ákveðnum stöðum, eins og í Reykjaneskjördæmi eða Reykjavík, að það þyrfti að efla hér byggð, ef allt í einu yrði mikill fólksflótti héðan út á land. En ég held, að fáir þurfi að óttast það, a. m. k. ekki á næstunni, eins og þróun þessara mála hefur verið. Atvinnuleysi er ekki vandamál, sem byggðasjóður á að leysa. Atvinnuleysi er vandamál, sem atvinnuleysistryggingarsjóður á að glíma við. Það hélt ég, að hv. þm. vissi mætavel. Það er hvergi í lögunum um byggðasjóð neitt í sambandi við atvinnuleysi. Og það er það, sem mér finnst, að menn verði að passa sig á, að rugla ekki saman verkefnum ákveðinna sjóða eða ákveðinna stofnana í þessu sambandi. Hins vegar skal ég taka undir það, sem hv. þm. sagði hér áðan í sambandi við þessa samþ. byggðasjóðs, að þá er fyrst og fremst lagt til grundvallar þetta svæði, sem hann las upp, en heimilt er þó að víkja frá þessu ákvæði, verði alvarlegt atvinnuleysi eða vanti atvinnutæki á ákveðna staði, við skulum t. d. segja í höfnum á Vatnsleysuströndinni í Reykjaneskjördæmi., þá vil ég alls ekki fyrir mitt leyti útiloka þessa aðila og mundi aldrei greiða atkv. með því, á meðan ég væri í stjórn byggðasjóðs. En við skulum muna eftir því, að stofnun atvinnujöfnunarsjóðs á sínum tíma var fyrst og fremst gert til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, koma í veg fyrir og reyna að draga úr þeim mikla flótta, sem átt hefur sér stað, ekki á undanförnum árum, heldur á mörgum undanförnum áratugum, úr ákveðnum byggðarlögum landsins. Jafnframt lýstu fulltrúar úr þessum þéttbýlisstöðum, eins og Reykjavík og Reykjaneskjördæmi yfir, þegar álverksmiðjan var byggð og farið var í Búrfellsvirkjun, og voru sammála okkur fulltrúum strjálbýlisins, að það yrði að koma eitthvað á móti til þess að jafn metin, þegar farið er í jafnstórfelldar og dýrar framkvæmdir og þar var gert, sem treysta mjög verulega atvinnulífið á þessum stöðum, — öðrum byggðarlögum, sem áttu í vök að verjast í þessum efnum, yrði að hjálpa með því að auka fjárveitingar til starfsemi þar, og m. a. var stórum hluta af því skattgjaldi, sem álverksmiðjan á að greiða og hefur greitt, varið til atvinnujöfnunarsjóðs og nú til byggðasjóðs, sem er innan Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ég held, að það eigi að nægja að benda á, hvernig þessi þróun hefur orðið og hefur haldið áfram, að 1910 voru 20.66% landsmanna í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, en í árslok 1972 eru 59.28% þeirra í þessum sömu kjördæmur. Þetta auðvitað sýnir þá alvarlegu þróun, sem átt hefur sér stað í þessu þjóðfélagi, og jafnframt það, að fjármagnið hefur leitað hingað og fólkið líka. Það hefur margt komið hér upp á þessum tíma, og ýmislegt hefur gerzt, sem engum datt í hug, að mundi gerast. Stríðsárin og afleiðing þeirra höfðu mikið að segja fyrir vaxandi fólksfjölgun á þessu svæði. Fólkið leitaði hingað. Það var meiri atvinna og tryggari á þessu svæði á þeim tíma, þó að við getum nú aftur, sem betur fer, glaðzt yfir því, að á síðustu árum hefur orðið stórfelld breyting víðast hvar á landinu í sambandi við atvinnumálin.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri engin breyting í sambandi við útlánareglurnar, þó að sjálfvirka kerfið væri lagt niður. Þetta er hreinn misskilningur. Ég furða mig á þessum misskilningi hjá manni, sem les fundargerðir Framkvæmdastofnunar ríkisins jafnvel og hann sagði hér áðan, að hann gerði. Hann veit það sjálfur, hæstv. forsrh., að byggðasjóður hefur ekkert lánað — (**Forsrh.:** Ég sagði það aldrei, að það hefði engin breyting orðið.) Hæstv. forsrh. sagði áðan, að það væri alveg opið eftir sem áður. Það er bara ekki opið. Það er búið að taka þá ákvörðun að lána ekki. Ég spyr þá hæstv. forsrh. að því, ef einhver maður ætlar að sækja núna um nýbyggingu á skipi, má hann þá reikna með því, að ríkisstj. útvegi 10% lán, eins og verið hafði í gildi? Hvar liggur það fyrir? Hvað mundu 15 millj. endast lengi, sem eru í áætluninni? Hvað segir hæstv. sjútvrh. um það? Hann veit, hverjir prísarnir eru á skipunum núna, og það vitum við líka fleiri. (Gripið fram í.) En af hverju var þá verið að taka þessar reglur af? Því mega þær ekki vera í gildi? Af hverju er verið að snúa aftur með það? Svo á nú að fara að setja aftur í lægri gír og keyra hægt áfram. (Gripið fram í.) Það eru 15 millj. í henni. Hvað hafa 15 millj. að segja?

Formaður Framkvæmdastofnunar ríkisins flutti hér varnarræðu fyrir stofnunina, að vísu ekki eins kraftmikla og Sókrates sálugi, en viðleitnin var sú sama. Hann var að reyna að bera af sér og stofnuninni fyrst og fremst það, sem ég var að deila á. Það var ekki beint stjórnin, því að ég skal taka það fram, að ef þessir kommissarar væru lagðir niður, þá gæti ég vel hugsað mér, að það gæti orðið mjög þokkaleg samvinna á milli manna þarna í stjórninni. En það var aftur mikill misskilningur, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við það mál, sem ég skal síðar koma að.

Formaður Framkvæmdastofnunarinnar, sem er nú þegar að byrja sitt annað ár, þrátt fyrir yfirlýsingar forsrh. um það, að stjórnarflokkarnir ætluðu að skipta formennskunni á milli sín, — hann mun hafa sagt það heima í sínu kjördæmi fyrir rúmlega ári, en einhvern veginn hafa kaupin gerzt þannig á eyrinni innan ríkistj., að formaður Alþb. var settur á a. m. k. annað árið í röð, og það gerði forsrh. Kannske á hann ekki of miklum fögnuði að mæta hjá sínum kjósendum í Norðurl. v., því að þeir hafa sjálfsagt reiknað með því, að röðin væri nú komin að stærsta stjórnarflokknum að fá formennsku, og ekki þætti mér ósennilegt, að hv. 1. þm. Vestf. hafi verið búinn að máta formannsbuxurnar sínar tvisvar, áður en forsrh. skrifaði þetta bréf.

Hæstv. forsrh. spurði mig að því, hvort ég dirfðist að bera það á borð, að það væri litið pólitískum augum á umsóknir, sem berast til

stofnunarinnar. Ég segi fyrir mitt leyti, ég kann engann veginn við að fara að gefa hér á Alþ. yfirlýsingar um, hvaða einstakar lánveitingar yrði litið á pólitískum augum. En ég skal bjóða hæstv. forsrh. upp á það að viðstöddum formanni Framkvæmdastofnunar ríkisins að fara yfir þá lista og sýna honum fram á, að ég var ekki að segja þetta út í bláinn.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvernig hefði honum fundizt það, á meðan hann var í stjórnarandstöðu ef fyrrv. ríkisstjórn hefði átt alla nm., en stjórnarandstaðan engan? Hvernig ætli honum fyndist það þingræði vera, ef núna væru eingöngu stjórnarsinnar í öllum n. Alþ. og engir stjórnarandstæðingar? Hvernig ætli andrúmsloftið væri hér á þingfundum í hverju einasta máli, ef stjórnarandstaðan hefði ekki tækifæri til að skoða eitt einasta mál, sem liggur fyrir? En hvað gerist þarna? Það er 7 manna stjórn í Framkvæmdastofnun ríkisins, en samkv. lögum þeim, sem stjórnarflokkarnir afgreiddu hér um Framkvæmdastofnun ríkisins, er komið þar á þriggja manna framkvæmdastjórn. Þessi þriggja manna framkvæmdastjórn er ekki kosin með þingræðislegum hætti, heldur tilnefna stjórnarflokkarnir sinn manninn hver, einn framsóknarmaður, alveg sauðtryggur, annar alveg sauðtryggur Alþb.-maður og hinn þriðji alveg sérstakur sendiboði og agent fyrir Samtökin. Og það eru þessir herrar, sem skoða hverja einustu lánsumsókn, og það eru þessir herrar, sem koma með þær inn á fundi, þegar þeim sýnist. Það var þannig, hæstv. forsrh., að ég þurfti að láta bóka eftir mér, að ég óskaði eftir því að fá lista yfir þær lánsumsóknir, sem höfðu borizt, en þá hafði ekki verið lagður fram listi fyrir stjórnina í um 3 mánuði. Var það ekki rétt, formaður stjórnarinnar? Þá lágu þessir sendimenn ríkisstj. á öllum erindunum, og það þurfti að bóka alveg sérstaklega um það, svo að stjórnin fengi að sjá þau. Þetta er nú lýðræðið þar. Svo segir forsrh., að hann lesi fundargerðirnar og hann sjái, að við gerum litlar aths. og greiðum sennilega ekki nógu oft atkv. gegn. Ég skal lofa honum því, að ég skal taka þetta til athugunar allt saman. En þá verður hann að eyða nokkuð lengri tíma í að lesa fundargerðirnar, því að þegar afgreiddar eru kannske 40—50 lánsumsóknir á einum fundi, þá höfum við haft þann hátt á, að við höfum ekki farið fram á, að blessaður formaðurinn beri undir okkur hverja einustu lánsumsókn. Við höfum yfirleitt reynt að afgreiða þær í einu lagi. Þó að einstakir stjórnarmenn séu andvígir nokkrum lánsumsóknum, geta þeir aftur samþykkt aðrar, eins og gerist og gengur. En ég ætla að minna á það, að þessi vinnubrögð eru auðvitað allt önnur en hafa verið í þeim sjóðum, sem við þm. höfum starfað í áður. Ég segi það fyrir mitt leyti, ég átti sæti í stjórn atvinnujöfnunarsjóðs með Lúðvík Jósepssyni og Halldóri E. Sigurðssyni, svo að einhverjir séu nefndir, og Magnúsi Jónssyni, sem lengst af var formaður atvinnujöfnunarsjóðs. Ég man ekki eftir, að þeir afgreiddu eina einustu umsókn með mótatkv. En það var ekki búið að ákveða það af ákveðnum pólitískum flokkum, hvaða umsóknir skyldu lagðar fram og hvernig ætti að lána. Það kom bara embættismaður, starfsmaður sjóðsins, og það lágu fyrir gögn. Það var engar till. áður búið að gera í þessu sambandi. Þetta var afgreitt á viðkomandi fundi, en ekki á klíkufundum á undan. En það, sem kemur í ljós í Framkvæmdastofnuninni, er að þetta eru saklausir menn, eins og þm. eru, þeir segja sem svo: Þegar ég leit á þetta í gær eða á mánudaginn, þá var þetta svona og þá mun þetta vera svona. Nú skal ég ekki segja, hvort þeir koma saman, allir þessir bræður á stjórnarheimilinu, á einn og sama fund eða hvort fulltrúar Framsfl. heimsækja kommissara Framsfl. og fulltrúar SF heimsækja kommissara Samtakanna og fulltrúi Alþb. sinn mann, það skal ég ekki segja um. Það getur vel verið, að það sé svona eða þá að þeir tali við ríkisstj., áður en stjórnarfundur er haldinn í Framkvæmdastofnun ríkisins. En eitt er víst, að við í stjórnarandstöðunni höfum ekki svona tækifæri, og það er þetta lýðræði, sem við erum að kvarta undan og teljum, að þurfi að breyta. Og nú vona ég, að hæstv. forsrh. hafi skilið, hvað um er að ræða.

Hv. formaður Framkvæmdastofnunar sagði í sambandi við Norðurlandsáætlunina, að það væri rétt, að hún hefði átt að vera búin, en hann lét að því liggja, að þetta mundi ekki koma svo mjög að sök. En þá kem ég að því, sem ég tel, að skipti töluverðu máli. Við þm. setjum og samþykkjum lög, og við ætlumst til þess, að aðrir þegnar þjóðfélagsins virði þau lög, sem löggjafarsamkoman setur. Þess vegna held ég, að þar sem við erum eða eigum að heita ráðandi, þá eigi það sama að gilda hvað okkur snertir, en í 11. gr. laganna um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem heyrir undir sjálfan hæstv. forsrh., segir, að áætlanir skuli sendar ríkisstj. til samþykktar og geri hún Alþ. grein fyrir þeim. Nú liggur það ljóst fyrir, að Norðurlandsáætlun fyrir árið 1973 liggur ekki enn þá fyrir, aðeins upplýst, að verið er að vinna að þessari áætlun. Það er í vegáætlun ein ákveðin upphæð til vegamála. Það er hugsuð ákveðin upphæð til hafna og flugvalla, að vísu ekki stór upphæð, sem hefur verið hugsuð, en endanlega liggur þetta ekki fyrir. Og þá spyr ég hæstv. forsrh.: Hvenær ætlar hann að gera Alþ. grein fyrir þeim framkvæmdum, sem á að framkvæma samkv. Norðurlandsáætlun í sumar? Hann er alveg staðráðinn í því að koma þinginu heim á morgun, en hvenær ætlar hann þá að gera þinginu grein fyrir þessari áætlun, ef hann ætlar að halda lög, sem hann sjálfur hefur átt aðild að að setja? Mér þætti fróðlegt að fá að heyra álit lagaprófessorsins á því, hvernig hann ætlar að framfylgja þessari gr. laganna. Hitt er svo annað mál, að þótt þetta væri ekki í lögum, þá hlýtur að vera kominn sá tími, að það þurfi að undirbúa þær framkvæmdir, sem á að fara í á þessu sumri. Það veit ég, að allir skilja.

Formaður Framkvæmdastofnunar ríkisins sagði, að það hefði verið ljóti söngurinn í sjálfstæðismönnum í sambandi við þetta frv., þegar það var lagt fram. Var ekki full ástæða til? Ég held það. En það er alveg rétt, menn héldu því fram, að þetta mundi verða alveg ofboðslegt bákn, þar sem allir yrðu að sitja og standa eins og báknið ákveði. En sem betur fer voru til svo

miklir einstaklingshyggjumenn í ríkisstj. meira að segja, hvað þá heldur annars staðar, að þeir vildu ekki gera þetta að þessu bákni, sem því var þá ætlað. Ég t.d. veit, að þó að sjútvrh. kenni sig við sósialisma, er hann mikill einstaklingshyggjumaður inn við beinið, og hann hefur ekki viljað gera Framkvæmdastofnunina stærri og meiri. Hann hefur líka viljað hafa hönd í bagga sjálfur, og svo er um fleiri en hann.

Það hefur verið minnzt hér nokkuð á hagrannsóknadeildina, en hún heyrir samkv. þessum lögum beint undir ríkisstj. Ég vil taka það fram, til þess að það valdi engum misskilningi, að ég tel, að hagrannsóknadeildin eigi ekki einu sinni að heyra undir ríkisstj., heldur á hún að mínum dómi að vera algerlega sjálfstæð. Ríkisstj. getur óskað eftir till. og eftir áliti frá henni á hverjum tíma, en hagrannsóknadeild á að vera sjálfstæð og ekki háð ríkisvaldinu, eins og hagrannsóknadeildin er samkv. þessum lögum. Ég tel það bót, að hún var ekki látin fylgja stjórn þessarar stofnunar, heldur heyrði undir ríkisstj. En það væri enn betra og miklu skynsamlegra, að hagrannsóknadeild væri algerlega sjálfstæð stofnun. Þessi deild hefur unnið mjög mikið og merkilegt starf, og hún hefur ekki verið að dylja mikið af því starfi, sem hún hefur verið að vinna. Hún gaf t.d. á s.l. ári út mjög merka bók, þjóðarbúskapurinn og framvindan 1972 og horfur 1973, sem í voru mjög margvíslegar og mikilvægar upplýsingar. Og það er einmitt þessi deild, sem á að vera þess eðlis, að hver þjóðfélagsþegn geti treyst henni, hver sem er í ríkisstj. á hverjum tíma. Það er ekki nein ádeila á ríkisstj., þó að ég segi, að ég telji, að þessi deild eigi að vera sjálfstæð, því að hún yrði það, hvaða ríkisstj. sem færi með völd.

Ég fékk í dag fundarboð á 33. stjórnarfund í Framkvæmdastofnuninni, og þar er ekki Norðurlandsáætlunin á dagskrá, því miður, svo að ekki ná till. þinglausnum, ef Ólafur Jóhannesson heldur stíft við sitt, og þar af leiðandi getur hvorki hann né aðrir þm. Norðurlands, hvorki Norðurl. v. né e., eða við, sem förum með þingmennsku fyrir Strandabyggð, tilkynnt neitt um það, hvernig þessar framkvæmdir verða, og það af þeirri einföldu ástæðu, að þetta er allt svo síðbúið þrátt fyrir alla skipulagningu.

Ég skal svo ekki þreyta menn öllu lengur, en þó vil ég koma, áður en ég lýk máli mínu, að kostnaðinum við Framkvæmdastofnunina. Rétt fyrir þinglok í fyrra svaraði, að mig minnir, hæstv. forsrh. fsp. hér á þingi og þá segir hann í því svari, að Framkvæmdastofnunin hafi tekið á leigu húsnæði fyrir starfsemi sína að Rauðarárstíg 31 í Reykjavík. Húsnæðið er 3 hæðir ásamt hluta af kjallara. Stærð hverrar hæðar er 360 fermetrar, en kjallarans 280 fermetrar. Á hæðunum er skrifstofuhúsnæði, en skjalageymslur og kaffistofa í kjallara. Tvær efstu hæðirnar eiga að vera tilbúnar 1. júlí n.k., en götuhæð og kjallari 1. sept. n.k. Húsaleiga á fermetra á mánuði verður 120 kr. að vísitölu húsnæðiskostnaðar meðtalinni og verður það, þangað til útborguð vísitala húsnæðiskostnaðar fer yfir 130 stig. Samt. verður húsaleigan á mánuði 163 þús. og 200 kr. Í reikningum Framkvæmdastofnunarinnar er húsaleiga, ljós og hiti 1 millj. 904 þús. Ef húsaleiga hefði verið tekin ein sér, þó að engin breyting hefði verið á vísitölunni, þá hefði hún orðið á ársgrundvelli liðlega þetta eða 1958 þús., en þá er eftir allur kostnaður við ljós og hita, svo að aths. hv. 1. þm. Sunnl. átti við nokkur rök að styðjast. Það er alveg hárrétt hjá formanni Framkvæmdastofnunarinnar, að starfsemin var auðvitað í gangi allt árið. Starfsemin var hálfann fyrsta mánuðinn með sama hætti og áður var. Húsnæði hafði svo stofnunin svo hálft árið annars staðar, því að það er ekki flutt í þetta húsnæði, sem ég var að skýra frá, fyrr en á miðju ári, svo að það var eðlileg aths., sem hv. 1. þm. Sunnl. gerði, að hér er ekki tala, sem er byggð á ársgrundvelli, miðað við þá starfrækslu, sem nú er. En ég tók það fram í minni ræðu áðan, að auðvitað hafa orðið víða hækkanir, því að verhækkanir eru miklar í landi voru, og þá gengur það eðlilega út yfir Framkvæmdastofnun ríkisins eins og aðra. En það hefur verið nokkuð talað um þennan kostnað og þó sérstaklega stofnkostnaðinn. Það er sagt í þessu bréfi, að Framkvæmdastofnunin hafi veitt leigusala fyrirgreiðslu, sem getið er í svari forsrh., til þess að ljúka við innréttingar á hans kostnað, sem endurgreiðist með húsaleigu mánaðarlega, og þetta er að upphæð 2,9 millj. kr. Svo kemur aftur í stofnkostnaði fyrir 1972 breyting á húsnæði, sem Framkvæmdastofnunin tekur á sig og hefur þá verið umfram það, sem leigusalinn hefur átt að greiða, en ekkert er minnzt á í þessu svari hér í þinglok. Þessi breyting er hvorki meira né minna en 1253 þús. Óryggishurðir, hillur og húsgögn eru 1520 þús. Skjalaskápar og aðrir skápar og skrifstofuvélar eru 851 þús. Svo koma eldhúsvélar, kæliskápar upp á 199 þús., lampar og ljós 688 þús., gardínubrautir 94 þús., gluggatjöld 357 þús., innréttingar, — einhverjar aðrar innréttingar en þær, sem áður voru taldar, — 741 þús., svo kemur gólfteppi 1219 þús., og svo er klykkt út með veggfóðri 79 þús. Það hefur víst ekki verið með í húsaleigunni að veggfóðra, svo að stofnunin hefur keypt veggfóður og fært á stofnkostnað upp á 79 þús. kr. Ég ætla að láta þetta nægja, þangað til framhaldsumr. verða í haust.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að segja nokkur orð, sem mætti segja, að væru að nokkru leyti þakkarorð fyrir góðar undirtektir við það, sem ég sagði hér áðan í sambandi við Suðurlandsáætlunina. En um leið vildi ég aðeins hrekja það, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það væri á misskilningi byggt hjá mér, að sá kostnaður, sem talinn er hjá Framkvæmdastofnuninni 1972, væri ekki hærri, ef miðað væri við það, að stofnunin hefði starfað heilt ár í því formi, sem hún nú er. Til þess að sannfærast um þetta væri eðlilegt, að hv. 4. þm. Norðurl. v., formaður Framkvæmdastofnunarinnar, gæfi upp kostnaðinn fyrir síðasta ársfjórðung ársins 1972 og kostnaðinn fyrir fyrsta ársfjórðung á þessu ári. Þá mætti sjá með tölum og með rökum, sem ekki verða hrakin, hvort það var rétt, sem ég hélt fram áðan, eða hvort það var aðeins misskilningur hjá hv. formanni,

sem hann sagði, og það, sem hann fullyrti. Ég er anzi hræddur um, að svo hafi verið, og ég held, að það hafi verið miklu fleira af misskilningi sagt í hans ræðu hér áðan, þegar hann var að tala um föstu tökin og þegar hann var að tala um þær miklu framfarir, sem orðið hafi í áætlunargerð og ýmsu, eftir að Framkvæmdastofnunin tók til starfa. Ég held satt að segja, að það hafi verið hægt að vinna þessi störf, sem Framkvæmdastofnunin hefur haft með höndum, í þeim stofnunum, sem voru starfræktar, með miklu minni kostnaði og minna brambolti heldur en Framkvæmdastofnunin. En ég sagði hér áðan, að ég ætlaði ekki að ræða um Framkvæmdastofnunina að þessu sinni, vegna þess að við höfum ekki fengið í hendur þau gögn, sem við getum byggt okkar ræður á. En við höfum heyrt nægilega mikið til þess að fá nokkurn veginn staðfestingu á því, að það er margt, sem þarf að breyta í sambandi við löggjöf og framkvæmd þessarar stofnunar.

Ég gerði Suðurlandsáætlunina að umtalsefni hér í dag og ræddi þá nokkuð það missætti, sem hefur orðið á milli sveitarstjórnasambands Suðurlands og Framkvæmdastofnunarinnar. Ég er reiðubúinn til þess að segja, að það sé aðeins misskilningur, sem þar hafi átt sér stað, og einmitt þess vegna geti aftur orðið fullar sættir með þessum aðilum. Framkvæmdastofnunin hefur samþykkt þau vinnubrögð, sem sveitarstjórnasamband Suðurlands hefur haft. Það hefur ekkert verið gert í sambandi við áætlunargerðina öðruvísi en í samráði við og með vitund Framkvæmdastofnunarinnar. Þess vegna er það, sem ég er sannfærður um, að ekki skapast neinn ágreiningur um, hvort kostnaðurinn við þessa áætlunargerð eigi að greiðast eða ekki. Og ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir það, sem hann sagði hér í kvöld í sambandi við þetta. Hann sagði, að ef þessi áætlun um framkvæmdaáætlun Suðurlands verður unnin eins og kröfur eru gerðar til, þannig að þetta verði fullkomin áætlun, þá ætlar hann, hæstv. forsrh., að beita sér fyrir því, að kostnaður verði greiddur, eins og hann hefur áhrif til. Þetta finnst mér drengilega mælt, og þetta met ég mikils. Ég er sannfærður um, að ef hann verður forsrh. í haust, þegar áætlunin verður gerð og till. gerðar um fjáröflun, þá munu hans áhrif verða mikil í þessu. Það er ekki um annað að ræða heldur en gera áætlun eins og fyllstu kröfur eru gerðar til. Undirstaðan hefur verið lögð í samráði við Framkvæmdastofnunina, og þess vegna hefur verið rétt að þessu unnið.

Það er rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að enn er áætlunin ekki til. Það er búið að safna gögnum, sem eru forsenda fyrir því, að það geti orðið til áætlun. Og þessi gagnasöfnun er komin fram í bókarformi og er kölluð fyrri hluti áætlunarinnar. Hitt er svo ekki rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það hefði mátt spara mikið fé við gagnasöfnun Suðurlandsáætlunarinnar, ef öðru vísi hefði verið farið að. Þetta er ábyggilega á misskilningi byggt og stangast alveg á við raunveruleikann. Hvers vegna skyldi Framkvæmdastofnunin hafa samþykkt þessa aðferð sveitarstjórnarsambands Suðurlands við gagnasöfnunina, ef hún hefði verið unnin á óhagkvæman hátt? En svona misskilning hjá hv. þm. er vel hægt að fyrirgefa. Hans yfirlýsing var ekki eins afdráttarlaus og hæstv. forsrh. Hins vegar sagði þm., að það mætti vel taka til athugunar að greiða þann aukakostnað, sem á væri fallinn umfram það, sem Framkvæmdastofnunin hefur greitt á árinu 1972 og hún mun greiða á þessu ári og verður haldið áfram að greiða, eins og hv. þm. orðaði það. Hann sagði, að það mætti vel taka það til athugunar að greiða kostnaðinn. Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. þm. að orða þetta ekki sterkar en þetta. Ég tek þetta svo, að hans vilji sé fyrir hendi í þessu, og er það þá einnig mikils virði. — Þess vegna endurtek ég það, sem ég sagði hér í dag, að ég hef aldrei kviðið fyrir því, að þessi kostnaður yrði ekki greiddur. Ég hef ekki talið, að ágreiningurinn væri um það, heldur aðeins, hvenær hann yrði greiddur. Það má afsaka það, þótt Framkvæmdastofnunin borgi ekki allan áfallinn kostnað á þessu ári, ef fjárveiting er ekki fyrir hendi til þess. En þá þarf að muna eftir því að taka í fjárlög upphæð, sem nægir til þess að greiða áfallinn kostnað á næsta ári, því að það er allt of dýrt að bíða lengur eftir greiðslu. Það kostar vexti, og þá fara menn að verða óþolinmóðir, ef til þess kæmi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs hér í kvöld, var í fyrstu aðeins ætlun mín að leggja eina fsp. fyrir hæstv. forsrh., frekar en hv. þm., formann þeirrar stofnunar, sem hér hefur verið til umr. Hins vegar hafa mál þróazt þannig, að hér hafa komið fram margar athyglisverðar ekki aðeins upplýsingar, heldur og fullyrðingar, sem ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um.

Sérstaklega fagna ég því, að hv. þm., sem hér talaði áðan, hv. 5. þm. Reykn., harmaði að svo væri komið í sambandi við störf þessarar stofnunar og byggðasjóðs, að dregin væri ákveðin lína í sambandi við veitingu lána. Ég fagna því, að hann skuli vera búinn að fá þá skoðun inn í sinn koll, að þetta sé hörmulegt fyrirbrigði, að slíkt geti skeð, og mætti kannske verða honum til varnaðar þegar hann er að draga ákveðnar línur í sambandi við veitingu veiðileyfa og hvernig hann eigi að skipta flota landsmanna til veiða við strendur landsins.

Minn ágæti flokksbróðir, hv. þm. Matthías Bjarnason, lætur ekki sitja við orðin tóm, þegar hann beitir sér fyrir því, að nokkur regla komist á um samskipti strjálbýlis og þéttbýlis. Nú er ég honum á margan hátt ákaflega sammála, þótt ég sé honum ekki á annan hátt sammála. Og þegar ég greip fram í fyrir honum, sem þm. hafa kannske ekki heyrt, — ég talaði um atvinnuleysi, og hann svaraði því, enda heyrði hann mitt framíkall, að atvinnuleysi væri ekki verkefni byggðasjóðs, það væri hins vegar verkefni atvinnuleysistryggingasjóðs að leysa úr því. Þetta má segja, að sé á nokkurn hátt rétt hjá honum, þegar um það er talað að bæta mönnum tekjumissi vegna atvinnuleysis. Hins vegar er það m.a. verkefni byggðasjóðs að fyrirbyggja atvinnuleysi með því að byggja upp atvinnufyrirtæki og atvinnurekstur bæði á vegum

einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga, þannig að til þess þurfi ekki að koma, og þetta hefur einmitt verið eitt af meginverkefnum atvinnuleysistryggingasjóðs nú á síðustu árum. Leyfi ég mér að halda þessu fram, jafnvel þótt ég horfi hér framan í andlit hv. 3. landsk. þm., sem segir, að það sé einhver mafía, sem þar stjórni og fari ekki eftir neinum hagsmunum, hvorki verkalýðs né annarra. En ég vil halda því fram, að þessi sjóður eigi ekki síður að hafa þetta í huga í sínu starfi, og því tek ég undir það, sem hv. þm. Jón Ármann Héðinsson sagði, að það er auðvitað algerlega út í hött að ætla sér að fara að setja einhver slík mörk, eins og um hefur verið talað, vegna þess að við höfum haft þá reynslu nú á allra síðustu árum, að það hefur orðið hvað sárast atvinnuleysi einmitt hér á þéttbýlissvæðunum við innanverðan Faxaflóa. Því ber þessum sjóði eins og öðrum sjóðum, þegar slíkt ber að höndum í okkar litla þjóðfélagi, — hann á ekki að geta einskorðað sig við einhverjar ákveðnar byggðir — eins og aðrir sjóðir að koma til hjálpar öðrum byggðum í landinu. Hann verður auðvitað að taka til starfa og hjálpa til, þegar þannig stendur á. Ég álít, að þetta eigi ekki að vera neitt, sem heitir staðbundin ættjarðarást, hvorki hjá þessum sjóðum né einstökum þm., þegar þannig stendur á.

Þegar verið er að tala um stórfyrirtæki, sem hafa orðið til, eins og Straumsvík og Búrfell, að það hafi átt að draga úr fólksflótta með ráðstöfun fjár þess, ágóða og tollum og sköttum, sem frá þeim kæmi, þá álít ég, að nokkuð hafi unnizt þar með. Ég sé hins vegar ekki, hvar Búrfell ætti að valda fólksflótta. Það eru ekki mjög margir starfsmenn, sem þar vinna. Orkuverið verður hins vegar ákaflega stóru landssvæði að notum með þeirri orku, sem þaðan kemur. Og þannig mun auðvitað verða um þær virkjanir, sem eftir eiga að koma inná miðhálendinu, að það verður ekki mannfjöldinn á þeim stöðum, sem mun hafa einhver úrslitaáhrif. Hins vegar held ég og held því hiklaust fram, að það verði sú orka, sem frá þessum orkuverum kemur, sem mun hafa áhrif á þau byggðarlög, sem hún verður flutt til, þannig að það er ekki staðsetning orkuversins, heldur það, hvernig okkur tekst að flytja orkuna til þeirra staða, sem á henni þurfa að halda. Hitt get ég vel skilið, að bæði hann og aðrir þm., sem af Vestfjörðum koma, eru ekki á eitt sáttir um það, sem opinber stjórnvöld hafa gert í þessum efnum, þótt nokkuð hafi áunnizt nú á síðari hluta þings með því að samþykkja það, sem samþykkt var þá um virkjanir á Vestfjörðum. En ég held, að það þyrfti að gera miklu meira.

En þegar við erum að tala um þetta mál í sömu andrá og almenn byggðamál og vandkvæði byggða hér á landi, þá skulum við hafa það í huga, að það, sem talið hefur verið til gildis þessum byggðum víðs vegar um land, er framleiðsla útflutningsafurða, sjávarafurða og annarra slíkra afurða. Annað hvort í dag eða í gær var frá því sagt í opinberum málgögnum og fjölmiðlum, að hér á Suðvesturlandi vantaði 1050 manns til þess að geta mannað þann bátaflota, sem stundar héðan veiðar. Ef sá bátaútvegur er talinn hættulegri byggðinni í landinu og gjaldeyrissöfnun og okkar útflutningi en í öðrum byggðum, þá tel ég það alls ekki rétt. Hins vegar mætti kannske segja, að þegar verið er að tala um það, að við eigum að byggja hús í mjög grónum og góðum útvegsbæjum, þar sem líka vantar fólk, eins og vantar reyndar til starfa í kringum allt land við okkar sjávarútveg, þá er auðvitað ekki verið að reikna með að fólk frá Reykjavík eða fjölbýlinu við Faxaflóa flytji í þau hús eða komi til vinnu við þennan atvinnuveg þar. Það er auðvitað verið að leita eftir fólki úr sveitunum í viðkomandi héruðum, að það fólk flytjist til þessara sjávarbæja til þess að vinna að sjávaraflanum. Það er þetta, sem nú er unnið að markvisst um allt land af þeim mönnum, sem stjórna sveitarstjórnarmálum á Íslandi. Það erum ekki við hér í Reykjavík, við höfum ekki óskað eftir fólksfjöldanum hér, þótt við getum vel nýtt hann í dag, bæði í sambandi við þau nýju skip, sem við höfum fengið, og eldri skip, en þó kannske sérstaklega okkar skip, sem landa afla sínum annars staðar og fá ekki að landa honum hér í Reykjavík af ástæðum, sem allir þekkja, og jafnvel ekki í landshöfnum, sem við höfum lagt fé, til þess að traustar væru.

Erindi mitt var ekki, eins og ég tók fram, herra forseti, að ræða þetta mál hér. Hins vegar var mitt ákveðna erindi að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort nokkur lagaheimild væri fyrir hendi, svo að stjórn þessa ágæta sjóðs og þeirrar ágætu stofnunar, sem við höfum verið að ræða um hér í kvöld, svo og þeir pólitísku kommissarar, sem hér hefur verið nokkuð lýst í ræðum ýmissa manna, hefðu nokkurt lagalegt leyfi til þess að gefa öðrum sjóðsstjórnum, jafnvel þingkjörnum sjóðsstjórnum, fyrirskipun um, hvernig þeir ættu að haga sínum lánum og sínum lánveitingum. Ég hef setið á þingi, frá því að þessi stofnun varð til, illu heilli, og ég leyfi mér að halda því fram, að hér sé um freklegt brot á öllu venjulegu velsæmi gagnvart Alþ. að ræða, þegar þeir leyfa sér að skrifa undir bréf til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, — en 4 af 7 mönnum í þeirri stjórn eru kjörnir hér á hæstv. Alþ., — þegar 3 kommissarar leyfa sér að skrifa til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs ítrekað og segja: Við mælum með ákveðnu láni til ákveðins aðila, þó að því tilskildu, að atvinnuleysistryggingasjóður láni svo og svo stóra upphæð, ella sé, — svo má skilja orðalagið, — þetta lán ekki fyrir hendi. Það er verið sem sagt að setja þingkjörinni stjórn stólinn fyrir dyrnar með þeim samþykktum, sem þessir pólitísku kommissarar ríkisstj. eru þarna að gera. Og það er þetta, sem ég tel, að sé fyrir neðan allar hellur, þegar þeir fara að taka sér slíkt vald. Auðvitað má segja sem svo, að það sé okkur, sem erum í stjórn þessa ákveðna sjóðs, ekki til neinnar upplyftingar út á við að gangast undir slíkt jarðarmen, enda veit ég ekki, hvað lengi það verður gert af sumum mönnum, sem þar eru. En þar eins og annars staðar, þar sem pólitískar stjórnir eru, hefur verið leitast við að vega og meta mál á sanngjarnan hátt og þá að afgreiða þau án þess að vera með pólitiskt nöldur, þótt sumir hv. þm. telji, að meðan pólitískir aðilar á Alþ., fulltrúar

fjöldans eða fulltrúar þjóðarinnar, taki slíka stjórnun að sér, hafi þeir aldrei neitt annað í huga en sinn pólitíska flokk. En þetta er alrangt. Það er auðvitað horft á allt annað og miklu meira. En þetta er sem sagt mín spurning til hæstv. forsrh. Ef hann er ekki hér, þá veit ég, að alvitur hv. þm., formaður Framkvæmdastofnunarinnar, mun geta svarað þessu.

Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan, er þetta erindi mitt hingað upp í ræðustól í kvöld, og ég skal ekki tefja umr. um þetta lengur, þótt ærnar ástæður hafi gefizt til að ræða það, sem fram hefur komið hér í kvöld.

Umr. frestað um stund.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 592). — Ein umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 592 höfum við 11 þm. Sjálfstfl. leyft okkur að flytja till. til þál. um raforkumál. Okkur er að sjálfsögðu ljóst, að eins og nú horfir, þar sem gert er ráð fyrir, að Alþ. ljúki störfum nú fyrir páska, er engin von til þess, að till. fái afgreiðslu á svo skömmum tíma sem hér er um að ræða. Við töldum þó rétt að leggja till. fram á þessu þingi og fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Eins og kunnugt er, hafa raforkumálin og framtíðarskipan þeirra verið mjög mikið til umr. nú að undanförnu. Það er hvort tveggja, að Samband ísl. rafveitna hefur tekið málið til sérstakrar meðferðar nú á s.l. ári, fyrst með nefndarskipun, en sú n. átti að gera till. um ýmsa þætti raforkumálanna, svo sem um hugsanlega svæðaskipting, um uppbyggingu raforkuvinnslufyrirtækjanna, þar með talin eignaraðild ríkis og sveitarfélaga, hver hún skuli vera, um raforkudreifinguna, hvernig með skuli fara, um dreifiveitur og rekstur þeirra og athuga hugsanlega möguleika á, að komið verði á viðtækri verðjöfnun á söluverði raforkunnar. Þá hafa samtök sveitarfélaga látið þessi mál til sín taka og rætt þau á fundum sínum. Mér er kunnugt um, að Samtök sveitarfélaga í Vesturlandi samþykktu á aðalfundi sínum, sem haldinn var í nóv. 1971, að kjósa n., er athuga skyldi og gera till. um hagkvæmustu lausn á raforkumálum fyrir Vesturland í heild.

Nefnd sú, er Samband ísl. rafveitna skipaði til þess *að athuga og gera till. um skipan raf*orkumálanna skilaði nál. á s.l. hausti, sem tekið var til umr. og afgreiðslu á sérstakri ráðstefnu, sem Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. sveitarfélaga efndu til sameiginlega um raforkumál daganna 12. og 13. okt. s.l. Að lokinni þeirri ráðstefnu gáfu stjórnir samtakanna út grg. um það, hver verið hafi meginniðurstaða ráðstefnunnar varðandi framtíðarskipan raforkumálanna. Við töldum rétt, að umrædd grg. væri látin fylgja þáltill. sem fskj.

Hin n., sem kosin var af Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og ég gat um áðan, skilaði einnig ítarlegu nál., sem tekið var til umr. á aðalfundi samtakanna á s.l. hausti, sem hæstv. raforkumrh. ásamt þm. kjördæmisins var boðið til og til þátttöku í umr. um málið. Í því nál. koma fram ítarlegar nupplýsingar um þá möguleika, sem fyrir hendi eru á Vesturlandi til raforkuframleiðslu. Er þar talið, að Kljáfossvirkjun í Hvítá sé tvímælalaust hagkvæmasti valkosturinn til aukinnar raforkuvinnslu fyrir Vesturland. Í sambandi við fyrirhugaða virkjunarframkvæmd hefur nú þegar farið fram ítarleg rannsókn á virkjunaraðstöðu og kostnaðaráætlunagerð. Sýna þær niðurstöður, að hér er um hagkvæma virkjun að ræða í orkuveri, sem er af stærðinni 13.5—15 megawött, en það mun talin mjög hæfileg stærð á orkuveri til jöfnunar og viðbótar hinum stærri virkjunum.

Um framtíðarstefnuna í raforkumálum Vesturlands var n. sammála um, að stefna bæri að því og að heillavænlegast væri, að héraðsbúar sjálfir réðu sem mestu í sínum raforkumálum og að grundvöllurinn í því samstarfi væri, að Andakílsárvirkjunin færði út starfssvið sitt með aðild allra sveitarfélaga í kjördæminu og að öðru jöfnu yrði stefnt að því að nýta þær orkulindir, sem í héraðinu eru.

Ég hef talið rétt að geta þessara tveggja ályktana, annars vegar Sambands ísl. sveitarfélaga og Sambands ísl. rafveitna og hins vegar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Mér er einnig kunnugt um, að í öðrum landshlutum eru mál þessi mikið rædd um þessar mundir, enda er hér um eitt stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða, og veltur á miklu, hver framtíðarstefnan verður varðandi alla þætti raforkumálanna.

Með þessari till. til þál., sem hér er til umr., má segja, að borin sé fram ákveðin stefnumörkun raforkumálanna, bæði að því er varðar sjálfa raforkuvinnsluna og einnig dreifiveitur og aðra þætti rafvæðingarinnar. Það er öllum löngu ljóst, að í vatnsorkunni og jarðvarmanum búa einhverjar mestu auðlindir okkar lands. Með sífelldri tækniþróun verða allar þessar auðlindir auðnýttari til hvers konar þjónustu fyrir íbúana og til allra framleiðslustarfa. Af þessu leiðir, að eftirspurn eftir raforkunni fer sívaxandi. Þjóðin eygir möguleika á nýjum og nýjum verkefnum til framleiðslu, sem miklar vonir eru bundnar við og skapa munu enn breiðari grundvöll og auka alla fjölbreytni í framleiðslugreinum þjóðarinnar. Það segir sig sjálft, að öll stærstu verkefnin við sjálfa orkuvinnsluna verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki alþjóðar. *Kemur m.a. til greina, að ríkið verði eignar*aðili á ýmsan hátt, en engan veginn er nauðsynlegt að lögbinda fyrir fram, að hlutur ríkisins skuli vera minnst 50%. Eðlilegt væri, að hinar ýmsu svæðisveitur, sem kæmu til með að kaupa raforkuna, ættu þess kost að vera eignaraðilar og þar með þáttakendur í sjálfri uppbyggingunni á aðalorkuvinnslufyrirtækjunum í landinu. Varðandi þau orkuvinnslufyrirtæki, sem byggð verða í hinum ýmsu landshlutum og eru af þeirri stærðargráðu, að orkuframleiðslan verði að miklu leyti hagnýtt á viðkomandi svæði, er eðlilegast, að fyrirtækið sé að sem mestu leyti í eigu heimamanna og undir þeirra stjórn. Í þeim efnum höfum við góð fordæmi til fyrirmyndar. Þar er t. d. Andakílsárvirkjun, sem er

sameign Akraneskaupstaðar, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Skeiðfossvirkjun, sem er eign Siglufjarðarkaupstaðar, Laxárvirkjun, sem er að meiri hluta eign Akureyrarkaupstaðar, og síðast, en ekki sízt orkuverin, sem Reykjavíkurborg hefur reist bæði við Elliðaár og Sogið. Til að fullnægja orkuþörf í hinum ýmsu landshlutum, ber að sjálfsögðu að meta þá valkosti, sem um er að ræða í hverju tilfelli, og að sjálfsögðu að velja þá leið, sem tryggir í senn sem hagkvæmast verð raforkunnar fyrir héraðið og veitir einnig sem mest öryggi í rekstrinum.

Þegar um er að ræða orkufrekan iðnað, eins og t.d. álframleiðsluna í Straumsvík, kemur að sjálfsögðu ekki annað til greina en stórvirkjanir í stærstu fallvötnum landsins. En öðru máli gegnir um þjónustu við allan almennan algengan iðnað og til heimilisnota. Í þeim tilfellum ber að kanna rækilega alla þá möguleika, sem fyrir hendi eru heima í héraði, og hagnýta síðan að öðru jöfnu þann valkostinn, sem veitir meira öryggi.

Um uppbyggingu orkuframleiðslunnar í landinu má einnig vitna til þess, að skömmu áður en orkulögin frá 1964 voru sett, hafði Alþ. sett lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu. Segja má, að með þeirri samþykkt hafi Alþ. markað þá stefnu, sem einnig kemur fram í þessari till. varðandi allar meiri háttar framkvæmdir eða að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t.d. í samræmi við núv. kjördæmaskipun. Í öllum landshlutum eru nú fyrir hendi orkuver, sem eðlilegt væri að mynduðu grunninn undir þessa skipun mála.

Segja má, að raforkumálin standi um þessar mundir á tímamótum. Að því er lýtur að sjálfri raforkudreifingunni, er gert ráð fyrir því, að eftir rúmlega eitt ár verði lokið við að leggja dreifilínur um landið eða að öll þau býli í landinu, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, hafi þá verið tengd við samveitukerfið. Hitt er svo annað mál, að öll efling raforkuiðnaðarins og allt viðhald og aukning dreifilína verða að sjálfsögðu viðvarandi verkefni framtíðarinnar.

Um vinnubrögð við að koma á þeirri skipulagsbreytingu, sem hér er lögð til í sambandi við hinar nýju samveitur, er að sjálfsögðu eðlilegast, að það eigi sér stað með samningum á milli sveitarfélaganna, og þau skipi samstarfsnefndir til undirbúnings og að sjálf framkvæmdin eigi sér stað í áföngum, eftir því, sem um semst og aðrar ástæður leyfa. Um skipun stjórna fyrir hin nýju fyrirtæki er að sjálfsögðu mikilvægt atriði, að þar ætti að vera auðveldara að finna grundvöll, þar sem gert er ráð fyrir, að stjórn fyrirtækjanna verði að öllu leyti í höndum heimamanna. Í Danmörku, þar sem þróun af þessu tagi hefur átt sér stað með samruna margra rafveitna í sjálfstætt fyrirtæki, oftast sjálfseignarfyrirtæki, eru stjórnir ýmist kjörnar af notendunum sjálfum eða tilnefndar af sveitarstjórnum eða þá sambland af þessu hvoru tveggja. Á Norðurlöndum hefur þróunin orðið sú, að ríkið annast hvergi dreifingu raforkunnar til notenda, nema lítið eitt í Svíþjóð eða um 8%. Á Íslandi munu Rafmagnsveitur ríkisins hins vegar vera með um 20% af dreifingunni, og má segja, að eftir atvikum, með tilliti til þess, á hvern hátt uppbyggingin hefur átt sér stað, hafi verið eðlilegt, að opinber stofnun hafi að nokkru leyti staðið fyrir framkvæmdunum. En nú, þegar þeim er að verða lokið, er jafneðlilegt, að heimamenn yfirtaki samveiturnar, eftir því sem við á og svæðaskipan segir til um. Hvergi á Norðurlöndum er talið, að þróunin miði í þá átt, að ríkið taki upp afskipti af dreifingunni.

Eins og ég áður hef sagt, eru um þessar mundir þáttaskil í starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Hinni eiginlegu rafvæðingu er að verða lokið, og það mun sýna sig, að hér á Íslandi ekki síður en á hinum Norðurlöndunum verður affarasælast, að raforkudreifingin verði í höndum notendanna sjálfra, því að sjálfs er höndin hollust og fjarstýringar frá einni allsherjarmiðstöð í Reykjavík er ekki þörf.

Samkvæmt e-lið 1. tölul. er lagt til, að unnið verði að því að koma á verðjöfnun rafmagns um land allt og það eigi sér stað m.a. með því að veita óafturkræft stofnframlag til þeirra dreifiveitna, sem eiga við óhagkvæmastar aðstæður að búa. Ekki er óeðlilegt, að reynt verði að koma á verðjöfnun á raforkunni, þannig að landsmenn allir sitji við sama borð í þeim efnum, hvað snertir raforku til sömu nota. Það er ekkert nýtt, að um slíka verðjöfnun sé rætt, heldur mætti segja, að mismunun landsmanna í þessum efnum verði æ meir áberandi með hverju árinu sem líður. Það er því rétt, að að því verði stefnt, að jafnhliða því, að landsveiturnar tækju raforkudreifinguna í sínar hendur, verði slíkri verðjöfnun komið á. Að sjálfsögðu getur hér verið um fleiri en eina leið að ræða. Það getur komið til greina að fara þá leið, sem hér er lagt til, að greiða óafturkræft stofnframlag í þessu skyni. Það getur einnig komið til greina, að verðjöfnunin eigi sér stað á síðasta stiginu eða smásöluverðinu og þá með niðurgreiðslum til þeirra notenda, sem eiga við hvað óhagstæðast verðlag að búa. Hver sem niðurstaðan verður, er þess að vænta, að með ítarlegri könnun finnist leið til að leiðrétta það mikla misræmi, sem nú á sér stað í þessum efnum, því að um það munu allir sammála, að við svo búið verði ekki öllu lengur unað.

Það var eitt, sem vakti sérstaklega athygli mína varðandi þessa hlið málsins, þegar ég las í nál., sem skilað var til raforkumrh. í árslok 1969, þar sem starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins var gagnrýnd á ýmsan hátt, að þar er því m.a. haldið fram og fullyrt, að fjárhagserfiðleikar og hin háa gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins stafi fyrst og fremst af óhagkvæmum orkuöflunarkostum og dýrum flutningi raforkunnar, en alls ekki af óhagstæðum rekstri dreifiveitna, hvorki í sveitum né í þéttbýli. Þessar upplýsingar gefa vissulega til kynna, að sú leið, sem hér er lagt til að farin verði til verðjöfnunar, sé hin rétta og með henni verði unnt að koma á viðunandi úrbótum.

Einn er þá þáttur þessa máls, sem ég hef ekki enn komið sérstaklega að, en það er að

gera sér grein fyrir, með hvaða hætti eignaraðild hinna ýmsu sveitarfélaga, sem engar dreifiveitur eiga nema þær dreifiveitur, sem eru í eign Rafmagnsveitna ríkisins, eigi að eiga sér stað. Sjálfur tel ég, að hér þurfi ekki að vera um mikið vandamál að ræða. Hvort tveggja er, að stofnkostnaðurinn, að svo miklu leyti sem hann er ekki í skuld eða ógreiddum lánum, hefur verið borinn uppi af notendunum sjálfum með stofnframlögum og orkugj., auk þess framlags, sem komið hefur frá ríkissj. árlega um langt árabil og má vissulega segja að sé hliðstæða við framlög ríkisins á ýmsum öðrum sviðum, svo sem til samgöngubóta, bæði vegagerðar og hafnamála, og fleiri skyldra málefna. Það er því ekki ástæða til að ætla annað en að þessi þáttur málsins verði tiltölulega auðleystur.

Herra forseti. Ég hef þá í stórum dráttum vikið að því helzta, sem máli skiptir og snertir einstaka þætti þessarar þáltill. um stefnumörkun í raforkumálum þjóðarinnar, sem hér er til umr. Að sjálfsögðu er margt fleira, sem segja mætti um þetta stórmál, en þar sem tími þm. er nú orðinn mjög takmarkaður, mun ég láta staðar numið, en vil að lokum leggja áherzlu á, að hér er um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða, og getur það í sumum tilfellum haft úrslitaáhrif á framtíðarþróun þeirrar margumtöluðu byggðastefnu og byggðaþróunar, sem nú er svo mikið talað um, að þurfi að efla á allan hátt, hvernig farið verður með þau málefni, sem hér eru til umr., þ.e. framtíðarskipulag raforkumálanna.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu og legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 653). — Ein umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal lofa því að vera mjög stuttorður um þetta mál. Þessi till. til þál. um kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands er flutt af mér og hv. þm. Jóni Árnasyni, Geir Gunnarssyni, Jóni Árm. Héðinssyni, Karvel Pálmasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni. Tillgr. hljóðar þannig: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna svo fljótt sem verða má, hvort ekki sé tímabært að hefja kennslu í haffræði og skyldum greinum við Háskóla Íslands".

Við segjum í grg., að á Íslendingum hvíli sérstök skylda um það að hefja rannsóknir á hafinu, auk þess sem þekking á eðli sjávarins hafi hagnýtt gildi fyrir þjóðarbúskapinn. Ég býst við, að allir séu sammála um þetta, og þetta er meginástæðan til þess, að við flytjum þessa till., að við teljum, að á þessari þjóð hvíli sérstök skylda um rannsóknir á hafinu, vegna þess að við erum eyþjóð og hafið er raunar hluti af okkar umhverfi og þar er höfuðauðlind þjóðarinnar að finna, sem eru fiskimiðin í sjónum.

Við flm. höfum haft fyrir okkur merkilegar till., sem komnar eru frá dr. Unnsteini Stefánssyni haffræðingi, sem lengi starfaði hér á landi við Hafrannsóknastofnunina og er okkar kunnasti haffræðingur, en hann hefur nú um nokkuð margra ára skeið verið starfsmaður hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna og haft m.a. það hlutverk á hendi að skipuleggja kennslu í haffræði í ýmsum löndum og þá ekki sízt í hinum svonefndu þróunarlöndum.

Sem fskj. með þessari till. eru till. dr. Unnsteins um kennslu í haffræði við Háskóla Íslands. Þar er að finna nánari útlistun á þessu máli, og vegna tímaskorts ætla ég aðeins að vísa til þessara heimilda, sem hér liggja fyrir, en láta að öðru leyti máli mínu lokið.

Ég legg til, herra forseti, að þessari umr. verði nú frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárlagaáætlanir, þáltill. (þskj. 39, n. 673 og 686). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till. til þál. er fram borin af hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni, og fjallar um það að skora á ríkisstj. að fela fjárlaga- og hagsýslustofnun að gera fjögurra ára áætlun um þróun útgjalda og tekna ríkissjóðs miðað við gildandi lagaskuldbindingar og tekjuheimildir og aukningu ólögbundinna útgjaldaliða með hliðsjón af fenginni reynslu og verði að því stefnt, að fjárlagaáætlanir þessar geti fylgt næsta fjárlagafrv. Fjvn. hefur rætt þetta mál og m.a. leitað umsagnar hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni.

Eins og fram kemur í nál., hefur fjvn. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar till., þó að ég þori að fullyrða, að fjvn. sem heild er að mörgu leyti mjög hlynnt þeirri hugmynd, sem hér kemur fram. Þess vegna var það, að sá meiri hl., sem ég tala hér fyrir, er þeirrar skoðunar, að það sé rétt að stefna að því að taka upp langtímaáætlanir í sambandi við fjárlagagerð, og eftir að við höfum athugað þetta mál og eftir að við höfum fengið álit hagsýslustjóra, leggur meiri hl. fjvn. til, að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún kanni nánar ástæður þessa máls.

Ég vil leiðrétta það, sem stendur í nál. okkar, þar sem segir: „leggur n. til", þar á vitanlega að standa „leggur meiri hl. fjvn. til".

Frsm. minni hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt, að mönnum sé farið að flökra við að ræða um áætlanir hér í kvöld og það sé ekki mikið á það bætandi, og ég skal ekki vera mjög langorður frekar en frsm. meiri hl.

Till. þessi til þál. um fjárlagaáætlanir var lögð fram af hv. 2. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni, snemma á þessu þingi, enda 37. mál þingsins. Málinu var þá vísað til hv. fjvn., snemma í nóvember, og tók hún málið fljótlega til meðferðar og sendi til umsagnar fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins 14. nóv. sl. Um-

sögn stofnunarinnar um málið barst hins vegar ekki fyrr en 9. apríl s.l.

Umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar er, eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. fjvn., allítarleg. Stofnunin tekur það fram þegar í upphafi grg. sinnar, að hún sé í öllum efnisatriðum sammála því, sem í þáltill. felist. Fjárlagastofnunin bendir á, að enda þótt það sé vissum erfiðleikum háð að gera áætlanir langt fram í tímann sökum þeirrar óvissu, sem ríkir um framtíðarþróun veigamikilla þátta efnahagslífsins, verði slíkar langtímaáætlanir að teljast eiga sérstöku hlutverki að gegna hér á landi. Stofnunin segir enn fremur, að vart verði hjá því komizt að álykta, að á undanförnum áratugum hafi fjármálalegar ráðstafanir öðru fremur auðkennzt af því að miðast við hvert einstakt vandamál einangrað, eftir því sem það hafi gert vart við sig, en minni gaumur gefinn áhrifum viðkomandi ráðstöfunar á aðra þætti ríkisfjármálanna og efnahagslífsins í heild. Hér kemur fjárlagastofnunin vissulega að kjarna málsins. Handahófskenndar framkvæmdir og fjárfestingar, sem því miður eiga sér stað allt of oft af hálfu þess opinbera, eiga mikinn þátt í þeirri óvissu, sem ríkir í efnahagslífi þjóðarinnar, til viðbótar því að hafa löggilt form í sambandi við sjálfa verðbólguþróunina með þeirri skipan og uppbyggingu, sem nú á sér stað varðandi gerð framfærsluvísitölunnar og ekki batnaði með þeirri ákvörðun núv. ríkisstj., þegar hún ákvað með brbl. að taka inn í framfærsluvísitöluna á ný áhrif af verði á tóbaki og áfengi, sem áður hafði verið fellt niður.

Um það mál mætti margt segja, svo og frv. ríkisstj. um sama efni, sem nú hefur dagað uppi. Það verður allt að bíða betri tíma. En um sjálfa fjárlagagerðina eða áætlun í þeim efnum fram í tímann er enginn vafi, að hún gæti haft mikilsverða þýðingu og verið til hagræðis fyrir þá, sem ábyrgð bera á fjármálum ríkisins hverju sinni. Hitt er svo annað mál, að hætt er við því, að línuritið, sem menn hygðust setja sér í dag varðandi framtíðina, geti orðið eitthvað annað, þegar reynslan hefur sýnt þróunina að nokkrum árum liðnum. Ég minnist í þessu sambandi, að spádómar manna hafa stundum reynzt harla óraunhæfir í þessum efnum, þegar þeir hafa verið að spá fram í tímann um þróun fjármála ríkisins. Ég held, að það hafi verið árið 1966, sem núv. fjmrh. viðhafði þau orð um þessi mál, og var hann þá að tala um óhóflega þenslu í ríkiskerfinu og þótti þá nokkuð hratt farið í verðbólguáttina, að ef svo héldi áfram sem horfði og viðreisnarstjórn yrði áfram við völd, þá mundi upphæð fjárlaganna árið 1980 vera komin upp í 20 milljarða. Mörgum þótti þetta fjarstæðukennt í þá tíð. En því er þó við að bæta, að varnagli var á af hálfu hæstv. fjmrh. Það var álit hans á stefnu viðreisnarstjórnarinnar. Nú hefur hins vegar komið í hans hlut að gera bragarbót.

Þrátt fyrir þessar hugleiðingar mun ég nú stytta mál mitt. Í fjvn. varð ekki samkomulag um afgreiðslu málsins. Samkv. nál., sem skilað hefur verið, leggjum við, sem skipum minni hl. n., til, að till. verði samþ. með þeirri orðalagsbreyt., sem þar kemur fram, þ. e. **að þessi þáttur** verði tekinn upp og komið til framkvæmda fyrst við fjárlagagerð fyrir árið 1975.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu og vonast til þess, að hv. alþm. geti fallizt á þessa afgreiðslu málsins, sem einnig er í samræmi við álit fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins, eins og fram hefur komið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins. — Frh. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Vegna þeirrar fundarfrestunar, sem hefur verið, er nú langt um liðið, síðan ég kvaddi mér hljóðs. Ég hafði hugsað mér að víkja nokkuð að löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins, uppbyggingu hennar og starfi. En með því að nú er nokkuð liðið á nótt, ætla ég að leyfa mér að neita mér um þá ánægju að ræða þetta og vona, að hv. þm. misvirði það ekki við mig. Það hefði einnig verið ástæða fyrir mig til þess að ræða nokkuð þær hugmyndir, sem fram komu hjá tveim hv. þm., hv. 3. þm. Reykn. og hv. 10. þm. Reykv., um hlutverk byggðasjóðs. En ég ætla ekki að fara að ræða það, ég skal í því efni aðeins vitna til þess, sem hv. 2. þm. Vestf. ræddi um það mál.

Ég vil samt leyfa mér að víkja að einu atriði. Í skýrslu hæstv. forsrh. kom hann nokkuð inn á það, sem Framkvæmdastofnunin væri að gera í sambandi við byggðaáætlanir. Hann minntist á byggðaáætlun fyrir Norðurland. Það var vikið að byggðaáætlun fyrir Austfirði. Í umr. var talað um byggðaáætlun fyrir Suðurland.

Það var mikil framför, þegar farið var að vinna að jafnvægi í byggð landsins á skipulagsbundinn og markvissan hátt með því að taka upp byggðaáætlanir. Það hófst með því, að tekin var upp Vestfjarðaáætlunin. Um hana ræddi hæstv. forsrh. ekki í sinni skýrslu. Ég saknaði þess, því að Vestfjarðaáætluninni er ekki lokið. Það er aðeins lokið fyrsta þætti hennar, samgöngumálaþættinum. En það var alltaf gert ráð fyrir, að í beinu framhaldi af því hæfust aðrir þættir Vestfjarðaáætlunarinnar.

Ég hef gengið út frá því, að það hafi verið stefna fyrrv. ríkisstj., og ég hef meira að segja gengið út frá því, að það hafi verið stefna núv. ríkisstj. Þetta byggi ég m.a. á því, að strax haustið 1971 gerði ég fsp. til hæstv. forsrh. Þar var spurt um, hvað liði framhaldi Vestfjarðaáætlunar, til hvaða málaflokka áætluninni væri ætlað að taka, hvenær væri gert ráð fyrir, að áætlanagerðinni lyki, hvað væri gert ráð fyrir, að framkvæmd áætlunarinnar tæki langan tíma, og hvernig fjár yrði aflað til framkvæmdanna. Fsp. þessi var rædd í Sþ. 25. nóv. 1971. Hæstv. forsrh. sagði þá, að Efnahagsstofnuninni hefði verið falið að gera atvinnuáætlun fyrir Vestfirði og jafnframt væri gert ráð fyrir athugun á félagsaðstöðu og þjónustustarfsemi í landshlutanum. Hann sagði og, að væntanleg Framkvæmdastofnun ríkisins mundi fjalla um tímasetningu áætlunargerðarinnar og framkvæmd áætlunarinnar, sem líklegast væri, að tæki 5—6

ár. Þá sagði hæstv. forsrh., að fjármagn úr atvinnujöfnunarsjóði og — eins og hann orðaði það — verðandi byggðasjóði yrði til ráðstöfunar við framhald Vestfjarðaáætlunarinnar. Hér er ekki lítið sagt. Ég fæ ekki annað séð en það hefði mátt draga þá ályktun af þessum ummælum hæstv. forsrh., að unnið væri af fullum krafti að framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar.

Nú víkur svo við, að hæstv. ráðh. minnist ekki á þetta atriði í sinni skýrslu. Vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort það sé af vangá, að hann hafi ekki minnzt á Vestfjarðaáætlun. Ef svo er, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvernig framkvæmdir standi nú við undirbúning þessarar áætlunargerðar.

Hins vegar er málið alvarlegra, ef svo skyldi vera, að hér væri ekki um vangá að ræða. En í því tilfelli leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort það geti verið, að hæstv. ríkisstj. sé fallin frá þeirri stefnu, sem ég ætla að hún hafi haft, að halda áfram Vestfjarðaáætluninni í beinu framhaldi af samgöngumálaþætti hennar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er rétt, að í skýrslu minni var ekki sérstaklega getið um Vestfjarðaáætlun. En það var hins vegar tekið almennt fram, að ég hygg, að *það væri unnið að landshlutaáætlunum.* Það voru sérstaklega nefndar þrjár áætlanir. En að sjálfsögðu fer fram undirbúningur að fleiri landshlutaáætlunum og þar í er Vestfjarðaáætlun. Eins og kom fram hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari, svaraði ég því á sínum tíma eftir upplýsingum, sem ég fékk hjá Efnahagsstofnuninni, ef ég man rétt, að það tæki 5—6 ár að ganga frá áætluninni, þannig að það er ekki eðlilegt, að hún sé komin strax í gang. En ég held, að ég geti svarað því, að það hefur engin breyting orðið á í þessu efni og það er unnið undirbúningsstarf að þessu. Ég hef hins vegar ekki í höndunum upplýsingar um, hversu langt það sé komið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans, en ég verð að lýsa megnri óánægju minni og vonbrigðum yfir efni svarsins. Ég fæ ekki annað séð af orðum hæstv. forsrh. en að það sé ekki lögð nein áherzla á undirbúning á framhald Vestfjarðaáætlunarinnar, önnur verkefni séu látin ganga fyrir og þá þau verkefni, sem hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega í skýrslu sinni.

Ég tel, að þetta sé mjög alvarlegt mál. Ef við ætlum að vinna skipulega og markvisst að þessum málum, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að það nægir ekki að taka einn og einn þátt mála út úr og vanrækja aðra. Það þarf að vera um alhliða uppbyggingu þess landshluta að ræða, sem verið er að aðstoða. Að öðrum kosti er ekki að vænta verulegs árangurs. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið, að hið opinbera færist ekki meira í fang í þessu efni á hverjum tíma en það ræður við.

Nú er það svo, að þegar Vestfjarðaáætlunin hófst, var viðurkennt, að svo væri ástatt á Vestfjörðum, að það væri eðlilegt að láta það verkefni ganga fyrir. Þess vegna er það, að það er ekki nóg með, að það hafi alvarlegar afleiðingar að ljúka ekki þeim þáttum sem fyrst, sem eftir eru, heldur hefur það í sjálfu sér þau áhrif, að það, sem gert hefur verið, nær ekki tilgangi sínum. Ég verð að lýsa megnustu óánægju með þetta. Ég óttast, ef svo heldur áfram, sem mér virðist ýmis teikn benda til, að það eigi að breiða sig yfir allt landið í senn og gera alla hluti fyrir alla á sama tíma. Þá missi slíkar aðgerðir marks til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Slíkar aðgerðir eru almennar framfarir um land allt, sem eru sjálfsagðar, en það er allt annað en beinar aðgerðir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Þá verð ég að segja, að ég tel, að hæstv. forsrh. misskilji hrapalega eigin ummæli, sem hann gaf í svari við fsp. 25. nóv. 1971, ef hann leggur þann skilning í svar sitt, að það muni taka 5—6 ár að undirbúa áætlunina. Það hefur mér aldrei komið til hugar. Ég vil fullyrða, að það, sem hæstv. forsrh. átti við, þegar hann mælti þessi orð, var það, að þegar til framkvæmda kæmi, þá tækju framkvæmdirnar sjálfar 5—6 ár. Það er skiljanlegt.

Ég vil nú leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. að taka þessi mál til yfirvegunar á ný með það fyrir augum, að *það verði hægt* að halda við þær fyrirætlanir, sem fyrrv. ríkisstj. hafði uppi og ég hef ætlað, að núv. ríkisstj. hafi haft uppi í byrjun, að vinna nú hið bráðasta að undirbúningi að framhaldi Vestfjarðaáætlunarinnar, svo að framkvæmdir geti hafizt sem fyrst. Það er enginn ókostur í mínum augum, þó framkvæmdir taki 5—6 ár, vegna þess að ég vænti, eins og má marka af orðum hæstv. forsrh. í nóv. 1971, að framhald Vestfjarðaáætlunarinnar verði á viðtæku sviði.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var aðeins örstutt fsp. til hæstv. forseta. Mér leikur forvitni á, af því að það er nú langt liðið á þinghaldið og stefnt að þinglausnum á morgun, *að spyrjast fyrir um það, hvenær skýrsla samgrh.* um framkvæmd vegáætlunar 1972 verður tekin til umr.

Forseti (EystJ): Þessari fyrirspurn verður hv. þm. að beina til hæstv. samgrh. á einhverjum þeirra funda, sem hann á eftir að sitja á þessu þingi.

Sameinað þing, 76. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, kl. 2. miðdegis.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 592). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kennsla í haffræði við Háskóla Íslands, þáltill. (þskj. 653). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Málflytjandi ekki sendur til Haag, þáltill. (þskj. 781). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjáraukalög 1970, frv. (þskj. 289). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 798).

Fjárlagaáætlanir, þáltill. (þskj. 39, n. 673 og 686). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. á þskj. 686 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 30:16 atkv.

Kosning 5 manna milliþinganefndar til að kanna þátt flutningskostnaðar í mismunandi vöruverði í landinu o.fl. samkvæmt ályktun Alþingis frá 10. apríl 1973, um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Vilhjálmur Hjálmarsson alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Haukur Hafstað bóndi (A),
Gunnar Gíslason alþm. (B),
Magnús Reynir Guðmundsson, Ísafirði (A).

Kosning 7 manna nefndar þingmanna til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt ályktun Alþingis frá 13. apríl 1973, um milliþinganefnd í byggðamálum.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Steingrímur Hermannsson alþm. (A),
Lárus Jónsson alþm. (B),
Helgi F. Seljan alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Pétur Pétursson alþm. (C).

Kosning manns í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins í stað Péturs Gunnarssonar, sem andaðist 13. þ.m., til 1. júlí 1977, sbr. 6. gr. l. nr. 43 1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram kom aðeins ein tilnefning um mann í stjórnina, og var samkvæmt því kjörinn:
Gunnar Sigurðsson bóndi (Seljatungu).

Kosning varamanns í húsnæðismálastjórn til 27. maí 1974 í stað Sigurrósar Sæmundsdóttur, er andaðist 3. þ.m., sbr. 1. gr. laga nr. 30 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Fram kom aðeins ein tilnefning um mann í stjórnina, og var samkvæmt því kjörinn:
Sigurjón Ingi Hilaríusson kennari.

Kosning varamanns í stjórn Viðlagasjóðs til 8. febr. 1974 í stað Guðmundu Gunnarsdóttur, sem hefur sagt af sér, sbr. 5. gr. laga nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Fram kom aðeins ein tilnefning um varamann í stjórnina, og var kjörinn samkvæmt því:
Gunnar Sigurmundsson prentsmiðjustjóri.

Efri deild, 99. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 702, n. 765 og 766, 746). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 746,1 felld með 11:7 atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 746,2 tekin aftur.
5.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 746,3 felld með 11:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 787). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 799).

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 666, n. 782). — 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. eins og fram kemur í nál., sem er á þskj. 782.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Heimild fyrir ríkisstj. til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580, n. 789). — 2. umr.

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. þetta, sem fjallar um sölu þriggja fasteigna: Ásbúðartraðar 1 í Hafnarfirði, Smiðjustígs 17 í Kópavogi og Skeljaness 10 í Reykjavík. N. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, að loknum 99. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 702). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að tefja ekki um of tímann, en menn verða að virða mér það til vorkunnar, að ég hafði ekki kynnt mér þetta mál í gær, þegar það var hér til umr., eins og vert væri, því að skammt er síðan það var afgreitt í Nd. En það eru örfá atriði, sem ég vil koma að, og einkum og sér í lagi eru hér nokkur atriði, sem ég hygg, að hafi hreinlega orðið mistök við í sambandi við of hraða afgreiðslu.

Fyrst vil ég, herra forseti, vekja athygli á því, að nú ætlar fjmrh. með heimildum í reglugerð að verðtryggja fyrirframgreiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs. Þetta er út af fyrir sig ekki óskynsamleg ráðstöfun, hvort heldur er af hálfu ríkisins eða gjaldendanna, en ég segi: Fyrst ríkissjóður telur nauðsyn á þessu gagnvart tekju- og eignarsköttum, hvað þá um sveitarsjóðina, sem byggja að meginparti enn tekjur sínar á útsvörum milli 60 og 70% af tekjum sveitarsjóðanna eru útsvör? Þetta tekur til þeirra, nema þá hér í Reykjavík, þar sem er sameiginleg gjaldheimta, af því að þetta tekur til allra gjalda, sem Gjaldheimtan innheimtir. Það var skynsamlegt að breyta ákvæðum um dráttarvexti af tekju- og eignarskatti, vil ég segja, einnig með tilliti til Gjaldheimtunnar. En það held ég að sé óhætt að fullyrða, að það hafi verið vandkvæði við að framkvæma lögin vegna þess ósamræmis, sem þar var á varðandi prósentu dráttarvaxta. Það hefði vissulega verið þörf á því að fá slíkt ákvæði inn eins og þarna er, að innheimta fyrirframgreiðslur með tilliti til verðlags og tekna yfirstandandi árs, fyrir sveitarsjóðina ekki síður en ríkissjóð, en um það er ég ekki að gera neina till., heldur aðeins vekja athygli á þessu. Á fyrri hluta ársins í ár verða sveitarsjóðirnir að byggja tekjur sínar á tekjum gjaldenda sinna árið 1971. Það er ekki fyrr en seinni hluta ársins, sem þeir fá tekjur, sem eru grundvallaðar á tekjum gjaldanda árið 1972, en þeir verða að greiða allan sinn rekstur og framkvæmdir á verðlagi ársins 1973. Ríkissjóður er miklu betur settur, hann er meira í takt, ef svo mætti segja, við verðbólguna í gegnum tolla og söluskatt og annað slíkt.

Það, sem ég ætla fyrst og fremst að vekja athygli á, er 9. gr. frv., sem tekur til 52. gr. laganna. Það bar á góma í umr. hér í gær, en þá hafði ég þetta plagg ekki fyrir framan mig, þegar umr. urðu milli hv. þm. hér í d. um þetta mál. Í 52. gr. l., sem nú gilda, eru 4 tölul. og þeir 4 tölul. eru áfram og einnig fyrstu 4 tölul. í frv. eins og það er núna, og þeir eru lítið breyttir. Það var minnzt hér á, að orðinu „hrörleiki" er bætt inn í. Áður var látið nægja „veikindi". Það er einnig orðalagsbreyting, hygg ég, frekar en meiningarmunur á því, sem var áður 3. liður, að þeir, sem voru með á framfæri sínu börn haldin langvinnum sjúkdómum, fötluð, vangefin o. s. frv., áttu samkv. gildandi lögum rétt á tvöföldum barnafrádrætti þeirra vegna, en í 2. tölul. frv., sem tekur yfir sama, er sagt, að fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skuli tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti. Þó að þarna sé um mismunandi orðalag að ræða, hygg ég, að það sé svipuð niðurstaða, miðað við það, sem áður var.

En kjarni málsins og aðalástæðan fyrir því, að ég kem hér upp í ræðustólinn, er, að í frv. er síðan bætt við 5., 6. og 7. tölul., þ. e. a. s. heimildum varðandi 52. gr. Þeir eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum náttúruhamfara, eldsvoða eða búfjársjúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.

6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum".

Ég tek mjög undir þá upptalningu, sem þarna er. Ég er ekki að mæla gegn þeim heimildarákvæðum, sem þarna er aukið við 52. gr., heldur kem ég nú að kjarna málsins, að það er ekki aðeins varðandi fyrirframgreiðslurnar, það er kannske miklu frekar varðandi þetta atriði, sem hefði verið ástæða til þess að gera breytingu varðandi sveitarfélögin. Ég ræddi þetta við ráðuneytisstjórann í félmrn. nú rétt fyrir hádegið, og honum var ókunnugt um, að 52. gr. laganna um tekju- og eignarskatt væri að breytast í þá átt, sem þetta frv. stefnir að. En í 27. gr. laganna um tekjustofna sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka útsvar gjaldanda: a. sem nýtur bóta samkv. II. kafla laganna, eins og þar segir; b. sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða lengur á ári; c. af ástæðum, sem upp eru taldar í 1.—4. tölul. 52. gr. laga nr. 68 1971.

Það má kannske segja, að ólánið við afgreiðslu tekjustofnalaganna hafi verið að vísa ekki aðeins til 52. gr. Það er undanþáguatriði í gildandi lögum í fjórum tölul., en nú verða þeir sjö, ef frv. verður að lögum, en samkv. 27. gr. ekki ótvíræðar heimildir fyrir sveitarstjórnir til þess að lækka útsvör nema skv. 1.—4. tölul. Ég veit, að annað hefur ekki vakað fyrir neinum þeirra, sem settu þetta inn í frv., heldur en þetta verkaði eins á báðum sviðunum. Þarna er kannske um að ræða, að það heyrir undir tvo ráðh. og tvö rn. Ég hef verið að bera þetta undir lögfróða menn og þar það undir eina tvo, sem eru á einu máli um, hvernig beri að túlka þetta. En ráðuneytisstjórinn var mér sammála um, að þetta gæti valdið miklum erfiðleikum í framkvæmd og orðið mikið viðkvæmnismál, ef þarna yrði um óljós ákvæði að ræða, sér í lagi, ef væri um mismunandi heimildarákvæði að ræða, annars vegar vegna tekju- og eignarskattsins og hins vegar vegna útsvaranna, þótt svo útsvörin séu orðin miklu léttari skattur en tekjuskatturinn er. Ég er ekki þar með að segja, að það sé nauðsynlegt að gera þarna breyt. á, — mér fróðari menn geta eflaust fundið lausn á því. En mér hefur verið bent á að mínu viti snjalla lausn á þessu, sem raunar þýðir það, að málið þyrfti að fara til Nd., en ég hygg, að það væri ekki nein fyrirstaða á því, að það fengi þá afgreiðslu þar, þ. e. a. s. að í staðinn fyrir, að þarna væri talinn upp 5., 6. og 7. liður, eins og nú er, þá yrði staðnæmzt við 4. tölulið og síðan taldir upp liðirnir a, b, c, d, og þar með væri ekki nema í fjóra tölul. 52 gr. að vitna í sambandi við 27. gr. tekjustofnalaga. Ég endurtek, þetta læt ég mér fróðari menn um að skera úr. En ég ítreka og þekki það af eigin raun sem sveitarstjórnarmaður og sér í lagi sem starfsmaður sveitarstjórnasambandsins, þar sem á reynir að samræma störf og álögur og beitingu heimildarákvæða sveitarstjórnanna, að það getur orðið mikið vandamál, ef þetta verður látið fara héðan óljóst eða með þessu misræmi, eins og hér er greinilega stefnt að, ef ekki verður gerð leiðrétting á.

Fjmrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem spurt var um í gær í sambandi við 8. gr. þessa frv., í sambandi við fyrirframinnheimtuna, þá virtist mönnum ekki ljóst, að fyrirframinnheimtan yrði almennt að fara saman, heldur virtust þeir telja, að hægt væri af einstaka hópum, sem hefðu fengið sérstaklega hærri tekjur en aðrir, að innheimta hærri fyrirframinnheimtu en almennt gerðist. Um það er ekki að ræða í þessu sambandi. Almennt verður fylgt þeirri reglu, eins og verið hefur, að sú prósenta, sem yrði ákveðin af fyrra árs útsvari, ef við það er miðað, gilti jafnt um alla þá, sem fyrirframtekjuskatt eiga að greiða eða gjöld almennt, en ekki verði farið að mismuna einstökum hópum. Hins vegar er einnig heimild í þessari gr., að miða megi við tekjur yfirstandandi árs. Að vísu er þetta atriði sett inn til þess að reyna að nálgast staðgreiðslukerfið eins og frekast er hægt, án þess að tekin sé um það fullnaðarákvörðun. Má segja, að þessarar tvöföldu heimildar þarna sé kannske ekki beint þörf, en hún sakar nú ekki, og hún yrði einnig almenn heimild, en gæti ekki komið til greina, nema um væri að ræða, að ástæða þætti til að breyta áður tekinni ákvörðun um fyrirframgreiðslu, vegna þess að tekjur almennt hefðu hækkað geysilega frá því, sem áður hefði verið. Ég held, að þarna stafi engin hætta af, og staðfesti, að hér er um almenna heimild að ræða sem mundi því aðeins verða notuð, að um verulega breytingu væri að ræða á skatti á milli ára og verulega hækkun á tekjum á árinu, sem fyrirframgreiðslan yrði innheimt.

Hitt er annað atriði, sem einnig var spurt hér um í gær og er svo í gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta". Þetta getur oft komið fyrir, og þetta er bundið við einstaklinga. Það hefur oft komið fyrir, að fyrirframgreiðsla, sem var 50%, hefur getað verið það mikil, að orðið hafi að greiða gjaldanda til baka. Þetta átti sér t. d. stað á síldarárunum, þegar skipstjórnarnir, sem veiddu geysilega mikið, eitt árið, höfðu greitt sína fyrirframgreiðslu næsta ár á eftir, þ. e. helming af sínu útsvari og tekjuskatti árið áður, þá varð að endurgreiða það. Slík tilvik geta komið fyrir, og þetta er aðeins miðað við það og snýr að einstaklingunum, en hitt er almennt séð.

Út af því atriði, sem hv. þm. Axel Jónsson ræddi hér áðan, höfum við, — félmrh. mun skýra það hér á eftir, — haft samband við ráðuneytisstjórana í bæði fjmrn. og félmrn., og þeir hafa borið sig saman og telja, að með yfirlýsingu okkar um það, að auk þeirra liða, sem taldir eru upp í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, þá eigi þessir liðir, sem við bætast, einnig að ná til tekjustofnalaganna, þótt liðunum sé fjölgað breyti engu, því að yfirlýsing okkar nái yfir þau atriði, sem gr. nái til, og sem lögskýring á því mundi nægja slík yfirlýsing af hendi okkar þar um. Ég vil taka það fram, eftir að hafa borið mig saman um það og leitað um það álits, að þrátt fyrir það, að þessum liðum sé bætt við, eigi þeir einnig að gilda í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga eins og ríkisins. Ég vona, að þetta nægi til þess, að hv. þm. geti afgreitt þetta mál út úr þessari d. án breytinga.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af orðum hv. þm. Axels Jónssonar segja það, að ég get lýst því yfir, að þrátt fyrir fjölgun tölul., sem hann ræddi um, mundi eftir sem áður verða gert ráð fyrir því, að skattalög og tekjustofnalög sveitarfélaga fylgist að, að því er framkvæmd snertir, að þessu leyti. Verði svo á litið, að þetta nægi ekki, mundi þessu verða kippt í lag, sennilega á næsta ári, ef þetta verður að lögum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti tel þetta fullnægjandi. Þetta var ein af þeim skýringum, sem lögfræðingarnir sögðu mér, að væri líkleg lausn og kannske sú eðlilegasta, miðað við þá tímaþröng, sem við værum í, og miðað við yfirlýsingar ráðh., held ég, að það sé ástæðulaust að óttast, að það þurfi að koma til árekstra út af þessu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 800).

Sala Útskála og Brekku í Gerðahreppi, frv. (þskj. 666). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs, frv. (þskj. 580). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 803).

Starfslok efri deildar.

Forseti (BJ): Sennilegt er, að hér verði um að ræða síðasta fund hv. þd. á því þingi, sem nú situr, og vil ég því nota tækifærið til þess að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu á því þingi, sem nú er að ljúka, ljúfmennsku í minn garð sem forseta og góða samvinnu í hvívetna. Skrifurum d. vil ég þakka sérstaklega ágæt störf, sem þeir hafa unnið af mikilli kostgæfni, og ekki síður varaforsetum, sem hafa veitt mér ómetanlega hjálp við stjórn funda í hv. þd. Þeim hv. þdm., sem langan veg eiga heim að sækja að þingi loknu, óska ég góðrar heimferðar, og öllum hv. þdm. óska ég góðrar heimkomu og einnig þess, að við megum öll hér heil hittast, þegar þing kemur saman að nýju að loknu sumarleyfi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar þdm. að flytja hæstv. forseta beztu þakkir fyrir ágæta og réttláta og röggsama fundarstjórn og hina prýðilegustu samvinnu við okkur þdm. í hvívetna, lipurð og samvinnuvilja. Fyrir hönd okkar allra óska ég forseta gleðilegs sumars, um leið og við þökkum honum fyrir veturinn, og læt í ljós þá ósk og von, að við megum hitta hann heilan hér aftur, þegar við komum saman í haust.

Ég vil biðja þdm. að staðfesta þessi orð mín og þakkir í garð forseta með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (BJ): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir orð hans. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

Neðri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 748, 774, 780). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 774 felld með 23:14 atkv.
— 774, varatill., felld með 21:17 atkv.
— 780,1 felld með 21:12 atkv.
— 780,2 felld með 21:13 atkv.
— 780,3 felld með 21:13 atkv.
— 780,4 kom ekki til atkv.
Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 101, n. 719). 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar á þskj. 101. Leggur n. til í nál. á þskj. 719, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga fái efni þess til athugunar.

ATKVGR.
Till. á þskj. 719 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 25 shlj. atkv.

Landhelgisgæzla Íslands, frv. (þskj. 18, n. 473 og 539, 30, 474). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta var rætt á mörgum fundum allshn. allt frá því í nóv. s.l. Nefndin fékk á sinn fund ráðuneytisstjórann í dómsmrn. og forstjóra Landhelgisgæzlunnar. Óskaði n. eftir að fá upplýsingar um, hver smíðakostnaður hliðstæðs skips og Ægis sé nú, um lánskjör í því sambandi og líklega greiðslubyrði af slíku skipi, ef byggt yrði. Enn fremur var óskað eftir að fá kostnaðaráætlun um að byggja yfir landhelgisgæzluna í landi. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess að fá þessar upplýsingar hefur n. ekkert svar borizt um þessi atriði annað en

það, að árið 1971 hafi verið talið, að skip af svipaðri gerð og Ægir mundi kosta um 22 millj. kr. danskar. Ekkert liggur því fyrir um fjárþörf í þessu sambandi á næstu árum og engin leið að meta, hver hún kann að verða. Hins vegar liggur það fyrir, að samkv. fjárlögum hefur verið varið til landhelgisgæzlunnar sem hér segir á undanförnum árum:

1971 111.5 millj. kr., 1972 147.1 millj. kr. og á fjárlögum í ár 276.6 millj. kr. Við þetta má bæta yfirteknum lánum ríkissjóðs vegna landhelgisgæzlunnar: vegna þyrlukaupa 50.9 millj. kr., vegna kaupa á Fokker-flugvél 32.9 millj. og vegna viðgerðar á Þór 52.3 millj., eða 136.1 millj. samtals. Greiðslubyrði á yfirstandandi ári vegna þessara yfirteknu skulda er 38.8 millj. kr., og er því varið til landhelgisgæzlunnar á þessu ári 315.4 millj., eða 203.9 millj. meira en árið 1971. Enn fremur hefur Alþ. heimilað ríkisstj. að taka lán, allt að 100 millj. kr., á þessu ári til byggingar eða kaupa á varðskipi.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, hefur ríkisstj. tekið mjög myndarlega á þessum málum. Er ekkert til sparað að búa landhelgisgæzluna sem bezt úr garði, og er ekki líklegt, að á því verði nein breyting. Hins vegar liggja engar kostnaðaráætlanir fyrir um þau verkefni, sem nauðsynlegt er að framkvæmd verði á vegum landhelgisgæzlunnar á næstu árum, og því allar fjárhæðir í því sambandi ágizkunartölur einar.

Að þessu athuguðu og í fullu trausti þess, að landhelgisgæzlunni verði séð fyrir nægu fjármagni, eins og gert hefur verið á síðustu tveimur árum, svo að hún geti innt af hendi þau verkefni, sem henni eru ætluð, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á síðasta degi þess Alþ., sem nú situr, er komið til 2. umr. í fyrri d. mál, sem mælt var fyrir á 6. starfsdegi þessa sama þings, frv. til l. um breyt. á l. um Landhelgisgæzlu Íslands. Það hefði einhvern tíma verið talið, að slælega væru rekin trippin, þegar svo hægt gengur að fá afgreitt mikilvægt mál, mál, sem fékk góðar undirtektir, þegar mælt var fyrir því 18. okt. s. l. En fyrir því hafa hv. stjórnarliðar sín rök: Í fyrsta lagi, að umsagnir hafi ekki borizt. Í öðru lagi heyrðum við það hér fyrir nokkru, að sjálfstæðismenn í hv. allshn. hafi ekkert rekið á eftir málinu. Í þriðja lagi, að ríkisstj. hafi þegar séð að nokkru fyrir þeim þörfum, sem frv. er ætlað að fullnægja. Staðreyndirnar eru hins vegar þær, að hv. stjórnarliðar hafa beitt fyrirslætti einum til þess að koma í veg fyrir, að frv. þetta fengi afgreiðslu á þessu þingi. Frv. var tekið fyrir á þremur fundum n. í nóv. og des., síðan ekki fyrr en í marz og afgreitt úr n., eftir að umr. um þennan seinagang höfðu farið fram hér utan dagskrár. Minnihlutaáliti er skilað 30. marz, en áliti meiri hl. 5. apríl. Málið er svo fyrst á dagskrá í dag.

Í þessu frv. eru tvö meginatriði: Í fyrsta lagi, að ríkissjóður leggi landhelgissjóði til árlegt framlag, að upphæð 75 millj. kr. Í öðru lagi, að heimilt verði að verja árlega allt að 25 millj. kr. af fé landhelgissjóðs til byggingar fyrir landhelgisgæzluna í landi og til þess að búa henni að öðru leyti framtíðaraðstöðu.

Eins og fram kemur á þskj. 539 leggur meiri hl. allshn., stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., til, að frv. verði vísað til ríkisstj. með þeim rökstuðningi, eins og fram hefur komið, að ekkert liggi fyrir um kostnað við framkvæmdir landhelgisgæzlunnar á næstu árum og því allar fjárhæðir í sambandi við það ágizkunartölur einar, auk þess hafi ríkisstj. tekið svo myndarlega á þessum málum með því að greiða rekstrarkostnað landhelgisgæzlunnar, og meira að segja fengið heimild Alþ. til að taka allt að 100 millj. kr. lán á þessu ári til smíði eða kaupa á varðskipi, að meira þurfi varla að gera.

Ekki verður annað sagt en að talsverðan kjark þurfi til að bera á borð fyrir hv. þm. rökstuðning fyrir frávísun þessa máls á borð við þann, sem hv. meiri hl. hefur gert. Ég sleppi þá alveg aðdáun og trausti meiri hl. á ríkisstj. Það er vafalaust sett fram af einlægni, en þó kannske misjafnlega mikilli einlægni. Er a. m. k. ástæða til að ætla það eftir umr. hér síðustu daga. Það er auðvitað ekkert annað en fyrirsláttur einn hjá meiri hl. hv. allshn., að ekki sé hægt að samþykkja árlega fjárveitingu til landhelgissjóðs, vegna þess að ekki liggi fyrir, hvað nýtt varðskip muni kosta eða hver kostnaður yrði við það að byggja yfir landhelgisgæzluna í landi. Öllum er ljós þörfin fyrir hvort tveggja, og víst er, að í þessar framkvæmdir verður að ráðast og það fyrr en seinna. Jafnljóst er, að fjárveiting til þessa verður að eiga sér stað á mörgum árum og lán verður að taka. Þess vegna er það ekki höfuðatriði nú, hver upphæðin verður, heldur hitt, að þegar verði byrjað að safna í sjóð. Þetta var hæstv. forsrh. og dómsmrh. alveg ljóst í okt. s. l., þegar þetta mál var hér til 1. umr. Og ég trúi ekki öðru en honum sé þetta jafnljóst nú. Hins vegar þvælist þetta eitthvað fyrir meiri hl. allshn.

Með leyfi hæstv. forseta rifja ég upp örfá atriði úr ræðu hæstv. forsrh. og dómsmrh. Í upphafi ræðu sinnar í okt. lét hann í ljós ánægju sína yfir þeim áhuga og skilningi, sem birtist í þessu frv., á þörfinni fyrir því að efla landhelgisgæzluna. Síðar í ræðunni segir hann orðrétt: „Vissulega er það rétt, sem fram kemur í þessu frv. eða grg. með því, að tekjustofnar þeir, sem landhelgissjóður hefur átt við að búa, hafa verið óvissir og eru í eðli sínu óvissir. Það er auðvitað aldrei gott að þurfa að byggja á slíkum óvissum og breytilegum tekjustofnum, sem geta gefið góða upphæð þetta árið, en e. t. v. litla upphæð annað árið. Þess vegna er það, að ég fagna þeirri hugsun, sem fram kemur í þessu frv., að það skuli bundið í l., að landhelgissjóði skuli alltaf tryggð tiltekin lágmarksfjárhæð.“ Síðar segir hann: „Það er kannske ekkert aðalatriði, svo að maður taki nú nokkuð stórt til orða, hvort **það eru nefndar 50 millj. eða 75** millj. Aðalatriðið er að festa ákveðinn tekjustofn.“

Þetta voru orð hæstv. forsrh. og dómsmrh. Vart verða þau túlkuð á annan hátt en þann, að um jákvæðar undirtektir hafi verið að ræða. **Nú vitum við, að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj.**

eru ekki bundnir við að fara eftir því, sem hæstv. forsrh. segir. Það hefur komið fyrir áður á þessu þingi, að tilmæli hans hafa verið hunzuð, jafnvel af flokksbræðrum hans. En satt að segja átti ég ekki von á því, að þetta yrði tekið upp sem einhver regla. En nóg um það.

Við fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í hv. allshn. leggjum til, að frv. verði samþ., eins og fram kemur á þskj. 473, nál. okkar. Það er skoðun okkar, að það sé ekki ástæða til að bíða eftir sundurliðuðum áætlunum um þann kostnað, sem við blasir, bæði vegna byggingar varðskips og byggingar yfir landhelgisgæzluna í landi, heldur beri þegar að fara að safna í sjóð. Við leggjum þó til, að samþ. verði brtt. okkar, sem við flytjum á þskj. 474. Hún er þess efnis, að niður falli orðin í 2. málsgr. 2. gr.: „á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík". Við sjáum ekki ástæðu til að vera að binda það í lögum, hvar byggja skuli yfir landhelgisgæzluna. Hún þarf aðstöðu í raun og veru víða um land, ekki sízt aðstöðu fyrir flugvélarnar. Þess vegna erum við einnig andvígir till. hv. þm. Stefáns Gunnlaugssonar, sú till. er á þskj. 30, en hann lagði til, að í stað orðanna „á lóð hennar við Selsvör í Reykjavík" komi: í Hafnarfirði.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að þetta frv. verður ekki samþ. á þessu þingi. Til þess hefur skort allan vilja hjá hæstv. ríkisstj. Ef viljinn hefði verið fyrir hendi, hefði að sjálfsögðu verið unnt að afgreiða þetta frv. á fundum þd. í gær og í dag. En á það mun ekki reyna, eins og haldið hefur verið á málum.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef sjaldan eða aldrei vitað stjórnarliða verða sér til jafnmikillar háðungar á Alþ. eins og við meðferð þessa máls og afgreiðslu. Við sjálfstæðismenn fluttum í fyrra frv. til l. um eflingu landhelgissjóðs. Það var látið daga uppi. Við fluttum einnig till. um byggingu nýs varðskips og áætlunargerð um eflingu landhelgisgæzlunnar. Það var einnig látið daga uppi. Ríkisstj. aflaði sér svo heimildar rétt fyrir jólin til þess að mega kaupa varðskip. En það gat hún gert í fyrra, ef þessi till. okkar hefði verið samþ. Það, sem fram kemur í nál. meiri hl. allshn. um greiðslur til landhelgisgæzlunnar og landhelgissjóðs, er ekkert, sem hægt var að komast hjá, eins og á stóð, og vitaskuld hæstv. ríkisstj. á engan hátt þakkarvert, nema síður sé. Og það þarf lítil geð guma til þess að láta það sjást á prenti eftir sig, að samkvæmt þessu hafi ríkisstj. tekið mjög myndarlega á þessum málum og ekkert til sparað að búa landhelgisgæzluna sem bezt úr garði. Er þá ekki líklegt, að á því verði nein breyting. Hún hefur nú búið hana svo vel úr garði, að hún tók af henni það húsnæði, sem henni var fyrirhugað, og annað er eftir þessu. Þetta eru mér sár vonbrigði og okkur sjálfstæðismönnum, sem stöndum að flutningi þessa frv., alveg sérstaklega vegna þess, hversu málið hlaut góðar og jákvæðar undirtektir hjá hæstv. forsrh., sem ég hef áður þakkað fyrir hér í þingsölunum og er reyndar gerð grein fyrir í minnihlutaáliti allshn. á þskj. 473.

Auðvitað getur ríkisstj. ekki firt sig ábyrgð á meðferð málsins, máls eins og hér er um að ræða, eftir svo litlar upplýsingar fyrir nm., sem að þessu standa, og stjórnarpeðin að öðru leyti, sem hafa látið hafa sig í að leggja til það, sem hér er lagt til.

Þá er rétt, að ég minni á það, að sjálfur hefur hæstv. forsrh. í bók sinni um stjórnskipun Íslands, gert grein fyrir því, hver geti orðið afdrif máls, ef það er ekki samþykkt. Þar segir hann m.a., að mál geti verið beinlínis fellt, í öðru lagi geti mál dagað uppi, sem svo er kallað, og í þriðja lagi eftir 56. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 41. gr. þingskapalaga, geti þingnefnd vísað máli til ráðh., ef henni þyki ekki ástæða til að gera aðra ályktun um það. Þetta þykir vægari aðferð til að koma málum fyrir kattarnef en að fella það, segir hæstv. forsrh. Og taki þeir nú það til sín og hirði sneiðina, sem eiga.

Það hefur verið nokkur ágreiningur um það, hvað gera bæri á 11 hundruð ára landnámshátíð okkar Íslendinga, og ein till., sem nýlega hefur komið fram, er að efla landgræðsluna. Landgræðslunni hefur stundum verið líkt við okkar landhelgismál. Henni er ætlað að græða landið inn á við, eins og við verðum að vernda fiskimiðin. Ég held, að það væri rétt að athuga það, þegar höfð er í huga fyrirhuguð meðferð þessa máls, að taka nú upp þá till., að landhelgissjóður verði alvarlega efldur af einhug og djörfung á 11 hundruð ára afmælishátíð landnáms á Íslandi, og við skiljum ekki við málin með þeim lúsablesahætti, sem nú á að gera í þessari hv. deild.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil ekki skilja till. meiri hl.. á þá lund, að með því sé verið að koma þessu máli fyrir kattarnef. Hvað sem ég kann að hafa skrifað áður um þann afgreiðslumáta, er alveg öruggt, að sá afgreiðslumáti að vísa máli til ríkisstj. hefur farið sérlega mikið í vöxt, eftir að ég skrifaði þessa bók, sem til var vitnað, og virðist það bera vott um, að Alþ. telji þeim málum að nokkru borgið, sem fara til ríkisstj. Þannig er líklegt, að það sé að breytast eitthvað skoðun í þessu efni, þó að ég telji, að þetta hafi verið rétt, miðað við þá hætti, sem þá tíðkuðust. Ég skil þessa till. meiri hl. og vil skilja hana á þann veg, að meiri hl. vilji og það sé vilji Alþ. einnig þar með, að vísa þessu til ríkisstj. með því hugarfari, að það verði ekkert til sparað að gera landhelgisgæzluna þannig úr garði, að hún geti sinnt sínu hlutverki, og geti í því sambandi komið til greina miklu, miklu hærri upphæðir og með miklu skjótari hætti en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það þýðir ekkert að vera með neina smámunasemi í þessu sambandi eða nefna einhverjar tölur, sem varið hefur verið í landhelgisgæzluna. Við það ástand, sem við erum í nú varðandi landhelgisgæzlu, þá er það sambærilegt á vissan hátt við það að vera í stríði. Ef við getum ekki leyst þessa deilu með bráðabirgðasamkomulagi og áfram halda árekstrar, getum við verið vissir um, að við verðum að kosta meiru til.

Við, sem förum með þessi mál, höfum orðið að þola ásakanir og ögranir um það að hafa ekki farið fram með nægri hörku í þeim. Það er ekki

hægt og mögulegt að verja þetta stóra svæði með þeim skipakosti, sem við höfum yfir að ráða nú. Þetta verður hv. Alþ. að horfast í augu við. Þess vegna mun ég gera, ef ég fer með þessi mál, kröfu til þess, að það verði ekkert sparað til að kaupa skip. Og það er ekki satt, að það dugi eitt skip í því sambandi, heldur getur þurft mörg og það getur þurft að leigja mörg skip. Þetta vil ég gera hv. Alþ. alveg ljóst og endurtek, að það þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut að vera að telja eftir 10—20—30—40 millj. eða eitthvað slíkt í þessu sambandi. Spurningin er bara: Ætlum við að standa við það, sem við höfum sagt, ætlum við að standa við að verja þessi fiskimið eða ekki? Ég mun ekki sætta mig við að vera sakaður um að gera ekki hið ýtrasta til þess að verja miðin og fá ekki í hendur nægilega fjármuni til þess að standa undir kostnaði við það.

Það hafa komið fram ýmsar ábendingar í þessu sambandi, t. d. frá skipstjórum. Allar þær ábendingar hafa verið fyrir hendi og verið athugaðar hjá landhelgisgæzlunni. Okkur er auðvitað ljóst, að það er mjög þýðingarmikið að hafa varaáhafnir, en það þarf til þess fjárveithafa varaáhafnir, en það þarf til þess fjárveitingar. Ég hef lagt áherzlu á það í sambandi við meðferð landhelgismálanna, að það yrði tekinn upp sá háttur að hafa a. m. k. eina varaáhöfn, sem væri í landi, og væri þá líka hægt að nota þann tíma, sem hún er í landi, til þess að æfa hana með ýmsum hætti, sem ekki er alltaf gott að koma við um borð í skipunum.

Það er fullur áhugi hjá mér til þess að efla landhelgisgæzluna, og ég tek ekkert aftur af því, sem ég sagði, þegar þetta frv., sem hér er til umr., var flutt. Ég tel það út af fyrir sig skynsamlegt að ætla landhelgissjóði ákveðna tekjustofna. En hitt skulum við ekki láta okkur detta í hug, ef svo fer fram, sem nú horfir, að það sé endilega hægt að binda sig við einhvern sjóð í þessu sambandi. Það getur þurft margfaldar fjárveitingar fram yfir það og af mikilli skyndingu. Hitt er jafnrétt að mínum dómi, að honum séu tryggðir vissir fastir lágmarkstekjustofnar. Ég gerði mitt til þess á sínum tíma, ég vil segja við hátíðlegt tækifæri, þegar landhelgin var færð út, að hrinda af stað almennri frjálsri fjársöfnun meðal landsmanna allra, landssöfnun til landhelgissjóðs. Ég var svo barnalegur að halda, að hver og einn einasti Íslendingur mundi finna til og telja sér skylt að taka þátt í henni og leggja sitt lóð þar af mörkum, stórt eða smátt eftir atvikum. Það var reynt að skapa samstöðu um þessa söfnun, og voru fengnir menn úr öllum flokkum til þess að taka sæti í þeirri n., sem átti að standa fyrir henni. Þessi n. hefur nú starfað og raunar skilað af sér, og það starf, sem hún hefur unnið, vil ég ekki á nokkurn hátt vanþakka, heldur þakka. Það hafa safnazt líklega um svona 27 millj. kr., það er ekki alveg að fullu uppgert, vegna þess að enn er nokkuð útistandandi, auk þess sem ekki eru komin full skil af sölu peninga, sem gerðir voru í þessu skyni. Þetta er engan veginn lítil fjársöfnun. Þetta er stór fjársöfnun miðað við íslenzkar aðstæður, enda lögðu margir aðilar af mörkum mjög myndarlegar fjárhæðir í þessu sambandi. En því miður varð samt þátttakan í þessari fjársöfnun ekki eins almenn og ég hefði vonazt til og hefði kosið. Það, sem valdið hefur mér mestum vonbrigðum í sambandi við þessa fjársöfnun, er það, að mér hefur fundizt sorglega skorta á framlög af hálfu þeirrar stéttar, sem ég hélt að teldi þetta málefni allra brýnast, þó að það sé málefni allra landsmanna, þ. e. a. s. sjómannastéttarinnar. Að vísu eru margar heiðarlegar undantekningar þar frá, og áhafnir sumra skipa hafa skilað framlagi, en þátttakan hefði samt mátt vera meiri og almennari af þeirra hálfu, og áreiðanlega hefðu menn fundið miklu meiri þunga liggja á bak við bréfið, sem talið er vera frá 18 skipstjórum á togurum, ef kunnugt hefði verið um, hvað þeir og þeirra áhafnir hefðu lagt af mörkum til þess að efla landssöfnun til landhelgissjóðs. Það vil ég segja, og það er gott að það berist til þeirra. En 27 millj. kr. eru þó nokkur fjárhæð, og hún er í sjóði, og enn fremur höfum við 100 millj. kr. lántökuheimild, þannig að það er í rauninni ekkert því til fyrirstöðu, að hægt sé að hefjast handa nú þegar um kaup eða byggingu á skipi. En ef á að láta smíða skip, sem að sumu leyti er auðvitað æskilegast, því að þá er hægt að fá skip, sem örugglega hentar, þá tekur það nokkuð langan tíma.

Ég hef skipað n., eins og ég hef áður sagt, til þess að athuga þessi málefni, nefnd manna, sem ég hef áður nefnt, forstjóra landhelgisgæzlunnar, skipaverkfræðing, hæstaréttarlögmann og svo elzta skipstjórann í landhelgisgæzlunni, Guðmund Kjærnested, þannig að ég hygg, að vel verði að þessu hugað.

Það hefur verið og er verið að reyna að vinna að því að athuga, hvort ekki er hægt til bráðabirgða að fá leigð skip til að sinna landhelgisgæzlu, og allt verður gert, sem hægt er, til þess að fá slík skip. Við höfum gert ráð fyrir að sleppa því leiguskipi, sem við höfum haft, ef mögulegt er, en það hefur reynzt á allan hátt vel. En við viljum þó reyna að koma því að hvalveiðum og ekki taka það frá þeim veiðiskap, ef hægt er. Ég held, að það sé ekkert ofsagt, þótt sagt sé, að leigunámið á því skipi hafa af sumum aðilum á sínum tíma verið nokkuð talið eftir.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að erindi mitt hingað var að lýsa því yfir, með hvaða skilningi ég tek á móti samþykkt Alþ. um að vísa málinu til ríkisstj., og vil undirstrika það, að Alþ. getur ekki gert kröfu til þess samtímis, að það sé að öllu leyti skilvirk varzla á þessu stóra hafsvæði, og talið eftir peninga, sem þarf að veita til þess að gera landhelgisgæzluna þannig úr garði, að hún geti annazt hana á þann hátt, sem þarf.

Ég vona og við vonum það sjálfsagt öll, að hægt sé fljótlega að finna einhverja bráðabirgðalausn á deilumálum okkar við Breta og Vestur-Þjóðverja. Mér er það mikið áhugamál, að það takizt. Þá eins og alltaf, þegar á að semja um mál, verða báðir aðilar að vera við því búnir að slaka eitthvað á. Það er mín skoðun, að það sé giftusamlegra að leysa málið til bráðabirgða með þeim hætti heldur en að þurfa að standa í hálfgerðri styrjöld a. m. k. á miðunum. En

ef það á að gerast og ef ekki tekst að ná samkomulagi, veit ég, að vilji allra landsmanna er, að landhelgin sé varin og landhelgisgæzlan geri það af fullum þunga. Og meðan ég fer með stjórn þeirra mála, mun ég gefa landhelgisgæzlunni þau fyrirmæli. En þá vil ég líka heimta, að það sé sýndur skilningur á því, að landhelgisgæzlan fái þau skip og tæki í hendur, sem hún þarf til þess að geta varizt.

Umr. frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437, n. 788). — Frh. 2. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég harma það, að ég gat ekki verið viðstaddur við 2. umr. málsins, þegar hún hófst, og veit ekki gjörla, hvort ágreiningur hefur risið um málið. En þetta frv. fór í gegnum hv. Ed. með algeru samkomulagi og án nokkurra breytinga.

Frv. er þannig til komið, að á síðasta þingi voru afgreidd lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og varð ljóst, að eftir afgreiðslu þeirra laga var nokkurt ósamræmi milli þessarar nýsettu löggjafar og laganna um skipstjórnarréttindi á íslenzkum skipum. Það þótti því sjálfsagt að láta skoða það af færustu mönnum og koma fullu samræmi á þessa löggjöf, og til þess var valinn skólastjóri stýrimannaskólans, Jónas Sigurðsson, og með honum Kristinn Gunnarsson lögfræðingur, deildarstjóri í samgrn. Þeirra umboð var það eitt að endurskoða l. um skipstjórnarréttindin með það fyrir augum, að þau yrðu samræmd stýrimannaskólalögunum. Þessa samræmingarendurskoðun framkvæmdu þeir, og er meginbreytingin frá eldri l. sú, að þar sem samræmt hefur verið námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar, hljóti þeir, sem ljúka prófi úr 2. bekk stýrimannaskólans, sömu réttindi, en svo hafði ekki verið áður. Þetta er meginefni frv. Síðan gera þeir margar orðalagsbreytingar, sem ganga allmargar aftur, hvað eftir annað og er þannig um margar orðalagsbreytingar að ræða. En allt á þetta að stefna að því, að samræmi sé milli þessara tveggja laga.

Frv. var sent til umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins, L.Í.Ú. og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Varasiglingamálastjóri, Páll Ragnarsson, nefnir eitt atriði um skipstjórnarréttindi, sem hann taldi að æskilegt væri að væri strangara, en segir þó í næstu mgr. á eftir: „Vera má þó, að slíkt tilfelli kæmi ekki til greina í praksís.“ Þýðingarmikil athugasemd er þetta nú ekki. L.Í.Ú. samþ. að mæla með, að frv. verði lagt fram og gerir enga efnislega athugasemd. Þá bendir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands á, að lögin um skipstjórnarréttindi og kennsluna í sjómannafræðum séu mjög nátengd atriði, gerir enga brtt. eða aths. við efni þessa frv., en víkur að því, að það þurfi að skerpa og ákveða lögin um kennsluskylduna og taka fyrir nýja þætti í kennslu, miðað við nútímahætti. Það tel ég vafalaust vera á rökum reist. En þetta rekst ekkert á lögin um kennsluna og stýrimannaskólann, eins og þau lög eru nú.

Ég held því, að það hljóti allir að fallast á, að það sé heppilegt að afgreiða þetta frv., til þess að samræmi sé milli löggjafar um skipstjórnarréttindi á íslenzkum skipum og laga um stýrimannaskólann. Hitt er mér alveg ljóst, að þessu frv. var aldrei ætlað að leysa þann mikla vanda og þann margvíslega ágreining, sem er um gildandi lagaákvæði um skipstjórnarréttindi og allt það undanþágufargan, sem leita verður vegna þessa. En það mál skal tekið upp í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og sjómannasamtökin. Er það ósk mín og bón til þm. að blanda þessu tvennu ekki saman nú, því að ég veit, að þessu frv. er ekki ætlað að leysa þann margvíslega og margþætta vanda. Það mál verður tekið upp í samvinnu og samráði við sjómannasamtök og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Þar er ærinn vandi á ferðum, og sýnist sitt hverjum um skipstjórnarréttindi og hvernig eigi að komast fram hjá undanþáguveitingum og tryggja skipstjórnarlærða menn, jafnt á okkar smærri fiskiskip sem hin stærri. Það eru því tilmæli mín, að inn í þetta frv. verði ekki blandað öðrum málum, sem eru utan við verksvið þeirra manna, sem framkvæmdu þessa endurskoðun, og þetta frv. verði samþ., til þess að samræmi sé á milli laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík annars vegar og um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum hins vegar. Aðrir þættir þessa vandamáls verða teknir fyrir milli þinga.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma. Hæstv. ráðh. tók líka fram, nokkuð af því, sem ég hafði ætlað mér að segja, og þarf ekki að endurtaka það.

Það komu hér mótmæli fram í gær frá Pétri Sigurðssyni, hv. 10. þm. Reykv., en hv. þm. benti ekki á nein sérstök atriði, sem hann teldi að þyrfti að breyta. Sannleikurinn er sá, að við höfðum ákaflega nauman tíma, ég held, að þessu hafi verið vísað til n. á föstudag, og svo var fundur allan laugardaginn. Hins vegar virðist mér hv. 10. þm. Reykv. hafa verið dálítið fullyrðingagjarn, þegar hann fullyrti, að hvorki við í samgn. Nd. né nm. í samgn. Ed. hefðum lesið frv. Eðlilega vissi hv. þm. ekkert um þetta, og menn, sem eru svona hátt settir, mega ekki vera að fullyrða það, sem þeir vita ekki. Ég fór með frv. heim og held, að ég sé búinn að lesa það þrem sinnum, en ég get ekkert ábyrgzt um hina mennina.

Það er alveg rétt, sem var tekið fram af Sverri Hermannssyni, að hann var ekki á nefndarfundinum. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort nm. hafa lesið það eða ekki. En það er staðreynd, að ef menn ætla að lesa frv. eins og þetta, verða þeir að hafa það heim með sér og lesa það í næði. Á nefndarfundunum vill tíminn oft fara í mas, þannig að það er ekkert næði til að lesa frv. ítarlega.

Eins og ykkur er öllum kunnugt, er ég enginn fagmaður í siglingafræðum. En þetta frv. er samið af Jónasi Sigurðssyni, sem er skólastjóri stýrimannaskólans og kenndi hv. 10. þm. Reykv. hans fræði, svo að eðlilega ætti hv. þm. að bera virðingu fyrir læriföður sínum og alls

ekki að þykjast honum snjallari að óreyndu. Ég skal ekkert fullyrða um það, en ég get vel gengið inn á það, að það þyrfti að gera meiri kröfur til náms bæði fyrir stýrimenn og skipstjóra og jafnvel vélamenn líka, ekki sízt þegar við erum að fá stærri skip með miklu flóknari og meiri tækjum en við höfum. En þó að við samþ. ekki þetta frv., breytir það engu. Það verða ekkert meiri kröfur gerðar til skipstjórnarmanna, þó að við samþ. ekki frv., og ekkert kennt meira í stýrimannaskólanum fyrir það. Og frv. er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, til að samræma frv., sem við erum búnir að samþ. um kennslu í stýrimannaskólanum, og unnið af skólastjóranum með aðstoð annarra manna. (Gripið fram í.) Veit ég hvað? Að það sé samið af honum. Hann segir það í grg. Ég veit það, sem ég hef lesið. Ég er náttúrlega ekki alvitur, ég verð að lesa mér til, ef ég ætla að vita eitthvað. Kannske þessi hv. þm. viti hluti án þess að hafa kynnt sér þá. Ég er ekki svo vitur, ég verð að lesa mér til. Ég hélt yfirleitt, að við værum allir fæddir heldur fáfróðir og svo vissum við það, sem lífið kenndi okkur, mismikið náttúrlega, eftir þeirri aðstöðu, sem við höfum til að læra, og eftir námfýsi. Hvað sem þessu líður, sé ég ekki, að neitt sé unnið við þetta, en ég er sammála hv. 10. þm. Reykv. um, að það ætti að leggja meiri áherzlu á þetta. T. d. geta menn fengið skipstjóraréttindi á bátum innan við 30 tonn án þess að fara í skóla. Þeir verða að ganga undir próf. Og þetta getur verið mikið vafaatriði. Þeir geta sem sagt fengið kennslu utanskóla, en verða svo að ganga undir próf. Það er mikið vafaatriði, hvort ekki ætti að herða á þessu og gera meiri kröfur til þess arna. En þetta hefur verið svona, og þó að við samþ. ekki þetta frv., breytist það ekki til batnaðar. Það má líka vel vera, að það þyrfti að gera meiri kröfur til skipstjóra á stórum fiskiskipum. En þetta breytist ekkert, þó að við afgreiðum frv. ekki núna. Svo eru umsagnir frá mjög hæfum mönnum, sem eru kunnugir þessum málum, og hæstv. ráðh. tók fram annað atriðið. Það er t. d. sameiginleg aths. frá báðum, sem svara þessu, frá Siglingamálastofnuninni og Farmanna -og fiskimannasambandinu, að í 16. gr. frv. er það orðað þannig: „Sá einn getur fengið skipstjórnarskírteini á verzlunarskipi, sem: a) hefur staðizt skipstjórapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík; b) hefur verið stýrimaður í 24 mán. á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mán. á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir." Þarna er talað um, að maður geti fengið skipstjórnarréttindi án þess að hafa unnið á verzlunarskipi, ef hann hefur unnið á varðskipi. Báðir mennirnir gera aths. við þetta. Það væri ekkert því til fyrirstöðu, að við gerðum brtt. við þetta. Það þarf bara að fella niður eitt eða tvö orð, til þess að þetta breyttist. En það er enginn tími til að láta frv. fara aftur í Ed. En þó að við samþ. ekki frv., er þetta þannig í eldri lögum, þannig að það er ekkert unnið við það að samþ. ekki frv. vegna þessa ákvæðis. Og báðir mennirnir benda á þetta atriði.

Svo er talað um það af Ingólfi Stefánssyni, að það þyrfti að endurskoða þessi lög. Hann segir t. d.: „Þar sem ný lög um stýrimannaskólana koma til framkvæmda á þessu ári, ásamt breyttri námsskrá, þar sem krafizt er ákveðins lágmarksnáms til inntöku í skólana, ætti að veita svigrúm til aukins sérnáms skipstjórnarmanna. Leggjum við til, að lög um stýrimannaskóla og atvinnuréttindi skipstjórnarmanna verði endurskoðuð í heild, þegar betur eru í ljós komin áhrif nýgerðra skólalaga."

Ingólfur Stefánsson leggur sem sagt til, að þetta sé endurskoðað allt sameiginlega, og ég efast ekkert um, að það sé réttmætt og viturlega mælt. Þá er ekkert óeðlilegt, að gerðar yrðu meiri kröfur og m. a. til ákveðins náms hjá mönnum, sem eru að taka skipstjórapróf á litlu bátana, því að það getur verið vandasamt að stjórna litlum bát engu síður en stórum bát. Ég hef oft talað um þetta við fiskiskipstjóra, síðast í dag, og þeir játuðu, að það gæti verið engu minni vandi að stjórna litlum bát. En það er ætlazt til, að þeir geti lært utanskóla.

Ég get vel fallizt á að gera meiri kröfur til náms vélstjóra og stýrimanna og skipstjóra, en það verður ekkert frekar gert, þótt þetta frv. verði ekki samþ. Það er gert til að samræma námið og réttindin, eins og þau eru nú. Eins og hæstv. ráðh. kom inn á áðan, lét hann að því liggja, að þetta mundi verða framkvæmt. Það kom líka frv. um ferðamál til okkar. Við höfum nauman tíma þar, og ráðh. bað okkur um að skila áliti inn í þingið. Við gerðum það. Svo varð samkomulag um það milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj., að það biði, og auðvitað hef ég ekkert um það að segja. En þegar frv. koma svona seint, er ekkert þægilegt að koma með miklar brtt. eða vinna þetta ítarlega.

Einn af hv. þm. lét orð falla um það, — það er bezt, að ég svari fyrir hönd n., úr því að ég er kominn hér upp í pontu, — að við hefðum þrefaldað framlög til flóabátanna. Þetta er ekki rétt. Það var 20 millj. fyrir 2 árum, en nú er það 33 millj. Svo á að lækka það um 3 millj. kr., þannig að það verður um 30 millj. Ég náttúrlega ræð ekkert meiru í n. en hver annar nm., þannig að mér verður hvorki eignaður heiður né vanheiður af því, sem n. gerir. En þetta verða um 30 millj. kr. og af því fer helmingur til báta á Faxaflóa og Breiðafirði. Reiknings-lega séð munar það miklu, hvort það eru 20 millj. eða 30 millj. eða hvort þær eru þrefaldaðar, því að ef 20 millj. þrefaldast verða þær 60 millj. Sennilega kemur þetta af misminni, en ekki af því, að það skorti reikningshæfni, en ég vildi leiðrétta þetta samt. Þessi hækkun er tæpast fyrir því, sem verðlag hefur hækkað. Þó höfum við bætt inn ýmsum fjárveitingum, einkum til snjóbíla. Það skal ég játa, að ég hef fyrir mitt leyti ekki viljað vera á móti því. Þegar ekki er hægt að hafa viðunandi læknisþjónustu í héruðunum, er ekki þægilegt að neita fólki um að styrkja það til þess að hafa snjóbíla, þannig að það geti komizt leiðar sinnar, þótt ófærð sé.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta meira og vona, að þm. afsaki það, þó að við höfum ekki getað unnið betur þessi frv., sem komu svona seint til okkar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu kom í einu helgarblaði dagblaðs hér í Reykjavík mikill þáttur, sem skýrði frá því, undir hvaða stjörnumerki hv. þm. væru fæddir. Þar mátti sjá m. a. myndir af mörgum hv. þm., og fyrir neðan myndir þeirra stóðu nöfn þeirra. Ég minnist t. d. tveggja mynda, þar sem annars vegar var talað um Pétur Sigurðsson, og stóð innan sviga krabbi, og svo hins vegar Björn Pálsson, fiskur. Nú minnist ég þess ekki, undir hvaða merki hæstv. samgrh. er fæddur, en eftir að hann flutti sína ræðu hér áðan, geri ég ráð fyrir, að hann sé fæddur undir voginni, — nú það er rangt. En helzt datt mér það í hug, þegar hann leggur það ofurkapp á að láta þetta mál ná fram. Var engu líkara en hann væri að *ná þarna einhverju jafnvægi* við aðra ráðherra um það að ná málum fram og það algerlega þýðingarlausum málum eins og þessu, eins og hann sjálfur hefur bezt lýst.

Það, sem verið er að gera með þessu máli, er að samræma við lögin um Stýrimannaskólann í Reykjavík og við lögin um Stýrimannaskólann sem var í Vestmannaeyjum og er nú hér í Reykjavík. En það eina, sem verið er að gera, er, að þeir sem ljúka prófi nú úr 2. bekk stýrimannaskólans, þ. e. 2. bekk farmannadeildar, fái sömu réttindi og þeir, sem ljúka meira fiskimannaprófi frá fiskimannadeild. Þetta er svo hlálegt, að hafa þetta í huga, þegar obbinn af öllum þeim réttindum, sem við sjáum í þessu frv., er algerlega marklaus og þýðingarlaus. Það má ganga niður í hæstv. rn. til hæstv. ráðh. og kaupa sér réttindi fyrir 200 kr. Og það er ekki nóg með það, heldur er hér farið inn á að þessir menn, sem fara í þennan skóla, fara í langt nám og ná þessum réttindum, verði að skila ákveðnum kröfum, ekki aðeins námskröfum, heldur verði þeir bæði að hafa sjón og heyrn, en það er ekki eitt einasta ákvæði um það í nýju lögunum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, hvers sé krafizt af þeim mönnum, sem geta farið upp í rn. til hæstv. samgrh. og keypt sér undanþágu fyrir 200 kr.

Svo fáum við lýsinguna frá hv. nm., og ég bið afsökunar þá nm., sem ég hef kannske ráðizt heldur óviðurkvæmilega að í gær, sérstaklega þó eftir að heyra hv. síðasta ræðumann tala hér, þegar hann biður sjálfur afsökunar á þessari einstæðu málsmeðferð og afgreiðslu á þessu máli. En það er ekkert annað verið að gera en að þóknast ráðh. í því, að hann nái jafnvægi í málaafgreiðslu á Alþ. gagnvart öðrum ráðh. í nauðaþýðingarlausu máli á þessu stigi, sem hefur ekkert að segja út af fyrir sig. En vissulega þyrfti að fá ákvæði um það efni, sem ég hef margoft minnzt á hér á Alþingi í vetur. Og það er einmitt það, sem hann sjálfur kom inn á og viðurkennir að þurfi að gera. En það er enginn vandi fyrir þá menn, sem hljóta þessi nýju réttindi í vor frá Stýrimannaskólnaum í Reykjavík og væntanlega Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum, sem starfar hér í Reykjavík nú, að hafa þessi réttindi í sínu starfi, sem þetta frv. ætlast til að þeir hafi.

Það eru fjölmörg atriði, sem má tala hér um og ræða nánar. Ýmiss konar ósamræmi er í frv. Það má vel vera að hæstv. samgrh. þekki nokkuð til verðbólguþróunarinnar á Íslandi, en að það skuli allt í einu vera farið úr 20 þús. kr. sekt upp í 100 þús. kr. sekt fyrir brot á þessum lögum, mér þykir þetta nokkuð stórt stökk, ég verð að segja það.

Ég skal ekki, herra forseti, ræða efnislega um einstök atriði í frv., en mun auðvitað ætla mér rétt til þess, ef þetta mál verður ekki dregið til baka núna. Ég álít, að það eigi að senda það heim til föðurhúsanna og láta endurskoða það. Ég ber mikla virðingu fyrir öðrum höfundi þessa frv., sem er Jónas Sigurðsson, skólastjóri stýrimannaskólans. Hann hefur unnið sitt verk, eins og honum hefur verið falið og segir í grg, samræmt það, sem samræma átti.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Björn Pálsson hélt því fram, að hann hefði lesið frv. þrem sinnum. Og þá hefur haninn galað þrisvar og hann brotið af sér gagnvart hæstv. forsrh. og lagt Ólafskver á hilluna, sem hann hafði þó lofað og undirgengizt að lesa á hverju kvöldi. Það hefur hann ekki gert, þessi hv. þm., og orðið uppvís að svikum við sjálfan hæstv. forsrh. Að vísu hefur hann sagt, og ég kann að meta það, að hann vildi gera þetta fyrir hann Bala gamla, eins og hann talar um hæstv. samgrh. Mitt álit er, að það þurfi ekki að draga allt óþvegið upp úr þeim bala, sem hér þarf að fara í gegn.

En hér eru allt saman hálfkveðnar vísur í sambandi við *umsagnir þeirra aðila, sem eiga um* þetta mál að fjalla. Það er látið í veðri vaka, að það sé mælt með þessu. Að vísu er því ekki andmælt ströngum orðum, að frv. gangi óbreytt fram, í umsögnum þeirra aðila, sem leitað er til. L. Í. Ú. hefur greinilega ekki lesið þetta fremur en hæstv. samgrh. og hefur þess vegna ekkert um þetta að segja. En hvað segir, ef lesið er gaumgæfilega það, sem stendur í umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins? Þar segir siglingamálastjóri eða fulltrúi hans: „Ég tel, að lögin gangi of skammt í kröfum sínum til þeirra, sem öðlazt mega skipstjóraréttindi á fiskiskipum, af hvaða stærð sem er.“ Af hverju var þetta ekki lagfært í hv. Ed.? Af því að þetta var aldrei lesið þar né heldur hér í hv. Nd. Það var boðaður fundur í samgn., meðan við 2 nm. vorum á mælendaskrá sem fyrirspyrjendur, og fundurinn stóð í 5 mín. Ég var á leiðinni út, þegar ég mætti hv. nm. Stefáni Valgeirssyni í stiganum í Þórshamri, þar sem hann tilkynnti mér, að búið væri að afgreiða málið. Síðan segir hér áfram í umsögn Siglingamálastofnunar: „Einnig tel ég lögin of væg í kröfunum til skipstjórnarréttinda á verzlunarskipum af öllum stærðum.“ Hann telur þau of væg. Vita menn, um hvað þeir eru að fjalla? Einhverja þýðingarmestu atvinnugrein landsmanna, og enginn hreyfir hönd né fót til þess að taka þetta upp til umr. né rannsóknar. Þetta segir Siglingamálastofnunin. Undir þetta tekur Ingólfur Stefánsson hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu, *þar sem hann segir:* „Skoðun okkar er sú, að þau réttindi, sem veitt eru samkv. 4. gr., þurfi athugunar við, ef ekki eigi að leggja þau alveg niður.“ Hvað segir svo í 4. gr.,

ef hv. þm. vilja gera svo vel að fletta þar upp? Þar eru hvorki meira né minna en talin upp öll þau skilyrði, sem þarf til þess að öðlast réttindin. Þetta sýnir, svo að ekki er um að villast, að hér er kastað til höndunum.

Enda þótt einhverjir embættismenn segi, að þetta þurfi að ná fram að ganga, erum við þó löggjafinn, og það getur ekki gengið svo í framtíðinni, að það sé hlaðið á sjálfan löggjafann einhverju, sem embættismenn fullyrða, að sé sjálfsagt, og við gefum okkur ekki tíma til að rannsaka. Ég er ekkert að fullyrða um, að þetta frv. sé í sjálfu sér óhæft. En ég segi, að hér hefur enginn kostur gefizt á því að athuga neitt af því, sem þarna kemur fram, og er ósæmilegt að taka það til afgreiðslu nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
15.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—26. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
27.—32. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 98. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, að loknum 97. fundi.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv. (þskj. 437). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á þeim fáu mínútum, sem mál þetta hefur verið hér til efnislegar umr. í hv. d., hefur komið fram mikil gagnrýni á meðferð þess. Það hefur m.a. komið fram sú gagnrýni, að það hafi ekki verið ræddar einstakar greinar þess eða efnið í heild, heldur hafi málinu verið hent hráu hér inn í deildina, án þess að nokkur viðhlítandi skýring væri gefin á efni þess, þótt hæstv. samgrh. hafi haft nokkra tilburði til þess í ræðu sinni við 2. umr. málsins. Ég tel með hliðsjón af því, sem ég hef áður sagt, að þessu máli ætti að tengja það, sem er orðin hefð hjá hæstv. rn. viðkomandi ráðh., sem þetta frv. leggur fram, að veita atvinnuréttindi til skipstjórnarmanna fyrir ákveðið gjald, 200 kr. gjald, að mér er sagt. Þetta tel ég að þurfi að koma til umr. um leið og þetta frv., þegar við erum að myndast við á síðustu dögum þingsins að samþ. lög, sem fjalla um öll þau skilyrði, sem skipstjórnarmenn verða að hlíta í sinni atvinnu, allt frá 6 metra löngum bátum og upp í stærstu verzlunarskip, að ég nú tali ekki um herskipin, sem hæstv. forsrh. var að lýsa hér áðan í öðru máli, þegar hann sagði, að við værum í stríði, en vildum samt aðeins leggja herkostnaðinn á eina stétt manna, sjómannastéttina.

Í 2. gr. er sú breyt. gerð á gildandi lögum, að frá því er horfið að miða við rúmlestir, þegar stærð skips er ákveðin. Nú er miðað við lágmarksstærð 6 m að lengd. Þetta er út af fyrir sig atriði í þessu frv., sem ég er sammála. Þetta er í samræmi við það, sem ég hef flutt hér á Alþ. ár eftir ár í sambandi við lögskráningu skipshafna, að það verði ekki miðað við rúmlestafjölda, eins og nú er, 12 rúmlestir, heldur verði miðað við þessa lágmarksstærð, sem er skoðunarskyld hjá siglingamálastjóra. Er enginn vafi á því, að þarna er verið á réttri leið.

Síðan má segja, að það eru óbreytt ákvæði frá því, sem nú er, nema eins og hér hefur komið fram, að gerð sé sú breyting á, að þeir, sem ljúka prófi frá 2. bekk í farmannadeild við stýrimannaskólana í Reykjavík eða Vestmannaeyjum, fá um leið sömu réttindi og þeir, sem eru með lokapróf úr fiskimannadeild úr 2. bekk. Samkv. eldra fyrirkomulagi var þessu ekki svona varið. Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau réttindi, sem 2. bekkjarpróf veitir nú samkv. nýjum lögum um stýrimannaskólana, eru skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir í innan- og utanlandssiglingum, eða sams konar réttindi og fiskimannapróf 2. stigs veitir nú. Enn fremur undirstýrimannsréttindi á verzlunar- og varðskipum, eða sams konar og farmannapróf 2. stigs veitir nú. Þessi réttindi, þ.e. undirstýrimannsréttindi á verzlunarskipum og varðskipum eru tímabundin samkv. gildandi lögum, en samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að þau verði varanleg."

Í grg. með frv. segir áfram orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Rétt þykir, að skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa verði þó ekki veitt nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig að ekki verði veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum við veiðar nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum og ekki á verzlunar- eða varðskipum nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim. Í frv. þessu eru tekin upp orðin „skipstjórapróf 1., 2. og 3. stigs" í stað „farmanna- og fiskimannapróf viðkomandi stiga". Þykir það heppilegra orðalag og lýsa betur þeim lokaréttindum, sem fást að loknu viðkomandi prófi, þ.e. skipstjóraréttindi." Hnígur þetta nokkuð í átt að því, sem lagt var til af mér og fyrrv. hæstv. sjútvrh., er ég flutti þáltill., að mig minnir á þinginu 1961—1962, um endurskoðun laga um stýrimannaskólann og það námsefni, sem þar var, þó að yfirvöld hafi ekki enn orðið við því að koma á móti þeim ábendingum, sem þar voru gerðar, en þær voru m.a. þær, að leitazt yrði við að snúða námsefni stýrimannaskólanna þannig, sérstaklega þó þeirra nemenda, sem lærðu undir fiskimannapróf, að þeir fengju með sínu námi í skólunum réttindi, sem þeir gætu notað jafnframt í landi, þegar og ef þeir þyrftu að hverfa frá sínu starfi um borð í skipunum og leita starfa í landi. Það var bent þá á ýmsar leiðir í þessu efni, en þáv. hæstv. menntmrh., sem tók við þessum málum stuttu síðar, hv. þm. Reykv. Gylfi Þ. Gíslason, sá ekki ástæðu til að verða við þessari ályktun

Alþ., þótt hann léti tómstundakennara endurskoða lögin á sínum tíma, eins og gert var réttilega, en þó ekki með meiri alúð en kom í ljós á eftir.

Ég minntist nokkuð á það við 2. umr. málsins, að það væri ósamræmi í frv. gagnvart aldursákvæðum þeirra, sem skipstjórn geta hlotið. Í 4. gr. segir, að ef skip fari yfir ákveðna stærð, verði maður að vera búinn að ná ákveðnum aldri til þess að hljóta skipstjórnarréttindi, en í öðrum greinum er sama aldursmark í þessu sambandi, það er talað um lögræði, en í þessu tilviki þarf maðurinn ekki að hafa náð þessum aldri. Þetta tel ég rangt. Auðvitað er sama ábyrgðin, þó að maðurinn sé aðeins með sig og það far, sem hann stjórnar. Ef maður hefur fullnægt skilyrðum um siglingatíma og nám, á ekki að vera að binda þetta við aldur, enda er útilokað samkv. ákvæðum um siglingatíma að ná þessum réttindum fyrr en á ákveðnum aldri, þannig að í sjálfu sér eru þetta óþörf ákvæði á hinum stærri skipum.

Það hefur verið fundið að frv. af þeim, sem leitað hefur verið til og eru í sjálfu sér allt of fáir. Þar á meðal var Siglingamálastofnun ríkisins, ég mun koma að hagsmunaaðilunum síðar. Varasiglingamálastjóri, sem skrifar undir þessa umsögn, Páll Ragnarsson, skipstjóri og einn af okkar bezt menntuðu mönnum í þessari stétt, bæði hér heima og erlendis, gagnrýnir og segir í sinni umsögn, að lögin gangi of skammt í kröfum sínum til þeirra, sem öðlast eiga skipstjóraréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er. Með leyfi forseta, segir orðrétt í hans umsögn:

„Ég tel að lögin gangi of skammt í kröfum sínum til þeirra, sem öðlast eiga skipstjóraréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er, þar sem þau heimila, að maður, sem lokið hefur skipstjóraprófi 2. stigs, fái fyllstu réttindi, þó að hann hafi e. t. v. átt allan sinn sjómennskuferil á 31 rúmlestar báti."

Það, sem hæstv. samgrh. talaði um og dró fram sem aðalatriði í umsögn hv. umsagnaraðila, Páls Ragnarssonar, var það, sem við bætist, að þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vera má, að slíkt tilfelli kæmi ekki til greina í praksís, en heimildin er fyrir hendi engu síður. Til bóta væri að binda hinn fyrirskipaða stýrimannstíma við miklu stærri skip en 30 rúmlestir."

Þetta er auðvitað hárrétt, að það er allt annað að stunda sjómennsku á skipi undir 30 rúmlestum, sem í flestum tilfellum er innanflóa eða á því, sem við köllum grunnmið, eða á hinum stærri fiskiskipum, sem sækja dýpra og lengra, eru ekki í sjónmáli við land, ef menn hafa kannske ekki þekkingu eða reynslu — þá kem ég aftur að undanþágumönnunum, þegar þeir fara að sækja dýpra á hinum stærri skipum, að þá hafa þeir ekki þá þekkingu, sem til þarf til þess að nýta siglingatæki, og þá þekkingu, sem siglingafræðin veitir, til þess að geta náð til lands aftur. Auk þess eru auðvitað mörg önnur atriði, fjölmörg önnur, sem koma til greina í sambandi við þær kröfur, sem gera verður til þeirra, sem skipstjórnarréttindi fá.

Þessi sami aðili segir í sinni umsögn, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt:

„Einnig tel ég lögin of væg í kröfunum til skipstjórnarréttinda á verzlunarskipum af öllum stærðum, þar sem þau leyfa, að menn, sem kannske aldrei hafa starfað á verzlunarskipi, megi vera skipstjórar á þeim. Á ég þar við menn, sem alla sína tíð hafa verið á varðskipum, en til skipstjórastarfa á verzlunarskipum þarf þekkingu, sem aðeins verður aflað á þeim."

Hér á Alþ. í gær voru samþ. breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, og í þeim breytingum voru m. a. gerðar miklar kröfur til þeirra manna, sem skipstjórnarréttindi hafa á verzlunarskipum. Það eru gerðar kröfur til þeirra, að þeir þekki ekki aðeins íslenzk lög, sem fjalla um þessi mál, heldur og hvernig eigi að haga sér gagnvart þeim hættum, sem þeir mega búast við, ekki aðeins hér heima, heldur og erlendis, þannig að þeir geti fylgt bæði íslenzkum lögum og öðrum, sem þeir verða að gangast undir í öðrum löndum, sem þeir koma til. Ég þekki ekki til þess, að skipstjórar eða skipstjórnendur á þeim skipum, sem til landhelgisgæzlunnar teljist, — með fullri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum, — ef þeir hafa ekki þurft að leita erlendra hafna, að þeir hafi nokkurn tíma þurft á þessari þekkingu að halda. Auk þess hafa þeir ekki hlotið þá löngu reynslu, þá löngu þjálfun, það langa verklega nám, sem krafizt er af þeim mönnum, sem slíkum störfum gegna á verzlunarskipum, varðandi farm, ekki aðeins farm, sem telst til stykkjagóss, ekki farm, sem telst til fljótandi góss, eins og olíu, síldarolíu og bræðsluolíu, heldur og annan farm, sem er margvíslegur. Þetta hefur ekki verið í verkahring yfirmanna hjá landhelgisgæzlunni, enda held ég, að það detti ekki nokkrum manni í hug að ætlast til þess eða fara fram á það, þótt skortur væri á skipstjórnendum á skipum landhelgisgæzlunnar, að maður, þótt hann hefði hin fyllstu réttindi og hefði starfað sem skipstjórnarmaður á verzlunarskipi, geti gengið beint inn í það að verða skipherra hjá landhelgisgæzlunni, það er gjörólíkt starf. Má segja að það sé álíka skylt og að vera samgrh. og vera fjmrh.

Í þessari sömu umsögn segir áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Tel ég því að gera ætti kröfur um 12 mánaða yfirstýrimannstíma á verzlunarskipi til allra, sem öðlast vilja skipstjóraréttindi á þeim". Þetta leggur hann til, einn reyndasti kennari í þessum fögum hérlendis nú hin síðari ár, maður, sem hefur unnið hjá siglingamálastjóra og verið hans hægri hönd í öllum hans málum, ekki aðeins frá því að sú stofnun varð til, Siglingamálastofnunin, heldur og um langan tíma áður, meðan siglingamálastjóri gengdi embætti skipaskoðunarstjóra og það embætti hét embætti skipaskoðunarstjóra.

Þá segir sami aðili í umsögn sinni orðrétt, með leyfi forseta: „21. gr. frv. er mér ekki alveg ljós, að því er varðar fjölda stýrimanna á verzlunarskipum, sem stunda innanlandssiglingar, eru stærri en 200 rúmlestir og flytja ekki farþega og póst. Sýnist mér mega túlka gr. á þann veg, að sigla megi slíku skipi með einum stýrimanni, þótt stærð þess sé allt að 500 rúmlestir".

Nú væri ákaflega æskilegt að heyra það frá hæstv. samgrh., sem er svo vel heima í frv.

þessu og hefur sjálfsagt tekið þátt í samningu þess, að hann útskýri fyrir hv. þm., hvað þessi grein þýði, hvað felist í gr., hvort þetta sé hægt, sem aðstoðarsiglingamálastjóri telur að muni geta gerzt samkv. þessu lagafrv., ef að lögum verður. Vænti ég þess, að hæstv. samgrh. geti svarað því hér á eftir, þegar hann tekur til máls um þetta mál, og auðvitað búast allir fastlega við því.

Það eru fleiri aðilar, sem hafa tjáð sig um málið, þar á meðal L.Í.Ú. Það má vera, að það sé rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, sem talaði við 2. umr. málsins, að það væri engu líkara en þeir hefðu alls ekki lesið málið, en þeir mæla með samþykkt þess. Ég geri ráð fyrir því, að samtök útvegsmanna sjái, að hér er auðvitað ekkert nýtt á ferðinni, allra sízt nokkuð, sem geti hamlað gegn þeirri óheillaþróun, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, og ég skal viðurkenna fúslega, að það er ekki aðeins í tíð núv. hæstv. samgrh., heldur og í tíð fyrrv. samgrh., sem þessi óheillaþróun hefur átt sér stað, undanþáguþróunin. En því er verr og miður, að þessi sómi, sverð og skjöldur íslenzkrar verkalýðshreyfingar hér áður fyrr, hæstv. samgrh., skuli ekki sjá sóma sinn í því eftir ítrekaðar óskir stéttarfélaga sjómanna, bæði yfir- og undirmanna, um það, að einhvern veginn verði spornað við þessum ósóma, þegar hann í fyrsta skipti í sínu embætti leggur fram frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, skuli hann ekki setja einhver ákvæði inn í þetta frv. m.a. þess efnis að gera þá kröfu til þeirra, sem undanþáguna fá í ráðuneyti hans fyrir 200 kr., að þeir verði a.m.k. að skila bæði augnvottorðum, heyrnarvottorðum og kannske að þeir komi og láti sjá sig, þannig að þeir, sem skrifa undir atvinnuréttindi þeirra, þ.e. ráðuneytisatvinnuréttindi skipstjórnarmanna, geti gengið úr skugga um, að þeir séu ekki stórbæklaðir eða vanti á þá kannske útlimi eða eitthvað þess háttar, en að þeir fái þetta ekki afgreitt í gegnum síma og geti bara borgað sínar 200 kr. fyrir atvinnuréttindi með því að senda ávísun í pósti. En þetta er svo sem ekkert gamanmál, að draga fram slíka hluti, en samkv. þeirri hefð, sem á hefur komizt í þessu hv. ráðuneyti, má ætla, að þróunin verði þessi í framtíðinni.

Hæstv. ráðherra er mjög óspar á yfirlýsingar. Hann gaf yfirlýsingu áðan um þetta atriði, og ég geri ráð fyrir því, að hann eigi eftir að gefa fleiri yfirlýsingar, áður en við ljúkum þessu þingi nú hér á eftir, eins og ætlazt er til væntanlega, að hann gefi þá yfirlýsingu, að hann ætli að ganga í það í eitt skipti fyrir öll að ráða bót á þessu máli. Að vísu tók hann fram, að hann ætli að gera það í samráði við viðkomandi hagsmunaaðila, en því ekki að gera það um leið og þetta frv. er lögfest. Hvað liggur á því að samþykkja hér ný lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, en taka ekki inn nein ákvæði um atvinnuréttindi þeirra skipstjórnarmanna, sem hljóta þau með því að borga 200 kr. upp í ráðuneyti hæstv. ráðherra, þegar búið er að benda honum á, að það er ekkert, sem knýr á um það, að þetta frv. verði samþ. nú, ekki nokkur skapaður hlutur? Það er alveg jafnauðvelt að veita þessum mönnum, sem ljúka sínu námi í vor úr þessum skóla, undanþágu, og hæstv. ráðherra gæti þá komið til móts við þá í þessum málum, ef frv. verður ekki samþ., og gefið þeim eftir þessar 200 kr., þannig að það verði engin móðgun í hans garð, þótt þeir þurfi að fá undanþágu til næsta þings, þangað til búið er að ganga frá frv. í þeirri æskilegustu mynd, sem það þarf að vera.

Umsögn er hér frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og er undirrituð af framkvæmdastjóra þess, Ingólfi Stefánssyni. Ég vil taka það fram, að það hefur þegar heyrzt frá aðildarfélögum þessa sambands, einstökum félögum skipstjórnarmanna, bæði stýrimanna og skipstjóra, að þeir séu sáróánægðir með, að inn í þetta nýja frv. séu ekki teknar ákveðnar leiðréttingar samkv. ábendingum, sem þeir hafa árum saman beint til viðkomandi yfirvalda um breytingar á þessum lögum, og hef ég minnzt á nokkrar þeirra. En þær hafa ekki komið fram, vegna þess að þessir aðilar hafa ekki fengið neitt tækifæri til þess að tjá sig um málið. Tíminn hefur verið svo skammur, eftir að ákveðið var að húrra frv. í gegn, eins og einn orðaði það í umr. í gærkvöld, að þeir hafa ekki haft tækifæri til þess að tjá sig um málið, enda datt engum lifandi manni í hug, að það ætti að afgreiða málið á þennan hátt, heldur að það yrði sýnt nú á þessu þingi, en yrði svo afgreitt í haust, þá eftir rækilega skoðun og eftir að ábendingar viðkomandi aðila hefðu a.m.k. verið athugaðar og væntanlega margar hverjar teknar til greina. — Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem er jafnrétthár lagalegur aðili í launþegamálum og A.S.Í., sem hæstv. samgrh. gengdi forsetastörfum fyrir um langa hríð af mikilli prýði og snilld, segir m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Skóla skipstjórnarmanna þarf að færa mikið út, kennsla í að sigla staða á milli verður aðeins hluti af því námi, sem þarf til atvinnuréttinda. Ekki hefur verið hjá því komizt að taka upp fasta kennslu í meðferð afla, veiðarfæra og í verkstjórn, auk þess þurfa formenn kennslu í meðferð og frágangi á farmi“ — og kemur síðan í gæsalöppum orð, sem hljóðar svo: „skipting“. Það er í gæsalöppum, og ég vænti þess, að hæstv. ráðherra, sem leggur frv. fram, geti útskýrt fyrir þm. á eftir, hvað þetta orð þýðir, en ég skil það ekki og hef aldrei heyrt það áður í sambandi við neitt, sem viðkemur skipstjórnarmálum.

Þetta er auðvitað hárrétt, sem þarna kemur fram, og þetta er einmitt það, sem þent var á í þeirri ályktun, sem Alþ. samþykkti á sínum tíma og ég flutti ásamt fyrrv. hæstv. sjútvrh., Eggert G. Þorsteinssyni, um endurskoðun laga um stýrimannaskóla. Þar var tekið upp allt það, sem nú er tekið í umsögn Farmannasambandsins, að það þyrfti að taka upp fasta kennslu í meðferð afla og veiðarfæra og í verkstjórn og líka í því að ganga frá og sjá um farm í skipi.

Við vorum líka með þá till., að það ætti að vera kennsla í hagræðingarmálum, en eins og allir vita, sem til þekkja, er auðvitað verkstjórn stór hluti af því námi. Þetta hefur ekki

enn verið gert og var ekki gert í þeirri endurskoðun, sem gerð var á lögunum um stýrimannaskóla hér á síðasta þingi, því miður, vil ég leyfa mér að segja.

Áfram heldur umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, með leyfi hæstv. forseta: „Til athugunar væri, að viðbótarkennsla færi fram á námskeiðum, áður en viðkomandi maður tekur við 1. stýrimanns- eða skipstjórnarstöðu". Þetta er hárrétt mælt hjá framkvæmdastjóra Farmannasambandsins, og ætti að gera meira að því að hafa lifandi kennslu fyrir þessa menn, þegar þeir breyta um stöðu, hækka í stöðu eða fara kannske á milli skipa. En það kemur þá annað inn í þetta, og kemur þá aftur að því, sem ég ræddi um hér áðan í sambandi við undanþágurnar. Ég leyfði mér við síðustu umr. í seinni d. í máli, sem fjallaði um vélstjóranám og kom frá Ed., að benda á, að það er rangt, sem þar var samþ. í d., að binda efni þess frv. við ákveðinn tíma á árinu. Þetta frv. fjallaði um, að efna ætti til námskeiða víðs vegar um landið fyrir þá menn, sem vélstjórn stunda, þannig að það gæti komið nokkuð á móti þeim miklu vandræðum, sem eru í sambandi við að fá vélstjóramenntaða menn á okkar fiskiskipaflota. Ég tók heils hugar undir þetta frv., vegna þess að ég tel, að þar hafi verið stigið spor í rétta átt til þess að veita frumkennslu, bráðabirgðakennslu, þeim mönnum, sem við þessi störf fást, þannig að a. m. k. bæði búnaðar skipsins og öryggis skipshafnar væri gætt, en það hlýtur að vera það fyrsta, sem þessum mönnum er kennt. Eitthvað á þessa leið hefði mátt vera í þessu frv. gagnvart skipstjórnarmönnunum, einhver ákvæði um það, að fyrsta stigs kennsla gæti farið fram víðs vegar um land, til þess að þeir menn, sem undanþágur fá til þess að gegna yfirmannsstöðum á fiskiskipaflotanum, gætu hlotið grundvallarkennslu, frumkennslu í sínu fagi, þannig að þeir væru færir til þess að fara með ekki aðeins dýrmæt atvinnutæki, heldur og þau mannslíf, sem á skipinu eru, og gæta öryggis bæði þeirra, sem um borð eru, og farsins sjálfs um leið. En á þetta hefur hæstv. samgrh. ekki viljað fallast.

Farmannasambandið gerir fleiri athugasemdir við frv. þetta. M.a. gerir það athugasemd við 4. gr. frv., en í þeirri grein eru ákvæði um, hverju þurfi að skila til þess að geta orðið skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð. Nú er eitt ósamræmi í sambandi við 4. gr., strax í 2. línu þessarar gr. Þarna er talað um 6—30 rúmlestir, en í 2. gr. er talað um 6 metra langt skip og tekið fram í grg., að það sé verið að hverfa frá rúmlestatölunni. Þá allt í einu skýtur skollinn þarna inn þessum óskapnaði að tala um 6 rúmlestir. Ég veit ekki, hvaðan þetta kemur. Þetta hefur líklega verið fundið upp í ráðuneyti hæstv. ráðherra, þessi 6 rúmlesta tala. Ég minnist ekki að hafa séð hana áður. En gott væri að fá líka skýringu hjá hæstv. ráðherra á því, af hverju þessi tala komi allt í einu inn, sem stangast svona berlega á við það, sem segir í 2. gr. frv., en þar segir í staflið a, með leyfi hæstv. forseta: „Skip merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja". Og svo í 4. gr., sem ég gat um áðan, er verið að ræða um það minnsta far, sem skipstjórnarmenntunar er krafizt á, en þá er allt í einu horfið frá þessari 6 metra lengdar stærð og farið upp í 6 rúmlestir. Gott væri, ef hæstv. ráðherra vildi gefa nokkra skýringu á, af hverju þetta sé svona. Það kemur fram í umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, að þeir telji, að það, sem krafizt sé í 4. gr., sé helzt til of mikið til afgreiðslu aðeins frá siglingafróðum manni, þarna þyrfti að vera um kennslu að ræða.

Er þá komið að því, sem ég var að segja áðan í sambandi við undanþágufarganið á fiskiskipunum, að auðvitað hefði átt að samræma efni þessarar gr. því, sem ég var að tala um í sambandi við nauðsynlega kennslu þeirra manna, sem fá undanþágu til þess að gegna yfirmannsstörfum, ég tala ekki um skipstjórastörfum á okkar fiskiskipaflota. Ég veit um marga ágæta menn siglingafróða, sem hafa kennt öðrum mönnum það, sem krafizt er í þessari grein, þannig að þeir hafa fengið það, sem þarna er krafizt, og hafa gegnt sínu starfi með mikilli prýði. Það er rétt að taka fram, að það er ekkert einhlítt í sambandi við slys eða meðferð skipa, það geta hent slys, bæði áhöfn og skip, þótt menn séu búnir að ljúka æðstu gráðu prófum úr stýrimannaskólum. Þeir eru auðvitað haldnir sínum mannlega breyskleika eins og aðrir, og þeim getur orðið á eins og öðrum. En til þess erum við nú að gera kröfur á þessu sviði og öðrum í sambandi við þekkingu að fyrirbyggja ekki aðeins slys, sem í mörgum tilfellum er kannske ekki aðalatriðið, þótt ég telji, að það eigi að vera aðalatriðið, öryggi þeirra, sem vinna, heldur er það til þess, að þau atvinnutæki, sem viðkomandi aðilar starfa á, nýtist sem þezt og sem hagkvæmast og verði til gagns ekki aðeins þeim sjálfum, heldur og þeim, sem þau eiga, og þeim byggðarlögum, sem þurfa á þeim að halda til þess að geta haldizt í byggð

Ég hefði sem sagt talið, að það hefði átt að breyta þessari 4. gr. frv. og samræma 4. gr. þeim kröfum, sem gera verður til þeirra aðila, sem undanþágur hljóta til skipstjórnar á okkar fiskiskipum. Ég tel, að þetta hefði átt að koma nú inn í þetta frv., og því óskaði ég eftir því við 1. umr. málsins hér í d., að málinu yrði frestað. Á það var ekki hlustað og ekki heldur við 2. umr., þótt margsinnis væri bent á, að það liggur ekki á því að afgreiða málið nú. Það er engin goðgá fyrir hæstv. ráðh. að veita undanþágur þeim mönnum, sem ljúka prófi úr 2. bekk bæði farmannadeildar og fiskimannadeildar í stýrimannaskólanum í vor, eins og hann og hans rn. hafa gefið tugum, ef ekki hundruðum manna til þessa í hans ráðherratíð. Og til þess að hann kæmi ekki illa fram við þá aðila, sem þá undanþágu þyrftu að hljóta, mætti jafnvel gefa þeim eftir þær 200 kr., sem kostar þá nú að hljóta atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, sem við erum hér á síðustu mínútu að burðast við að samþykkja heilan

lagabálk um, sem er ekki nema pappírsgagnið eitt. — [Fundarhlé.]

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Í því fundarhléi, sem hér var nú gert, hefur það orðið að samkomulagi milli mín og hv. 10. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, og hv. 4. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að niður falli frekari umr. um dagskrármálið, og erum við sammála um, að það sé æskilegt, að samræmi verði á milli lagaákvæða um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og ákvæða um kennslu í stýrimannaskólanum. En það spannar ekki yfir þau vandamál, sem hér er um að ræða varðandi réttindi og skyldur skipstjórnarmanna, og hef ég heitið því að setja þegar að þingi loknu í gang endurskoðun laga um skipstjórnarréttindi með það fyrir augum að leysa þann mikla undanþáguvanda, sem við höfum staðið frammi fyrir, og skal starfað að því í fullu samráði við samtök sjómanna og farmanna. Ég vona, að þessi yfirlýsing mín sé í samræmi við það, sem við höfum komið okkur saman um, og málið gangi þannig eðlilegan gang til fullrar afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 804).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (GíslG): Þar sem þetta er síðasti fundur Nd. Alþ. að þessu sinni, vil ég nota tækifærið og þakka öllum hv. þdm. fyrir mjög góða samvinnu við mig sem deildarforseta á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég þakka varaforsetum d. og skrifurum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsliði þingsins skulda ég einnig þökk fyrir ágætt samstarf. Nú, þegar leiðir skiljast um sinn, óska ég ykkur öllum, hv. þdm., svo og fjölskyldum ykkar, velfarnaðar á komandi sumri og læt þá ósk í ljós, að við megum öll hittast heil, þegar þing hefst að nýju í haust.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á þessum síðasta fundi hv. Nd. á þessu þingi langar mig fyrir hönd okkar þdm. til þess að láta í ljós sérstakar þakkir til hæstv. forseta fyrir góða samvinnu við okkur þm. á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég þakka honum sérstaklega góða og réttláta fundarstjórn og þolinmæði við okkur þm., þegar umr. hafa dregizt á langinn og orðið hvassar á stundum, eins og verða vill á þingræðissamkomum. En hann hefur sýnt sérstaka samvinnulipurð við okkur þdm., sem ég veit, að við öll kunnum vel að meta og færum honum þakkir fyrir. Við óskum þess, að við megum öll hittast hér heil aftur á nýju þingi í haust. Við óskum honum og fjölskyldu hans allra heilla á því sumri, sem nú fer í hönd, og óskum þess, að við megum öll hittast heil að hausti. Undir þessar óskir bið ég ykkur að taka með mér með því að rísa úr sætum. — (Þdm. risu úr sætum.)

Forseti (GíslG): Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og velviljuð ummæli, og ég þakka ykkur, hv. þdm., fyrir að taka undir þær óskir. Ég ítreka svo það, sem ég áður sagði, að ég þakka fyrir samvinnuna á því þingi, sem nú er að ljúka, og óska öllum þdm. gleðilegs sumars. — Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 77. fundur.

Miðvikudaginn 18. apríl, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (EystJ): Nú mun ég flytja örstutt yfirlit yfir störf þessa þings að venju:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 21. des. 1972 og frá 25. jan. til 18. apríl 1973, alls 157 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	98
Í efri deild	100
Í sameinuðu þingi	77
Alls	275

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. **Stjórnarfrumvörp:**			
a. Lögð fyrir neðri deild	42		
b. — — efri deild	48		
c. — — sameinað þing	2		
		92	
2. **Þingmannafrumvörp:**			
a. Borin fram í neðri deild	30		
b. — — í efri deild	14		
		44	
			136
Úrslit urðu þessi:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	71		
Þingmannafrumvörp	13		
		84	
b. Visað til ríkisstjórnarinnar:			
Stjórnarfrumvarpi	1		
Þingmannafrumvörpum	4		
		5	
c. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	20		
Þingmannafrumvörp	27		
		47	
	136		

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi		69
Úrslit urðu þessi:		
a. Ályktanir Alþingis	24	
b. Felld	1	
c. Afgr. með rökstuddri dagskrá	1	

d. Vísað til ríkisstjórnarinnar	12	
e. Ekki útræddar	31	
		69

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi	109	
Sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo málatala þeirra er ekki nema		54
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema tvær, sem teknar voru aftur, og sex, sem eru óútræddar.		
Mál til meðferðar í þinginu alls		259
Tala prentaðra þingskjala ..		808

Þetta þing hefur haft til meðferðar fjölda merkra mála, sem til framfara horfa, og hafa mörg þeirra hlotið afgreiðslu. Sum þeirra munu marka djúp spor í lífi þjóðarinnar.

Ágreiningur hefur orðið eins og ævinlega um sumt, sem gert hefur verið á þinginu, en öll óskum við þess, að störf þessa Alþ., sem nú er að ljúka, megi verða landi og þjóð til farsældar

Sérstök ástæða er til þess að minnast þess nú, að þetta þing hefur haft með höndum það erfiða verkefni að finna fyrir sitt leyti leiðir til þess að mæta því þunga áfalli, sem íbúar Vestmannaeyja og öll þjóðin hafa orðið fyrir vegna jarðeldanna á Heimaey. Hafa þar þó einungis fyrstu skerfin verið stigin til varnar og sóknar. Við vonum öll, að til hins versta komi ekki og við eigum eftir að sjá Vestmannaeyjar taka á ný sæti sitt í þjóðarbúskapnum. Höfðingleg hjálp frændfólksins á Norðurlöndum er okkur ómetanlegur styrkur, eykur bjartsýni og öryggi í þeim mikla vanda, sem við er að etja.

Ég þakka hv. þm. og hæstv. ríkisstj. fyrir góða samvinnu. Deildarforsetum og varaforsetum þakka ég gott og náið samstarf. Skrifurum þingsins þakka ég mikilsverða aðstoð og gott starf. Starfsfólki Alþingis færi ég alúðarþakkir fyrir ágætt framlag til þingstarfanna. Þm. óska ég góðrar heimferðar, góðrar heimkomu og gleðilegs sumars og læt í ljós þá von, að við hittumst öll heil að hausti. Öllum landsmönnum óska ég árs og friðar og gleðilegs sumars.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra alþm., er ég þakka hæstv. forseta Sþ. góðar óskir okkur til handa og votta honum um leið þakkir fyrir góða fundarstjórn og ánægjulega samvinnu. Ég vil óska hæstv. forseta gleðilegs sumars og bið þingheim að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (EystJ): Ég þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. þm. fyrir að taka undir þær.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 93. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.
Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsettabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Ég óska þm. velfarnaðar, gleðilegs sumars og gleðilegrar hátíðar, sem nú fer í hönd. Þjóðinni óska ég alls hins sama og allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh. Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi". Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.